Lagafrumvörp felld.

1. Matsveina- og veitingaþjónaskóli.

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla [9. mál] (stjfrv., A. 9).

Á 3. fundi í Ed., 12. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er þess efnis að breyta til um yfirstjórn matsveina- og veitingaþjónaskólans. Eins og nú er, heyrir hann undir samgmrn., en hefur hins vegar með forsetaúrskurði verið lagður undir mig, og þar með er ég að því leyti samgöngumálaráðherra. Ég hef komizt að raun um, að það muni vera mun hægara fyrir störf varðandi stjórn þess skóla, að skólinn heyri undir menntmrn. Mín skoðun er sú, að það fari betur á því, að sem flestir skólanna heyri undir sama rn.

Út af fyrir sig þarf þetta ekki að breyta því, að hægt er að skipta skólunum á mismunandi ráðherra, ef menn svo vilja. Á s. l. þingi var t. d. tekin sú ákvörðun, að iðnskólarnir voru teknir undan iðnmrn. og lagðir með lögum undir menntmrn. Þar sem núverandi iðnmrh. hafði átt þátt í undirbúningi þeirrar löggjafar, sem er allnýstárleg varðandi skólana, og áður farið með málefni þeirra, þótti okkur betur fara á því, að hann héldi áfram að hafa yfirstjórn skólanna, þó að menntmrn. færi með málin, og var hann þess vegna með sérstökum forsetaúrskurði gerður að menntmrh. að því leyti sem iðnskólana varðar. En eins og samþykkt Alþingis í fyrra, sú sem fyrst var gerð hér í hv. Ed., sýndi að var skoðun Alþingis, þá er enginn vafi á því, að það er heppilegra, að sem flestir skólanna heyri undir sama ráðuneyti. Það eru margs konar sams konar vandamál, sem koma upp varðandi þessa skóla, um kennara, námstilhögun og annað slíkt, og fróðleikur um þau efni er, ef vel á að vera, í menntmrn. Þess vegna er eðlilegast, að það búi málin í hendur ráðherra, hver sem hann er, og það fer eftir forsetaúrskurði á hverjum tíma, hvaða manni falið er að gegna ráðherraembætti í einstökum greinum.

Þessi breyting, sem hér er gerð, er því byggð á þeirri reynslu, sem ég hef fengið varðandi meðferð þessara mála, og er í fullu samræmi við þá ákvörðun, sem Alþingi tók um iðnskólana á s. l. þingi. Treysti ég því, að málið geti náð fram að ganga, og legg til, að því verði vísað til hv. menntmn. og fái að öðru leyti lögmæta meðferð í deildinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 93).

Frsm. (Ingólfur Flygenring): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað frv. um matsveina- og veitingaþjónaskóla á þskj. 9. Eins og nál. ber með sér, hefur n. orðið sammála um að mæla með því óbreyttu. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv., var ekki viðstaddur á fundinum, en 1. þm. Eyf. ritar undir með fyrirvara og mun skýra afstöðu sína.

Umgetinn skóli var stofnaður með lögum nr. 82 1947 og heyrir að lögum til undir samgmrn., en með frv. þessu er ætlazt til, að hann falli undir menntmrn., sem flestir skólar tilheyra og þar á meðal húsmæðraskólar í kaupstöðum, en matsveinaskólinn er að sjálfsögðu mjög skyldur slíkum stofnunum. Auk þess virðist eðlilegt, að sem flestir skólar verði settir undir menntmrn., því að menn, sem þar starfa, verða kunnugri en aðrir starfsmenn sérstaklega þessum málum, og því fleiri og fjölbreyttari sem starfsemin er, því fleiri skólar sem falla undir menntmrn., því betur hafa menn kynni af skólamálum almennt og hafa betur fyrir augum samband þessara skóla við kennaraval og annað.

Þetta girðir þó ekki fyrir, að aðrir ráðherrar en menntmrh. geti fjallað um mál einstakra skóla, þegar svo ber undir.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. menntmn. á þskj. 93 með fyrirvara. Þessi fyrirvari minn gildir þó ekki það, að ég hafi neitt á móti því, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði samþykkt. Matsveina- og veitingaþjónaskólinn er ekki hægt að segja að tilheyri neinum sérstökum aðalatvinnuvegi, og ég

sé ekkert á móti því að færa yfirráð yfir honum frá samgmrn. til menntmrn., því að auðvitað starfa matsveinar og veitingaþjónar við fleira en það, sem getur talizt til samgöngumála. Fyrirvari minn gildir aftur á móti það, að ég vil ekki, að meðmæli mín með þessu frv. verði skilin svo, að ég sé búinn að taka ákvörðun um það að mæla yfirleitt með því, að allir skólar heyri undir menntmrn. Ég skal ekki ræða frekar um það í sambandi við þetta mál, en ég vildi aðeins fyrirbyggja þann misskilning.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég gat ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins hjá hv. menntmn. og hef því ekki skrifað undir nál., en afstaða mín til þessa frv. er hin sama og hv. síðasta ræðumanns, hv. 1. þm. Eyf. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að yfirráð þessa skóla, matsveina- og veitingaþjónaskólans, séu flutt til menntmrn. Störf þessara manna eru engan veginn bundin við samgöngur eða siglingar eða fiskveiðar á sjó og því engu eðlilegra að hafa yfirstjórn þessa skóla í höndum samgmrn. en menntmrn. En ég vil taka það fram á sama hátt og hv. 1. þm. Eyf., að þar með er afstaða mín til frv. á þskj. 10 um að breyta á sama hátt um yfirstjórn stýrimannaskólans ekki ákveðin. Eftir því sem mér bezt er kunnugt, eru búnaðarskólarnir undir sérstöku ráðuneyti, landbrn. Sama mun einnig vera um húsmæðraskóla í sveitum. Hliðstæðu við það verð ég að telja stýrimannaskólann og því eðlilegt, að hann sé undir samgmrn., sem mest hefur með þau mál að gera. Annars vænti ég, að hæstv. ráðh. upplýsi, áður en þetta mál og frv. um breyt. á lögum um stýrimannaskólann verða afgreidd hér, hvort hann hugsar sér að láta þá skóla, sem ég fyrst nefndi, búnaðarskólana og húsmæðraskóla í sveitum, framvegis vera undir sérráðuneyti, búnaðarráðuneytinu, ef þessi tvö frv., sem hér liggja fyrir, yrðu samþykkt. Mér þykir, eins og ég áðan sagði, engu meiri ástæða til þess að flytja stýrimannaskólann undir menntmrn. en t. d. búnaðarskóla og húsmæðraskóla í sveitum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er vegna fsp. hv. 4. þm. Reykv. Þá vil ég svara því, að ég hef ekki hugsað mér neitt varðandi framtíð búnaðarskólanna eða húsmæðraskóla í sveitum. Þeir skólar heyra ekki undir mig sem ráðherra, og ég tel það í verkefni þess ráðherra, sem um þau mál fjallar, að gera tillögu, ef hann telur ástæðu til að breyta því fyrirkomulagi, sem nú er, en það tilheyrir ekki mér sem ráðherra. Aftur á móti hafa stýrimannaskólinn og matsveinaskólinn verið lagðir undir mig með sérstökum forsetaúrskurði, ekki sem menntmrh., heldur sem verandi samgmrh. að því leyti. Ég hef hins vegar sannfærzt um það við að hafa þessa skóla undir minni umsjá, að það er í alla staði eðlilegra, að þeir heyri undir menntmrn. en samgmrn., því að þau efni, sem koma til úrskurðar rn. varðandi þessa skóla, fjalla öll um þau efni, sem menntmrn. hefur sérþekkingu á, en reynir alls ekki á sérþekkingu varðandi samgöngumál. Þannig hefur það a. m. k. verið þann tíma, sem ég hef gegnt þessum störfum. Það er að langmestu leyti um að ræða útvegun kennara og annað slíkt, sem rn. þarf að fjalla um þessi mál, og þeir starfsmenn stjórnarráðsins, sem hafa æfingu um meðferð slíkra mála og þekkingu á því, hvaða mönnum er til að dreifa, eru innan menntmrn., en ekki samgmrn. Ég er því alveg ókunnugur, hvort önnur atriði koma til greina varðandi búnaðarskólana og húsmæðraskóla í sveitum, og mun engar tillögur um þá gera.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 16. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 17. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það tekur því naumast að halda langa ræðu um þetta litla frv. eða nokkra ræðu; það fjallar einungis um, að matsveina- og veitingaþjónaskólinn skuli hér eftir heyra undir menntmrn., en ekki samgmrn.

Þannig stendur á, að mér hefur verið falið með forsetaúrskurði að fara með matsveina- og veitingaþjónaskólann og stýrimannaskólann, sem samgmrh. að því leyti. Við meðferð þessara mála hef ég hins vegar sannfærzt um, að það fer mun betur á því, að þau séu meðhöndluð í menntmrn., því að þar eru þeir menn, sem kunnugastir eru skólamálum, útvegun kennara og rekstri skóla. Þess vegna hef ég talið heppilegt að bera fram breytingu varðandi bæði lögin um matsveina- og veitingaþjónaskóla og lögin um stýrimannaskóla, þannig að berum orðum sé tekið fram, að menntmrn. fari með mál þessara skóla. Það haggar ekki því, að hægt er að láta hvaða ráðh. sem er með forsetaúrskurði fá málin til meðferðar.

Þessi breyting er í samræmi við það, sem ákveðið var á síðasta þingi um iðnskóla. Þeir höfðu áður heyrt undir iðnmrh., en þá voru þeir lagðir undir menntmrn. Hins vegar þótti óeðlilegt að taka meðferð þessara skóla undan þeim ráðh., sem hafði með mál þeirra farið og undirbúið lögin um iðnskólana, og þess vegna var forsetaúrskurðinum breytt og núverandi iðnmrh. gerður menntmrh. að þessu leyti. Það má segja, að að því leyti hafi breytingin í fyrra á iðnskólunum ekki megnað að færa til á milli ráðherra meðferð málsins. Hins vegar hygg ég, að það sé ótvírætt, að hvað sem ráðherranum líður, sem hverju sinni fjallar um þessi mál, þá hafi um

þessa skóla reynzt heppilegra að láta þá heyra undir sama ráðuneyti og flestir aðrir skólar gera, þ. e. a. s. menntmrn. Það eru þá hinir föstu starfsmenn þar, sem undirbúa málin í hendur þeim ráðherra, sem hverju sinni er falin meðferð málsins.

Vegna fyrirspurnar, sem fram kom í Ed. um það, hvort ég mundi beita mér fyrir því, ef þessi frv. yrðu samþ., að breyting yrði einnig á búnaðarskólum og húsmæðraskólum í sveitum, sem nú heyra undir landbrn., lýsti ég því þar afdráttarlaust yfir, að vitanlega kæmi mér ekki til hugar að bera fram slíka breytingu. Það er annar maður, landbrh., sem fer með mál þessara skóla, og mér er með öllu ókunnugt um þeirra málefni og hef ekki hugsað mér að gera neinar brtt. um meðferð þeirra.

Þetta vildi ég að lægi alveg ljóst hér fyrir, svo að það yrði ekki til truflunar á afgreiðslu þess litla máls, sem nú er til umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 352 og 357).

Frsm. meiri hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Um þetta frv. gildir hið sama og frv. um stýrimannaskólann, sem var síðast hér til umr., og tel ég því ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál.

Frsm. minni hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Ég hafði gert grein fyrir afstöðu minni og hv. 7. þm. Reykv. í framsögu um mál, sem áður var hér til umr., og sé því ekki ástæðu til að ræða um þetta mál frekar núna, en við leggjum til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. felld með 12:11 atkv.
Frv. þar með fallið.

---

2. Stýrimannaskólinn.

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 14. marz 1955, um stýrimannaskólann í Reykjavík [10. mál] (stjfrv., A. 10).

Á 3. fundi í Ed., 12. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég get látið nægja að vísa til þess, sem ég sagði um næsta mál á undan, og hygg með öllu óþarft að endurtaka þær röksemdir, sem þar voru fluttar. Þær eiga í einu og öllu við um stýrimannaskólann á sama veg og um matsveina- og veitingaþjónaskólann.

Ég vildi leggja til, að frv. yrði vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 119).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Ingólfur Flygenring): Herra forseti. Frv. til laga um breyt. á l. nr. 5 14. marz 1955, um stýrimannaskólann í Reykjavík, er sams konar og frv. um matsveina- og veitingaþjónaskóla, sem nýlega var samþykkt út úr þessari hv. deild, en eins og hv. þm. er kunnugt, er efni þess þannig, að báðir þessir skólar skuli framvegis heyra undir menntmrn. í stað samgmrn., eins og nú er ákveðið í lögum. Frá mínu sjónarmiði gilda hér nákvæmlega sömu rök og ég beitti við 2. umr. málsins um matsveina- og veitingaþjónaskólann, þ. e., að eðlilegast væri, að þeir, eins og flestir aðrir skólar, falli undir menntmrn. Mál þetta er svo kunnugt hv. þm. þessarar deildar, að ekki er þörf á að hafa þar um lengra mál.

Eins og nál. ber með sér, skrifa tveir af fjórum nm. undir það með fyrirvara. Munu þeir gera grein fyrir atkvæði sínu. Fimmti nm., 4. þm. Reykv., var ekki viðstaddur á fundinum, þegar frv. var rætt og nál. samið, og hefur hann því að sjálfsögðu óbundnar hendur um atkvæði sitt.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Eins og nál. menntmn. á þskj. 119 ber með sér, höfum við tveir nm. skrifað undir það með fyrirvara, ég og hv. þm. Mýr. Hvað mig snertir hef ég að nokkru leyti gert grein fyrir þessum fyrirvara áður í sambandi við annað skylt mál. Ég lít nefnilega svo á, að það sé mjög vafasamt, að allir skólar landsins eigi að heyra undir menntmrn., en ef þetta frv. verður samþ., þá eru þeir orðnir næsta fáir skólarnir, sem ekki heyra undir það.

Það er að sjálfsögðu eðlilegt, að allir almennir skólar heyri undir menntmrn. En um þá skóla, sem beinlínis eru í þágu ákveðins atvinnuvegar, einkum ef það er stór atvinnuvegur, finnst mér öðru máli að gegna, og væri í sjálfu sér eðlilegra, að þeir skólar heyrðu undir sama ráðuneyti og atvinnuvegurinn.

Ég hef þó skrifað undir nál., eins og ég gat um áðan, og ég mun ekki verða meinsmaður þess, að þetta frv. gangi fram, þrátt fyrir þetta álit mitt, og er það af tveimur ástæðum. Fyrri ástæðan er sú, að sá hæstv. ráðherra, sem þetta mál heyrir undir nú þegar, óskar eftir því, að frv. sé samþykkt og yfirstjórn stýrimannaskólans flutt úr samgmrn. í menntmrn., vegna þess að önnur skólamál, sem undir þennan hæstv. ráðh. heyra, tilheyra menntmrn. Að sjálfsögðu vil ég gjarnan taka nokkurt tillit til óska hæstv. ráðh. í þessu efni, einkum vegna þess, að hann er hér ekki að seilast persónulega til neinna aukinna valda, þar sem málið heyrir undir hann

hvort sem er. Annars vil ég nú skjóta því inn í sambandi við þetta, að það er ákaflega einkennilegt, hvernig á síðari tímum ráðherrarnir skipta með sér störfum, að hver ráðh. hefur lítinn málaflokk í hinum og öðrum ráðuneytum. Áður var það svo, að hver ráðherra tók við einu ráðuneyti og hafði öll þau mál, sem undir það heyrðu. Ég held, að þetta hljóti að vera óþægilegt fyrir ráðherrana, og það er meðfram þess vegna, hve þetta er óþægilegt, að hæstv. ráðh. óskar nú breytinga að þessu leyti. Og það er áreiðanlega líka óþægilegt fyrir almenning, því að almenningur hefur ekki hugmynd um, undir hvaða ráðherra mál yfirleitt heyra; þetta er allt í þeim graut. Mér þætti gaman að sjá niðurstöðuna, ef við alþm. gengjum undir próf í þessu, hvort allir stæðust það með ágætiseinkunn, að segja um hvert mál, undir hvaða ráðherra það heyrði. Það kynni að vera, að svo færi. En hin ástæðan til þess, að ég vil ekki rísa gegn þessu frv., er sú, að mér finnst, að skólinn hafi ekki hingað til heyrt undir það ráðuneyti, sem hann ætti að heyra undir, þ. e. a. s. þá deild í atvmrn., sem hann ætti að heyra undir. Sjómannaskólinn er áreiðanlega miklu meira fyrir fiskimannastéttina og til undirbúnings skipsstjórnarmanna á fiskiskipum heldur en á farþega- og fragtskipum, og þar af leiðandi hefði mér fundizt eðlilegra, að stýrimannaskólinn hefði heyrt undir sjávarútvegsmál, en ekki undir samgöngumál. Þar af leiðandi get ég frekar látið það afskiptalítið, þó að þessi breyting verði gerð nú, þar sem ég tel, að þetta hafi ekki verið í réttu horfi áður.

Ástæðan til þess, að ég tel vafasamt, að skólar, sem tilheyra þannig sérstökum atvinnuvegi, heyri undir menntmrn., er sú, að mér finnst það megi vænta þess, að ráðuneytin hafi í sinni þjónustu sérfróða menn, og maður, sem er sérfróður um sjávarútveg og ef til vill siglingar og starfaði í atvmrn., fyndist mér vera færari að fjalla um mál, sem snerta stýrimannaskólann eða sjómannaskólann, heldur en almennt menntaðir menn í fræðslumálaskrifstofunni. Mér er ekki svo kunnugt um það, hvort sérmenntaðir menn í þeim greinum vinna í atvmrn., en hitt veit ég, að hvað landbúnaðinn snertir vinnur þar einmitt að landbúnaðarmálunum fulltrúi, sem er sérmenntaður í búvísindum og því áreiðanlega færari um það en fræðslumálaskrifstofan að leggja á ráð um búnaðarskólana, auk þess sem landbrh. er nú gamall skólastjóri við búnaðarskóla. Og ég mundi alls ekki vilja samþykkja og mundi algerlega vera á móti því að flytja yfirráð yfir búnaðarskólum undir menntmrn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 21. nóv., var frv.. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 21. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 22. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er alveg sama eðlis og frv. það um matsveina- og veitingaþjónaskóla, sem var fyrir skömmu reifað hér í deildinni, og vitna ég til ummæla minna um það og legg til, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 23. fundi í Nd., 24. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 353 og 358).

Frsm. meiri hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Samkvæmt lögum um skóla og fræðsluskyldu hefur menntmrn. á hendi yfirstjórn allra þeirra skóla í landinu, sem veita almenna menntun, og margra skóla, er búa nemendur undir sérstök störf. En frá þessari aðalreglu hafa verið gerðar nokkrar undantekningar með þá skóla, sem veita sérmenntun í málum atvinnuveganna eða eru nátengdir heilsugæzlunni eða framkvæmd heilsuverndar í landinu. Þeir skólar hafa lotið yfirstjórn þeirra ráðuneyta, sem fara með mál atvinnuveganna eða þessara sérstöku greina í stjórnarkerfinu. Vil ég nefna fáein dæmi þess, þar sem beinlínis er ákveðið í lögum, að slíkar undantekningar skuli gerðar.

Í lögum nr. 26 1938 er svo kveðið á, að landbrn. hafi á hendi yfirstjórn bændaskólanna. Í lögum nr. 91 frá 1936, um garðyrkjuskóla ríkisins, er enn fremur tekið fram berum orðum, að landbrn. hafi á hendi yfirstjórn skólans ásamt þriggja manna skólanefnd, er ráðherra skipar.

Í lögum nr. 13 frá 1932, um ljósmæðraskólann, er kveðið svo á, að stjórn landsspítalans hafi á hendi stjórn skólans, og er hann undir yfirstjórn heilbrmrn. Í lögum nr. 76 1944, um hjúkrunarkvennaskóla Íslands, er kveðið svo á, að skólanum stjórni fimm manna skólanefnd. Þar á landlæknir sæti, yfirhjúkrunarkona landsspítalans og þrír menn, sem ráðherra skipar eftir tilnefningu vissra aðila, en þessi skóli heyrir undir heilbrmrn. Í lögum nr. 112 1940, um lyfjafræðingaskóla Íslands, er kveðið svo á, að fjögurra manna skólanefnd stjórni skólanum. Hana skipa landlæknir og þrír menn, sem ráðherra skipar eftir tilnefningu, en það hefur þótt tilhlýðilegt, að þessi skóli stæði undir yfirstjórn heilbrmrn.

Þetta frv., sem hér er til umr., og annað frv., sem hér er á dagskrá í dag, fjalla eingöngu um

það að breyta til um yfirstjórn tveggja tiltekinna skóla, þ. e. a. s. stýrimannaskólans og matsveina- og veitingaþjónaskólans, að færa yfirstjórn þeirra frá þeim ráðuneytum, sem hafa haft hana á hendi, og leggja hana undir menntmrn.

Meiri hl. menntmn. lítur þannig á, að hér sé um „prinsip"-mál að ræða; um leið og tekin er afstaða til þessara frv., sé löggjafinn í raun og veru að gera upp við sig, hvort hann vilji hverfa frá þeirri reglu, sem skýrt hefur verið mörkuð í lögum að undanförnu, og þeir skólar, sem eru nátengdir höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar eða heilbrigðismálum í landinu, verði lagðir undir menntmrn., eða halda þeirri skipan, sem verið hefur í þessu efni, þeirri skipan, sem Alþingi sjálft hefur markað. Afstaða meiri hl. menntmn. til þessa máls og raunar til hins frv., sem líka er á dagskránni, markast af því, að meiri hl. lítur á þetta sem „prinsip-mál og telur ekki ástæðu til að hverfa frá þeirri reglu, sem Alþingi hefur fylgt og gilt hefur í þessu efni. Þar af leiðandi leggur meiri hl. n. til, að þetta frv. verði felllt.

Frsm. minni hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Við hv. 7. þm. Reykv. (GTh) höfum ekki getað orðið sammála meiri hl. menntmn. um að mæla gegn samþykkt þessa frv. Við leggjum þvert á móti til, að það verði samþykkt, og það enda þótt frsm. meiri hl. hafi lesið hér upp ýmsa aðra skóla, sem líkt standi á um og þessa skóla nú, að þeir heyri ekki undir menntmrn.

Hv. þm. A-Sk. var hræddur um, að þetta kynni að verða „prinsip"-mál, og ég segi það fyrir mína parta, að það má gjarnan verða „prinsip"-mál. Það má gjarnan halda áfram að stefna að því að leggja skólamálin undir menntmrn. Það er í alla staði langeðlilegast, að þau heyri undir það, skólamálin almennt í landinu, og það er vafalaust þægilegast og hentugast fyrir ríkisstj., að yfirstjórn skólamálanna sé öll sameinuð í einni skrifstofu. Og það er þá heldur enginn vafi á því, að það er langþægilegast fyrir alla þá, sem skólunum veita forstöðu og þurfa að sækja til ráðuneytanna um eina og aðra fyrirgreiðslu fyrir skólana, að geta sótt þá fyrirgreiðslu alla til einnar og sömu skrifstofu og til þeirra manna, sem vanastir eru að fjalla um skólamál og leysa úr þeirra vanda. Við hv. 7. þm. Reykv. leggjum því til, að þetta frv. verði samþ. og sömuleiðis það frv., sem hér liggur einnig fyrir um matsveina- og veitingaþjónaskóla.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er ekki með nokkru móti hægt að segja, að þetta sé stórmál, vegna þess að þvert á móti er hér eingöngu um fyrirkomulagsmál að ræða innan stjórnarráðsins, sem að vísu kann að vera eitthvert „prinsip"-mál, en a. m. k. hefur enga stjórnmálaþýðingu og varðar ekki að neinu leyti yfirstjórn skólanna, eins og nú háttar; mundi engu breyta til um það, hvaða ráðherrar færu með þetta.

Ástæðan til þess, að ég flyt frv., er eingöngu sú, að þegar ég tók við meðferð menntamálanna og lagt var undir mig sem ráðherra að fara einnig með þessa skóla, sannfærðist ég um, að allar afgreiðslur varðandi þá, sem undir mig eða ráðuneytið hafa komið mína stjórnartíð, eru þess eðlis, að sú sérþekking, sem á þarf að halda til afgreiðslunnar, er í menntmrn., en ekki í samgmrn. Þess vegna hef ég talið, að það væri tryggara fyrir undirbúning mála í hendur ráðherra, að það ráðuneyti, sem hefur hina nauðsynlegu sérþekkingu og æfingu í meðferð skólamála, hefði undirbúninginn í hendur ráðherra, en ekki þeir, sem fjalla um allsendis óskyld mál. Sérstaklega er það auðvitað auðséð varðandi matreiðslumannaskóla, að ákaflega er erfitt að heimfæra það undir sérþekkingu samgmrn., að það eigi að hafa mikið færi á því að dæma um þau efni. Ég játa að vísu, að starfsmenn í menntmrn. — ráðherra er fyrir utan þetta — hafa kannske ekki öllu meira vit á matreiðslu en þeir hinir, en varðandi útvegun kennara og dóm um það, hvernig eigi að ráðstafa tímum og öðru þess háttar, sem undir ráðuneytið kemur, sem er nú ekki nema mjög lítið, þá er það þó menntmrn., sem hefur æfinguna, en ekki samgmrn.

Ég skýri frá þessu eingöngu sem upplýsingu. Sjálfur legg ég ekkert upp úr því, hvort málið verður samþykkt eða ekki. Þetta er fyrirkomulagsatriði og nánast verkstjórn, en pólitískt mál getur það ekki verið, og „prinsip"-mál held ég að það geti ekki kallazt heldur, sérstaklega þegar það er haft í huga, að í fyrra voru iðnskólarnir teknir undan iðnmrn. og lagðir undir menntmrn. Ég hefði ekki borið fram þetta frv. nú eða þessi tvö frv., sem hér eru í raun og veru til umr., ef þessi breyting hefði ekki verið gerð í fyrra varðandi iðnskólana, og það var ekki gert eftir minni till., heldur, að ég hygg, nefndartill. í Ed. Mér sýnist vera beint ósamræmi í því að taka iðnskólana undan iðnmrn., en vilja ekki gera hliðstæða breytingu varðandi þá skóla, sem hér um ræðir. Ég játa aftur á móti, að ég hef enga þekkingu á því, hvort rétt er að taka skóla varðandi heilbrigðismál undan heilbrmrn. eða búnaðarskólana undan landbrn. Ég er alveg ókunnugur þeim málum, mér hefur aldrei dottið í hug að gera neina till. um það og tel það vera þessu máli með öllu óskylt.

Hitt er misskilningur, að allir heilbrigðismálaskólar heyri undir heilbrmrn. Mikilvægasti heilbrigðisskólinn í landinu er auðvitað læknadeild háskólans, og hann heyrir undir menntmrn. Að hefja þetta mál á það stig að gera það að einhverri „prinsip"-deilu um það, hvernig eigi að koma fyrir yfirstjórn allra skóla, svo að það hljóti að leiða til allsherjarbreytingar, ef þetta litla frv. verði samþykkt, tel ég vera misskilning, alveg eins og ég tel það ekki ná neinni átt, þó að þetta frv. yrði felllt, að það yrði tekið upp að flytja læknadeild háskólans undir heilbrmrn. eða lögfræðideildina undir dómsmrn., guðfræðideildina undir kirkjumrn., sem þó að sumu leyti gæti verið full ástæða til, — ég játa það að sumu leyti, — en miklu meiri ástæða til að gera slíka breytingu um þessar deildir háskólans, sem í raun og veru eru sérskólar, heldur en að láta skóla eins og matsveinaskólann og jafnvel stýrimannaskólann heyra undir samgmrn. Ef þm.

hafa svo fastar skoðanir í þessu og telja, eins og mátti heyra á frsm. meiri hlutans, að það væri farið að brigða gerðum sjálfs Alþingis með því að breyta þessu, þá þeir um það. En ég held, að ef þeir hafa þessa skoðun, sé það eingöngu vegna þess, að þeir hafi ekki þurft í ráðuneyti að afgreiða málin á þann sama veg sem hefur lent á mér nú nokkuð á þriðja ár og hefur sannfært mig um, að þetta væri hagkvæmari vinnuaðferð. En þetta er naumast svo mikils virði, að það taki því að vera að þræta um það hér.

ATKVGR.
1. gr. felld með 12:11 atkv.
Frv. þar með fallið.

3. Fræðsla barna (stjfrv.).

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 34/1946, um fræðslu barna [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 4. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt, að því er segja má, að tilmælum forráðamanna kaþólska barnaskólans eða Landakotsbarnaskólans hér í bæ. Það er kunnugt, að þessi skóli hefur starfað hér nú um marga áratugi og ýmsir notið þar góðrar fræðslu. Á seinni árum hefur reynzt erfitt fyrir aðstandendur skólans að halda honum uppi, bæði af fjárhagsástæðum og eins vegna þess, að kennarar eru tregir til að ráða sig til kennslu við slíka einkaskóla, ef þeir njóta ekki sömu réttarstöðu og kennarar almennt, einkanlega varðandi fasta stöðu, eftirlaunarétt og þar með möguleika til þess að fá lán úr launalífeyrissjóði til húsbygginga. Þar sem mér sýndist eðlilegt að stuðla að því, að þessi skóli fengi starfað áfram, og það er í samræmi við það t. d., að með hliðstæðum ákvæðum er mögulegt að starfrækja skóla eins og skóla Ísaks Jónssonar og aðra slíka, þá lét ég semja þetta frv. og vonast til þess, að um það geti ekki orðið ágreiningur. Þetta munar mjög litlu fjárhagslega fyrir ríkið. Það sparar kennara í hinum almennu barnaskólum sem fjölda í þessum sérbarnaskólum nemur, og þá ekki óeðlilegt, að ríkið styrki þessa barnaskóla til þess að hafa kennara og skapi þeim réttarstöðu sæmilega örugga og á borð við það, sem aðrir barnakennarar hafa. Hins vegar vitum við það, að engin hætta er á því, að þessir sérbarnaskólar muni kveða niður eða verða skeinuhættir hinum almennu barnaskólum í landinu. Það verða aldrei nema fáir, sem kjósa að senda börnin í þessa sérskóla, og slík tilbreyting er frekar til örvunar fyrir hina almennu skóla heldur en það geti á nokkurn hátt orðið þeim til hættu.

Ég vonast því til, að þetta litla frv. fái greiðan framgang, legg til, að það verði samþykkt til 2. umr. og vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 4, n. 360 og 365).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í gildandi lögum um fræðslu barna frá 1946 eru ákvæði um einkaskóla, þ. e. a. s. heimild fyrir fræðslumálastjórnina til að löggilda barnaskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, og tilteknar reglur um það. Þetta frv., sem er stjfrv., felur í sér tvær breytingar frá gildandi lögum. Önnur er sú, að til þess að stofna einkaskóla þurfi einnig meðmæli hlutaðeigandi fræðsluráðs, og í öðru lagi, að heimild sé veitt til þess að greiða úr ríkissjóði laun fastra kennara við slíka skóla.

Einkaskólar eru ekki margir starfandi hér á landi, en þó nokkrir, og hafa sumir þeirra starfað um langan aldur, eins og t. d. Landakotsskólinn hér í Reykjavík og nokkrir fleiri, St. Jósefsskólinn í Hafnarfirði og aðventistaskólar, sem munu vera á tveim stöðum. Svo eru nokkrir smærri skólar.

Það hafa verið sívaxandi fjárhagserfiðleikar hjá þessum skólum og talið í rauninni ókleift að reka þá öllu lengur, án þess að til komi einhver fjárhagslegur stuðningur frá hinu opinbera, en slíkur fjárhagslegur stuðningur hefur ekki verið veittur hingað til.

Menntmrh. hefur talið rétt að verða við þessum óskum eða ganga til móts við þær að því leyti að veita heimild til þess að greiða úr ríkissjóði laun fastra kennara við slíka skóla, en að öðru leyti séu fjármál þeirra ríkissjóði óviðkomandi.

Menntmn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. hennar mælir með því, að frv. sé samþ., en þó með þeirri breytingu, að þessi heimild til launagreiðslna komi aðeins til greina um þá skóla, sem þegar hafa starfað í fimm ár. Hugsunin er sú, að ekki sé möguleiki á því að stofna nýja einkaskóla, sem þegar við stofnun geti fengið þessi fríðindi úr ríkissjóði, heldur þurfi skólinn að hafa starfað þetta tiltekna árabil.

Auk þess er svo brtt. frá n. við 2. gr. um gildistöku laganna, að lögin öðlist þegar gildi.

Það má vera, að sumum virðist hér stofnað til allverulegra útgjalda fyrir ríkissjóð. En við það er ýmislegt að athuga. Þó að stefnan hafi verið og sé að sjálfsögðu sú, að barnafræðslan sé að langsamlega mestu leyti í höndum hins opinbera, þ. e. a. s. sveitarfélaganna og ríkissjóðs, hefur löggjafinn þó talið rétt að veita heimildir til stofnunar einkaskóla, þar sem það þætti henta og ef einhverjir þeir aðilar væru, sem hefðu áhuga og vilja á því að starfrækja slíka skóla og kosta þá að verulegu leyti. Ef slíkir einkaskólar legðust niður, þá er sýnt, að bæði á ríkissjóð og sveitarfélög kæmi mjög auk-

inn stofnkostnaður eða byggingarkostnaður skóla og auk þess rekstrarkostnaður allur.

Það er viðbúið, ef látið yrði óbreytt það ástand, sem nú er, að hið opinbera taki engan þátt í kostnaði slíkra skóla, að flestir þeirra legðust niður og þar með kæmu, eins og ég tók fram, aukin útgjöld á hið opinbera. Hér er því farin sú millileið að veita þeim nokkurn fjárhagslegan stuðning, eins og frv. fer fram á, til þess að þeir eigi kost á að starfa áfram.

Það er rétt einnig að undirstrika, að hér er aðeins um heimild að ræða, þannig að fræðslumálastjórnin mundi að sjálfsögðu rannsaka það í hverju tilfelli, hvort ástæða væri til að nota þessa heimild til að greiða laun fastra kennara úr ríkissjóði.

Meiri hl. menntmn. leggur sem sagt til, að frv. verði samþykkt með þessari breytingu.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og frsm. meiri hl. hefur þegar gert grein fyrir, er það efni þessa frv. að heimila að greiða úr ríkissjóði laun fastra kennara við barnaskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum og reknir af þeim aðilum. Eins og þessu er háttað nú í dag, er um fjóra barnaskóla að ræða, sem mundu falla undir þessi ákvæði, ef að lögum yrðu.

Það er ekki álitamál að dómi n., að eðlilegt sé, að barnafræðslan sé rekin á vegum ríkisins. Nm. eru allir þeirrar skoðunar og hafa því tekið upp í brtt., sem meiri hl. gerir, og eins í brtt., sem minni hl. stendur að, það ákvæði, að skilyrði þess, að ríkissjóður greiði laun fastra kennara við slíka skóla, verði það, að skólinn, sem í hlut á, hafi starfað fimm ár hið skemmsta með góðum árangri að dómi fræðslumálastjórnar.

Það vakir fyrir nm., sem hafa allir fallizt á að setja þetta skilyrði, að koma í veg fyrir, að með lagabreytingu sé ýtt undir þá þróun, að einkaskólar verði stofnaðir og barnafræðslan skiptist að verulegu leyti upp þannig, að margir einkaskólar verði þar við störf. En við, sem skipum minni hl. n., viljum ekki ganga eins langt og í frv. er gert ráð fyrir og meiri hl. leggur til um fjárhagslegan stuðning við þessa skóla.

Það er alkunnugt og oft um það rætt, hvað kaupgjaldið er veigamikill þáttur í kostnaði stofnana og alls atvinnurekstrar hér á landi. Þetta á við um skólahald eins og um rekstur annarra stofnana. Launagreiðslur til kennaranna eru áreiðanlega hæsti útgjaldaliður á rekstrarreikningum skólanna. Okkur virðist, sem skipum minni hl., að það sé ekki brýn nauðsyn á því að stíga nú svo stórt skref, að ríkið taki að sér að öllu leyti þennan útgjaldalið, en að undanförnu hefur ríkið engan kostnað borið af skólahaldi einkaskólanna. Við leggjum því til, að þessi stuðningur af hálfu ríkisins verði miðaður við það, að heimilt verði að greiða úr ríkissjóði hálf laun fastra kennara við þessa skóla, en jafnframt verði kennurum þeim, sem hlut eiga að máli, tryggð full réttindi til greiðslna úr lífeyrissjóði með því, að ríkið greiði tilskilinn hluta af iðgjaldi til lífeyrissjóðs, eins og gert er fyrir kennara, sem starfa við barnaskóla, sem ríkið rekur.

Þess ber að gæta, ef borin er saman aðstoð ríkisins við einkaskóla og við barnaskóla, sem ríkið rekur, að samkv. gildandi lögum hvíla á sveitarfélögunum byrðar í sambandi við rekstur barnaskólanna, þar sem sveitarfélögin greiða annan rekstrarkostnað en laun kennara að ¾ hlutum. Og ef horfið yrði að því ráði að samþykkja þetta frv., virðist okkur, sem skipum minni hl., að þá verði gerður jafnvel óeðlilega lítill munur á aðstoð ríkisins við þá barnaskóla, sem ríkið sjálft kostar í samvinnu við sveitarfélögin, og hins vegar við þá barnaskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum.

Við, sem skipum minni hl., erum samþykkir annarri brtt. meiri hl. um gildistöku laganna, en fylgi okkar við frv. í heild mun fara eftir því, hvort sú breyting, sem við leggjum til á þskj. 365 að gerð verði á 1. gr. þess. nær samþykki eða ekki.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Enda þótt ég sé aðili að nál. hv. meiri hl. menntmn., sem leggur til, að frv. þetta verði samþ. með þeirri breytingu, sem í álitinu greinir, vil ég taka skýrt fram, að ég lít svo á, að meginstefna löggjafarvaldsins eigi að vera sú, að hin almenna barnafræðsla sé í höndum hins opinbera.

Í því getur vitanlega falizt nokkur hætta, ef einkaaðilum er gefið of mjög undir fótinn og auðveldað úr hófi fram að stofna og reka barnaskóla, sem þeir hafa þá að einhverju leyti tilhneigingu til að móta í samræmi við sérskoðanir sínar, hvort sem er í trúmálum, uppeldismálum eða öðrum efnum. Á þetta sjónarmið lagði ég áherzlu í n., og mér virtist, að allir hv. nm. væru á einu máli um þetta.

Hins vegar er því svo háttað víða, að skólahúsnæði vantar tilfinnanlega, og það svo mjög, að enda þótt allt kapp verði á það lagt í náinni framtíð að bæta úr því, svo sem sjálfsagt og nauðsynlegt er að gert verði, mun það eiga nokkuð langt í land, að það komist alls staðar í æskilegt horf.

Þá má og segja, að ekki stafi af því mikil hætta, þótt til séu fáeinir tiltölulega vel reknir einkaskólar, sem hlíta almennum reglum um barnafræðslu og starfa undir eftirliti fræðslumálastjórnarinnar. Enginn er að sjálfsögðu skyldugur til þess að láta börn sín í slíka skóla. Það fer eftir frjálsu vali.

Eins og sakir standa, tel ég því ekki mjög mikla hættu á því, að slíkir einkaskólar verði margir, a. m. k. ef nokkrar skorður eru við því reistar, eins og ætlunin er að gera, þar eð kostnaður við að koma slíkum skólum upp og reka þá er að sjálfsögðu mikill, jafnvel þótt laun fastra kennara yrðu greidd af opinberum aðila.

Hins vegar tel ég, eins og ég áðan sagði, alls ekki heppilegt að ýta undir þá þróun um skör fram, að stofnaðir verði nýir einkaskólar til þess að annast barnafræðslu. Þess vegna hreyfði ég þeirri till. í menntmn., að þau hlunnindi um greiðslu kennaralauna af opinberri hálfu, sem ráðgert er að veita með þessu frv., skyldu því

skilyrði bundin, að skólarnir hefðu starfað a. m. k. í fimm ár með góðum árangri. Og bæði meiri hl. og minni hl. n. flytja brtt. um þetta atriði. Mér virðist, að með samþykkt þeirrar till. séu sæmilega öruggar skorður reistar við því og svo búið um hnúta, að samþykkt þessa frv. eigi ekki að geta ýtt undir óeðlilega fjölgun einkaskóla. Þessar skorður eru a. m. k. ferns konar. Í fyrsta lagi: rekstur slíkra skóla og greiðsla kennaralauna við þá af opinberri hálfu er háð samþykki fræðslumálastjórnar. Í öðru lagi þarf meðmæli hlutaðeigandi fræðslunefndar til þess, að slíkir skólar fái löggildingu. Í þriðja lagi fá einkaskólar ekki löggildingu, nema því aðeins að þeir fullnægi öllum settum lagafyrirmælum og reglugerðum um almenna barnaskóla. Og loks í fjórða lagi, ef till. meiri hl. menntmn. verður samþykkt, er það skilyrði fyrir greiðslu kennaralauna úr ríkissjóði, þegar einkaskólar eiga í hlut, að skólinn hafi starfað í fimm ár eða lengur, áður en hann verður aðnjótandi þessara hlunninda. Verði þessi till. samþ., tel ég mig geta fylgt því frv., sem hér liggur fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 70. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 16. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 365 felld með 12:8 atkv.
Brtt. 360,1 samþ. með 16:3 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12:9 atkv.
Brtt. 360,2 (ný 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:7 atkv.

Á 72. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 381).

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég var því miður bundinn við fundarstörf utan þingdeildarinnar, þegar mál þetta kom til 2. umr., og var því ekki viðstaddur umr., sem mér er raunar tjáð að hafi verið mjög stutt. En ég hafði hugsað mér að segja fáein orð um þetta mál, þegar það kæmi til umr., eftir að n. hefði um það fjallað.

Þetta frv., þó að það láti ekki mikið yfir sér, er mikið mál. Hér er snert við grundvallaratriði í fræðslumálum okkar, sem full ástæða er til að vekja sérstaklega athygli á og ræða. Í þessu frv. eru gerðar tvær meginbreytingar á núgildandi lögum. Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því, að löggilda megi einkaskóla. Það er í öðru lagi gert ráð fyrir, að fastir kennarar við alla slíka löggilta einkaskóla skuli fá laun sín greidd úr ríkissjóði eins og kennarar hinna almennu *ríkisbarnaskóla*.

Hér hafa verið starfandi, eins og væntanlega allir hv. þm. vita, nokkrir einkabarnaskólar. Þeir hafa starfað utan við lög og rétt. Það er gert ráð fyrir því í íslenzkum lögum, að öll börn séu skólaskyld á vissum aldri og skuli sækja barnaskóla ríkisins. Engu að síður hafa starfað hér nokkrir skólar í raun og veru án lagaheimildar. Um það hefur ekki verið fengizt, börnum hefur þegjandi og hljóðalaust verið veitt undanþága frá því að gegna hinni almennu skólaskyldu, svo sem lög mæla fyrir um, og þeim heimilað að sækja einkaskólana, sem fyrst og fremst hafa verið reknir af sérstökum trúfélögum. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að stíga það spor að heimila beinlínis í fræðslulöggjöfinni að löggilda slíka einkaskóla, ef meðmæli hlutaðeigandi fræðsluráðs koma til. Þetta eitt er spor, sem má ekki stíga, a. m. k. ekki alveg þegjandi og hljóðalaust. Hitt er þó öllu athyglisverðara, að gert skuli vera ráð fyrir því, að ríkið eigi einnig að taka að sér að greiða meginkostnaðinn við starfrækslu slíkra einkaskóla, og skal ég nú leyfa mér að fara fáeinum orðum um hvort um sig.

Það er full ástæða til þess að fara nokkrum orðum um þá spurningu, hvort yfirleitt eigi að leyfa starfrækslu einkabarnaskóla í landinu. Eins og ég gat um áðan, eru það aðallega ýmis trúfélög, sem hafa starfrækt slíka einkaskóla. Þegar um er að ræða hina almennu barnaskóla, dettur engum í hug, að það geti verið réttur ákveðins hóps af foreldrum að segja til um það, hvað börnum skuli kennt á tilteknu sviði, hvorki í kristinfræði né heldur í Íslandssögu, landafræði eða íslenzku eða þar fram eftir götunum. Það verður að vera ákvörðunarréttur ríkisvaldsins, yfirstjórnar fræðslumálanna, að kveða á um, hvað skynsamlegt sé og heilbrigt að telja námsefni og hvernig eigi að kenna það. Það er einmitt ein höfuðröksemdin fyrir því að hafa skólakerfið sjálft rekið af ríkinu. Það dettur engum í hug, eins og ég sagði áðan, að það geti komið til mála, að eitthvert lítið foreldrafélag eigi að geta fengið að ráða því, hvað skuli kennt í ákveðinni námsgrein. En það, sem verið er að gera með því að leyfa starfrækslu einkaskóla, er í raun og veru að fá litlum hópi aðstandenda barna rétt til þess að ákveða, hvað og með hverjum hætti börnunum sé kennt. Þessi réttur hefur hér verið notaður fyrst og fremst að því er snertir trúarbragðafræðsluna. Það eru m. ö. o. sértrúarflokkarnir, sem tekið hafa sig út úr og starfrækt sína sérstöku skóla til þess að hafa áhrif á það, hvaða fræðsla í trúmálalegum efnum börnunum sé veitt. Látum það út af fyrir sig vera. En ef skólafræðslan í heild væri komin á hendur einkaskóla, þá væri þar með slakað á eftirlitinu með því, að kennsla í öðrum greinum sé með sama hætti og fræðslumálastjórn ríkisins telur æskilegt og eðlilegt að hún sé. Það er á allra vitorði, sem þetta hafa kynnt sér svolítið, að námsefni þeirra einkaskóla, þeirra trúfélaga, sem hér hafa verið starfandi, er talsvert frábrugðið námsefni hinna almennu barnaskóla ríkisins, ekki aðeins að því er snertir kristinfræði, sem segja má að sé sök sér, heldur einnig á öðrum sviðum og það ekki svo lítið í ýmsum efnum. Það er þessi spurning, sem er mergurinn málsins um það, hvort yfirleitt eigi að leyfa einkaskóla á barnafræðslustiginu.

Hvers vegna er það, að ríkisvaldið sjálft annast barnafræðsluna? Til þess liggja tvenn meginrök. Annars vegar er réttur þess að tryggja öllum börnum ókeypis fræðslu, þ. e. til þess að tryggja, að ólíkar efnahagsaðstæður verði ekki

til þess að koma í veg fyrir, að allir njóti þeirrar fræðslu, sem í nútímaþjóðfélagi er talin til hinna sjálfsögðustu mannréttinda. Þetta er önnur hliðin á málinu. En hin ástæðan til þess, að í öllum menningarþjóðfélögum er talið sjálfsagt, að barnafræðslan sé í höndum hins opinbera, er sú, að það er talið mjög mikilvæg ákvörðun, hvað og hvernig börnum skuli kennt. Þessi ákvörðun er talin svo mikilvæg, að sjálfsagt sé, að hún sé í höndum sjálfs ríkisvaldsins, en ekki í höndum einkaaðila. Á þessari kröfu er slakað með því að leyfa einkaskóla, og eftirlit eitt með þeim nægir ekki.

Barnaskólarnir eru yfirleitt í menningarþjóðfélögum ríkisskólar, ekki aðeins til þess að tryggja, að allir fái ókeypis kennslu, heldur einnig til þess að tryggja, að kennslan sé í samræmi við viðurkenndar menningar- og siðgæðiskröfur. Og það er á þessari grundvallarreglu, sem er slakað, ef farið er inn á þá braut að nokkru ráði að leyfa, að barnaskólafræðslan fari fram í einkaskólum.

Þótt ég í sjálfu sér telji starfsemi einkaskóla á barnafræðslustiginu vera hæpna í eðli sínu, hef ég samt ekki talið og tel ekki enn ástæðu til að banna þá og mun enga till. gera um það, a. m. k. meðan starfsemi einkaskólanna er á svo takmörkuðu sviði sem á sér enn stað hér á landi. En ég óttast mjög, að ef gefið verður undir fótinn með starfrækslu einkaskóla á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, muni þessi starfræksla geta komizt út á hættulega vítt svið. Ég tel enga ástæðu til að grípa í taumana og fyrirskipa að leggja niður þá einkaskóla, sem nú þegar starfa. En ég tel það lágmarkskröfu í þessu sambandi, að það haldist, sem verið hefur, að einkaskólarnir kosti sig sjálfir, þ. e., að þeir foreldrar, sem eiga kost á því að láta börn sín ganga í ríkisskóla algerlega ókeypis, en vilja það ekki af einhverjum ástæðum, kosti fræðslu barna sinna sjálfir. Ég tel það ekki ná nokkurri átt, að ríkisvaldið taki að sér að greiða meginhluta af kennslukostnaði fyrir þá foreldra, sem af einhverjum ástæðum vilja ekki sitja við sama borð og allir aðrir þjóðfélagsþegnar og njóta kennslunnar í ríkisbarnaskólunum.

Út af fyrir sig mætti kannske segja, að þessir skólar, sem nú starfa, séu hvorki það stórir né svo margir, að þeir út af fyrir sig skapi mikið vandamál. En verði það spor stigið, að ríkið greiði meginhluta kostnaðar þessara skóla, þá skapast stóraukin hvatning fyrir þá, sem kynnu að hugsa til að stofna slíka skóla, og það er það, sem ég fyrst og fremst óttast að verði afleiðing af þessu frv. Það skapar fordæmi, það hvetur til stofnunar fleiri einkaskóla. Það, sem búast má við að fyrst gerist í þeim efnum, er, að ýmsir sértrúarflokkar, sem fram til þessa hafa ekki talið sig hafa bolmagn til þess að koma upp eigin einkaskólum, geri það nú, vegna þess að þeir geta fengið meginhluta kostnaðar við skólann greiddan af ríkisfé. Hér starfa ýmsir sértrúarflokkar, sem eru allöflugir. Þeir einkaskólar, sem nú starfa, eru reknir af kaþólsku söfnuðunum og aðventistasöfnuðunum. Hér starfa einnig öflugir hvítasunnusöfnuðir. Það næsta, sem búast má við að gerist, er það, að hvítasunnumenn komi sér upp eigin barnaskóla og láti ríkið borga kostnaðinn við hann, að Fíladelfíumenn komi sér upp eigin barnaskóla og láti ríkið borga kostnaðinn við hann, að guðspekingar komi upp eigin barnaskóla, kostuðum af ríkinu, og þar fram eftir götunum. Ég trúi ekki öðru en hv. þm. sjái greinilega, í hvílíkt óefni hér stefndi.

Og hvað er svo að segja um aðra, sem kynnu að óska þess að ala börn sín upp með sérstökum hætti, að sjá þeim fyrir sérstakri fræðslu og ekki væru ánægðir með þá almennu ríkisfræðslu, sem veitt er í barnaskólunum? Hvað er að segja um stjórnmálaflokka? Ef stjórnmálaflokkur tæki nú upp á því að koma upp barnaskóla til þess að láta kenna Íslandssögu með þeim hætti, sem honum líkaði bezt, eða landafræði eins og honum geðjaðist bezt að, þá er eftir frv., eins og það er nú eftir 2. umr., opin leið til þess, að hvaða aðili sem er í þjóðfélaginu, jafnvel stjórnmálaflokkur, geti tekið upp á því að koma upp eigin barnaskóla og láta ríkisvaldið greiða kostnaðinn við hann.

Ég vona, að hér þurfi ég ekki að hafa fleiri orð um. Með þessu frv. er stefnt út í algera ófæru í þessum efnum, og þetta frv. má ekki verða að lögum í þeim búningi, sem það hefur núna.

Ég verð að segja, að mér kom mjög á óvart, þegar ég sá, að meiri hl. menntmn. mælti með samþykkt þessa frv. Út af fyrir sig kom mér það ekki á óvart, að fulltrúar Sjálfstfl. í menntmn. mæltu með frv. Sjálfstfl. er flokkur einkarekstrarins, sá flokkur, sem telur öll fyrirtæki verða bezt rekin af einstaklingum. Það var líka einu sinni svo, að hann eða fyrirrennarar hans og hliðstæðir flokkar annars staðar töldu skólakerfið einnig vera bezt komið í höndum einkaaðila. Að vísu hefur Sjálfstæðisfl. í aðalatriðum horfið frá þessari stefnu sinni, sem betur fer, og sama hafa hliðstæðir flokkar gert annars staðar, en ég er þó ekki mjög hissa á því, þótt einthvað eimi eftir hjá honum af þeim gömlu sjónarmiðum, að það sé ekki aðeins bezt að láta einstaklinga reka fyrirtæki, heldur einnig að láta þá reka menntastofnanir. Það er a. m. k. ekki fullkomið brot á erfðavenju, ef nógu langt er farið aftur í tímann. Hins vegar var ég mjög hissa á því að sjá, að fulltrúi Þjóðvfl. í menntmn. skyldi ljá Sjálfstfl. lið við að skapa meiri hluta fyrir annarri eins stefnu og hér er mörkuð í þessu frv., vegna þess að Þjóðvfl. er vinstri sinnaður flokkur, og mér vitanlega er hér um að ræða eitt af þeim málum, sem vinstri sinnaðir menn frá upphafi hafa talið vera eitt af kjarnaatriðunum í stefnu sinni í menningarmálum, að fræðslumálin skyldu vera í höndum ríkisvaldsins af þeim tveim ástæðum, sem ég nefndi fyrr í ræðu minni. Þó að menn geti greint á um, hvaða verksvið einstaklingur eða einkarekstur skuli hafa í þjóðfélaginu almennt, þá er nú yfirleitt orðið um það næstum alhliða samkomulag, að fræðslustarfsemin, a. m. k. barnafræðslustarfsemin, sé langbezt komin í höndum hins opinbera. Þar sem svo er ekki, svo sem í ýmsum löndum Mið-Evrópu og Suð-

ur-Evrópu, þar sem kaþólska kirkjan hefur enn mjög víðtæk áhrif á þjóðmálin, er það einmitt eitt helzta vandamálið í fræðslumálum yfirleitt, að verulegur hluti skólanna, einnig barnaskólanna, er í höndum kaþólsku kirkjunnar. Það er eitt af helztu baráttumálum vinstri flokkanna allra í þessum löndum að breyta þessu, að flytja yfirráð barnafræðslunnar úr höndum kaþólsku skólanna yfir í hendur ríkisskólanna, og tækið, sem þeir beita hvarvetna til þess, er að berjast fyrir því, að ríkisvaldið hætti að styrkja einkaskóla kaþólsku kirkjunnar. Það eru í raun og veru ekki aðeins vinstri sinnaðir menn, sem þessa skoðun hafa í öllum þeim löndum, þar sem þetta er mikið vandamál, heldur einnig mjög verulegur hluti miðflokkanna og borgaraflokkanna, jafnvel borgaraflokkanna, þó að höfuðstuðningur kaþólsku kirkjunnar og kaþólsku skólanna komi að vísu þaðan. En með tilliti til þessa, hve vandamálin í þessum kaþólsku löndum eru gífurlega mikil í sambandi við kaþólsku skólana og hversu eindregin andstaða allra frjálslyndra manna er gegn því að minnsta kosti, að ríkisvaldið styrki eða kosti slíka skóla, þá kemur vægast sagt spánskt fyrir sjónir, að hér á landi skuli vera til vinstri sinnaðir menn, sem vilja ýta undir það, að ríkisvaldið taki að sér að kosta næstum algerlega skóla sértrúarflokka. Það kalla ég að verða meira en lítið fótaskortur á almennri vinstri sinnaðri stefnu í menningarmálum, sem eru svo mikilvæg, að telja má þau til þjóðmála.

Ég mun greiða atkvæði gegn því, að þetta frv. verði samþ. við 3. umr., eins og ég raunar gerði við 2. umr. málsins. Og ég vona, að þau sjónarmið, sem ég hef hér lýst, hafi orðið til þess að undirstrika það fyrir hv. þm., að hér er ekki um smámál að ræða, heldur þvert á móti mikilsvert mál.

Umr. frestað.

Á 73., 74. og 75. fundi í Nd., 20., 21. og 23. febr., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 24. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var til umræðu s. l. föstudag, sýndi hv. 1. landsk. þm. mér þann sóma að veita mér nokkrar vinsamlegar leiðbeiningar um það, hvernig ósvikinn vinstri maður á að haga sér, hvað hann má gera og hvað hann á ógert að láta. Nú er ég ekki stórlátari en svo, að ég fyrtist á engan hátt við það, þótt mér sé sagt eitthvað til siðanna, sízt af öllu ef ætlunin er sú að leiða mig í allan sannleika um vinstri manna dyggðir. Mun ég gefa fullan gaum að leiðbeiningarstarfi hv. 1. landsk. í þessu efni, bæði nú og framvegis. Vil ég og fúslega taka það til athugunar að reyna eftir minni getu að leiðbeina hv. þm., ef einhvern tíma skyldi vilja svo ólíklega til, að honum ætti eftir að skrika fótur eða verða hrösult á braut vinstrimennskunnar.

Hv. 1. landsk. taldi, að mál það, sem hér um ræðir, væri stórt mál og næsta hættulegt góðum siðum og reglu í landinu. Ég get ekki verið honum sammála í þessu. Mér virðist hér vera um fremur lítið mál að ræða, sízt af öllu svo stórt, að ég ætli að gera það að neinu kappsmáli. Ég held, að ekkert alvarlegt gerist og engin hætta sé á ferðum, hvort sem þetta frv. verður fellt eða samþykkt.

Hv. 1. landsk. vitnaði til annarra landa, Frakklands og fleiri kaþólskra landa, þar sem deilur hafa staðið um það, hvort ríkið eða kaþólska kirkjan eigi að hafa barnafræðsluna í sínum höndum. Ég er þess fullviss, að engin minnsta hætta er á því, þó að þetta frv. verði samþykkt, að slíkt vanda- og deilumál rísi upp hér á landi, og ég þori að fullyrða, að hv. þm. gerir ekki ráð fyrir því heldur, þótt hann gæti ekki stillt sig um að varpa þessu fram. Mér virðist þess konar röksemdafærsla leikur að sápukúlum og ekkert annað.

Ég þóttist hafa tekið það fram í þeim orðum, sem ég mælti hér við 2. umr. þessa máls, að ég liti á það sem alveg sjálfsagða stefnu, að hið opinbera, ríkið og bæjar- og sveitarfélög, hefði barnafræðsluna fyrst og fremst í sínum höndum. Þannig hefur þetta verið lengi að nær öllu leyti og verður vafalaust framvegis. Ég hef ekki dregið dul á, að ég tel þá skipan eðlilega og raunar sjálfsagða. En hér á landi er evangelisk-lúthersk þjóðkirkja, og mótar það að sjálfsögðu kristindómsfræðslu þá, sem fram fer í hinum almennu barnaskólum, enda játar meginþorri þjóðarinnar þá trú. Hins vegar ríkir hér trúarbragðafrelsi, og veit ég ekki betur en að frjálslyndir menn, vinstri menn, hafi fyrir því barizt og telji hvarvetna sjálfsagt, að það eigi að haldast.

Tveir hinir stærstu sértrúarflokkar hér á landi, sem hvorugur er þó ýkja fjölmennur, kaþólskir menn og aðventistar, hafa um alllangt skeið rekið hér samtals fjóra fremur litla barnaskóla, kaþólskir menn einn barnaskóla í Reykjavík og annan í Hafnarfirði, aðventistar einn barnaskóla í Reykjavík og annan í Vestmannaeyjum.

Mér skildist á ræðu hv. 1. landsk., að hann stæði í þeirri meiningu, að þessir barnaskólar í einkaeign hefðu starfað og störfuðu án allrar lagaheimildar, en það er mikill misskilningur. Í fræðslulögum allt frá árinu 1926 a. m. k. hafa verið ákvæði, er heimiluðu fræðslumálastjórninni að löggilda slíka barnaskóla, slíka einkaskóla, að því tilskildu, að þeir lytu sömu reglum og sama eftirliti og hinir almennu barnaskólar. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er því ekkert nýtt að því er þetta varðar. Einkaskólarnir fjórir, sem ég hef þegar nefnt, svo og t. d. barnaskóli Ísaks Jónssonar, starfa samkvæmt fullkominni lagaheimild.

Í frv. því, sem hér um ræðir, eru aðeins tvær breytingar frá núgildandi lögum. Hin fyrri er þess eðlis, að þar eru settar enn ríkari skorður en nú gilda við því, að stofnaðir verði og löggiltir einkaskólar án rækilegrar athugunar. Auk þess ákvæðis, að slíkir skólar verði að hlíta sömu reglum og eftirliti og aðrir barnaskólar, og auk samþykkis fræðslumálastjórnarinnar er svo til ætlazt samkvæmt þessu frv., að einkaskólar verði ekki löggiltir, nema meðmæli hlutaðeigandi fræðsluráða koma til. Það er þess vegna svo

fjarri því, að þetta frv. opni allar gáttir fyrir stofnun einkaskóla, að það gerir stofnun þeirra og löggildingu að þessu leyti enn þá meiri vandkvæðum bundna en verið hefur. Hitt er rétt, að frv. felur það í sér, að ríkisstj. eða fræðslumálastjórninni sé veitt heimild — aðeins þó heimild, það er ekki einu sinni skylt — að greiða úr ríkissjóði laun fastra kennara við löggilta einkaskóla og þó þá fyrst, er slíkir skólar hafa starfað a. m. k. í fimm ár.

Hv. 1. landsk. lét í ljós þann ótta, að frv. þetta, ef að lögum yrði, mundi ýta stórlega undir stofnun einkaskóla. Ég er honum fyllilega sammála um það, að ég teldi það ekki heppilega þróun, ef slíkum skólum fjölgaði að ráði. En á þá ekki að banna þess háttar skóla með öllu? Ég held ekki. Ég hygg, að þeir fáu skólar, sem til eru, geri engan skaða og séu ekki á nokkurn hátt ógnun við íslenzka menningu eða góða siði. Hv. þm. tók það og fram sjálfur, að hann vildi ekki láta banna þá einkaskóla, sem fyrir eru. Þarna ber okkur því ekki mikið á milli. Við teljum væntanlega báðir, að strangar reglur eigi að gilda um slíka skóla og gott eftirlit beri að hafa með þeim, en hvorugur er svo ófrjálslyndur að vilja banna þá algerlega. Þeir verða að sjálfsögðu hér eftir eins og hingað til sóttir af þeim börnum einum, þar sem foreldrarnir treysta slíkum skólum eins vel eða betur en opinberum skólum fyrir börnum sínum. Enginn lætur barn í slíka einkaskóla nema af fúsum og frjálsum vilja.

En eru nú líkur til þess, að samþykkt þessa frv. hafi það í för með sér, að einkaskólar spretti upp eins og gorkúlur? Fræðslumálastjóri, sem ég tel að taka eigi fullt tillit til í slíkum málum sem þessum, telur enga hættu á því. Hann kom á fund menntmn., þá er þetta mál var rætt þar, og mælti eindregið með frv. Ég skal fúslega játa, að meðmæli hans réðu nokkru um afstöðu mína til málsins. Hv. 1. landsk. kom þar orðum sínum, þegar hann ræddi um þessa ímynduðu hættu á fjölgun einkaskóla, að ekki mundi líða á löngu, unz stjórnmálaflokkar færu að stofna slíka skóla og krefjast þess, að laun kennara yrðu greidd úr ríkissjóði. Svona heilaspuni er raunar of barnalegur til þess, að það taki því að elta við hann ólar. Eru þá engar hömlur á í þessum efnum? Er fram á það farið, að hver sem vera skal geti stofnað barnaskóla og umsvifalaust fengið kennaralaun greidd úr ríkissjóði? Nei, það er síður en svo. Hömlurnar eru margar: 1) Skólinn verður að hlíta sömu reglum um námsefni og annað sem aðrir barnaskólar. 2) Fræðsluráð viðkomandi héraðs verður að mæla með því, að skólinn fái að starfa. 3) Kennarar skólans verða að fullnægja öllum settum skilyrðum um rétt til kennslu í almennum barnaskólum. 4) Skólinn verður að fá löggildingu fræðslumálastjórnar. Að öllum þessum skilyrðum fullnægðum þarf skóli loks að hafa starfað í fimm ár full, áður en heimilt er að greiða kennurum við hann laun úr ríkissjóði. Er nú leyfilegt að gera ráð fyrir því, — er það bókstaflega sæmandi að reikna með því, — að þeir aðilar, sem hér um ræðir, mæli með og löggildi aðra einkaskóla en þá, sem þeir telja viðhlítandi frá félagslegu og siðferðislegu sjónarmiði? Mér finnst það varla. En telji menn samt sem áður þörf á að búa enn betur um hnútana, svo að engin hætta geti á því orðið, að frv. þetta ýti undir stofnun nýrra einkaskóla, þá virðist hægur vandi að færa frv. í það horf. Má gera það einfaldlega t. d. með því að láta ákvæði um heimild til að greiða úr ríkissjóði kennaralaun við einkaskóla aðeins ná til þeirra skóla, sem þegar eru löggiltir og starfað hafa í fimm ár eða lengur, þegar lögin eru sett. Ég sé ekki betur en að frv. næði tilgangi sínum, þó að slík brtt. yrði samþykkt, en með samþykkt hennar ætti jafnframt að vera fyrir það girt, að löggjöf þessi ýti undir stofnun nýrra einkaskóla. Ég er þó ekki svo hræddur um það, að einkaskólum fjölgi um skör fram, þó að frv. verði samþ. í núverandi mynd, að ég sjái ástæðu til að flytja brtt. um þetta efni.

Þá vil ég víkja að því með örfáum orðum, hvaða rök mér þykja hníga að því, að kennaralaun við löggilta einkaskóla, sem sannað hafa hæfni sína með a. m. k. fimm ára starfi, megi greiða úr ríkissjóði. Ýmsir menn hafa tamið sér að tala um sértrúarflokka almennt í lítilsvirðingartón, og mér fannst ekki laust við, að þess gætti nokkuð í ræðu hv. 1. landsk. þm. um þetta mál. Það er engin ástæða til og ber ekki vott um sérstakt frjálslyndi út af fyrir sig að viðurkenna ekki það, sem gott er í fari og framkvæmdum þjóðfélagsborgara, sem hafa aðrar trúarskoðanir en kenndar eru í þjóðkirkjunni. Það er staðreynd, að hér eru dálitlir hópar góðra íslenzkra borgara, sem sumir játa kaþólska trú, aðrir aðhyllast kenningar aðventista. Þessir borgarar greiða skatta sína og skyldur eins og aðrir menn, og þeir eiga svo sem allir aðrir borgarar lagalega heimtingu á því, að hið opinbera sjái börnum þeirra fyrir ókeypis skólavist og kennslu. Nú hafa þeir hins vegar kosið að fara þá leið að stofna og reka sjálfir skóla sína. Þessir skólar lúta öllum sömu reglum og eftirliti og aðrir barnaskólar, kennarar við þá eru með próf frá Kennaraskóla Íslands, og yfirleitt falla skólar þessir algerlega inn í fræðslukerfið. Á það vil ég leggja áherzlu. Mér finnst það meginatriði í þessu sambandi. M. ö. o., kaþólskir menn og aðventistar hafa með stofnun og rekstri slíkra skóla sparað hinu opinbera útgjöld við skólahúsnæði og kennslu barna sinna, útgjöld, sem ríki og bæir voru ella skyldug til að leggja fram.

Þessir skólar hlíta í öllu sömu reglum um nám og kennslukrafta sem almennir barnaskólar, og ég hef aldrei heyrt því haldið fram, að þeir stofnuðu sálarheill nokkurs barns í voða. Þvert á móti hafa margir talið, að t. d. skólinn í Landakoti væri meðal hinna betri barnaskóla. Nú má að vísu segja, eins og hv. 1. landsk. lagði áherzlu á, að þeir, sem heldur vilja hafa börn sín í þessum einkaskólum en í hinum opinberu skólum, séu ekki of góðir til að bera af því allan kostnað hér eftir eins og hingað til. Þar til er því að svara, sem ég áðan sagði, að hér eiga í hlut borgarar, sem greiða skatta og skyldur til hins opinbera eftir sömu reglum og aðrir menn, en létta hins vegar með skólahaldi sínu allmiklum kostnaði af ríki og bæjum, kostnaði, sem þessir aðilar yrðu ella að greiða að fullu. Ég fæ því ekki séð, að það sé nein fjarstæða, þótt ríkið

taki að einhverju leyti þátt í þessum kostnaði. Mér er það kunnugt, að eins og sakir standa eiga þessir skólar mjög örðugt með að fá kennara með almenna kennaramenntun, þar sem kennarar við þessa skóla njóta nú í engu þeirra hlunninda og þeirrar réttarstöðu, sem kennarar við opinbera barnaskóla njóta. Hætt er því við, að á það verði sótt, ef þessi breyting varðandi réttarstöðu kennaranna við þessa einkaskóla verður ekki samþykkt, að sérskólarnir fái undanþágur frá því að hafa kennara með almenna kennaramenntun, og ég teldi það mjög óheppilegt, ef farið yrði eitthvað að ráði inn á þá braut. Leggist skólar þessir hins vegar alveg niður, þá er hið opinbera skyldugt til að kosta að öllu leyti skólahúsnæði og fræðslu allra barna kaþólskra manna og aðventista, og ekki hefur ríkið a. m. k. staðið sig svo vel varðandi framlög til byggingar barnaskóla, að hér í Reykjavík, Hafnarfirði og víðar sé yfirfljótandi húsnæði yfir börn á skólaskyldualdri. Lokun þessara einkaskóla mundi valda því, að enn þrengdist í stofum hinna opinberu barnaskóla, stofum, sem þegar eru yfirfullar og víða langt fram yfir það, sem hóflegt er. Enn er þess að geta, að þrátt fyrir samþykkt þessa frv. mundu eigendur einkaskóla bera af þeim mikinn kostnað, stofnkostnað allan, viðhald allt og rekstrarkostnað annan en laun fastra kennara. Mér virðist því að öllu athuguðu nokkur sanngirni mæla með því, að ríkið taki þátt í kostnaði við kennslu þeirra barna, sem þessa skóla sækja. Eins og ég þykist þegar hafa fært að full rök, er þannig um hnútana búið, að engin hætta sé á því, að einkaskólum fjölgi óhóflega, þótt þetta frv. verði samþ. í þeirri mynd, sem það nú hefur. Fulltrúar hins opinbera á sviði fræðslumála hafa það algerlega í hendi sinni, hvaða skóla þeir löggilda, og fræðslumálastjórnin hefur það auk þess á sínu valdi, hverjir af slíkum skólum skuli fá laun fastra kennara greidd úr ríkissjóði. Hlýtur að mega ætlast til þess, að það verði áður rannsakað hverju sinni, hvort ástæða þykir til að nota þá heimild.

Hv. 1. landsk. lagði áherzlu á það í ræðu sinni um málið, að hér væri um „prinsip"-mál að ræða. Það teldi ég „prinsip"-mál, hvort ætti að banna algerlega alla einkaskóla eða leyfa þá og setja þeim strangar skorður. Nú hefur enginn kveðið upp úr um það, að banna ætti algerlega alla þá einkaskóla, sem fyrir eru. Hv. 1. landsk. tók það einmitt fram, eins og ég sagði áðan, að hann væri andvígur slíku banni, og athygli vil ég vekja á því, að minni hl. hv. menntmn. vildi síður en svo banna þessa skóla, heldur lagði hann til, að þeir yrðu styrktir af opinberu fé, ríkið greiddi við þá hálf kennaralaun. Á þessu þrennu, afstöðu hv. 1. landsk., afstöðu minni hl. hv. menntmn. og meiri hl. n., er því aðeins stigsmunur, en ekki eðlismunur. Hv. 1. landsk. vill leyfa þessum einkaskólum að starfa, en ekki kosta þá að neinu leyti úr ríkissjóði. Minni hl. menntmn. vill láta ríkið greiða hálf kennaralaun við slíka skóla. Loks telur meiri hl. réttmætt, að greiða megi úr ríkissjóði föst kennaralaun við löggilta einkaskóla, en engan annan kostnað, og jafnframt vill meiri hl. menntmn. tryggja það enn betur en nú er gert, að slíkir skólar verði ekki leyfðir og löggiltir, nema rík ástæða þyki til. Er það gert með því, að framvegis mundi þurfa meðmæli viðkomandi fræðsluráðs til löggildingar einkaskóla, en fræðsluráð á að hafa umsjón með skólum og skólaþörf í hverju fræðsluhéraði.

Að síðustu vil ég svo aðeins segja þetta: Ég fæ með engu móti séð, að hér sé um stórt mál að ræða, og þótt ég hafi að gefnu tilefni orðið nokkuð fjölorður um frv., vil ég leggja áherzlu á það, að málið er mér ekkert sérstakt kappsmál. Mér finnst hins vegar sanngirni mæla með því, að það nái fram að ganga. Hins vegar tel ég engan stórskaða skeðan, þó að það félli. En það tel ég meiri fjarstæðu en tali taki, að samþykkt þessa litla frv. hafi í för með sér einhverjar ógnir og skelfingar og sprengi grundvöll gildandi fræðslulöggjafar, eins og hv. 1. landsk. gaf ótvírætt í skyn. Vil ég svo í allri vinsemd óska hv. 1. landsk. þess, að honum verði aldrei alvarlegri fótaskortur á vinstri línunni en mér hefur orðið í þessu máli.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Því hefur nú að nokkru verið lýst í umr. um þetta mál, að þeir einkaskólar, sem um er að ræða í þessu sambandi, eru samtals fjórir, tveir á vegum kaþólskra manna og aðrir tveir á vegum sjöunda dags aðventista. Að sjálfsögðu munu þessir skólar fyrst og fremst til komnir vegna þess, að viðkomandi trúflokkar geta ekki sætt sig við þá kristindómsfræðslu, sem fram fer í hinum almennu barnaskólum, enda er hún öll samkvæmt hugmyndum og kenningum hinnar evangelisk-lúthersku kirkju, sem hér er þjóðkirkja.

Nú er það að sjálfsögðu ekkert óskiljanlegt, þótt menn leggi mikið upp úr því, að börnum séu strax á barnaskólaaldri innrættar þær trúarhugmyndir, sem þeir telja sannastar og réttastar, og sjái þess vegna ástæðu til þess að senda ekki börn sín í hina almennu skóla vegna trúarbragðakennslunnar þar. En á hinn bóginn eru það langtum fleiri aðilar, sem þarna er um að ræða, heldur en þeir tveir trúflokkar, sem komið hafa sér upp einkaskólum. Það eru allmiklu fleiri trúflokkar starfandi í landinu, sem illa sætta sig við kristindómsfræðsluna í barnaskólum. Sömuleiðis eru í landinu menn, sem ekki játa neina trú og hafa engan áhuga á því, að börnum þeirra séu kennd trúarbrögð eftir hugmyndum ákveðins trúflokks. En fyrst við höfum hér þjóðkirkju og hennar trúarbragðakennsla hefur verið flutt inn í barnaskólana, þá er það að sjálfsögðu ekkert annað en það, sem landslýður verður yfirleitt að sætta sig við, á meðan svo er skipað málum.

Á hinn bóginn er ekki alveg leggjandi að jöfnu aðstaða trúflokka til að njóta hinnar almennu fræðslu í barnaskólunum, þó að ekki sé þar til talinn ágreiningur þeirra um trúarbragðafræðslu. T. d. um þá tvo aðila, sem nú reka einkaskóla, kaþólska menn og aðventista, gegnir ekki sama máli. Um sjöunda dags aðventista er það alveg sérstakt, að þeir halda allt annan hvíldardag en tíðkaður er á okkar landi

og þar með í hinum almennu skólum. Jafnvel þó að þeir sættu sig við trúarbragðakennsluna í barnaskólunum, þá geta börn þeirra af þeim ástæðum, sem mótast af trú foreldranna, ekki notið kennslunnar í skólunum nema að nokkru leyti — ekki sótt skólana nema fimm daga í viku — og missa þar af leiðandi verulegan hluta af því námsefni, sem skólarnir fara yfir. Þeim er þess vegna nokkur vandi á höndum, þótt þeir reki sérskóla fyrir sín börn.

Á þessa sérstöðu sjöunda dags aðventista teldi ég sanngjarnt að löggjafinn liti, þótt hann að öðru leyti ætlaði öllum landsmönnum að njóta hinna almennu barnaskóla, hver sem trúarbrögð þeirra kunna að vera. Ég mun af þessum ástæðum leyfa mér að leggja hér fram skriflega brtt., sem fer í þá átt að heimila greiðslu á kennaralaunum einungis við þá skóla, sem sjöunda dags aðventistar reka, byggða á þeim rökum, að þótt séð sé yfir trúarbragðakennsluna í hinum almennu skólum, þá geta aðventistar ekki notað til fulls hina almennu skóla vegna trúar sinnar. Og til þess að láta þá njóta trúfrelsis í raun, þá væri stigið skref til að greiða götu þeirra í sambandi við skólamál með því að taka þátt í skólakostnaði þeirra með því að launa kennara þeirra, eftir að skólar hafa starfað í fimm ár á þeirra vegum.

Það hefur ekki komið fram í umr., að lagt sé til, að þau ákvæði fræðslulaganna, sem heimila fræðslumálastjórninni að löggilda einkaskóla, verði felld úr lögum. Hins vegar hefur það komið hér fram í umr., enda er það raunverulegt mál, að til slíkra einkaskóla, sem þegar hafa fengið löggildingu, gengur illa að ráða kennara, sökum þess að kennarar þeirra skóla njóta ekki sömu réttinda, sérstaklega að því er varðar lífeyrissjóð, og kennarar hinna almennu skóla. Til móts við einkaskólana hefði ég því talið rétt að komið yrði á svipaðan hátt og hv. minni hl. menntmn. hefur lagt til, þannig að ríkissjóður taki að sér að greiða 6% af kaupi kennara við þá skóla til lífeyrissjóðs, enda komi greiðslur á móti annars staðar frá á öðrum lögmætum hluta af lífeyrissjóðsgreiðslunum.

Ég leyfi mér þess vegna að gera hér eina skriflega brtt. í þrem atriðum og með leyfi hæstv. forseta að lesa hana hér upp.

„Við 1. gr. a. Aftan við 1. mgr. bætist: Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

b. 2. mgr. orðist svo: Heimilt er þó að greiða úr ríkissjóði laun fastra kennara við skóla þá, er sjöunda dags aðventistar reka, enda verði kennarar þeirra skóla þá ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar hinna almennu barnaskóla. Að öðru leyti ber ríkissjóður engan kostnað af þessu skólahaldi.

c. Við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi: Nú hefur barnaskóli hlotið löggildingu samkv. 1. mgr., og er þá heimilt að greiða úr ríkissjóði iðgjald til lífeyrissjóðs, 6% af fjárhæð, er nemur fullum launum hlutaðeigandi kennara, enda fái þeir greiddan annars staðar að lögmætan hluta iðgjalds til lífeyrissjóðs.“

Vildi ég svo leyfa mér að biðja forseta um að leita afbrigða fyrir þessari till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 403) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég stend ekki upp til þess að endurtaka þau meginrök, sem ég taldi mig hafa flutt við fyrri hluta þessarar umr. gegn þessu frv., heldur til þess að svara með örfáum orðum nokkrar athugasemdum, sem komu fram, einkum í ræðu hv. 8. þm. Reykv. Ég á með ánægju orðaskipti við hann um þetta mál, auðvitað í fyllstu vinsemd. Mér finnst óþarfi af honum að taka það illa upp fyrir mér, þótt ég hafi látið nokkur orð um það falla í fyrri ræðu minni, að mér hefði þótt afstaða hans í þessu máli við hlið Sjálfstfl. ekki bera vitni um þá trúmennsku við vinstri sjónarmið, sem ég hefði óskað eftir, og ég rökstuddi það með því að vitna til afstöðu vinstri flokka í nágrannalöndum og annars staðar í Evrópu til mála líkra sem þessara. Að öðru leyti er það ekki mergurinn málsins, hvort menn þjóna vinstra sjónarmiði eða hægra sjónarmiði í afstöðu sinni til þessa frv., heldur hvort menn gera rétt eða rangt, eins og raunar alltaf er aðalatriði máls.

Mér fannst meginröksemd hv. 8. þm. Reykv. hníga að því, að einkaskólar væru eðlilegir og þá ætti að leyfa, ef þeir fullnægðu þeim almennu kröfum, sem fræðslulögin gera um menntun og siðgæði í slíkum skólum. Mér virtist öll röksemdafærslan hníga að því, að við einkaskóla væri í sjálfu sér ekkert að athuga, ef hið opinbera hefði eftirlit með því, að sú kennsla, sem þar færi fram, væri algerlega sambærileg við þá kennslu, sem fram færi í hinum almennu barnaskólum. En samt sem áður tók hv. þm. fram, að hann væri því mjög andvígur, að einkaskólum fjölgaði. Hann taldi það einmitt höfuðröksemd fyrir þessu frv., að hann teldi, að af því mundi ekki leiða neina verulega fjölgun á einkaskólunum. Þessu kem ég ekki almennilega heim og saman.

Ef meginrök hans eru rétt, að í sjálfu sér séu einkaskólar ágætir, ef þeir fullnægja sömu kröfum og gerðar eru til ríkisskólanna, þá sé ég ekki, hvað væri við það að athuga, þó að þeim fjölgaði, en samt sem áður virðist hv. þm. vera andstæðingur þess, og þar erum við alveg sammála. Það, sem við erum ekki sammála um í þessu efni, er, hvort líklegt sé, að þetta frv. muni leiða til fjölgunar einkaskóla eða ekki. Það er þar, sem ágreiningurinn kemur fyrst og fremst til skjalanna. Eins og ég undirstrikaði í fyrri ræðu minni, tel ég það vera meginágalla frv., að það mundi ýta undir fjölgun einkaskólanna, og það er þróun, sem við erum sem betur fer alveg sammála um að væri mjög óæskileg. Skal ég fara örfáum orðum um það, hvaða rök ég tel hníga að því, að einkaskólunum muni fjölga, ef þetta frv. verður að lögum.

Langmestur hluti kostnaðarins við rekstur barnaskóla er kennaralaunin, og mér finnst, að ef á annað borð er tilhneiging til að koma á fót einkaskólum, þá sé auðséð, að þessi tilhneiging muni fá byr undir báða vængi, ef menn eiga kost á því að fá greidda allt að því 90% af kostnað-

inum af opinberu fé. Spurningin er því fyrst og fremst um þetta: Er ástæða til að gera ráð fyrir því, að um slíka tilhneigingu til stofnunar einkaskóla sé að ræða? Hennar hefur þegar orðið vart, og sannleikurinn er sá, að ástæðurnar, sem til þess liggja, að þeir einkaskólar hafa verið stofnaðir, sem nú eru reknir, eru ekki nákvæmlega þær, sem látið hefur verið í veðri vaka af forsvarsmönnum þessa frv. Það kom fram í þeim tveim ræðum, sem fluttar voru áðan, að höfuðástæðan fyrir því, að þessir skólar hefðu verið starfræktir, væri sú, að kaþólskt fólk og það fólk, sem aðhyllist trúarkenningar sjöunda dags aðventista, gæti ekki sætt sig við þá kristindómskennslu, sem fram færi í ríkisskólunum. Ég hef leitað um þetta álits mér fróðari manna í þessum efnum, og þeir hafa verið sammála um, að þessi skoðun hafi ekki við rök að styðjast; í fyrsta lagi megi benda á það, að enginn sé skyldugur til að láta börn sín taka þátt í kristindómsfræðslu barnaskólanna. Hvaða foreldrar sem er geta fengið undanþágu frá því að láta börn sín njóta kristindómskennslunnar. Engum er þröngvað til þess að meðtaka þá kristindómskennslu, sem fer fram í barnaskólunum. Hitt er þó mikilvægara, að það er misskilningur, þegar lögð er áherzla á, að kristindómsfræðsla barnaskólanna hér sé sterklega mótuð af evangelisk-lútherskum sjónarmiðum. Mér er sagt af mér fróðari mönnum, að kristindómsfræðsla í barnaskólunum fjalli einvörðungu um slík grundvallaratriði kristindómsins almennt, að um þau sé enginn ágreiningur milli evangelisk-lútherskra manna, kaþólskra manna, sjöunda dags aðventista eða annarra kristinna manna.

Ég hef persónulega ekki aðstöðu til þess að dæma um þessar staðhæfingar, en hef þetta eftir mönnum, sem ég hef enga ástæðu til að vantreysta og tel eiga að vita þetta allra manna bezt. Mér var sagt, að hver einasti fullorðinn maður, sem geri sér þá fyrirhöfn að lesa þá kennslubók í kristnum fræðum, sem kennd er í barnaskólunum, muni sjá, að þar sé ekki fjallað um eitt einasta atriði, sem sé ágreiningsatriði milli t. d. lútherskra manna og kaþólskra, þess vegna sé það í raun og veru alger fyrirsláttur, að það sé *afstaðan til kristindómskennslunnar*, sem valdi því, að nauðsynlegt sé fyrir kaþólska menn og aðventista að hafa börn sín í sérstökum barnaskólum. Sérrök eru það í málinu, sem komu fram hjá hv. 9. landsk. þm., að samkvæmt *trúarskoðunum sjöunda dags aðventista* er laugardagurinn helgur dagur, en það er kennsludagur í hinum almennu barnaskólum. Það eru sérrök, sem menn síðan verða að gera upp við sig, hvort menn vilja taka tillit til eða ekki, en hitt segja mér fróðir menn að séu ekki rök, sem ástæða sé til að taka tillit til.

Það má náttúrlega spyrja, hvort ekki sé ástæða til þess að nema úr lögum heimildina til að starfrækja þá einkaskóla, sem þegar eru starfræktir. Ástæðan til þess, að ég er því ekki fylgjandi, er ofur einfaldlega sú, að ég tel þá hefð, sem komin er á starfsemi þeirra, og hana eina réttlæta það, að þeir haldi áfram. Kaþólski skólinn hér í Rvík er, að því er mér skilst, um 60 ára gamall, hinir skólarnir eru orðnir allgamlir, og þá hefð, sem myndazt hefur við slíkt skólahald, tel ég ekki ástæðu til að rjúfa, þótt ég telji jafnnauðsynlegt að sporna gegn því, að þessi háttur á skólahaldi breiðist út.

Þá kem ég aftur að spurningunni um það, hvort líklegt megi telja, að tilhneiging sé til þess í þjóðlífinu að koma á fót fleiri einkaskólum. Ég tel mjög litinn vafa á því, að aðrir sértrúarflokkar, — ég vil gjarnan undirstrika það, að ég nota það orð ekki í lítilsvirðandi merkingu, síður en svo, ég kann bara ekki annað orð yfir Hvítasunnusöfnuð og Filadelfíusöfnuð og fleiri slíka söfnuði en að nefna þá sértrúarflokka, ef mér væri bent á eitthvert annað orð, sem ekkert lítilsvirðingarbragð þætti að, þá mundi ég nota það, — ég sem sagt undirstrika sérstaklega: í þessu orði felst engin afstaða til þessara safnaða, síður en svo, — en ég tel mjög líklegt, að þeir mundu vilja nota sér þann rétt, sem þessi lög veittu, til þess að fá mestan hluta skólakostnaðar síns greiddan úr ríkissjóði. Ég vil enn fremur benda á hitt, að barnaskólarnir, t. d. hér í Rvík og víða annars staðar, hafa sætt allmikilli gagnrýni úr ýmsum áttum, og að því er ég tel yfirleitt órökstuddri gagnrýni, stundum út frá stjórnmálasjónarmiðum, stundum út frá því, að þeir þyki of stórir og þar sé um fjöldamennsku í fræðslunni að ræða. Menn hafa ekki viljað sætta sig við það, að þarna séu kennarar, sem hafa vissar stjórnmálaskoðanir. Á því hefur borið mjög mikið. Menn hafa jafnvel ekki viljað senda börn sín í skóla, þar sem skólastjórinn hefur tilheyrt ákveðnum stjórnmálaflokki. Ég tel ekki nokkurn minnsta vafa á því, að ef slíkt frv. sem þetta verður samþykkt, ef það verður hægt að fá allt að 90% af kostnaði við barnaskóla greiddan úr ríkissjóði, þá muni það fólk, sem allmikið hefur látið að sér kveða undanfarin ár með gagnrýni á barnaskólana út frá slíkum sjónarmiðum eins og þessum, þó að ég telji þau algerlega órökstudd, sækjast eftir því að koma upp eigin skólum, þar sem börnin væru losuð undan því að vera í stóru ríkisbákns-barnaskólunum með fjöldamennskuna og agaleysið, að því er það segir, þar sem kennararnir séu vont fólk, sem sái vondum erlendum kenningum í huga barnanna, og þar sem skólastjórarnir séu fólk, sem sé hættulegt og eigi ekki að fá að koma nálægt barnafræðslu. Þessar skoðanir eru því miður svo útbreiddar, þó að órökstuddar séu, að ég tel mikla hættu á, að það *mynduðust samtök* til framkvæmda, og þá sjá menn greinilega, í hvaða óefni mundi stefna. Það væri beinlínis hætta á því, að sumir stórir barnaskólar liðuðust í sundur, og þá má sjá, hvort það er ekki nokkur fótur fyrir því, sem hv. 8. þm. Reykv. vildi þó ekkert úr gera, að sjálft hið opinbera barnafræðslukerfi gæti verið í nokkurri hættu. Á það var bent, að það væri varnagli í þessum efnum, að einkaskólana mætti ekki löggilda eða fara að greiða kennaralaun, fyrr en þeir hefðu starfað í fimm ár. Í því sambandi vil ég benda á, að hér eru starfandi fjölmargir einkasmábarnaskólar, sem hafa starfað í miklu meira en fimm ár, og það, sem yrði ýtt undir með samþykkt þessa frv., er að breyta þessum einkasmábarnaskólum, sem hafa fimm

ára tímann að baki sér, í barnaskóla, þ. e. einn smábarnaskóli, sem hefur þegar starfað í 10 ár, mundi sækja um það til fræðsluráðs og fræðslumálastjóra að fá að bæta einum bekk við, fá að taka sjö ára bekk til viðbótar og síðan átta ára bekk til viðbótar, og mér er sem ég sjái, eftir því sem ég þekki afstöðu fræðsluyfirvaldanna til þessa máls, að þessu yrði neitað. Ég er sannfærður um, að þetta yrði samþykkt, og ég verð náttúrlega að segja, að samkv. þeim rökum, sem flutt hafa verið fyrir þessu máli, þá væri engin ósamkvæmni, þó að þetta yrði leyft. Ef almennt á að leyfa einkaskóla, ef þeir einungis fullnægja hinum almennu kröfum, hví þá ekki að leyfa smábarnaskólum, sem starfað hafa mjög lengi, að verða barnaskólar? Þar er húsnæði fyrir hendi, þar er kennarareynslan fyrir hendi og þau rök til viðbótar, að börnin séu búin að vera þarna í eitt til tvö ár, og hví eiga þau þá ekki að halda áfram að vera í sama skólanum? Við þetta er ég mjög hræddur.

Í þessu sambandi vil ég minna á það, að fyrir fáeinum dögum var haldinn kennarafundur hér í Reykjavík, þar sem einmitt var rætt um þessa einkasmábarnaskóla, og það var samdóma álit kennaranna, sem til máls tóku á fundinum, og fræðimanna, uppeldisfræðinga, sem ræddu málið einnig, að starfsemi þessara einkasmábarnaskóla væri orðin svo víðtæk, sérstaklega hér í Reykjavík, að full ástæða væri til að taka það mál til athugunar og reisa skorður við þessari starfsemi. Höfuðrök þeirra gegn einkasmábarnaskólunum voru þau, að það væri byrjað óeðlilega snemma að kenna börnunum ýmislegt, sem þau réðu ekki við, foreldrarnir hefðu oft ekki nægilegan skilning á því, við hvað börnin réðu og við hvað þau réðu ekki, og ætluðust því til meira af þeim en þau raunverulega gætu. Þegar börnin kæmu svo í barnaskólana, eftir að þau hafa verið í einkasmábarnaskóla og fengið þar góðan vitnisburð í ýmsum greinum, og kæmu í samkeppni við aðra og fengju lægri einkunnir strax í barnaskólanum en þau höfðu haft í einkasmábarnaskólanum, þá hefði það í fyrsta lagi mjög vond áhrif á börnin sjálf og í öðru lagi væri það til þess fallið að sá tortryggni í garð barnaskólanna í hug foreldranna og spillti fyrir samvinnu foreldranna og barnaskólanna og sameiginlegu trausti barnanna og foreldranna á barnaskólunum, þegar sannleikurinn væri sá, að nokkur ástæða væri til þess að halda, að einkunnagjöfin í smábarnaskólunum ætti a. m. k. stundum rót sína að rekja til þess, að þar væri um að ræða kennslu fyrir peninga, þeir, sem kennsluna annast eða kennslunni stjórna, vildu gjarnan sýna, að kennslan hafi einhvern árangur borið, að hlutaðeigandi hafi þó fengið eitthvað í aðra hönd fyrir gjaldið, sem reynist svo minna, þegar á hólminn kemur í barnaskólunum. Mér finnst það vera athyglisvert, hver skoðun barnakennaranna og sérfræðinganna á þessum fundi virtist vera á smábarnaskólunum, og ég er alveg viss um, að afstaða mikils meiri hluta kennarastéttarinnar til einkaskóla á barnafræðslustiginu er alveg sú sama.

Mér finnst því margt benda til þess, að allmikil hreyfing mundi koma upp til stofnunar einkaskóla, ef þetta frv. næði fram að ganga, og ég undirstrika, að skoðanaágreiningurinn milli okkar, sem í þetta skipti höfum talað, er í raun og veru fyrst og fremst um það, hvort líklegt sé, að í kjölfar þessa frv. mundi sigla fjölgun einkaskólanna eða ekki. Það er um það, sem okkur greinir á, því að um hitt virðumst við vera sammála, að mikil fjölgun einkaskólanna væri mjög óæskileg. En ég tel ekki sanngjarnt að fara þá leið að greiða kennaralaunin í þeim einkaskólum, sem nú eru starfandi, en banna fjölgun þeirra, því að ef ríkið á annað borð viðurkennir fjóra einkaskóla með því að greiða meginhluta kostnaðarins við rekstur þeirra, þá er ekki með sanngirni hægt að neita öðrum, sem koma vilja upp einkaskólum líka, um sams konar fyrirgreiðslu. Það er höfuðannmarkinn, sem ég sé á þeirri leið að binda heimildina til greiðslu kennaralaunanna aðeins við starfandi skóla. Það væri ekki hægt að nema staðar á eftir. Hitt er aftur á móti vel framkvæmanlegt, að segja sem svo: Við látum þá einkaskóla, sem nú starfa, vera áfram, og gildandi heimild til að stofna nýja einkaskóla má líka vera áfram, en það skal kosta það, ef menn vilja reka þá og láta börn sín vera í þeim, að menn verða að greiða kostnaðinn, sem af því hlýzt. Ef ríkið er, eins og því ber skylda til, reiðubúið til að sjá öllum börnum á skólaskyldualdri fyrir ókeypis fræðslu, þá verður ekki sagt, að nokkur skattborgari sé órétti beittur. Hann á að njóta þess réttar, ef sérstök rök mæla með því, að geta haft börn sín í sérstökum skóla, en það verður að kosta það, að þá greiði hann kostnaðinn af því sjálfur. Með því einu móti er hægt að koma í veg fyrir, að einkaskólunum fjölgi svo mikið, að þeir verði að vandamáli í íslenzkum fræðslumálum.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins í tilefni af ræðu hv. 1. landsk. þm. gera örstutta aths. Mér fannst í því, sem hann sagði í ræðu sinni, þar sem hann talaði um smábarnaskóla, að það mundi koma upp rík tilhneiging til þess að gera þá að barnaskólum, gæta nokkurs misskilnings og líka í því, sem hann sagði um þessa barnaskóla.

Hv. 1. landsk. þm. taldi, að þeir, sem rækju nú þessa smábarnaskóla, mundu hafa ríka tilhneigingu til þess að bæta við öðrum bekk. Hann sagði: Þarna er húsnæði fyrir hendi o. s. frv. — Þetta held ég að sé á talsverðum misskilningi byggt, og byggi ég það á persónulegri reynslu, vegna þess að ég hef haft þrjú börn í þessum svokölluðu smábarnaskólum.

Þessir smábarnaskólar víðast hvar, — ég skal taka fram, að það er ekki sami skólinn, sem ég hef átt skipti við að þessu leyti, — eru venjulega þannig til komnir, að þar er um að ræða aldraðar konur, sem hafa margar hverjar a. m. k. fengizt við kennslu áður, en eru nú komnar yfir þann aldur, sem þær mega kenna, kunna ekki við sig öðruvísi en að halda þessu ævistarfi sínu áfram og hafa þá tekið upp það ráð að stofna svokallaða smábarnaskóla á heimili sínu. Venjulega er þarna um aðeins eitt herbergi að ræða fyrir 15—20 börn. Og vitanlega er hjá langflestum þessum aðilum óframkvæmanlegt

að bæta þarna neinu við. Þar að auki eru þetta börn, sem eru ekki á skólaskyldualdri, og ásókn foreldranna, — því að vitanlega byggjast þessir skólar á því, að foreldrarnir hafa beinlínis sótt á um að koma börnum sínum í þessa skóla, — byggist fyrst og fremst á því hér í Reykjavík, þar sem þessir skólar eru nú algengastir, að losna við börnin af götunni einhvern hluta dagsins á þessum aldri, þ. e. a. s. rétt áður en þau verða skólaskyld, og koma þeim þannig í betra umhverfi og heppilegra starf, því að börnunum í þessum skólum er mér vitanlega ekki íþyngt eða ofboðið á neinn hátt. Þeim er kennt þarna dund ýmiss konar, teikning og litun og að þekkja stafina. Það er öll kennslan. Og það er rangt, að því er ég bezt veit, að það geti nokkur metnaður skapazt milli þessara barna og barna, sem hafa ekki verið í smábarnaskólum, þegar þau koma í barnaskólana, út af einkunnagjöfum og öðru þess háttar, því að í þessum smábarnaskólum eru börnunum mér vitanlega engar einkunnir gefnar, og mínum börnum þremur hafa engar einkunnir verið gefnar í þessum skólum. Bollaleggingar um hættu af þessum sökum og hættu af þessum skólum eru því held ég á misskilningi byggðar nema þá í mjög fáum tilfellum.

Það hefur nú komið í ljós af ræðum hv. 1. landsk. þm. og hv. 9. landsk. þm., að þetta mál, sem hér er til umr., er smámál, en ekki neitt stórmál. Mér finnst, að allar umræður hafi bent í þá átt, sem hér hafa orðið, síðan hv. 1. landsk. þm. flutti fyrri ræðu sína um málið.

Út af því, sem hv. 9. landsk. þm. sagði hér, þegar hann flutti brtt. sína, vildi ég taka undir það, sem hv. 1. landsk. þm. sagði um skóla kaþólskra manna. Sá skóli er ekki stofnaður af trúarbragðaástæðum; það er alveg rétt. Hann er ekki fyrst og fremst stofnaður af trúarbragðaástæðum. Þetta er hluti af þjónustu þessara manna, alveg á sama hátt og sjúkrahús þau, sem þeir reka. Mér er ekki kunnugt um, að íslenzkir valdhafar hafi litið sjúkrahús kaþólskra manna illu auga né hornauga. Þvert á móti, ég held, að þau hafi verið talin til mikilla bóta fyrir þjóð okkar og það svo mikilla bóta, að umyrðalaust held ég að læknum, sem þar starfa, séu greidd gjöld frá sjúkrasamlögum. Þetta er á sama hátt með skólana. Ég er því máli líka svolitið kunnugur og veit, að ekki er þröngvað neins konar trúarbragðafræðslu upp á þau börn, sem þar eru. Það er af mörgum sökum, sem börn eru send í Landakotsskólann í Reykjavík af foreldrum lútherskrar trúar eða hverrar trúar sem þeir eru nú. Við vitum, að það er ákaflega örðugt með barnaskólahald hér í Reykjavík. Heimili með þrjú, fjögur börn er mjög illa á vegi statt, meðan börnin eru á barnaskólaaldri. Það er fyrst, að börnin verða að fara venjulegast, ef ekki alltaf, sitt á hverjum tímanum í skóla. Matmálstímar og annað þess háttar á heimilinu verður þess vegna mjög miklum erfiðleikum háð, og þess vegna hygg ég, að margir foreldrar kjósi að senda eitt barn sitt í Landakotsskólann, til þess að öll starfsemi heimilisins verði ekki miklu erfiðari en ella þyrfti. Þetta er af þeim sökum, sem allir vita, að barnaskólarnir eru of litlir eða of fáir hér í Reykjavík og þarf að margsetja í þá, þannig að það verður að gerast á ýmsum tíma dagsins. Hins vegar eru foreldrar, sem senda börn sín í Landakotsskóla, talsvert verr settir en aðrir foreldrar að því er tekur til kostnaðar. Það er t. d. vitað, að það er krafizt sundskyldu til fullnaðarprófs. Barnaskólarnir fá aðstöðu til þess að inna þessa skyldu af höndum. Annaðhvort hafa þeir sundlaugar sjálfir eða þeir fá þessa aðstöðu í sundhöllinni. Hins vegar hefur Landakotsskólinn ekki þessa aðstöðu, og foreldrar, sem eiga börn sín í Landakotsskóla, verða eins og nú standa sakir að borga fyrir þau sérstaklega, til þess að þau geti lært sund og fullnægt þar með þeim skilyrðum, sem sett eru til fullnaðarprófs. Og fleira mætti benda á í þessu sambandi.

Í sambandi við brtt. hv. 9. landsk. þm. vil ég segja það, að mér finnst gæta þar allmikillar íhaldssemi og þröngsýni, og ég veit ekki, hvaða lína hefur ráðið þessari till., hvort það er vinstri lína eða eitthvað annað, nema þá að það sé lína frá Vestmannaeyjum, af því að þar hafa aðventistar skóla, en kaþólskir menn ekki. Það má vel vera, að það sé sú lína. En að ætla að fara að gera upp á milli þeirra fjögurra skóla, sem hér eru starfandi á vegum tveggja trúmálaflokka, finnst mér náttúrlega ekki ná nokkurri átt og vil fyrir mitt leyti taka það fram, að ég get ekki greitt þeirri till. atkv. Annaðhvort er að styrkja hvorugan þennan hóp, eins og verið hefur, eða þá að styrkja báða, eins og frv. leggur til. Hitt er einhver sérstök lína, og ég skal ekki fara út í að ræða það, hvort það er út af vinstri línu eða ekki, en ég er a. m. k. ekki þeirri línu sammála. Ég held, að eftir þau mörgu ár, sem barnaskólar hafa starfað hér á vegum kaþólskra manna, séu menn sammála um, að þar hafi verið innt góð þjónusta af hendi og verið þjóðfélaginu til hags, en ekki óhagræðis. Og veigamesta atriðið er að sjálfsögðu að fá við þessa skóla sem bezta kennslukrafta, en ekki að neyða þau samtök, sem rekið hafa skólana, til að grípa til þess að reyna að fá ódýrari og lakari kennslukrafta af þeirri ástæðu, að allt hefur nú orðið dýrara í þjóðfélagi okkar á síðustu árum og þeirra sjóðir minna virði en áður var.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 77., 78. og 80. fundi í Nd., 27. og 28. febr., 2. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 91. fundi í Nd., 22. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 403 felld með 20:4 atkv.

Frv. samþ. með 14:11 atkv. og afgr. til Ed.

Á 91. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 92. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta litla frv. var lagt fyrir hv. Nd. í upphafi þings, en hefur ekki hlotið þar afgreiðslu fyrr en nú. Efni þess er aðallega að greiða fyrir, að ekki þurfi að leggjast niður skóli, svipaður og sá skóli, sem kaþólskir menn hafa haldið hér uppi marga áratugi, en þeim er nú orðið erfitt að halda uppi, bæði vegna kostnaðar og vegna þess, að kennarar fást naumast, nema þeir njóti lífeyrishlunninda á við opinbera starfsmenn.

Þetta frv. hefur af sumum verið tekið og skoðað sem mikið stefnumál. Ég held, að það sé alger misskilningur, það sé engin hætta á því hér, að einkaskólar fari að rísa upp svipað því, sem er úti um lönd. Skólakerfi okkar er miklu fastmótaðra en svo, að á slíku sé hætta. En telja verður, að það sé góð fjölbreytni, sem fáist með því, að einhverjir slíkir einkaskólar geti starfað. Ég vil lýsa því yfir, að ef menn vildu gera þessa heimild eitthvað takmarkaðri, þannig að ljóst væri, að það væru einungis þeir skólar, sem þegar hafa áunnið sér hefð í landinu, sem hennar nytu, þá mundi ég vera slíkri takmörkun meðmæltur, ef það yrði til þess að greiða fyrir framgangi málsins, til þess að undirstrika enn þá betur, að ekki væri um neitt stefnumál að ræða, sem færi í þá átt að rífa niður fræðslulöggjöfina í heild, sem mér hefur auðvitað aldrei komið til hugar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 381, n. 575).

Og skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Flygenring): Herra forseti. Frv. til laga um fræðslu barna, 4. mál, er stjfrv. og var flutt í Nd. Var það samþykkt þar með litlum breytingum. Í grg. fyrir frv. er því lýst, hve einkaskólar eigi nú erfitt uppdráttar vegna dýrtíðar, og því lagt til í frv., að heimilt verði að greiða laun fastra kennara í slíkum skólum, séu þeir reknir með meðmælum eða samþykki hlutaðeigandi fræðsluráðs.

Menntmn. þessarar hv. d. tók frv. fyrir á fundi sínum, en eins og nál. ber með sér, leggur hún til, að frv. taki þessum breytingum:

Ríkissjóður greiði hálf laun fastra kennara í stað þess, að í frv. er gert ráð fyrir fullum launum, en iðgjöld til lífeyrissjóðs, 6% af fullum kennaralaunum, skulu greidd úr ríkissjóði.

Í frv. er viðurkennt, að einkaskólarnir spari ríkissjóði og sveitarsjóðum fé til framlaga vegna skólahúsnæðisbygginga og annars kostnaðar, en hingað til hefur ríkið lítið og oft ekki neitt lagt til einkaskóla. Einkaskólar fyrir börn, sem kaþólska trúboðið hefur rekið í Reykjavík um áratugi og alllengi í Hafnarfirði, eru dæmi um slíka skóla, svo og munu aðventistar í Vestmannaeyjum hafa nokkra barnafræðslu í einkaskóla sínum.

Brtt. meiri hl. menntmn. þessarar hv. d. er alveg samhljóða brtt. minni hl. n. í Nd.

Ákvæði 2. málsgr. 1. gr. hefur verið sett inn við meðferð málsins í Nd., að þetta gilti aðeins um skóla, er starfað hafa í fimm ár hið skemmsta.

Eins og nál. ber með sér, er hv. 4. þm. Reykv. mótfallinn frv., en hv. 2. þm. Árn. var fjarstaddur.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil gjarnan gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Ég lít þannig á, að það sé heilagur sannleiki, sem einhvers staðar stendur, að hvert það ríki, sem ekki er sjálfu sér samkvæmt, sundurþykkt innbyrðis, riði við falli. Nú er það svo, að hér á landi er þjóðkirkja, sem lögbýður ákveðin trúarbrögð. Nú er fjarri því, að ég sé neitt hrifinn af því, sem hún kennir, fjarri því. Ég hef sjálfur átt mína krakka, sem voru ungir, er ég fluttist í bæinn, í kaþólska skólanum í Landakoti, og ég borgaði fyrir þau gjald þar, og ég gerði það af því, að ég taldi stytzt fyrir þau að fara þangað, og af ýmsum öðrum ástæðum. En ég get ekki neitað því, að ef maður á að halda fast við það að hafa lögboðin trúarbrögð í landinu, þá sé ákaflega varhugavert fyrir ríkið sjálft að fara að styrkja skóla, sem kenna meira og minna önnur trúarbrögð. Og ef farið er inn á þá braut á annað borð, þá eru það ekki nein ein trúarbrögð, sem þar koma til greina, eða neinn einn skóli, sem þar kemur til greina, heldur verðum við á sama hátt að styrkja skóla, — ja, ég vil ekki segja hver sem sækir um það, en svona allt að því.

Mér finnst þess vegna, að með því að ganga inn á þessa braut, sem þetta frv. gerir, séum við að sundra sjálfri þjóðkirkjunni meira og minna, og ég býst ekki við því, að það sé meining neinna, sem að frv. standa, að gera það. Ég held þess vegna, að þetta sé eitt af þeim frv., sem séu komin fram án þess að vera gerhugsuð niður í kjölinn. Það er sjálfsagt komið fram af því, að menn sjá, að það vantar skólahúsnæði í bænum, það þarf að byggja meira skólahúsnæði, og er hægt að komast hjá þeim kostnaði meira og minna, ef einkaskólunum er lofað að þrífast og þeir styrktir, svo að þeir menn, sem vilja senda börn sín þangað, geti fengið það kannske ókeypis eða a. m. k. fyrir lægra gjald en núna. Ég geri ráð fyrir þessu, en menn gá bara ekki að afleiðingunni. Ég skal vera allra manna fyrstur meðflm. að frv. til að aðskilja ríki og kirkju alveg og þar með alla trúarbragðakennslu í öllum barnaskólunum og lofa hverjum að ráða, hvernig hann lætur kenna sínum börnum, í hvaða skólum og hvaða trúarbrögð, og hvaða trúarbrögð hann vill sjálfur hafa og í hvaða kirkju hann vill sjálfur fara. En á meðan haldið er fast við hitt, að það eigi að vera þjóðkirkja, það eigi að vera lögboðin trúarbrögð, finnst mér vera ákaflega hæpið, að sjálfur löggjafinn fari að stiga það spor að veikja hana og láta vinna á móti því, að þau trúarbrögð, sem hann heldur

fram, séu höfð í heiðri og þau kennd, og ég get ekki verið með því, þó að ég hins vegar sé 100% með því að skilja þjóðkirkjuna frá ríkinu, lofa henni að sigla sinn sjó og hverjum að hafa þau trúarbrögð, sem hann vilji, dýrka þann guð og hafa þann prest, sem honum sýnist, og kenna sínum börnum þau trúarbrögð, sem hann sjálfur vill að kennd séu í skólanum. Þá er sjálfsagt að lofa einkaskólunum að þrífast eins og þeim sýnist.

Ég sagði þetta við hæstv. ráðh. um daginn, eitthvað svipað þessu, í einkasamtali, og hann sagði þá við mig, hvort ég hefði orðið var við það, að mín börn hefðu orðið fyrir sérstökum áhrifum hvað kaþólska trú snertir, meðan ég hafði þau í skólanum. Við því get ég sagt bæði já og nei. Þau voru látin hafa yfir kaþólskar bænir. Þau voru verðlaunuð með kaþólskum biblíumyndum, algerlega kaþólskum, ef þau stóðu sig vel, sérstaklega í kristnum fræðum, svo að það var fjarri því, að það væru ekki höfð dálitil áhrif á það, hvaða trúarbrögð þeim var ætlað helzt að aðhyllast. *(BSt:* Voru það dýrlingamyndir?) Já, það voru alls konar dýrlingamyndir og neðan við á íslenzku, fyrir hvað þeir hefðu verið píndir og fyrir hvað þeir hefðu liðið, fyrir sína kaþólsku trú o. s. frv., þannig að það er langt frá því, að ekki hafi verið reynt að hafa nokkur áhrif á þau trúmálalega, þótt ekki væri þar rekinn verulegur áróður. En um leið og flm. vilja gefa mönnum meira frelsi í trúmálum en þeir nú hafa í landinu, með því að aðskilja ríkið og kirkjuna, þá horfir allt öðruvísi við. En að hafa ein lög og búa svo til önnur til að rýra gildi þeirra og gera þá, sem að þeim eiga að *standa, meira og minna* sundurþykka innbyrðis, það er ekki leiðin, sem á að fara um framgang mála yfirleitt í landinu, og ekki leiðin til að láta alla standa einhuga saman. Það er leiðin til að sundra, og það kann að vera gott, fullkomið trúfrelsi kemur þá ef til vill fyrr en ella.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Flygenring): Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. (PZ) fellur það ekki vel, að í kaþólska skólanum skuli haldinn einkaskóli vegna trúarbragðakennslunnar, og honum finnst það ásteytingarsteinn, þar sem skylt sé að kenna þau trúarbrögð, sem fyrirskipuð eru í hinni íslenzku þjóðkirkju. En eins og ég gat um áðan, hefur þetta tíðkazt um langa tíð, að þessi stofnun hefur kennt börnum hér, frá aldamótum a. m. k. hér í Reykjavík, og hann viðurkenndi að hafa átt þar börn sjálfur. Og ég hef aldrei orðið var við, því að það er sams konar skóli í Hafnarfirði, sem búinn er að starfa þar líklega um tvo áratugi, að það beri hið allra minnsta á því, að rekið sé þar neitt trúboð til þess að fá börnin til kaþólskrar trúar. Þar að auki heyrir undir fræðsluráð Hafnarfjarðar eða Reykjavíkur og menntmrn. að hafa eftirlit með þessu, ef nokkur kvittur kæmi upp um slíkt. En ég verð að segja, að í Hafnarfirði þykir okkur þetta mjög æskilegt. Þetta sparar okkur mikinn kostnað við skólabyggingu, það þyrfti annars að vera búið fyrir löngu að bæta miklu við barnaskólann. Það eru það mörg börn í kaþólska skólanum, að það hefur dregið mjög úr kostnaði við fræðslumál. Sama er að segja um, þó að það sé ekki þessu máli skylt, að sjúkrahús kaþólskra í Hafnarfirði hefur alveg sparað okkur að byggja sjúkrahús þar. Það hefur nægt fyrir bæinn og stundum vel það, sjúklingar koma annars staðar að. Ég tel því ekki einskis virði, að þessi stofnun er staðsett þarna í Hafnarfirði og þá alveg eins í Reykjavík, án þess að nokkur skaði verði að, heldur þvert á móti talsvert gagn fyrir þessi byggðarlög og máske fleiri.

ATKVGR.
Brtt. 575 samþ. með 10:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9:7 atkv.
2. gr. samþ. með 9:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv.

Á 96. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 598).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:6 atkv. og endursent Nd.

Á 95. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 96. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 97. fundi í Nd., 27. marz, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. fellt með 15:12 atkv.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Sálfræðiþjónusta í barnaskólum.

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um sálfræðiþjónustu í barnaskólum [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 6. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er löngu kunnugt, að börn eru ólík eins og aðrar lifandi verur og sum meira að segja afbrigðileg, þannig að sérstakur vandi er á höndum varðandi umgengni við þau. Þetta verður einkanlega bert í skólum, og áður fyrr kunnu menn lítt við þetta að fást, börnin urðu sjálfum sér og öðrum til trafala, og kennarar gátu lítt við ráðið. Með vaxandi þekkingu í sálarfræði hafa menn fundið skýringar á þessu, og sérfræðingar í þessum efnum kunna oft ráð við. Bæði kann að vera, að börnin séu lakari en allur fjöldi og geti þess vegna ekki fylgzt með námi eða valdi óróa og örðugleikum, eins kann að vera, að börnin skari fram úr og eigi þess vegna ekki að öllu samleið með öðrum, en barnakennarar kunni ekki full skil á orsökum þeirra örðugleika, sem fram koma. Þess vegna hefur það reynzt vel víðs vegar að kalla til sérstaklega sálfræðilega menntaða menn, sem gætu orðið til aðstoðar og leiðbeiningar.

Skömmu eftir að ég tók við embætti menntmrh., ræddu nokkrir íslenzkir sálfræðingar þessi efni við mig og töldu engan vafa á því, að það mundi ekki aðeins verða börnunum til mikils gagns, ef sálfræðilegri þjónustu yrði komið á í skólunum, heldur mundi það einnig verða til beins fjársparnaðar. Ég bað þá um að gera um þetta nánari greinargerð, og síðan hafa mál þroskazt svo, að segja má, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé ávöxtur þeirra viðræðna, sem hafnar voru milli þeirra og mín. Til viðbótar hafa komið áskoranir bæði frá hinum almennu samtökum barnakennara og eins fundi kennara á Norðurlandi um að koma á slíkri starfsemi innan skólanna.

Það er því samkomulag milli kennara og sálfræðinga um, að þörf sé á því, að slík starfsemi sé tekin upp. Nokkuð má deila um, hvernig henni eigi að koma fyrir. Fyrst var í ráði að setja upp sérstaka stofnun í fyrstu með tveimur sálfræðingum og einhverju skrifstofufólki til að sinna þessu, en að betur athuguðu máli þótti okkur það of umsvifamikið og betra að fara stillt af stað og láta starfsemina frekar þroskast stig af stigi. Þess vegna varð niðurstaðan sú, að ég hef lagt hér fram frv. um að ráða sérstakan sálfræðing í skrifstofu fræðslumálastjóra, sem hafi þá skyldu að verða til aðstoðar í barnaskólunum um þau sérstöku vandamál, er ég drap á áðan og gerð er nánari grein fyrir í 2. gr. frv. Auk þess á þessi sálfræðingur að hafa heimild til sjálfstæðra rannsókna í þeim barnaskólum, sem styrktir eru af almannafé.

Ég hygg, að með þessu frv. sé farið hóflega af stað, ekki lagt í óviðráðanlegan kostnað, en þó bætt úr brýnni þörf, og þarna fáist raun á, hvort slík starfsemi komi að því haldi hér á landi, sem fróðir menn ætla og þegar er fengin reynsla fyrir annars staðar að orðið hefur að verulegu gagni. Ég vonast þess vegna til, að þessu frv. verði tekið vinsamlega. Tillaga mín er, að því verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 364).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Menntmn. d. hefur haft þetta mál lengi til meðferðar. Því var vísað til hennar 18. okt. í haust. Það má ef til vill átelja n. fyrir seinlæti vegna þess, að hún afgreiðir málið ekki fyrr. Þó verð ég að segja það, að n. hefur nokkuð sinnt málinu, þó að hún hafi ekki afgreitt það fyrr. Hún hefur rætt það, og hún hefur reynt að leita sér upplýsinga hjá þeim aðila, sem hún taldi að hefði mestar upplýsingar að gefa í slíku máli, en það er Sálfræðingafélag Íslands.

Þetta er án efa merkilegt mál og þess vert, að því sé fullur gaumur gefinn. En það er al-

gert nýmæli hér á landi, og það eru aðeins fáir menn, sem hafa sérþekkingu á slíku máli, og ég játa það fyllilega, að í menntmn. á enginn sæti, sem hefur slíka sérþekkingu á þessu. Þess vegna var það, sem ég sagði áðan, að n. leitaði til þess aðila, sem hún taldi að vissi bezt skil á þessu máli, þ. e. Sálfræðingafélags Íslands, og sendi félaginu frv. til umsagnar.

Sálfræðingafélagið brást vel við tilmælum n. og tók frv. til athugunar, en ekki urðu félagsmenn sammála um till. sínar, og liggja fyrir tvö álit frá félaginu. Er annað frá meiri hl. þess, en hitt frá minni hluta. Eru bæði álitin prentuð sem fskj. með nál. menntmn. á þskj. 364, en sjálft nál. hefur aftur verið prentað upp, svo sem ég vík síðar nánar að, en undir sama þingskjalsnúmeri.

Ég vona, að hv. þm. hafi kynnt sér þessi álit sálfræðinganna, og ég skal því ekki rekja efni þeirra hér að nokkru ráði. En eins og álitin bera með sér, telja báðir hlutar Sálfræðingafélagsins frv. ófullnægjandi, þó að hins vegar till. þeirra um breytingar séu sitt með hvoru móti.

Meiri hluti Sálfræðingafélagsins hefur það einkum við frv. að athuga, að gert er ráð fyrir, að skipaður sé sálfræðingur til að vinna í skrifstofu fræðslumálastjóra, og vilja þeir, að sett sé á stofn sérstök stofnun, sem annist þessi störf, sem frv. fjallar um, og segir, að það muni ekki veita af a. m. k. tveim sálfræðingum til að annast þessi störf. Minni hl. Sálfræðingafélagsins fer aðrar leiðir. Hann er sammála um það, að frv., eins og það liggur fyrir, sé ófullnægjandi, en hann vill, að fræðsluhérað landsins, eins og hann orðar það, hafi frumkvæðið í þessu máli, m. ö. o., að þar sem eitt eða fleiri skólahéruð óska eftir sálfræðiþjónustu, sé skipaður einn eða fleiri sálfræðingar til að vinna að þeim störfum í skólunum, og hann telur, að ekki muni veita af 20 sálfræðingum til þessarar þjónustu í minnsta lagi. Og ef slíka þjónustu ætti að inna af hendi í öllum skólum landsins, þá býst ég varla við, að 20 sálfræðingar dygðu til þess. Enn fremur leggur minni hl. áherzlu á það, að þeir sálfræðingar, sem til þessarar þjónustu eru skipaðir, hafi stundað kennslu með góðum árangri í skólum á sama kennslustigi og þeir eiga að veita þjónustu í, en um það talar meiri hlutinn ekki.

Það ber að segja hverja sögu eins og hún gengur, og þegar þessar upplýsingar og skýringar lágu fyrir frá sálfræðingunum, treysti n. sér ekki til að mæla með frv. óbreyttu, því að sálfræðingarnir virðast vera sammála um það, þó að þá greini á um leiðir, að frv., eins og það liggur fyrir, komi ekki að notum, a. m. k. komi ekki nema að litlum notum, en vitanlega kostar þetta þó nokkurt fé. Nefndin treystir sér ekki heldur til á þessu stigi málsins að bera fram breytingar í þá átt, sem sálfræðingarnir leggja til, og þá ef til vill meðfram vegna þess, að þeir eru ósammála um það, hvað gera skuli í málinu, og einnig vegna þess, að ef tekið er undir þeirra till. að meira eða minna leyti, þá kostar það að sjálfsögðu töluvert fé, sem n. taldi sig tæplega geta lagt til að fram yrði lagt, sízt eftir að fjárlög voru afgreidd.

Enn fremur er það, að ef hallazt væri að till. minni hl. Sálfræðingafélagsins, sem eru að sumu leyti jafnvel eins líklegar og hinar, þá mundi það ekki einasta baka ríkissjóði útgjöld, heldur skólahéruðunum líka. Þess vegna álítur n., að það sé rétt að leita álits þeirra, sem með fræðslumál fara í landinu, um þetta mál, áður en því er ráðið til lykta, og sérstaklega um það, hvaða þátt skólahéruð landsins séu reiðubúin til þess að taka í kostnaði við framkvæmd málsins.

Nefndin telur það of viðamikið að vísu að leita til allra skólahverfa, en leggur til, að í þess stað sé málið borið undir fræðsluráðin, sem geta svo að sjálfsögðu haft samráð við hinar einstöku skólanefndir.

Það er langt frá því, að n. leggi á móti þessu máli. Eins og ég sagði í upphafi, telur hún það mjög merkilegt mál, en hún telur ekki, að það sé þörf á að flýta því svo mjög að afgreiða það jákvætt á þessu þingi, heldur sé réttara, eins og ég hef fært nokkur rök að, að athuga málið betur. Til kynni jafnvel að vera leið, sem sálfræðingarnir nefna nú ekki, sem varla er að vænta frá svo miklum vísindamönnum sem þeir án efa eru, að auka ef til vill sálfræðikennslu í kennaraskólanum.

Þess ber að gæta í þessu sambandi, að í kennaraskólanum er ein aðalnámsgreinin sálarfræði, svo að þeir kennarar, sem lokið hafa kennaraprófi, eiga að vera brot af sálfræðingum a. m. k., og ef sálfræðikennslan væri þar aukin, sem vel gæti komið til mála, þá kynni að vera minni þörf á þeim aðgerðum, sem frv. gerir ráð fyrir, heldur en ella.

Þess vegna er það, að n. leyfir sér að leggja til, að málið verði afgr. með rökstuddri dagskrá. En í nál., eins og því var fyrst útbýtt hér, hafði fallið niður orð í dagskrártill., svo að sjálft nál. án fskj. er prentað upp,, með sama þingskjalsnúmeri að vísu, og er það till. á því skjali, sem upp er prentað, sem hér kemur þá til atkvæða, en dagskrártill. n. er svo hljóðandi:

„Í því trausti, að ríkisstj. leiti álits fræðsluráða um frv. og væntanlega þátttöku skólahéraða í kostnaði við framkvæmd sálfræðiþjónustu í barnaskólum og leggi niðurstöður sínar fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. fyrir athugun hennar á frv. og lýsi yfir því, að ég er eftir atvikum samþykkur þeirri rökstuddu dagskrá, sem hér er flutt. Mér finnst hún eðlileg, ekki sízt þegar hafðar eru í huga þær álitsgerðir, sem fram hafa komið frá félagi sálfræðinga, álitsgerðir, sem í raun og veru eru frv. í núverandi mynd andstæðar. Og ég játa, að það er vissulega ekki von, að hv. Alþingi fáist til þess að gera samþykkt um slíka sálfræðilega þjónustu, meðan sálfræðingana sjálfa greinir svo mjög á um fyrirkomulagið sem þá gerir

og eru jafnandstæðir því frv., sem fram hefur verið borið um málið, og nú er komið á daginn að þeir eru.

Ég játa raunar, að ég tel þessa afstöðu sálfræðinganna mjög á misskilningi byggða. Það er eins og fram kemur í annarri álitsgerðinni, að a. m. k. gæti eins vel þurft tuttugu menn og tvo til þess að leysa þau verkefni af hendi, sem í frv. ræðir. Það er endalaust hægt að raða mönnum að þessum störfum eins og mörgum öðrum, og mætti segja, að þeir gætu allir gert eitthvert gagn. Við vitum hins vegar, að slíkt verður ekki gert, að menn telja sig ekki hafa efni á því að ráða heilan hóp manna til þessara starfa, fyrr en reynslan hefur sýnt, hvert gagn verður af störfunum. Og það var einmitt með það í huga, sem ákveðið var innan ríkisstj. að fara hægt af stað í þessu, ætlast ekki til þess í fyrstu, að meira en einn fastur maður yrði ráðinn, í þeirri öruggu trú, að reynslan af starfi hans yrði svo góð, að síðan þætti ástæða til að efla starfsemina. Á þetta sjónarmið hafa sálfræðingarnir ekki viljað fallast. Þeir eru augsýnilega ekki samkvæmt sínum vísindum sammála hinni gömlu kenningu, að mjór sé mikils vísir. Það er ekki mitt að deila við þá, þeir ráða sinni skoðun, eins og við hinir ráðum okkar skoðun, en enginn vafi er á því, að ef þeir hefðu getað sameinazt um till. og hóflegar framkvæmdir í fyrstu, þá hefði verið hægt að byrja, þótt í smáum stíl væri. Hins vegar er ekki von, að hv. Alþingi ráðist í samþykktir, þegar till. þessara aðila sjálfra ganga jafnt á misvíxl og þær gera og fara fram á meira en hægt er að búast við að menn samþykki, fyrr en reynslan hefur skorið úr um þörfina.

Þegar þetta er allt haft í huga, tel ég, að samþykkt á rökstuddu dagskránni sé bezta leiðin í þessu máli nú, þannig að það verði athugað bæði í samráði við fræðsluhéruðin og við aðra sérfræðinga í þessum efnum og við sálfræðingana sjálfa, hvernig hægt sé að koma á einhverjum framkvæmdum, sem verði svo í hóf stillt, að mögulegt sé að fá fé til þess í fyrstu.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 364 samþ. með 13 shlj. atkv.

2. Fuglaveiðar og fuglafriðun.

Á 26. fundi í Ed., 6. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun [115. mál] (þmfrv., A. 153).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu að þessu máli.

Það vita allir hv. þingmenn, að það er ákaflega margt, sem almenningur tekur eftir og sér að eru meiri og minni náttúrulögmál. Almenningur býr sér svo til einhverjar hugmyndir um það, hvernig á þessu standi, en stendur stundum ráðþrota og getur ekki fengið neina lausn á þeim gátum, sem þar er um að ræða. Seinna koma svo oft vísindin til og útskýra, hvernig á þessu standi. Þegar ég til dæmis var lítill drengur, þá var það almælt, að ef kýr ætti tvo kálfa og annar væri tarfur, en hinn kvíga, þá væri kvígan ófrjó. Þetta skildi enginn þá, en almenningur taldi þetta þar fyrir lögmál og setti yfirleitt ekki á slíka kvígukálfa. Nú eru vísindin búin að útskýra það og finna fullkomna skýringu á, hvernig á þessu stendur. (*Dómsmrh.:* Nú, er þetta þá staðreynd?) Mikil ósköp, já. Á sama hátt má taka til ótal dæmi, og eitt af þeim er rjúpan. Almenningur var búinn að taka eftir því, að henni fjölgaði visst árabil og fækkaði svo aftur, og almenningur kenndi um, að orsökin væri sú, að mennirnir skytu hana, snöruðu hana, veiddu hana ýmislega og hún félli í hörðum vetrum. Nú er það sýnt með rökum, sem ekki verður um deilt, að slík veiði mannanna skiptir sama sem engu um fjölgun eða fækkun rjúpunnar. Það er sýnt, að hún fylgir sama lögmáli og ýmsar aðrar lifandi verur, henni fækkar visst árabil, fjölgar annað árabil og nær hámarki, svo fer henni aftur að fækka og svo koll af kolli. Vísindin hafa enn ekki getað skilið þetta, þau hafa enn ekki komið með útskýringu, sem hér er viðurkennd. Almenningur útskýrði þetta, sumir með ofveiði, eins og ég sagði áðan, aðrir með því, að hún flygi til Grænlands, þó að íslenzk rjúpa hafi aldrei sézt þar af neinum, sem þar hefur verið á ferð, heldur rjúpur af allt annarri tegund en hér eru.

Nú erum við síðast á tímabili, sem henni hefur fjölgað á, og síðasta ár, í fyrra, var næst hámarkinu, og núna á eftir reglunni að vera hámarksrjúpnaár, og að ári fáum við sama sem engar rjúpur.

Þess vegna er þetta litla frv. fram borið til þess að gefa okkur Íslendingum, — ekki reyndar mér þó, ja, mér þykir rjúpan reyndar góð að borða hana, — en gefa þeim Íslendingum, sem stunda rjúpnaveiðar, möguleika á því að nota sér þetta, áður en árið er liðið og rjúpan orðin sama sem engin, því að næsta haust sjást ekki rjúpur nema á strjálingi hér og þar um landið. Tilgangurinn með því er að lofa þeim, sem vilja nota sér þetta, að skjóta rjúpuna dálítið lengur en fuglafriðunarlögin núgildandi ætlast til, hafa af því gagn, þeir, sem það gera, og við hinir, sem viljum éta hana, höfum af því gagn líka, þó að það verði kannske alltaf skotið það, að ekki verði rjúpnalaust á markaðnum, og þá kannske að ríkisstj. geti hér líka haft einhvern arð, því að þó að ekki fengist leyfi til að selja hana til Danmerkur í fyrra, sem þá vildi kaupa hana fyrir gott verð, þá hef ég heyrt sagt, að það levfi væri búið að fást núna, þannig að hún gæti þá líka kannske orðið útflutningsvara.

Ég vænti þess, að þetta litla frv. fái góðar undirtektir. Ég man ekki, í hvaða n. fuglafriðunarlögin voru, ég held menntmn., þó er ég ekki alveg viss um það. En ég óska eftir, að það fari í sömu nefnd og hefur haft með fuglafriðunarlögin að gera.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 9:2 atkv.

Á 39. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 153, n. 237).

Frsm. (Ingólfur Flygenring): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. á þskj. 153, um breyt. á l. um fuglaveiðar og fuglafriðun, er þannig, að rjúpan sé ekki friðuð á tímabilinu frá 15. okt. til febrúarloka. Í lögum nr. 63 1954 er rjúpan ekki friðuð frá 15. okt. til 22. des., en áður var leyft að skjóta rjúpur til 1. jan. Því er sá tími, er leyfilegt skuli að skjóta rjúpu, aukinn samkv. þessu frv. um fulla tvo mánuði.

Nefndin óskaði umsagnar forstöðumanns náttúrugripasafnsins, dr. Finns Guðmundssonar, um frv., og er svar hans birt hér sem fskj. með nál. Ætla ég, með leyfi forseta, að lesa nokkuð úr því:

„Ef allt fer að venju um fjölgun og fækkun íslenzka rjúpnastofnsins, má fastlega gera ráð fyrir því, að hrun stofnsins standi nú fyrir dyrum. Tel ég margt benda til þess, að rjúpum muni fækka stórlega á næstu árum, ef til vill þegar á árinu 1956, og ólíklegt þykir mér, að það dragist lengur en til ársins 1957. Ég átti á sínum tíma nokkurn þátt í því, að ekki var gripið til alfriðunar rjúpunnar, þegar stofninn var síðast í lágmarki. Þessi afstaða mín byggðist á því, að ég vildi geta sýnt fram á, að rjúpunni mundi fjölga með eðlilegum hætti eftir stofnlágmörk, þótt ekki væri gripið til alfriðunar. Þetta hefur rætzt, og nú hefur rjúpnastofninn náð hámarki aftur, enda þótt veiðar hafi árlega verið leyfðar. Ef horfið yrði að því að lengja veiðitíma rjúpunnar nú, óttast ég mjög, að hrun stofnsins, sem nú vofir yfir, verði sett í samband við hinn lengda veiðitíma. Ég hef grun um, að enn séu margir þeirrar skoðunar, að hrun rjúpnastofnsins stafi fyrst og fremst af ofveiðum. Sú ráðstöfun að lengja veiðitímann nú, einmitt þegar hrun stofnsins er á næstu grösum, mundi því gefa slíkum skoðunum byr undir báða vængi. Af þessari ástæðu tel ég óheppilegt, að veiðitíminn verði lengdur nú, en hins vegar tel ég tímabært að taka þetta mál til athugunar, þegar rjúpum fer að fjölga aftur að afstöðnu hruni því, sem ég tel víst að sé fram undan. Ég tel, að þá geti vel komið til greina að lengja veiðitímann frá því, sem nú er, enda er ég enn sem fyrr þeirrar skoðunar, að veiðar hafi ekki úrslitaáhrif á hinar reglubundnu sveiflur íslenzka rjúpnastofnsins."

Hv. menntmn. var samdóma þessu áliti og áleit ekki rétt að lengja veiðitímann af sömu orsökum, enda virðist það ekki vera neitt áríðandi mál, í fyrsta lagi er ekki svo heppilegt að vera sífellt að breyta lögum að þarflitlu, og í öðru lagi er þetta ekki svo mikið atvinnuspursmál, að það taki því.

Þess vegna leggur nefndin til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Með því að ekki þykir tímabært að breyta lögunum um fuglaveiðar og fuglafriðun í þá átt, sem frv. á þskj. 153 fer fram á, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Eins og málunum er nú komið, þar sem komið er fram í miðjan janúar, get ég vel sætt mig við þessa afgreiðslu. Hún byggist alveg og eingöngu á því, að þeir, sem ekki trúa nema þreifa á, fái að þreifa á, og ég sé ekkert athugavert við það. Það eru svo margir menn, sem þurfa að þreifa á til að trúa. Hér er lagt til, að málinu sé frestað um nokkurra ára bil, svo að sú gamla villukenning, sem hér hefur ríkt um rjúpuna, fái að sýna sig, svo að þeir, sem ekki trúa, fái reynsluna og af henni trúna.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 237 samþ. með 14 shlj. atkv.

---

3. Eftirlit með skipum (frv. KGuðj og LJós).

Á 12. fundi í Nd., 28. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68/1947, um eftirlit með skipum [73. mál] (þmfrv., A. 80).

Á 14. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er það, að öllum þeim skipum, sem stærri eru en 12 rúmlestir, verði gert að skyldu að hafa gúmmíbjörgunarbáta innanborðs, ef þau hafa ekki aðra björgunarbáta, en þetta er það, sem tíðkast nú á mjög mörgum vélbátum, þó ekki á öllum, enda er það ekki lögboðið samkv. núgildandi lögum um eftirlit með skipum. Þegar þau lög voru sett árið 1947, þá þekktu menn ekki skil á öðrum björgunarbátum en fyrirferðarmiklum og allþungum tré- eða málmbátum, og þess vegna var af tæknilegum ástæðum ekki mögulegt, að hinir minni vélbátar gætu haft innanborðs neins konar björgunarbáta, og löggjöfin hlaut að mótast af þessu.

Á þessu hefur hins vegar orðið gerbreyting á síðustu árum. Árið 1951 munu gúmmíbátar fyrst hafa verið notaðir á vélbátum hér á landi. Vélbátaflotinn í Vestmannaeyjum byrjaði að fá slíka báta til notkunar árið 1951. Og það er dálítið merkilegt, að einmitt fyrsti gúmmíbjörgunarbáturinn, sem tekinn var í notkun, skilaði ári síðar en hann kom um borð

í mótorbátinn Veigu frá Vestmannaeyjum sex mannslífum á land, sem örugglega hefðu ekki haldið lífi nema fyrir það, að þetta tæki var komið um borð í vélbátinn.

Í grg. þessa frv., sem hér liggur fyrir, er það rakið, hvernig þessi tæki skiluðu á árunum 1952, 1953 og 1954 18 mannslífum á land, sem vitað er að týnzt hefðu án þeirra. En frá því að sú grg. var samin, hefur það bætzt við, að á s. l. hausti, nánar til tekið hinn 15. sept. s. l., björguðust sjö menn af vélbátnum Halkion á gúmmíbjörgunarbát yfir í annan vélbát, eftir að þeirra vélbátur var sokkinn. Það er að vísu ekki hægt að segja, hvort einhverjir af þeim mönnum hefðu haldið lífi, þó að þetta tæki hefði ekki verið til. Og síðast í dag lesum við það í blöðunum, að áhöfn vélbátsins Muggs, sem brann hér úti í Faxaflóa í gær, bjargaðist frá brennandi bátnum á gúmmíbát yfir í annan vélbát.

Og nú vildi ég rétt aðeins beina þeirri spurningu til hv. þingmanna, svo að þeir hafi tækifæri til þess að hugleiða hana með sjálfum sér: Mundu hv. alþm. hafa góða samvizku af því að láta enn dragast að gera að lögum skylduna til þess að hafa slík björgunartæki um borð í hverjum vélbáti, sem gerður er út og róið lengra en á allra grynnstu mið? Mundu hv. alþm. vilja hafa vanrækslu þeirrar lögfestingar á samvizkunni og horfa upp á þau slys, sem kynnu að henda á þeim bátum, sem hafa ekki gúmmíbáta enn þá, vegna þess að það er ekki skylda, eftir þá reynslu, sem fengin er?

Frv. var flutt — efnislega samhljóða frv. þessu — á s. l. þingi, en þingið svaf á málinu og samþykkti það ekki. Hv. sjútvn. þessarar d. sendi frv. til umsagnar Slysavarnarfélagi Íslands og skipaeftirlitinu, má ég segja. Slysavarnarfélag Íslands gaf jákvæð svör við fyrirspurnum nefndarinnar og taldi, að skylda bæri fiskibáta með lögum til þess að hafa tæki þessi. Skipaeftirlitið reyndi að hengja sig í form fyrir því, að eins og frv. var orðað fyrir síðasta þingi, gæti það orkað tvímælis, hvort ekki ætti að ganga lengra í því en verið hefði að setja bunga björgunarbáta um borð í sem flesta vélbáta, en það var ekki meining frv., enda hefur í því formi, sem frv. er nú lagt fyrir, verið sneitt hjá þessum hugsanlega misskilningi, og vænti ég þess því, að það finnist ekki lengur, hvorki á Alþ. né yfirleitt neins staðar meðal okkar þjóðar, nokkur sá, sem geti mælt því í gegn, að jafnsjálfsögð öryggisráðstöfun og hér er um að ræða verði tekin í lög. Og í trausti þess, að Alþ. afgreiði þetta mál fljótt og jákvætt, legg ég til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 80, n. 242, 97).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 80, sem tekið er til meðferðar, um breyt. á l. nr. 68 frá 1947, um eftirlit með skipum, hefur verið rætt á fundum sjútvn. Einnig hefur n. rætt brtt. á þskj. 97 frá hv. 7. landsk. þm. Eins og segir í nál. sjútvn. á þskj. 242, hefur nefndin sent frv. og brtt. til umsagnar skipaskoðunarstjóra. Einnig hefur skipaskoðunarstjóri mætt á fundi með nefndinni til viðræðna um frv.

Nefndin er skipaskoðunarstjóra sammála um það, að ekki er tímabært að skylda báta allt niður í 6 rúmlestir að hafa gúmmíbjörgunarbáta. Eins og nú er ákveðið í reglugerð um eftirlit með skipum og öryggi þeirra frá 1953, nær þessi skylda um björgunarbáta eða fleka aðeins til báta eða skipa, sem eru 20 rúmlestir og stærri. Öll nefndin er sammála um það, að setja beri í reglugerð um eftirlit með skipum og öryggi þeirra ákvæði um, að öllum skipum, 12 rúmlestir og stærri, skuli skylt að hafa strigagúmmíbáta eða önnur björgunartæki af þeirri gerð, sem skipaeftirlitið viðurkennir. Skipaskoðunarstjóri er því hlynntur, að þetta ákvæði verði bundið í reglugerð, og heitir því stuðningi sínum. Þá hefur skipaskoðunarstjóri látið nefndinni í té þær upplýsingar, að hann vinni að því við skólastjóra stýrimannaskólans, að nemendum skólans verði kennd meðferð gúmmíbjörgunarbáta.

Þá hefur hv. 7. landsk. á þskj. 97, síðustu mgr., óskað eftir þeirri breytingu, að skipum undir 50 rúmlestum sé ekki gert að skyldu að hafa aðra björgunarbáta en gúmmíbáta. Skipaskoðunarstjóri getur ekki fallizt á þessa breytingu á reglugerðinni, a. m. k. ekki að svo stöddu. Hann hefur tjáð nefndinni, að hin svonefnda Kaupmannahafnarsamþykkt, sem Norðurlönd og Holland eru þátttakendur að, hafi boðað til fundar í Kaupmannahöfn í lok maí eða byrjun júní n. k. og verði þar meðal annars rætt um öryggi skipshafna á fiskiskipum og sérstaklega tekið til meðferðar um notkun gúmmíbáta. Hann tjáir sig ekki vilja taka afstöðu til þessa atriðis í brtt. hv. 7. landsk., fyrr en hann sér, hvaða upplýsingar komi fram á fundi þessa sambands, enda telur hann vafasamt, að það sé heppilegt, að ekki fenginni meiri reynslu um notkun gúmmíbáta en við höfum, að láta þá gilda sem einu björgunartækin, sem höfð séu á skipum allt að 50 smálestum.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með því, að málið verði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstj. setji í reglugerð um eftirlit með skipum og örvggi þeirra ákvæði um, að skylt sé að hafa í öllum 12—20 rúmlesta skipum strigagúmmíbát eða önnur björgunartæki af þeirri gerð, sem skipaeftirlitið viðurkennir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að hv. sjútvn. skuli nú vera búin að skila áliti um mál þetta. Um afgreiðslu hennar vil ég að öðru leyti segja það,

að ég mun sætta mig við þá till., sem hún hefur lagt til, þar eð ég tel, að sú till. eigi að tryggja það, að inn í reglugerðarákvæði verði komið ákvæðum, sem skylda alla þá báta, sem frv. fjallar um, til þess að hafa björgunartæki þessi innanborðs. Hins vegar get ég aldrei skilið þá tregðu, sem á því virðist vera af hálfu t. d. skipaeftirlitsins að taka þetta ákvæði í lög. Ég hefði talið, að betur hefði á því farið, að það hefði verið tekið beint inn í lögin, að umrædd skip skuli búin gúmmíbjörgunarbátum. En eins og ég hef áður lýst yfir, mun ég sætta mig við, að það verði tekið inn í reglugerð, og tel, að afgreiðsla n., ef samþykkt verður, tryggi, að svo verði gert.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hafði leyft mér við 1. umr. þessa máls að flytja hér örlitla brtt. við frv., eins og það var upphaflega lagt fyrir, og fjallaði þessi brtt. mín um, að skyldan varðandi stærð skipanna yrði færð niður, þannig að öll skip yfir 6 rúmlestir skyldu hafa gúmmíbjörgunarbáta, nægjanlega stóra fyrir alla skipshöfnina, og að skip undir 50 rúmlestum séu ekki skyldug til að hafa aðra björgunarbáta en gúmmíbáta.

Ég byggði þessa till. mína á samþykktum farmanna- og fiskimannaþingsins og taldi, að þar hefðu verið færð nægjanleg rök fyrir nauðsyn þess, að við þessum óskum yrði orðið, hvað nefndin hefur nú ekki séð sér fært að gera. Jafnframt vildi ég einnig lýsa undrun minni á þeirri tregðu skipaskoðunarstjóra eða skipaeftirlitsins, að þessir hlutir megi ekki vera skýrt ákvarðaðir í lögum, svo greinilega sem staðreyndirnar blasa við hverjum einasta manni, sem með málum þessum hefur fylgzt að undanförnu, og frsm. frv. sjálfs hefur ýtarlega bent á í framsöguræðu og grg. fyrir málinu. Hér er fullkomin og skýlaus nauðsyn á, að skýr og ákveðin lagaákvæði séu til um þessi atriði, en ekki óviss reglugerðarákvæði, eins og hv. nefnd virðist hafa mikla tilhneigingu til að taka undir með skipaskoðunarstjóra.

Ég held, að það séu það alvarlegir hlutir, sem eru hér á ferðinni, eins og greinilega hefur verið bent á í framsögu fyrir þessu máli, og að ekki sé á því stætt, jafnvel þó að skipaskoðunarstjóri sé þess fýsandi, að hafa um þetta reglugerðarákvæði, sem muni einhvern tíma verða til. Hér er um þá hluti að ræða, sem krefjast skýrra og ákveðinna lagafyrirmæla og einskis annars.

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta misskilning hv. 7. landsk. þm. um það, að reglugerðarákvæði sé ekki jafngilt lögum. Ef það væri ekki, þá tryði ég því varla, að öll öryggisákvæði varðandi öryggi skipa og skipshafna væru ákveðin í reglugerð, en ekki í lögunum sjálfum. Í reglugerð frá 1953 eru mjög ýtarleg ákvæði um öryggi skipshafna á fiski-, farþega- og flutningaskipum. Ég held, að það sé ekki rétt að álasa skipaskoðunarstjóra fyrir það, að hann vilji slaka á þessu öryggi með því að binda ákvæði þar um í reglugerð, en ekki í löggjöfinni sjálfri.

Skipaskoðunarstjóri segir réttilega, að öll þessi ákvæði eigi að vera reglugerðarákvæði, og hefur nefndin fallizt á það sjónarmið hans, sbr. nefndarálitið.

Ég held, að við allir hv. þm. séum á sömu skoðun um það, að sjálfsagt sé að skapa sjómönnum okkar allt það öryggi, sem hægt er. En eins og kom fram í umræðum n. við skipaskoðunarstjóra, lýsti hann yfir því, að falskt öryggi væri verra en ekkert öryggi, og hann telur, að það sé mjög hæpið og mjög erfitt að koma björgunartækjum fyrir á bátum á stærðinni frá 6 til 12 smálestir.

Ég fullyrði, að við séum allir á sömu skoðun um það, að okkar hrausta og tápmikla sjómannastétt verðskuldi, að Alþingi geri allt, sem það getur, til þess að skapa henni það öryggi, sem verða má. Hins vegar er ég ákaflega hræddur við, að mörgum af þeim bátaeigendum, sem stunda sjó á trillubátum allt upp í 8—9 smálestir, þætti töluvert hart, að það væri ákveðið, að þeir hefðu gúmmíbjörgunarbát um borð, vitandi það, að þessir gúmmíbátar mundu eyðileggjast á tiltölulega mjög skömmum tíma vegna þeirra erfiðu aðstæðna að hafa þá um borð í slíkum bátum.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vona, að hv. þm. Snæf. hafi ekki tekið orð mín þannig áðan, að ég væri að bera nefndinni það á brýn eða skipaskoðunarstjóra, að þeir hefðu ekki áhuga á því, að þessum málum væri svo vel skipað sem bezt væru möguleikar á. Það var ekki heldur meining mín með mínum orðum þá. Ég álít, að þær sannanir, sem fram hafa verið dregnar að undanförnu í þessum umræðum, hafi sýnt svo greinilega, hvað hér er um mikilvægt mál að ræða, að það sé nauðsyn á því, að til séu skýlaus lagaákvæði um öll meginatriði þeirra skyldna, sem þessi löggjöf fjallar um, en ekki reglugerðarákvæði, sem mögulegt væri að gefa undanþágur frá.

Ég viðurkenni fúslega, að það er reynslan, sem verður að skera úr um ýmsa þessa hluti, og þar af leiðandi verða þeir að vera reglugerðarákvæði. En t. d. það, hvað skipin ættu að vera stór, sem slíka björgunarbáta hefðu, tel ég vera skýlaust lagaákvæði, eins og ég hef margoft sagt hv. nefndarformanni. Um ýmis hin smærri atriði í sambandi við framkvæmd þessara laga verða að sjálfsögðu að vera hér eins og um önnur lög reglugerðarákvæði, en tonnafjölda skipanna ætti a. m. k. að binda í lögum.

Varðandi þá umsögn hv. frsm., að trillubátaeigendum, sem stunduðu fiskveiðar á trillum allt ofan í 6—8 rúmlestir, mundi þykja súrt í broti að vera skyldugir til að hafa slíka björgunarbáta, þá efast ég ekkert um, að sumum hverjum mundi þykja það. Og ég hef líka heyrt, þó að það sé sorgarsaga, úr munni sumra bátaútgerðarmanna, að þeim þyki súrt að vera skyldaðir til að hafa slíka björgunarbáta um borð, jafnvel þó að staðreyndir liggi fyrir um, að þeir hafi þegar bjargað mörgum

mannslífum, svo að á þessu atriði eru engin rök reisandi.

Ég tel, að þeir menn, sem fjölluðu um þessi mál á farmanna- og fiskimannaþinginu, séu fyrst og fremst mörgum okkar fróðari um þessa hluti, og þeir mundu ekki hafa óskað eftir því, að lágmarkstonnatalan yrði færð niður, ef þeir hefðu ekki haft gild rök fyrir því og talið möguleika á því, að hægt væri að hafa gúmmíbáta á þessum skipum, ekkert síður en þeim, sem stærri eru.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 242 samþ. með 23 shlj. atkv.

4. Aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 31. jan. 1947, um breyt. á l. nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna* [102. mál] (þmfrv., A. 120).

Á 21. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 120, er flutt af mér í þeim tilgangi að spara ríkissjóði verulega útgjöld og að öðru leyti verða til þess að koma í veg fyrir þá mannréttindaskerðingu, sem því hefur á undanförnum árum fylgt, að embættis- og starfsmenn þess opinbera væru skilyrðislaust sviptir embætti, þegar þeir eru 70 ára, þó að þeir væru að öðru leyti mjög vel færir til þess að gegna því áfram.

Þegar lögin um aldurshámark opinberra starfsmanna voru sett árið 1935, voru þau samþykkt hér á Alþingi með mjög litlum meiri hluta, og það var fyrir þeim mælt aðallega á þeim grundvelli, að embættismenn ríkisins entust svo illa, að það væri ekki gerandi að láta þá vera í embætti lengur en til 70 ára aldurs, og var það þá hámark. Nú er það kunnugt mál, að ekki einasta embættismenn ríkisins, heldur og þjóðin almennt hefur það betri lífsskilyrði nú á síðari árum, að menn endast yfirleitt töluvert betur en þeir gerðu fyrir 20 árum, og þarf ekki svo langan tíma að taka til.

Við vitum ákaflega vel, ef við lítum yfir þann hóp manna, sem hefur farið frá embætti af þessum sökum á undanförnum árum, því að það eru alltaf nokkuð margir menn á hverju ári, að flestir þeir menn eru mjög vel færir til að gegna sínu embætti áfram, og svo mun áfram verða. Þetta hefur Alþingi í raun og veru viðurkennt óbeinlínis með því, að það eru töluvert margir af þessum mönnum, sem hafa verið sviptir starfi af þessum orsökum, sem hafa verið teknir á full laun sem eftirlaun, og þá er útkoman á þessu slík, að fyrir mörg embætti í landinu er ríkissjóður látinn borga tvöföld laun. Þar að auki eru nokkuð mörg dæmi til þess, að ýmsir þessir menn, sem eru mjög starfshæfir menn, hafa fengið önnur störf við hliðina á fullum eftirlaunum og hafa þess vegna haft talsvert háar tekjur, enda þótt það hefði verið í alla staði miklu eðlilegra, að þeir gegndu sínu embætti áfram.

Nú má náttúrlega um það deila, hvort það sé of hátt eða ekki að fara með þetta í 75 ár. Það gæti auðveldlega verið millistig þar á milli, og það getur komið til athugunar við meðferð málsins í nefnd hér í þinginu. En ég veit, að hv. þdm. er svo ljóst, hvað það er, sem hér er farið fram á, að ég þarf ekki að bæta fleiri orðum við þá grg., sem frv. fylgir. Og án þess að nokkurt frekara tilefni gefist til, sé ég ekki ástæðu til nú að fara um þetta fleiri orðum, en legg til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn. Hún hefur með að gera önnur mál, sem eru þessu mjög skyld, og eðlilegt, að þetta frv. fari til hennar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 259).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að aldurshámark opinberra starfsmanna verði hækkað um fimm ár eða í 75 ár í stað 70, sem nú er.

Nefndin hefur ekki séð sér fært að mæla með þessu frv., og er hún þeirrar skoðunar, að ekki muni vera heppilegt að breyta þessu aldurshámarki frá því, sem nú er.

Nefndin bar þetta mál undir stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og samkv. umsögn bandalagsstjórnarinnar telur hún ekki fært að mæla með þeirri breyt., sem hér er um að ræða, a. m. k. ekki nema að undangenginni ýtarlegri rannsókn á málinu. Nefndin hefur lagt til í áliti sínu, að málið verði afgreitt út úr d. með rökstuddri dagskrá, eins og fram kemur í nál.

Jón Pálmason: Herra forseti. Eins og hv. frsm. hefur lýst og fram kemur í nál. allshn. á þskj. 259, er það samhljóða álit þessarar hv. n., að það beri ekki að breyta þessum furðulegu lögum, sem ég hef í frv. mínu á þskj. 120 lagt til að breyta frá því, sem verið hefur.

Þetta er í rauninni mjög í samræmi við ýmislegt annað, sem gerzt hefur á því þingi, sem við sitjum nú á, því að í raun og veru hefur það ekkert afgreitt annað en að hækka laun opinberra starfsmanna stórkostlega frá því, sem áður var, og þar með auka dýrtíðarskrúfuna og vitleysuna í okkar þjóðfélagi langt umfram það, sem verið hefur. En það að vilja ekki hlusta á eða taka til greina það frv., sem hér er um að ræða, þýðir í raun og veru, að það

megi ekki orða það að spara stórar upphæðir, sem kastað er út algerlega að óþörfu vegna þessara laga. Það er ekki nóg með, að það er skerðing á mannréttindum þeirra manna, sem eru við fulla heilsu, að segja þeim að fara burt úr sínum embættum, hversu vel sem þeir hafa í þeim staðið, aðeins fyrir það, að þeir verða sjötugir, heldur er hér um að ræða stórkostlega eyðslu fyrir ríkissjóðinn og þar með þjóðina, eyðslu, sem er gersamlega óþörf.

Það er kunnugt mál, að síðan þetta frv. var borið fram, hefur hvert embættið á fætur öðru verið auglýst, sum veitt, sum eru óveitt, og allt eru það embætti starfsmanna, sem eru við fulla heilsu og gætu auðsjáanlega verið í sínu embætti áfram, gegnt sínu starfi nokkur ár enn. Aðstaðan er sú, að með þeirri aðferð, sem viðhöfð er, þýðir það, að ríkissjóður verður að borga tvöföld laun fyrir fjöldamörg embætti. Það gerðist fyrir nokkrum árum, að einn allra mikilhæfasti og mest metni embættismaður ríkisins var látinn fara frá starfi 65 ára gamall. Þetta var, eins og mönnum er kunnugt, það er ekkert launungarmál, hæstaréttardómari. Jafnhliða var ákveðið að borga honum full laun eftir sem áður, og innan skamms gerðist hann málaflutningsmaður við réttinn í stað þess að vera þar hæstaréttardómari, svo að greiðslan var margföld.

Ég vil minna á það, að fyrir rúmlega hálfu fjórða ári, þegar hér fóru fram forsetakosningar, sem sagt kosningar um æðsta embættismann íslenzka lýðveldisins, var þar af þjóðarinnar hálfu stillt upp tveimur valinkunnum embættismönnum, sem báðir höfðu verið látnir fara frá sínu starfi vegna þess, að þeir voru of gamlir, orðnir sjötugir. Þessir menn náðu að vísu ekki kosningu, en þeir samanlagt fengu þó meiri hluta af atkvæðum þjóðarinnar við forsetakosninguna, sem sýndi, að kjósendurnir í landinu virða ekki svona vitlaus lög eins og þessi aldurshámarkslög. Það er greinileg sönnun fyrir því, að kjósendurnir virða ekki svona lög. Nú vitum við það allir, að samkvæmt öðrum lögum, lögum um réttindi og skyldur embættismanna og starfsmanna ríkisins, hafa opinberir starfsmenn rétt til þess, ef þeim svo sýnist, að fara frá eftir 65 ára aldur með fullum eftirlaunum, og í þessu frv. er ekki neitt lagt til að hrófla við þeim ákvæðum, svo að hér er aðeins um þá menn að ræða í opinberu starfi, sem gjarnan vilja vera áfram í sinni stöðu, þó að þeir séu orðnir 70 ára að aldri.

Ég skal taka það fram, sem ég að vísu gerði við 1. umr. þessa máls, að hefði hv. allshn. eða Alþingi viljað einhverja miðlunarbrtt. gera á þessu, þá gat vel komið til mála að fara þarna einhverja millileið, t. d. í 73 ár eða eitthvað því um líkt.

En það, sem hér ræður afstöðu hv. n., er ekkert annað en það, sem ræður hér mjög miklu á Alþingi yfirleitt, og það er að fara eftir vilja þeirra manna, sem er urmull af í okkar þjóðfélagi og vilja komast í opinbert, fast starf. Og það er náttúrlega töluvert mikið fjölgað tækifærum með því að halda þessum lögum í gildi, eins og þau nú eru. Og það er sannarlega engin furða, þó að sjálft kröfufélagið, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, mæli gegn því, að svona frv. verði samþykkt, en sú undarlega setning kemur fram í áliti stjórnar þessa félagsskapar, að það þurfi einhverja sérstaka, ýtarlega rannsókn til þess, að þannig megi breyta þessum lögum. Hvernig sú rannsókn á að vera, hefur ekki komið fram neitt hjá hv. n. eða frsm. hennar, og ég fæ ekki skilið, að það þurfi neina sérstaka rannsókn í þessu efni. Eða hvað á að rannsaka? Ég vil spyrja hv. frsm. að því, hvað það er, sem á að rannsaka. Þetta er einfalt mál og liggur ljóst fyrir, og annaðhvort verður að vera, að menn vilji sýna einhverja viðleitni til að spara óþörf útgjöld, ellegar þeim er alveg sama um það, þó að vitleysan haldi áfram á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta meira, en ég vildi láta þessi orð fylgja til hv. n. og annarra þeirra manna, sem vilja fella þetta frv., því að ég þykist sjá, að örlög þess séu ráðin, og það verður auðvitað að hafa það.

Frsm. (Björn Ólafsson): Ég get vel skilið, að hv. flm. frv. þyki miður, að n. hefur ekki getað fallizt á það. En nm. hafa nú sína skoðun á málinu, og hann verður að skilja það, að ekki er verið að víkja að honum persónulega. Hér er verið að ræða málið út af fyrir sig, og nm. eru nú einu sinni á þeirri skoðun, að ekki sé heppilegt að breyta til í þessu efni.

Um rannsóknina, sem hv. flm. gat um í sambandi við bréfið frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, hver hún sé, þá get ég ekki upplýst annað en það, að n. hefur ekki sett sig inn í, hver sú rannsókn ætti að vera. Það eru ekki orð n., að rannsaka ætti málið, heldur voru það orð stjórnar bandalagsins. Og hvað stjórn bandalagsins hefur haft fyrir augum í því efni, hefur n. ekki gert sér neina grein fyrir og hefur ekki hugsað sér að leggja til um neina rannsókn í þessu máli.

Um þetta mál má að sjálfsögðu deila. En ég efast um, að nokkurs staðar finnist lagastafur í öðrum löndum, sem ákveður, að embættismenn ríkisins skuli starfa til 75 ára aldurs. Ég efast um, að það sé til. Það er alveg rétt, að sumir menn sjötugir eru við ágæta heilsu. Aðrir menn sjötugir eru við lélega heilsu. En því verður hins vegar ekki neitað, að enginn sjötugur maður hefur fulla starfsorku. Enginn sjötugur maður hefur sömu starfsorku og fertugur maður, hversu góða heilsu sem hann hefur. Hins vegar má segja, að sjötugur maður hafi reynslu, sem fertugur maður hefur ef til vill ekki, en um það má náttúrlega deila, hvort á að skipta á reynslunni og starfsorkunni. Ég mundi nú segja, að þegar litið er á málið í heild, sé ríkinu nauðsynlegt, að allir embættismenn þess séu með nokkurn veginn óskerta starfsorku við þau störf, sem þeir þurfa að vinna.

Hv. flm. gat um, að hér væri um mikla eyðslusemi að ræða. Það er eftir því, hvora kenninguna menn aðhyllast, hvort menn aðhyllast þá kenningu, að sjötugur maður sé

hæfur til hvaða starfs sem er og eigi að halda áfram sínu starfi, eða hina kenninguna, að sjötugur maður sé búinn að missa það bezta af starfsorku sinni, þess vegna eigi hann að fá hvíld frá störfum sínum og yngri menn að komast að. Ég mundi segja, að það væri oft mjög mikil eyðsla fyrir ríkið að hafa gamla og orkusnauða menn í þjónustu sinni. Ég er ekki að halda því fram, að það eigi að fleygja mönnum fyrir borð, fyrr en starfstími þeirra er úti, og það á að gera vel við þá, þegar þeir hætta að vinna. En menn verða að gera sér grein fyrir skynsamlegum grundvelli í þessu máli.

Því verður ekki neitað, að ef inn á þá braut væri farið að ákveða með lögum, að allir embættismenn ríkisins skyldu starfa til 75 ára aldurs, að sjálfsögðu þá án nokkurs tillits til þess, hvernig þeirra kröftum væri varið, ef þeir aðeins sjálfir óskuðu að halda áfram í embættinu, þá ætti það að vera ljóst hverjum manni, að mikill hluti af starfsmönnum ríkisins er þá orðinn að gamalmennum. Það er ekki í þágu lands eða þjóðar, að menn sitji í vandasömum embættum þangað til svo er komið. En hitt er aftur mannlegt, sem ég er ekki að fordæma, að flestir, ef ekki allir, mundu þessir menn, ef þeir hefðu rétt til þess og hefðu sæmilega heilsu, vilja sitja í embætti sínu til 75 ára aldurs.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það fór nú að vonum, að hv. frsm. gat ekki komið með eina setningu, ekki einu sinni minnstu líkur fyrir því, hvaða rannsókn þetta ætti að vera, sem þyrfti fram að fara, til þess að mætti taka afstöðu á annan veg til þessa máls. Mér kemur ekki undarlega fyrir sjónir, þó að greindir menn, eins og hv. 3. þm. Reykv. er, finni með sjálfum sér, þó að það sé í þeirra nál., að svona setning er ekkert annað en rugl, sem þýðir ekki að bera á borð fyrir Alþingi. Aðalröksemd hv. frsm. er sú, að það beri að halda þessum lögum óbreyttum vegna þess, að það sé enginn sjötugur maður með fulla starfsorku. Ég vil segja, að þetta fari alveg eftir því, hvernig á það er litið og hvaða starf það er, sem maðurinn á að gegna. Það er út af fyrir sig rétt, að það er sennilega enginn sjötugur maður með fulla starfsorku til þess að vinna líkamlegt erfiði, ganga að líkamlegri vinnu eins og verkamenn gera. Þó þekkjum við allmarga menn á þeim aldri, sem vinna drjúga vinnu við líkamlegt erfiði. Hitt er alveg vitaður hlutur, að fjöldamargir þeirra manna, sem eru í opinberri starfsemi, eru kannske aldrei betur færir til að sinna sínu starfi en þegar þeir eru búnir að fá svo mikla reynslu sem þeir hafa fengið, ef þeir á annað borð hafa óbilaða heilsu, þegar þeir eru orðnir sjötugir, og vil ég í því sambandi t. d. nefna presta. Fjöldamargir prestar, sem orðnir eru sjötugir, hafa þá fengið það mikla lífsreynslu, að þeir eru jafnvel aldrei betur færir til þess að gegna sínu starfi en um það bil. Og við þekkjum hér í þessari borg dæmi til þess, að til eins slíks er alltaf leitað helzt, þegar mikið þykir við þurfa, enda þótt hann sé kominn talsvert yfir sjötugt. Við þurfum ekkert út fyrir þennan sal eða út fyrir þetta hús til að finna dæmi um það, að hér er maður, sem á að reka frá í næsta mánuði, af því að hann verður orðinn sjötugur, okkar skrifstofustjóri. Sýnist mönnum vera sérstaklega mikil ellimörk á honum, þannig að hann mundi ekki vera fær um að vera nokkur ár enn í sínu starfi? Svona gæti maður talið upp fjöldamarga menn.

Það eru nú ekki nema eitt eða tvö ár síðan forsætisráðherra brezka heimsveldisins varð áttræður, og það þótti vel hæfa þar í landi. Auðvitað var hann einn af þeim, sem kosnir eru, og þessi lög ná sem betur fer ekki til þess, að það megi ekki kjósa menn á þing eða til opinberra trúnaðarstarfa, sem atkvæðisréttur ræður úrslitum um, þó að þeir séu orðnir sjötugir. En ég held, að við getum fundið nokkuð mörg önnur dæmi í okkar heimsálfu, þar sem æðstu valdamenn þjóðanna eru orðnir eldri en sjötugir.

Þessi kenning, að menn, sem hafa náð 70 ára aldri, séu ekki færir um að gegna því starfi, sem þeir eru lengi búnir að vera í, stenzt þess vegna alls ekki, og það þýðir ekkert að bera hana á borð fyrir almenning, þó að það séu nægilega sterk samtök kannske hér á Alþingi til þess að fella breytingar í þessu efni.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 259 samþ. með 19:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, PÞ, SG, SkG, StgrSt, ÁB, BÓ, EggÞ, EI, EirÞ, EystJ, GilsG, GíslG, GÞG, HÁ, HV, HelgJ, JörB, KJJ.

nei: BergS, JPálm, JR.

SÁ, SB greiddu ekki atkv.

11 þm. (LJós, ÓTh, PO, EOl, EmJ, GJóh, GTh, IngJ, JóhH, JS, KGuðj) fjarstaddir.

5. Kaupþing í Reykjavík.

Á 9. fundi í Ed., 24. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um kaupþing í Reykjavík [59. mál] (þmfrv., A. 66).

Á 10. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum flutti ég ásamt fleiri þm. till. til þál. í Sþ. um endurskoðun laga um nýbýli og bústofnslán. Aðaltilgangur með þessari till. var að gera ráðstafanir til þess, að ungir menn gætu fengið hagkvæm lán til þess að hefja búskap. Í lok framsöguræðu, sem ég hélt um þetta mál, komst ég að orði á þá leið, að til framkvæmda sem þessara þyrfti fjármagn og að flestir, sem teldu sig þurfa á fjármagni að halda, gerðu kröfu til ríkissjóðsins, en ríkissjóðurinn væri nú, eins og við vitum allir, ofhlaðinn gjöldum. Ég lét enn fremur

það álit í ljós, að hægt mundi vera að beina fjármagni, sem nú er til, til þessara þarfa, ef Íslendingar gætu lært að ávaxta sparifé sitt meira en nú er í verðbréfum, þ. á m. bankavaxtabréfum, eins og t. d. veðdeildarbréfum.

Það eru auðvitað margar fleiri framkvæmdir en þær, sem um ræddi í þessari þáltill., sem fé vantar til og líkt má segja um. Það er alkunnugt, að almenningur er mjög tregur til þess að kaupa verðbréf, og það hindrar, að fjármagnið, sem þó er til í landinu, beinist á eðlilegan hátt til atvinnulífsins og til nauðsynlegrar lánastarfsemi. Menn, sem eiga peninga og eru sæmilega efnaðir, vilja kaupa hús, þó að þeir eigi hús fyrir, og allir vilja kaupa bíla, og yfirleitt virðast menn nú vilja allt annað gera með peninga sína en að hafa þá í bönkum og sparisjóðum og þaðan af síður í verðbréfum, hlutabréfum og bankavaxtabréfum. Þannig kemur mér þetta fyrir sjónir.

Þetta er áreiðanlega töluvert öðruvísi ástand hér á landi í þessu efni en meðal annarra þjóða, sem við þekkjum bezt til. Og hvað veldur þessu? Sjálfsagt er það ýmislegt. M. a. er það eðlilegt, að meðan atvinnuástandið er eins og það er í landinu, að flestir atvinnuvegir eru reknir með halla og með styrkjum af almannafé, séu menn ekki sérstaklega ginnkeyptir fyrir því að leggja t. d. fram hlutafé til atvinnurekstrar. Annað er það, að því er snertir peningasöfnun og peningainnstæður í bönkum eða þá eign í bankavaxtabréfum, að menn hafa ótrú á gjaldeyrinum. Menn virðast hafa almennt þá skoðun, að gjaldeyririnn haldi áfram að falla og verði síðast að engu. Það eru vitanlega ýmsar ástæður til þess, að mjög margir eru búnir að taka þessa trú, og þær ástæður hafa að sumu leyti við rök að styðjast. En ákaflega er það skaðlegt, eins og allir sjá, fyrir þjóðfélagið, að þessi trú haldist og verði viðvarandi.

Þetta eru þó ekki einu ástæðurnar, að mínu áliti. Ég hygg, að ein af ástæðunum til þess, að svona gengur, sé sú, að alls konar verðbréf, þ. á m. bankavaxtabréf, eru lítið til sölu á opinberum markaði. Þess vegna eru litlir möguleikar fyrir eigendur slíkra bréfa að selja þau aftur. Og menn eru einu sinni þannig gerðir, að þeir vilja ógjarnan eiga það, sem þeir geta ekki selt aftur, ef þá vantar fé. Annað er það, að það er ekkert opinbert gengi verðbréfa hér á landi, og fer það því mjög undir atvikum, þó að möguleikar séu kannske á að selja slík bréf, fyrir hvaða verð hægt er að selja þau. Menn pukra með þetta hver fyrir sig, og fer það mjög eftir því, hvaða viðskiptamann þeir hitta fyrir, hvaða verð þeir geta fengið fyrir slík bréf. Ég þekki beinlínis dæmi þess, að söluverð sömu tegundar bréfa hefur verið frá 100% ofan í allt að því 60% af nafnverði. Til eru auðvitað þau bréf líka, a. m. k. hlutabréf eins fyrirtækis, sem eru seld langt yfir nafnverði, þ. e. hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands, en þó hygg ég, að það sé ekkert fast verð til á þeim bréfum og það fari mjög eftir atvikum, hvað gefið er fyrir þau og hvað menn selja þau fyrir.

Þegar ég var að hugleiða þessi mál í sambandi við till. þá, sem ég minntist á í upphafi, þá rifjaðist það upp fyrir mér, sem ég hef að vísu munað eftir áður, að ég hafði fyrir 15 árum átt þátt í að semja frv. um opinn verðbréfamarkað, og það er það frv., sem hér liggur fyrir til umr. Það var samið á sínum tíma af mþn. í bankamálum, sem starfaði frá 1937—41 og samdi ýmis frv., sem hún afhenti hæstv. ríkisstj. þáverandi. Einstaka af þeim urðu síðan að lögum, en flest hafa þessi mál verið borin fram árangurslítið, þó að ég líti svo á, að það hefði verið betur ástatt nú að sumu leyti, ef frv. þessarar nefndar hefðu verið samþykkt. Mér fannst rétt, að þetta mál kæmi á ný fyrir Alþ., og mér fannst rétt að flytja frv. óbreytt eins og n. gekk frá því fyrir 15 árum, og það er sökum þess, að vitanlega var ég ekki einn höfundur þessa frv., heldur var það n. í heild sinni, og ég vildi þar af leiðandi ekki við fyrsta flutning þess í þinginu fara að breyta frá því, sem n. hafði gengið frá, heldur láta þingið fjalla um það, þó að mér sé ljóst, að breytingar þarf að gera á frv. eins og það er borið fram.

Það er auðvitað mál, að á breytingatímum eins og nú eru getur ekki frv., sem samið er fyrir 15 árum, átt við að öllu leyti nú, því að tímarnir hafa breytzt. Öll atriði frv. eiga því ekki við lengur. Ég nefni sem dæmi, þó að það sé ekkert aðalatriði, að þegar frv. var samið, voru bankar í landinu þrír, og það er gert ráð fyrir þátttöku þriggja banka í þessum verðbréfamarkaði í frv., nú eru bankarnir fleiri, og fleira hefur breytzt. Þetta var mér allt saman ljóst, þegar ég ákvað að flytja frv. Sömuleiðis er það um grg., að sum atriði eru þar, sem eiga ekki við lengur. Mér dettur í hug í því sambandi málsgr. í grg., þar sem fjallað er um þjóðareign Íslendinga og hvað mikið af henni sé í verðbréfum. Þær tölur, sem þar eru nefndar í grg., eiga vitanlega ekki við lengur, því að allar tölur eru orðnar aðrar en var fyrir 15 árum. — En hvað sem þessu líður, þá er frá mínu sjónarmiði eitt víst, og það er það, að þörfin á aðgerðum í þessa átt er meiri nú en hún var fyrir 15 árum, og aðalatriðin í þessu frv. eru þau sömu og þá var. Það má segja, að þá hafi verið þörf á aðgerðum, en nú sé það nauðsyn.

Í frv. eru tvö meginatriði, og þau halda gildi sínu enn í dag. Fyrra atriðið er það, að komið sé á opnum verðbréfamarkaði í landinu, og annað atriðið er það, að opinber skráning verðbréfa og gangverðs þeirra eigi sér stað, m. ö. o. að setja upp stofnun, sem aðrar þjóðir kalla „börs“, en við völdum nafnið kaupþing. Nágrannaþjóðir okkar, a. m. k. sumar, hafa haft slíka stofnun um aldir, og má það undarlegt heita, ef slík stofnun, sem aðrar þjóðir hafa haft um aldir, er ekki orðin tímabær á Íslandi. Við, sem vorum í þessari mþn., litum svo á, og ég lít svo á enn, að ef slíkt kaupþing kæmist á hér, þá mundi það mjög greiða fyrir kaupum og sölu verðbréfa og þar með greiða fyrir fjáröflun til ýmissa nauðsynlegra framkvæmda. Í öðru lagi mundi það auka öryggi

almennings, sem fé vill leggja í verðbréfakaup, með því að hafa opinbera skráningu bréfanna, opinbert gengi á þeim, sem menn gætu þá haldið sig við og haft hliðsjón af, í staðinn fyrir að nú er það mjög tilviljanakennt, eins og ég hef áður vikið að, hvaða verð er gefið fyrir slík bréf.

Í fljótu bragði virðist mega vænta þess, að sparifé í bönkum og sparisjóðum, sem er ekki bundið til lengri tíma, mundi ef til vill minnka, ef farið væri að leggja meira fé í verðbréfakaup. Þetta kann að vera. Hins vegar er á það að líta, að það mundi þá létta á þeim kröfum, sem gerðar eru til lánveitinga sparifjár, því að það vita allir, að vegna þeirra örðugleika, sem verið hafa um útvegun lánsfjár til lengri tíma til eins eða annars, hefur það mjög komið á þá, sem hafa sparifé undir höndum, að neyðast til að lána fé, jafnvel til langs tíma, þó að laust sparifé sé vitanlega mjög illa til þess fallið, að það sé lánað um langan tíma. En í öðru lagi finnst mér ástæða til að vona, að ef raunverulegur verðbréfamarkaður kæmist upp í landinu og menn fengju einhverja trú á því að eiga fé sitt í slíkum bréfum, þá mundi beinlínis skapast nýtt fjármagn, þannig að það drægi úr fjárfestingu til ýmislegra miður þarfra hluta. Ég geri ráð fyrir, að með því móti dragi úr því, að menn, sem þurfa ekki sjálfir neitt á íbúðum að halda, vilji endilega byggja hús eða kaupa hús, og að það dragi úr því, eins og nú er, að hver maður vilji eiga einkabíl fyrir sig, og margt annað fleira mætti nefna. Það má að vísu segja, að það sé alltaf gagnlegt að byggja hús, þegar talað er um húsnæðisleysi í landinu, a. m. k. á sumum stöðum. En fyrst og fremst er það, að ég hygg, að það sé meira gert úr húsnæðisleysinu en ástæða er til, og í öðru lagi mundi sjálfsagt vera heppilegra, að fleiri byggðu hús til þess að búa í þeim sjálfir heldur en að „spekulera" með þau og leigja þau út. Aukið fjármagn, t. d. í bankavaxtabréfum, veðdeildarbréfum og öðru slíku, mundi þá greiða fyrir því, að fleiri gætu byggt hús til eigin nota, en ef til vill verða á hinn bóginn til þess, að færri byggðu hús til að leigja út, svo að það er ekki þar með sagt, að þetta skapaði neina húsnæðiseklu.

Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til að koma þessari stofnun á fót, eins og nú er yfirleitt með flest, að ekki þykir fært að ráðast í neitt, nema ríkissjóður leggi fram fé. En þó að þessari stofnun verði komið upp, er ekki ætlunin, að ríkissjóður leggi þar fram fé.

Ríkisstj., sem tók við frv. mþn. á sínum tíma, lagði það fyrir reglulegt Alþingi 1941 og lagði það fram hér í þessari hv. deild. Frv. var vísað til fjhn. deildarinnar. Fjhn. bað um umsögn Landsbankans um málið, og Landsbankinn svaraði n. með bréfi, dags. í Reykjavík 22. apríl 1941, sem hljóðar svo:

„Fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 7. þ. m., óskað eftir því, að Landsbankinn láti í té álit sitt á frv. til laga um kaupþing í Reykjavík, sem mþn. í bankamálum hefur samið og nú hefur verið lagt fyrir Alþingi.

Vér höfum athugað frv., og enda þótt vér teljum æskilegt, að meiri afskipti séu höfð af verðbréfamarkaðinum en verið hefur, og sennilegt, að rétt sé að stefna að því að koma upp verðbréfakaupþingi, þá er mjög vafasamt, að nú sé heppilegur tími til þessara framkvæmda. Til þess eru m. a. þessar ástæður:

1. Mjög er óvíst, hvort verðbréfaviðskipti eru enn það mikil, að nægur grundvöllur sé fyrir eiginleg kaupþingsviðskipti.

2. Ástandið er mjög óvanalegt í öllum fjárhagsmálum þjóðarinnar, og á það ekki sízt við verðbréfamarkaðinn. Ef mikið verðhrun yrði fljótlega eftir stofnun kaupþingsins, gæti það haft alvarleg áhrif á hina nýbyrjuðu starfsemi.

3. Engin reynsla er fengin hér á landi með skipulagða verðbréfasölu.

Landsbankinn hefur ákveðið að gera tilraun með að koma á fót verðbréfaviðskiptum með það fyrir augum, að fastari venjur skapist og grundvöllur fáist fyrir traustum framtíðarverðbréfamarkaði. Með slíkri starfsemi ætlast bankinn til að sú reynsla fáist, sem úr geti skorið um, hvaða lagasetningar sé þörf.

Þangað til aflað hefur verið þessarar reynslu og aðrar ástæður eru þannig, að ekki stafi hætta af að leggja út á þá braut, sem frv. gerir ráð fyrir, teljum vér óráðlegt, að frv. verði gert að lögum.

Vér leyfum oss því eindregið að leggja til, að hið háa Alþ. fresti að taka ákvörðun um frv. þetta að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
Landsbanki Íslands,
Magnús Sigurðsson. Vilhjálmur Þór."

Eins og menn hafa tekið eftir, eru andmæli Landsbankans þarna í þrem liðum:

Fyrst, að mjög sé óvíst, hvort verðbréfaviðskipti eru enn það mikil, að nægur grundvöllur sé fyrir eiginleg kaupþingsviðskipti. Hafi þetta verið óvíst fyrir 15 árum, þá held ég, að það hljóti að vera svo, að nú sé víst, að nægilegur grundvöllur sé fyrir kaupþingsviðskipti, þannig að nægilega mikið af verðbréfum sé í umferð og eigu manna til þess, að slík starfsemi sem hér er gert ráð fyrir gæti átt sér stað þeirra hluta vegna.

Önnur mótbáran er sú, að ástandið sé mjög óvanalegt í öllum fjárhagsmálum þjóðarinnar. Svo var þá, og svo er enn, og ég eygi ekki a. m. k., hvenær það mundi verða, að ekki sé hægt að segja, að ástandið sé óvanalegt, miðað við það ástand, sem var í gamla daga. Vitanlega er það ástand, sem nú er, að verða venjulegt, þannig að mér finnst ekki mikið gerandi úr þessari ástæðu bankans.

Þá segja þeir, að engin reynsla sé enn fengin hér á landi með skipulagða verðbréfasölu. Vitanlega var ekki reynsla fengin, vegna þess að skipuleg verðbréfasala hafði ekki verið reynd. En reynsla fæst vitanlega ekki, nema slíkt sé reynt.

Þá segir Landsbankinn, að hann ætli að gera tilraun með skipulagða verðbréfasölu, og þannig ætlar hann að fá reynslu og býst þá við, að

það kunni að vera ástæða til þess eftir nokkur ár að setja löggjöf um þetta, þegar Landsbankinn sé búinn að fá reynslu í málinu af framkvæmdunum.

Ég held, að það hafi ekki orðið sérlega mikið um efndir þessa loforðs bankans. Það mun að vísu hafa verið byrjað á stofnun, sem kölluð var kaupþing, en ég held, að það hafi verið mjög lítið kunnugt landsmönnum, að slík stofnun væri til, og mjög lítið gert til þess að efla þá starfsemi og að hún muni annaðhvort að öllu eða a. m. k. að nokkru leyti hafa lagzt niður eftir mjög skamman tíma. Þegar ég var að því kominn að afhenda þetta frv., vildi ég þó grennslast um, hvort slík starfsemi yfirleitt ætti sér stað, og það er einkennilegt, að ég spurði eina tvo eða þrjá menn, sem sjálfir hafa töluvert með verðbréfaverzlun að gera, um þessa starfsemi. Þeir vissu ekki einu sinni, að þessi starfsemi væri til eða hefði nokkurn tíma verið til, svo að það er áreiðanlegt, að sú starfsemi hefur a. m. k. ekki verið auglýst mikið eða mikið gert til þess að efla hana. Ég er ekki heldur viss um, að það sé endilega Landsbankinn, sem eigi að þreifa sig áfram í þessu máli. Mér finnst alveg eins eðlilegt, að það sé prófað að setja svona starfsemi af stað af ýmsum aðilum á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir í frv.

Eins og menn vita, er ein stofnun hér í Reykjavík a. m. k., sem hefur verzlun með verðbréf að mér skilst alveg sérstaklega sem starfssvið sitt; það er hin svokallaða Kauphöll. En mér skilst, að það fyrirtæki hafi ekki opinn markað fyrir verðbréf, heldur sé starfsemi þessa fyrirtækis svipuð og t. d. einstakra málflutningsmanna, sem gerast milligöngumenn um kaup og sölu slíkra bréfa, og ef þetta frv. yrði samþykkt í meginatriðum, þá gæti Kauphöllin að sjálfsögðu gerzt einn af kaupþingsfélögunum og haldið starfsemi sinni áfram, meira að segja haldið sínu nafni, því að sú stofnun, sem hér er gert ráð fyrir, á að heita kaupþing, en ekki kauphöll.

Mér er það alveg ljóst, þó að ég hafi flutt þetta frv., að það þarf breytinga við, sumpart vegna breyttra tíma, og ætti að vera auðvelt að breyta því í samræmi við þá tíma, sem nú eru. Og án þess að ég ætli að fara að hæla mér, treysti ég mér ósköp vel til þess að breyta frv. á þann veg, að mér fyndist tekið tillit til þeirra breytinga, sem orðið hafa.

En auk þess sem breyta þarf frv. lítils háttar vegna breyttra tíma, þá er vel athugandi að breyta því einnig í ýmsum öðrum atriðum.

Í frv. er gert ráð fyrir, að bankarnir hafi aðalráðin í kaupþinginu og aðalstjórn þess með höndum. Ég álít, að þetta atriði t. d. þurfi athugunar við, og ég er ekki sannfærður um það nú, að þetta sé sjálfsagt, að bankarnir hafi aðalvöldin eða réttara sagt einir völdin um stjórn kaupþingsins. Mér finnst sú reynsla, sem fengin er af þeirri fyrirætlun t. d. Landsbankans að setja slíka starfsemi á stofn, ekki benda á það, að bankarnir séu sérstaklega til þess fallnir. Þó virðist mér sjálfsagt, að a. m. k. þeir bankar, sem hafa starfandi veðdeildir, eigi þátt í stjórn þessarar stofnunar. Mér þykir það meiri vafi um aðra banka, þó að vitanlega allir bankar landsins hlytu að vera velkomnir sem þátttakendur í kaupþinginu.

Ef hv. þd. sýnir þessu frv. þá velvild, sem ég efast ekki um að hún geri, að láta það ganga til 2. umr. a. m. k. og nefndar, þá mundi það samkvæmt eðli málsins eiga að fara til nefndar, sem ég á sæti í, og ég mun þar verða fús til þess að taka allar till. um breytingar til vinsamlegrar athugunar. Þess vegna hygg ég, að menn geti verið rólegir, þó að þeim finnist sitt hvað athugavert við frv., að vísa því til nefndar.

Um skýringar á frv. að öðru leyti í einstökum atriðum og um einstakar greinar vil ég nú við 1. umr. málsins láta nægja að vísa til grg. þeirrar, sem frv. fylgir, þó að grg. sé miðuð við tíma, sem nú eru liðnir.

Í mþn. voru auk mín Ásgeir Ásgeirsson, sem þá var bankastjóri, núverandi forseti Íslands, Gunnar Viðar bankastjóri, Árni Jónsson frá Múla og Þórir Steinþórsson bóndi og skólastjóri í Reykholti. Skal ég taka það fram, að n. var algerlega óklofin um þetta mál og önnur mál, sem hún flutti.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 66, n. 245).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þetta frv. er búið að vera alllengi óafgreitt, fyrst og fremst hjá hv. fjhn., og svo hafa bætzt við nokkrir dagar síðan n. lagði fram álit sitt. Meginástæðan fyrir því, að n. afgreiddi ekki sína afstöðu fyrr, er sú, að n. taldi rétt að gefa nokkrum aðilum kost á að segja álit sitt um frv.

Sama dag og þessi hv. d. vísaði málinu til n., eða 25. okt. s. l., ákvað n. að leita umsagna allra bankanna í landinu, en þeir eru fimm, og einnig leita umsagnar Verzlunarráðs Íslands og Sambands íslenzkra samvinnufélaga, og var þessum aðilum sent frv. til umsagnar sama dag. Sjálfsagt þótti að bera málið undir bankana, enda er ráð fyrir því gert í frv., að bankar taki þátt í stjórn kaupþings, auk þess sem slík starfsemi sem kaupþing kemur beint og óbeint inn á verksvið bankanna eins og það hefur verið. Verzlunarráðið og S. Í. S. eru fyrirtæki, sem málið skiptir að sjálfsögðu miklu. En svo undarlega fór, að aðeins Iðnaðarbankinn og verzlunarráðið hafa látið til sín heyra. Tómlæti hinna virðist varla afsakanlegt, sérstaklega bankanna fjögurra og þá ekki síst þjóðbankans og Framkvæmdabankans, sem

báðir hafa forustuhlutverki að gegna í fjármálum fyrir þjóðfélagið.

Iðnaðarbankinn mælti með hugmynd þeirri, er fram kemur um stofnun kaupþings í frv., en óskaði eftir, að tillit yrði tekið til sín við skipun stjórnar kaupþingsins, en það er ekki gert í frv., enda er frv. samið fyrir 15 árum og því löngu áður en Iðnaðarbankinn varð til. Verzlunarráðið mælir einnig með stofnun kaupþings, en telur æskilegt, að mþn. athugi frv., áður en frá því er gengið og það gert að lögum.

Fjhn. taldi sér ekki skylt að bíða lengur eftir svörum frá öðrum aðilum. Nefndarmenn líta svo á, að þetta sé merkilegt mál. Hins vegar greinir þá vafalaust á um einstök atriði og eru ekki við því búnir, nema þá flm. sjálfur, að samþykkja frv. eða gera fullnaðarbrtt. við það. Allir nm. eru sammála um, að mikilsvert væri, að „raunverulegur verðbréfamarkaður kæmist upp í landinu", eins og flm. komst að orði í sinni ýtarlegu framsöguræðu við 1. umr. málsins. Meginatriði málsins er, eins og flm. sagði, „að koma á opnum verðbréfamarkaði og opinberri verðbréfaskráningu."

Fjórir nm. telja, að málið þurfi meiri undirbúning og athugun en þetta Alþ. getur framkvæmt, og þó að hv. flm. sé á annarri skoðun, hefur hann þó fallizt á að vera með okkur hinum í að flytja þá rökstuddu dagskrá, sem kemur fram á þskj. 245, og að sjálfsögðu gerir hann það með tilliti til þess, að meiri athugun skaði ekki málið. Rökstudda dagskráin hljóðar svo:

„Í trausti þess, að ríkisstj. láti athuga nauðsyn á stofnun kaupþings í Reykjavík og hvernig löggjöf um það verði hagfelldust og leggi niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég legg áherzlu á það fyrir hönd n., að dagskráin verði samþykkt. Með því á málið að geta fengið rækilega athugun, sem sýnt er að það getur ekki fengið héðan af á þessu þingi.

Bernharð Stefánsson: Eins og kunnugt er, er ég flm. þessa frv. Ég hef samt sem áður fallizt á, að málið væri afgreitt með þeirri rökstuddu dagskrá, sem prentuð er á þskj. 245, og vil ég með fáum orðum gera grein fyrir því, hvers vegna ég hef á þetta fallizt.

Að sjálfsögðu hefði ég helzt kosið, að frv. hefði verið afgreitt á þessu þingi og samþykkt, og ég tel, að til þess hefði verið nægur tími, a. m. k. ef vissir aðilar, sem n. leitaði til um málið, eins og hv. frsm. n. gat um, hefðu skilað áliti sínu og viljað vera n. til ráðuneytis um málið. Tel ég, að það sé lítt forsvaranlegt, að aðilar eins og sjálfur þjóðbankinn svari ekki þingnefnd, þegar hún biður um álit hans á máli eins og þessu. Vil ég, að það komi fram, að ég fyrir mitt leyti álít, að með þessu sé Alþ. sýnd nokkur lítilsvirðing. Hér er ekki um flm. málsins að ræða, því að það er nefndin, sem bað um álit þjóðbankans og fleiri aðila. En ástæður til þess, að ég þó féllst á, að frv. væri afgreitt með rökstuddri dagskrá, eru þær, að í fyrsta lagi var ég orðinn vonlaus um framgang málsins á þessu þingi, bæði vegna þess, að þó að málið hefði ekki verið mikið rætt í n., þá var mér þó ljóst, að verða mundi ágreiningur um afgreiðslu þess innan nefndarinnar, og í öðru lagi vegna þess, að ég sé það bæði á þessu þingi og hef séð það á undanförnum þingum, að það er alger undantekning, að þingmannafrv. gangi fram, nema það sé borið fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Þess vegna er það, að nú á síðustu þingum er það orðin venja, að þingmenn bera fram margar þáltill., þar sem skorað er á ríkisstj. að undirbúa löggjöf um eitt og annað, en bera ekki fram frumvörp um málin. Það virðist vera að færast í það horf, að frumkvæði einstakra þingmanna að löggjöf kemur einna helzt fram í því að beina áskorun til ríkisstj. um að undirbúa löggjöf í því efni, sem þingmennirnir hafa áhuga á.

Önnur ástæðan til þess, að ég get fallizt á þessa afgreiðslu málsins, er sú, að sú dagskrártill., sem hv. n. hefur lagt hér fram, er jákvæð, og ég lít svo á, að hún þoki þessu máli áfram. Hún er um það, að deildin treysti því, að ríkisstj. láti athuga nauðsyn á stofnun kaupþings í Reykjavík og hvernig löggjöf um það verði hagfelldust og leggi niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta reglulegt Alþingi. Í trausti þess tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Þess vegna er það, að þessi rökstudda dagskrá hefur raunverulega sama gildi og þáltill. Það má því segja, að samþykkt þessarar dagskrár sé meðmæli með málinu. Þótt það sé ef til vill ekki með frv. í öllum atriðum, þá er það meðmæli með málinu, og því má segja, að það sé hálfur sigur fyrir mig sem flm. þessa frv.

Það eru liðin nokkur ár síðan þetta frv. var fyrst samið, eins og ég gat um í framsöguræðu við 1. umr., og þar ég það þó fram óbreytt frá því, sem þá hafði verið gengið frá því, og eins og ég gerði grein fyrir, var það af þeirri ástæðu, að ég var ekki einn höfundur þessa frv., heldur var það samið af n., sem ég átti sæti í, og vildi ég ekki á fyrsta stigi breyta frv. frá því, sem n. hafði gengið frá, heldur láta þingnefnd um það og yfirleitt Alþingi. Ég vildi ekki fara að gera mig að eina höfundi þessa máls, þar sem þeir voru fimm. Samt sem áður lít ég svo á, þó að það séu nokkur ár liðin síðan frv. var samið, að það hafi ekki verið mjög úrelt orðið. Þó eru úrelt ákvæðin um bankana í frv., vegna þess að það eru fleiri bankar í landinu nú en þá voru, og kannske einstaka atriði. En ég hygg, að það hefði verið auðvelt að breyta frv. þannig, að það ætti á allan hátt við okkar tíma.

Þrátt fyrir vissa frávísun málsins, sem hv. fjhn. leggur til, vil ég þó þakka hv. n. fyrir þau meðmæli með málinu, sem felast í dagskrártillögunni.

Páll Zóphóníasson: Ég held, að þetta sé mjög þarft mál, en þurfi að afgreiðast á Alþ. þegar til kemur í töluvert öðru formi en hér liggur fyrir. Og ef hæstv. ríkisstj. tæki málið til meðferðar, þá langaði mig til þess að benda á í

því sambandi, að þegar þar að kemur, þurfa að liggja fyrir nokkrar ákveðnar upplýsingar.

Muni ég rétt, var fyrir nokkrum árum byrjað af prívatmönnum að koma hér á nokkurs konar kauphöll, þar sem byrjað var að selja og kaupa verðbréf opinberlega. Eitthvað þótti athugavert við það, og þá var hlaupið í skarðið og Landsbankinn að einhverju leyti fyrir opinbera aðstöðu látinn fara að setja á stofn það, sem kallað var kauphöll. Jón Halldórsson mun hafa átt að stjórna henni. Ég er nú ekki kunnugur, hvernig það gekk, en langlíf varð sú stofnun ekki. Nokkra mánuði og kannske á annað ár hefur hún hangið að nafninu til, en langlíf var hún ekki, og ég hygg, að sú reynsla, sem þar fékkst, sýni mönnum, að bankarnir eiga ekki að koma nærri forstöðu stofnunarinnar. Þeir geta verið eins og hverjir aðrir viðskiptavinir og keypt og selt, en þeir eiga ekki að hafa neina stjórn eða neitt yfir kauphöllinni að segja. Það, sem mig langaði til að hæstv. ríkisstj. léti athuga, þegar hún færi að athuga gang þessa máls og stofnunar aftur, er í fyrsta lagi saga þessa máls hjá okkur sjálfum, hvernig það opinbera greip þar fram fyrir hendur prívatmannanna, sem voru að reyna að koma kauphöllinni á, hvernig Landsbankinn fór af stað með það og hvers vegna það lognaðist út af í höndunum á honum, — og svo helzt, að hún reyni að byggja það þannig upp, að bankarnir komi ekki nærri því.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 245 samþ. með 14 shlj. atkv.

6. Skemmtanaskattur og þjóðleikhús (frv. JK og GíslJ).

Á 6. fundi í Ed., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 29. des. 1951, um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús o. fl. [45. mál] (Þmfrv., A. 50).

Á 7. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Frv. það á þskj. 45, sem ég flyt ásamt hv. þm. Barð. (GíslJ), felur það í sér að tryggja félagsheimilum aftur sama hluta í skemmtanaskatti og þau höfðu til 1. jan. 1952. Til þess tíma rann í félagsheimilasjóð 50% af skemmtanaskattinum, en með bráðabirgðabreyt. á l., sem gerð var 1951, var hlutur félagsheimila skertur í 35% skattsins.

Við flm. litum svo á, að brýn nauðsyn sé á því að hraða svo sem unnt er byggingu félagsheimila í sveitum landsins, en bygging þeirra hefur gengið nokkuð hægt vegna fjárskorts. Félagsheimilin eru frumskilyrði þess, að unnt sé að halda uppi heilbrigðu félagslífi í sveitunum, en með hollu félagsstarfi er hins vegar beinlínis stefnt að því að fá unga fólkið til þess að una hag sínum í sveitunum. Allir hljóta að viðurkenna, að þessi þróun er þjóðarnauðsyn.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta frv., það liggur ákaflega ljóst fyrir, en vil að lokum leyfa mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 50, n. 389).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. það á þskj. 50, sem hér er til 2. umr., var borið fram snemma á þessu þingi og vísað þá til hv. fjhn. þessarar hv. deildar. Efni þess er, að framvegis verði helmingur skemmtanaskattsins látinn ganga í félagsheimilasjóð, eins og gert var til ársins 1952.

Ef meta á, hvort rétt og sanngjarnt sé að gera þá breytingu, sem hér er lagt til að gerð verði á lögunum um skemmtanaskatt, ber að athuga, hvort félagsheimilasjóðurinn hefur þörf á þeim auknu tekjum, sem í breytingunum felast, ef frv. næði fram að ganga, og svo hvort hinn aðilinn, sem við það missti tekjur, í þessu tilfelli rekstrarsjóður þjóðleikhússins, geti sér að skaðlausu verið án þeirra, án þess að fá þær bættar á annan hátt, og hvort þá sé hugsanlegt að finna þar nýja tekjustofna eða draga úr útgjöldum, ef rétt þætti, ef þetta mál næði hér fram að ganga, eins og lagt er til í frv. Þætti það hins vegar ekki fært og vitað væri samt sem áður, að nauðsyn bæri til þess að bæta úr fjárhagsmálum félagsheimilanna, þyrfti að athuga, hverjar aðrar leiðir þá þættu helzt geta komið til greina.

Öll þessi atriði taldi hv. fjhn. að sér bæri skylda að athuga, áður en hún gæfi út álit sitt um frv., og það er nokkur ástæða, þessi sem ég hef þegar tekið fram, fyrir því, að þetta mál hefur dregizt svo lengi. Hún sendi m. a. frv. til þjóðleikhússtjórnarinnar til þess að fá álit hennar á málinu og upplýsingar um rekstur þjóðleikhússins. Er umsögn þjóðleikhússtjórnarinnar birt með nál. á þskj. 389, þ. e. a. s. því nál., sem ekki er prentað upp, en nokkurn hluta nál. varð að prenta upp vegna misprentunar í sjálfri rökstuddu dagskránni. Er þetta fskj. I á þskj. En auk þess ræddi nefndin málið á fundi með leikhússtjóra og formanni þjóðleikhúsráðs og fékk hjá þeim margvíslegar upplýsingar um rekstrarfjárþörf þjóðleikhússins og rekstrarafkomu.

Af því, sem tekið er fram á fskj. I, og því, sem kom fram í umræðum við þjóðleikhússtjórnina, er ljóst, að að óbreyttum ástæðum þolir þjóðleikhúsið ekki að missa af þeim tekjum, sem hér um ræðir, nema eitthvað komi á

móti, þar sem rekstrarhalli þess var árið 1954 um 421 þús. kr. og engar líkur til þess, að hagurinn verði betri 1955 eða árið 1956. En þótt þessar staðreyndir liggi ljóst fyrir, er hér ekki um að ræða neina viðurkenningu af hálfu hv. fjhn. þessarar d. fyrir því, að ekki mætti haga rekstri þjóðleikhússins þannig, að rekstrarafkoman yrði hagkvæmari. Hér er um að ræða sjálfstæða stofnun, sem hefur ákveðinn styrk frá öðrum aðilum, sem skemmta þjóðinni, án þess að þurfa sjálf að greiða sambærilegt gjald. Og rekstrargjöld og tekjur eru ekki háð afskiptum fjárveitingavaldsins eða gagnrýni þess. Brestur hér því öll gögn til þess að dæma um það, hvort unnt væri að draga svo úr gjöldum eða auka svo tekjur eða hvort tveggja, að unnt væri að *ná saman endum* eða jafnvel skapa rekstrarafgang, og skal ekki farið hér neitt frekar út í það atriði. Hitt er svo jafnljóst, að gera yrði sérstakar ráðstafanir til þess að vega upp á móti rekstrarhallanum, því að rekstrarsjóður þjóðleikhússins gæti ekki misst þessar tekjur, nema eitthvað annað kæmi á móti, eins og ég hef áður tekið fram.

Þá sendi n. frv. einnig til umsagnar til fræðslumálastjóra, og er svar hans birt hér sem fskj. II á þskj. 389. Jafnframt barst n. erindi um málið frá íþróttafulltrúanum, en hann mun fara með þessi mál í umboði fræðslumálaskrifstofunnar og því vera þessum málum einna kunnugastur. Er erindi hans hér einnig birt sem fskj. III.

Af þeim upplýsingum, sem koma fram í þessum gögnum, er augljóst, að mjög mikil þörf er á því að auka tekjur félagsheimilasjóðsins, ef hann á að geta innt af hendi lögboðin framlög til félagsheimilanna, jafnóðum og þau rísa upp, en það verður að telja mjög nauðsynlegt til þess að forðast það ástand, sem þegar er að skapast eða hefur skapazt, að árlega vaxi verulega ógoldin lögboðin framlög sjóðsins til byggjanna.

Fræðslumálastjóri upplýsir, að 31 félagsheimilahús sé nú í smíðum og að eina millj. kr. vanti á til þess að greiða lögboðin framlög um síðustu áramót; með sömu þróun og án aukinna tekna sjóðsins muni þessi upphæð vaxa á næstu fjórum árum upp í allt að 5—6 millj. kr. Er slíkt gersamlega óviðhlítandi ástand í þessum málum.

Árið 1948 hefur sjóðurinn 50% af skemmtanaskattinum samkv. lögum, og það ár nema tekjur hans tæpum 1240 þús. kr. Frá 1951 fær sjóðurinn aðeins 35% af skemmtanaskattinum, sem árið 1954 nam rúml. 1570 þús. kr., svo að krónuupphæð teknanna er um 330 þús. kr. hærri það ár þrátt fyrir minni hundraðshluta. Að óbreyttum hlutföllum hefði sjóðurinn fengið það ár rúml. 630 þús. meiri tekjur, sem þó hefði ekki dugað til að mæta útgjöldunum. Og þó að samþykkt frv. bætti mjög úr, er sýnilegt, að það eitt væri ekki einhlítt til að fyrirbyggja það ástand, að skuldasöfnun aukist frá ári til árs.

Eftirspurnin eftir fjárfestingarleyfum til byggingar félagsheimila sýnist vera mjög mikil. Og auðvelt væri að hefta byggingu þeirra með synjun fjárfestingar á meðan þau lög eru enn í gildi, nema að því marki sem félagsheimilasjóðurinn gæti staðið undir á hverjum tíma að sinna hlutverki sínu. En engin trygging er fyrir því, þótt sá háttur yrði upp tekinn, að það kæmi réttilega niður. Hins vegar er ekkert um það í sjálfum lögunum um félagsheimili, eftir hvaða reglu skuli byggt, ef ekki er nægilegt fé fyrir hendi til þess að greiða hinn lögboðna hluta, eða hvort yfirleitt skuli heimilt að byggja, þegar svo stendur á, og þá hvaða rétt aðilar eiga til framlagsins undir þeim kringumstæðum, hvort t. d. skuli ganga á undan framlag til húsa, sem síðar er byrjað á, eða húsa, sem kunna að verða talin meira aðkallandi.

Því verður *ekki neitað*, að *sumum finnst* félagsheimilin of víða reist og of þétt, enda kemur þetta berlega fram í umsögn íþróttafulltrúans. Hins vegar setja lögin engar skorður hér að lútandi. Er þó full þörf, að um það séu sett skýr ákvæði í lögunum, að sé fé eigi fyrir hendi, þá verði að haga byggingu heimilanna eftir ákveðnum reglum og í ákveðinni röð, enda er nauðsynlegt að skipuleggja þessi byggingarmál miklu betur en gert hefur verið og setja m. a. reglur um viðhald húsanna og útbúnað til tryggingar því, að þau rýrni ekki að verðmæti fyrir vanhirðu. Þá þarf einnig að kveða nánar á um það en gert er, hve þétt heimilin skuli reist og hve stór og hve dýr þau megi vera, t. d. miðað við íbúafjölda hvers staðar, þar sem þau eru byggð, en um þetta er ekkert í lögunum eins og nú er.

Ég skal ekki að þessu sinni ræða það efnislega, hvort telja megi 1.5—2 millj. kr. árlegt framlag til félagsheimilasjóðs hæfilegt eða ekki, enda var frv. það, sem hér um ræðir, ekki fyrst og fremst miðað við það, heldur við hitt, að komast sem fyrst út úr því ástandi, sem hér hefur skapazt, að vangoldin framlög aukast ár frá ári. En þætti meiri hluta hv. Alþ. þessi upphæð engan veginn viðunandi, mætti jafnvel auka hana án þess að breyta hlutföllunum til óhagræðis fyrir þjóðleikhúsið, og kæmi þá m. a. til greina að undanskilja færri aðila frá greiðslu skemmtanaskatts en nú er gert, svo sem ákveðin kvikmyndahús, sem ekki greiða hann samkv. gildandi lögum, og má þar m. a. nefna, að ég hygg, bæði kvikmyndahús bæjarins í Hafnarfirði og eins á Akranesi. En auk þess kæmi þá og til greina hækkun skattsins í hlutfalli við vaxandi verðlag og margt fleira, en út í það skal ekki farið hér að sinni. Hitt sýnist mest aðkallandi, að láta endurskoða lögin um félagsheimilin, svo að þar verði markaðar línur um það, hvernig framkvæmdinni skuli hagað, og komið þar á betra skipulagi til frambúðar en nú er, þar sem allar reglur um byggingu húsanna sýnast mjög í lausu lofti. Þegar þetta hefur verið gert, fæst betra yfirlit yfir þarfir sjóðsins, og er sjálfsagt, að gera verður ráðstafanir til þess að mæta þar öllum sanngjörnum kröfum.

Með tilvísun til þess, sem ég hef hér sagt, og til þess, sem kemur fram í nál. á þskj. 389, leggur fjárhagsnefnd einróma til, að frv. verði

samþykkt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Frumvarp þetta mundi, ef að lögum yrði, rýra verulega tekjur þjóðleikhússins, sem bæta yrði á annan hátt að óbreyttum aðstæðum. Hins vegar vaxa ógreidd framlög félagsheimilasjóðsins svo mikið árlega, að óhjákvæmilegt er að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíkt. Deildin lítur því svo á, að aðkallandi sé, að fram sé látin fara heildarendurskoðun á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, og að í þeim lögum verði sett þannig ákvæði, að saman geti að jafnaði farið lögboðin framlög úr félagsheimilasjóði og hraði byggingarframkvæmda félagsheimilanna, enda verði sjóðnum séð fyrir eðlilegum tekjum til þess að mæta útgjöldum, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti framkvæma endurskoðun laganna á þessum grundvelli og leggi síðan tillögur til breytinga á lögunum fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Væntir n. þess, að þessi rökstudda dagskrá verði samþykkt, og ef svo yrði, þá að hæstv. ríkissti. láti framkvæma endurskoðunina á þessu ári og leggi niðurstöður og tillögur af þeirri endurskoðun fyrir næsta Alþingi.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég get því miður ekki þakkað sem skyldi hv. fjhn. fyrir afgreiðslu þessa máls. N. leggur til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Í þessari dagskrártillögu segir enn fremur, að fram skuli fara heildarendurskoðun laga nr. 77 1947, um félagsheimili, og enn fremur, að séð verði um, að ekki verði örar ráðizt í byggingu félagsheimila en svo, að samsvari lögboðnu framlagi félagsheimilasjóðs hverju sinni. Loks segir orðrétt: „enda verði sjóðnum séð fyrir eðlilegum tekjum til þess að mæta útgjöldum".

N. segir ekkert um það, hverjar hún telur eðlilegar tekjur í sambandi við nauðsyn þessa máls. En ég vona, að hv. n. sé mér sammála um það, að þær tekjur, sem félagsheimilasjóður hefur nú, 35% skemmtanaskattsins, séu ekki nægilegar og að þær þurfi því að auka verulega frá því, sem nú er. Hv. n. segir enn fremur, að frv. þetta, ef að lögum yrði, mundi rýra verulega tekjur þjóðleikhússins. Sízt vildi ég verða til þess að leggja stein í götu þessarar merku stofnunar, þjóðleikhússins. En ég held, að ekki verði með sanni sagt, að Alþingi hafi á neinn hátt viljað rýra þjóðleikhúsið eða ganga á hlut þess. Ég minnist þess t. d., að í heimildagrein fjárlaga hefur staðið og stendur enn veruleg fúlga, þar sem ríkisstj. er heimilað að greiða rekstrarhalla þjóðleikhússins. Ef ég man rétt, er hér ekki við neglur skorið. Árið sem leið minnir mig að þessi upphæð hafi verið allt að 250 þús. kr., en á yfirstandandi ári er upphæðin hækkuð upp í 450 þús. kr. Af þessu er ljóst, að Alþ. vill engan veginn ganga á hlut þjóðleikhússins og hefur aldrei sýnt það og aldrei reynt það, enda mundi ég ekki á neinn hátt vilja stuðla að því. En þrátt fyrir þetta, að þannig hefur verið unnið hér á Alþ. í garð þjóðleikhússins, þá kemur það fram í umsögn frá stjórn þjóðleikhússins, að það vill ekki aðeins halda þeim hluta skemmtanaskattsins, sem það hefur tekið af félagsheimilasjóði,, heldur jafnvel hirða hann allan, eins og segir í umsögninni á fskj. I. Ég get ekki neitað því, að mér finnst hér kenna fullmikillar eigingirni hjá þessari merku stofnun. Hvað væri unnið við það, þótt við hefðum glæsilegt og fullkomið þjóðleikhús hér í Reykjavík, ef sveitirnar og byggðin úti um land væri svipt öllum möguleikum til að halda uppi félagslífi hjá sér? Ég þarf ekki að svara þessu. Ég vísa því til hvers einstaks þingmanns, og hann getur svarað því fyrir sig. Ég sé ekki, að það yrði neitt unnið við þetta.

Ég þykist nú sjá, að afgreiðsla þessa máls sé ráðin og því verði vísað til hæstv. ríkisstj. En ég treysti því, að hæstv. ríkisstj., sem kemur til með að endurskoða lögin um félagsheimilin, rýri ekki á neinn hátt hlut þeirra. Og ég legg höfuðáherzlu á, að ekkert verði aðhafzt, sem geti dregið úr þeim áhuga, sem nú er um byggingu félagsheimila. Ég vil í þessu sambandi aðeins lesa hér, með leyfi hæstv. forseta, tvær setningar úr umsögn íþróttafulltrúa, sem prentuð er hér sem fskj. III, en þessi maður er allra manna kunnugastur, að ég hygg, félagsheimilunum og þeirra byggingum og starfsemi. Hann segir svo:

„Við byggingu margra félagsheimilanna er lögð fram ótrúlega mikil gjafavinna — þegnskaparvinna — af konum sem körlum, ungum sem gömlum, og hugur til samvinnu ánægjulega góður. Bygging félagsheimilanna einkennist af ánægju og fórnfýsi."

Ég legg áherzlu á, að ekki verði dregið úr þessum áhuga og þessari fórnfýsi.

En áður en ég skilst við þetta mál, vildi ég fá upplýst, hvernig gengur að greiða niður skuldir þjóðleikhússins. Í 6. gr. þeirra laga, sem nú gilda í þessu efni, þar sem þjóðleikhúsið fékk hluta af skemmtanaskatti, sem félagsheimilin höfðu, segir: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1952 og skulu gilda, unz skuldir þjóðleikhússins eru að fullu greiddar" — en á meðan skuli fresta framkvæmd laga nr. 8 frá 1947. Ég spyr: Hvað líður þessum skuldum þjóðleikhússins? Eða er meiningin að fara inn á þá braut, sem þjóðleikhússtjórnin sýnilega ætlast til, að hirða allan skemmtanaskattinn og nota hann fyrir reksturinn, þrátt fyrir það að Alþingi bæti þann halla árlega með fjárlagaheimild, stórfelldum heimildargreiðslum? Vilja hv. þm. upplýsa þetta, því að það hefur áreiðanlega ekki verið vilji Alþingis að fara svona að, hvað sem verður?

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég á nokkuð erfitt með að mæla gegn því, að þetta frv. verði samþykkt, þar sem ég er meðflm. þess. Þykist ég hafa gert mitt til þess að fá hv. meðnm. mína í fjhn. til þess að skilja þörf félagsheimilasjóðanna fyrir því að fá aukið fé, og ég get ekki fallizt á, að í nál., í rökstuddu dagskránni eða í þeim orðum, sem ég lét fylgja þessu máli, hafi nokkuð það komið fram, sem bendi til þess, að n. hafi ekki fullkomlega skil-

ið þessa þörf. Ef það hefur ekki komið fram, þá er það af því, að mér hefur ekki tekizt að tala svo skýrt um málið, að það léki ekki neinn vafi á því, að n. sem slík hefur fullan skilning á því, að það þurfi að ráða fram úr þessum fjárhagslegu erfiðleikum heimilanna. En eins og ég tók fram, lítur n. einnig svo á, að það þurfi þó fyrst og fremst að skipa þessum málum þannig, að félagsheimilin séu ekki að draga á eftir sér sívaxandi skuldabyrði frá ári til árs, því að það er engum til góðs. Það ástand er að skapast nú, eins og ég gat um áðan, að ef allt yrði óbreytt, byggingarþróunin sú sama, eftirspurnin sú sama og gert er ráð fyrir að verði hér í næstu fjögur ár og tekjurnar ekki auknar, þá er sýnilegt, eftir því sem kemur fram hér í umsögnum frá fræðslumálastjóra, að skuldirnar eru brátt komnar upp í 6 millj. kr., og það er engum til hagsbóta. Það hefur því verið lögð á það megináherzla í n., að áður en tekin er upp sterk barátta fyrir auknum tekjum í félagsheimilasjóð, sé málið undirbyggt þannig, að það sé í fyrsta lagi vitað raunverulega, hvað þarf árlega að byggja, hvort það sé eðlileg þróun félagsheimilamálanna að byggja fyrir jafnmargar milljónir á hverju ári og gert er, hvort hægt sé að láta einhverjar sérstakar aðkallandi þarfir ganga fyrir og aðrar bíða, því að það er nú ýmislegt í þessu þjóðfélagi, sem þarf að bíða, og ég fyrir mitt leyti hef fallizt alveg á þá skoðun hjá n., að þessi stefna sé rétt á þessu stigi málsins og þess vegna sé rétt að afgreiða málið á þann hátt, sem við leggjum til.

Mér þóttu ummæli hv. þm. V-Sk. um framlagið til þjóðleikhússins nokkuð einkennileg. Hann á sjálfur sæti í fjhn., og hann veit það vel, að þessi ákvörðun um að hækka heimildina upp í 450 þús. kr. er byggð annars vegar á þeirri þörf þjóðleikhússins, sem liggur fyrir í dag og hv. fjvn. og þá ekki heldur hann hefur getað sannað þingheimi að væri hægt að draga úr. Þetta er annars vegar byggt á því og hins vegar byggt á því, að ekki séu rýrðar tekjur þjóðleikhússins frá því, sem nú er, í sambandi í skemmtanaskattinn. Ef þær tekjur hefðu verið rýrðar, eins og lagt er til í frv. og ég vildi vonast til að hefði verið hægt að gera, þá hefði þessi upphæð ekki orðið að fara upp í 450 þús., heldur upp í 1100 þús., og það hefði náttúrlega verið miklu eðlilegri vettvangur fyrir hv. þm. að taka upp baráttu fyrir því í fjvn., að sú upphæð hefði verið hækkuð upp í 1100 þús., svo að við hefðum átt sameiginlega léttara um baráttuna hér í þessari hv. d. í sambandi við afgreiðslu þessa máls. En það er það, sem langmestur erfiðleikinn hefur verið hjá okkur í n., að meiri hl. n. hefur ekki séð sér fært að leggja til, að frv. yrði samþ., nema því aðeins að fyrir lægju öruggar fjárveitingar til þjóðleikhússins, svo að það gæti starfað á þeim grundvelli, sem forráðamenn þess þykjast þurfa geta starfað á samkv. sínum áætlunum.

Ég skal ekkert segja um það út af fyrir sig, hvað þjóðleikhúsið langar til að seilast yfir á skemmtanaskattinn. Það þykist nú eiga allmikinn og hafa upphaflega átt allmikinn rétt á þeim skatti, hann hafi verið settur á upphaflega til þess að tryggja bæði byggingu og rekstur þjóðleikhússins, eins og kemur fram í þeirra umsögn; en þó að það hafi verið gert á þeim tíma, 1927, þá er það og sú ákvörðun breytingum undirorpin eins og allt annað. Hitt get ég svo vel skilið, að það væri ekki heldur sársaukalaust fyrir félagsheimilin, ef það ætti að ganga þannig frá málunum nú að rýra þeirra hlut, og sé það ekki þeim sársaukalaust, þá er það náttúrlega ekki heldur sársaukalaust fyrir þjóðleikhússtjórnina að sjá þann hlut sinn rýrðan frá ári til árs, á meðan hún hefur ekki nægilegt fé af daglegum tekjum úr rekstrinum. Geri ég þetta ekki til þess að halda sérstaklega uppi vörn fyrir þjóðleikhúsið, því að ég tók fram í minni framsöguræðu, að það lægi engin viðurkenning fyrir því, að ekki væri hægt að gera þar betur en gert er. Það er alveg látið afskiptalaust. Mér þótti hins vegar rétt að láta þetta koma fram, úr því að hv. 1. flm. frv. benti á þetta hér áðan.

Ég tek undir það, að ég treysti því, að endurskoðunin, ef hún verður látin fara fram, rýri á engan hátt þann rétt, sem félagsheimilin hafa fengið, og ég sé ekki, að rökstudda dagskráin gefi nokkurt tilefni til þess, að svo verði gert. Hins vegar vil ég benda á, að þótt svo skyldi nú fara, að farið væri inn á þá braut í endurskoðuninni að rýra hlut félagsheimilanna, þá er eftir að fá samþykki Alþingis, og það Alþ., sem kynni að fá til meðferðar löggjöfina endurskoðaða og þær brtt., sem koma þar fram, tekur vitanlega á sig skylduna til að sjá fyrir nægilega miklu fé til þess að standa undir þeim útgjöldum, og þá svo, að skuldirnar þurfi ekki að aukast frá ári til árs.

Það munu vera boðaðir flokksfundir, svo að ég skal nú stytta mál mitt hér, enda getur þá hæstv. forseti frestað þessari umr. Það liggur ekkert á að afgreiða málið nú.

Ég vil aðeins að síðustu láta þau orð falla, að það er ekki eingöngu mælikvarðinn á framkvæmdum þessara mála, hvað íþróttafulltrúinn heldur fram í málinu, — það er hans sjónarmið, — því að ég þekki einnig, hverju hann heldur fram í sambandi við fjárkröfur til sundhalla, íþróttavalla og íþróttahúsa. En þau mál eru slík í dag, að þau eru öll að draga stóra skuldabagga á eftir sér frá ári til árs, sem ég tel mjög óheppilegt og að það verði að forðast slíkt ástand, bæði hvað snertir félagsheimilin og aðrar framkvæmdir.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 389 samþ. með 9 shlj. atkv.

7. Jarðhiti.

Á 61. fundi í Ed., 3. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta gera leit að jarðhita til virkjunar [149. mál] (þmfrv., A. 339).

Á 62. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Við hv. 1. þm. Eyf. (TÁ) flytjum saman frv. það, sem hér liggur fyrir til 1. umr., um heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta gera leit að jarðhita til virkjunar.

Báðir höfum við mikinn áhuga fyrir þessu máli, af því að það er þýðingarmikið lífsþægindamál fyrir fjölda fólks og hagsmunamál fyrir þjóðarheildina. Við leyfum okkur líka að vænta þess, að málið verði áhugamál allra hv. þm.

Jarðboranir eftir heitu vatni munu hafa byrjað hér á landi 1928. Var það rafmagnsveita Reykjavíkur, sem þá lét bora við Laugarnar í Reykjavík. 1932 var hafizt handa um að bora að Reykjum í Mosfellssvelt, og þaðan er svo aðalhitaveita Reykjavíkur runnin. Talið er, að hitaveita Reykjavíkur öll nái nú til 35 þúsunda af íbúum höfuðborgarinnar eða þess svæðis, sem sá mannfjöldi býr á. Séu 62 þús. íbúar í Reykjavík, eins og mér skilst að muni vera, þá eru enn um 27 þús. manns utan hitaveitusvæðisins hér.

Jarðboranir á vegum ríkisins byrjuðu árið 1930. Lítið var þó um framkvæmdir, fyrr en rannsóknaráð ríkisins tók við þeim verkefnum 1943. Það hafði verkefnin með höndum í tvö ár, en 1945 tók jarðboranadeild raforkumálastjórnarinnar við þeim og sér um þau enn.

Jarðborunardeildin hefur nú orðið jarðeðlisfræðileg mælitæki, sem hún getur fundið með, hvar líkur eru til, að hægt sé með borunum að ná til jarðhita. Auk þess hefur hún haft jarðbora, sem hún hefur látið vinna með að jarðhitaleit eftir pöntunum frá hlutaðeigandi aðilum. Þessir borar eru nú 2 eða 3. Hafa þeir verið að verki vegna gufuleitar til iðnaðarframleiðslu, t. d. í Námaskarði við Mývatn, þar hefur ríkið kostað rannsóknirnar. Einnig hafa þeir verið í þjónustu bæjarfélaga, sem hafa fengið þá til þess að leita að heitu vatni til híbýlahitunar, svo sem Ólafsfjörður og Sauðárkrókur.

Þessir borar eru ekki djúpborar. Með þeim mun vera hægt að bora 200—300 metra, allra mest 500 metra, og eru þó borarnir varla nægilega traustir til þess að bora svo djúpt, nema jarðlög séu sérstaklega auðunnin. En þessir borar hafa samt gert mikið gagn, þar sem allauðvelt hefur verið að ná til jarðhitans.

Nú hefur verið ákveðið, að ríkið kaupi djúpbor, sem á að vera hægt að bora með 1500 metra djúpar holur, ef með þarf. Fé hefur verið veitt á nýafgreiddum fjárl. til kaupa á þessum bor og til rekstrar hans seinni hluta ársins.

Ég hef séð þess getið í skilríkjum frá jarðboranadeildinni, að núverandi kostnaður við jarðborun sé frá 300 kr. og upp í 1000 kr. á hvern boraðan metra. Eftir því getur 500 metra borhola kostað hálfa milljón króna. Það segir sig sjálft, að fyrir einstök byggðarlög, sem eru ekki því fjölmennari, hvað þá einstök býli, er mikil fjárhagsleg áhætta að leggja í gaumgæfilega leit að heitu vatni, ef til þess þarf boranir í stórum stíl. Beri leitin ekki árangur, getur tilkostnaðurinn orðið drápsklyfjar.

Þetta leiðir til þess, að menn þeir, sem þó búa þar, sem hin jarðeðlisfræðilegu mælitæki jarðboranadeildarinnar gefa vonir, hika við að ganga út í áhættuna, telja réttilega, að þeir hafi ekki bolmagn til þess að rísa undir tilkostnaði, sem ekki beri árangur, þótt þeir hins vegar yrðu þess vel megnugir, ef sæmilegur árangur næðist.

Ég hef það eftir góðum heimildum, að um 40 þús. landsmanna búi nú við þau miklu þægindi að hita híbýli sín með jarðhita. Af þeim eru 35 þús. í Reykjavík, eins og ég gat um áðan. Alls er þetta um það bil ¼ íbúa landsins. Talið er, að jarðhitinn, sem notaður er til híbýlahitunar hjá þessu fólki, spari þjóðinni, eins og nú háttar verðlagi, 28 millj. kr. í erlendum gjaldeyri, ef miðað er við verðlag á olíu. Það er ekki lítið hagræði þjóðarheildinni. Slík heimaföng þarf að auka sem mest, engu síður en útflutningsframleiðsluna.

Ríkið hefur á undanförnum árum stutt menn til leitar að heitu vatni og til hitaveitufram-kvæmda með þrenns konar aðstoð:

1) Með því að fela fyrst rannsóknaráði og síðan jarðboranadeildinni að leiðbeina mönnum í þessum efnum og taka að sér rannsóknir og jarðboranir á kostnað þeirra, sem um hafa beðið.

2) Með því að greiða nokkrum sinnum helming kostnaðar við boranir, þegar fé var til þess veitt á fjárlögum. Þetta var gert samkvæmt lögum frá 1943, en hefur ekki átt sér stað á seinustu árum.

3) Með því að ábyrgjast stofnkostnaðarlán fyrir hitaveitur, allt að 80% af stofnkostnaði. Um það er til heimild í lögum frá 1953.

En þetta er ekki nægilegt eftirleiðis. Þeir, sem hafa bezta aðstöðu til þess að beizla jarðhitann til híbýlahitunar, hafa þegar gert það. Áhættusamari hitavatnsleitirnar eru eftir. Ekki má þó láta þær farast fyrir. Þar verður ríkið að koma enn meir til sögunar en áður. Gæði landsins verður þjóðfélagið að sjá um að hagnýtist. Gjaldeyrissparnaður sá, sem vinnst með hverri hitaveitu, er ekki sérstaklega ávinningur þeirra, sem á hitaveitusvæðinu búa, heldur allrar þjóðarinnar, eftir því sem hún þarf á erlendum gjaldeyri að halda. Vel má líka hugsa sér, að sums staðar geti orðið um iðnaðarframleiðslu að ræða til útflutnings samhliða húsahitun. Heitt vatn, sem næst úr iðrum jarðar í þjónustu manna til híbýlahitunar og iðnaðar, verður væntanlega ekki fyrir eina kynslóð, heldur líka fyrir komandi kynslóðir. Þjóðfélagið nýtur þeirra framkvæmda, ef að líkum lætur, um ár og aldir.

Með slíkum framkvæmdum er í raun og veru verið að nema landið, gera það eftirsóknarverðara og byggilegra, breyta jafnvel ókostum þess í kosti, þ. e. láta mikið gott leiða ár og síð af hinum reiðigjarna Loga, sem Jónas Hallgrímsson talar um í kvæðinu Skjaldbreiður.

Í frv., sem hér liggur fyrir, er ætlazt til, að ríkisstj. fái heimild til þess að láta bora eftir heitu vatni fyrir byggðarlög eða einstaka bæi, ef jarðboranadeildin og rannsóknaráðið telja það vænlegt til ávinnings. Hlutaðeigandi aðilar, sem eiga að njóta framkvæmdarinnar fyrst og fremst, greiði kostnaðinn, ef tilætlaður árangur næst, eða í hlutfalli við hann, ef hann verður ekki metinn svara öllum kostnaðinum. Annars greiði ríkið kostnaðinn. Ég tel þetta miklu heppilegra og eðlilegra en að kostnaður skiptist til helminga, hvernig sem gengur, eins og nú er gert ráð fyrir í lögum. Þau lög virðast líka vera orðinn dauður bókstafur í reyndinni. Fáist heitt vatn við borunina, geta hlutaðeigendur eða fyrirtæki það, er upp rís, undir flestum kringumstæðum borgað. Annars er, ef árangur verður ekki, kostnaðurinn þeim venjulega um megn.

Allt hið auðunnasta er búið, eins og ég tók áðan fram. Hér eftir verður varla unnið nema með dýrum og stórvirkum tækjum, dýrari og stórvirkari en notuð hafa verið, og út í kostnaðaráhættu í leit með slíkum tækjum er tæplega leggjandi nema fyrir ríkið, enda sanngjarnt eftir ástæðum, að áhættan hvíli á því, og óhjákvæmilegt, að það sé svo, til þess að af athöfnum verði og ekki bíði ónotuð um langa framtíð náttúrugæði þau, sem hér er hægt að hagnýta.

Gert er ráð fyrir, að gera megi samninga við ríkið um að greiða borunarkostnað með afborgunum, og ætlazt til, að þá séu einnig greiddir vextir af slíkum stofnkostnaðarlánum.

Að sjálfsögðu er ekki ætlazt til, að ríkisstj. gangi lengra í framkvæmdum þessum en fé leyfir, sem á fjárl. er veitt til jarðborana hverju sinni. Á Alþ. þannig samkvæmt frv., svo sem einboðið er líka, að ráða, hve hratt er farið.

Ég leyfi mér að vænta þess, að Alþ. taki frv. þessu vel og að það verði almennt áhugamál hv. þm. Það er að ýmsu leyti hliðstæða við virkjun fallvatnanna og rafvæðingu landsins.

Að lokinni þessari umr. óska ég, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn. Þar hafa víst venjulega að undanförnu slík mál sem þetta verið athuguð.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til að bæta neinu við þessa mjög glöggu og greinargóðu framsöguræðu hv. þm. S-Þ. (KK) um málið sjálft og þau atriði þess, sem hann ræddi aðallega um. En í sambandi við málið tel ég rétt, að fram komi nokkru nánar við 1. umr. þess sú þýðing, sem það gæti haft hvað viðkemur auknum gjaldeyristekjum þjóðarinnar.

Höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar eru, eins og kunnugt er, landbúnaður og sjávarútvegur svo og vaxandi iðnaður. Sjávarútvegurinn er sá atvinnuvegur, sem aflar beint nær alls gjaldeyris, sem þjóðin notar til neyzlu, uppbyggingar og framfara. Þessi atvinnugrein er hins vegar með þeim hætti, að ýmis óviðráðanleg atvik geta valdið því, að gjaldeyristekjur af henni hljóta að verða misjafnar. Nægir í því sambandi að benda á, hversu afar misjöfn aflabrögð eru, hvað veðrátta getur torveldað sjósókn og að við erum algerlega háðir erlendu verðlagi á sjávarafurðum okkar.

Þessar staðreyndir hljóta að leiða til þeirrar niðurstöðu, að það sé þjóðarnauðsyn að koma á fjölbreyttari atvinnuháttum í landinu, þannig að þegar einhver þau atvik, sem ég benti á áður, eða önnur steðja að sjávarútveginum, þá komi til stuðnings aðrar atvinnugreinar, sem eru ekki háðar sömu atvikum.

Þetta mál, sem hér er borið fram af hv. þm. S-Þ. og mér um heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta gera leit að jarðhita til virkjunar, er liður í þeirri stefnu að gera atvinnuvegi landsins fjölbreyttari og hagnýta betur þá möguleika, sem landið hefur að bjóða, enn fremur til þess að spara gjaldeyri og mjög sennilega einnig efla gjaldeyristekjur þjóðarinnar.

Af viðtölum við verkfræðinga og því, sem ég hef lesið mér til, og síðast, en ekki sízt af þeirri reynslu, sem við höfum af hagnýtingu jarðhitans, virðist mér, að jarðhitinn kunni ef til vill að verða mjög þýðingarmikill aflgjafi í framtíðinni og meiri en menn gera sér nú almennt ljóst. Það dylst engum t. d., sem skoðar borholuna í Krýsuvík, hvílíkur ógnarkraftur kemur þar fram úr iðrum jarðar.

Tæknitímabil rafmagnsins stendur nú á hástigi. Hins vegar er runnin upp ný tækniöld, kjarnorkutímabilið. Þær stórstígu og fjölbreyttu framfarir, sem rafmagnið hefur fært mannkyninu, valda því, að menn hafa nú almennt tiltölulega opin augu fyrir þeim stórkostlegu möguleikum, sem friðsamleg notkun kjarnorku felur í sér. Allar þjóðir, bæði stórar og smáar, keppast við að vinna að framförum á sviði kjarnorkuvísinda. Sýningin „Kjarnorkan í þjónustu mannkynsins", sem opnuð var í Reykjavík á laugardaginn, færir mönnum heim sanninn um það, hvílíkir feikna möguleikar eru fólgnir til framfara á ýmsum sviðum með hagnýtingu kjarnorku til friðsamlegrar notkunar.

Það liggur því í augum uppi þegar í morgunsári kjarnorkualdarinnar, að efni, sem þarf að nota við friðsamlega framleiðslu kjarnorku, hljóta að verða geysilega verðmikil. Talið er, enda reynsla fengin fyrir því, að álitlegt sé að hagnýta jarðhitann til framleiðslu á þungu vatni, sem er mjög þýðingarmikið efni í sambandi við kjarnorkuframleiðslu til friðsamlegra nota. Bandaríkjamenn hafa að vísu fundið upp nýlega aðferðir, sem eru taldar ef til vill enn þá betri en þær, sem styðjast við jarðhita, en þrátt fyrir það er enn þá framleiðsla á þungu vatni t. d. í Nýja-Sjálandi, þó að nýrri aðferðir hafi komið til.

Þótt þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., sé fyrst og fremst ætlað til virkjunar á jarð-

hita til hitaveitu fyrir byggðarlög og einstaka bæi og þótt þau önnur skilyrði, sem þarf til framleiðslu á þungu vatni, séu ekki alls staðar fyrir hendi, þar sem jarðhiti er, þá er þó auðsætt, að leit þarf að fara fram til að rannsaka skilyrði fyrir slíkri framleiðslu, og eðlilegt væri því og hagkvæmt, að hún færi fram jafnhliða, a. m. k. í sumum tilfellum, leitun að heitu vatni til hitaveitu eða annarra nota.

Á fjárlögum þeim fyrir árið 1956, er samþykkt voru á hæstv. Alþ. fyrir nokkru, eru veittar 250 þús. kr. til að gera tilraunir með framleiðslu á þungu vatni, en hugmyndin mun einmitt vera sú að hagnýta jarðhitann í því skyni. En þar sem skilyrði til hitaveitu og framleiðslu á þungu vatni fara saman, minnkar fjárhagsleg áhætta við leitun að jarðhita, þar sem þess má vænta, að meira komi í aðra hönd. Ef það kemur á daginn, eftir að tilraunir hafa verið gerðar, að hægt sé að hefja útflutning á þungu vatni, þá er þar tilkomin ný útflutningsatvinnugrein fyrir landsmenn, atvinnugrein, sem getur stuðlað að auknum gjaldeyristekjum fyrir þjóðina og enn fremur breikkað og styrkt grundvöllinn, sem öflun gjaldeyris byggist á.

Þótt ég hafi hér sérstaklega bent á, að líklegt sé, að hægt væri að hagnýta heita vatnið til framleiðslu á þungu vatni, þá er ég þess fullviss, að ýmsir aðrir möguleikar eru fólgnir í virkjun heita vatnsins auk hitaveitna, möguleikar, sem eflaust auka, þegar til kemur, útflutningsframleiðslu þjóðarinnar.

Til þess að framkvæmdir þær, sem frv. gerir ráð fyrir, verði hafnar og haldið áfram, þarf ríkissjóður að leggja fram fé á fjárlögum, eins og hv. fyrri flm. drap á. Þar sem verulegar líkur eru til, að þau fjárframlög kunni í sumum tilfellum að leiða til útflutningsframleiðslu og þar af leiðandi aukins innflutnings til landsins, sem gefur ríkissjóði miklar tekjur í aðra hönd, þá vil ég sérstaklega beina þeim tilmælum til hv. fjvn., að hún leggi til við hæstv. Alþ., að fé verði veitt á næstu fjárlögum til þeirrar starfsemi, sem frv. gerir ráð fyrir, ef það verður gert að lögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 10 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 339, n. 534).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Iðnn. hefur athugað þetta mál og telur frv. mjög eftirtektarvert á marga lund.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefur orðið nokkur stöðvun á því, að hægt hafi verið að rannsaka jarðhita til hlítar með því að gera tilraunir um boranir. Þegar hafnar voru boranir, kom það fljótt í ljós, sem raunverulega var áður vitað, þó að ýmsir menn, sem sóttust eftir því að láta bora eftir jarðhita, gerðu sér það ekki ljóst, að kostnaðurinn var oft lítt viðráðanlegur og oft alveg óviðráðanlegur fyrir þá, sem réðust í þessi verk. Það væri hægt að benda á dýra reynslu í þessum efnum, þar sem byrjað var á verki og varð að hætta vegna þess, að árangurinn af boruninni kom ekki nógu skjótt í ljós, þó að það sýndi sig síðar, að þegar haldið var áfram, kom í ljós stórfelldur árangur.

Ég minnist þess, að þegar ég tók við sem landbrh. og hafði með þessi mál að gera, höfðu safnazt um 700 þús. kr. í skuldum fyrir boranir víðs vegar um landið, án þess að væri hægt að innheimta nema lítið af þessum skuldum, og þessar skuldir voru fyrir tilraunir, sem gerðar höfðu verið um boranir og að sumu leyti höfðu tekizt og að öðru leyti mistekizt.

Því er svo háttað með mörg auðæfi og ekki sízt þessi, sem kostar mikla peninga að ná í, í þessu tilfelli með borunum, að það er ókleift fyrir þá einstaklinga, sem eiga þessi verðmæti, að kosta því til, sem þarf til þess að ná í þau, en hins vegar ákaflega bagalegt fyrir þjóðfélagið í heild að láta þessi verðmæti liggja ónotuð, eins og háttað er hjá okkur í dag, því að á þessum borunum hefur orðið veruleg kyrrstaða nema á örfáum stöðum, og þarf ekki að rekja það nánar en ég hef þegar gert.

Nú er stungið upp á þeirri leið í þessu frv., að ef jarðboranadeild raforkumála og rannsóknaráð ríkisins telja það vænlegt til árangurs, megi ríkið ráðast í boranir, ef þeir einstaklingar, sem jarðhitann eiga, hafa óskað eftir því. Það virðist vera mjög rækilega um það búið, að ekki sé ráðizt í boranir að ástæðulausu, þar sem jarðboranadeild raforkumála og rannsóknaráð ríkisins verða að vera sammála um, að það sé líklegt til árangurs. En það er kunnugt, eins og ég veit að hv. þdm. gera sér ljóst, að þessir aðilar tveir hafa alveg sérstaklega fengizt við að rannsaka fyrir fram, hvort líklegur er árangur af borunum, og hafa gert það víða með góðum árangri. Það má t. d. benda á hina tiltölulega stóru veitu á Sauðárkróki. Þar var lítill hiti, en með rannsóknum taldi jarðboranadeild raforkumála sig finna, að það ætti að bora þar út í vatnið nokkuð frá hvernum og þar mundi nást árangur, sem líka kom í ljós, og árangurinn af þeim borunum er hitaveitan á Sauðárkróki.

Þannig mætti nefna fleiri dæmi, og þó að þessar áætlanir um árangur séu ekki alltaf öruggar, hafa þær reynzt mikils virði. Sá maður, sem við þessar athuganir fæst, er nú við framhaldsnám við einn þekktasta háskóla í Bandaríkjunum, einmitt m. a. til að læra þau fræði, sem mættu verða honum til aðstoðar í því að finna fyrir fram, hvar á að ráðast í jarðboranir.

Það virðist því vera sæmilega um hnútana búið, eins og ég sagði áðan, að þessir tveir aðilar, jarðboranadeildin og rannsóknaráð ríkisins, þurfa að vera sammála um, að það eigi að taka beiðni einstaklinganna um borun til greina.

Svo eru hér þau ákvæði, að ef borunin ber

tilætlaðan árangur, endurgreiðir sá einstaklingur, sem hefur fengið verkið framkvæmt, ríkissjóði kostnaðinn. En hins vegar er jafnframt það ákvæði, að ef borunin ber ekki árangur í hlutfalli við þann kostnað, sem í hefur verið lagt, fær ríkissjóður greiddan hlutfallslegan kostnað á móti þeim, sem beðið hefur um framkvæmd verksins.

Það er svo ákveðið, að í þetta verði ekki lagt, nema fé sé veitt á fjárl. hverju sinni til þess að ráðast í þessar framkvæmdir.

Nú vill iðnn., sem hefur rannsakað þetta mál, þó að þær till., sem í því felast, séu mjög mikilvægar, að það verði athugað gaumgæfilega í heild, áður en löggjöf verður sett um það atriði, og þá er það einkanlega með tilliti til þess, að aðrir þættir viðkomandi athugun á jarðhitanum eru nú í framkvæmd. Þykir þess vegna rétt, að þessi þáttur verði sameinaður þeim athugunum og heildarfrumvarp lagt fram um málið að þeirri rannsókn lokinni. Þess vegna leggur n. til., að frv. verði afgr. með rökstuddri dagskrá, sem hér liggur fyrir. Dagskráin, eins og hún ber með sér, viðurkennir, hvað þessi þáttur er þýðingarmikill, en talið er, að rétt sé að rannska þetta mál nánar í sambandi við heildarathugun á málinu, og í trausti þess, að þessi heildarathugun verði gerð og henni lokið fljótt og að frv. til heildarlaga um jarðhita verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþ., tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Um þessa niðurstöðu er iðnn. sammála, og þess vegna legg ég til fyrir hennar hönd, að dagskráin verði samþ.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég hefði auðvitað kosið, að frv. þetta hefði fengið þær undirtektir hér í n., að það hefði náð samþykki. Til þess var það fram lagt, og það er skoðun mín, að það ætti að samþ. það. Hins vegar get ég alls ekki sagt, að ég sé sérstaklega óánægður með till. þá, sem hv. iðnn. hefur lagt fram um rökstudda dagskrá, vegna þess að í till. þeirri er á jákvæðan hátt tekið undir við þær till., sem koma fram í frv., og sérstaklega er það einnig mikilsvert fyrir málið, tel ég, hverning hv. frsm. iðnn. hefur lýst afstöðu sinni og nefndarinnar. Fallist þess vegna hv. d. á þessa till., mun ég vera sáttur með afgreiðsluna.

Þegar ég hlýddi á skýrslu hæstv. landbrh. í sambandi við fyrirspurn um, hvað gert hefði verið til að rannsaka jarðhita og undirbúa hagnýtingu hans, í Sþ. fyrir fáum dögum, virtist mér koma fram í þeirri skýrslu, að nefnd væri starfandi, sem ríkisstj. ætlaðist til að undirbyggi heildarlöggjöf um hitaveitumálin og legði frv. að þeirri löggjöf fram fyrir næsta reglulegt Alþ. Ég treysti því þess vegna, að þetta frv., sem ég hef lagt fram, og þær till., sem fram komu í því um hagnýtingu heita vatnsins og leit að heitu vatni, komi til greina, þegar þetta heildarfrumvarp verður samið, og ekki síst treysti ég því vegna þess, að í skýrslu hæstv. ráðh. kom fram, að þeir, sem skýrsluna gera, líta svo á, að hitaveitur séu hagnýtustu not, sem hægt er að hafa af jarðhitanum í landi okkar.

Ég tel, að það hefði mátt afgr. frv., því að svo einboðið sé það, að ríkið verði að beita sér fyrir því, að leitað sé eftir heitu vatni, til þess að koma á þeim hitaveitum, þar sem skilyrði eru fyrir hendi, og sú leit geti ekki orðið framkvæmd, eins og nú er komið, nema ríkið kosti hana og taki á sig áhættuna. Hins vegar tel ég rétt, eins og frv. gerir ráð fyrir, að þeir, sem njóta hitaveitunnar, greiði fyrir það, sem unnið hefur verið, þegar árangurinn er kominn í ljós, þ. e. a. s. borgi hitavatnsleitina í hlutfalli við árangurinn, en ríkið taki á sig ómaksleitir, sem þó á ekki að stofna til samkv. frv. nema að mjög yfirveguðu mati og eftir meðmælum jarðboranadeildar raforkumála og rannsóknaráðs ríkisins.

Það er búið að taka í not það heita vatn, sem auðveldast er að kalla fram og leita uppi. Það er mikið órannsakað í þessum efnum, og sú rannsókn verður ekki leyst, nema ríkið taki á sig áhættuna, eins og ég áðan sagði. Og ég er viss um það, að þó að þetta frv. hefði verið samþ., þá bryti það ekki í bága við þær heildaraðgerðir, sem verður að gera um leit að jarðhita í þágu iðnaðar og með tilliti til þess að vinna verðmæt efni úr iðrum jarðar. Hitavatnsleitin er alveg sjálfsagt mál.

En nú mun ég, eins og ég er búinn að segja, fyrir mitt leyti telja afgreiðslu þessa eftir atvikum viðunandi og greiða atkv. með hinni rökstuddu dagskrá.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 534 samþ. með 11 shlj. atkv.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Áburðarverksmiðja.

Á 10. fundi í Nd., 25. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju [62. mál] (þmfrv., A. 69).

Á 13. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þetta mál, sem ég flyt hér og hef flutt áður, varðar alla framtíð okkar í efnahagsmálum og þá stefnu, sem þjóðin ætlar sér að taka í þeim málum, og ég held, að það sé þess vegna mjög nauðsynlegt, að hv. þm. geri sér góða grein fyrir því, hvað um er að vera. Þó að þetta frv. sé ekki langt, þá felst í því alveg ákveðin mörkun á stefnu viðvíkjandi einu af stærstu fyrirtækjum þjóðarinnar og á hvern hátt eigi að reka það fyrirtæki.

Frv. fer fram á það í fyrsta lagi, að 13. gr. laganna sé felld niður.

Með 13. gr. laganna, eins og nú er, er heimilað að reka áburðarverksmiðjuna sem hlutafélag. 1. mgr. 13. gr. laganna hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar og leggja fram til hennar hlutafé úr rekstrarsjóði áburðarsölu ríkisins, allt að einni millj. kr. Ef slík framlög nema minnst 4 millj. kr., leggur ríkissjóður fram hlutafé, sem þá vantar til, að hlutaféð verði alls 10 millj. kr., og skal verksmiðjan þá rekin sem hlutafélag."

Þannig er 1. mgr. í 13. gr., og það eina, sem hún að einhverju leyti breytir, er 2. gr. í lögunum, þar sem ákveðið var annars, að ríkið legði fram fé til stofnunar áburðarverksmiðju. Hins vegar stendur 3. gr. þessara laga að öllu leyti óhögguð, og hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi."

M. ö. o. er alveg skýrt tekið fram, að áburðarverksmiðjan sjálf er þjóðareign, er eign ríkisins, er sjálfseignarstofnun á sama hátt og t. d. Landsbankinn eða aðrar slíkar eru sjálfseignarstofnanir.

13. gr. var svo til komin, að þegar þetta frv. til laga um áburðarverksmiðju var til umræðu á þinginu 1948—49, var það upphaflega lagt fyrir í þeirri mynd, sem það hafði alltaf verið í frá upphafi, þegar um áburðarverksmiðju var hugsað, að áburðarverksmiðjan væri eingöngu eign ríkisins eins, og þannig var það líka þegar þetta var lagt upphaflega fyrir af hálfu ríkisstj. þá. Við síðustu umr. í efri deild, eftir að málið var búið að ganga í gegnum neðri deild, kom þar fram brtt. og það á síðustu dögum þingsins, þar sem lagt var til að bæta við 13. gr., og sú till. var samþ. þá gegn atkvæðum okkar sósialista og fleiri, og við mjög flausturslega eina umr. í Nd. voru áburðarverksmiðjulögin þannig breytt samþykkt. Ég býst við, að allur þorri þingmanna hafi yfirleitt ekki gert sér ljóst, hvað í þessari breytingu, sem þarna var verið að gera, átti að felast af hálfu vissra manna.

Nú lít ég svo á, hvað sem kann að hafa vakað fyrir þeim, sem báru fram tillöguna um hana, og þeim, sem síðan hafa um málið fjallað, sérstaklega ráðherrum Framsfl., að 13. gr. ákveði einvörðungu, að hlutafélagið, sem þarna skuli stofna, eigi að annast rekstur verksmiðjunnar, enda tekið skýrt fram: „og skal verksmiðjan þá rekin sem hlutafélag" — en ákvæði 3. gr. um eign ríkisins á verksmiðjunni standi algerlega óhögguð. Þetta veit ég að hefur verið skilningur bæði Sósfl. og Alþfl., þegar þetta mál hefur komið á undanförnum fimm árum til umræðu, bæði í fjhn. og hér á þingi, m. ö. o., að hlutafélagið Áburðarverksmiðjan h/f sé eingöngu rekstrarfélag, sem eigi ekki áburðarverksmiðjuna, heldur annist rekstur hennar, en verksmiðjan sjálf sé sjálfseignarstofnun, sem hlutafélagið yfirleitt getur alls ekki ráðstafað á þann hátt, sem hlutafélög annars geta ráðstafað sínum eignum.

Rúmu ári eftir að þessi lög voru sett í gegn, var af hálfu eins ráðherra Framsfl. gefin sú yfirlýsing á Alþingi, að þetta hlutafélag, Áburðarverksmiðjan h/f, ætti áburðarverksmiðjuna og

að hluthafarnir í Áburðarverksmiðjunni, þ. á m. einkahluthafarnir, sem þar eiga ⅔ af hlutafénu, ættu með tímanum, þegar þessi áburðarverksmiðja borgaði sig niður, að eignast ⅔ af áburðarverksmiðjunni, ef ekki yrðu gerðar neinar aðrar ráðstafanir í þessu efni.

Ég mótmælti þessum yfirlýsingum viðkomandi ráðherra, strax og þær komu fram, og lýsti því yfir, að ég áliti þær vera í algerri mótsetningu við lögin sjálf, svo að ég tali ekki um þjóðarhagsmuni. Ég hef síðan flutt þetta frv. nokkrum sinnum til þess að freista að fá alveg fyrir það byggt, að hægt verði að skoða áburðarverksmiðjuna sem einkafyrirtæki. Og til þess að taka af öll tvímæli um það, vegna þess að það er auðséð, að eins og lögin eru nú, er litið á þetta mismunandi augum, lagði ég til og legg til nú í þessu frv., að 13. gr. laganna, sú sem fjallar um þetta sem hlutafélag, rekstrarhlutafélag, sé felld niður. Því legg ég til í 2. gr. frv., að ríkissjóður skuli kaupa hlutabréfin í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjunni h/f og borga eigendum þeirra 6% ársvexti af upphæðinni frá þeim tíma, sem þeir hafa eignazt þessi hlutabréf.

Ég álít, að það sé nauðsynlegt, að Alþingi taki hér í taumana, og ég vil minna á, að það virðist hafa vakað fyrir ýmsum aðilum í sambandi við þá stefnu, sem tekin var, þegar 13. gr. var samþykkt, og þá stefnu, sem fólst í yfirlýsingum ráðherra Framsfl., að breyta áburðarverksmiðjunni algerlega í einkafyrirtæki, og ég þarf raunverulega ekki að fara í neinar grafgötur um, hvaðan þær till. muni runnar. Það er alveg auðséð, að Alþjóðabankinn, sem hafði nokkuð með áburðarverksmiðjuna að gera og lán til hennar og sömuleiðis til Sogsvirkjunarinnar, hefur auðsjáanlega frá upphafi stefnt að því að reyna að knýja fram, að áburðarverksmiðjan yrði einkafyrirtæki, yrði hlutafélag einkaaðila. Og það er vitanlegt, enda hefur því ekki verið mótmælt, að hann hafi reynt að fá hinu sama áorkað um sementsverksmiðjuna, þótt það hafi mistekizt. Ég mun máske seinna koma að þeim afskiptum, sem Alþjóðabankinn hefur haft um þau kjör, sem Sogsvirkjunin var látin veita áburðarverksmiðjunni.

Það, sem þó sýndi greinilegast, að fyrir Alþjóðabankanum vakti að gera áburðarverksmiðjuna að einkafyrirtæki, voru afskipti hans af þessum málum, þegar Framkvæmdabankinn var stofnaður. Í því frv. um Framkvæmdabankann, sem lagt var fyrir Alþingi, og það frv. var undirbúið og að miklu leyti búið til af fulltrúa Alþjóðabankans, sem hann hafði sent hingað upp til Íslands, amerískum manni, var ákveðið, að Framkvæmdabankinn skyldi fá sem eina af þeim eignum, er yrðu stofnfé, hlutabréf ríkisins í Áburðarverksmiðjunni h/f.

Sá maður, sem síðan varð framkvæmdastjóri Framkvæmdabankans, dr. Benjamín Eiríksson, lýsti því síðan yfir, aðspurður á fundi fjhn. Ed., hvað meiningin væri að gera með hlutabréf ríkisins í Áburðarverksmiðjunni h/f, ef frv. yrði samþykkt eins og það var og Framkvæmdabankinn fengi þau til eignar og yfirráða, að vísu með nokkrum skilyrðum. Hann lýsti því yfir, að það væri sín meining, að það ætti að selja þessi hlutabréf ríkisins einkaaðilum. Þá átti ríkið 6 millj. kr. í hlutabréfum í Áburðarverksmiðjunni h/f, en einstakir aðilar 4 millj., þannig að ef þetta áform, sem auðsjáanlega var runnið undan rifjum þeirra manna, sem Alþjóðabankinn sendi hingað til Íslands til þess að semja frv. um Framkvæmdabankann, hefði verið framkvæmt á þann hátt, sem framkvæmdastjóri Framkvæmdabankans hugsaði sér, þá hefði það þýtt, að hlutabréf ríkisins í þessu fyrirtæki hefðu verið seld einkaaðilum og það vafalaust fyrir það, sem hann kallaði sannvirði, að öllum líkindum nafnverð eða 6 millj. kr. Hefði þetta verið framkvæmt, þá hefði það þýtt, að öll hlutabréfin upp á 10 millj. kr. hefðu eftir nokkurn tíma komizt í hendur einkaaðila, og hefði maður þá tekið gilda þá yfirlýsingu ráðherra Framsfl. hér á Alþingi, að þetta hlutafélag ætti áburðarverksmiðjuna, þá þýddi það þar með, að einkaaðilar voru búnir með því að eignast 10 millj. kr. í hlutafé að eignast áburðarverksmiðjuna, fyrirtæki, sem kostaði 130 millj. kr.

Það var þess vegna auðséð, til hvers refirnir voru skornir í öllum þessum aðgerðum. Það átti að sölsa undir einkaauðmagnið stærsta atvinnufyrirtæki ríkisins í landinu. Það, að það tókst að koma í veg fyrir þetta þá, stafar vafalaust m. a. af því, að þetta var síðasta þing fyrir kosningar, og ríkisstj. mun ekki hafa þótt það hentugt, eftir að afhjúpað var, hvað þarna vekti fyrir, og eftir þessa miklu hreinskilni af hálfu framkvæmdastjóra Framkvæmdabankans. Þess vegna fékkst breyting á þessum ákvæðum hér á Alþingi, og það var tekið út úr lagafrv., að Framkvæmdabankinn skyldi fá hlutabréf ríkisins í áburðarverksmiðjunni til eignar. En þetta sýndi, hver meiningin var, að það var meiningin að sölsa undir einkaauðvaldið stærsta atvinnufyrirtæki ríkisins. Eingöngu óttinn við fólkið og kosningarnar gerði það að verkum, að þá var horfið frá þessu.

Öll þessi meðferð sýnir þess vegna og er glöggt dæmi um, hvernig reynt hefur verið nú undanfarið að ræna frá ríkinu, að ná úr höndum þjóðarinnar auðæfum, sem hún með réttu á, og eru notaðar til þess jafnhliða, svo að ekki sé skarpar að orði kveðið, tvíræðar lagaskýringar af hálfu ráðherra og tilraunir til þess að koma fram hér á Alþingi skemmdarverkum eins og þeim, sem ég gat um. Hins vegar er alveg auðséð, hvað fyrir Alþjóðabankanum og því ameríska auðvaldi, sem á bak við hann stendur, vakir, að láta greipar sópa um eignir íslenzku þjóðarinnar til þess að afhenda þær í hendur einkaaðilum og skapa þannig hér á Íslandi einkaauðvald, sem eigi stærstu stóriðjufyrirtæki þjóðarinnar. Það virðist vera stefna ameríska auðvaldsins í þessu efni að reyna að rækta hér upp einkaauðvald svo að segja eins og í gróðurhúsi til þess að skapa sér hér á Íslandi sterka, volduga og ríka bandamenn í auðmannastétt, sem eigi þá stóriðju, sem Ísland er að skapa sér. Og í samræmi við þetta voru líka þær tilraunir, sem gerðar voru af hálfu Alþjóðabankans til þess að fá sementsverksmiðjuna inn í sama far-

veginn, þótt þær til allrar hamingju hafi misheppnazt.

Það er þess vegna engum blöðum um það að fletta, að meðferðin á áburðarverksmiðjunni, tilraunin til að koma henni úr ríkiseign og í eign einstakra manna, er hluti af tilraunum ameríska auðvaldsins á undanförnum Marshall-árum til að skapa hér á Íslandi sterkara einkaauðvald en við nokkru sinni höfum þekkt, koma hér upp auðmannastétt, sem ráði yfir voldugustu fyrirtækjum íslenzku þjóðarinnar.

Það mundu hafa verið höfð sterk orð um, ef reynt hefði verið af einhverjum venjulegum manni að ræna 130 millj. kr. úr ríkissjóði og jafnvel þó að *minni* fjárupphæð hefði verið. En þegar reynt er að ræna úr eign ríkisins fyrirtæki eins og áburðarverksmiðjunni og koma því með tvíræðum lagaskýringum og tilraunum eins og þeim, sem ég gat um áðan, úr eign ríkisins og í eign einstakra manna, þá er hvorki talað um þjófnað né rán. Það er svo fint farið í hlutina. Og það er kannske ekki alveg út í hött, að á sama tíma sem undirbúið er að skapa á svona þokkalegan hátt stórauðvald, ríkt, voldugt einkaauðvald hér á Íslandi, er í tímariti Landsbankans verið að prédika, að það þurfi að gefa stórauðvaldinu, þeim mönnum, sem eigi stóriðjufyrirtækin, alveg sérstök skattfríðindi á Íslandi, m. ö. o.: um það leyti sem heppnaðist að ræna eignum ríkisins í hendur einstakra auðmanna, eigi líka helzt um leið að breyta þannig skattafyrirkomulaginu, að slíkt einkaauðvald sé skattfrjálst.

Það hefur síðustu árin staðið í járnum, það hefur hvorki þokazt fram né aftur í þessu áburðarverksmiðjumáli, eftir að tilrauninni, sem gerð var í sambandi við Framkvæmdabankann til að ræna henni alveg, var hrundið. Það hefur síðan ekki tekizt að stíga fleiri spor til að gera þetta að einkafyrirtæki, en það hefur ekki heldur tekizt fyrir mér og þeim, sem með þessu frv. standa, að fá fram, að það væru tekin af öll tvímæli af hálfu Alþingis um, hver ætti áburðarverksmiðjuna. Ég vil nú leyfa mér að vona, að hér verði nokkur breyting á, að Alþ. sjái nú, að við svo búið má ekki standa. Áburðarverksmiðjan er nú búin að vera í rekstri sitt fyrsta og rúmlega eitt ár, fullum rekstri, og það er þegar komin reynsla á það, hvert þjóðþrifafyrirtæki áburðarverksmiðjan getur verið og á að vera, og þess vegna má ekki bíða eftir því, þangað til farið er að skrifa hana niður og annað slíkt, að taka ákvarðanir um þetta mál. Þá getur þetta orðið mjög hættulegt og erfitt dómstólamál síðar meir, sem jafnvel gæti bakað ríkinu miklar skaðabótaskyldur gagnvart þeim mönnum, sem nú hafa lagt fram hlutafé í rekstrarfélagið Áburðarverksmiðjuna h/f, þannig að því fyrr sem tekin eru af öll tvímæli í þessu efni, því betra. Þess vegna flyt ég nú þetta frv. enn einu sinni.

En ég vil jafnframt gera það að umtalsefni, þótt það sé ekki alveg beinlínis í sambandi við þetta mál, að það eru önnur opinber fyrirtæki álíka stór, sem verða svo að segja að standa undir áburðarverksmiðjunni á sinn hátt, og þess vegna er líka nauðsynlegt að taka ákvarðanir um þeirra vegna, hver eignarháttur skuli vera á áburðarverksmiðjunni í framtíðinni. Ég á þar með við Sogsvirkjunina. Áburðarverksmiðjan og hennar rekstur byggist á aflinu frá Sogsvirkjuninni, og Sogsvirkjunin er eign ríkisins og Reykjavíkurbæjar, er m. ö. o. þjóðnýtt fyrirtæki, opinber eign. Það er mjög eðlilegt, að Sogsvirkjunin sem opinber eign sé látin hjálpa ríkisfyrirtæki, þjóðarfyrirtæki, öðru eins og áburðarverksmiðjunni, með því að gera því kleift að starfa. En það er ekki jafneðlilegt, að Sogsvirkjuninni sem ríkis- og bæjarfyrirtæki sé stefnt í stórhættu með því að láta hana þjóna undir einkafyrirtæki, ef litið yrði á áburðarverksmiðjuna þannig. Það hlýtur þess vegna að skapa allólíka afstöðu um það, hvaða skyldur eigi að leggjast ríkis- og bæjarfyrirtæki eins og Sogsvirkjuninni á herðar gagnvart áburðarverksmiðjunni, hvort menn líta á áburðarverksmiðjuna sem einkafyrirtæki eða ríkisfyrirtæki.

Í hinni upphaflegu áætlun um kostnað við rekstur áburðarverksmiðjunnar, áætluninni, sem gerð var og lögð fyrir Alþ. 1947, þ. e. löngu fyrir gengislækkun, var, ef ég man rétt, reiknað með því, að kostnaður áburðarverksmiðjunnar af rafmagni væri um 3 millj. kr. Og ég held mér sé óhætt að fullyrða, að það sé það eina úr hinni upphaflegu áætlun um rekstur áburðarverksmiðjunnar, sem hefur staðizt. Áburðarverksmiðjan borgaði á síðasta ári fyrir allt það rafmagn, sem hún fær frá Sogsvirkjuninni, 3 millj. og 100 þús. kr.

Það var nýlega gert að umtalsefni í einu dagblaðanna hér í Reykjavík, í Alþýðublaðinu, að *Sogsvirkjunin mundi vera ríkt fyrirtæki og hafa nóg fé til þess að halda áfram virkjunum, svo framarlega sem hún seldi áburðarverksmiðjunni rafmagn á svipuðu verði og hún selur öðrum iðjufyrirtækjum.* Að vísu er þar við að athuga, að Sogsvirkjunin selur engu öðru iðjufyrirtæki, heldur selur hún áburðarverksmiðjunni, Reykjavíkurbæ, Hafnarfjarðarbæ og rafmagnsveitum ríkisins rafmagnið í heildsölu, eins og ákveðið er eftir lögunum, með því ákveðna álagi, sem þar er til tekið, 5%, en síðan eru það Reykjavíkurbær, Hafnarfjarðarbær og aðrir aðilar, sem selja áfram til annarra iðjufyrirtækja rafmagnið og þá í smásölu til þeirra með sinni álagningu, sem er ekki há.

Það er hins vegar ekki nema eðlilegt, að menn geri sér alveg ljóst, að á þeim samningum, sem áburðarverksmiðjan hefur við Sogsvirkjunina, byggist tilvera áburðarverksmiðjunnar og hennar rekstrarmöguleikar. Og ég held, að það sé rétt hjá mér, að það verð, sem áburðarverksmiðjan fær á rafmagninu frá Sogsvirkjuninni, sé svipað og stórar norskar áburðarverksmiðjur fá og þurfa að reikna sér fyrir sitt rafmagn.

Á síðasta ári fékk áburðarverksmiðjan um 86 millj. kwst. frá Sogsvirkjuninni, og þegar hún verður í fullum gangi, má búast við, að það fari upp í um 120 millj. kwst. Og það, sem gerir verðið eins lágt og það er, er, að þetta er svo að segja öll umframorka Sogsvirkjunarinnar, sem veitt er í áburðarverksmiðjuna, og þess vegna rafmagnið reiknað svo lágt; fyrir utan þau föstu 4000 kw., sem áburðarverksmiðjan borgar sama

verð fyrir og Reykjavíkurbær eða Hafnarfjarðarbær, fær hún allt það, sem fram yfir er, raunverulega fyrir 1—2 aura kwst.

Nú er mér nokkuð kunnugt um, hvernig við horfði, þegar var verið að koma þessum samningum á milli Sogsvirkjunarinnar og áburðarverksmiðjunnar. Mér var kunnugt um, að Alþjóðabankinn knúði þar mjög skarpt á, vegna þess að hann féllst ekki á að veita áburðarverksmiðjunni lánin, sem hún átti að fá hjá honum, fyrr en búið væri af hálfu Sogsvirkjunarinnar að gera slíkan samning við áburðarverksmiðjuna, að Alþjóðabankinn væri ánægður með þann samning og áliti hann tryggan grundvöll.

Nú vil ég segja, að það er út af fyrir sig alveg ágætt fyrir Sogsvirkjunina að láta áburðarverksmiðju ríkisins í té rafmagn og sjálfsagt að gera það með þeim beztu skilmálum, sem hugsanlegir eru fyrir Sogsvirkjunina. Það mundi aðeins þýða, að eitt fyrirtæki ríkisins væri að hjálpa öðru, og fyrir Sogsvirkjunina er ákaflega heilbrigt að geta losað sig við allt sitt næturrafmagn, sem annars færi að miklu leyti til ónýtis, og eðlilegt, að það sé gert ódýrt. Samt vil ég minna á, að allmikið af slíku næturrafmagni mætti nota og selja með allgóðu verði til hitunar í ýmsum þeim bæjarhlutum, sem hafa ekki hitaveitu, og þeim sveitabæjum. Engu að síður er það ef til vill ekki það alvarlegasta, þó að Sogsvirkjunin verði að láta áburðarverksmiðjuna fá mjög ódýrt rafmagn, með einu skilyrði þó, og það er, að svo sé um séð, að Sogsvirkjunin hafi alltaf nóg rafmagn til hinnar daglegu notkunar og daglegrar aukningar, sem þarf til nýrra lagninga eins og t. d. um Vesturland og Vestmannaeyjar og til nýrra lagninga í þeim húsum og verksmiðjum og öðru slíku, sem byggt er til viðbótar á þeim svæðum, sem rafmagnið nú þegar nær til. M. ö. o.: Það leggst sú skylda á herðar hins opinbera með því að knýja Sogsvirkjunina til slíkra samninga við áburðarverksmiðjuna eins og gert var, þegar þeir samningar voru gerðir, að það sé alltaf séð um, að ný virkjun geti tekið við, áður en sú gamla er þurrausin.

Eitt af því, sem harðast var sótt, að því er ég held af hálfu Alþjóðabankans þar á bak við, var að fá inn í samningana við Sogsvirkjunina, að samningurinn við áburðarverksmiðjuna væri gerður til 15 ára. Ég áleit það ákvæði ákaflega varasamt fyrir Sogsvirkjunina. Ég áleit, að Sogsvirkjunin sem fyrirtæki yrði að tryggja sig, þar sem vitanlegt er, að hún hefur að engu leyti möguleika til þess að safna neinum sjóðum og á þess vegna einvörðungu undir ríkinu og Reykjavíkurbæ alla sína aukningu, að Sogsvirkjunin gæti því aðeins fallizt á slíka samninga við áburðarverksmiðjuna að binda sig til 15 ára, að hún væri örugg um, að það yrði bætt við Sogsvirkjunina í tæka tíð þeim virkjunum, sem þyrfti til þess að geta haldið eins ódýru rafmagnsverði til áburðarverksmiðjunnar og samið var um og ég sagði frá áðan. Og ég áleit, að þetta væri ekki aðeins nauðsynlegt fyrir stjórn Sogsvirkjunarinnar og Sogsvirkjunina sem fyrirtæki, heldur væri þetta líka nauðsynlegt fyrir áburðarverksmiðjuna, vegna þess að ef Sogsvirkjunin væri sett í þá óþægilegu aðstöðu að geta ekki látið nægilegt rafmagn í té, þá yrði hún að minnka skammtinn við áburðarverksmiðjuna eins og við aðra og draga þannig úr framleiðslu áburðarins.

Nú er það vitanlegt, að ný virkjun við Sogið tekur um það bil þrjú ár, eða virkjun annars staðar, ef ætti að leggja í hana seinna meir. Ég lagði þess vegna til, þegar þessir samningar voru gerðir, að Sogsvirkjunarstjórnin hefði þriggja ára uppsagnarfrest á þessum samningi, svo framarlega sem henni þætti ekki öruggt, að ráðizt yrði í nýja virkjun í tíma, og ég gerði það fyrir mitt leyti að skilyrði fyrir fylgi mínu við samningana, að þessi þriggja ára uppsagnarfrestur yrði samþykktur. Sú till. mín var felld, og ég greiddi þess vegna atkvæði á móti samningunum eins og þeir nú eru.

Ég lýsti þá yfir, bæði hér á Alþingi og annars staðar, að ég áliti, að það mundu hljótast mjög mikil vandræði af, ef ekki yrði fullvirkjað Sogið, þ. e. þriðju virkjun í því ekki lokið veturinn 1956—57, og þess vegna hefði þurft — og það var mín till. líka hér á Alþingi þá — að tryggja, að hafizt yrði handa, strax eftir að Írafossvirkjuninni var lokið, um virkjunina uppi við Úlfljótsvatn, m. ö. o. sumarið 1953.

Nú hefur að vísu verið undirbúið af hálfu Sogsvirkjunarstjórnarinnar allt hið tæknilega viðvíkjandi þriðju virkjuninni, en fjárhagshliðin er enn í algeru öngþveiti, þ. e. sú hlið, sem hvílir á ríkinu og Reykjavíkurbæ að sjá um. Það þýðir, að frammi fyrir Sogsvirkjuninni stendur sá vandi, þegar þetta dregst svona, að það verður á komandi tveim til þrem árum að fara að taka í vaxandi mæli olíustöðina inni við Elliðaár, setja hana í gang, ekki aðeins á tímum hámarksnotkunarinnar, heldur líka almennt til þess að framleiða með olíu rafmagn handa Reykvíkingum, Hafnfirðingum og Suðurlandsundirlendinu og áburðarverksmiðjunni. Þegar þannig væri komið, mundi Sogsvirkjunin standa í þeirri afstöðu að vera skuldbundin til að selja áburðarverksmiðju ríkisins rafmagn á verði, sem á aukarafmagninu fer niður í 1—2 aura kwst., en framleiða mikið af sínu rafmagni með þeim kostnaði, sem hlýzt af að kynda olíu í varastöðinni og varla verður undir 30—40 aurum á kwst. eða meira. Og veturinn 1958—59, sem sé þrjú ár héðan í frá, væri varastöðin líka þurrausin, þannig að hún gæti ekki heldur framleitt meira rafmagn, þó að hún væri kynt allan sólarhringinn með 30—40 aura kostnaði á kwst. Þetta er það, sem blasir við. Ég þarf ekki að skýra fyrir mönnum, í hvers konar aðstöðu Sogsvirkjunin sem fyrirtæki ríkisins er undir svona kringumstæðum. Þetta mundi beinlínis þýða, að það væri verið að skaða hana stórkostlega, eða þá að hún yrði að hækka stórkostlega allt rafmagn.

Samningarnir við áburðarverksmiðjuna eru nú líklega bundnir til 15 ára. Sogsvirkjunin má að vísu takmarka allt rafmagnið, taka upp skömmtun á rafmagni, en þetta er m. ö. o. ástandið, sem nú hefur verið skapað.

Ég hef tekið eftir því í þeim umræðum, sem fram hafa farið um hugsanlegar lánveitingar til Sogsvirkjunarinnar, að hæstv. ríkisstj. hefur sagt, að áður en farið væri að ræða um lán til

Sogsvirkjunarinnar, yrðu að ganga fyrir ein þrjú eða fjögur lán, sem ríkisstj. hefur hugsað sér að útvega hjá Alþjóðabankanum. Og ég hef ummæli borgarstjórans í Reykjavík fyrir því, að hann sagði beinlínis í umræðum, sem fram fóru í bæjarstjórn um þessi mál og ég vona að sé nokkurn veginn rétt vitnað í, svo hljóðandi: „Það vita allir, að það er ekki auðsótt mál að fá lán erlendis til framkvæmda á Íslandi nú. Erlendir sérfræðingar líta svo á, að fjárfesting á Íslandi sé of mikil og of ör.“ Ég býst við, að þeir sérfræðingar, sem borgarstjórinn á við í þessu sambandi, séu sérfræðingar Alþjóðabankans, og ég veit, að það hefur, það sem af er, ekki verið talað við aðra en Alþjóðabankann um þetta og máske ofur lítið reynt í Sviss. Það virðist m. ö. o. vera svo sem það sé afstaða Alþjóðabankans og hans sérfræðinga gagnvart Íslandi, sem nú standi í vegi fyrir því, að Sogsvirkjunin í fyrsta lagi geti fengið lán þar, í öðru lagi, að hún fái að reyna annars staðar um útvegun á láni.

Ég álít, að þetta ástand geti alls ekki gengið, og ég vil lýsa því yfir, að ég álít alveg óhjákvæmilegt, að Sogsvirkjunarstjórnin fái af hálfu Alþingis alveg ótvíræða heimild til þess að fara að leita sjálf fyrir sér um að fá lán til þriðju Sogsvirkjunarinnar, ef ríkisstj. heldur upptekknum hætti. Það er sem sagt hægt eftir þáltill. að leyfa Sogsvirkjunarstjórninni sjálfri að reyna að útvega sér lán, en það hefur ríkisstj. ekki viljað gera.

Ég er ekki í neinum efa um, að það er hægt að fá lán fyrir önnur eins fyrirtæki og þau, sem framleiða raforku fyrir þéttbýlasta hluta Íslands. Ég efast ekki um, að það mundi, ef leitað væri eftir, vera hægt að fá lán, jafnvel með 2½% vöxtum í staðinn fyrir þau 5% og jafnvel þar yfir, sem þeir neyðast til að taka nú, ef við bindum okkur ekki sjálfir á klafa Alþjóðabankans og hans eftirlits um lánveitingar.

Ég vil þess vegna láta það koma greinilega fram, að öll þau vandræði, sem í er komið, bæði viðvíkjandi því, hvernig búið er að draga í meira en tvö ár lánsútveganir handa Sogsvirkjuninni, til þess að hún geti staðið við sínar skuldbindingar gagnvart áburðarverksmiðjunni og öðrum, og hvernig komið er um deiluna um eignina á áburðarverksmiðjunni, er að kenna afskiptum Alþjóðabankans af íslenzkum efnahagsmálum og tilraunum hans til þess að sölsa undir einkaauðvaldið á Íslandi stærstu fyrirtæki landsins og í krafti þess að láta Sogsvirkjunina svo að segja þjóna undir áburðarverksmiðjuna, sem þessi alþjóðabanki vill gera að einkafyrirtæki. Og út frá þessum samningum og yfirstjórninni á lánamálunum er nú verið að koma Sogsvirkjuninni og þar með allri rafmagnsframleiðslunni hér í vandræðaástand. M. ö. o.: Af því að við Íslendingar höfum verið hlekkjaðir við þennan ameríska banka um lánsútveganir og stjórn á okkar lánamálum, er komið í algert óefni um það, sem er ein af höfuðundirstöðunum undir rekstri alls iðnaðar, svo að ég tali ekki um heimilishald, á Suðvesturlandi, þ. e. rafmagnsframleiðsluna. Hæstv. ríkisstj. hefur hagað sér þannig að knýja fyrst Sogsvirkjunina til þess að gera slíka samninga við áburðarverksmiðjuna sem ég nú hef lýst og síðan að bregðast henni á eftir um þá útvegun lánsfjár, sem hún óhjákvæmilega þurfti á að halda, ef hún átti að geta staðið við sínar skuldbindingar og ekki að eiga á hættu að fara bókstaflega á höfuðið eða að verða að leiða efnahagslegt vandræðaástand yfir þjóðina.

Nú gæti maður sagt, að út af fyrir sig, ef áburðarverksmiðjan væri alveg ótvírætt þjóðarfyrirtæki og þjóðareign, væri ekki nema eðlilegt, að Sogsvirkjunin, sem líka er þjóðareign, yrði að þola súrt og sætt með henni. En þetta mundi allt saman líta öðruvísi út, ef svo væri litið á, að áburðarverksmiðjan væri einkafyrirtæki, því að þá væri hér beinlínis verið að ræna þjóðarfyrirtæki, Sogsvirkjunina, til ágóða fyrir slíkt einkafyrirtæki.

Ég hef komið með þetta Sogsvirkjunarmál hér inn í vegna þess, hve málið er skylt, og vegna þess að ég áleit mér bera skylda til að segja þeim þm., sem um það vilja hugsa, frá því, hvernig standi um þessi fyrirtæki ríkisins.

Nú hef ég í þeim frásögnum, sem ég hér hef haft í frammi um eignina á áburðarverksmiðjunni, byggt á yfirlýsingum tveggja ráðherra Framsfl., hæstv. fjmrh. og annars ráðh., sem nú á ekki lengur sæti í ríkisstj. Ég hef vefengt þessar yfirlýsingar, þegar þær hafa komið fram. Nú hef ég hins vegar séð, mér til mikillar ánægju, að það er ekki skoðun Framsfl. í heild og því síður allra framsóknarþingmanna, að áburðarverksmiðjan sé eign Áburðarverksmiðjunnar h/f, eins og þessir tveir ráðh. Framsfl. álíta. Þvert á móti: Í vor, þegar átti að kjósa í stjórn áburðarverksmiðjunnar hér á Alþ., kom allt annað fram, og það gefur mér tilefni til þess að vona, að hjá hv. þm. sé nú grundvöllur fyrir því, að breyta verði um stefnu og hverfa burt frá þeirri yfirlýsingu framsóknarráðherranna, sem ég hef svo mjög gagnrýnt og álít svo hættulega. Þetta, sem fram kom í vor, var þannig, að 2. marz, þegar átti að kjósa í stjórn áburðarverksmiðjunnar, var þannig tilnefnt í stjórnina m. a. af hálfu Framsfl., að þar var nafn bankastjóra Landsbankans, en bankastjórar Landsbankans eiga, eins og kunnugt er, ekki að eiga sæti í stjórn atvinnufyrirtækis, og þá gaf æðsti maður þingsins, forseti sameinaðs Alþingis, úrskurð um þetta mál, úrskurð, sem mér liggur við að segja, með allri virðingu fyrir hæstv. ráðherrum, að verði að líta á sem þýðingarmeira framlag til skýringar á lögum en yfirlýsingar ráðherranna. Hæstv. forseti sameinaðs Alþingis sagði svo í sínum úrskurði, með leyfi hæstv. forseta:

„Hv. 8. landsk. þm. telur, að á A-lista, þar sem stendur nafn Vilhjálms Þórs, sé ekki heimilt að kjósa hann til stjórnarstarfa í áburðarverksmiðju ríkisins“, — ég vil biðja menn, hv. þm., að taka eftir, að forsetinn segir: áburðarverksmiðja ríkisins, — „og vitnar þar til 47. gr. laga um Landsbanka Íslands, þar sem svo er sagt: „Ekki mega bankastjórar hafa embættisstörf á hendi, ekki reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.“

Hér er um að ræða kjör af hálfu Alþingis til stjórnarstarfa í þessu fyrirtæki, áburðarverksmiðju ríkisins,“ — ég vek athygli hv. þm. á því, að hæstv. forseti segir aftur: áburðarverksmiðju

ríkisins, — „og umboð þeirra manna, er Alþingi kýs, er veitt af hálfu Alþingis, þess opinbera, til þess að ráða af sinni hálfu þessari stofnun, og á því ekki skylt við einkaatvinnufyrirtæki," — ég vek athygli hv. þm. á, að forseti segir, að það eigi ekki skylt við einkaatvinnufyrirtæki, heldur er það fyrst og fremst til að ráða þessu opinbera fyrirtæki ríkisins, sem Alþingi með kosningu veitir umboð þeim mönnum, er til þess eru kjörnir." Og forseti heldur áfram: „Ég hygg, að ekki sé annað hægt en að gera mikinn greinarmun á þessu tvennu, hvort um atvinnufyrirtæki er að ræða, sem er óháð ríkinu eða er í höndum einstakra manna. Þetta umboð, sem Alþ. veitir, er fyrst og fremst að gæta fyrirtækisins af hálfu þess opinbera."

M. ö. o.: Þegar þarf að fara að gefa yfirlýsingar úr forsetastól um kosningu manna í stjórn áburðarverksmiðju ríkisins, þá er lögð áherzla á það af æðsta manni Alþ., að þetta sé áburðarverksmiðja ríkisins, þetta sé eign ríkisins, þetta sé opinbert fyrirtæki, þetta sé ekki einkaatvinnufyrirtæki. Ég benti þá strax á það, að þessi yfirlýsing forseta og úrskurður hans stangast algerlega á við yfirlýsingar ráðherranna, sem þeir hafa áður flutt úr ráðherrastóli, og ég vil leyfa mér að taka þessa yfirlýsingu forseta sameinaðs Alþingis sem enn ein rök fyrir réttum skilningi mínum á lögum um áburðarverksmiðju, þar sem tekið er fram í 3. gr. og engu breytt í henni með ákvæðum 13. gr., að áburðarverksmiðjan sé sjálfseignarstofnun.

Hins vegar álít ég nú rétt, að Alþ. skeri endanlega úr því sjálft og taki af öll tvímæli um sína skoðun í þessum efnum. Ekki svo að skilja, að ég álíti nein tvímæli þar á. Ég hef alltaf haldið fast við það og álít enn, að áburðarverksmiðjan sé eign ríkisins samkvæmt 3. gr. laganna og hlutafélagið Áburðarverksmiðjan h/f sé aðeins rekstrarfélag. En ég álít, að við eigum fyrir framtíðina að girða algerlega fyrir það, að nokkur tvímæli geti verið þarna um, og þess vegna sé rétt að færa áburðarverksmiðjulögin í það upprunalega horf, eins og þau komu jafnan fram sem frv. hér á Alþ., þar sem verksmiðjan væri alveg tvímælalaust ríkiseign og ríkisrekin. Og ég vil segja það gagnvart þeim einstaklingum, sem eru eigendur í Áburðarverksmiðjunni h/f, að það er aðeins til þess að blekkja þá með því og valda þeim seinna meir máske alls konar miklum erfiðleikum viðvíkjandi þeirri eign, sem þeir eiga þar í hlutabréfum, að vera að draga að taka ákvarðanir um, að ríkið kaupi þessi hlutabréf af þeim.

Svo vildi ég að síðustu óska eftir því, að það komi greinilega fram, sérstaklega af hálfu Framsfl., hver afstaða hans er í þessu máli. Ég hef nokkrum sinnum deilt við hæstv. ráðh. Framsfl. um þetta mál hér á Alþ., og ég held, að það sé alveg nauðsynlegt, að þeir geri Alþ. grein fyrir því, hver þeirra afstaða er í þessu máli. Er það þeirra meining að ætla með sínum yfirlýsingum að reyna að hjálpa til þess að koma áburðarverksmiðjunni úr eign ríkisins í eign einstaks hlutafélags?

Ég vil í því sambandi minna á, að Alþfl. hefur, frá því að þetta mál fyrst bar hér á góma, tekið sams konar afstöðu og Sósfl. í þessu efni, og á meðan ég átti sæti í fjhn. þessarar d. ásamt núverandi hæstv. forseta Íslands sem fulltrúa Alþfl., vorum við þar sammála um afstöðuna og skilninginn á þessum lögum. Mér þætti vænt um að heyra, hvort afstaða Alþfl. er ekki óbreytt í þessum efnum og hann standi með því eins og hingað til að verja þetta ríkisfyrirtæki fyrir ágangi og tilraunum einkaauðvaldsins til þess að ná því undir sig. En mér þætti enn þá vænna um að fá þá yfirlýsingu frá Framsfl., að hann væri hættur við að taka þátt í slíkum tilraunum. Hins vegar kann ég ákaflega illa við, að sú aðferð sé höfð þing eftir þing um mál eins og þetta, að það fáist ekki afgreitt frá fjhn. þessarar deildar, m. a. vegna þess, að fulltrúi Framsfl. í þeirri nefnd, form. nefndarinnar, liggi á málinu og hindri afgreiðslu þess. Ég álít það algerlega ófær vinnubrögð af hálfu Alþ. Það hlýtur að vera hægt fyrir menn að manna sig upp til þess að taka afstöðu í máli eins og þessu, hvað menn vilja láta gera með ríkisfyrirtæki, sem kostar 130 millj. kr. og deilt er um hver eigi. Það er algerlega óþolandi af hálfu Alþ. að láta þetta geta verið í tvísýnu. Hér þarf að taka af öll tvímæli. Það mundi verða gert með mínu lagafrv., og það væri líka hægt að gera það á hinn veginn með því að breyta núverandi lögum í þá átt, að það sé þá skýrt, að þetta sé orðið einkafyrirtæki, eign Áburðarverksmiðjunnar h/f.

Fyrrverandi form. Alþfl., Stefán Jóh. Stefánsson, flutti fyrir kosningarnar 1953 þáltill. hér á Alþ. um að skora á ríkisstjórnina að endurskoða þessi lög, og sú till. var samþ. Hann vildi fá úr því skorið, eftir að hann hafði sjálfur tekið f. h. Alþfl. afstöðu með mínu frv., hvernig Alþ. skildi áburðarverksmiðjulögin, og ríkisstjórninni var þá þess vegna falið að leggja fram brtt. við lögin um áburðarverksmiðjuna, sem gerðu þetta alveg ótvírætt. Það hefur ríkisstj. hins vegar aldrei þorað að gera. Það verður að breyta þessum lögum, ef áburðarverksmiðjan á ekki að vera eign ríkisins. Það hefur ríkisstj. aldrei lagt fram till. um. Ég álít þess vegna, að þetta sé alveg óþolandi ástand eins og nú er, þarna verði Alþ. að skera úr, og til þess að fá úr þessu skorið í samræmi við það, sem ég álít hafa verið upphaflega vilja Alþ. í þessum efnum, og það, sem ég álít felast í lögunum, flyt ég þetta frv. Ég vil svo að endingu leggja til, að því sé vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. fjhn. í trausti þess, að fjhn. afgreiði þetta mál, hún verður náttúrlega að ákveða sjálf, á hvern hátt hún gerir það, en það sé ekki lengur látið ganga svo með stærsta atvinnufyrirtæki ríkisins, að það sé hægt að fara að deila um það, það sé jafnvel hægt að fara í mál um það, hver eigi það, rétt eins og það væri einhver gripur, sem einhver hefði misst upp úr vasa sínum, týnt hérna á götunni, og það væri ekki hægt að segja, hver væri nú raunverulegur eigandi hans. Alþ. getur ekki gengið þannig frá málum, að það taki ekki af öll tvímæli um, hvernig er með eignarréttinn á áburðarverksmiðjunni.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum lýsa yfir stuðningi mínum við

þetta frv., eins og ég hef gert áður, þegar það hefur verið borið fram. Hér er ekki um neitt smámál að ræða. Hér er stórmál á ferð. Áburðarverksmiðjan h/f er stærsta iðjufyrirtæki, sem starfar á landinu. Stofnkostnaður þess mun hafa numið um 130 millj. kr. Af þessu fé lagði ríkið fram meira en 97%. Einstaklingar hafa lagt fram tæplega 3%. En stjórn fyrirtækisins er þannig háttað, að einstaklingar, sem lagt hafa fram tæplega 3% stofnkostnaðarins, hafa tvo af fimm stjórnendum fyrirtækisins. M. ö. o., tæplega 3% fjárframlög veita rétt til 40% hlutdeildar í stjórn fyrirtækisins.

Um það ætti ekki að þurfa að fjölyrða, að hér er eitthvað meira en lítið bogið við. Tilhögun stjórnarkosningar í félaginu er sú samkv. gildandi lögum, að stjórn verksmiðjunnar skal skipuð þremur mönnum, en fimm, ef einstaklingar leggja fram hlutafé. Og heimilt er að afla 4 millj. kr. af 10 millj. kr. hlutafé hjá einstaklingum. Það var gert.

Þessir þrír menn eru kosnir hlutfallskosningu hér á hinu háa Alþingi. Vel gæti farið svo, að á Alþ. myndaðist þingmeirihluti, sem væri í andstöðu við einkafjármagnið í landinu, en að í þingminnihlutanum væru aðilar, sem væru í nánum tengslum við einkafjármagnið í landinu, og mætti jafnvel líta á þá sem fulltrúa þess að einhverju leyti. Þá er augljóst mál, að ríkisvaldið hefur misst yfirráðin yfir áburðarverksmiðjunni. Ef minni hluti þeirra þriggja, sem kosnir eru hlutfallskosningu af Alþingi, sameinast fulltrúum einkafjármagnsins í verksmiðjunni, þá hefur meiri hluti Alþingis minni hluta í stjórn áburðarverksmiðjunnar og valdið er í raun og veru komið yfir til fulltrúa einkafjármagnsins, yfir í hendur þeirra, sem lagt hafa fram ekki 3% af stofnkostnaði verksmiðjunnar.

Þessi lagaákvæði mega ekki lengur vera í gildi með þeim hætti, sem nú er. Þeim verður að breyta.

Fjárhagshlið málsins er í raun og veru enn þá ranglátari, ef hún er skoðuð nánar, því að tæplega $\frac{1}{30}$ af fjárframlögunum veitir $\frac{2}{5}$ eignarréttarins í verksmiðjunni. Þeir, sem lagt hafa fram tæplega 3% af fénu, eiga $\frac{2}{5}$ af hlutafénu og þar með $\frac{2}{5}$ af nettóeign verksmiðjunnar.

Þegar þessum rökum hefur áður verið hreyft hér á hinu háa Alþingi, hefur því verið til svarað af málsvörum þessarar skipunar, af hæstv. ráðherrum, sem rætt hafa málið, á þann veg, að þeir hafa sagt: Áburðarverksmiðjan mun selja framleiðsluvöru sína á kostnaðarverði og þar af leiðandi ekki safna neinum ágóða, þannig að um eignasöfnun hjá verksmiðjunni verður ekki að ræða, ekki a. m. k. verulega.

Þessu er þó því aftur til að svara, að samkv. ákvæðum laganna sjálfra skal leggja allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar í varasjóð. Gert er ráð fyrir, að safnað sé allgildum varasjóði, sem auðvitað verður mjög fljótlega jafnhár hlutafénu, fyrst það er ekki nema $\frac{1}{13}$ af öllu kostnaðarverði verksmiðjunnar. Þó að ekkert væri að gert annað en að hlýða ákvæðum laganna um söfnun varasjóðs, er alveg auðséð, að þar mun eiga sér stað allmikil eignasöfnun hjá verksmiðjunni, er beinlínis gert ráð fyrir því í lögunum, og eignarrétturinn að þeim varasjóði er samkvæmt núgildandi skipun að $\frac{2}{5}$ hlutum í höndum manna, sem aðeins hafa lagt fram tæplega 3% af stofnfénu. Hér er um augljóslegt fjárhagslegt ranglæti að ræða, sem ráða þarf bót á.

Auk þess er rétt að benda á, að hjá því getur varla farið, ef rekstur áburðarverksmiðjunnar verður í heilbrigðu horfi, sem vonandi verður, að raunveruleg eignasöfnun hennar verði meiri en svarar til myndunar varasjóðsins. En það gildir um alla nettóeignasöfnun verksmiðjunnar, að $\frac{2}{5}$ hlutar nettóeignaaukningarinnar verða eign þeirra manna, sem eiga $\frac{2}{5}$ hluta hlutafjárins, fyrir að hafa lagt fram aðeins 3% af stofnfénu.

Þetta eru svo sterk rök fyrir því að taka þessi lög til endurskoðunar, að breyta þeim einmitt í þá átt, sem hér er gert ráð fyrir, þ. e. a. s. að ríkið verði tvímælalaus einkaeigandi stofnunarinnar, að það er ekki hægt að hunza þau til lengdar.

Ég lít að vísu eins á og hv. 2. þm. Reykv., að lögin eins og þau eru beri og verði að túlka þannig, að fyrirtækið sé ríkisfyrirtæki, 3. gr. hafi alls ekki verið breytt með ákvæðum 13. gr. um að fela reksturinn hlutafélagi, ef einstaklingar fáist til að leggja fram allt að 4 millj. kr., svo að ég tek undir þá lögskýringu, að fyrirtækið sé ríkisfyrirtæki, sé sjálfseignarstofnun ríkisins þrátt fyrir þá tilhögun, sem höfð er á rekstrinum samkvæmt ákvæðum 13. gr. En þar sem hér er um jafnmikla hagsmuni að ræða og ég hef þegar drepið á áður, bæði að því er varðar stjórn verksmiðjunnar og að því er varðar eignarréttinn að eðlilegri eignaaukningu hennar, er sjálfsagt að hafa hér engin tvímæli á og breyta lögunum þannig, að þetta verði alveg tvímælalaust. Löggjafarstofnunin getur ekki látið það viðgangast, að svo geti farið fyrr en varir, að löglegur meiri hluti á Alþingi ráði verksmiðjunni í raun og veru alls ekki og verði að horfa upp á það, að einkafjármagnið, sem aðeins hefur lagt fram 3% stofnfjárins, sé eigandi hennar. Löggjafarsamkoman getur ekki heldur horft upp á, að $\frac{2}{5}$ hlutar eðlilegrar eignaaukningar verksmiðjunnar lendi í höndunum á mönnum, sem aðeins hafa lagt fram 3% stofnkostnaðarins. Þessu verður að breyta, og þeim mun fyrr sem því er breytt, þeim mun betra. Ég vil því taka undir þá ósk hv. flm. frv., að þessu þingi ljúki ekki án þess, að lögunum um áburðarverksmiðju verði breytt í þá átt, sem hér er farið fram á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Nd., 1. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 5. des., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þann 25. okt. var útbýtt hér í þessari hv. deild frv. til l. um

breytingu á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, sem ég flutti, 62. mál þessarar deildar. 31. okt. fór fram umr. um þetta mál í þessari deild. 1. nóvember var þessu máli vísað til fjhn. þessarar d. Enn er fjhn. ekki farin að skila neinu áliti um þetta mál, og ég vildi nú leyfa mér að biðja hæstv. forseta að ýta við hv. fjhn. um þetta mál. Ég tek þetta mál sérstaklega út úr, þó að það séu fleiri mál, sem bæði ég hef flutt og aðrir og liggja þar enn þá óafgreidd, vegna þess að hér er ekki um neitt smáræði að ræða, heldur um eignarrétt á stærsta fyrirtækinu, sem til er með þjóðinni. Og ég vil jafnframt leyfa mér að átelja, að það fer í vöxt hér á Alþ. nú, að vissar n. — og eiga þær þó ekki allar óskilið mál, sumar vinna sæmilega — hafa tekið upp þann hátt að skila yfirleitt alls ekki áliti um þau mál, sem til þeirra eru send, og þó alveg sérstaklega ef þau mál eru flutt af einstökum þingmönnum, ég tala nú ekki um, ef það er af þm. stjórnarandstöðunnar. Þessi háttur álít ég að megi alls ekki lengur verða viðhafður. Þetta var ekki svo áður fyrr á Alþ. Þá álitu n. það skyldu sína að skila álitum og taka afstöðu til mála og láta málin þá ýmist falla eða þá verða samþykkt eða þá hins vegar vera vísað til ríkisstj., ef n. þótti þau ekki nægilega vel undirbúin. En þessi aðferð, sem nú er höfð, að svæfa hvert mál eða þegja það í hel, verður til þess að minnka veg Alþ. út á við. Hún verður til þess að auka það umtal, að hér sé ekkert gert og hér sé ekkert unnið. Ég vil alveg sérstaklega beina því til þeirra flokka, sem láta ekkert tækifæri ónotað til þess að segjast vera sérstakir forsvarar bæði lýðræðis og þingræðis, að þegar þeir sem meirihlutaflokkar haga sér þannig gagnvart frv. stjórnarandstöðunnar, að þeir þora þá ekki hreinlega að fella þau, heldur reyna að svæfa þau eða þegja þau í hel á þennan hátt, þá eru þeir beinlínis að traðka bæði lýðræði og þingræði undir fótum og draga úr áliti Alþingis. Nefndir eru kosnar til þess að vinna að málunum, en ekki til þess að verða kirkjugarður allra góðra hugsjóna.

Ég vil þess vegna leyfa mér að biðja hæstv. forseta, sem oft áður hefur sýnt lofsverða röggsemi, þegar komið hefur verið í hreinan voða um þetta afgreiðsluleysi nefndanna, að áminna þessar hv. n. og alveg sérstaklega fjhn. þessarar d. um að fara að skila áliti um þau mál, sem til hennar hefur verið vísað. Alveg sérstaklega vildi ég óska þess, að um þetta mál yrði farið að láta atkv. ganga í n., þar sem mér er ekki grunlaust, að meiri hl. í n. sé samþykkur þessu máli.

Forseti (SB): Af þessu tilefni vil ég aðeins segja það, að forseti hlýtur að sjálfsögðu að óska þess, að ekki aðeins fjhn., heldur allar n. hv. þd. skili áliti og afgr. þau mál, sem til þeirra er vísað.

Á 73. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 69, n. 377 og 383).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Frv., sem hér liggur fyrir, er um breyt. á l. frá 1949 um áburðarverksmiðju. Áburðarverksmiðjan er hlutafélagsfyrirtæki. Flm. þessa frv. hefur haldið því fram, að svo gæti farið, að verksmiðjan yrði gróðafyrirtæki einstakra hluthafa. Ég fæ ekki séð, að svo geti orðið, að óbreyttum lögum. Ríkið á ⅝ hlutafjárins og hefur hlutfallslegan yfirráðarétt í öllum málum félagsins. Samkv. því kýs Alþ. þrjá af fimm stjórnendum fyrirtækisins. Enn má benda á, að ákveðið er í lögunum, að ekki megi greiða meiri arð af hlutafénu en 6% á ári, og þess má geta, að enn sem komið er hafa hluthafar enga vexti eða arð fengið af hlutafé sínu í áburðarverksmiðjunni.

Með frv. þessu er stefnt að því að leggja niður hlutafélagið Áburðarverksmiðjan h/f. Jafnvel þó að menn vildu á það fallast, tel ég ákaflega hæpið, að ekki sé meira sagt, að slíkt verði gert með þeim hætti, sem lagt er til í frv.

Ekki varð samkomulag í fjhn. um frv. Tveir nm. vilja láta samþykkja það, en meiri hl. getur ekki á það fallizt. Það er þó ekki till. meiri hl., að frv. verði fellt, en hins vegar leggur hann til, eins og fram kemur í nál. á þskj. 377, að málinu verði vísað til ríkisstj. Víst getur verið ástæða til að taka lögin um áburðarverksmiðjuna til yfirskoðunar, þ. á m. ákvæðin um hlutafélagið, og því eðlilegt, að málinu sé vísað til ríkisstj. til athugunar.

Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Svo sem frsm. meiri hl. n. hefur lýst, varð ekki samkomulag í fjhn. um afgreiðslu þessa máls, og mun þó máske bera efnislega minna á milli en ætla mætti. Þeir hv. alþm., sem skipa meiri hl., munu telja vafasamt, að hægt sé með lögum að leggja niður hlutafélagið, sem rekur áburðarverksmiðjuna, eins og frv. gerir ráð fyrir, til þess muni máske þurfa eignarnámsheimild. Ég fyrir mitt leyti ætla ekki að ræða það mál sérstaklega, en taka fram, að ég hef ástæðu til þess að ætla, að viðkomandi hluthafar muni ekki hafa á móti því, að sú breyting á rekstri áburðarverksmiðjunnar, sem lagafrv. gerir ráð fyrir, verði tekin í lög, og geti þess vegna orðið um það samkomulag.

Ég vil benda á, að lögin um áburðarverksmiðjuna eru raunar rétt eins og þau væru blaðagreinar í blöðum andstæðinga, þar sem eitt rekur sig á annars horn. T. d. skal það viðurkennt, að hv. frsm. meiri hl. hefur nokkurn rétt til þess að byrja ræðu sína á þann hátt, sem hann gerði, þ. e. a. s. taka það fram, að áburðarverksmiðjan sé hlutafélag, en þar styðst hann við 13. gr. laga um áburðarverksmiðju; en í 3. gr. stendur: Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun — og virðist furðu illa samrýmast að hafa þetta tvennt í lögum um sama fyrirtæki, bæði að það sé sjálfseignarstofnun og sömuleiðis að það geti verið hlutafélag. Mergurinn málsins mun vera sá, að lögin um áburðarverksmiðjuna voru samin fyrir sjálfseignarstofnun á vegum ríkisins, en á síðustu stigum afgreiðslu málsins hér í Alþ. var bætt inn heimildargrein fyrir ríkisstj. að stofna hlutafélag, ef tiltekin fjárhæð fengist í hlutabréfum, þ. e. 4 millj. kr., og notaði ríkisstj. þessa heimild. Hlutafé þessa rekstrarfélags, sem þannig var myndað með framlagi, sem var 4 millj. frá einkaaðilum og 6 millj. frá ríkinu, var slengt saman við þær um það bil 120 millj., sem

ríkið hafði greitt eða lánað til stofnkostnaðar áburðarverksmiðjunnar, og síðan hefur því verið haldið fram af ráðherrum hér á Alþ., að það væri einmitt hlutafélagið, þ. e. aðstandendur þessara 10 millj., sem ætti áburðarverksmiðjuna, en hinar 120 milljónirnar, sem ríkið hefur lagt fram utan við þetta hlutafélag, eigi að vera útstrikaðar og gleymdar og týndar sem slíkar.

Ég efast ekki um, að þeir hluthafar, sem lagt hafa fram fé í áburðarverksmiðjuna, hafa gert það af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi hafa þeir talið, að nokkur arðsvon væri að því að eiga hlut í slíku fyrirtæki. Í öðru lagi þykir mér líklegt, að þeir hafi viljað eiga sinn hlut að því, að þessari mjög nytsömu stóriðju yrði komið upp hér á landi. Nú virðist svo sem vonir um það, að áburðarverksmiðjan verði mjög arðbært fyrirtæki, hafi nokkuð dvínað, og mun afkoma verksmiðjunnar að undanförnu ekki gefa ástæðu til að ætla, að hér verði um að ræða stórgróðafyrirtæki í framtíðinni. Það gætu því einhverjir sagt, að eðlilegt væri, að það hlutafé, sem einkaaðilar hafa lagt fram í þessa verksmiðju, gufaði upp sem tap á verksmiðjunni á nokkrum árum. Það er ekkert ólíklegt, að með því að verksmiðjan mun lítt hafa fyrir afskriftum í rekstri sínum, rýrni hlutaféð smám saman og komi þannig til með að þurrkast út. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að þannig beri að fara að gagnvart þeim aðilum, sem lagt hafa fjármagn í verksmiðjuna. Ég tel rétt, að ríkið gefi þeim kost á því að leysa út hlutafé þeirra með sæmilegum vöxtum frá því að þeir lögðu það fram, og það er einmitt það, sem frv. gerir ráð fyrir. Þess vegna höfum við, sem skipum minni hluta fjhn., við hv. 1. landsk., lagt til, að frv. verði samþykkt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka fjhn. og sérstaklega þeim tveim hv. þm., er skipa minni hl., fyrir afgreiðsluna á þessu máli. Þykir mér vænt um, að þetta mál skuli nú loks hafa fengið afgreiðslu í nefndinni og geta þess vegna legið hér fyrir, og er ég fyllilega samþykkur þeirri afgreiðslu, sem hv. minni hl. hefur á því haft.

Ég held, að það sé um leið nauðsynlegt, að við reynum að gera okkur nokkuð vel ljóst, hvernig málið horfir nú. Ég skal þar fyrst fara inn á spurninguna um hlutaféð og það, sem hér var komið inn á áðan viðvíkjandi því, hvort ef til vill mundi þurfa einhverja eignarnámsheimild í sambandi við það.

Í lögunum eins og þau eru nú, 13. gr., er heimilað að leita eftir þátttöku félaga um hlutafjárframlög, og ef þessi 13. gr. er felld burt, þá er þessi heimild þar með brott fallin og grundvöllurinn fyrir Áburðarverksmiðjunni h/f, þ. e. hlutafélaginu, er þar með brott fallinn. Það, sem ríkissjóður gerir með ákvæði 2. gr. í minu frv., er að gefa hluthöfunum kost á að innleysa þeirra bréf. Það, sem þá getur gerzt næst, er sem sé tvennt: Þessir menn gætu farið í skaðabótamál við ríkissjóð, vitnandi í yfirlýsingar ráðherranna um eign á verksmiðjunni og annað slíkt, og hef ég alltaf bent á, að sá möguleiki væri fyrir hendi. Þeir gætu farið í slíkt skaðabótamál og heimtað, að þeirra hlutabréf væru virt á miklu meira en t. d. nafnvirði, og annað slíkt og skírskotað þar í stjórnarskrána. Það gæti líka gerzt annað, að þessir hluthafar vildu ekki innleysa þessi hlutabréf, og þá gæti komið til kasta Alþingis aftur, að Alþingi t. d. vildi heldur fara að taka þetta eignarnámi.

Nú held ég satt að segja, ef maður ræðir þetta mál alveg „praktískt", að þeir hluthafar, sem þarna eiga hlut að máli nú, mundu gjarnan, eins og hv. 9. landsk., frsm. minni hl., kom hér inn á áðan, verða við því að selja sín hlutabréf og þætti gott að fá þau innleyst á nafnverði að viðbættum 6% ársvöxtum. Mín skoðun er sú, þannig að að öllu leyti mundu þessar tvær lagagreinar duga til þess að leysa það „praktíska" vandamál, sem í sambandi við þetta stendur, sem sé að fá með góðu móti þá, sem nú eiga þessi hlutabréf upp á 4 millj. kr., til að selja þau ríkinu fyrir nafnverð að viðbættum 6% ársvöxtum. Ég álít, að það sé í senn sanngjarnt gagnvart þeim aðilum, sem í þetta hafa lagt, og um leið eðlilegt fyrir ríkissjóð að tryggja sér þannig ótvíræða eign á þessu og afstýra öllum frekari deilumálum og málshöfðunum, sem kynnu að koma seinna meir út af eignarréttinum á þessari verksmiðju.

Alþingi hefur búið til grundvöllinn fyrir þetta hlutafélag með 13. gr., og það getur kippt þeim grundvelli undan á þennan hátt. Hitt er gefið, að þessir aðilar geta átt sinn skaðabótarétt, en ég býst við, að það, sem mundi vera drýgst í þeirra kröfum um skaðabætur, væru yfirlýsingar tveggja ráðherra Framsfl. í þinginu um, að þetta hlutafélag ætti verksmiðjuna, sem hins vegar, eins og ég hef margoft tekið fram, stangast við lög, stangast við 3. gr. laganna.

Ég held þess vegna, að hvað snertir „praktíska" lausn á þessu máli dugi þessi 2. gr. alveg. Ég álít hins vegar mjög nauðsynlegt, að við ræðum þetta hérna, því að við skulum reyna að koma okkur niður á það, sem eðlilegt er og raunhæft í þessum málum, áður en lengra er komið.

Hv. þm. V-Húnv., frsm. meiri hl., talaði um, að það væri ekki mikil hætta í því fólgin, þótt þetta hlutafélag stæði áfram; ef það væri gróði, þá fengju þeir ekki nema 6% úthlutað. En ég vil benda honum á einn hlut: Ef gróði er af verksmiðjunni, þá er fyrst greidd niður verksmiðjan, því næst þessi 6%, þannig að ef gróði er af henni, þá eignast smám saman þessir einkahluthafar, sem eiga 2/3 af hlutafénu, þessa verksmiðju, sem kostaði 130 millj. kr., og þeir fá fyrir sitt 4 millj. kr. hlutafé 2/3 af 130 millj. kr. Þeir eignast tífalda eign móts við það hlutafé, sem þeir leggja fram, ef verksmiðjan er gróðafyrirtæki og ef lögum er framfylgt, og ég vil benda hv. þm. V-Húnv. á það, að jafnvel þó að honum fyndist, að ekki væri nú gróðavænlegt í augnablikinu, þá má hann muna, að ef svo heldur áfram sem nú horfir á Íslandi um gengislækkanir á 5—10 ára fresti og jafnvel skemmri fresti, þá verður þess ekki langt að bíða, að fyrirtæki eins og áburðarverksmiðjan þarf ekki að bíða nema ein 20 ár, þangað til hún er orðin örugg eign og öruggt gróðafyrirtæki þeirra, sem hafa eignazt hana með þessu móti. Það er þess vegna rétt að athuga þann þátt í þessu.

Hvað hinn möguleikann snertir, sem hv. frsm. meiri hl. minntist á, ef tap yrði á verksmiðjunni, þá skal ég koma nánar inn á það síðar. En viðvíkjandi till. meiri hl. um að vísa þessu til ríkisstj. vil ég minna hann á, að raunverulega er ríkisstj. búin að hafa þetta mál í nokkur ár til athugunar. Ég hef að vísu ekki haft tíma síðan áðan til þess að ganga alveg úr skugga um það, en einhver till. eða tilmæli, sem þáverandi þm. Alþfl., Stefán Jóh. Stefánsson, kom hér fram með síðasta árið sem hann sat á þingi, var samþykkt hér um að fela ríkisstj. að endurskoða þessi lög. Ríkisstj. hefur haft aðstöðu til að gera slíkt, svo að það er ekki um það að ræða.

Ég held, að við þm. þurfum sjálfir að gera okkur ljóst, hvað við viljum í þessu máli, og í því sambandi er rétt að koma nú þegar inn á spurninguna um þessa verksmiðju og hennar rekstur. Það sjá allir, hvað við blasir, ef gróði er af verksmiðjunni. En hvað verður, ef það er tap á henni? Verksmiðjan hefur nú verið rekin að fullu í það langan tíma, að það ættu að liggja þar fyrir nokkrir reikningar. Þeir eru að vísu ekki opinberir enn þá, en munu þó vera til, og eins og hv. þm. vita, á að afskrifa verksmiðjuna samkvæmt lögunum og það allmikið, til fyrningarsjóðs 2½% af kostnaðarverði húsa, lóða og annarra mannvirkja, 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda og til varasjóðs 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar, og það er svo fyrir mælt, að allar þessar afskriftir skuli ganga fyrir, áður en gróði er útborgaður eða vextir af hlutafé, og þegar þetta mál var rætt sérstaklega í Ed., þegar breytingin var gerð, þessi 13. gr. sett inn í, þá var greinilega tekið fram, að þetta hlutafé, sem meiningin væri að fá, ætti að vera fyrsta áhættufé.

Nú vil ég leyfa mér að spyrja, — það væri gott, ef einhver ráðherrann væri hér viðstaddur, en það eru máske aðrir, sem þekkja svo til: Hefur í þeim reikningum verksmiðjunnar, sem þegar hefur verið gengið frá, nokkur afskrift farið fram? Hefur nokkuð verið afskrifað? Hefur lagagreinunum um þetta verið fullnægt? Ég held ekki. Ég held, að það hafi ekkert verið afskrifað enn sem komið er. Og það þýðir, að verksmiðjan hefur raunverulega gengið með tapi, og það tap hefði nú þegar átt að ganga út yfir hlutafé. Hefur það verið látið gera það? Nei, það hefur ekki verið látið gera það. Það hefur ekki verið reiknað neitt tap og þess vegna ekki heldur verið afskrifað neitt af hlutafénu. Hefur þá verksmiðjan getað raunverulega framleitt á sama verði og hægt er að fá áburðinn erlendis frá? Hún hefur ekki getað það. Við stöndum frammi fyrir því og við verðum að horfast í augu við þetta. Það blasir við, að eigi að fara að lögum, þá eigi nú þegar að byrja að afskrifa þetta hlutafé, sem þarna hefur verið lagt í og samkvæmt yfirlýsingu þeirra, sem börðust fyrir að fá 13. gr. inn, átti að vera fyrsta áhættufé.

Ég þarf ekki að láta segja mér neitt um, hvernig með þetta mundi farið eins og nú er háttað stjórnarfari í landinu. Ég geri ráð fyrir, að það, sem raunverulega verði gert, verði eitt af tvennu: annaðhvort að áburðarverðið til bænda verði haft hærra en þeir gætu fengið áburðinn fyrir erlendis frá og þeir þannig látnir borga þetta eða ríkissjóður verði látinn borga með áburðinum, en það væri ekki farið að afskrifa hlutafé. Væri ekki óeðlilegt, að t. d. hæstv. landbrh., þegar verið er að ræða um stærsta fyrirtæki ríkissjóðs, eða meiri hl. fjhn., sem vill halda þessu formi áfram, hefði nokkuð kynnt sér og verið til í að ræða hér um þetta. Ég er þess vegna hræddur um, að það, sem gert yrði í þessu, væri, að á kostnað ríkissjóðs eða á kostnað bænda yrði því ástandi haldið, að einstakir aðilar ættu svona mikinn hluta af verksmiðjunni og smám saman yrði þannig á einn eða annan hátt á kostnað almennings þessum einstöku hluthöfum gefinn eignarréttur á ⅔ hlutum af verksmiðjunni.

Þetta er mál, sem ómögulegt er að komast hjá að ræða. Hér er um að ræða stærsta fyrirtæki, sem ríkið á, fyrirtæki, sem kostar meira en við höfum lagt í nokkurt annað fyrirtæki á Íslandi, sem ríkið á eitt, eins og ég álít að það eigi þetta. Og það er ekki aðeins vegna áburðarverksmiðjunnar sjálfrar, eins og hún nú er og eins og hún er rekin, sem nauðsynlegt er fyrir okkur að athuga þetta. Þetta er mál, sem hlýtur að koma upp hjá okkur í sambandi við allt, sem við ræðum um stóriðju hér á Íslandi, allt, sem við ræðum um að hagnýta okkar miklu auðlindir, fossana, til þess að gerbreyta atvinnulífinu í okkar landi með því að koma upp stóriðju í krafti orku þeirra.

Það mundu kannske einhverjir vilja segja, að það hafi verið rangt að ráðast í áburðarverksmiðjuna, vegna þess að hún borgi sig ekki og við getum fengið áburð annars staðar frá. Ég álít síður en svo. Það eru tvær villur, sem ég álít að hafi verið gerðar við stofnun áburðarverksmiðjunnar og við þurfum að læra af og við sósialistar vöktum athygli á þá strax og höfum gagnrýnt. Það er í fyrsta lagi það, að áburðarverksmiðjan var höfð of lítil. Það þurfti að byggja miklu stærri verksmiðju. Og rekstrarkostnaður miklu stærri verksmiðju hefði orðið miklu lægri á hverja smálest áburðar, sem framleidd var.

Um það var mikið rætt í þessari hv. deild, þegar lögin voru samþykkt, og ég benti þá á, hve hættulegt það væri og hve mikil skammsýni það væri, og sama gerði hv. 6. þm. Reykv. (SG), sem þá var frsm. minni hl. landbn., að ætla að byggja aðalorkuna, sem áburðarverksmiðjan þurfti að fá, rafmagnið, á afgangsrafmagni þáverandi fyrirhugaðrar Sogsvirkjunar í staðinn fyrir að hugsa fyrst um, hvað þarf áburðarverksmiðja að vera stór, til þess að hún geti borið sig fyllilega vel og verið samkeppnisfær við erlendar verksmiðjur, og þegar maður er búinn að komast að niðurstöðu um það, þá að athuga, hvað þarf sú virkjun að vera stór, og hvar þarf hún að vera, sem á að standa undir og veita orkuna til slíkrar áburðarverksmiðju. Í staðinn var farið alveg öfugt að, eins og við gagnrýndum hérna þá. Fyrst var spurt: Hvað verður afgangs við virkjun nr. 2 í Soginu, þá virkjun, sem var verið að hugsa um þessi árin? — og síðan stærð áburðarverksmiðjunnar sniðin eftir því. Það var sem sé engin framsýni, engin hugs-

un um sjálfan rekstur verksmiðjunnar, sjálfan rekstrargrundvöllinn, um nauðsynina á því að hafa þarna virkilega stóran rekstur á alþjóðlegan mælikvarða, en ekki bara stórrekstur á íslenzkan mælikvarða.

Þetta var fyrri vitleysan, sem gerð var, að hafa verksmiðjuna of litla frá upphafi. Önnur vitleysa, sem gerð þar, var að hlaða á þessa verksmiðju, þegar hún var stofnuð, kostnaði, sem náði engri átt að þessi verksmiðja bæri. Þessi verksmiðja átti upphaflega að kosta um 40 millj. kr. Þá var farið út í það eftir boði Alþjóðabankans að lækka gengið hér heima og koma þessari verksmiðju þar með upp undir 100 millj. kr. Síðan var lagður á vélarnar til þessarar verksmiðju söluskattur til ríkissjóðs, þannig að þessi verksmiðja varð að greiða um 25 millj. kr. í söluskatt til ríkissjóðs og í vexti, meðan á byggingunni stóð. M. ö. o. eru lagðar á verksmiðjuna upp undir 25 millj. kr. til þess að ná eyðslufé handa ríkissjóði í sambandi við það, að þessi verksmiðja var byggð, og þetta er látið koma á stofnkostnað verksmiðjunnar þaðan í frá, sem síðan ræður því að miklu leyti, hvað áburðurinn kostar. Það var hægt að komast af með, að þessi verksmiðja kostaði 100—105 millj. kr., en þarna er bætt ofan á 25 millj. kr. kostnaði, sem var vitleysa að reikna þarna inn í og náði ekki nokkurri átt. Síðan veldur þetta því, að verksmiðjan verður miklu dýrari, stofnkostnaðurinn miklu meiri og vextirnir, sem verksmiðjan verður að reikna sér, þess vegna miklu hærri upphæð en eðlilegt væri. Ofan á þetta allt saman bætist svo, að ríkissjóður ákveður að reikna til þessarar verksmiðju 5½% vexti af sínu fé úr mótvirðissjóði, sem eru allt of háir vextir.

Hvernig lítur þá afkoma verksmiðjunnar út, eins og núna standa sakir? Ef við segjum, að þessi verksmiðja geti framleitt 20 þús. tonn af áburði, blönduðum, á 1600 kr. tonnið, þá gerir það 32 millj. kr., sem er hennar framleiðsla á ári. Hvað verður hún að reikna sér af 130 millj. kr. höfuðstól? Hún verður að reikna sér um 8 millj. kr. í vexti, og ef hún á að standa við afborganir, verður hún að reikna 6½ millj. kr., eða 14½ millj. kr. á ári í vexti og afborganir, m. ö. o. helminginn af því, sem öll hennar framleiðsla kostar. Ég held, að flestir, sem athuga þetta, sjái, að með svona skatti til fjármálaauðvaldsins í landinu muni verksmiðjan varla fá risið undir sér, ef helmingurinn af öllum hennar tekjum, helmingurinn af öllu andvirði áburðarins, sem hún framleiðir, á að fara bara í vexti og afborganir.

Þarna þarf að breyta til. Ég veit, að ef þetta skakka skipulag verður látið halda sér svona, þá verður rétt strax farið að ræða um það hér á Alþingi, hvort ríkið eigi að styrkja áburðarframleiðsluna, hvort það eigi að leggja sérstaka skatta á almenning til þess að styrkja áburðarframleiðsluna eða hvort það eigi hins vegar að beygja bændur undir það að borga mun hærra verð fyrir innlenda áburðinn en þann útlenda. Ég man að vísu eftir, að núverandi hæstv. viðskmrh. lýsti því yfir fyrir síðustu kosningar, að íslenzkir bændur mundu með ánægju borga hærra verð fyrir innlendan áburð en fyrir útlendan áburð. En ég er efinn í, að sú ánægja verði óblandin, og satt að segja finnst mér, að íslenzkir bændur hefðu átt rétt á því, hefðu getað krafizt þess af sínum forráðamönnum, að þegar stofnað yrði til áburðarframleiðslu á Íslandi, þá væri það gert með þeirri fyrirhyggju og með þeirri framsýni, að áburðarvinnslan ætti fyllilega að geta staðizt samkeppni við útlendan áburð. Og það hefði fyllilega verið hægt, ef frá upphafi hefði verið tekið tillit til þeirra tillagna og til þeirrar gagnrýni, sem sett var fram í góðri meiningu af hálfu okkar sósialista, okkar till. um að hafa verksmiðjuna stærri, okkar till. um að hafa vextina lægri, okkar till. um að sleppa fyrirtækjum eins og áburðarverksmiðjunni og Sogsvirkjuninni við söluskatt af vélunum til þeirra.

Þegar menn eru að hugsa um að koma upp stóriðju á Íslandi, sem eigi að standa undir sér og eigi að vera samkeppnisfær, þá verða menn að horfast í augu við erfiðleikana, sem eru í sambandi við það, skipuleggja þetta þannig, að það sé vit í því. Stóriðja á Íslandi þarf að geta staðizt samkeppni á alþjóðlegan mælikvarða. Það dugir ekki að fara þar inn á sömu brautina og gert hefur verið bæði með landbúnaðinn og sjávarútveginn.

Ég held þess vegna, að það eigi ekki að vísa þessu máli frá nú, það eigi þvert á móti að ræða þetta vandamál mjög alvarlega. Ég veit, að það eru skiptar skoðanir á meðal stjórnarflokkanna um þetta mál. Ég veit, að fjölmargir þm. Sjálfstfl. muni vera á því, að ríkið eigi áburðarverksmiðjuna eitt. Þeir hafa ekki dregið dul á það, þegar ég hef, t. d. meðan ég átti sæti í fjhn., rætt það við þá. Og því fyrr sem tekin er ákvörðun um það, að ríkið eigi áburðarverksmiðjuna eitt og leysi hluthafana út, því betra.

Ég vil benda þeim mönnum, sem eru „móralskt“ ábyrgir fyrir því að hafa fengið þessa hluthafa, sem eiga nú þarna hlutafé, þessar 4 millj. kr. í rekstrarfélaginu, á, að það er ekki að vita, að það standi áfram til boða að fá þau skilyrði, sem ég hér legg til að Alþingi bjóði, að leysa út þeirra hlutabréf með 6% vöxtum. Ég vil benda á það, að strax og reikningar t. d. tveggja fyrstu áranna hjá áburðarverksmiðjunni liggja fyrir og það ef til vill sýnir sig, að afskriftir hafi engar verið, en engu að síður sé ekki farið að afskrifa neitt hlutaféð, þá getur hvaða borgari sem er í landinu farið að fara í mál út af því, að lög séu brotin í sambandi við þessa verksmiðju, og það þýðir þá um leið, að það yrði að gera þá kröfu, að hlutaféð væri látið vera það áhættufé, sem var aðalröksemdin í Ed. fyrir því að samþykkja 13. gr., að það væri svo gott að fá þarna inn áhættufé, að fá 4 millj. í áhættufé, og þá er eðlilegt, að gerðar verði kröfur til þess, að fyrst sé þetta hlutafé látið tapast og afskrifað alveg, og það er eðlilegur hlutur að gera þá kröfu. Hins vegar álít ég, að það, sem hér er lagt til í 2. gr. þessa frv., sé sanngjarnt gagnvart hluthöfunum, miðað við það, að þeir hafa á vissan hátt verið blekktir. Þeir hafa ef til vill flestir gert ráð fyrir því, að þeir væru að eignast hluta í áburðarverksmiðjunni með því að leggja fram þetta hlutafé. Það

álít ég hins vegar að þeir séu ekki að eignast, heldur þvert á móti sé verksmiðjan sjálfseignarstofnun, eins og 3. gr. mælir fyrir og 1.—13. gr. ganga út frá, enda hvorki hægt að selja hana né veðsetja, nema heimild sé veitt af hálfu Alþingis.

Ég vil þess vegna alvarlega skora á þá, sem vilja leiða þetta mál, þetta klúður, sem gert var, þegar 13. gr. var sett inn í Ed. á sínum tíma, til lykta á hátt, sem allir mega vel við una, að þeir samþykki þetta frv. Ég efast ekki um, að eins og nú standa sakir mundu þessir einkahluthafar þarna í Áburðarverksmiðjunni h/f, í rekstrarfélaginu, sætta sig við þetta og þykja vænt um að sleppa á þennan hátt. En það getur brugðið til beggja vona. Annars vegar getur það skeð, þegar verksmiðjureikningarnir koma fram og það verður auðséð, að það sé tap, að kröfurnar um, að hlutaféð verði afskrifað sem tapað, verði nokkuð ríkar og þá verði ekki lengur þessi möguleiki fyrir þá. Hins vegar getur brugðið til hinnar vonarinnar; við skulum segja, að það yrðu kosningar í sumar og afturhaldsstjórn mynduð eftir kosningarnar og gengið lækkað, þá náttúrlega færu þessir menn að búast við því, að hlutaféð gæti ef til vill orðið nokkurs virði, ef þeir gætu haldið áfram að vitna í yfirlýsingar vissra ráðherra Framsfl. um, að þeir ættu að eiga hluta í þessari verksmiðju með því að eiga þetta hlutafé. Ég held þess vegna, að einmitt nú sé tíminn til þess að leiða þetta mál til lykta, og ég held, að 2. gr., eins og hún þarna er orðuð, mundi fullnægja því að fá hagkvæma lausn á málinu, fá hluthafana til þess að selja, og þarna er bara tekið fram, að ríkissjóði sé skylt að innleysa á nafnverði. Þeir eru ekki skyldaðir til þess að láta þetta, en hins vegar er náttúrlega hlutaféð, eftir að rekstrarfélagið hefur ekki lengur með reksturinn að gera, orðið mjög lítils virði, nema eins og ég tók fram upphaflega, ef þeir vilja fara í mál við ríkissjóð. Það er ekkert sérstaklega efnilegt fyrir þá, eins og gengið er frá lögunum, þó að þeir þar muni vissulega reyna að hafa stoð í þeim ummælum, sem ég oft áður hef gagnrýnt hér og sýnt fram á, hve dýr gætu orðið ríkissjóði, — þeim ummælum, sem vissir ráðh. Framsfl. hafa látið sér um munn fara um, að áburðarverksmiðjan væri eign þessa hlutafélags.

Ég held þess vegna, að fyrir alla aðila mundu menn sleppa bezt út úr þessu, bæði ríkið og þessir einkahluthafar, ef þetta frv. væri samþykkt nú. Ef hitt skyldi koma fram, að einhverjir hluthafar vildu ekki nota tækifærið til þess að innleysa sín hlutabréf, og það kynni e. t. v. þess vegna síðar meir að þykja ástæða til þess jafnvel að fara að taka þau eignarnámi til þess að firra ríkissjóð öllum hugsanlegum skaðabótakröfum seinna meir, þá er það vissulega mál, sem þá má athuga, þegar það er séð, hvort einhverjir halda fast í að eiga þessi hlutabréf í fyrirtæki, sem hætt væri að starfa, eingöngu með það fyrir augum að ætla að reyna að vinna mál á hendur ríkissjóði með tilvitnun í þessi ummæli ráðherranna, er ég gat um. Ég held, að slíkt yrði mjög tæpt. Ég held þvert á móti, að allir hluthafar mundu með ánægju, eins og nú standa sakir, selja sín bréf, þegar ríkissjóður gæfi þeim kost á að fara að innleysa þau. Og ég vil nú reyna að beina þeirri fsp. til meiri hl. í fjhn., hvað hann álítur. Álítur hann, ef tap er á áburðarverksmiðjunni núna, — og ég segi tap, ef hún getur t. d. ekki staðið við löglegar afskriftir, — að það eigi að fara að afskrifa af hlutafénu svo og svo mikið sem tapað?

Mér finnst það vera mjög erfitt fyrir þá, sem eru valdir að því klúðri, sem er í þessum lögum, að komast hjá því að svara slíkri spurningu, því að það verður að svara henni fyrr eða síðar, fyrir dómstólunum, ef ekki öðruvísi. Ég vil þess vegna eindregið óska þess, að hv. þdm. mættu sjá, að það væri bezt að afgreiða þetta mál á þann hátt, sem minni hl. fjhn. nú hefur lagt til, með því að samþykkja þetta frumvarp.

Jón Pálmason: Herra forseti. Mér þykir ástæða til að bæta við fáeinum orðum um þetta mál, því að ég tel ekki nauðsynlegt, að um það fari fram mjög miklar umræður nú, vegna þess að ágreiningurinn, sem er á milli meiri og minni hl. hv. fjhn., er ekki eins mikill og sumir menn halda. Ég vil ítreka það, sem hv. frsm. meiri hl., þm. V-Húnv., tók fram, að við í meiri hl. fjhn. álítum ákaflega hæpið, að hægt sé að leysa hlutafélagið upp á þann hátt, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, því að það er töluvert flókið mál, úr því að á annað borð er búið að stofna hlutafélag, að leysa það upp.

Ég hef lýst því hér yfir áður og get endurtekið það nú, að mér var illa við, þegar það var gert á síðustu stundu, þegar þessi lög voru til meðferðar, að breyta áburðarverksmiðjunni úr ríkisfyrirtæki í hlutafélag, eftir að frv. var búið að ganga á hinn veginn hér í gegnum hv. Nd. og komið til síðustu umr. í Ed. Og af því að mér var á sínum tíma illa við þetta, vil ég láta breyta því, og ég vil láta gera það sem fyrst. Ég tel það ekki miklu máli skipta, hvort það er gert árinu fyrr eða síðar. Till. okkar um að vísa málinu nú til ríkisstj. er fyrst og fremst byggð á því, að það sé óskað eftir, að það verði athugað, á hvern hátt það verði auðveldast og einfaldast framkvæmt að breyta þessu í það horf, að fyrirtækið verði ríkisfyrirtæki. En varðandi afkomu og reikningshald og annað í þessu fyrirtæki skal ég ekki neitt fara að ræða annað en það, að ég vil segja það, að ég hef lengi verið og er enn miklu hræddari við það sem bóndi og bændafulltrúi, að þetta fyrirtæki tapi heldur en græði, því að það væri ekkert hættulegt, ef þetta fyrirtæki græddi. Hitt er miklu varasamara mál, ef það getur ekki framleitt áburðinn á sama verði sem erlendur áburður með hagstæðasta verði mundi kosta. Ég hef þess vegna aldrei verið hræddur við það, að það væri líklegt, að þeir hluthafar, sem þarna hafa lagt fram peninga, græddu á þeim. Hins vegar tel ég, að það sé að öllu leyti eðlilegra að koma þessu í sama horf og fyrirtækið var ætlað upphaflega, þegar lögin voru afgr. hér í fyrstu frá hv. Nd. Ég held þess vegna, að bæði hv. flm. og þeir, sem eru í minni hl. fjhn., ættu að sætta sig við það, að frv. væri vísað til

ríkisstj., eins og við leggjum til, á þeim grundvelli, að þetta skuli athugað fyrir næsta þing, því að það er ætlunin.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. þm. A-Húnv.

Í till. meiri hl. fjhn. er ekkert um það, að þessu máli sé vísað til ríkisstj. til þess, að hún undirbúi að leggja þetta mál þannig fyrir t. d. næsta þing, að lögunum væri þannig breytt, að það væri öruggt, að áburðarverksmiðjan væri ríkisfyrirtæki. Ég skil alveg hugsunargang hv. þm. A-Húnv. Hann er sjálfur á þeirri skoðun, að slík breyting eigi að fara fram. En því er ekki slegið föstu í áliti meiri hl. fjhn. Ef það hefði átt að koma fram, þá hefði meiri hl. fjhn. þurft að koma t. d. með rökstudda dagskrá um, að í trausti þess, að ríkisstj. undirbúi fyrir næsta Alþ. löggjöf um áburðarverksmiðjuna, þar sem tryggt sé, að áburðarverksmiðjan sé eingöngu eign ríkisins og rekin af ríkinu einu, taki deildin fyrir næsta mál á dagskrá. Þá hefði slíkur vilji komið alveg hreint og ótvírætt fram og þá hefði það að miklu leyti verið viðurkenning á því, sem ég hef hér verið að berjast fyrir, þó að meiri hl. fjhn. hefði hins vegar ekki fallizt á að gera það á þann hátt, sem ég hafði lagt til. Hins vegar þykir mér mjög vænt um að fá fram þessa skoðun hjá hv. þm. A-Húnv., en bara minni á, að með till. um að vísa málinu til ríkisstj. er engan veginn tryggt neitt í þessa átt, þó að ég efist ekki um, að það sé það, sem vakir fyrir hv. þm. A-Húnv. Þess vegna held ég, að meiri hl., ef hann vill fá eitthvað slíkt fram, hefði átt að athuga sitt mál betur og þá heldur að fresta málinu nú, og ef hann væri sammála um svona afgreiðslu á málinu, þá að láta það koma alveg skýrt og ótvírætt fram, því að það væri strax mesti munur. Með till. meiri hl. um að vísa málinu til ríkisstj., eins og hún nú er orðuð, er málið bara svæft og saltað á venjulegan kurteisan hátt, kurteisari en þann að fella það, en engin trygging fyrir því, að ríkisstjórn geri nokkurn tíma nokkuð í málinu.

Hv. þm. A-Húnv. talaði um, að hann efaðist um, að það væri löglegt að ætla að leysa hlutafélagið upp með þeirri aðferð, sem ég hef þarna gert tillögu um.

Þetta hlutafélag hefur þá sérstöðu, að það er myndað samkv. lögum frá Alþ., þannig að það er þess eini grundvöllur. Það hlaut öllum að vera ljóst, sem tóku þátt í því að mynda hlutafélag, sem byggt er aðeins á lögum frá Alþ., að Alþingi, sem gat skapað slíkt hlutafélag eða leyft að skapa það, gat á sama hátt aftur kippt grundvellinum undan því. Raunverulega er þess vegna hlutafélagið ekki leyst upp, heldur aðeins þeim grundvelli, sem Alþ. lagði að því, kippt burt. Og frammi fyrir hinum einstöku hluthöfum standa tveir kostir, sem þeir geta valið um: annars vegar að gera það, sem þeim er þarna boðið, þeim er gefinn kostur á að selja sín hlutabréf og ríkið innleysi þau á nafnverði, eða þá hins vegar, ef þeir álitu sig, einkum í þessum ummælum framsóknarráðherranna, sem ég hef getið um, hafa stoð til að fara í mál við ríkissjóð. Það, sem ég geng út frá að yrði gert næst, eftir að t. d. þessi 2. gr. væri samþykkt, er, að það er kallaður saman fundur í þessu hlutafélagi. Í þessu hlutafélagi tilkynnir ríkissjóður, sem á þarna meiri hlutann, 6 millj., að hann dragi sig þarna út úr, og þar með er raunverulega hlutafélagið sjálft búið að vera, þegar meiri hluti hluthafanna ákveður þar með að leysa það upp, auk þess sem allur tilgangur þess er brott fallinn með þessari breytingu laganna. Ég efast um, að það þyrfti nokkurt eignarnám í þessu sambandi. Þessir menn gætu kannske, þeir sem væru það harðvítugir af þeim, að þeir héldu, að þeir græddu á þessu fyrir dómstólunum, reynt að fara í mál út af þessu, og þá mundu dómstólarnir skera þar úr, en „praktískt" talað held ég, að það yrðu nú fæstir þeirra eða jafnvel enginn, sem mundi gera það.

Hitt vil ég benda á, að að svo miklu leyti sem ýmsum kann að finnast þetta mál flókið nú vegna þess, hvernig það var klúðrað, þegar samþykktin var gerð í Ed. um 13. gr., þá verður það enn flóknara, e. t. v. enn erfiðara að leysa það og enn dýrara ríkissjóði, ef það er látið bíða.

Ég hef nú flutt þetta mál á einum fjórum þingum, og Alþfl. og Sósfl. hafa alltaf staðið saman um það. Við höfum þannig gefið þessum einkahluthöfum kost á að innleysa sitt hlutafé á þennan hátt. Ég skal ekkert segja um, hvort það sé rétt að vera að gera þetta áfram. Ef menn vilja halda svona fast í þetta og sá meiri hluti, sem hefur ráðið því að fá þessa hluthafa þarna inn í, þá er e. t. v. bezt næst að fara inn á hitt atriðið í því, og það er, að þetta hlutafé sé afskrifað samkv. lögum vegna taps, sem verði á verksmiðjunni og hefur orðið nú fyrstu árin, þegar hún hefur ekki staðið við að geta afskrifað eins og henni ber lögum samkvæmt. Það voru þeir hv. þm. Sjálfst- og Framsfl., er knúðu fram 13. gr., sem lýstu því yfir, að hlutaféð ætti að vera áhættufé, og það verður þá kannske alveg eins gott að láta þá standa við það, ef til kæmi. En enn sem komið er hafa þessir hluthafar þennan kost, sem þarna greinir, þetta tilboð, ef þetta er samþ. nú. Og ég held, að það ætti meiri hl. að fallast á að gera.

Að öðru leyti, ef það hefur verið full meining meiri hl. fjhn. að vísa þessu til ríkisstj., til þess að hún undirbyggi fyrir næsta þing þannig breytingu á lögunum, að tryggt væri, að verksmiðjan yrði eign ríkisins, eins og hv. þm. A-Húnv. var að koma hér inn á áðan, þá held ég, að hv. meiri hl. fjhn. ætti að umorða sína frávísunartill. og taka heldur upp þann hátt að afgreiða þá málið að sínu leyti með rökstuddri dagskrá, þar sem lagt væri fyrir ríkisstj. að gera þessa ákveðnu hluti, því að frávísunartill. eins og hún er nú, eða till. um að vísa því til ríkisstj., er einvörðungu að drepa málið, bara á kurteisan hátt, eins og nú standa sakir. Og ef það er meiningin hjá hv. meiri hl. að vilja afgreiða málið jákvætt, en vísa þó til ríkisstj., þá held ég, að hann hefði frekar átt að biðja um, að málinu væri nú frestað og honum gæfist þá tækifæri til þess að bera fram rökstudda dagskrá í þeim anda, sem hv. þm. A-Húnv. talaði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Nd., 21. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. fjhn. á þskj. 377 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 14:8 atkv.

2. Fræðsla barna (frv. KK).

Á 40. fundi í Ed., 18. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 1946, um fræðslu barna [132. mál] (þmfrv., A. 239).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 239 flyt ég sem tillögu um réttarbót fyrir þá menn, sem unnið hafa að kennslu í barnaskólum landsins og kunna að halda áfram að vinna þar án þess að hafa tekið kennarapróf.

Fyrri mgr. 16. gr. laga frá 1946 um fræðslu barna hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Engan má setja eða skipa kennara við barnaskóla, nema hann hafi lokið viðurkenndu kennaraprófi, sé eigi haldinn næmum sjúkdómi og hafi óflekkað mannorð."

Nú hefur reynslan orðið sú, að menn með kennaraprófi hafa alls ekki fengizt til þess að gegna kennslustörfum í öllum skólahéruðum landsins ár hvert, þótt auglýst hafi verið eftir þeim og önnur útispjót höfð til þess að fá þá til starfa. Hins vegar segir 3. gr. l. um fræðslu barna:

„Skylt er að halda barnaskóla í öllum skólahverfum."

Til þess að fullnægja því ákvæði, sem auðvitað er grundvallarákvæði, hafa ekki önnur úrræði verið, þegar menn með réttindum hafa ekki verið fáanlegir til kennslu í einhverju skólahverfi, en að ráða einhvern mann sem hæfastan til þess að taka að sér kennsluna þar. Oft hafa þessir próflausu menn ekki verið kennarar nema eitt ár eða nokkur ár. Oft hafa þeir reynzt ágætir kennarar, en auðvitað ekki alltaf, en það má líka segja um þann, sem próf hefur tekið og útskrifazt úr kennaraskólanum, að ekki sé tryggt, að hann reynist ágætur kennari. Til þess að vera góður kennari þarf svo margt, sem ekki kemur í ljós, þegar gengið er undir próf, og lærist aðeins í kennarastarfinu, ef það þá er ekki náðargáfa, sem ekki fæst með námi. Annars vil ég alls ekki gera lítið úr því, að gott sé, að barnafræðarar hafi sérmenntazt og lokið fullnægjandi prófum. En hitt er staðreynd, að sérmenntaða kennara hefur vantað til þess að starfa í barnaskólum landsins. Um annað hefur ekki verið að gera fyrir forsjármenn ýmissa skólahverfa en að fá próflausa menn til að kenna, og margir þeirra kennara hafa unnið starf sitt ágætlega, svo að öllum lagaákvæðum hefur verið fullnægt að því er fræðslu barnanna snertir. Allir slíkir kennarar hafa auðvitað verið því háðir að verða að þoka fyrir prófmanni, hvaða ár sem hann hefur gefið kost á sér. Þeir hafa ekkert atvinnuöryggi haft nema ár í senn. Sumir hafa ekkert haft við þetta að athuga, af því að þeir hafa ekki viljað binda sig kennslustörfum til langframa, en sumir hafa aftur á móti fundið köllun hjá sér til þess að kenna og tekið ástfóstri við þau störf, en tryggingu hafa þeir enga hlotið, og að engu haldi hefur komið, þótt íbúar skólahverfisins hafi ekki viljað skipta um kennara. Sá verður jafnan að víkja, sem ekki hefur lokið viðurkenndu kennaraprófi, þegar prófmaður gefur sig fram og sækir um stöðuna. Þannig eru lögin.

Það segir sig sjálft, að þar sem mönnum, sem hafa full kennararéttindi, hefur sízt þótt eftirsóknarvert að setjast að, hefur mest kveðið að því, að leita hefur þurft til próflausra kennara, og þar hafa þeir verið fastastir í sessi. Þeir hafa vitanlega ekki gengið í valið, heldur hlotið það, sem hinir, prófmennirnir, vildu sízt. Og allt ber að sama brunni í þessum efnum. Þessir próflausu kennarar hafa verið varaskeifur. En þeir hafa gert þjóðinni fært að fullnægja löggjöfinni um barnaskólahald, og þess vegna ber að gjalda þeim þakkir og einnig veita þeim þann rétt, sem sanngjarnt er.

Í grg. með frv. á þskj. 239 get ég þess, að ég hafi leitað upplýsinga um það, hve margir próflausir kennarar séu að starfi á vegum fræðslumálastjórnarinnar og hafi verið það tvö s. l. ár. Fræðslumálaskrifstofan gaf mér upplýsingar um þetta, og þær eru þannig, að skólaárið 1953—1954 eru 12 próflausir kennarar í föstum skólum og 54 í farskólum, eða samtals 66 að verki. 1954—1955 eru 13 í föstum skólum, 52 í farskólum, 65 við kennslustörfin alls. Og 1955—1956, eða á þessum vetri sem nú er að líða, eru 27 í föstum skólum og 55 í farskólum, þ. e. 82, sem hlaupið hafa í skörðin, þar sem vantað hefur menn með fullum prófréttindum. Vitanlega er þarna aðeins átt við þá, sem eru ráðnir eða settir, en ekki stundakennara.

Þegar athugaður er starfsárafjöldi þeirra 82 kennara, sem nú eru við kennslu, þá er hann þannig, að 44 kennararnir eru búnir að vera í 1—5 ár við kennslu á vegum fræðslumálastjórnarinnar, 11 í 6—9 ár, 15 í 10—14 ár og 12 í 15 ár eða fleiri. Og af þessum 12 síðast töldu kennurum, sem frv. snertir auðvitað sérstaklega, eru 4 við fasta skóla og 8 við farskóla. Enn fremur fékk ég það upplýst, að um 630 barnakennarar samtals mundu nú vera að störfum í skólum landsins, og þá má segja lauslega reiknað, að áttundi hver barnakennari sé án prófréttinda við störfin.

Fyrir nokkru var farið að greiða próflausum kennurum sömu laun og hinum. Þó fá farkennarar próflausir ekki sömu laun og farkennarar, sem hafa prófréttindi, fyrr en eftir að þeir hafa verið þrjú ár við starfið. Ekki veit ég, hvers vegna þetta er þannig með farkennarana, hvers far-

kennarinn á að gjalda. En sleppum því, frv. mitt snertir ekki launin. En ég tel óviðunandi og óréttmætt með öllu, að þeir menn, sem leyst hafa vanda þjóðfélagsins að því er snertir vöntun lærðra kennara, til þess að haldið verði uppi skylduskólum, öðlist ekki eftir hæfilegan starfstíma atvinnuréttindi sem barnakennarar og verði að þoka fyrir nýliðum, eftir að þeir þó hafa hlotið langa reynslu í starfi og mikla æfingu, sem telja má að þeir séu búnir að hljóta eftir 15 ára starf. Þess vegna legg ég til, að aftan við fyrri mgr. 16. gr., sem ég áðan las upp, komi svo hljóðandi viðbót:

„Þó má skipa próflausa kennara, þegar þeir hafa starfað sem ráðnir eða settir kennarar í 15 ár eða lengur, ef hlutaðeigandi námsstjóri og fræðslumálastjóri mæla með því."

Ég get ekki skilið, að frá almennu sjónarmiði sé það ekki réttmætt, að hinir sjálflærðu kennarar, sem búnir eru að þreyta lífsreynsluprófið í kennslu barna í 15 ár eða lengur með refsivönd réttindaleysis yfir höfði sér, fái þá réttindi til jafns við unglinginn, sem kemur frá prófborði kennaraskólans, þó með þeim fyrirvara, að þeir þurfi, þessir próflausu kennarar, meðmæli hlutaðeigandi námsstjóra og fræðslumálastjóra.

En ef þetta er svona frá almennu sjónarmiði, *eins og ég gizka á, hvað segir þá kennarastéttin?* spyrja máske sumir. Telja þeir, sem hafa lokið kennaraprófi, á hlut sinn gengið, ef frv. verður að lögum? Mér finnst fjarri lagi að gera ráð fyrir því. Hinir próflausu kennarar hafa verið og eru í raun og veru liðsmenn kennarastéttarinnar við að anna hlutverki hennar. Þeir hafa ekki setið í sæti neins kennara, ekki verið fyrir neinum prófmanni. Nei, ég vil ekki ætla kennarastéttinni, hinum réttindafullu kennurum, slíka þröngsýni.

Ég leyfi mér að vænta þess, að Alþ. taki frv. þessu vel, og ég óska, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 239, n. 629).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á dagskránni, var borið fram seint á þessu þingi. Ekki hef ég nú fyrir framan mig neitt um það, hvenær það var tekið til 1. umr., en því var vísað til menntmn. deildarinnar. Menntmn. leitaði umsagnar þeirra aðila, sem hún taldi eiga bezt um þetta að vita, sem eru fræðslumálastjóri og Samband íslenzkra barnakennara. Svör bárust frá þessum aðilum, og leggja þeir báðir á móti þessu frv. af, að því er virðist, stéttarlegum ástæðum, þannig að þeir telja, að verði þetta frv. samþ., þá muni það geta rýrt kjör þeirra kennara, sem hafa fengið sér fulla og fullnægjandi menntun til að stunda kennslustörf.

Frv. tafðist nokkuð í meðferð n. vegna þess, að umsagnar þessara aðila var leitað, en afgreitt var það frá n. á fundi hennar í gær, og voru þá tveir hv. nm. fjarstaddir, hv. 4. þm. Reykv. (HG) og hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ), en við þrír nm. í menntmn., sem á fundi vorum, litum svo á, að hvað sem öðru liði, þá gæti þetta frv. ekki orðið að lögum á þessu þingi. Þess vegna kom okkur saman um að leggja til, að því yrði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Það var — ég skal játa það — ekki til fulls kannað, hvaða skoðun nm. höfðu á frv., því að tæknilegar ástæður ollu því einkum, að þessir þrír nm. urðu sammála um þá till., sem ég hef nefnt, sem sé það, að héðan af er óhugsandi, að þetta mál verði að lögum á þessu þingi. Ég skal því ekkert segja um skoðun þeirra tveggja hv. meðnm. minna í menntmn., sem hafa skrifað undir nál. á þskj. 629, um efni málsins, en mér þykir rétt að segja frá minni persónulegu skoðun um þetta mál.

Ég er, þó að það sé nú kannske fallið í fyrnsku, maður, sem hef verið í barnakennarastéttinni og hef lokið kennaraprófi. En ég verð að játa það samt, að þegar svo stendur á eins og er í mörgum af skólahéruðum landsins, einkum í sveit, að ekki fást menn með fullum réttindum, þá er ekki í annað hús að venda en að ráða kennara, sem að áliti skólanefndar og fræðslumálastjóra hefur til þess menntun og hæfileika að kenna börnum. Og ef sá maður hefur verið við kennslu í samfleytt 15 ár með góðum árangri, þá sýnist mér þrátt fyrir alla stéttarlega hagsmuni, sem ég hef samúð með vegna fyrri hluta ævinnar, ekki ástæða til þess að meinast við því, að þessir menn fái full réttindi, þegar svo er ástatt sem í 1. gr. frv. segir. Samt sem áður er það, eins og ég vék að í upphafi, vitanlega alveg óhugsandi, þar sem þinglausnir eru ákveðnar núna kl. 5 og klukkan er hálf fjögur, að þetta frv. geti orðið að lögum á þessu þingi, og þá þykir mér eins og hv. meðnm. mínum, sem undir nál. á þskj. 629 hafa skrifað, það rétt, að frv. sé vísað til hæstv. ríkisstj. til nánari athugunar.

Með nál. okkar er prentuð sem fskj. álitsgerð fræðslumálastjórans, sem er prentuð sem fskj. I, og álit Sambands íslenzkra barnakennara sem fskj. II. Eru það að vísu ekki nein meðmæli með þessu frv., en geta þó ekki skoðazt sem mótmæli gegn því, að þetta sé athugað nánar og málinu vísað til ríkisstjórnarinnar.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., lagði ég fram ekki seint í janúarmánuði í vetur, og þess vegna má segja um hv. menntmn., að því er málið snertir, að seint komi sælir, en komi þó. N. hefur rétt fyrir sér í því, að frv. getur ekki orðið að lögum héðan af á þessu þingi, og með tilliti til þeirrar staðreyndar get ég ekki verið á móti þeirri afgreiðslu, sem n. leggur til.

Nál. fylgja tvö fskj. frá aðilum, sem n. hefur leitað umsagnar hjá. Hið fyrra er frá fræðslumálastjóra ríkisins. Hann er anda frv. alveg samþykkur og mælir með því með lítils háttar breytingu. Hið síðara fskj. er frá stjórn Sambands íslenzkra barnakennara. Hún mælir á

móti frv. af stéttarlegum ástæðum. Að mínu áliti eru rök hennar veik, af því að málið er fullkomið sanngirnismál og raunar meira en sanngirnismál, það er réttlætismál. Það er réttlætismál frá mínu sjónarmiði, að þeir kennarar, þótt próflausir séu, sem búnir eru að hlaupa í skörðin fyrir kennarastéttina í 15 ár eða lengur á þeim stöðum, þar sem mönnum með próf hefur ekki getizt að því að taka sér bólfestu, fái full réttindi. Ég tel það réttlætismál, að þeir próflausu menn, sem þannig hafa bjargað málunum, þurfi ekki að víkja, eftir að þeir hafa starfað í 15 ár eða lengur. Enginn vafi er á því, að það er sjálfsagt, að stéttir hafi forréttindi, en þær hafa vitanlega skyldur, og þar sem kennarastéttin hefur ekki getað uppfyllt þá skyldu að annast kennslu í landinu, svo að lögum yrði fullnægt, þá má hún vera þeim mönnum þakklát, sem hafa hlaupið í skörðin fyrir hana, og er skylt að þola, að þeir hljóti réttindi og laun að verðleikum.

Mér þykir vænt um, að n. hefur leitað þessara umsagna, svo að þær liggja nú fyrir og geta fylgt málinu til menntmrn. og verða landslýð kunnar. Ég er bjartsýnn á það, að góður málstaður sigri í þessum efnum sem öðrum, þótt það geti stundum tekið nokkurn tíma, og ég vænti þess, að d. fallist á tillögur hæstv. menntmn. og að menntmrn. geri málinu sanngjörn og góð skil hið fyrsta.

ATKVGR.

Till. frá menntmn. á þskj. 629 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 12 shlj. atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Kjörskrá í Kópavogskaupstað.

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um, að kjörskrá sú, er samin var í febrúar 1955, skuli gilda við bæjarstjórnarkosningar í Kópavogskaupstað 2. okt. 1955 [16. mál] (stjfrv., A. 16).

Á 7. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Með lögum frá síðasta Alþingi, nr. 30 frá 11. maí 1955, var svo ákveðið, að Kópavogshreppur skyldi verða Kópavogskaupstaður, með þeim breytingum, sem af því leiðir varðandi réttarstöðu þessara deilda þjóðfélagsins, og samkvæmt þeim lögum skyldi fara fram kosning í bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar á þessu ári. Nú kom í ljós, að sú kjörskrá, sem kjósa skyldi eftir, var orðin mjög á eftir tímanum, þannig að það átti að kjósa samkv. kjörskrá, sem gerð var í febrúar 1954 og þá eftir manntali frá 1953, en hins vegar var þá búið að gera kjörskrá í febrúar þetta ár, sem nú er að líða. Var náttúrlega einsætt, og allir hlutu að vera sammála um það, hvað sem öðru leið um þetta mál að öðru leyti, að sjálfsagt væri að kjósa eftir hinni nýju kjörskrá. En þar sem hér var um aukakosningu að ræða, urðu nú þessar sveiflur á því. Það var út af þessu, að talið var rétt og sjálfsagt að gefa út brbl. um, að kjörskrá til kosninga í bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, sem fram fóru 2. okt. s. l., skyldi vera sú, sem samin var í febr. s. l. Þetta frv. til laga um, að kjörskrá sú, sem samin var í febr. 1955, skuli gilda við bæjarstjórnarkosningar í Kópavogskaupstað 2. okt. sama ár, er til þess að leita eftir staðfestingu Alþingis á þeim bráðabirgðalögum.

Annað sé ég ekki ástæðu til að taka fram um þetta mál að svo stöddu. Ég geri það að till. minni, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til hv. allshn., ef forseti sér ekki ástæðu til að leggja annað til.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ætla fyrst að leyfa mér að fara nokkrum orðum um lögfræðilega hlið þessa máls, um það að gefa út bráðabirgðalög nú á milli þinga um breytingu raunverulega á kjörskrárlögunum, og athuga nokkuð, hvað sú aðferð, sem hér hefur verið höfð í frammi, þýðir og það fordæmi, sem þannig er gefið.

Það er tekið fram í stjórnarskránni, að það eigi ekki að setja bráðabirgðalög, nema brýna nauðsyn beri til. Lögin um Kópavogskaupstað voru samþ. hér á Alþingi 2. maí. Við umr. um það frv. komu fram af hálfu þeirra, sem það fluttu og fyrir því börðust, allar upplýsingar um það, sem þeir álitu galla viðvíkjandi því, eftir hvers konar kjörskrá skyldi kosið í Kópavogi. M. ö. o., fyrir 2. maí, er lög um kaupstað í Kópavogi voru samþ., lágu fyrir hér á Alþingi allar þær upplýsingar, sem færðar eru fram í grg. fyrir brbl., þannig að ef þessar röksemdir áttu að vera nægilega gildar frá sjónarmiði hæstv. ríkisstj. til þess að setja brbl., þá bar ríkisstj., þar sem hún vissi þetta, meðan Alþingi enn þá sat, að koma fram með lagafrv. hér á Alþingi um að breyta þessari kjörskrá, sem þarna var um að ræða. Svo framarlega sem nokkuð af þeim rökstuðningi, sem fram kemur í fskj. hér og grg., sem félmrh. hefur sent forseta Íslands, fær staðizt, þá lágu öll þau svokölluð rök fyrir, þegar lögin voru afgr. hér á Alþingi, þannig að þeir, sem sáu seinna meir ástæðu til að fara að setja brbl. út af þessu, höfðu nægan tíma og næga vitneskju fyrir fram til þess að koma með lagafrv. hér á Alþingi um þetta. Það var engin brýn nauðsyn fyrir þessa menn, fyrir þessa hæstv. ráðherra að bíða þangað til Alþingi væri farið heim og láta þá setja brbl. Að þeir gerðu slíkt, hlaut einfaldlega að stafa af því, að þeir treystu sér ekki til þess að leggja fyrir síðasta Alþingi frv. um slíka breytingu á kjörskrárl. sem felst í þeim brbl., sem hér á nú að staðfesta. M. ö. o.: Hæstv. ráðherrar voru hræddir við Alþingi. Þeir höfðu fengið slíka útreið í umr. um stofnun kaupstaðar í Kópavogi, að þeir kærðu sig ekki um að fara að fá eitthvað svipað hér á Alþingi um till. um að fara að breyta kjörskránni í Kópavogshreppi. Þess vegna hafa þeir ekki þann hátt á, eins og þeim hefði borið, að koma fram með frv. hér á Alþingi og láta Alþingi segja um, hvort það vildi breyta þessum l. um kjörskrá, hvort það vildi fara inn á það vafasama fordæmi að gera breytingar á kosningal. raunverulega.

Af því að ríkisstj. hefur ekki búizt við að fá

samþ. á Alþingi frv. um breytingar á þessum kosningal., þá hefur hún ekki þorað að leggja málið fyrir Alþingi á sínum tíma, heldur kosið að láta Alþingi fara heim, segja síðan við forsetann, að það beri brýna nauðsyn til þess að setja brbl., vitandi, að þau brbl. koma til með að gilda, meðan á að drýgja verknaðinn, hvort sem Alþingi á eftir samþ. þau brbl. eða ekki. Þá er búið að framkvæma verknaðinn, og l. eru í gildi á meðan. Þetta er aðferð, sem er algerlega óþolandi, og þetta er hlutur, sem Alþingi á að mótmæla. Þarna kemur ekkert nýtt til frá því 2. maí og þangað til þessi lög eru sett. Allar forsendurnar, sem félmrh. tjáir forseta Íslands, voru honum kunnar og voru ræddar fyrir Alþingi, meira að segja þaulræddar frá sjónarmiði þeirra manna, sem töldu þetta nægar forsendur fyrir nýjum lögum. Þess vegna hefur hér verið farið algerlega ranglega að. Það bar enga brýna nauðsyn til þess að setja þessi lög. Ef átti að setja l. í þessu efni, þá var hægt að láta Alþingi segja þar til um. Hér er beinlínis verið að fara í feluleik. Hér er verið að framkvæma og koma á brbl., sem ríkisstj. þorir ekki að leggja fyrir Alþingi.

Svo skulum við koma að rökunum sjálfum. Þetta var það, sem ég vildi segja, svo framarlega sem þessi rök að einhverju leyti stæðust. Rökin eru þau, eins og hæstv. félmrh. tilgreindi, að það hafi á árinu 1954 fjölgað um hart nær 20% atkvæðisbærum íbúum í Kópavogshreppi. Það eru rökin. Frá 1952 til 1953 fjölgaði um 40% í Kópavogshreppi. Það var kosið 1954. Þá þótti engin ástæða til þess að fara að setja nein lög eða breyta neinum lögum. Þó að færi fram tvöfalt meiri fjölgun á íbúum á öðrum tíma og bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar væru fram undan og færu fram þar nokkru á eftir, þá var engin ástæða til þess að setja lög. M. ö. o. er alveg rangt, að vegna þessarar 20% fjölgunar hafi verið einhver sérstök ástæða til þess að setja lög. Það hafði farið fram miklu meiri fjölgun á atkvæðisbærum mönnum áður í þessum hreppi, án þess að þótt hafi ástæða til slíks. Það var stórkostlegasta fjölgunin, sem þá hafði farið fram þar. Og ég vil geta þess viðvíkjandi Reykjavík, að hér hefur svipuð kjósendaaukning gerzt, án þess að mönnum hafi fundizt nokkur ástæða til þess að gefa út brbl. þess vegna. M. ö. o.: Þessi röksemd fær alls ekki staðizt, og þessi röksemd er þar að auki beinlínis hættuleg. Það er sem sé alveg ákveðin hugsun, sem liggur á bak við ákvæði kosningalaganna um, hvar menn skuli hafa rétt í sambandi við það að greiða atkvæði. Það er sú hugsun, að ekki sé hægt með ýmsu undarlegu móti að raska skyndilega tölu kjósenda í ákveðnum kjördæmum, á meðan eitt land hefur það fyrirkomulag, að það skuli vera kosið í ákveðnum, afmörkuðum kjördæmum, en ekki t. d. í öllu landinu sem einu kjördæmi.

Þessi rök, sem hér eru færð fram, fá þess vegna alls ekki staðizt, og það er ekkert undarlegt, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa viljað fara í felur með slíkan rökstuðning og ekki þorað að leggja hann fyrir Alþingi á þeim tíma, er hún hafði enn þá tækifæri til og eins og henni hefði borið, ef hún ætlaði að setja svona lög.

Hér er þess vegna um allt annað að ræða. Hér er um það að ræða, að ríkisstj. hefur álitið, að af sérstökum ástæðum hefði hún von til þess að búast við því, að atkvæðafjölgun hennar flokka færi sérstaklega vaxandi í þessum hreppi. Við skulum taka sem dæmi: Ef einn ákveðinn flokkur hefði um ákveðinn tíma haft aðstöðu til þess að úthluta t. d. í þáverandi Kópavogshreppi lóðum og sýnt sig í því að framkvæma slíka úthlutun með þeim hætti að láta helzt aðeins þá, sem væru fylgjandi viðkomandi flokki, fá lóðir, eða þá menn eina hafa tækifæri til þess að flytjast í bæinn, sem fengju lóðir, þá hefði e. t. v. sá flokkur, sem slíkt lóða- og lénsvald hafði, ástæðu til þess að ætla, að honum mundi máske aukast alveg sérstaklega fylgi í sambandi við slíka lóðaúthlutun, í sambandi við slíkt lénsvald. Það var því af pólitískum ástæðum, að h[illegible] sáu ástæðu til þess að fara að setja brbl. um breytingu raunverulega á kosningalögunum, sem annars hefur ekki verið gert hjá okkur, vegna þess að þeir bjuggust við ákveðnum pólitískum hagnaði af því. Það er um að ræða misnotkun á heimildinni um setningu brbl. í pólitísku ávinningsskyni af hálfu ríkisstj., og þessi heimild er notuð skömmu eftir að Alþ. hefur verið sent heim, þó að ráðherrarnir hafi vitað allar þær röksemdir, sem þeir fluttu fram fyrir brýnni nauðsyn til brbl., meðan þing enn sat, og notað þær röksemdir í umr. á Alþ. Hér er um stórhættulegt fordæmi að ræða að reyna að setja brbl. og hafa áhrif á kosningalög, kjörskrársamningu og kjörskrárgildi í pólitísku skyni. Eftir að fyrst var búið með öllum þeim gífurlega gauragangi, sem í sambandi við það var, að ætla að breyta Kópavogshreppi í kaupstað á móti vilja hreppsnefndar og meiri hluta íbúanna, átti nú með brbl. svo að segja á bak við Alþ. að hafa slík áhrif á kosningu þar með þeim ráðum og öðrum ljótari, að þeir pólitísku valdhafar í landinu fengju fram vilja sinn gagnvart kjósendum viðkomandi kjördæmis. Síðan eru svo þessi brbl. látin hafa áhrif einnig viku áður en Alþ. kemur saman. Kosningar eru fyrirskipaðar í Kópavogskaupstað einni viku áður en Alþ. á að koma saman. Það mátti ómögulega gefa Alþ. rétt og möguleika til þess að dæma um, hvort svona brbl. væru rétt og nauðsynleg, leggja svona brbl. fyrir Alþ., áður en kosningarnar færu fram í viðkomandi kaupstað. Það á ekki að gefa Alþ. tækifæri til þess að segja um slíkt. Nei, þvert á móti, sú ríkisstj., sem ákveður kosningarnar og gefur út brbl., ákveður kosningarnar einni viku áður en Alþ. á að koma saman. M. ö. o.: Alþingi er sniðgengið á tvennan hátt: Fyrst er vanrækt, svo að maður noti milt orð, að leggja fyrir Alþ. lög um, hvernig sú kjörskrá skuli vera, sem skuli gilda við viðkomandi kosningar, eða lög um breytingar á kosningalögunum, og síðan er ákveðið að láta brbl. koma til framkvæmda viku áður en Alþ. komi saman og hafi möguleika til þess að segja eitthvað um, hvort Alþ. kæri sig um, að svona sé farið að með kosningalög.

Á þennan hátt er á allan hátt verið að reyna að brjóta á móti anda stjórnarskrárinnar í þessum efnum og sniðganga Alþingi. Það er verið að reyna að setja Alþingi frammi fyrir full-

gerðum staðreyndum. Það er vitanlegt, að brbl., þegar þau eru sett, eru lög og hafa lagagildi, og það, sem gert er með þeim brbl., stendur; sú kosning, sem hefur farið fram í Kópavogi, er fullgild, þó að Alþingi felli þessi brbl.

Þetta mikla trúnaðarvald, sem lagt er í hendur ríkisstjórna, að mega gefa út brbl., þýðir m. ö. o., að Alþingi segir við ríkisstj.: Þú hefur heimild til þess að gefa út lög, sem ég yfirleitt get ekki á neinn hátt raskað á eftir. Meðan bráðabirgðalögin gilda, þangað til Alþingi fellir þau, eru þau í gildi og það, sem gert er samkvæmt þeim.

Þetta mikla trúnaðartraust, sem eftir stjórnarskránni er sýnt ríkisstjórnum, mega þær þess vegna ekki misnota. Með slíkri misnotkun er farið inn á afskaplega hættulega braut, og ég álít, að einmitt vegna þessa lagafrumvarps, sem hérna liggur fyrir, beri Alþingi að taka þetta mál alveg sérstaklega alvarlegum tökum.

Ég vil benda á, að það er hægt fyrir ríkisstjórn að nota sér það vald að breyta kosningalögunum með bráðabirgðalögum á mjög hættulegan hátt. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að eins og hægt er að breyta reglum, m. a. um kjörskrárgildi, í sambandi við bæjarstjórnarkosningar, þá er það líka hægt í sambandi við þingkosningar, og ég vil benda hv. þm. stjórnarflokkanna á það, að þó að í augnablikinu sitji samsteypustjórn Sjálfstfl. og Framsfl., þá gildir sá sami réttur, ef rétt skyldi kalla, eins og hann hefur verið notaður í þessu tilfelli, til að gefa út brbl. fyrir hverja þá ríkisstjórn, sem situr, eins þótt það væri t. d. minnihlutastjórn og þó að það væri t. d. einlit flokksstjórn, við skulum segja Sjálfstfl., og ég vil biðja hv. þm. að athuga alvarlega, hvað gæti gerzt í sambandi við setningu slíkra brbl. í sambandi við alþingiskosningar.

Ég talaði áður um, að einn ákveðinn flokkur hefði reynt að hafa ýmis áhrif á sannfæringu manna eða a. m. k. á atkvæðagreiðslu manna með alls konar loforðum um lóðir, og jafnvel hafa máske líka þeir góðu stjórnarflokkar báðir reynt að hafa áhrif á menn í sambandi við lán til íbúðarhúsa og annað slíkt. En ég vil benda á, að jafnvel þótt Framsfl. kunni stundum að hafa sérstöðu í ákveðnum hreppi eða kaupstað viðvíkjandi lóðum, gæti máske líka svo farið, að Sjálfstfl hefði einhverja ekki ólíka afstöðu t. d. um lán og lánveitingar og slík loforð í sambandi við alþingiskosningar, eða manni hefur stundum heyrzt því bregða fyrir, að það væri nokkuð mikið um það í einstökum kjördæmum, að það væri lofað ýmsum fyrirgreiðslum, svo framarlega sem menn vildu kjósa vissa flokka. Og nú skal ég taka dæmi um, hvernig mætti nota þá aðferð, sem hæstv. ríkisstj. hefur notað hér. Við skulum segja, að hér sæti minnihlutastjórn Sjálfstfl. að völdum, — og það hafa verið tvisvar sinnum á undanförnum 15 árum minnihlutastjórnir Sjálfstfl. hér að völdum, — og við skulum segja, að það ætti að fara fram aukakosning, t. d. í Vestur-Ísafjarðarsýslu, og við skulum segja, að Sjálfstfl. þætti eitthvað gott að geta unnið þá sýslu. Við skulum t. d. segja, að hann vantaði bara þetta eina kjördæmi til að fá meiri hluta á Alþingi, við skulum segja, að hann fyndi upp á því að flytja 20 fjölskyldur héðan úr Reykjavík og setja þær niður á Flateyri, og við skulum segja, að svo væru gefin út brbl. af ríkisstj. um, að vegna sérstaklega mikillar mannfjölgunar í viðkomandi kjördæmi væri alveg óhjákvæmilegt, að það yrði jafnvel að semja nýja kjörskrá, til þess að þeir góðu borgarar, sem bætzt hefðu við í þessu ágæta kjördæmi, gætu fengið einhvern rétt til þess að nota sín atkvæði; það væru sett brbl., og við skulum segja, af því að það er nú stundum þannig í kjördæmunum hérna og er reiknað drjúgt út undir kosningar, að það muni ekki meiru en 20 fjölskyldum, það verða kannske 50—60 atkvæði, og Sjálfstfl. og ríkisstj. ynni kjördæmið á þessu og fengi jafnvel meiri hluta á Alþingi, sem náttúrlega með mestu ánægju mundi samþykkja þessi brbl. á eftir, en þyrfti ekki einu sinni á því að halda, hann væri hvort sem er með setningu brbl. búinn að tryggja sér viðkomandi kjördæmi.

Ég vil benda hæstv. félmrh. á, að ef á að fara svona að, eins og gert hefur verið viðvíkjandi Kópavogskaupstað, þá er verið að gefa fordæmi, sem aðrir geta notað á eftir; ef svona óskammfeilið á að reyna að beita pólitísku ofurkappi í sambandi við kosningar eins og gert hefur verið í sambandi við þær kosningar, sem fram hafa farið og fram voru knúðar í Kópavogskaupstað.

Ég vil taka fram, að það er svo sem ekki aðeins í sambandi við aukakosningar, sem hægt væri að nota svona. Það er hægt að kukla svona við kjörskrá og kosningalög með brbl. líka fyrir almennar þingkosningar.

Ég vil vekja eftirtekt hv. þingmanna á því, að það hefur verið reiknað út, t. d. fyrir síðustu kosningar og alveg sérstaklega af hálfu Sjálfstfl., að hann þyrfti ekki að fá nema eitthvað um 400 atkvæðum meira í ákveðnum kjördæmum á landinu, tiltölulega fáum kjördæmum, til þess að Sjálfstfl. fengi hreinan meiri hluta á Alþingi.

Ef það sæti t. d. ríkisstj. Sjálfstfl. að völdum eftir kosningar eða jafnvel þótt það ættu ekki að fara fram kosningar, heldur fyndi upp á því að rjúfa þing, skyldi það nú vera sérstaklega mikið verk fyrir hana að láta flytja eina 400 menn á rétta staði á réttum tíma, þannig að aðrir væru þá máske ekki viðbúnir að svara á svipaðan hátt, miða kjörskrá við daginn eftir að þessi nýja viðbót hefði komið í viðkomandi kjördæmi og ákveða þannig, hverjir skuli fá að greiða atkvæði í viðkomandi kjördæmi? Það er stundum gott, að menn séu ofur lítið íhaldssamir, og það, sem liggur á bak við hugmyndina um kosningarnar og kosningalögin og ákveðin umdæmi, sem okkur virðist oft dálítið gamaldags, er sú hugsun, að það sé ekki hægt að hringla í þessum efnum, að menn verði að vera búsettir nokkru löngu áður á viðkomandi stað, en hins vegar er mönnum tryggt í staðinn, þó að þeir séu fluttir eitthvað burt eða slíkt, að menn geti fengið að nota sinn kosningarrétt á sínum gamla stað.

Þegar farið er þess vegna að breyta til í þessum efnum, þá er farið inn á mjög hættulega braut, inn á svo hættulega braut, að óvandaðar

ríkisstjórnir gætu jafnvel með því að halda áfram á þeirri braut, sem hér er farið inn á, skapað sér ef til vill meiri hluta á Alþingi með svona aðförum, og ég vil alvarlega segja það við hv. þm. og ekki sízt hv. þingmenn Framsfl., að þeir eiga ekki að veita sitt samþykki slíku fordæmi sem hér er gefið.

Það muna allir hv. alþm. eftir, með hvílíku ofurkappi það var sótt hér á Alþingi að knýja fram lögin um að gera Kópavogshrepp að sérstökum kaupstað. Það hefur síðan verið viðurkennt, líka af ýmsum framsóknarmönnum, að þarna hafi verið ekki aðeins rangt að farið, heldur líka illa að farið. Þetta var viðurkennt, eftir að Kópavogsbúar höfðu sjálfir mótmælt öllum aðförum ríkisstj. og stjórnarflokkanna hér á Alþingi í þessum efnum, veitt hæstv. ríkisstj. slíka ráðningu, að lengi mun í minnum höfð í íslenzkri stjórnmálasögu.

Með kosningunum í Kópavogskaupstað lýsti meiri hluti kjósendanna í Kópavogskaupstað vantrausti á hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh., vantrausti á afskipti ríkisstj. af þessum málum og lýsti að sama skapi trausti sínu á þeim manni, sem var áður oddviti í Kópavogshreppi og nú er bæjarstjóri í Kópavogskaupstað, Finnboga R. Valdimarssyni, hv. 6. landsk. þm. Kjósendur í Kópavogskaupstað gerðu þetta svo eftirminnilegt, að sá sigur, sem þeirra samtök undir forustu Finnboga R. Valdimarssonar unnu við kosningar í Kópavogi í sumar, er einhver með eftirtektarverðustu stjórnmálasigrum í íslenzkri sögu. Sá sigur er unninn á móti ríkisvaldinu, þó að menn séu rétt undir handarjaðrinum í því. Hann er unninn, þó að beitt sé tilraunum til þess að hafa áhrif á sannfæringu manna með hvers konar loforðum og slíku sem hugsanlegt var. Þessi sigur var bókstaflega uppreisn lýðræðisaflanna í Kópavogskaupstað á móti því lénsvaldi og því ofbeldi, sem stjórnarflokkarnir gerðu sig seka um að beita í sambandi við allt þetta mál. Það hefði þótt í flestum þingræðislöndum ástæða, bæði fyrir hæstv. forsrh. og félmrh., til að segja af sér eftir alla þeirra framkomu í sambandi við þetta mál hér á þingi og framkomu þeirra gagnvart þessum litla hrepp og kaupstað, og ég álít, að sú nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, hvort sem það verður nú allshn. eða félmn., ætti að athuga það alvarlega, hvort hún á ekki að samþykkja vítur á hæstv. ríkisstj. fyrir að haga sér þannig eins og gert hefur verið í þessum málum.

Alþingi á hins vegar þarna nokkra sök sjálft. Meiri hluti þingmanna hefur farið inn á þá leið að láta undan fyrir óbilgirni og ofurkappi tveggja ráðherra og samþykkja lög, sem ég veit að þorrinn af þeim þingmönnum, sem samþykktu þau, hefur gert undir samvizkunnar mótmælum.

Ég álít, að Alþingi eigi að bæta fyrir þá ósvinnu, sem það hafði í frammi með afgreiðslunni á lögunum um kaupstað í Kópavogi á síðasta þingi. Nú hefur bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar komið saman, og á sínum fyrsta fundi hefur hún farið fram á það við Alþingi og ríkisstj., að gert væri fyrir Kópavogskaupstað það, sem gert hefur verið fyrir flesta kaupstaði og talið sjálfsagt. Bæjarstjórn Kópavogs hefur á sínum fyrsta fundi samþykkt eftirfarandi till. frá sínum bæjarstjóra, Finnboga R. Valdimarssyni, sem ég, með leyfi forseta, vil leyfa mér að lesa:

„Bæjarstjórn Kópavogs samþykkir að æskja þess af ríkisstj., að ríkissjóður selji Kópavogskaupstað öll erfðaleigulönd og byggingarlóðir úr landi jarðanna Digraness og Kópavogs og fari afhending landsins fram eins fljótt og við verður komið. Skorar bæjarstjórnin á félmrh. að leggja hið fyrsta fyrir Alþingi það, sem nú situr, frv. til laga, er heimili umrædda sölu og ákveði, að lönd þessi skuli metin til verðs sem óbyggð væru, með tilliti til þess, að núverandi verðmæti þeirra umfram óbyggð lönd er árangur af elju íbúanna sjálfra.

Bæjarstjórn heitir á þingmann kjördæmisins og uppbótarþingmenn þess að veita máli þessu fyllsta stuðning á Alþingi."

Þetta var samþykkt einróma af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, og þessi réttarbót, sem þarna er farið fram á, er réttarbót, sem flestir kaupstaðir á landinu hafa óskað eftir og fengið og hafa talið mikils virði fyrir sig. Ég veit ekki sízt, hvað Akureyrarkaupstaður hefur lagt upp úr því, að hann fékk snemma aðstöðu til þess að kaupa allmikið af þeim lóðum og löndum, sem kaupstaðurinn byggist á.

Alþingi ætti að láta það verða eitt af sínum fyrstu verkum til þess m. a. að bæta fyrir, hvernig það fór að í vor, að verða við þessum tilmælum, og það væri fróðlegt að heyra nú frá hæstv. félmrh., hvort hann hefur hugsað sér að leggja slíkt frv. fyrir Alþingi eins og þarna er farið fram á. Slíka umhyggju sem hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh., sem er þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu, sýndu fyrir því að gera Kópavog að kaupstað, þá mætti ætla, að þeir vildu fylgja þeirri umhyggju eftir með því að láta þennan kaupstað nú fá þær lóðir og lendur, sem hann þarna biður um og eru í eigu ríkisins.

Viðvíkjandi þeirri lögfræðilegu hlið þessa máls, sem að Alþingi snýr, álít ég, að þessu frv. beri Alþingi að taka á þann hátt, það föstum tökum, að komandi ríkisstjórnir viti, að svona megi þær ekki haga sér aftur.

Svo skulum við athuga ofur lítið pólitísku hliðina á þessu máli. Það var vitanlegt, að það var hlaupið af stað með þetta mál um að ákveða að gera Kópavog að sérstökum kaupstað á síðasta þingi. Nokkrir útsendarar Sjálfstfl. og Framsfl. — aðallega hægri klíkunnar í þeim flokki — töldu, að með því að geta beitt nægilega vel því valdi, sem ríkisstj. var að leggja í hendur vissra manna með húsnæðismálalöggjöfinni og hún hafði fyrir með lóðaúthlutuninni, mundu þeir geta steypt þeirri stjórn, sem samtök alþýðumanna hafa haft í Kópavogshreppi undanfarið. Þessir útsendarar Sjálfstfl. og hægri Framsóknar töldu þess vegna sínum forustumönnum hér í Reykjavík trú um, að það þyrfti ekki annað en að knýja fram einu sinni enn kosningar í Kópavogi, til þess að það væri hægt að steypa þeim ægilega manni, Finnboga R. Valdimarssyni, af stóli og koma einhverjum útsendara Framsóknar eða Sjálfstfl. þar í staðinn, og til þess að fá nú einar kosningar enn í Kópavogshreppi væri ekki annað ráð en að

gera hann að kaupstað. Þetta voru upptökin að því, að farið var af stað með þetta mál. Þegar þessir útsendarar Sjálfstfl. og hægri Framsóknar höfðu talið sínum forustumönnum hér trú um, að þetta væri hægt, þá bitu þessir forustumenn á agnið, hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh., og köstuðu hér inn í þingið frv., sem var þannig útbúið og á slíkum forsendum, að það stóðst enga gagnrýni. Þegar þetta frv. var hér fram komið, þá var þessu fylgt á eftir með slíku offorsi, að slíkt hefur sjaldan þekkzt hér í þingsögunni. Það, sem þá var komið til greina, var metnaður þeirra valdsmanna, sem þarna áttu í hlut, og sérstaklega sótti hæstv. forsrh. það mjög skarpt og barðist harðvítuglega fyrir þessu, og mér þykir það mjög leitt, að hann skuli ekki vera hér viðstaddur nú, en hann mun vera sjúkur, til þess að hægt sé nú að taka upp við hann ofur lítið umræðurnar frá síðasta þingi, því að hann þyrfti þess sannarlega með. Hins vegar veit ég ekki, hvort hann verður viðstaddur umræður um þetta mál hér, því að ég er ekki alveg viss í, að ríkisstj. ætli að setja þetta mál í gegnum þingið. Ég er hálfhræddur um, að hún láti þetta sofna í nefnd. En ég vil hins vegar, ef þetta mál skyldi ekki koma fyrir aftur, minna á það, að fyrir okkur voru þá lagðar hér undirskriftir, sem safnað hafði verið af kosningasmölum stjórnarflokkanna, og það var sagt við okkur þingmenn: Hvað viljið þið eiginlega vera að ræða um þetta mál og halda því fram, að Kópavogsbúar óski ekki eftir þessu? Hér höfum við undirskriftir þeirra fyrir því. —Við vissum, hvernig undirskriftirnar voru fengnar, það var vaðið um í Kópavogshreppi. Mönnum var lofað öllu mögulegu eða hótað ýmsu, ef þeir skrifuðu ekki undir, og sumar undirskriftir voru meira að segja falsaðar, og mikið af undirskriftunum var frá mönnum, sem höfðu ekki atkvæðisrétt. Þegar þessar undirskriftir svo komu hér, sagði hæstv. forsrh. þessi orð: Ég held, að það sé beztur úrskurður um raunverulegan vilja fólksins að lofa því að greiða atkvæði opinberlega, og það er það búið að gera.

Þetta voru orð hæstv. forsrh. þá, þegar við héldum því fram, að það ætti að leyfa Kópavogsbúum að greiða atkvæði leynilega um þetta mál, hvort þeir vildu kaupstað í Kópavogi eða ekki. Forsrh. hélt því fram, að þeir væru búnir að greiða atkv. með undirskriftum, og gaf þá yfirlýsingu, að það væri yfirleitt bezt, að menn greiddu atkv. opinberlega, en ekki leynilega. Síðan fór fram leynileg atkvgr. í Kópavogi, og þá var reynt af hálfu stjórnarfl. að hindra menn í að taka þátt í þeirri leynilegu atkvgr. Það var reynt að hræða menn frá því. Það var reynt á allan hátt að hafa áhrif á menn í þá átt, að þeir tækju ekki þátt í þessari leynilegu atkvgr. Með þessu offorsi var farið að. Fyrst var þessum undirskriftum safnað, síðan var reynt að hindra menn í að taka þátt í að greiða atkv. leynilega, og svo á eftir voru gefin út brbl. um kjörskrá, og til þess að firra sig þeirri hættu, að Alþingi kynni að breyta þeim brbl., eru kosningar ákveðnar viku áður en Alþingi kemur saman. Þetta er pólitíska offorsið í sambandi við kosningarnar, sem fram voru knúðar í Kópavogi. Og hvað kemur svo út úr þessu öllu saman? Út úr þessu öllu saman kemur það, að fólkið, sem átti að berja niður í Kópavogi, að samtök almennings í Kópavogi, sem stóðu bak við og höfðu fyrir sinn forustumann Finnboga Rút Valdimarsson, koma sterkari út úr löglegum, leynilegum kosningum en þau hafa verið nokkru sinni fyrr. Það verður seint fullmetið, hvað það þýddi, að Kópavogsbúar svöruðu svo drengilega sem þeir gerðu því tilræði, sem þeim var sýnt.

Það var haft í frammi af hálfu stjórnarvaldanna tilræði við almennar, leynilegar kosningar. Það var haft í frammi tilræði við lýðréttindi fólksins. Og þetta tilræði var gert af hálfu þeirra, sem alltaf eru með orðið lýðræði á vörunum. Það var reynt að kúga menn til þess að framfylgja ekki sannfæringu sinni. Það var reynt að kaupa menn til þess, að þeir kysu ekki eins og hugur þeirra bauð þeim. Það var beitt yfirleitt þeim tilræðum, sem stjórnarblaðið Timinn stundum kennir við Suður-Ameríku, til þess að reyna að steypa þeirri stjórn, sem var í Kópavogshreppi. Og ekkert af þessu dugði. Þegar fólkið í Kópavogi fékk með leynilegri atkvæðagreiðslu að tjá sinn vilja, þá fylkti það sér þannig á móti stjórnarflokkunum, þannig á móti því ríkisvaldi, sem ætlaði að beita það hörðu, að það gaf því slíka ráðningu, að eftirminnileg verður.

Ég held, að stjórnarflokkarnir megi láta sér kosningaúrslitin í Kópavogi að kenningu verða, að það dugir ekki gagnvart íslenzkum kjósendum að ætla að beita þeim aðferðum, sem þar voru hafðar í frammi. Allt lóðabraskið, öll loforðin um íbúðalánin, allar þær beinu og óbeinu mútur, sem reynt var að hafa, öll sú kúgunarherferð, sem farin var, öllu hefur þessu verið hrundið. Kópavogsbúar hafa hrundið allri þessari árás. Og þeir hafa vottað sínum oddvita í þeirri baráttu, sem nú er orðinn þeirra bæjarstjóri, slíkt traust, að það er langt síðan annað eins hefur verið veitt, ekki sízt við þær aðstæður, sem þarna var búið, í kosningum hér á Íslandi. Og heiður sé þeim fyrir það, meiri hlutanum í Kópavogskaupstað. Þeir hafa sýnt, hvernig á að verja lýðréttindi fólks gegn ofsókn einræðissinnaðra stjórnarvalda. Þeir hafa sýnt, hvernig á að verja lýðréttindi og lýðræði á móti þeim ólögum og þar á meðal þeim brbl. og öllum þeim ofsóknum, sem í frammi voru hafðar. Þeir hafa sýnt, hvernig á að verja manngildið á móti þeim tilraunum til sannfæringarsölu, sem þar var beitt.

En ég vil spyrja: Hefur sú ríkisstj., sem beitt hefur þeim aðferðum, sem beitt hefur verið við íbúana í Kópavogi, ekki setið nógu lengi? Hefur ekki ríkisstjórn, sem gert hefur sig seka um svona aðfarir, einbeitt sér svona á eitt lítið kjördæmi í landinu, ekki fengið slíka ráðningu af kjósendum, að hún ætti að sjá sóma sinn í því að segja af sér?

Ég held, að þetta Kópavogsmál verði lengi í minnum haft. Við töluðum hér í fyrra, þegar allar undirskriftirnar komu hér fyrir Alþingi, um undirskriftir, sem fram höfðu farið einu sinni fyrrum í Kópavogi, og töldum margar þeirra, sem hér lágu fyrir okkur í vor, lítt bet-

ur fengnar en þær, sem gerðar voru þá. Undirskriftunum, sem hæstv. ríkisstj. stóð fyrir, þeim einræðisaðferðum, sem beitt var og átti að brjóta Kópavogsbúa á bak aftur með, hefur nú verið svarað með þeim lýðræðislegu aðferðum fólksins í Kópavogi, með því, að meiri hluti íbúanna í Kópavogi hefur lýst sig fylgjandi einmitt þeim manninum, þeirri stefnunni, þeim samtökunum, sem ríkisstj. ætlaði að hnekkja.

Kosningin í Kópavogi hefur þegar orðið fyrirmynd fyrir fólkið um allt land um, hvernig eigi að svara, þegar ein ríkisstj. ætlar að fara að beita fólk ofurkappi og ofbeldi. Nú er það Alþingis að sýna, að það kunni að standa vörð um sinn rétt í þessum efnum, um þann rétt, að engin ríkisstj. geti leyft sér að vera að káka við kosningalögin, grundvöllinn að stjórnarskipuninni, með þeim aðferðum, sem hér er gert. Ég álít þess vegna, að við afgreiðslu þessa máls á Alþ. eigi að taka þannig á því, að slíkt hneyksli eins og gerzt hefur í þessum efnum verði ekki gert aftur.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Mig minnir, að Örn Arnarson hafi í sinni ágætu drápu um Odd sterka haft einn kafla, þar sem hann lagði Oddi á tungu ræðu, sem hann kallaði dómadagsræðu, og ég held, að þessi ræða hv. 2. þm. Reykv., sem nú hefur staðið í klukkutíma, ef ekki meir, eigi frá hans hálfu að vera dómadagsræða, dómadagsræða yfir Alþingi, hótunarræða um það, að þingmenn verði að taka ákveðna afstöðu í máli, því að annars séu þeir landráðamenn, — hann leyfði sér jafnvel að vitna í gömlu undirskriftirnar í Kópavogi þessu til áréttingar og annað slíkt. En það var nú einhvern veginn svo, þó að Oddur sterki væri ágætur karl og margt gott um hann, að þá voru orð hans ekki mjög sannfærandi, og þannig mun nú áreiðanlega fara um orð hv. 2. þm. Reykv., sem hann hér hafði í þessari klukkutímaræðu sinni eða nokkru meir, að þau munu ekki orka neins, og ef þau orka nokkurs, þá orka þau á móti því, sem hann vill, því að það ætti þessum hv. þm. að vera ljóst, að því meira sem hann talar hér á Alþ., því minni áhrif hefur hann. Þetta eru orðin svo algild sannindi, að ekki þarf um það að ræða. En hins vegar tel ég rétt að nefna hér aðeins einstök atriði, en ég mun hafa það mjög stutt. Og af því að hv. 7. landsk. þm. (FRV) er hér inni í hv. deild, vildi ég aðeins geta þess um leið, af því að ég efast um, að hann nenni að hlusta lengi á þetta, að ég mun ekki neitt koma inn á þau atriði, sem máli skipta milli félmrn. og hans sem oddvita Kópavogshrepps, fyrr en málið kemur upp í Ed. Ég tel það ekki rétt á neinn hátt að gera það, en þar mun ég að sjálfsögðu leggja þau gögn fram í málinu, sem ég hef, ef hann telur ástæðu til að fara að hefja þá deilur um það. Þetta taldi ég rétt að taka hér fram nú strax, og er þá um leið svarað einu atriði í ræðu hv. 2. þm. Reykv., þar sem hann taldi hér um bil víst, að þetta mál mundi aldrei komast út úr Alþingi.

Hv. 2. þm. Reykv. má vera viss um, að þetta mál gengur sína leið gegnum Alþ. eins og önnur mál, sem fyrir það verður að leggja samkv. stjórnarskrá ríkisins, og það verður ekki stöðvað. Þetta taldi ég einnig rétt að taka fram í sambandi við þetta.

En það, sem kom mér til þess að nefna þetta dómadagsræðu hjá hv. 2. þm. Reykv. og líkja henni að nokkru leyti við ræðu í Odds rímu sterka, er það, að þegar slíkur mælskumaður eins og hv. 2. þm. Reykv. eyðir sínum mælskufossi í allt að því fimm kortér yfir það, sem hér er um að ræða í þessu frv., þá eiginlega undrast ég, — maður á kannske að öfundast yfir þeim þrótti, sem í því er fólginn að blása þessu öllu út, — hvað miklu moldviðri, hvað mikilli vitleysu er hægt að ausa út í sambandi við eins einfalt mál og þetta.

Hv. þm. reyndi mjög að lýsa því með fjálglegum orðum og það frá ýmsum hliðum og mjög oft í sinni ræðu, hve mikill lýðræðissinni hann væri, að það væri alveg sjálfsagt, að fólkið réði, og var með ávítur á ríkisstj. fyrir aðfarir hennar gagnvart Kópavogshreppi.

Nú skal ég taka það fram, að ríkisstj. hefur ekkert gert í þessu máli sem slík. Ég sem félmrh. hef gert hluti í málinu vegna áskorana frá miklum hluta af íbúum hreppsins, bæði hreppsnefndar og sömuleiðis íbúa. Og það eru í raun og veru aðeins hlutir, sem ég hef talið mér skylt að gera vegna ýmissa atriða í sambandi við þetta, sem ég ætla ekki að koma hér inn á, eins og ég lýsti yfir áðan. Að öðru leyti hefur mér ekki dottið í hug að hafa nokkur áhrif á þessi mál á einn eða annan hátt, og allar dylgjur hv. 2. þm. Reykv. um einhverja lóðaúthlutun, um einhver sérstök fríðindi eða kaup á atkvæðum, eru algerlega út í loftið. En þær sýna hins vegar hugarfar þeirra manna, sem eru kommúnistar að innræti og geta aldrei hugsað sér, að hægt sé að starfa að opinberum málum öðruvísi en með einhverjum kaupum og sölum. Að kaupa og selja sálir fólksins, það er það, sem þeir telja, að sé það eina, sem gildi hefur, og því, þegar þeir skríða út úr egginu og láta eigin sannfæringu koma hreina fram, þá verður hún alltaf á þennan hátt. Ég þekki ekki þetta. Ég þekki ekki þetta innræti. Og ég kannast ekki við nokkurn skapaðan hlut í þessu sambandi á þennan hátt.

Það, sem virtist fara mest í taugarnar á hv. 2. þm. Reykv. og er enda eina atriði þessa frv. og því í raun og veru eðlilegt, að aðallega sé um það rætt í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, er það, að það skyldi eiga að kjósa í Kópavogshreppi eftir nýjustu kjörskránni.

Hvað vill hv. 2. þm. Reykv. gera? Hann vill kjósa eftir hér um bil þriggja ára manntali. Það telur hann vera rétt lýðræðislegt form. Það telur hann vera það, sem eigi að gera í þessu efni. Hví má það ekki eins vera fimm ára, hví má það ekki eins vera 10 ára kjörskrá, sem kosið er eftir — eða 15? Þó að allir væru hér um bil dauðir, þá mætti láta dauða kjósa. Það er sjálfsagt það, sem kommúnistarnir gera í sínu sæluríki; það efast ég ekki um. En það er einmitt þetta, sem hv. 2. þm. Reykv. er hér að prédika. Ég verð að segja, að ég er það mikill lýðræðissinni, að þegar ég á að dæma um það, hvort eigi að kjósa eftir kjörskrá, sem samin er í febrúar 1955, og kosningin fer fram núna um mánaða-

mótin september og október, eða eftir kjörskrá, sem samin er ári áður og er þá eftir manntali frá árinu enn áður, þá er ég ekki í neinum vafa. Ég er oft í vafa um mál, hvernig ég á að snúast við þeim, mjög oft, og þarf að hugsa lengi um, hvað mér finnst vera rétt í málinu, en í þessu máli var ég ekki í vafa, því að að mínum dómi er þetta svo sjálfsagt. Og þeir menn, sem ekki skilja þetta og ekki hafa þetta inni á sér, að svona eigi að fara að málum, skilja ekki anda lýðræðisins, og það gerir auðvitað hv. 2. þm. Reykv. alls ekki. Annars gæti hann ekki haldið aðra eins froðuræðu og hann gerði hér um það, hve mikið tilræði við hið demókratíska skipulag það væri, sem hér hefði verið gert. Það var ekki hróflað nokkrum stafkrók í kjörskránni — ekki einum. Það er ekkert gert annað en það, að sú kjörskrá, sem samin er af oddvita hreppsins og hreppsnefndinni síðast, tæki gildi. Og ef þetta á ekki að vera það rétta lýðræði, þá kann ég ekki að skilja það. Og ég mundi hvenær sem eins stæði á, meðan ég væri félmrh., gefa út svipuð brbl.

Hv. 2. þm. Reykv. gekk auðvitað alveg fram hjá því, að þetta er sérstakt tilfelli, sem hér er um að ræða. Það er sérstakt tilfelli, að þannig aukakosning fari fram á þann hátt, sem hér varð í þetta skipti. Og það er alveg gefið, að þegar samin voru lögin um kjörskrá til sveitarstjórnarkosninga, þá var raunverulega ekki gert ráð fyrir þessu. Þarna kemur of mikil glufa í, ef svo mætti segja, sem erfitt er að brúa yfir. Og það er ekkert annað, sem gerðist. Þegar svo hv. 2. þm. Reykv. er að blása sig út yfir því, að ég hafi ekki þorað að láta þetta koma fram í frv. í fyrra, þá er þetta svo mikil fjarstæða, að ég get ekki lýst því. En hitt get ég tekið fram og skal lýsa hér yfir á Alþ. fyrir öllum alþm., að mér þótti það mjög leitt að hafa ekki tekið eftir þessu, eða mínir menn, sem stóðu að samningu frv., svo að hægt væri þá að setja inn í frv. ákvæði um, hvaða kjörskrá skyldi gilda. Og ég segi það eins og er, að ég get mjög vel beðið Alþ. afsökunar á því. Það er mín sök sem félmrh. Það átti að koma inn í frv. og hefði verið gert, ef ég hefði þá verið búinn að átta mig á því, hvernig þessi mál stóðu. Og það hlýtur eins reyndur maður í þingsögunni og hv. 2. þm. Reykv. að vita, að það hefði verið ólíkt hægara fyrir mig sem félmrh. að láta þetta ákvæði inn í frv. í fyrra og fá það þá afgreitt um leið, en ekki að þurfa að taka það upp sem brbl. nú. En eins og ég tók fram áðan: ég er það mikill lýðræðissinni, að ef ég á að úrskurða um það eða gera tillögur um, hvort eigi að kjósa eftir eins árs, tveggja ára eða þriggja ára kjörskrá, sem allar eru í raun og veru löglegar, þá er ég ekki í neinum vafa um, hvað ég á að gera. Þetta er allt það, sem máli skiptir um það frv., sem hér liggur fyrir.

Við getum vel leitt saman hesta okkar og það verður sennilega gert meir í Ed., af því að ég ætla, eins og ég tók fram áðan, alls ekki að taka hér upp neina þætti þessa máls, sem snerta oddvita hreppsins, sem er þm. í Ed., en að sjálfsögðu kemur þetta frv. þangað einhvern tíma á leið þingsins í vetur.

Þetta var nú í raun og veru meginatriði þess, sem ég vildi taka hér fram út af ræðu hv. 2. þm. Reykv., því að ég sé, að okkur ber hér stórkostlega í milli. Þó hygg ég, að hefði hann verið í sæti mínu og haft þá ábyrgð, sem því fylgir að vera framkvæmdarstjóri ríkisins í einhverjum málum, þá hefði hann fallizt á þá skoðun, sem ég féllst á, að sjálfsagt væri að láta nýjustu löglegu kjörskrá gilda til kosninga og annað væri í raun og veru ekki sæmilegt. En ég skal samsinna hv. þm. í því, að það var vel hægt að setja þetta inn í lögin í vor, og það er ekkert annað en mistök, sem alltaf geta komið fyrir og ég tel mig alls ekki of góðan að viðurkenna gagnvart þessu máli. En þá tel ég líka, að ég eigi nokkurn rétt á því, að því sé trúað, sem ég segi um það, að hér sé aðeins um mistök að ræða frá minni hálfu, en síður en svo og langt frá því, að ég væri hræddur við að leggja til í því frv., að sú kjörskrá, sem samin var í febrúar 1955, yrði látin gilda við kosningarnar, þegar þær færu fram.

Hv. 2. þm. Reykv. gerði mikið úr þeim sigri, sem oddviti Kópavogshrepps hefði unnið í þessari styrjöld þarna í Kópavogi, eins og hann orðaði það, — ja, ég held móti ríkisstjórninni og öllum öflum, er hana styðja hér í þessu landi. Ja, ég er ekkert að mótmæla því. Það gengur nú svo upp og ofan í þessu þjóðfélagi, að alltaf sigra einhverjir og aðrir tapa í bili, og við skulum láta það alveg liggja á milli hluta. En ég held nú einmitt, að úrslitin í þessum kosningum sýni mjög greinilega, að það hafi ekki verið hafður neinn pólitískur áróður af hendi ríkisstj. í þessu máli. Ég segi fyrir mig, að ég held, að ég hafi ekki komið í Kópavogshrepp allan þennan tíma nema á veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur í mjög snöggri ferð, og hef ekki a. m. k. sjálfur reynt að hafa nokkur áhrif á þetta mál. Hvað gerzt hefur innan hreppsnefndar Kópavogshrepps og þeirra manna, sem þar sitja og eru skipaðir af ýmsum pólitískum flokkum, er vitanlega allt annað mál. Og það væri þó hart, ef það ættu, eins og mér virtist á hv. 2. þm. Reykv., að liggja einhverjar vítur við því og jafnvel að Alþ. vísaði frá jafnsjálfsögðu bráðabirgðafrumvarpi og hér er um að ræða vegna þessara atburða, sem þarna hefðu gerzt. Þetta er ein af þeim firrum, sem stundum grípa þennan greinda þm. og fara með hann svo út í öfgar, að það er alveg ótrúlegt að hugsa til þess, en sýnir þó hins vegar, að hann stendur ekki á sterkum lýðræðisgrundvelli, hann hugsar eftir einhverjum öðrum línum, sem ég og flestir aðrir, sem svipað hugsa, geta ekki skilið í þessu sambandi. Og ég verð að segja það, að ég veit ekki, af hvaða orsökum ekki gátu allir sameinazt um, að það væri kosið eftir nýju kjörskránni, heldur ætti að kjósa eftir kjörskrá, þar sem fjöldi fólks er á kjörskrá, sem farið er eitthvað út í buskann, búsett annars staðar o. s. frv., en þeir fá ekki að kjósa, sem fluttir eru inn á síðasta ári, en eiga vitanlega nákvæmlega rétt til þess að gera það.

Þetta er mér svo fjarstætt, að ég eiginlega skil ekki, hvernig geta orðið deilur um þetta atriði. Það gátu orðið deilur um frv. í fyrra. Það voru deilur um það, og það má gjarnan taka þær upp

hér nú í sambandi við þetta frv., þó að mér finnist vera mjög litlar ástæður til að tala um frv. sjálft. Hér er um það eitt að ræða að koma þessum málum þannig fyrir, að raunverulegir íbúar, búsettir í Kópavogshreppi, hafi aðstöðu til þess að greiða atkv. Og hverjir eiga aðrir að gera það? Hví eiga menn, sem eru fluttir fyrir tveimur árum, ekki að fá að greiða atkv.? Og hvers vegna skyldu menn, sem nú s. l. ár hafa með stórri fyrirhöfn komið sér upp húsi í Kópavogshreppi, en ekki eru búnir að fá þar viðurkennt heimilisfang eftir eldri kjörskrá, ekki eiga að greiða atkv. við kosningar eins og þessar, þar sem þeir eru búnir að stofnsetja sitt framtíðarheimili í þessu sambandi? Ég spyr. En það er þetta og ekkert annað, sem hér er um að ræða í sambandi við frv. eins og það liggur fyrir.

Hv. 2. þm. Reykv. var með ýmsar bollaleggingar um að flytja 20—30 atkv., eða hann hefur nú sennilega átt við menn, býst ég við, en ekki atkvæðaseðla, vestur á Flateyri, til þess að þeir gætu ráðið úrslitum í næstu kosningum í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Einnig talaði hann um að flytja í viss kjördæmi svo sem 400 menn, sem gætu algerlega ráðið úrslitum um það, hverjir fengju meiri hluta í þeim kjördæmum. Ég vil nú bara leyfa mér að spyrja hv. þm.: Hvað felst á bak við svona þvætting? Er það raunverulega hans meining, að ef einhverjir menn flytjast t. d. vestur í Vestur-Ísafjarðarsýslu eða einhverjar sýslur úti á landi, við skulum segja hér úr Reykjavík eða einhvers staðar annars staðar, að þeir fái ekki atkvæðisrétt eftir þeim reglum, sem nú gilda? En það getur í raun og veru ekki verið neitt annað, sem hv. þm. á við en það. Við höfum ekki séð enn á Íslandi bundið þannig, að menn megi ekki flytja frjálst milli héraða og setja sig niður þar, sem þeim sýnist, en mér virtist, að í þessum orðum hv. þm. lægi eitthvað um það, að þannig skyldi það ekki vera, ef hann kæmist til meiri valda hér í landi, heldur skyldi þá séð um, að slíkt væri ekki hægt, að svona gætu menn ekki flutt sig milli staða eftir því, sem þeir af atvinnuástæðum eða öðru vildu vera láta. Ég gat a. m. k. ekki fundið neitt annað, sem lá til grundvallar fyrir — ja, ég veit ekki, hvað ég á að segja — þessari fróðukenningu hans, sem var ekki nægilega rökstudd.

Hv. 2. þm. Reykv. gerði mjög mikla kröfu til þess, að ég sem félmrh. og hæstv. forsrh. yrðum að segja af okkur út af þessu máli. Að sjálfsögðu ætla ég ekki að fara að ræða um það hér, það er þingsins, eins og í hverju öðru máli, að skera úr um það. En séu stærstu afglöp, — ég get vel nefnt það, því að ég játa, að þessi ríkisstj. eins og aðrar geri afglöp, — en séu stærstu afglöp núverandi ríkisstjórnar að setja þessi brbl. um, að kjörskráin frá febr. 1955 skyldi gilda nú við nýafstaðnar kosningar í Kópavogshreppi, þá er ekki um auðugan garð að gresja um ásakanir á þá ríkisstjórn, sem nú situr.

Þá vil ég segja það, að ég er ósköp rólegur og tek örlögum mínum og ríkisstj. allrar með mestu rósemi, en þetta virtist, eftir því sem hv. þm. sagði, vera eitthvert allra versta og ég held versta áfallið, sem komið hefði af hálfu ríkisstj. um **þetta atriði.**

Hv. 2. þm. Reykv. lagði mikið út af því, að það væri með þessu verið að brjóta á móti anda stjórnarskrárinnar. Þetta held ég einhver mestu öfugmæli, sem hægt er að segja. Stjórnarskráin er eins og önnur mannanna verk, að það getur oft verið erfitt að fylgja því alveg út í æsar, og eitt af því er einmitt ákvæði í kosningalögunum, eins og þarna er um að ræða. En ég leyfi mér þá að segja, að það er einmitt að fylgja anda stjórnarskrárinnar að fara að eins og ríkisstj. gerði í þessu máli; það er einmitt í anda stjórnarskrárinnar, að þeir menn, sem raunverulega búa í Kópavogshreppi, en ekki einhvers staðar annars staðar, fái að greiða atkvæði og taka ákvörðun um sína afstöðu þar, og ég skal hvar sem er fylgja þessu eftir.

Þetta vildi ég leyfa mér sérstaklega að undirskrifa. En ég hygg, að menn, sem aðhyllast einræðisskipulag og kommúnisma, skilji ekki hluti eins og þessa. Og ég tel, að það sé miklu betra og réttara fyrir okkur, sem erum í ríkisstj., einmitt að taka áhættu af því að leggja mál eins og þessi, sem ég segi fyrir mig, að ég er sannfærður um að er rétt, svo rétt sem nokkurt mál getur verið, fyrir Alþingi og taka svo afleiðingunum af því, hvernig Alþingi kann að líta á það.

Ég sé ekki ástæðu til að fara lengra inn á þetta. Ég vil aðeins að lokum, af því að hv. þm. talaði svo oft um það, hve mikil hætta væri að hringla með kjörskrá og kosningalög, taka það fram, að ég er honum algerlega sammála um það og tel, að þetta séu einir sterkustu hyrningarsteinar undir lýðræði og okkar þjóðfélagi. En ég tel, að hér sé ekki um neitt hringl að ræða, þar sem hér var algerlega um sérstaka aðstöðu að tala, og það er síður en svo, að hringlað sé með kjörskrána; það hefur engum dottið í hug og enginn borið fram, að það hafi verið hreyft við henni, hún er alveg eins og gengið var frá henni af stjórnendum Kópavogshrepps. Það eina er, að það er kosið eftir nýjustu kjörskrá, en ekki gamalli kjörskrá. Það er það eina, sem þurfti að breyta með þessum brbl.

Ég var búinn að taka það fram áður, og það er — ég vil nú segja óhæfileg illkvittni hjá hv. 2. þm. Reykv. að bera það fram, að þetta frv. muni aldrei fara út úr þinginu, að það muni vera ætlun ríkisstj., að það dagi uppi. Hvað sem að öðru leyti má segja um ríkisstjórn þá, sem nú situr, þá mun hún aldrei fara í felur við Alþingi um mál. Hún mun láta þau koma þar fram, segja sína skoðun á þeim, og hún mun svo taka afleiðingunum, eins og þær verða í hvert skipti. Þetta þori ég alveg að fullyrða, og það dettur engum manni í ríkisstjórn Íslands í hug að gera annað en þetta, hvað sem að öðru leyti má um hana segja.

Umr. frestað.

Á 8. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., 24. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og fram kom við umr. þessa máls, þegar það var hér síð-

ast á dagskrá, mun frv. það, sem hér liggur fyrir, í sjálfu sér vera harla þýðingarlítið, því að hér er um staðfestingu á brbl. að ræða, en þau brbl. hafa þegar komið til framkvæmda, og áhrifum frá þessari lagasetningu verður ekki kippt til baka aftur, svo að það atriði út af fyrir sig, hvort þetta frv. nær fram að ganga eða ekki, getur í rauninni ekki, úr því sem nú er komið, haft nein veruleg áhrif. En það eru nokkur atriði í sambandi við þetta mál, sem eru þess eðlis, að ekki er óeðlilegt, að nokkuð sé um það rætt.

Það munu allir hv. alþm. minnast þess, að Kópavogsmálið, eða frv. til l. um bæjarstjórn í Kópavogi, sem lá fyrir Alþ. s. l. vor, gekk hér fram með nokkuð sérkennilegum hætti á sínum tíma, og hér urðu þá allmiklar umræður um málið, sem ég skal nú ekki fara að rifja upp. En á það má þó minnast í þessu sambandi, að þá var því haldið hér statt og stöðugt fram, að fyrir lægi ótvíræður vilji íbúanna í Kópavogi um það, að þeir óskuðu eftir þeirri breytingu, sem þá var lagt til að lögfesta. Og vitnað var þá m. a. í það, að fyrir hendi væru undirskriftir meiri hluta íbúanna í Kópavogi, sem sönnuðu, að þeir óskuðu eftir þessum breytingum. Þegar ég og aðrir alþm. vöktum athygli á því, að þessar undirskriftir voru ekki í samræmi við gildandi kjörskrá í hreppnum, þá var slíku ekki sinnt, og hæstv. ríkisstj. tók að sér að hamra það í gegn hér á Alþ., að ekki væri um að villast, að meiri hluti hreppsbúa óskaði eftir breytingunni. En síðan hafa farið fram kosningar í Kópavogshreppi, og hygg ég, að í þeim kosningum hafi eftirminnilega sannazt það, sem ég og fleiri héldum hér fram, að það væri síður en svo, að það lægi fyrir, að meiri hluti íbúanna í Kópavogi óskaði eftir þeim aðgerðum, sem hér var verið að lögfesta.

Í þeim umræðum, sem hér fóru fram um þetta mál s. l. vor, var m. a. minnzt á kjörskrármálið í sambandi við hinar væntanlegu kosningar. Það höfðu sem sagt komið fram raddir um það, að þeir minnihlutamenn í hreppnum, sem stóðu fyrir öllu þessu eindæma brölti, vildu ekki sætta sig við að hlíta almennum landslögum um samningu kjörskrár og vitnuðu iðulega í það, að miklu réttara væri að leggja nýjasta manntal til grundvallar, en víkja frá settum lagareglum um samningu kjörskrár. En það kom líka fram, að hæstv. ríkisstj., sem hafði tekið að sér að reka mál þessara aðila hér á Alþ. með þeim furðulega hætti, sem allir kannast við, treysti sér ekki til þess að flytja hér, um leið og ákveðið var, að hreppurinn í Kópavogi skyldi gerður að kaupstað, breytingar varðandi kjörskrárregluna. Þó að þetta væri orðið hér umræðuefni á hv. Alþ. og skiptar væru skoðanir í þessum efnum, þá treysti hæstv. ríkisstj. sér ekki til þess að taka upp ákvæði um þetta í það frv., sem þá lá hér fyrir, og lét það líða hjá, og var þá vitanlega ekki um annað að ræða en að fara eftir gildandi lögum um það efni. En svo gerist þetta furðulega atriði, sem hér liggur nú fyrir í frumvarpsformi, að ríkisstj. grípur til þess að breyta lögunum um kjörskrá í þessu tilfelli, þrátt fyrir það að hún lét hjá líða að setja slíkt í lög, þegar málið lá hér fyrir á Alþ. og þegar þessi mál einmitt um kjörskrána voru hér rædd. Þetta verður að teljast alveg furðulegt, en þó reyndar í fullu samræmi við öll vinnubrögð í þessu máli.

Nú hefur það einnig gerzt hér í sambandi við nokkrar umræður, sem fram hafa farið um þetta frv., að hæstv. félmrh., sem hér hafði orð fyrir frv., hefur reynt að réttlæta þessar einstöku aðgerðir og það á þann hátt, sem hlýtur að hafa vakið furðu allra þeirra, sem nokkuð hafa komið nærri sveitarstjórnarmálum. — Ég tek nú eftir því, að hæstv. félmrh. er ekki staddur hér, og hefði ég þó vænzt þess, að hann væri hér viðstaddur, þegar mál þetta er rætt, en ég vildi alveg sérstaklega beina orðum mínum til hans í sambandi við það, sem hann sagði hér í umræðunum um málið, er það var síðast á dagskrá.

Hæstv. félmrh. vildi rökstyðja aðgerðir sínar í þessu efni með því, að hann hefði ekki annað gert en að leggja til, að nýjasta kjörskrá, sem samin hefði verið í hreppnum, yrði lögð til grundvallar við kosninguna, og slíkt væri vitanlega ákaflega eðlilegt og mjög lýðræðislegt, eins og hann sagði, og hann mundi leggja slíkt til í hverju öðru tilfelli, þar sem eins stæði á um. Þetta er alveg furðuleg yfirlýsing frá hæstv. félmrh., þeim manni, sem hefur yfir sveitarstjórnum og bæjarstjórnum að segja í öllum þessum efnum. Það er engu líkara en að hæstv. ráðh. hafi ekki tekið með í reikninginn, að það eru til gildandi lög um þessi atriði, lög, sem ekki eingöngu varða Kópavog, heldur öll önnur sveitarfélög í landinu, lög, sem hafa staðið um árabil, og lög, sem eru enn í fullu gildi, þó að veitt séu afbrigði frá þeim í einstöku tilfelli, þar sem það þykir betur henta, eins og í þetta skipti.

Hér er ekki um það að ræða, að í þessu tilfelli hafi átt að kjósa eftir einhverri úreltri kjörskrá, gamalli kjörskrá, og að það hefði verið til önnur nýrri kjörskrá, sem eðlilegra hefði verið að leggja til grundvallar. Lögin um samningu kjörskrár eru alveg skýr, að þó að kjörskrá sé samin í febrúarmánuði, eins og lög standa til, þá er það mjög greinilega fram tekið, að sú kjörskrá, sem þá er samin, skuli ekki taka gildi fyrr en næsta ár á eftir, fyrr en seinni hluta janúarmánuðar árið á eftir. Það er miklu oftar, að það hefur komið fyrir, að efnt hefur verið til aukakosninga, heldur en í þetta skipti í Kópavogi. Aukakosningar hafa iðulega farið fram. Ég minnist þess t. d., að í mínu byggðarlagi fóru fram aukakosningar til bæjarstjórnar fyrir nokkrum árum, og þær fóru fram um mjög svipað leyti árs og þessar kosningar, sem nú fóru fram í Kópavogi. Þá var mikill hiti í bæjarmálunum hjá okkur, og menn deildu þar hart, en það datt engum í hug, að það þyrfti að fara að breyta lögunum um kjörskrá eða kosningafyrirkomulagi í sambandi við þessar aukakosningar, og það hefur sveitarstjórnarmönnum yfirleitt ekki komið til hugar. Það var til þar gildandi kjörskrá samkvæmt landslögum, og hún var lögð til grundvallar í kosningunum, og það kom engum manni annað til hugar, og þeim ráðherra, sem þá fór með félagsmál, kom ekki heldur til hugar að

fara að framkvæma þessa nýju aðferð, sem hæstv. félmrh. telur nú að sé lýðræðislegri en sú, sem er lögfest í landinu.

En það, sem mestu máli skiptir þó í þessum efnum, er, að auk þess sem það lágu frá öndverðu ákveðin rök fyrir því, af hverju þetta var ákveðið svona, að kjörskrá, sem samin er í febrúarmánuði, skuli ekki taka gildi fyrr en í byrjun næsta árs, að auk þess sem það lágu alveg ákveðin rök fyrir því, að þetta var lögfest á þennan hátt, sem sagt þau, að áður en réttmætt þótti, að maður fengi kosningarrétt í einu sveitarfélagi, átti hann að hafa búið þar tiltekinn tíma, og það var það, sem lá til grundvallar, — en auk þess er svo hitt, að það hefur þótt alveg óhjákvæmilegt að hafa ákveðið samræmi í þessum efnum um allt land, en ekki að eitt skyldi geta gilt á þessum stað og annað á hinum. Þeir menn, sem nú voru teknir inn á kjörskrá í Kópavogi og eftir hinum nýju ákvæðum voru látnir fá kosningarrétt þar, höfðu samkvæmt gildandi kjörskrám annars staðar, margir hverjir, rétt til þess og hafa hann enn til að kjósa þar. Breytingin, sem þarna var gerð, kemur m. a. þannig fram, að nokkrir aðilar fengu kosningarrétt við þessar sérstöku kosningar löngu fyrr en lög stóðu til að þeir fengju hann, en nú, þegar þær kosningar eru gengnar um garð, stendur aftur svo á, að þeir menn ýmsir, sem höfðu verið sviptir kosningarrétti með því, að önnur kjörskrá var lögð til grundvallar, eru nú aftur orðnir kosningabærir í Kópavogshreppi. Þeir voru settir út af gildandi kjörskrá á þennan hátt aðeins í þessum sérstöku kosningum, en færu nú t. d. fram kosningar aftur í Kópavogi af einhverjum ástæðum, þá eru þeir samkvæmt gildandi landslögum og gildandi kjörskrá þar í hreppnum aftur komnir þar á kjörskrá, sem sviptir voru atkvæðisrétti þar í kosningunum 2. okt. Þetta heitir vitanlega hið argasta hringl með kjörskrá, sem hæstv. félmrh. lýsti þó yfir hér að hann teldi mjög hættulegt alltaf. Hann mundi að sjálfsögðu aftur þurfa að setja brbl., ef efnt yrði til kosninga á nýjan hátt, áður en sú kjörskrá tekur raunverulega gildi, sem var kosið eftir síðast, því að hún var aðeins sett í gildi meðan á þessum kosningum stóð, en annars öðlast hún ekki gildi fyrr en í byrjun næsta árs.

Með því að setja slík brbl. sem þessi er því verið að koma hinum mesta glundroða á milli einstakra sveitarfélaga um það, hvar viðkomandi aðili hefur fullan kosningarrétt, og það er það atriði, sem er stórhættulegt. Ef hæstv. félmrh. er í raun og veru á þessari skoðun, sem hann reyndi hér að túlka, sem ég dreg nú mjög í efa, þá ætti hann að sjálfsögðu að leggja hér fram frv. um það, að gildandi lögum um kjörskrár yrði breytt, og þá ætti að ákveða, að í hvert skipti yfirleitt, sem kjósa á, ætti í snatri að semja kjörskrá, svo að hún væri sem allra nýjust, og á þá kjörskrá ætti að taka alla þá menn, sem þá væru búsettir í viðkomandi hreppi. Þetta er vitanlega grundvallarbreyting á því skipulagi, sem ríkt hefur hjá okkur í þessum efnum, og ef þetta væri tekið í lög, þá væri mjög auðvelt að hafa úrslitaáhrif með skyndiflutningi nokkurra manna á kosningar í einstökum sveitarfélögum. Með skyndiflutningi væri þá hægt að hafa úrslitaáhrif á atkvgr. með flutningi manna rétt um það leyti, sem kosning færi fram.

Ef hæstv. félmrh. er í rauninni á þessari skoðun, þá á hann vitanlega að flytja um þetta frv. og láta þetta gilda um allar sveitarstjórnarkosningar á landinu, því að þá fyrst kæmi eitthvert samræmi í þetta. En að hafa ákvæðin þannig, að í einu sveitarfélaginu beri að fara eftir gildandi lögum um samningu kjörskrár, semja hana í febrúarmánuði og hún tekur ekki gildi fyrr en í janúarmánuði næsta ár á eftir, og menn fá þar atkvæðisrétt eftir því, en í enn öðru sveitarfélagi séu sett skyndilög um það, að þessu skuli komið fyrir á allt annan veg, veldur vitanlega hinu argasta misrétti og hættulegum glundroða, sem ekki verður séð fyrir endann á.

Ég býst við, að hæstv. félmrh. hafi gert sér grein fyrir því, að nú að afstöðnum þessum kosningum í Kópavogi er gamla kjörskráin, sem hann kallar, í fullu gildi. Nú eru þeir menn, sem á þeirri kjörskrá eru, einir kosningabærir í Kópavogi, en ekki hinir, sem standa á þeirri kjörskrá, sem kosið var eftir nú síðast.

Það er alveg augljóst mál, að þetta tiltæki um breytingu á kjörskrá í sambandi við kosningarnar í Kópavogi er í rauninni sama eðlis og fyrri þættir þessa máls, sem ég minntist hér á, eins og sjálf lagasetningin um bæjarstjórnina í Kópavogi. Þetta er algert frávik frá venjulegum reglum og lögum, sem gripið hefur verið til í fáti af þeim, sem létu flækja sér út í þessi vandræði, og miklu réttara er vitanlega fyrir þá aðila, sem létu hafa sig út í þessi vandræði, sem sagt hæstv. ráðh., að játa hreinskilnislega, að þeir hafi verið gabbaðir af minni hl. í hreppsnefndinni í Kópavogi, að þeir hafi verið hafðir þarna að ginningarfíflum og þeir hafi því gert ýmislegt það, sem þeir vildu í rauninni ekki að þeir hefðu nokkurn tíma gert, og játa það hreinlega, að eitt af því, sem þeir hafa þarna ranglega gert, er einmitt það, sem nú á hér að staðfesta með þessu frv., breytingin á kjörskrárákvæðum.

Hitt er vitanlega fyrir neðan allar hellur, að sjálfur félmrh. landsins skuli reyna að túlka þessa breytingu á þann veg, sem hann gerði hér, að hún sé fyrst og fremst í anda stjórnarskrárinnar, eins og hann orðaði það hér, hún sé í anda hins sanna lýðræðis. Það er alveg furðulegt að reyna að halda því fram, en leggja þó ekki í að flytja breytingu á gildandi lögum til samræmis við þennan anda stjórnarskrárinnar og þetta sanna lýðræði, sem hæstv. ráðh. reynir að halda fram að hafi staðið að baki þessum gerðum. Það er vissulega rétt, sem hér hefur verið bent á, að það er alvarlegra en svo, að ráðherrar ættu að gera nokkurn leik að því að hringla til með lögin um kosningar og um samningu kjörskrár, og í einstökum tilfellum a. m. k. ætti ekki að gera það.

Ég held, eins og ég sagði í upphafi, að það skipti ekki verulegu máli, hvort þetta frv. verður samþ. hér eða ekki, því að það hefur ef-

laust náð sínum fulla tilgangi. En hitt er enn í fullu gildi í sambandi við þetta mál, að þeir, sem stýra sveitarstjórnarmálefnum landsins, viðurkenni, að slík tiltæki sem að hringla svona með kjörskrár eru ekki verjandi ráðstöfun, og hæstv. Alþ. ætti að taka fyrir það í eitt skipti fyrir öll með því að sýna það með samþykkt sinni á einn eða annan hátt, að það geti ekki fallizt á það, að með brbl. sé gripið á þennan hátt inn í kosningalög og kjörskrár, því að ekki er gott að segja, hvað af slíku kann að leiða síðar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. ræddi ofur lítið um það, sem ég hafði sagt um þetta mál, og mér þykir mjög leitt, að hann skuli ekki sýna sig í þessari hv. d. nú. Það var að vísu hraustlega gert af honum að hafa þó framsögu í málinu og taka til máls aftur, en það hefði verið karlmannlegra að reyna að halda áfram, fyrst hann kaus ekki þann kostinn að biðja þessa d. afsökunar á allri þessari lagasetningu sinni og öllum afskiptum sínum af þessu máli. Hann tók þann kostinn að saka mig um ýmsa hluti, en standa aftur á móti sjálfur mjög fastur á því, að allt hefði verið rétt, sem hann hefði gert. Ég held, að það sé nú bezt út frá því að athuga ofur lítið og rifja upp, hvernig stendur á því, að hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh. og raunverulega þar með ríkisstj. öll skuli vera komin í þá flækju og vera búin að gera sér þá skömm, sem þeir hafa gert sér með öllum sínum afskiptum af þessu svonefnda Kópavogsmáli.

Ég vil þá í fyrsta lagi minna menn á, að það var kosið í hreppsnefndina í Kópavogi 1954, og mótsett við það, sem gert var með aðra hreppa í landinu, var ekki kosið þar bara einu sinni, heldur var kosið þar tvisvar. M. ö. o.: Kjósendur í Kópavogi höfðu fengið mjög gott og meira að segja endurtekið tækifæri til þess að láta í ljós sínar skoðanir á því, hvers konar stjórn skyldi fara þar með ráðin í hreppnum. Í þessum tveim kosningum, sem fram fóru 1954, var ekki minnzt einu orði á það af hálfu þeirra flokka, sem voru í andstöðu og voru í minni hluta í Kópavogi, að það þyrfti að skapa kaupstað upp úr Kópavogshreppi. Það mál hafði alls ekki komið til greina. Hins vegar var valdhöfunum hér í Reykjavík, hæstv. ríkisstj., illa við úrslitin í þessum tveim kosningum. Ríkisstj. var strax illa við úrslitin í fyrstu kosningunum og lét þess vegna endurtaka kosninguna af hreinni átyllu, notaði smávægilega átyllu, sem annars hefur aldrei verið notuð í bæjarstjórnarkosningum eða hreppsnefndarkosningum hér. En valdhöfunum líkaði ekki heldur við hin endurteknu úrslit, og hvað er þá gert? Jú, það, sem er gert, er það, að fundið er upp á því að fara að breyta Kópavogshreppi í kaupstað til þess að fá fram þriðju kosningarnar. Það er farið að hringla með löggjöf um þessa hluti hér á Alþingi eingöngu í einum einasta tilgangi, og það er í þeim tilgangi að láta verða einar kosningar enn þá í Kópavogi, enda kom það greinilega fram í ræðum hæstv. forsrh., þm. G-K. (ÓTh), við þær umr., sem hérna fóru fram, að það, sem hann áleit að væri hægt að gera með því að láta fara fram einar kosningar enn þá, þótt þær kostuðu það að gera Kópavog um leið að kaupstað, væri að steypa þeirri stjórn, sem Kópavogsbúar höfðu kosið sér, og þá alveg sérstaklega að koma þar oddvitanum, sem verið hefur, Finnboga R. Valdimarssyni, hv. 6. landsk., út úr forustuaðstöðunni þar, keppinaut hans í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Svona var í pottinn búið með þetta mál. Það var ekki af áhuga fyrir því að skapa kaupstað í Kópavogi, sem lög um kaupstað í Kópavogi eru sett hér í gegnum Alþ. Það var af áhuga fyrir því að fá fram þriðju kosningarnar í Kópavogi til þess að reyna að pína og véla kjósendurna þar til þess að kjósa sér stjórn, sem væri að skapi auðvaldsins í Reykjavík, og þetta lét meiri hluti Alþ. hafa sig út í að samþykkja, þótt það megi geta þess um leið, þeim þm. stjórnarflokkanna, ja, ég vildi segja til maklegs hróss kannske, að þeir þögðu yfirleitt um málið. Það stóð enginn þeirra upp til þess að reyna að verja það, þegar það var sett í gegn, en þeir greiddu kannske atkvæði með samvizkunnar mótmælum margir þeirra.

Lögin um kaupstað í Kópavogi og þar af leiðandi þessi lög um kjörskrána í Kópavogi eru sett fram til þess að reyna að koma frá lýðræðislega kosinni stjórn í þessum hreppi, sem nú er orðinn að kaupstað, af því að valdhöfunum líkaði ekki við þessa stjórn. M. ö. o.: Þegar fólkið í þessu viðkomandi umdæmi er búið að láta í ljós sínar skoðanir á þann hátt, sem stjórnarskráin fyrirskipar, með leynilegri atkvgr., þá á fyrst að þvinga það til þess og reyna að binda það með því að undirskrifa opinberlega áskoranir hér til Alþ., sem lýst er yfir af hálfu forsrh. að hafi meira gildi en leynilegar kosningar, og svo á eftir með brbl. um sérstaka kjörskrá að reyna að útiloka svo og svo marga menn, sem annars höfðu löglega kosningarrétt í Kópavogi, frá því að kjósa, allt í trúnni á það, að með öllu þessu móti geti tekizt að steypa þeirri stjórn, sem meiri hl. íbúanna í Kópavogi hafði kosið sér. Það var verið að skapa átyllu til þess að láta fara fram einar kosningar enn þá, og þetta er vert að menn muni, því að þetta er misnotkun á löggjafarvaldi Alþingis. Öll þessi lagasetning, bæði brbl., sem núna liggja fyrir, og laganna þá, er í þeim tilgangi að þóknast valdhöfunum hjá þjóðinni, sem þar eru í augnablikinu, en út frá öllu þessu er svo ríkisstj. búin að flækja sér inn í slíka bendu, að hún veit ekki, hvernig hún á að komast út úr þessu nú. Þess vegna stendur hún nú uppi ráðþrota, þorir ekki að verja sitt mál hér, hefur það raunar eitthvað svipað og hún hafði það, þegar við vorum að ræða hérna um sjálf kaupstaðarlögin, og ætlast svo bara til þess, að hennar flokksmenn hlýði henni, standi stöðuglega við allt, sem hún gerir, hvaða hneyksli sem það er. En þó er hún svo langt komin nú, að t. d. í sjálfu blaði hæstv. félmrh., Tímanum, birtast greinar undirskrifaðar af mönnum, sem forustu áttu að hafa í Framsfl., um, að þetta hafi verið frumhlaup og að þetta hafi verið rangt, sem þarna var gert. Auðvitað er það gefið mál, að hefði verið farið að, án þess að um ofsókn hefði verið að ræða gegn lýðræðislega kosinni stjórn í Kópavogshreppi, þá hefði auðvitað verið beðið þangað til

á þingi 1957 með að setja lög um kaupstað í Kópavogi, ef þá hefði legið fyrir ákvörðun og samþykkt á því af hálfu meiri hl. hreppsnefndar, eftir að fram hefðu farið tilraunir til sameiningar við Reykjavík og ekki tekizt, og þá hefðu farið fram kosningar, ef sett hefðu verið lög um kaupstað í Kópavogi, í janúar 1958 eins og í öðrum bæjum landsins. Það, hve sérstaklega var þarna að farið, var sem sé eingöngu með það fyrir augum að fá einar kosningarnar enn þá, fá þriðju kosningarnar á hálfu öðru ári.

Þegar hæstv. ríkisstj. er búin að misnota sitt vald og fylgispekt þm. sinna til þess að hefja ofsóknir á hendur lýðræðislega kosinni stjórn í Kópavogshreppi og er farin á rassinn með þetta allt saman og hefur fengið slíka ráðningu í kosningunum, að flestar stjórnir eða a. m. k. þeir ráðherrar, sem þarna voru ábyrgir, hefðu sagt af sér á eftir, þá kemur nú hæstv. félmrh. hér fram og fer að tala um, að þeir menn, sem séu að tala á móti sér í þessu efni í þessu máli, skilji ekki anda lýðræðisins.

Ég verð að segja það, að farið er að færast fullmikið í aukana að reyna að kenna allar ofsóknir og allt ofbeldi, sem núverandi valdhafar beita, við lýðræði, og ég held, að þessir hæstv. ráðh. ættu að gæta sín ofur lítið í notkuninni á þessu orði. Hafi verið nokkurs staðar brotið á móti anda og bókstaf lýðræðisins í sambandi við allt þetta framferði, þá er það með framkomunni viðvíkjandi Kópavogshreppi og íbúum hans, og það er ekki valdhöfunum að þakka, að þeir ráku þá eins duglega af höndum sér og þeir gerðu. Meira að segja sjálfur forsrh. fór þangað suður eftir. Þó að hann hafi ekki tíma einu sinni til þess að skreppa til Danmerkur og tala við forsrh. þar, þá fór hann suður í Kópavog til þess að stjórna kosningunum þar og sýna, að hann gæti lagt alþýðuna þar að velli, sem hafði skapað sér samtök um, hvernig ætti að stjórna þeim hreppi.

Ég held þess vegna, að það sé tími til kominn, að hæstv. félmrh. fari nú að reyna að kynna sér anda lýðræðisins og læra eitthvað af mistökum þeirra kumpánanna í sambandi við þeirra framferði í Kópavogshreppi. Hann leyfði sér að staðhæfa hér annað eins og það hér í umr., að hvenær sem svona stæði á, mundi hann aftur gefa út svona brbl. Og nú, þegar hv. 11. landsk. hefur þar að auki sýnt fram á, með hvílíkum endemum þessi lög eru samin, þá sjá hv. þm. bezt, hve fjarri öllum sanni og hve fjarri öllu viti það er að láta einni ríkisstj. haldast uppi að fara að eins og hún hefur gert, fyrst með því að píska lagasetninguna um kaupstað í Kópavogi í gegnum þingið með því móti sem gert var og svo með því að gefa út önnur eins endemislög og þau, sem hérna liggja fyrir.

Það er eins og hæstv. félmrh. skilji ekkert af því, sem sveitarstjórnarlögin og kosningalögin yfirleitt byggjast á, ekkert af þeirri hugsun, sem ég var þó ofur lítið að reyna að skýra hér fyrir honum við 1. umr., búsetuskilyrðið allt, — hugsun, sem einu sinni var þó svo rík í hugum okkar Íslendinga, að við álitum alveg sérstaka ástæðu til þess að nota þau ákvæði um búsetuskilyrðin til þess að vernda okkur gegn vissri hættu, sem við álitum stafa af sambandslagasamningunum frá 1918. Ég margtók fram í þeirri ræðu, sem ég hélt, að það hefði legið ákveðin hugsun á bak við þær ákvarðanir, sem væru viðvíkjandi manntalinu, gildistöku þess og öllu slíku. Ekkert af þessu virtist hæstv. félmrh. skilja. Svo talaði hæstv. félmrh. um, að það, sem ég hefði sagt, ekki sízt þegar ég hefði minnzt á kaup og sölu í sambandi við kosningarnar, væri allt saman mælt út í loftið, og hann kvaðst ekki þekkja þetta innræti.

Það er leitt að heyra hæstv. ráðh. vera með slíkan Pílatusarþvott, sama ráðh. sem sett hefur sérstakan lénsherra, sem ekki hefur verið uppi hér á Íslandi nú í nokkrar aldir, í Kópavogshrepp til þess að reyna í krafti eignarréttar ríkisins á jörðum í Kópavogshreppi að hafa áhrif á skoðanirnar. Mér er sem ég sjái, hvernig skrifað mundi vera í Tímanum og að makleikum, ef ráðh. Sjálfstfl. leyfðu sér einhverja svona hluti. Þessi umboðsmaður, þessi lénsherra, er svo látinn vera efsti maður á lista Framsfl. í Kópavogshreppi og gera alveg sérstaklega mikið að því að úthluta og lofa úthlutunum og öðru slíku rétt fyrir kosningar og vera þar að auki umboðsmaður þeirra, sem eiga að úthluta íbúðarhúsalánum, og svo kemur þessi hæstv. félmrh., sem hefur skipað þennan lénsherra og séð um, að hann yrði umboðsmaður fyrir úthlutun íbúðarhúsalána, og segir og þvær sínar hendur: Ég þekki ekki slíkt innræti eins og að vera að tala um kaup og sölu í sambandi við kosningar.

Hæstv. félmrh. var að tala um, að ég væri að tala mikið í þessu máli. Ég skil það ósköp vel, að honum finnist ég tala of mikið. Það hefur nú samt sýnt sig, að ég og þeir, sem höfðu sömu skoðun og ég, bæði flokksbræður mínir í Sósfl. og hv. 3. landsk. úr Alþfl., sem töluðu mikið í Kópavogsmálinu, hafa talað fyrir munn fólksins. Þeir höfðu rétt að mæla í þessum efnum. Þeir hafa talað fyrir því, sem rétt var, og ég vil leyfa mér bara að spyrja að því, hvort sé nokkur sá maður í þinginu nú, og þar að forsrh. og hæstv. félmrh. meðtöldum, sem ekki mundi heldur kjósa, að hann hefði látið vera að samþykkja lögin um kaupstað í Kópavogi á síðasta þingi og sloppið við allt, sem síðan hefur gerzt. Mér þætti a. m. k. ákaflega gaman að fá yfirlýsingu hérna frá hv. þm. um, að þeir væru harðánægðir með allt þetta, sem þeir hefðu gert og hlotizt hefði af þeirra verkum. Ég held þess vegna, að það væri bezt fyrir þessa hæstv. ráðh., næst þegar þeir kvarta um, að við tölum of mikið, að hlusta ofur lítið betur á það og fara dálítið meira eftir því. Það mundi kannske forða þeim frá nokkrum hneykslum, sem þeir gera sig seka um annars. Hins vegar býst ég náttúrlega við, þó að stólarnir þeirra kunni að vera góðir, að þeir heyri ekki mikið. En það mætti a. m. k. þýða það, að þeir færu í framtíðinni að hugsa sig dálítið um, hvað þeir bjóða Alþingi.

Um eitt gekk þó hæstv. félmrh. það langt, að hann baðst afsökunar, og það var um það, að hann sagðist ekki hafa athugað í tíma, að það hefði þurft að breyta lögunum um kjörskrá eða setja ný og sérstök ákvæði; annars hefði hann auðvitað séð um, að slík breyting hefði verið í

frv. um kaupstað í Kópavogi, sem lagt var fyrir Alþ. Það sagði hann að væri yfirsjón, sem hann bæðist afsökunar á, og það væri öllum eðlilegt að gera mistök. En hæstv. félmrh. og forsrh. höfðu í því frv., sem þeir lögðu fyrir Alþ., sjálfir tilgreint í grg. þá tölu um fjölda þeirra, sem væru á manntali í Kópavogshreppi, sem er tilgreind í þeirra greinargerð til forseta Íslands, þegar þeir biðja um bráðabirgðalög, 3228. Og þessi mannfjölgun þar var eina röksemdin hjá þeim auk hinna undarlega fengnu yfirlýsinga um, að það ætti nú að fara að gera Kópavogshrepp að kaupstað. Í öllum þeirra umr. kom það alveg greinilega fram og einmitt í því, sem verið var að ræða um kjörskrána, eins og hv. 11. landsk. kom hér inn á áðan, að þeir vissu um þetta, og það lá í loftinu hjá þeim, að þeir ætluðust til þess, að það yrði nú eitthvað breytt þarna um, að það yrði séð um, að það yrði almennileg kjörskrá, sem kosið væri eftir. En þeir voru, strax eftir að afhjúpuð voru fyrstu hneykslin þeirra, ósannindin, sem voru í grg., sem þeir lögðu þá fyrir Alþingi, blekkingarnar, sem þar voru, orðnir svo feimnir við meðferð málsins á þingi, að þeir þorðu ekki að leiðrétta eða gera tilraun til að leiðrétta nokkurn skapaðan hlut í sambandi við þetta mál. Ef hæstv. félmrh. hefði lesið sæmilega grg. fyrir því frv., sem hann flutti sjálfur í fyrra, og ég tala nú ekki um, ef hann hefði hlustað á umr., sem fram fóru hér á Alþ., þá hefði hann breytt þessu þá. En það er eins og þetta hafi verið gert svo hugsunarlaust, svo gersamlega út frá metnaðinum og ofbeldislönguninni einni saman, að ekkert vit komst þarna að. Þess vegna var það meira en þetta, sem hæstv. félmrh. átti að biðjast afsökunar á. Hann átti að biðjast afsökunar á öllum afskiptunum af þessu máli; þau hafa verið eitt hneyksli frá upphafi til enda.

Hv. 11. landsk. sýndi hér fram á áðan, hvernig meira að segja sjálf þessi brbl. eru þannig úr garði gerð, að strax og þau hafa öðlazt gildi og kosningarnar 2. okt. eru liðnar, eru menn, sem sviptir voru kosningarrétti með þessum brbl., búnir að fá kosningarréttinn aftur. Hafði hæstv. félmrh. kannske ekki heldur hugsað út í þetta? Eða tekur hann fyrst eftir þessu, þegar hv. 11. landsk. bendir honum á það? Eða ætlar hann að standa sig álíka vel og seinast, að heyra ekki einu sinni það, sem honum er bent á hér? Á enginn endir að verða á öllum þeim hneykslum og vitleysum, sem verða í sambandi við löggjöf frá Alþ. í sambandi við þetta mál? Það hefur komið fyrir hæstv. ríkisstj. áður, að hún hefur orðið að setja sérstök brbl., meira að segja norður á Sauðárkróki, til þess að laga lög, sem hún var að píska í gegnum þingið, m. a. af því að hún vildi ekkert tillit taka til þess, sem henni var bent á, meðan lögin voru til meðferðar. Og mér sýnist, að þetta eigi að fara að verða regla hjá hæstv. ráðherrum. Þá eru málin komin þannig, að þessi lög eru orðin um að svipta í 9 mánuði eða svo ákveðna kjósendur í Kópavogshreppi atkvæðisrétti og láta þá fá hann aftur eftir að bæjarstjórnarkosningarnar eru búnar, en sjá hins vegar um með því að setja brbl. eftir að þing er farið heim og láta kosningarnar fara fram áður en Alþ. kemur saman, að Alþ. hafi engan möguleika til að leiðrétta nokkurn skapaðan hlut í sambandi við þessa hluti.

Ég nefndi hér í sambandi við þær almennu umr. um þetta mál og það fordæmi, sem væri skapað með þessum lögum, dæmi um, ef Sjálfstfl. væri einn í ríkisstj. og t. d. væri að hringla eitthvað í sambandi við kosningalögin um Vestur-Ísafjarðarsýslu eða eitthvert slíkt kjördæmi, þar sem litlu munaði. Og í stað þess að vilja fara nú ofur lítið að hugsa út frá þessum athugasemdum, þá staðhæfir hæstv. félmrh. hér, að þetta sé allt saman hárrétt. M. ö. o.: Ef ætti að fara að misnota kosningalögin, rangfæra þau, gefa út brbl. til þess að geta séð um að flytja menn á milli staða í tíma, þannig að það kæmi ákveðnum flokki, sem við völd sæti, til góða, allt þetta virðist hæstv. félmrh. nú ætla að gleypa og samþykkja, eingöngu vegna þess að hann hefur einu sinni verið flæktur út í þessa vitleysu alla saman í sambandi við Kópavogshrepp. Í staðinn fyrir að sjá, hvers konar vitleysu hann sé búinn að gera, biðjast afsökunar á því og segja, að svona nokkuð láti Framsfl. ekki íhaldið hafa sig út í aftur, þá er komið hér og staðið alveg stíft á þessu: Jú, svona skulum við alltaf haga okkur, m. ö. o. eyðileggja eitt af því, sem er aðalgrundvöllurinn í sjálfum kosningalögunum, ákvæðið um búsetuna, trygginguna gegn því, að hægt sé að hringla þannig í sambandi við einstök kjördæmi, að hægt sé með skjótum flutningum manna að hafa úrslitaáhrif þar. Ég get skilið þetta, ef Framsfl. væri að búa sig undir að breyta stjórnarskrá og lögum þannig, að allt landið ætti að verða eitt kjördæmi. En meðan núverandi kjördæmaskipting stendur í landinu og ákvæði, sem nú eru viðvíkjandi búsetuskilyrðunum í kosningalögunum, eru ákaflega þýðingarmikil til þess að tryggja, að ekki sé hægt að misnota þau bókstaflega, þá hélt ég, að þetta væri varasamt fyrir Framsfl., svo að ég tali nú ekki um lýðræðið, að fara inn á þá braut að slá því föstu, sem hæstv. félmrh. hér gerir.

Hæstv. félmrh. sagði, að þetta væri ekki svo stórt mál, að það ætti að vera að rífast eins mikið út af því og ég hefði verið að gera. Þetta litla frv. væri ekki svo þýðingarmikið, að það borgaði sig. Það er alveg rétt, þetta er út af fyrir sig ekki stórt frv. En hins vegar eru afglöpin, sem eru orsökin að því, að það er fram komið, táknræn afglöp fyrir núverandi ríkisstjórn. Það eru afglöp, sem stafa af ofmetnaði, af ofbeldistilraunum gagnvart kjósendum, sem henni er illa við. Það eru afglöp, sem stafa af ofsókn gegn lýðræðislega kosinni stjórn í hreppsfélagi hér undir handarjaðrinum á Reykjavíkurauðvaldinu, hreppsstjórn, sem stjórnarflokkarnir þess vegna vildu steypa, hvað sem það kostaði, og fengu slíka ráðningu fyrir, að áhrif hefur haft um allt land. Þess vegna eru það táknræn afglöp, sem liggja til grundvallar þessu frv., sem hérna liggur fyrir. Annars gat ég ekki betur heyrt en hæstv. félmrh. mundi jafnvel ekki hika við að breyta hlutum, sem stærri væru en kosningalögin, ef núverandi valdhafar þyrftu á því að halda. Hann komst svo

að orði í sinni ræðu, að það væri erfitt að fylgja stjórnarskránni út í æsar. Ég veit ekki, hvort hann hefur kannske verið að rifja upp fyrir sér, að hans flokkur og Sjálfstfl. hafa einu sinni leikið sér að því að brjóta stjórnarskrána og gefa sjálfum sér réttindi til að sitja á Alþ., þó að þeir hefðu þau ekki eftir stjórnarskránni, svo að ég tali ekki um þau stjórnarskrárbrot, sem þeir hafa framið síðan í sambandi við að koma hernum hingað inn í landið og annað slíkt. Ég held nú, að þeir menn, sem alltaf hafa lýðræðið á vörunum, verði að fara dálítið gætilega í sínu tali. Ég vil minna þá flokka, sem oft vilja kalla sig þá einu sönnu lýðræðisflokka hér í landinu, á það, að þeir eru um leið einu flokkarnir, sem hafa brotið stjórnarskrána í þessu landi, hafa svikizt um að láta fara fram kosningar. Ég held, að það sé rétt fyrir þá að tala varlega í þessum efnum. Við, sem börðumst á móti þeim afglöpum, sem gerð voru í sambandi við Kópavogsmálið, höfum aldrei brotið nein þau lýðræðisréttindi, sem við höfum í okkar landi, eða gert tilraun til að brjóta þau. Og það er vert fyrir hæstv. félmrh. að muna, að það erum við og þeir, sem hafa staðið með okkur, Sósfl. og Alþfl. og þeir, sem hafa staðið með þeim, sem hafa orðið að knýja það fram hér á Íslandi á síðustu 20 árum að auka lýðræðið í þessu landi, skapa meira og meira almennan kosningarrétt og jafna hann, en Framsfl. staðið á móti. Ég kann ekki við, að hæstv. ráðh. séu að leyfa sér það tal, sem hæstv. félmrh. leyfði sér hér áðan í þessum efnum. Það er frekja, sem maður verður að mótmæla, þó að það sé mjög leitt, að þeir menn, sem hafa hana í frammi, skuli ekki treysta sér til að standa hér á Alþ. fyrir sínu máli og kjósi alltaf að láta þögnina eða ráðherraherbergin geyma sig. Hann lýsti því þó yfir hér seinast, að þeir mundu aldrei fara í felur með þessa hluti. Það var þó það, sem gert var í fyrra í Kópavogsmálinu, og það er það, sem gert er enn.

Mér þykir leitt, að hæstv. forsrh., sem enn mun vera veikur, skuli ekki vera mættur hérna til að taka þátt í þessum umr. Ef það reynist rétt, sem hæstv. félmrh. sagði, að þetta mál ætti að fara í gegnum þingið, þá verður kannske tækifæri til þess að tala við hæstv. forsrh. og minna hann á hans yfirlýsingu, því að samkvæmt henni átti yfirlýsingin í Kópavogi, skriflega yfirlýsingin alræmda, að verða upphafið að því að afnema almennan, leynilegan kosningarrétt á Íslandi sem óhentugra fyrirkomulag en opinberar kosningar. En hvernig svo sem um þetta mál fer, þá álít ég, að sú nefnd, sem fær þetta til meðferðar, ætti að athuga það alvarlega, hvort hún á ekki að veita hæstv. ríkisstjórn ávítur fyrir meðferð hennar á þessu máli. Það má ekki minna vera en að Alþ. láti þá skoðun í ljós, að kosningalögin og ákvæði, sem þau varða, séu ekki fyrir ríkisstjórnir til að kukla með þau og hræra, eins og þeim hentar í hvert skipti, til þess að reyna í skjóli þeirra að steypa þeim stjórnum, sem fólkið hefur kosið sér í landinu. Ég held, að það sé nauðsynlegt, að sú nefnd, sem fær málið til meðferðar, athugi þetta mjög gaumgæfilega og láti skoðun sína í ljós um það, hvort ekki þurfi að taka fram fyrir hendur ríkisstjórna, sem leyfa sér að fara að eins og hér hefur verið gert.

Skúli Guðmundsson: Frv., sem hér er til umr., er flutt af hæstv. stjórn til staðfestingar á brbl., sem hún gaf út 23. júlí í sumar. Það hefur þegar komið fram í umr., hvert efni þessa frv. sé, og mönnum er það ljóst. Með þessum brbl. var ákveðið, að við bæjarstjórnarkosningar í Kópavogskaupstað, sem fram fóru nú í byrjun þessa mánaðar, skyldi farið eftir kjörskrá, sem samin var í febrúarmánuði s. l. og byggð mun hafa verið á manntali, sem fór fram þar seint á árinu 1954. En ef brbl. hefðu ekki verið gefin út, þá mundi hafa verið kosið eftir kjörskrá, sem samin var ári fyrr og byggð á manntali, sem fram fór seint á árinu 1953. Það er þessi breyting, sem brbl. valda.

Nú hafa tveir hv. þdm., hv. 2. þm. Reykv. og hv. 11. landsk. þm., flutt hér alllangar ræður um þetta mál, bæði á þessum fundi og á fundi áður í deildinni, og þeir telja, að það hafi verið rangt af stjórninni að gefa út þessi brbl. Þeir hafa talað um afglöp í því sambandi og fleira þess háttar, þannig að það hefur komið greinilega fram, að þeir telja, að það hefði ekki átt að gefa út brbl. Hins vegar hefur ekki þrátt fyrir þeirra löngu ræður komið, að því er mér finnst, nógu greinilega fram, hvað þeir vilja nú láta gera í þessu máli. Og það var þess vegna, sem ég bað um orðið, að ég vildi gjarnan fá frá þeim nánari skýringar á því. Vilja þeir, úr því að þeir eru svona mikið á móti þessum brbl., láta fella þetta frv. og gera svo ráðstafanir til þess, að Kópavogsbúar fái að kjósa aftur sem fyrst í bæjarstjórn og þá eftir kjörskránni, sem samin var í ársbyrjun 1954? Mér skilst, að þetta væri eini möguleikinn til þess að koma málinu á þann grundvöll, sem það hefði staðið á, ef þessi brbl. hefðu aldrei verið gefin út. Þetta fannst mér ekki koma nógu greinilega fram hjá hv. ræðumönnum og vildi því gjarnan fá að vita, hvað það er, sem þeir raunverulega vilja nú gera í þessu efni. Þingmenn hafa fyrr hlustað á raddir úr Kópavogi, og ef það kæmi nú fram t. d., að meiri hl. bæjarstjórnar þar óskaði eftir því, að úr þessum — ja, afglöpum, sem sumir telja að ríkisstj. hafi framið, yrði bætt á þennan hátt, að lofa þeim að kjósa aftur og þá eftir gömlu kjörskránni, þá álít ég, að þingmenn ættu að taka þetta mál til umhugsunar. En ég tel, að það sé nauðsynlegt fyrir þingmenn að fá að vita, hvað andmælendur frv. vilja í þessu gera, áður en við tökum afstöðu til málsins við atkvgr. hér.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég er hræddur um, að hv. þm. V-Húnv. ætti að hlusta ofur lítið betur á þær ræður, sem haldnar eru hérna. Ég byrjaði í þeirri ræðu, sem ég hélt um þetta mál, að skýra einmitt mjög greinilega frá því, að þó að þessi brbl. væru felld hérna á þinginu, þá stæðu jafnt þær kosningar, sem fram hefðu farið í Kópavogi, þær hefðu alveg jafnt sitt gildi, svo að ef hv. þm. V-Húnv. er farinn að hafa áhyggjur út af því, að það yrðu nú kannske einar

kosningarnar enn í Kópavogi, — og hann hefur nú fram að þessu ekki sýnt mikinn áhuga á að forða Kópavogsbúum frá kosningum, — þá skal ég alveg losa hann við þær áhyggjur. Þó að þetta frv. verði fellt og þó að það verði gert þannig, að það væri ríkisstj. mjög til smánar, þá þurfa Kópavogsbúar þess vegna ekki að fara út í einar kosningar enn. Þeir eru búnir samkv. þessum brbl., sem höfðu lagagildi í sumar, að kjósa sér sína bæjarstjórn. Ef nú hins vegar hæstv. ríkisstj. skyldi detta í hug, að fyrst það tókst ekki með þessum ofbeldisbráðabirgðalögum hennar í sumar að fá kosna bæjarstjórn í Kópavogi, þannig að henni væri að skapi, og henni dytti þess vegna í hug að semja nú á þinginu enn ein ný lög um, að nú skuli fara fram kosning í Kópavogi eftir manntalinu, sem kosningarnar máttu ekki fara fram eftir, þegar þessi brbl. voru sett, þá skal ég segja hv. framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum, að það mundi ekki heldur þýða fyrir þá, því að þó að þeir færu að kjósa eftir því manntali og kjörskrá á grundvelli þess, sem sé einu löggildu kjörskránni, sem var í fyrra, þá mundu þeir líka liggja í því og miklu verr en núna. Þess vegna, þó að þessi brbl. séu felld, þá stendur bæjarstjórnin í Kópavogi. Hins vegar er það gefið, og það er — og það vona ég nú, að hv. þm. V-Húnv. komi til með að skilja — það eina, sem Alþ. á að gera, þegar svona nokkuð kemur fyrir, ekki bara að fella svona brbl., heldur líka að fella þá ríkisstj., sem leyfir sér að haga sér svona.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 10. fundi í Nd., 25. okt., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 147 og 152).

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Eins og sjá má á nál. á þskj. 147, mælir meiri hl. allshn. með því, að þetta frv. verði samþ. Ég sé, að hv. minni hl. er annarrar skoðunar og vill, að afgreiðsla málsins verði þannig, að það verði samþ. rökstudd dagskrá.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að fjölyrða um þetta mál. Við 1. umr. málsins var gerð af hæstv. félmrh. mjög ýtarleg og glögg grein fyrir ástæðunum til þess, að þessi brbl. voru gefin út, og þeim aths., sem fram komu þá, var þá greinilega svarað, og ég sé enga ástæðu til þess að vera að fjölyrða um það frekar. Ég hygg, að það muni fátt nýtt koma fram um málið, og sé ekki ástæðu til þess að eyða tíma í það.

Meiri hl. n., eins og ég áður gat um, leggur eindregið til, að málið verði samþ.

Frsm. minni hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Þegar brbl., sem lögð hafa verið nú fyrir Alþ., voru tekin fyrir í allshn., um það, hvaða kjörskrá skyldi gilda við bæjarstjórnarkosningar í Kópavogi, kom það fljótt fram á þeim fundi, að ég gat ekki átt samleið með meðnm. mínum. Það var reyndar vitað áður, að allmikill ágreiningur hafði átt sér stað um þetta mál hér í hv. d., þegar Kópavogsmálið var á dagskrá hér í fyrravetur, og vitanlega höfðu menn ekki skipt skoðun á því út af fyrir sig. Hins vegar hefði mér vel getað komið það þó til hugar, að meiri hl. allshn. hefði ekki mælt með því, að lögin yrðu afgr. á þann hátt, sem hann leggur til, sem sé, að þau yrðu samþ.

Þegar frv. þetta var rætt í allshn., lýsti ég því yfir á nefndarfundinum, að ég mundi skila séráliti og leggja til, að frv. yrði annaðhvort felld eða því vísað frá með rökstuddri dagskrá. Við nánari athugun málsins komst ég að þeirri niðurstöðu, að sú eina rétta afgreiðsla, sem frv. ætti að fá í hv. d., væri, að því væri vísað frá.

Þegar Kópavogsmálið var hér á dagskrá á Alþ. í fyrravetur, var það mjög mikið rætt af andstæðingum þess og jafnvel meir og ýtarlegar en flest önnur mál, sem lágu fyrir síðasta Alþ. Rétt er að geta þess, að í þeim umr. forðuðust flm. svo að segja allir umræður um málið eins mikið og þeir frekast gátu, og það var alveg auðfundið, að þrátt fyrir öll hreystiyrði þeirra um málið voru þeir ekki ánægðir með sjálfa sig sem flm., enda var allur undirbúningur og tildrög þess, að það var flutt, á þann veg, að einsdæmi mun hafa verið.

Eins og hv. alþm. er kunnugt, var frv. um það að veita Kópavogshreppi þá bæjarréttindi flutt á móti vilja meiri hl. rétt kjörinnar hreppsnefndar, og eftir því sem bezt verður séð og kom reyndar greinilega fram við þær bæjarstjórnarkosningar, sem fóru fram 2. okt. s. l., á móti vilja meiri hl. íbúa Kópavogshrepps.

Þrátt fyrir þessar augljósu staðreyndir og þrátt fyrir, að fyrir lægi álit m. a. sýslunefndar Kjósarsýslu til viðbótar öllum þeim mörgu mótmælum, sem bárust á móti frv. frá Kópavogshreppi og stjórnum þess sveitarfélags, var ekki hikað við að berja frv. í gegn á Alþingi og þm. stjórnarflokkanna knúðir til að greiða því atkvæði. Mér er nær að halda, að við fáar atkvgr., sem farið hafa fram hér nú s. l. ár, hafi menn verið meira hikandi og jafnvel greitt atkvæði með neinum málum með eins mikilli tregðu og einmitt með því frv., sem hér um ræðir. Það er mikið vafamál, hvort í allri þingsögunni sé hægt að finna hliðstætt mál Kópavogsmálinu, þ. e. a. s. að mál hafi verið flutt fyrir ákveðið hérað eða sveitarfélag í fullri óþökk og andstöðu stjórnenda og meiri hluta íbúa viðkomandi héraðs.

Það var öllum ljóst, að þetta margumtalaða Kópavogsmál var flutt hér inn á Alþingi að kröfu nokkurra pólitískra ævintýramanna, aðallega úr stjórnarflokkunum, sem gátu ekki unað úrslitum í ekki einum, heldur tvennum eða þrennum hreppsnefndarkosningum, sem fram fóru með stuttu millibili. Sá meiri hluti, sem áður hafði farið með stjórn hreppsfélagsins, vann þrátt fyrir allt hvern kosningarsigurinn á fætur öðrum, þrátt fyrir gífurlegan áróður andstæðinganna og þrátt fyrir fögur fyrirheit stjórnarflokkanna til íbúa Kópavogs, ef þeir vildu

veita frambjóðendum viðkomandi flokka stuðning sinn. En það var nú þannig, að fólkið í Kópavogi hafði sínar skoðanir á málunum og lét ekki blekkjast af fögrum loforðum og glæsilegum tilboðum; það hélt bara áfram að kjósa sína menn og óskaði ekki eftir neinum breytingum þar á.

Nú voru góð ráð dýr. Hinir herskáu pólitíkusar í Kópavogi með aðstoð vina sinna og samherja í höfuðborginni hafa að sjálfsögðu lagt höfuð sín mjög í bleyti og hafa leitað nýrra ráða og nýrra aðgerða; svona mátti málið alls ekki standa. Þessi ólukkans rauði meiri hluti skyldi falla, hvað sem það kostaði, ekkert skyldi til sparað. Það er sagt, að einhver fyndinn náungi hafi í mesta sakleysi stungið upp á því á heitri vökunóttu, þar sem hópur manna var saman á fundi og hafði átt mjög erfiðar stundir að koma sér niður á, hvað gera skyldi, að þá hefði hann bent þeim á, að málið væri ákaflega auðleyst, það væri ekkert annað en að gera bara Kópavog að kaupstað. Þá yrði að kjósa bæjarstjórn, og með því væri allur vandinn leystur, andstæðingar meiri hlutans hlytu að vinna glæsilegan kosningasigur eftir jafneftirminnilegt afrek og að gera eitt sveitarfélag að kaupstað. Almenningi mundi þykja allmikið í það varið, ef sveitarfélagið öðlaðist slík réttindi. Þessari uppástungu var að sjálfsögðu tekið af miklum fögnuði af hinum baráttufúsu mönnum þar syðra. Frv. að lögum um bæjarréttindi til handa Kópavogshreppi var samið í skyndi, og sjálfur hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. ásamt 5. landsk. voru fengnir sem flm. að frv. Ja, það var svei mér ekki valið af verri endanum.

Frv. varð að lögum eftir mjög harðar fæðingarhríðir, og leið óðum að þeim tíma, að kosningar skyldu fara fram í hinum nýja kaupstað. Samkv. lögum nr. 81 frá 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, átti vitanlega að kjósa eftir kjörskrá, sem samin var í febrúar 1954, byggð á manntali 1953. Af ástæðum, sem ekki verða raktar hér, en eru allýtarlega raktar í mínu áliti, taldi hæstv. félmrh. ófært, að bæjarstjórnarkosningar í Kópavogi færu fram samkvæmt gildandi landslögum. Var það álit hæstv. ráðh. í fullu samræmi við alla meðferð málsins og undirbúning frá fyrstu hendi. Vert er þó að geta þess, að ekki hafði hæstv. félmrh. eða neinn af forsvarsmönnum þessa máls á þingi eða utan þings á það minnzt, og ekki kom það heldur fram í blaðaskrifum um málið, að minnzt væri á það einu orði, að nauðsyn bæri til að kjósa eftir annarri kjörskrá en þeirri, sem þá var í gildi. Þetta er mjög athyglisvert í málinu, að í öllum þeim umr., sem fram fóru um þetta mál í fyrravetur, öllum þeim miklu blaðaskrifum, sem urðu um þetta mál, var aldrei minnzt á það einu orði, meðan verið var að koma því í gegnum þingið, að þyrfti að breyta gildandi lögum og setja sérstök lög um það, eftir hvaða kjörskrá skyldi kosið í Kópavogi, og fara þar með inn á alveg nýjar reglur eða aðferðir, sem áður voru óþekktar. En svo skeður það bara, að 23. júlí 1953 eru gefin út brbl. um, að kjörskrá sú, er samin var í febrúar 1955, skuli gilda við bæjarstjórnarkosningar í Kópavogskaupstað, sem fram skyldu fara 2. okt. 1955. Þar með var úr gildi felld um ákveðinn tíma eða réttara sagt á meðan kosningarnar fóru fram og þar í kring sú kjörskrá, sem raunverulega átti að kjósa eftir, þ. e. kjörskráin frá 1954. Með útgáfu nefndra brbl. ber að flestra dómi, sem ekki eru haldnir pólitísku ofstæki í málinu, að telja, að farið hafi verið inn á mjög svo varhugaverða leið, svo að ekki sé meira sagt. Fyrir þá menn, sem ekki eru því útfarnari að túlka lög og lagabókstaf eftir eigin geðþótta, verður ekki annað séð en að þessi brbl., sem nú hafa verið lögð fyrir Alþingi til staðfestingar, brjóti í bága við þau gildandi lög, sem ég hef áður vitnað til. Auk þessa hefur verið gefið slíkt fordæmi sem ég tel í alla staði stórvarhugavert og óverjandi.

Aðalrök hæstv. félmrh. fyrir því að gefa út slík brbl., eftir því sem fram kemur í meðfylgjandi plaggi og hann tók hér alveg skýrt og ákveðið fram í umræðum um þetta mál við 1. umr., eru þau, að fjöldi fólks hafi, frá því að kjörskráin var samin í febrúar 1954, flutzt inn í hreppinn og að þetta fólk hafi átt kröfu á því að fá að kjósa við kosningarnar 2. okt. í haust. Ja, ég verð að segja það, að þessi rök, ef rök skyldu kallast, stangast allharkalega, að mér virðist, á móti gildandi lögum. Ég skal taka fram, að ég er ekki lögfræðingur, en eftir mínu leikmannsviti á þessu sviði get ég engan veginn séð annað en að þessi brbl. stangist allharkalega á móti gildandi landslögum um þessi mál. 16. gr. laga nr. 81 frá 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, segir alveg ótvírætt um það, eftir hvaða kjörskrá skuli kjósa við sveitar- og bæjarstjórnarkosningar. Það eru þau lög ein, sem áttu að gilda við bæjarstjórnarkosningarnar í Kópavogsbæ, sem fram fór 2. okt. í haust, eins og þau hafa verið látin gilda við allar bæjar- og sveitarstjórnarkosningar frá gildistöku þeirra. Einkaskoðanir hæstv. félmrh. og annarra slíkra í þessu máli áttu ekki að verða gildandi, heldur að sjálfsögðu að fara að gildandi landslögum í þessu máli sem öðrum. — Því hefur verið haldið fram og fyrir því færð mjög sterk rök, að það, sem hafi orðið þess valdandi, að þessi brbl. voru gefin út, hafi verið það, að stjórnarflokkarnir hafi talið sig eiga mikil pólitísk ítök meðal þess fólks, sem fluttist þar inn, frá því að kjörskráin var samin 1954. Ég bendi einmitt á þetta í grg., og þessu hefur verið margslegið fram bæði hér á hv. Alþ. og í blaðaskrifum, án þess að ég viti til, að því hafi verið mótmælt; með útgáfu brbl. hafi því átt að tryggja andstæðingum meiri hluta þáverandi hreppsnefndar meiri hluta í hinni nýju bæjarstjórn. Ég held því fram og það í fullri alvöru, að hér hafi verið lengra róið og lengra sótt á mið en hæfir mönnum, sem skipa ráðherradóm á Íslandi, ef satt er. Ég get sagt það og endurtekið það, sem ég reyndar geri í meðfylgjandi grg., að mér finnst þessi tilgáta mjög sennileg, enda hefur henni ekki, eins og ég tók fram áðan, verið mótmælt með neinum þeim rökum, sem frambærileg eru, enda má segja, að það sé í fullu samræmi við öll afskipti vissra manna í stjórnarflokkunum af málefnum Kópavogsbúa að undanförnu. Það er eins og þessi staður hafi farið þannig í taugarnar á vissum

mönnum bæði utan þings og innan, að einsdæmi mun teljast.

Það væri freistandi að ræða nokkuð um sjálfar bæjarstjórnarkosningarnar í Kópavogi, sem fram fóru í haust, en þar sem því máli voru gerð mjög góð skil af hv. 2. þm. Reykv. (EOl) við 1. umr. um málið hér í hv. d., get ég látið það nægja. Ég vil þó aðeins benda á, að Kópavogsbúar svöruðu á eftirminnilegan hátt herópi stjórnarflokkanna og annarra andstæðinga meiri hlutans um að fella núverandi meiri hluta frá völdum. Fólkið í Kópavogskaupstað hafði nú sem fyrr sínar ákveðnu skoðanir á því, hverjum það tryði bezt fyrir því að stjórna sínu bæjarfélagi. Það þekkir, hverjir það voru, sem voru þess fulltrúar, og það óskaði ekki eftir neinum breytingum þar á. Menn með ólíkar stjórnmálaskoðanir stóðu saman sem ein órofa samfylking um að veita brautargengi þeim mönnum, sem árum saman höfðu sýnt í verki, að þeir vildu og gátu starfað í sameiningu að heill fólksins, og það treysti bezt til að leiða til lykta hin margvíslegu vandamál, sem biðu úrlausnar í hinu nýja bæjarfélagi. Sigur samfylkingarmanna í Kópavogskaupstað í haust er að mínu áliti tvímælalaust einhver stærsti stjórnmálaviðburður þessa árs. Sá sigur er m. a. mjög ákveðin ábending, svo að ekki sé meira sagt, um það, hvers mætti vænta og hvers má vænta, ef slík samvinna og samfylking tækist á landsmælikvarða milli hins vinnandi fólks á Íslandi. Þetta er mjög lærdómsríkt, og ég þykist þekkja það mikið til alþýðufólks á Íslandi, að það muni að meira eða minna leyti taka sér til fyrirmyndar það, sem það gerði í Kópavogi 2. okt. 1955, við fyrsta tækifæri, sem það fær. Jafnframt er kosningasigur vinstri manna í Kópavogi mjög alvarlegur ósigur fyrir núverandi ríkisstjórn og þó alveg sérstaklega fyrir þá hæstv. ráðh., sem beittu sér fyrir setningu hinna nýju laga um kaupstaðarréttindi í óþökk og andstöðu við meiri hluta íbúa staðarins.

Það hefði mátt ætla, að eftir þær miklu ófarir, sem stjórnarliðið eða kannske miklu frekar ákveðnir ráðherrar biðu í þessu máli, hefðu brbl. um kosningar í Kópavogskaupstað í haust ekki verið lögð fram hér á Alþingi til samþykktar, verið bara stungið þegjandi og hljóðalaust undir stól. Og enga sérstaka nauðsyn bar nú til þess að leggja þau fyrir Alþingi; þau voru búin að gera sitt gagn eða ógagn eftir því, hvaða skoðun maður hafði á því. Þetta er leiðinlegt plagg, sem betur hefði verið að aldrei hefði séð dagsins ljós. En hæstv. félmrh. leggur sjáanlega mjög mikið kapp á að fá Alþingi til að samþykkja lögin. Ég er þar á allt annarri skoðun. Ég tel það tvímælalaust hið mesta hneykslli, ef hæstv. Alþingi samþykkir þessi brbl. Ég tel, að með slíkri samþykkt væri Alþingi að fara inn á mjög varhugaverða og hættulega braut og gefa hið versta fordæmi. Fyrir því legg ég til, að málið verði afgreitt með eftirfarandi rökstuddri dagskrá, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að þd. telur það mjög varhugavert fordæmi, að ráðh. taki sér vald til þess að breyta með brbl. milli þinga ákvæðum almennra kosningalaga varðandi kosningafyrirkomulag í einstöku kjördæmi eða kjördæmum við kosningar, er fara fram meðan Alþingi situr ekki, telur d. ekki rétt að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Vænti ég þess, að hv. alþm. athugi sig vel, áður en þeir láta sig henda það að greiða atkv. með áliti meiri hlutans. Ég tel, að sú eina rétta meðferð á málinu sé að vísa þessu máli frá, eins og ég legg til.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir þá rökstuddu dagskrá, sem hv. 4. landsk. þm. (GJóh) sem minni hl. allshn. hefur flutt og ég er fyllilega samþykkur sem réttri afgreiðslu á þessu máli frá hv. deild.

Ég tók eftir því, að frsm. meiri hl., hv. 1. þm. Árn. (JörB), hugsaði auðsjáanlega sem svo með sinni ræðu, að fæst orð hefðu minnsta ábyrgð og það væri bezt að koma helzt hvergi nærri slíku máli sem þessu, þó svo að einhver yrði náttúrlega að taka þann kross á sig að vera flm. málsins úr nefndinni, fyrst hún á annað borð afgreiddi það. Mér sýnist það ætli að fara um meðferð þessa máls hér í d. svipað og með Kópavogsmálin í fyrra. Engir þingmenn nema þeir, sem einhverra formsatriða vegna, svo sem nefndarframsögu, neyðast til þess að tala með málinu, tala með því, og þegar þeir þannig neyðast til þess, þá tala þeir eins stutt og með nokkru móti verður af komizt. Það er rétt eins og þeim finnist, að hvert tungutak um þetta mál óhreinki menn, eins og ef menn hefðu þurft annars að snerta á því með fingrum. Og ráðherrarnir virðast ætla að hafa nokkurn veginn sama hátt af eðlilegum ástæðum, að reyna ekki að verja málið, forða sér burt, þegar farið verður að ræða það, og hæstv. forsrh., sá sem var potturinn og pannan í þessu máli í fyrra, hefur yfirleitt ekki enn þá haft sig til þess að vera viðstaddur eða taka til máls, þegar þetta mál hefur verið rætt. Það má þó hæstv. félmrh. eiga, að hann hefur haft hugrekki fram að þessu til þess að tala í málinu.

Nú verð ég að segja það eftir þá tilraun, sem hæstv. félmrh. gerði við 1. umr. þessa máls til að reyna að verja þetta mál og reyna að standa á því fastar en fótunum, að svona mundi hann haga sér aftur og það hefði verið rétt, sem hann gerði, að ég verð að undrast þá till., sem meiri hl. hérna leggur fyrir, og undrast þann skort á rökvísi og fyrirhyggju, sem stjórnarflokkarnir sýna í þessu máli.

Hver var afstaða hæstv. félmrh. um þetta mál? Jú, hann lýsti því yfir, að þetta, sem gert var með brbl., væri rétt og sjálfsagt og hann mundi gera þetta aftur, hvenær sem væri. Hvað sagði hann með þessum orðum? Hann sagði það, að svo framarlega sem fjölgaði í einhverju kjördæmi á Íslandi um allt að 20% á milli þess að kosningar færu fram, þá væri sjálfsagt, að í slíku kjördæmi færu kosningar fram eftir öðrum kosningalögum en þeim, sem almennt giltu. Ég skil ekki, að þetta hafi frá hálfu hæstv. félmrh. bara átt að gilda um Kópavog á þessu kjörtímabili, sem nú er að líða, og ekki neitt annað kjördæmi í landinu. Hann tók einmitt fram, að

þetta ætti að gilda um önnur kjördæmi í landinu. Má ég þá spyrja: Hví leggur ekki stjórnarliðið í n. hér fyrir brtt. viðvíkjandi kosningalögunum um, að þeim skuli breytt þannig, að þar komi inn ákvæði, sem hljóði eitthvað á þessa leið: Nú fjölgar um a. m. k. 15% kjósendur í ákveðnu kjördæmi á ákveðnum tíma, og skal þá kosning í viðkomandi kjördæmi fara fram á þann hátt, að til grundvallar kjörskrá leggist manntal frá þessum og þessum degi og taki gildi þetta og þetta fyrr en í öðrum kjördæmum? Hvernig stendur á því, ef hæstv. félmrh. ætlar að standa á sinni yfirlýsingu, að hér er ekki lögð fram tillaga um að breyta kosningalögunum um þetta? Er kannske meiningin sú, að það eigi því aðeins að breyta kosningalögunum næst, að það „passi í kramið" fyrir stjórnarflokkana? Á að haga kosningalögunum eftir því, hvað stjórnarflokkarnir á hverjum tíma telja sér vænlegra? Ég vil alvarlega skora á meiri hl. hér á Alþingi, ef hann hyggst fara að feta í fótspor þessara brbl., að breyta þá kosningalögunum í samræmi við það og sýna það hér á Alþingi til þess að skilja það ekki enn einu sinni eftir í höndum ríkisstj. að eiga með brbl. að breyta kosningalögum í einstökum kjördæmum eða kjördæmum almennt, hvenær sem henni þóknast. Og ég vil benda á, eins og hv. minni hl. tekur greinilega fram í sínu áliti, að nú er sú gamla kjörskrá í gildi í Kópavogi. Þessi brbl. snerta aðeins kosningar, sem fram fóru 2. okt. Ef nú af einhverjum ástæðum yrði þannig ósamkomulag í Kópavogi á morgun, að það ætti að kjósa núna strax aftur, þá mundi sú gamla kjörskrá gilda. Ef sú von stjórnarflokkanna, að það yrðu helzt alltaf tvisvar á ári kosningar í Kópavogi, ætti að rætast líka á þessu ári, þá þýddi það, að það yrði að kjósa núna. Og eftir hvaða kjörskrá ætti þá að kjósa? Væri þá meiningin hjá félmrh. að koma aftur með nýtt frv. hér á Alþingi, af því að nú væri ekki hægt að gefa út brbl., af því að þing situr, og setja það hér í gegn? Af hverju gengur hann þannig frá þessu máli, að það gildir ekki núna sú kjörskrá, sem gilti 2. okt. og honum fannst réttlát þá og meiri hluti Alþ. núna virðist ætla að leggja blessun sína á? Af hverju breytir þessi meiri hl. ekki þeim ákvörðunum, þannig að nú í dag, 5. des., og þá daga, sem í hönd fara, gildi þeirra réttláta kjörskrá í Kópavogi? Hvers konar skrípaleikur er þetta? Ef mennirnir álíta þetta réttlæti, sem þeir eru að samþykkja með þessu, hví láta þeir ekki þeirra réttlæti halda áfram? Eða er það af því, að þeir eru undir niðri öruggir um, að það var ranglæti og ofbeldi, sem þeir voru með, og vilja sem minnst þurfa um það að tala og sem fyrirhafnarminnst sleppa frá því að samþykkja það, að þeir vilja ekki ræða málið meir? Ég vil aðeins minna á: Fyrst var því lýst yfir af forsrh. í fyrra, að opinber atkvgr., opinber, skrifleg atkvæðagreiðsla, væri heppilegasta aðferð fyrir kjósendur að láta í ljós sinn vilja. Það var boðskapur þess mikla lýðræðisflokks, Sjálfstæðisflokksins, um hans stefnu í stjórnarskrármálum Íslendinga, þó að það hafi láðst að flytja það sem brtt. í sambandi við endurskoðun stjórnarskrárinnar, að héðan af skyldu vera opinberar kosningar á Íslandi, þannig að hver maður væri yfirheyrður, um leið og hann kæmi inn, og látinn segja upphátt, hvernig hann ætlaði að kjósa, og að við hliðina á frambjóðendunum sætu fulltrúarnir í helmingaskiptanefndunum með húsnæðislánin, lóðaúthlutunina og önnur slík fríðindi reiðubúin, ef menn kysu rétt, og brott tekin frá mönnum, ef þeir kysu rangt.

Hæstv. forsrh. hefur ekki sýnt sig við umræðurnar um Kópavogsmálið nú á Alþ. eftir þá útreið, sem hans hugmyndir um opinbera atkvæðagreiðslu fengu hjá Kópavogsbúum. Hæstv. félmrh. hefur hins vegar ekki sýnt sig í því að láta meiri hl. sinn í allshn. ganga þannig frá kosningal., að hans réttlæti hlotnaðist nú einnig öðrum mönnum á Íslandi en Kópavogsbúum í framtíðinni. Það virðist eiga að hlaupa frá þessu öllu saman með sömu smáninni og allt þetta mál, Kópavogsmálið, varð fyrir Alþ. og ríkisstj. í fyrra.

En hitt vil ég að síðustu minna hv. þm. á, að þeir ættu að sjá sóma sinn í því að standa vörð um rétt kjósenda og rétt alþm. gagnvart ríkisstj.; það er réttur kjósendanna og réttur þingmanna, sem þarna er í veði, ef ein ríkisstj., hver svo sem hún er, getur með brbl. breytt kosningaaðferðum í einstökum kjördæmum eða jafnvel í kjördæmunum í heild, getur með brbl. milli kosninga svipt ákveðna kjósendur kosningarrétti. Ég vil minna á það, að með brbl. viðvíkjandi bæjarstjórnarkosningum í Kópavogi voru svo og svo margir kjósendur, sem verið höfðu á kjörskrá í Kópavogshreppi, sviptir kosningarrétti. Þeir, sem höfðu flutzt burt, en hefðu haldið sínum kosningarrétti samkv. almennum kosningalögum, voru sviptir þessum kosningarrétti. En mennirnir, sem fluttu burt fyrir mörgum mánuðum úr Kópavogi og fengu ekki að kjósa 2. okt., hafa kosningarrétt í Kópavogi í dag, af því að þessi lög eru fallin úr gildi, en þeir mundu ekki hafa fengið að kjósa neins staðar annars staðar, ef það hefðu verið kosningar annars staðar, um leið og kosningarnar voru í Kópavogi. Ef svona aðferðum væri beitt í sambandi við þingkosningar með sérstökum kosningalögum, eins og ég var að nefna dæmi um t. d. viðvíkjandi V.-Ísafjarðarsýslu eða einhverju þannig, þá væri hægt að svipta ákveðna menn, sem þar hefðu verið, kosningarrétti þar, hægt að fá öðrum mönnum, sem þangað væru nýfluttir, kosningarrétt þar og hafa þannig áhrif á, að samsetningur kjósendanna væri allt öðruvísi en ætlazt var til samkvæmt þeim almennu kosningalögum.

Kópavogsbúar veittu ríkisstj. alvarlega áminningu út af hennar framferði með kosningunum, sem fram fóru 2. okt. í Kópavogi. Ég held, að alþm. ættu að veita ríkisstj. alvarlega áminningu fyrir hennar framferði. Ríkisstj. bar vissulega að leggja þessi brbl. fyrir Alþ. En alþm. ber líka að sjá um, að sú ríkisstj., sem misnotar vald sitt til brbl. á þann hátt, sem þessi ríkisstj. hefur gert, fái áminningu fyrir. Þess vegna er það skylda Alþ. að veita þessum lögum þá meðferð eina, sem virðingu þess er samboðin, og það er að samþ. þá rökstuddu dagskrá, sem minni hl.

allshn., hv. 4. landsk. þm., hefur lagt til að samþ. yrði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 152 felld með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GilsG, GJóh, HV, KGuðj, LJós, SG, BergS, EOl.

nei: GíslG, GTh, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JR, JörB, MJ, PÞ, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, EI, EmJ, SB.

EggÞ greiddi ekki atkv.

9 þm. (EystJ, GÞG, HÁ, JS, KJJ, ÓTh, PO, BÓ, EirÞ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 15:8 atkv.

2. gr. samþ. með 15:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:6 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Meðferð einkamála í héraði.

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um meðferð einkamála í héraði [18. mál] (stjfrv., A. 18).

Á 7. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., 24. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, voru á árinu 1936 sett heildarlög um meðferð einkamála í héraði, og voru þau mikil bót á sínum tíma frá því, sem verið hafði, því að þá hafði um nokkrar aldir verið hér mjög á reiki um setningu löggjafar um þessi efni, sumpart stuðzt við norsku lög Kristjáns 5. og þó vafi á um ýmis ákvæði þeirra, hver í gildi væru, og síðan tilskipanir gamlar ýmsar og viðbætur við þær frá síðari tímum, allt í brotum og orðið úrelt, eins og von var.

Það var því mikið og gott verk, þegar þáverandi ríkisstj. beitti sér fyrir því, að ný lög um meðferð einkamála væru sett, og var aðalhöfundur þeirrar löggjafar Einar Arnórsson dr. juris, þáverandi hæstaréttardómari.

Nú eru nærri liðin 20 ár síðan þessi réttarbót fékkst, og er það ekki nema að vonum, þar sem þarna var að vissu leyti um íslenzka frumsmíð að ræða, að upp hafi komið, að ýmsir gallar reyndust á og að leiðrétta hefur þurft eftir því, sem reynsla hefur sagt til um. Þess vegna var það, að á árinu 1952 skipaði ég þá Einar Arnórsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson í nefnd til þess að endurskoða þessa löggjöf, og síðan skipaði ég til viðbótar Theódór B. Líndal, þá hæstaréttarlögmann, einnig í þessa nefnd, og var það samkvæmt sérstökum óskum málflutningsmanna eða lögmanna, því að þeir töldu til bóta, að fulltrúi þeirra starfaði einnig að endurskoðuninni.

Þessir menn hafa síðan sinnt þessu starfi að meira eða minna leyti, en þó er þess að geta, að Einar Arnórsson hvarf skjótlega frá því, hann tók þátt einungis í endurskoðun 1. kafla frv. eða fyrstu greinanna, en hirti síðan ekki um að gefa sig lengur að þessum störfum.

Á s. l. vetri fékk dómsmálaráðuneytið svo frv. frá þeim, sem eftir voru í n., þeim Gizuri Bergsteinssyni, Jónatan Hallvarðssyni og Theódór Líndal, sem nú er orðinn prófessor, eins og vitað er, og hefur málið verið allrækilega athugað í rn. og síðan rætt við nefndarmenn, og árangur þess starfs er sá mikli lagabálkur, sem hér liggur nú fyrir í 302 greinum.

Tel ég sízt ofmælt, þótt sagt sé, að þar sé um mjög mikið og gott verk að ræða, sem þakka ber öllum þessum nefndarmönnum að hafa unnið að, en þá ekki sízt Gizuri Bergsteinssyni, núverandi hæstaréttarforseta, sem þarna hefur haft forustuna, þó að hinir hafi vissulega unnið með honum að þessu mikla verki.

Í þessum mikla lagabálki, sem nú er lagður fyrir hv. Alþingi, felast mörg nýmæli, og er ekki hægt hér að gera grein fyrir öllum þeirra. Mörg þeirra eru algerlega lögfræðilegs eðlis og tekur því ekki að rekja öll þau atriði hér, þó að þau einnig hafi verulega þýðingu fyrir allan almenning, þar sem þau verka á úrlausn og meðferð mála, en eru þó svo sérfræðilegs eðlis, að ég tel þýðingarlaust að rekja þau hér í einstökum efnum.

Önnur atriði frv. eru frekar þess eðlis, að líklegt er, að almenningur láti þau til sín taka, og mun ég sérstaklega reyna að rekja þau í þeim orðum, sem ég segi.

Fyrsta meginbreyting frv. er sú, að lagt er til, að sáttanefndir séu lagðar niður og þær lögskipuðu sáttatilraunir, sem sáttanefndir og á síðari árum einnig dómarar hafa átt að gera. Sáttanefndir voru fyrst settar hér seint á 18. öld og hafa tíðkazt síðan og oft verið taldar vinna þarflegt verk. En það er sameiginlegt álit þeirra, sem þetta frv. hafa undirbúið, og dómsmrn., að eins og nú sé komið, séu sáttanefndirnar orðnar úreltar og þýðingarlaust að hafa þær.

Reynslan er sú, og fer í vöxt, að mál eru oft höfðuð án þess, að þau séu nægilega undirbúin, og það er ekki fyrr en langt er komið málsókninni, sem aðilar í raun og veru hafa gert sér fulla grein fyrir því, hvers eðlis málstaður þeirra er og hvort hann hefur verulegar líkur til þess að sigra, þegar til dóms kemur. En reglan hefur hins vegar verið sú, eins og ég segi, að áður en efnismeðferð málsins hefst, hefur átt að gera sáttatilraun, þ. e. a. s. á því stigi málsins, þegar hugurinn um málsókn er oft einna mestur í málsaðilum og áður en málið er búið að fá þá meðferð, að þeir hafi til hlítar gert sér grein fyrir öllum aðstæðum. Ef sáttatilraunin hefur ekki farið fram eða á hefur bjátað um hana, leiðir það aftur á móti til þess eftir gildandi lög-

um, að síðari málsmeðferð ónýtist, og veldur það aðilum oft kostnaði og töfum. Það hefur því verið talið vænlegra, bæði til raunverulegra sátta og til þess að draga úr óþörfum málsóknum, að breyta hér til, að gera miklu ríkari kröfur en áður til þess, að mál sé sæmilega undirbúið, áður en það er höfðað eða lagt fyrir dóminn, sem kemur fram í því, að stefnan á að vera mun ýtarlegri en hún hefur verið. Það á að rekja gang málsins í meginatriðum og stefnandi einnig að hafa gert sér grein fyrir helztu sönnunargögnum, sem hann ætlar að leggja fram. Og með tilsvarandi hætti er ætlazt til þess, að verjandi sé skjótlega við því búinn að leggja fram skýrslu um viðhorf málsins af sinni hálfu.

Með þessu er það von manna, að komið verði í veg fyrir málsóknir, nema því aðeins að aðili hafi gert sér raunverulega grein fyrir bæði, eins og ég sagði, hvers eðlis kröfur hans eru og hvaða líkur hann hefur til þess að færa sannanir fyrir sínu máli.

Ef aðili neyðist til þess að gera þetta strax í upphafi málsóknar, þá er óþarft um leið að láta hann leggja málið til sátta, vegna þess að hann á þá sjálfur að vera búinn að mynda sér skoðun, eftir atvikum með aðstoð lögmanns síns um það, hvort hann telji málið líklegt til framgangs eða ekki. Hins vegar er svo til ætlazt, að dómari geti, — honum sé það ekki skylt, en hann geti á hvaða stigi málsins sem er leitað sátta með aðilum og eftir atvikum skipað til þess sérstaka menn, og það er skoðun þeirra þrautreyndu manna, sem um þessi efni hafa fjallað við samningu frv., og er sérstök ástæða til að taka fram, að Einar Arnórsson átti einnig þátt í þeirri till., að þessi aðferð muni sízt gera sættir óvænlegri en áður, þó að sáttanefndirnar séu lagðar niður, heldur muni þetta horfa til þess, að málin öll verði betur undirbúin, og þar með líklegt, að dómara geti, annaðhvort einum eða með milligöngu þeirra, sem hann kveður til, fremur en áður tekizt að koma á sáttum, þegar hann gerir það á því stigi, er hann telur líklegast til verulegs árangurs.

Þessi breyting, sem ég hef nú nefnt, er ein af aðalbreytingum frv., að leggja sáttanefndirnar niður og hverfa frá skyldunni til sáttaumleitana, þó að heimild til dómara í þeim efnum eigi að haldast, en í stað þessa komi krafa um mun rækilegri málsundirbúning aðila strax frá upphafi en verið hefur. Því er ekki að leyna, að málsóknir hafa farið mjög í vöxt hér undanfarið, og sést af því, að sáttakerfið sem slíkt hefur ekki haft tilætluð áhrif til að draga úr málsóknum, og eins það, að málin hafa ekki verið nógu vel undirbúin. Það er meira að segja oft svo, að dómarar hafa orðið, um það bil sem átti að taka málið upp til dóms, að krefjast frekari upplýsinga, vegna þess að undirbúningur var allsendis ófullnægjandi og aðilar og málflytjendur víðast um of hafa byggt á því, að dómendur mundu af eigin hvötum krefjast upplýsinga um það, sem þeir töldu máli skipta.

Slíkt torveldar hins vegar mjög meðferð málsins og hlýtur að seinka henni, um leið og það ýtir undir óþarfar og vonlausar málsóknir, enda er komið svo, að t. d. hæstiréttur er nærri því keyrður í kaf af of miklum störfum, það er svo mörgum málum áfrýjað til hans, að vafasamt er, ef ekki verður að gert, að þeir menn, sem þar sitja, geti lengur annað öllum þeim málum, sem þeir eiga að dæma, og er slíkt vissulega ótrúlegt í ekki stærra þjóðfélagi en okkar, en það verður ekki um villzt, þegar litið er á þann mikla málafjölda, sem dómararnir þurfa nú að fjalla um. En frv. er ætlað ekki sízt að reyna að greiða fyrir því að draga úr og hindra þessar þýðingarlausu og vonlausu málsóknir.

Af einstökum atriðum umfram þetta er ef til vill sérstök ástæða til að geta þess, að ætlazt er til, að héraðsdómurum sé veitt heimild, rýmri en áður, til þess að kveðja samdómendur í vandasömum málum og málum, þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf. Heimild nokkuð svipuð hefur verið veitt nú þegar um opinber mál, og sýnist ástæða til þess að veita ekki þrengri, heldur jafnvel rýmri heimild, einnig um einkamálin.

Þá er einnig dómara veitt heimild til að halda dómþing í máli, er undir hann ber, hvar sem er á landinu, enda þyki það nagkvæmt vegna öflunar gagna, málflutnings og dómsuppsögu. Er hér sem sagt um þá nýjung að ræða, að þá er hugsanlegt, að dómari geti farið út fyrir sitt lögsagnarumdæmi og haldið þar dómþing í máli, en þó því aðeins, að málið hafi upphaflega verið réttilega lagt fyrir hann, en ekki þann dómara, sem að venju hefur lögsögu í því þingi, sem dómþingið á að halda í. Þá er ætlazt til þess, að dómarafulltrúar hér í Rvík og raunar við hin stærri dómaraembætti fái heimild til þess að vinna algerlega á sjálfs sín ábyrgð, og er það vegna þess, að yfirmönnum þeirra reynist með þeim málafjölda, sem hér er um að ræða, ómögulegt að fylgjast með þeim og þar af leiðandi óeðlilegt, að þeir eigi að bera ábyrgð á verkum þessara undirmanna sinna.

Þá eru sett sérstök fyrirmæli um það, að ef víkja á dómara úr starfi, þá megi ekki gera það nema með dómi, og um slíkt mál á að fjalla sérstakur starfsdómur, sem svo er nefndur, þ. e. a. s. dómur, sem á að vera skipaður einum kennara í lagadeildinni, þeim elzta, og tveimur dómurum tilnefndum af dómsmrh., tíu ár í senn, að því er ég hygg, en þeir eiga ekki að fá þóknun fyrir dómsetu nema miðað við hvert mál, sem þeir fjalla um. Það þykir eðlilegra, að slíkur fjölskipaður dómur fjalli um mál, þar sem um er að ræða hliðsetta embættisdómendur, enda eru fordæmi fyrir slíku annars staðar að.

Smávægileg breyting er það og mundi horfa til sparnaðar, að ætlazt er til, að héðan í frá dugi einn þingvottur í stað tveggja áður.

Þá er gerð sú breyting, að umdæmi hvers héraðsdómara á að verða ein og sama dómþinghá, í stað þess, að nú er þeim skipt í margar smærri þinghár, eins og kunnugt er, en þó á dómsmrh. að vera heimilt eftir till. héraðsdómara að skipta einni þinghá í fleiri.

Þá eru ákvæði um það, að heimilt á að vera að leita lögregluaðstoðar, ef því er að skipta, til þess að hafa upp á stefndum manni, sem m. a. kemur af því, að í fjölbýlinu verður erfiðara að finna þá, sem stefnt er, heldur en meðan flestir

menn bjuggu úti um sveitir, þar sem tiltölulega fámennt var á hverjum stað.

Þá er tekið berum orðum fram í 8. kafla laganna, að dómari skeri úr því hverju sinni eftir mati á þeim gögnum, sem hafa komið í dómsmáli, hvaða atvik skuli sönnuð, enda bindi einstök lagafyrirmæli hann ekki um mat í þeim efnum, og eru sönnunarreglurnar mótaðar eftir þessari meginreglu, sem raunar hefur gilt áður, þó að ekki væri gætt fulls samræmis um að fella þá úr gildi eldri reglur, er kynnu að benda til frekari bindingar í þessu en tilætlunin var að gilti.

Þá á að reyna að eyða þeim sið, sem mjög hefur tíðkazt hér, að menn hafa verið fengnir til að skrifa undir vottorð utan réttar og síðan komið fyrir dóm og staðfest þar vottorðin. Þetta er ekki heppilegt, vegna þess að með því er í raun og veru búið að binda vitni nokkuð fyrir fram og síður líkur til þess, að hið sanna komi í ljós. Þess vegna er meiningin, að slík vottorð á yfirleitt ekki að taka gild, heldur eiga vitnin að vera spurð sjálfstætt um málið, þegar þau koma fyrir dóm.

Þá er mjög aukið á skyldu vitna til þess að mæta á fjarlægum stöðum frá því, sem verið hefur, þannig að jafnvel er heimilað að kveðja mann, sem háður er lögsögu íslenzka ríkisins og dvelur í útlöndum, hingað til lands til vitnisburðar, og er það algert nýmæli. Og eins eru mun lengri vegalengdir innanlands, sem vitni er skylt að fara til að bera vitni, heldur en áður hefur verið, en að vísu á að tryggja manninum greiðslu á þeim kostnaði, sem verður við þessi ferðalög. Þessi ákvæði eru eðlileg, bæði vegna þess að ferðalög eru nú mun auðveldari en áður hefur verið og eins hins, að menn gera sér æ betur ljóst, að æskilegt er, að dómari sjálfs aðalmálsins fjalli sem mest um það og yfirheyri þar með vitni, ef við verður komið, en þurfi ekki að hlíta skriflegri frásögn um vitnisburð, sem kann að vera rétt í öllum atriðum, en gefur þó aldrei eins lifandi mynd af því, sem gerzt hefur, eða skapar sömu skilyrði til þess að gera sér grein fyrir trúverðugleik vitnis og ef vitni er sjálft leitt fyrir sjálfan dómarann, sem að lokum á að dæma um þess trúverðugleika.

Þá hefur það tíðkazt hér á landi frá fornu fari, að mál væru látin vera komin undir aðildareiði, þ. e. a. s., að dómurinn er að því leyti ekki lokaorðið, að hann segir, að málið skuli annaðhvort falla á þennan veg eða hinn eftir því, hvort sá aðili, sem dómstóllinn tiltekur, fæst til þess að vinna eið fyrir dómi að einhverju tilteknu atriði, sem málið á að vera undir komið og tiltekið er í dómnum. Þetta þykir vera ótryggt, og hæstiréttur hefur nú um nokkuð langt árabil aldrei látið mál vera komið undir slíkum aðildareiði, nema einungis í barnsfaðernismálum, þar sem það getur verið bein lagaskylda eftir núgildandi ákvæðum. Og í samræmi við þann hátt, sem hæstiréttur hefur tekið upp og er aftur í samræmi við gildandi eða ríkjandi skoðanir í réttarfarsfræðum, er nú ráðgert að fella niður heimild til þess að láta mál velta á aðildareiði, þ. e. a. s. í þessu frv. er það fellt niður. Enn standa þrátt fyrir gildistöku þessa frv., þó að það nái fram að ganga, lögin um barnsfaðernismál, en þau þarf að endurskoða strax og sýnt er, hvort þetta frv. nær fram að ganga eða ekki, en þar koma einnig fleiri vafaatriði til, og okkur sýndist ekki tímabært að leggja frv. um það og nokkur önnur atriði fyrir hv. Alþ. fyrr en í ljós kæmi, hvaða byr þetta frv. fengi.

Hins vegar er svo ætlazt til þess, að aðili verði kvaddur fyrir rétt og gefi þar skýrslu að viðlögðum drengskap um málið, en þá fer það eftir mati dómara á þessu atriði eins og um önnur sönnunargögn, hversu mikils sú skýrsla verður metin, þannig að málið veltur aldrei formlega á henni einni, þó að dómara geti hins vegar virzt sú skýrsla svo sennileg, að hún ráði í hans huga úrslitum málsins.

Í 13. kafla frv. eru sett fyrirmæli um öflun sönnunargagna til tryggingar, þ. e. a. s., þó að ekki sé komið til málsóknar eða hún sé fyrirsjáanleg, þá getur stundum staðið þannig á, að aðili hafi beinna hagsmuna að gæta að afla vissra sönnunargagna, og er veitt heimild til þess samkv. þessum ákvæðum, og er það nýmæli hér á landi.

Ég minntist á það áður varðandi málsmeðferðina, að sáttatilraunin á að falla niður fyrir sáttanefnd og skylda dómara til að annast um sættir, en í þess stað á stefnan að verða miklu ýtarlegri en verið hefur. Síðan er ráðgert að eigi sér stað eins konar frumflutningur málsins, þar sem á að undirbúa sjálfan aðalflutninginn, sem er munnlegur, og greinist málflutningurinn með þessum hætti í þennan frumflutning og aðalflutning. Þar er þess einnig að geta, að dómara á að vera heimilt að krefjast skriflegrar skýrslu frá aðilum til undirbúnings hinum munnlega aðalflutningi málsins. Mér er það ljóst, að viss hætta kann að vera í því, að þessi skriflega skýrslugerð komi að mestu leyti í stað munnlega málflutningsins, þannig að horfið yrði aftur að skriflegum málflutningi, sem tíðkanlegur var áður en lögin frá 1936 gengu í gildi, og einn aðalvinningurinn við þá lagasetningu var talinn vera að eyða skriflega málflutningnum. Með því fyrirkomulagi, sem nú er stungið upp á, kann sem sagt, ef ekki verður vel að gætt, að skapast sú hætta, að um of verði aftur horfið til skriflegs málflutnings. En vonandi verða dómstólarnir hér á verði og hindra það, því að öllum ber saman um, að munnlegur málflutningur, þó að hann geri meiri kröfur til málflytjenda og dómara, sé miklu líklegri til réttra og skjótra málsúrslita en skriflegur málflutningur. En þessi krafa um skriflega skýrslu af hálfu aðila er gerð vegna þess, að komið hefur á daginn, eins og ég gat um fyrr, að málflytjendur hafa oft ekki undirbúið mál nógu vel, áður en til munnlegs málflutnings hefur komið, þannig að hinum munnlega málflutningi hefur orðið að fresta um langan tíma oft til þess að afla gagna, og þannig hefur mikill tími og erfiði farið til einskis, og það er til þess að tryggja það, að málið sé orðið hæft til munnlegs málflutnings, sem dómara er fenginn réttur til að áskilja slíka skriflega skýrslugerð. Um þetta eins og fleira fer auðvitað algerlega eftir því, hvernig á verður haldið, en ég játa, að þó að mér sé ljóst, að þetta atriði sé

ef til vill, ef það heppnast, eitt af þýðingarmestu ákvæðum frv., þá kann líka svo að fara, að þetta atriði verði til misnotkunar, ef slöpp framkvæmd verður, og til að skapa óþarfan drátt og málalengingar frá því, sem til er ætlazt. Hér ríður því mikið á, að málflytjendur og dómarar undir yfirumsjá hæstaréttar haldi rétt á. Og ef illa fer, þá má búast við því, að þetta atriði kunni að gefa tilefni til endurskoðunar frv. eða laganna, áður en langt um líður, en við skulum vona, að til þess komi ekki, heldur reynist þeir hafa rétt fyrir sér, sem bjartsýnir eru um, að þetta ákvæði leiði til góðs, og ég játa, að svo getur vissulega farið.

Þá er þess að geta, að mjög hefur á því borið eftir setningu laganna 1936, að mál hafa verið tafin með því að kæra einstök atriði þeirra til hæstaréttar. Það er rúm heimild að skjóta úrskurðum dómara um einstök atriði til hæstaréttar, t. d. því atriði, hvort veita eigi frest. Ef dómari synjar um frest, þá var 1936 sköpuð heimild til þess, að þann úrskurð mætti kæra til hæstaréttar, og það varð þá til þess, að málið frestaðist á meðan. Með þessu hefur í raun og veru verið farið í kringum synjunina á frestinum, málið verið dregið á langinn og mörg óþörf smáatriði verið lögð fyrir hæstarétt, sem hafa ekki aðeins orðið til tafar hinum einstöku málum, heldur um of tekið upp tíma hæstaréttar frá þarflegri störfum. Hér er því lagt blátt bann við því, svipað og áður var, að kæra úrskurð um synjun á fresti, auk þess sem takmörkuð er að öðru leyti heimildin til kæru á einstökum atriðum, þó að ekki sé hún alveg felld niður.

Þá er veitt ríkari heimild en áður til þess að fullnægja hér dómum og byggja á dómum, sem kveðnir eru upp í öðrum ríkjum. Svipuð heimild hefur nú um alllangt bil verið í gildi samkvæmt sérstökum samningum og lögum milli Norðurlandanna fimm, en eðlilegt sýnist að viðurkenna einnig dóma, sem kveðnir eru upp í öðrum ríkjum, er hafa tilsvarandi réttarfar og menningu, og er opnuð leið til þess samkvæmt 20. kafla frv.

Þá er einnig opnuð leið til þess að heimila endurupptöku mála, sem endanlegur dómur hefur verið kveðinn upp í í héraði. Slík heimild hefur verið til varðandi hæstarétt og hefur verið notuð með heimild í lögjöfnun varðandi héraðsdóma í einstöku tilfellum, en bein lagaheimild hefur ekki verið fyrir hendi, en talin er þörf á því, að slík heimild fáist, og er hún veitt í 21. kafla frv.

Ég hef þá í stuttu máli reynt að gera grein fyrir þeim helztu breytingum, sem í þessum lagabálki felast og líklegt er að almenna þýðingu hafi. Hins vegar eru, eins og ég sagði, fjöldamargar breytingar um hrein lögfræðileg efni, sem ég tel þýðingarlaust að rekja hér, en hv. n. athugar eftir því, sem hún telur efni standa til.

Ef þetta frv. nær fram að ganga, þá þarf að setja lög um nokkur önnur efni, það sem kallað er afbrigðileg meðferð einkamála, breyta þeim sérlögum, sem í þeim efnum gilda, og þeim köflum, sem eru nú í almennu réttarfarslögunum um þau efni. Við töldum ekki rétt eða ástæðu til að leggja þau frv. fram samhliða þessu, heldur mundi það verða gert skjótlega eftir að þetta frv. næði fram að ganga eða þegar sýnt er, að það muni ná fram að ganga, eftir því sem tími vinnst til.

Þá er þess einnig að geta, að brýn nauðsyn er talin til þess, að réttarfarsreglurnar um hæstarétt, hæstaréttarlögin, verði einnig endurskoðuð. Þau eru nú búin að standa í gildi allt frá því hæstiréttur var fluttur inn í landið, sett 1919, og aukin reynsla og breyttir hættir hafa auðvitað gefið ríkt tilefni til endurskoðunar á þeim, og geri ég ráð fyrir og hefur dómsmrn. reyndar nú þegar hlutazt til um, að endurskoðun á þeim lögum verði hafin áður en langt um líður.

Að svo mæltu vonast ég til, að frv. verði vísað til 2. umr., og legg til, að það fari til athugunar hjá hv. allshn. deildarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 502, 508).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað og rætt frv. það, sem hér er til umr., um meðferð einkamála í héraði, og leggur n. til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hún hefur gert till. um á sérstöku þskj. Einn nm., hv. 4. landsk. (GJóh), hefur þó áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. og fylgja brtt., sem fram við það kunna að koma.

Frv. þessu, ef að lögum verður, er ætlað að koma í stað l. nr. 85 frá 1936, um meðferð einkamála í héraði, en þau lög voru fyrsta heildarlöggjöf hér á landi um það efni. Tiltölulega fáar breyt. hafa verið gerðar á þessum lögum, frá því að þau voru sett, og er því ekki nema eðlilegt, eftir svo langan tíma sem liðinn er síðan, að gera þurfi nokkrar breytingar á þeim og auka við þau, allt miðað við breyttar aðstæður og þá reynslu, sem fengin er af framkvæmd þessara laga.

Frv. þetta er mikill bálkur, það er samtals 302 gr. Það er samið af hinum færustu og fróðustu mönnum. Hafa annazt samningu þess í samráði við hæstv. dómsmrh. þeir hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson ásamt Theódór Líndal lagaprófessor, og að nokkru leyti hafði Einar heitinn Arnórsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, annazt samningu frv.

Frv. geymir fjöldamörg nýmæli, sem hér yrði of langt upp að telja, og mun ég því ekki fara út í þá sálma nema að litlu leyti. Hins vegar mun ég með örfáum orðum víkja að þeim brtt., sem n. leggur til að gerðar verði á frv. Ég vil þó ekki láta hjá líða að minnast með örfáum orðum á tvö merk nýmæli, sem frv. felur í sér.

Fyrra nýmælið er það, að lagt er til í frv., að sáttanefndir verði með öllu lagðar niður, en til þessa hefur þurft að leggja langflest mál fyrir sáttanefndir, og hefur það varðað frávísun máls fyrir dómi, ef svo hefur ekki verið gert. Nú hefur það hins vegar komið á daginn á síðustu ára-

tugum, að það er næstum undantekning, ef mál hafa verið afgr. fyrir sáttanefndum, a. m. k. nokkur meiri háttar mál, og fellst því n. á þau rök, sem færð eru fyrir því í grg. með frv., að rétt sé nú að leggja sáttanefndir með öllu niður, vegna þess að ekki svari lengur kostnaði að halda þeim uppi. Í þess stað er gert ráð fyrir því í frv., að dómarar leiti sátta í málum á hvaða stigi þeirra sem er og hvenær sem sáttaumleitun telst vænleg til árangurs.

Hitt nýmælið er það, að lagt er til í frv., að í stað þriggja frumskjala, sem fram að þessu hafa verið lögð fram í upphafi málsóknar, þ. e. a. s. sáttakæru, stefnu og greinargerðar sækjanda, komi nú aðeins eitt skjal, stefna, en mjög strangar kröfur eru gerðar til samningar stefnu. Skal í henni tilgreint nákvæmlega, hvert málsefnið er og hverjar kröfur sækjandi hefur uppi. Einnig skal þar tilgreint, á hvaða sönnunargögnum sækjandi byggir kröfur sínar, hvaða vitni hann óskar eftir að leidd verði í málinu o. s. frv. Ber dómurum að aðgæta það, áður en þeir gefa út stefnu, hvort þessum fyrirmælum hefur verið hlýtt. Þeim ber að benda stefnanda á það, ef eitthvað er áfátt við stefnuna að þessu leyti, og neita að gefa hana út, ef ábendingum hans er ekki hlýtt. Yfirleitt gerir frv. ráð fyrir stórauknu eftirliti dómara með málsmeðferð á öllum stigum mála.

Tilgangurinn með hinum auknu kröfum, sem gerðar eru til samningar stefnu, mun fyrst og fremst vera sá að vekja menn til umhugsunar um það, áður en þeir höfða mál, út í hvað þeir séu að leggja, sérstaklega ef um rekistefnur út af fánýtum efnum er að ræða, og verður að telja, að slík ákvæði séu tímabær.

Allshn. sendi frv. þetta til umsagnar fjórum aðilum, þ. e. a. s. hæstarétti, lagadeild háskólans, Félagi héraðsdómara og Lögmannafélagi Íslands. Aðeins tveir af þessum aðilum hafa sent umsagnir um málið. Eru það lagadeild háskólans og Félag héraðsdómara. Telja báðir þessir aðilar, að nýmæli frv. og yfirleitt ákvæði þess flest horfi til bóta, en hafa þó lagt til, að gerðar verði nokkrar breytingar á frv., og eru þær brtt., sem allshn. hefur borið fram við frv., að nokkru sniðnar eftir þeim till., sem felast í umsögnum þessara tveggja aðila.

Fyrsta brtt. n. er við 4. tölul. 11. gr. frv., varðandi hámarksaldur samdómara eða meðdómara fyrir héraðsdómi. Leggur n. til, að enginn hámarksaldur slíkra meðdómara verði ákveðinn, heldur aðeins lágmarksaldur 25 ár, eins og gert er ráð fyrir í frv., en þar er lagt til, að hámarksaldur meðdómara verði ákveðinn 70 ár.

Nú hefur það oft komið fyrir, að menn, sem komnir eru yfir sjötugt, hafa verið kvaddir til meðdómarastarfa og reynzt þar vel, og þykir n. því ekki ástæða til að setja neinn hámarksaldur í sambandi við kvaðningu manna til meðdómarastarfa, enda virðist svo sem það sé fyrir því séð, að menn, sem eru orðnir miður sín fyrir aldurs sakir, verði ekki kvaddir til meðdómarastarfa, þar sem fyrsta skilyrði frv. fyrir því, að menn verði kvaddir til slíkra starfa, er, að þeir hafi til að bera nægilegan andlegan og líkamlegan þroska og andlega og líkamlega heilbrigði.

Önnur brtt. n. er við 21. gr. frv. og tekur af allan vafa um, hver skuli gegna formannsstarfi í svokölluðum starfsdómi, sem fjalla skal um misferli héraðsdómara í starfi. Segir í frv., að elzti lagaprófessorinn skuli vera formaður dómsins, en ekki verður séð af því orðalagi, hvort átt er við elzta lagaprófessorinn að árum eða að starfsaldri. Leggur n. til, að ákveðið verði, að elzti lagaprófessorinn að árum gegni þessu starfi.

Þriðja brtt. n. er við 44. gr. frv. Segir í frv., að skylt sé að láta viðkomendum í té staðfest endurrit úr dómsmálabókum og málsskjölum innan hæfilegs tíma og aldrei síðar en þrem vikum eftir að endurrits hefur verið beiðzt. Þennan frest telur n. vera ákveðinn of stuttan, þar sem oft getur komið fyrir, að svo miklar annir séu við embætti, að með engu móti sé hægt að láta gera endurrit innan þriggja vikna frá því að beðið hefur verið um það. Leggur n. því til, að frestur þessi verði lengdur upp í 6 vikur.

Fjórða brtt. snertir aðeins prentvillu, sem er í frv., og þarf ekki að minnast frekar á hana.

Fimmta brtt. allshn. er við 119. gr. frv. Er þar rætt um skyldu vitna til að mæta fyrir dómi, ef eigi er yfir svo og svo langan veg að fara á landi eða sjó, en ekki er í frv. minnzt á loftferðalög. Þykir n. þó rétt að gera einnig ráð fyrir loftferðalögum í sambandi við vitnaskyldu, enda eru loftferðalög orðin mjög tíð nú á dögum, eins og allir vita.

Sjötta brtt. n. er við 122. gr. frv. Er í þessari gr. rætt um, að vitni sé rétt að skorast undan að gefa skýrslu eða staðfesta hana, ef vitni er svo og svo skylt aðila eða stendur að öðru leyti í svo og svo nánum tengslum við hann. Er þar minnzt á kjörforeldra og kjörbörn, en n. telur réttara, að undanþáguheimildin nái einnig til kjörsystkina, þ. e. a. s., að kjörsystkin aðila geti einnig skorazt undan að bera vitni um málsatvik, ef þeim sýnist svo.

Sjöunda brtt. n. er við 139. gr. frv., þar sem rætt er um heitfestingu vitna. Er gert ráð fyrir því í frv., að heitfesting fari jafnan fram og þá ætíð áður en vitnið gefur skýrslu sína. Mjög skiptar skoðanir eru um það, hvort heppilegt sé að skylda dómara til að heitfesta vitni alltaf, um hvað smávægilegt atriði sem kann að vera að ræða, og þó sérstaklega, hvort heppilegt sé að skylda dómara undantekningarlaust til að heitfesta vitni fyrir fram, þ. e. a. s. áður en þau hafa gefið skýrslur sínar. Flestir hallast að þeirri skoðun, að réttara sé að leggja það á vald dómara, hvenær heitfesting fari fram, og jafnvel einnig, hvort hún skuli yfirleitt fara fram, ef sönnunaratriði máls má annars telja vafalaus. Hallast nm. að þessari skoðun og leggja því til, að við heitfestingarákvæði umræddrar gr. verði bætt nýrri málsgrein, þar sem segir, að dómarar geti frestað heitfestingu þar til á síðara stigi málsmeðferðar og auk þess geti þeir látið heitfestingu falla niður með öllu, ef sönnunaratriði máls má telja vafalaus og hvorugur aðili krefst heitfestingar. Þessi ákvæði eru í algeru samræmi við ákvæði laga um meðferð opinberra mála, sem sett voru fyrir nokkrum árum. Hins vegar gerði þetta frv. ráð fyrir, að lengra yrði gengið en þau lög ganga, þannig að heitfesting

vitna væri ákveðin alltaf — og alltaf áður en vitni gæfi skýrslu sína.

Áttunda brtt. n. er við 199. gr. frv. Í gr. þessari segir, að aðili eða umboðsmaður hans skuli semja stefnu og leggja hana fyrir héraðsdómara, sem fara á yfir hana og athuga, hvort hún fullnægir settum skilyrðum. Leggur n. til, að við þetta ákvæði verði bætt því ákvæði, að dómari skuli rita á stefnu, hvenær hún berst honum í hendur, og er þetta varnagli, sleginn til þess að dómurum sé ekki með athugunarfrestinum gefið færi á að draga útgáfu stefnu úr hófi fram.

Níunda brtt. allshn. er við 212. gr. frv., og leggur n. til, að annar málsl. 2. málsgr. í gr. falli niður, en 2. málsl. hljóðar um það, að ef verjandi skili ekki lögboðinni grg. á tilsettum tíma, en komi þó fyrir dóm, skuli dómari spyrja hann rækilega um atvik máls og atriði og bóka meginefni svara hans. N. leggur sem sagt til, að þessi málsl. verði felldur niður, vegna þess að með því að gefa varnaraðila eða umboðsmanni hans færi á að koma fyrir dóm og skýra þar frá málavöxtum frá sínu sjónarmiði, án þess þó að skila lögboðinni grg. á tilsettum tíma, telur n. hættu á því, að opnuð sé freistandi leið fyrir varnaraðila eða umboðsmenn þeirra til þess að smeygja sér alveg undan að semja og skila grg. í málum eins og lögmælt er þó, en koma þess í stað fyrirhöfninni við samningu grg. sama sem yfir á dómara, ef hann er skyldaður til að taka við og bóka munnlegan framburð varnaraðila eða umboðsmanns hans, eftir að trassað hefur verið að skila grg. fyrir hann.

Tíunda brtt. n. er við 218. gr. Í gr. þessari er dómara heimilað að takmarka umr. við flutning máls við eina ræðu hvors eða hvers aðila, ef hann telur málið fullrætt í einni ræðu hvors eða hvers aðila. Leggur n. til, að þessi tilhögun verði því aðeins viðhöfð, að báðir aðilar samþykki hana.

Ellefta og síðasta brtt. n. fjallar um gildistöku laganna. Hefur n. lagt til, að frv., ef að lögum verður, komi til framkvæmda 1. júlí 1957. Jafnvel þótt frv. yrði að lögum á þessu þingi, væri hér ekki um óeðlilega langan frest að ræða, þar sem frv. felur í sér fjöldann allan af nýmælum og miklum breytingum á ákvæðum gildandi laga. Er því eðlilegt, að dómarar, málflytjendur og allur almenningur þurfi alllangan tíma til að átta sig á nýmælunum og breytingunum, sem í frv. felast.

Ég hef þá með nokkrum orðum gert grein fyrir aðallega þeim breytingum, sem allshn. leggur til að gerðar verði á frv., og tel ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það að svo stöddu, en allshn. leggur sem sagt til, eins og ég áður sagði, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hún gerir till. um á sérstöku þskj. Það mun vera þskj. 508.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Í nál. því, sem allshn. gaf út um þetta mál, lét ég þess getið, að ég áskildi mér rétt til þess að flytja brtt. við frv. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er mjög stór lagabálkur, og fylgir því allmikil og löng grg. Þegar allshn. tók þetta mál fyrst til athugunar, varð að samkomulagi að senda það til umsagnar vissra aðila, eins og frsm., hv. þm. Siglf. (EI), tók hér fram áðan. Aðeins tveir af þeim aðilum, sem málið var sent til, sendu álit sitt til n., en tveir þeirra, héraðsdómarar og hæstaréttarmálaflutningsmenn, hafa ekki skilað áliti. Ég tel fyrir mína parta, að það væri mjög varhugavert að samþ. slík lög eins og þessi, án þess að fyrir lægi umsögn þessara aðila um málið, og það var það, sem gerði m. a., að ég áskildi mér þennan rétt, svo sem tekið er fram í nál.

Nú eru mörg nýmæli í þessu lagafrv., sem að líkum lætur, t. d. það, að sáttanefndir skuli algerlega niður felldar. Ég er ekki alveg viss um það út af fyrir sig, að sáttanefndirnar hafi verið og séu gagnslausar í starfi og vinni ekkert gagn á fyrsta stigi í meðferð mála. Ég veit til þess nokkur dæmi, að sáttanefndir hafa náð sáttum, og í málum, sem annars hefðu þurft að fara fyrir dómara, náðist sætt einmitt fyrir tilverknað slíkra nefnda.

Við lestur þessa frv. virðist manni, að það sé eitt, sem sé alveg hægt að ganga út frá sem réttu, og það er það, að það verður að mörgu leyti erfiðara fyrir einstaklinga en áður að reka mál fyrir undirrétti; mér finnst, að ýmis ákvæði frv. bendi beinlínis til þess, að það verði undir flestum kringumstæðum strax fyrir undirrétti að fá lögfræðing til þess að flytja málin. Þetta tel ég líka galla á frv. Hins vegar er það ekki nokkrum vafa undirorpið, að margt af þeim atriðum, sem eru ný í frv., eru til bóta, og er ekkert út af fyrir sig um það að segja frekar. En ég vil undirstrika það, að málið er mjög viðamikið og að þeim aðilum, sem frv. hefur verið sent til umsagnar, hefur ekki unnizt tími til að senda grg. til þeirrar n., sem hafði með þetta að gera, og út frá því teldi ég, að það væri í alla staði æskilegra, að málið fengi ekki afgreiðslu hér á þessu þingi og að þeim aðilum, sem það hefur verið sent, og þá öðrum, gæfist frekari tími til þess að kynna sér málið. Það er þannig, þegar um stór og flókin mál er að ræða og jafnmargþættan lagabálk og hér liggur fyrir, að þá þarf mjög langan tíma til þess að fara yfir frv. og jafnvel ekki á færi nema sérfræðinga í þeim málum að geta kynnt sér það til hlítar.

Ég þarf svo ekki að hafa fleiri orð um þetta, en þeim till., sem allshn. hefur orðið sammála um að flytja, er ég sammála og tel, að þær séu til bóta frá því, sem er í frumvarpinu.

Umr. frestað.

Á 92. fundi í Nd., 23. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta frv. er, eins og öllum þm. er ljóst, mjög mikill lagabálkur og fjallar um mál, sem raunverulega er fyrst og fremst fyrir sérfræðinga að fjalla um, þar sem er meðferð einkamála í héraði. Það hefur verið vaninn hingað til á þingi, þegar svona stórir og miklir lagabálkar, sem varða eins mikið réttindi manna og réttarfar í landinu, hafa verið lagðir fram, að þeir hafa ekki verið afgreiddir á fyrsta þingi, sem þeir hafa legið fyrir, og um

stóra lagabálka, sem núverandi hæstv. dómsmrh. hefur lagt fram, og hann hefur lagt fram allmarga lagabálka í sinni tíð, hefur hann venjulega getið þess, að hann óski ekki sérstaklega eftir því að fá það mál fram undireins á því þingi, þannig að mönnum gæfist betri kostur til þess að athuga það.

Ég álít, að þessu máli sé þannig háttað, þar sem verið er að breyta að ýmsu leyti réttarvenjum, sem staðið hafa síðustu 20 ár, að ekki sé rétt að afgreiða þetta mál á þessu þingi, og ég vildi, ef hæstv. dómsmrh. hefði verið viðstaddur, beina þeirri ósk til hans, að þessu máli væri ekki fram haldið.

Ég sé það, að hv. n. hefur líka raunverulega verið á þeirri skoðun, að þetta mál þyrfti að fá nokkru lengri athugun, því að hún gerir þá brtt. við þessi lög, að þau skuli ekki öðlast gildi fyrr en 1. júlí 1957, m. ö. o., að þessi lög skuli ekki öðlast gildi fyrr en eftir að það Alþingi, sem á að koma saman í síðasta lagi í haust, í október, hafi starfað og lokið störfum. Ég sé ekki ástæðu til þess að taka þannig fram fyrir hendur þess komandi Alþingis um lög, sem eiga fyrst að öðlast gildi eftir að það hefur starfað.

Hv. n. gerir þessa brtt. sína út frá því sjónarmiði, að lögmenn og dómarar þurfi að kynna sér þennan nýja lagabálk, og það er alveg réttilega hugsað. En ef nú lögmenn og dómarar, sem hafa þó þægilegasta aðstöðu til þess að kynna sér þetta, þurfa meira en heilt ár til þess að kynna sér þetta, hvað þá um almenning, sem ekki hefur haft nein tækifæri til þess að kynna sér þetta eða leggja neinn dóm þarna á? Er ekki eðlilegt, að almenningur og hans fulltrúar á Alþingi fái tækifæri til þess til næsta þings að kynna sér þetta mál?

Það er alveg réttilega hugsað hjá hv. n., að þetta er það erfitt, það margbrotið og það flókið mál, að meira að segja lögmenn og dómarar þurfa að hafa eitt ár til þess að kynna sér þetta, áður en það komi til framkvæmda, og þeir mundu vissulega, þar sem vafalaust yrði þá þessi lagabálkur í aðalatriðum samþykktur eins og hann er, hafa tækifæri til þess að kynna sér þetta frv., þó að það yrði ekki afgreitt nú. Ég álít þess vegna, að það væri mjög heppilegt, að almenningur fengi líka þetta sama tækifæri og málið væri ekki afgreitt nú.

Viðvíkjandi þeim einstöku breytingum, sem þarna eru gerðar, — og efast ég ekki um, að margar þeirra séu til bóta, — þá er þarna ein breyting, sem ég vil vekja athygli á, að almenningur og alþm. mættu gjarnan fá tækifæri til þess að íhuga betur. Það er sú breyting gerð með þessum lögum, að það er erfiðara að höfða mál, og hæstv. dómsmrh. sagði í sinni framsögu, að þetta væri gert til þess að hindra menn í því að ráðast illa undirbúið og máske að ófyrirsynju í málshöfðanir, sem kosta þá fé, og það er náttúrlega mjög vel hugsað gagnvart almenningi. En það er annað, sem leiðir um leið af þessu. Þetta þýðir aukin völd dómara, sem á að leiðbeina þarna um og segja til um og krefjast, að stefnuyfirlýsing sé mjög nákvæm, og aukin afskipti lögfræðinga.

Ég efast um, að þetta sé að öllu leyti rétt, a. m. k. mundi ég ákaflega gjarnan vilja hafa meiri tækifæri en við þegar höfum haft til að athuga þetta mál og ræða það við bæði ólögfróða menn og aðra, og spurningin, sem þarna liggur fyrir, er þessi: Hvernig hagar fyrir mönnum um að leita réttar síns? Það er vafalaust ekki tilgangurinn með þessu að gera mönnum erfiðara að leita réttar síns, en það er samt verið að gera mönnum erfiðara að fara í mál. Hins vegar hlýtur þjóðfélagið að miða við það að reyna að gera mönnum auðveldara að ná rétti sínum.

Ég verð að segja, að ef t. d. hefði verið sett upp sú stofnun í sambandi við þetta, að það fólk, sem þyrfti að fara í mál, gæti fengið ókeypis upplýsingar hjá lögfróðum mönnum um slíkt áður, þá mundi líta þó nokkuð öðruvísi út um að gera allríkar kröfur til manna um, að stefna væri vel undirbúin. Nú er það svo, að það er allstórt fjárhagslegt mál að leggja út í málshöfðanir, og satt að segja væri alveg jafnréttlátt af þjóðfélaginu að veita mönnum ókeypis undirbúning lögfróðra manna, sem segja þeim til um, hvort sé ráðlegt fyrir þá að fara í mál, og ráðleggja þeim af beztu samvizku um þetta, eins og ríkið nú lætur til sín taka um að ráðleggja mönnum á ýmsan hátt í sambandi við sjúkdóma og annað slíkt. Hins vegar hefur sú þróun orðið nú í þjóðfélaginu, að málshöfðanir, málsmeðferð, öll lögsókn er orðin að — ja, mér liggur við að segja verzlunarfyrirtæki. Þetta er gert að næstum því einkabraski og reynist oft mjög dýrt, og þrátt fyrir ágæti lögfræðingastéttarinnar er a. m. k. spursmál, hvort ekki þarf þar þó endurbóta við, þannig að almenningur eigi betri aðgang að því að ná til lögfróðra manna og geta náð rétti sínum án þess að stofna sér í stór fjárútlát í þessum efnum.

Ég tek eftir því, að hér hefur verið leitað umsagnar nokkurra aðila. Nokkrir þeirra aðila hafa svarað, þó ekki allir, og þó eru það bara þeir lögfróðu aðilar, sem spurðir hafa verið. Mér finnst almenningur ekki hafa þar með haft það tækifæri, sem hæstv. dómsmrh. einmitt venjulega hefur gefið, þegar lagðar eru fram svona miklir lagabálkar, sem þingmenn jafnvel sjálfir, þeir sem ekki eru beinlínis lögfræðingar, eru ef til vill ekki sérstaklega fróðir í.

Ég held, að það væri að öllu leyti heppilegast, að við fengjum tækifæri til þess að athuga þetta betur og að hv. nefnd vildi athuga það, hvort þetta mál mætti ekki fá að hvíla sig. Sérstaklega mundi ég vilja beina þeirri ósk til hæstv. dómsmrh. sökum þess, að hann hefur venjulega tekið mjög vel í það, þegar um þessa stóru lagabálka hefur verið að ræða, að láta slík mál bíða til næsta þings.

Þetta er það, sem ég vildi segja viðvíkjandi þessu máli.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er mikið verk að kynna sér frv., sem er í 300 greinum, og ég verð að viðurkenna, að mér hefur ekki unnizt tími til þess að athuga þetta mál svo sem skyldi. En það er eitt atriði, sem ég vil gera hér að umtalsefni.

Í 36. gr. frv. segir, að þar sem einn dómari situr í dómi, skuli jafnan vera einn þingvottur, en

svo sem segir í aths. með frv., þá er nú ákveðið í lögum nr. 85 frá 1936, að þingvottar skuli vera tveir, þar sem dómari situr einn í dómi. Hér er sem sagt lagt til, að í stað þess, að þingvottar eiga nú að vera tveir, þurfi framvegis ekki að vera nema einn þingvottur. Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hv. n., sem athugaði þetta mál, hvort hún hafi sérstaklega rætt um þessa breytingu og hvort n. líti svo á, að rétt sé að gera þessa breytingu á lögunum. Mér sýnist, að það geti verið nokkurt vafamál, úr því að það hefur þótt rétt að hafa þingvotta tvo að undanförnu, að þá sé ástæða til að breyta nú til og láta nægja aðeins einn.

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég taldi mig þurfa að segja hér í tilefni af því, sem þeir ræðumenn hafa sagt, sem hér hafa talað um þetta mál.

Hv. 4. landsk. þm. (GJóh) ræddi um það, að eðlilegra hefði verið að bíða eftir umsögn Lögmannafélags Íslands um mál þetta, en þetta frv. var, eins og ég tók fram í gær, sent til umsagnar þess aðila. Ég fellst alveg á það, að það hefði verið miklu æskilegra, að borizt hefði álit frá þessum aðila, en n. var búin að bíða svo lengi eftir umsögn þess félagsskapar, að ég a. m. k. fyrir mitt leyti taldi ekki hægt að gera það lengur. Ég man ekki betur en að málið hafi verið sent til umsagnar þess félags 3. nóv. s. l.

Þá hafa hér komið fram raddir um, hvort æskilegt væri að leggja með öllu niður sáttanefndir, þ. e. a. s. að vísa málum ekki fyrir sáttanefndir áður en stefna er gefin út í þeim. Ég vil nú ekki ræða þetta atriði mikið, en mitt álit er þó, að réttara sé að hafa þessa tilhögun á, en vil aðeins vísa til nokkurra setninga, sem þeir aðilar, sem samið hafa þetta frv., segja um þetta atriði í grg. með frv.:

„Eins og löggjöf vorri er háttað nú, getur sækjandi máls í bráðræði rokið til, gefið út sáttakæru og síðan dómstefnu, að lítt athuguðu máli, og eru málaferli, þrátt fyrir ákvæði laga um sáttir, allt of tíð um fányt málsefni og smámuni til stórkostlegs tjóns bæði fyrir einstaklinga og þjóðfélag. Er nú svo komið, að dómstólar sjá eigi fram úr og fá eigi með viðhlítandi hraða afkastað öllum þeim aragrúa mála, sem til þeirra er stefnt, og er fjöldi dóma hér á landi orðinn eins mikill og hjá margfalt stærri þjóðum. Af þessu er auðsætt, að eigi verður ráðin bót á því ástandi, sem nú ríkir í þessum efnum, með lagningu mála til sátta fyrir sáttanefndir. Samkv. frv. er því horfið að því ráði að afnema sáttaumleitan fyrir sáttanefndum, en hins vegar er tilætlunin að reyna aðrar leiðir. Fyrsta leiðin er sú að setja hverjum þeim aðila, sem hyggst höfða mál, þau skilyrði fyrir málshöfðun, að hann rannsaki eða kynni sér rækilega málstað sjálfs sín og þau sönnunargögn, er hann getur teflt fram, áður en hann höfðar mál."

Þetta leyfði ég mér hér að lesa upp og vil nú leita samþykkis hæstv. forseta eftir á fyrir því.

Ég get engu bætt við það, sem þeir fróðu og færu menn hafa sagt um þetta atriði hér í grg. með frv., en geri mál þeirra að mínu máli hvað þetta snertir.

Bæði hv. 4. landsk. þm. og hv. 2. þm. Reykv. véku að því, hvort ekki mundi það felast í frv., að mönnum væri gert erfiðara fyrir að höfða mál. Ég held fyrir mitt leyti, að því sé alls ekki þannig farið. Að vísu er undirbúningur undir mál gerður nokkru flóknari en verið hefur fram að þessu og strangari kröfur gerðar til samningar stefnu og til þess að aðilar hafi yfirleitt gert mál sitt rækilega úr garði, en ég held, að hins vegar verði þær strangari reglur, sem gerðar eru til að byrja mál, aðeins til þess að fækka málum um fányt efni, en alls ekki sé öllum almenningi gert erfiðara fyrir að ná rétti sínum með þeim.

Hv. 2. þm. Reykv. ræddi um það hér, hvort eðlilegt væri, að þetta mál yrði afgreitt hér á þessu þingi. Ég fyrir mitt leyti tel ekki neitt mæla gegn því, a. m. k. vil ég benda á, að það væri algerlega óstætt á því fyrir þá n., sem hafði málið til meðferðar, að afgreiða það ekki frá sér með nefndaráliti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 93. fundi í Nd., 24. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 508,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
12.—20. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 508,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
22.—27. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
28.—36. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
37.—43. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 508,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
45.—56. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
57.—58. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 508,4 samþ. með 20 shlj. atkv.
59. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
60.—65. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
66.—87. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
88.—107. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
108.—118. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 508,5 samþ. með 20 shlj. atkv.
119. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
120.—121. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 508,6 samþ. með 18 shlj. atkv.
122. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
123.—138. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 508,7 samþ. með 20 shlj. atkv.
139. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
140.—152. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
153.—157. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
158.—174. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
175.—187. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
188.—192. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
193.—197. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
198. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 508,8 samþ. með 21 shlj. atkv.
199. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
200.—211. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 508,9 samþ. með 20 shlj. atkv.
212. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

213.—217. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 508,10 samþ. með 19 shlj. atkv.
218. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
219.—235. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
236.—239. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
240.—251. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
252.—257. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
258.—263. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
264.—280. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
281.—286. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
287.—299. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
300. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 508,11 samþ. með 18 shlj. atkv.
301. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
302. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 568).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Gjald af innlendum tollvörutegundum.

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um gjald af innlendum tollvörutegundum og tollvöruframleiðslu [51. mál] (stjfrv., A. 56).

Á 7. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 9. fundi í Nd., 24. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Fyrir nokkru var skipuð nefnd til þess að íhuga lög nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum. Í nefndinni var einn fulltrúi frá Félagi íslenzkra iðnrekenda, en hinir tveir voru frá fjármálaráðuneytinu. Nefndin skilaði áliti, en varð ekki sammála, þannig að fulltrúi Félags íslenzkra iðnrekenda skilaði minnihlutaáliti.
Frv. það, sem hér liggur fyrir, er aðallega byggt á áliti meiri hlutans með nokkrum viðbótartill., sem komið hafa frá tollstjóranum í Reykjavík. Efni þessa frv. er nokkur ákvæði til tryggingar eftirliti með þessari framleiðslu og eftirliti með því, að réttmæt gjöld séu af henni greidd, og svo á hinn bóginn ákvæði um að fella niður viðaukana, sem sífellt hafa verið framlengdir frá ári til árs á þessi gjöld, en gert ráð fyrir að setja í staðinn ákvæði um gjald jafnhátt stofngjaldinu eins og það er nú og viðaukunum.
Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það bárust á þskj. 115.

---

4. Ráðherralaun o. fl.

Á 15. fundi í Nd., 7. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um laun ráðherra o. fl. [87. mál] (stjfrv., A. 97).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv. um laun ráðherra o. fl. er nokkurs konar viðauki við frv., sem ég lýsti áðan, en sú n., sem ég þá gat um og undirbjó launalagafrumvarpið, samdi sérstakt frv. um laun ráðherra. Eftir síðustu launalögum voru laun ráðherra ákveðin í launalögunum sjálfum. Fyrr voru sérstök lög um laun ráðherra. Nú hefur n. lagt til, að laun ráðherra verði ákveðin með sérstökum lögum, eins og var á tímabili. Nefndin bendir á, að ráðherrar séu eigi fastir starfsmenn með sama hætti og aðrir þeir, sem launalög taka til; enn fremur, að í sambandi við kjör þeirra þurfi að taka til athugunar fleiri atriði en sjálf launin. Taldi hún því eðlilegast að gera um þetta sérstakt frumvarp.
Þetta frv., sem hér liggur fyrir sem stjfrv. eins og hitt, er algerlega samhljóða frv. nefndarinnar eins og hún skilaði því til ríkisstjórnarinnar, og eru meginatriðin í því þessi:
Það er gert ráð fyrir, að árslaun ráðherra verði 65 þús. kr. að viðbættri verðlagsuppbót.
Ákvæði er um, að maður, sem gegnt hefur ráðherraembætti samfleytt í tvö ár eða lengur, skuli eiga rétt á biðlaunum í sex mánuði, þegar hann lætur af ráðherrastörfum, og nemi biðlaunin 70% af ráðherralaunum eins og þau eru á biðlaunatímanum. Í nágrannalöndum okkar eru í sérstökum lögum ákvæði um biðlaun ráðherra, og hafa þeir víða biðlaun miklu lengur en sem þessu nemur.
Frv. gerir svo loks ráð fyrir, að manni, sem á starfsævi sinni hefur gegnt ráðherraembætti lengur en tíu ár samtals, skuli tryggður réttur til eftirlauna, þegar hann hefur náð 65 ára aldri, og skulu eftirlaunin nema 50% af meðallaunum ráðherra næstu tíu ár á undan því ári, er hann öðlast eftirlaunaréttinn. En til frádráttar þessu skal koma lífeyrir, sem hlutaðeigandi kann að eiga rétt á úr sérstökum lífeyrissjóðum. Einnig er í frv. ákvæði um eftirlaun til ekkna þeirra manna, sem uppfylla það skilyrði að hafa verið ráðherrar lengur en tíu ár samtals.
Þetta munu vera meginatriðin í þessu frv., sem hér er um að ræða. Það mun fylgja launalagafrumvarpinu, og ég geri tillögu um, að það fari til sömu nefndar og að það verði höfð sömu vinnubrögð um það, hvort sem Alþingi fellst á þessa skipan eða ekki. Sé svo ekki, þá munu

verða sett inn í sjálft launalagafrv. þau laun, sem vilji Alþingis er fyrir að ráðherrar hafi, ef Alþ. telur rétt, að það sé í sömu lögum og ekki sett sérákvæði um það.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Óskilgetin börn.

Á 15. fundi í Nd., 7. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna [90. mál] (stjfrv., A. 100).

Á 16. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þessu almannatryggingafrv., sem ég hef nú lýst hér nokkuð, fylgja þrír dilkar, ef svo mætti segja, sem eru miðaðir við það, að frv. verði samþ. að því er þessi ákvæði snertir, sem eru í þessum frv., á Alþingi. En þetta er borið hér fram til þess að létta störf þingsins, þannig að það liggi fyrir, hvaða ákvæði í öðrum lögum verður að breyta, ef frv. verður samþ. í þeirri mynd, sem það hefur nú.

Þessi þrjú frv., sem ég hef fengið leyfi hæstv. forseta til þess að mæla fyrir í einu, — því að ég ætla ekki að fara að lýsa efni þeirra, þar sem það virðist ástæðulaust, — eru í fyrsta lagi frv. til l. um breyt. á l. nr. 87 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, í öðru lagi frv. til l. um breyt. á framfærslulögum frá 1947 og í þriðja lagi frv. til l. um breyt. á heilsuverndarlögum frá 1955, sem kannske hefðu raunverulega átt að vera flutt hér af hæstv. heilbrmrh., en það varð samkomulag um, að það væri rétt að láta það fylgja almannatryggingafrv., og mæli ég þess vegna fyrir því frv. um leið og hinum, af því að það er algerlega tengt þessu frv. um almannatryggingarnar.

Ég ætla ekki að fara að nefna efni þessara frv., það skýrir sig sjálft við að fara í gegnum almannatryggingalögin, hvers vegna nauðsynlegt er að breyta þeim lögum, sem hér er um að ræða, ef breyta á gildandi lögum í það form, sem almannatryggingafrv. nú gerir ráð fyrir. Og það kemur af sjálfu sér, að ef svo miklar breytingar verða gerðar á almannatryggingafrv., að eitthvað af því, sem er meginatriði í þessum frv., er þar með fallið, verður að breyta því. Þessi frv. verða því alltaf að fylgja almannatryggingafrv. og koma á eftir því til afgreiðslu í hvert sinn.

Ég sé ekki ástæðu til að vera að þreyta hv. dm. með því að fara að ræða um hvert frv. fyrir sig, og leyfi ég mér því aðeins að leggja til, að þeim verði vísað, öllum þremur frv., til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félagsmálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 7. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 100, n. 324).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Móðir óskilgetins barns á rétt til þess, að barnsfaðir greiði henni meðlag, en verði dráttur á greiðslu meðlags af hálfu barnsföður, hefur móðirin haft rétt til þess samkv. tryggingal. að snúa sér til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboðsmanns hennar og fá þar meðlagið greitt. Tryggingastofnunin á síðan endurkröfurétt á hendur barnsföður eða í annan stað á hendur framfærslusveit hans.

Í frv. til laga um almannatryggingar, sem þessi hv. d. hefur nú til meðferðar, er gert ráð fyrir að gera þá breytingu á, að Tryggingastofnunin hafi ekki milligöngu um greiðslu meðlaga til barnsmæðra, eftir að frv. hefur öðlazt lagagildi. En í stað þess er lagt til með þessu frv. um breyt. á l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, að réttur barnsmóður verði tryggður á þann hátt, að hún geti snúið sér til dvalarsveitar og fengið þar meðlagið greitt. En verði dráttur á greiðslu meðlags til barnsmóður af hálfu dvalarsveitar, getur barnsmóðir snúið sér til yfirvalds, sem á þá að sjá um, að hún fái meðlagið greitt.

Þetta frv. er því eins konar fylgifiskur frv. um almannatryggingar, sem hér hefur verið rætt að undanförnu, og mælir heilbr.- og félmn. með því, að þetta frv. verði samþ., en vegna þess, að það vakir fyrir n., að réttur barnsmæðra til þess að innheimta meðlög verði tryggður þrátt fyrir þessa breytingu eigi síður en verið hefur, leggur heilbr.- og félmn. til, að gerð verði orðalagsbreyting á síðustu málsgr. 2. gr. frv. á þann hátt, að í stað þess, sem í frvgr. stendur, að yfirvald, sem barnsmóðir hefur snúið sér til, skuli veita henni nauðsynlega fyrirgreiðslu, svo að dráttur verði ekki á meðlagsgreiðslunni, þá leggur heilbr.- og félmn. til, að þetta verði orðað á þann veg, að yfirvaldið skuli sjá um, að móðirin fái meðlagið greitt.

Pétur Ottesen: Ég vildi aðeins segja nokkur orð í sambandi við þær breytingar, sem felast í 2. gr. þessa frv. og eru þess eðlis að færa skylduna til innheimtu á barnsmeðlögum, þ. e. a. s. meðlögum óskilgetinna barna, frá Tryggingastofnun ríkisins yfir á dvalarsveit barnsmóður.

Mér kemur það satt að segja mjög einkennilega fyrir sjónir, að slík till. sem þessi skuli vera borin fram á grundvelli tryggingalöggjafarinnar. Það er alkunna, að það eru á því oft miklir erfið-

leikar að geta innheimt slík barnsmeðlög með óskilgetnum börnum, af því að ekki er ávallt á vísan að róa með barnsfeðurna, sem ferðast víðs vegar um, dveljast tíma og tíma á þessum og þessum staðnum, og það eru ýmis dæmi þess til, að slíkir menn eiga ekkert lögheimili. Þess vegna hefur reynslan sýnt, að það er fyrst og fremst ákaflega fyrirhafnarsamt verk að ná í slík barnsmeðlög, auk þess sem það getur alveg borið út af um það, að þau innheimtist.

Þá ætla ég, að það hljóti allir að viðurkenna, að í þeim tilfellum, þegar svo stendur á, hafi þó Tryggingastofnunin breiðara bak til þess að standa undir því að inna slík gjöld af hendi en dvalarsveit barnsmóður. Það er náttúrlega svo í mörgum tilfellum að sjálfsögðu, að dvalarsveitin mundi geta innt þetta af hendi, en allmörg hreppsfélög eru þó vitanlega svo á vegi stödd, að það yrði miklum erfiðleikum háð að standa undir þessum útgjöldum, greiða þau af hendi eins og vera ber og bíða svo tímunum saman eftir því, að þetta fé verði innheimt og e. t. v. að það fáist aldrei endurgreitt.

Þess vegna virðist mér, að það, sem hér er stefnt að með þessu, sé algerlega í ósamræmi við anda og tilgang tryggingalöggjafarinnar, að fara þannig að eins og hér er gert. Það er að sjálfsögðu rétt og ber að tryggja barnsmóðurinni það, að hún fái meðlagið, og búa svo um hnútana í því efni, að út af því geti ekki borið. En þannig var ástatt um skeið hér í þessum málum, að þegar t. d. barnsmæður, sem áttu óskilgetin börn, giftust aftur, bar Tryggingastofnuninni ekki skylda til þess að innheimta þetta gjald. Innheimtuskyldan hvíldi á barnsmóðurinni einni saman, og ef hún gat ekki innheimt gjaldið eða meðlagið, sem fyrir kom, fékk hún það ekki greitt, og markmið tryggingalaganna náðist þannig ekki í þessu tilfelli.

Þess vegna þarf, eins og hér er gert, að sjálfsögðu að tryggja til fullnustu, að barnsmóðir fái þó alltaf meðlagið greitt, en það, sem er blátt áfram rangt í þessu, er að færa innheimtuskyldu na eða þessa skyldu gagnvart barnsmóðurinni af hinu breiða baki trygginganna, sem alltaf eiga milljónasjóði, ef ekki tugmilljónasjóði til þess að grípa til í þessum tilfellum, máske yfir á bláfátæk sveitarfélög, sem ekki hafa neina getu til þess að bæta þessu ofan á önnur útgjöld hjá sér.

Hér er þess vegna alveg rangt að farið. Ég vil nú skjóta því til þeirrar n., sem mál þetta hefur til meðferðar, hvort hún vildi ekki taka þetta atriði til athugunar að nýju, og ef það ekki verður, mót von minni, munum við hv. 1. þm. Árn. (JörB) bera fram brtt. við þetta frv. um þetta atriði, annaðhvort við þessa umr., ef tóm gefst til þess og málið verður ekki afgr. nú á þessum fundi, eða þá við 3. umr. málsins.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég lýsti því við 2. umr. frv. um almannatryggingar, að heilbr.- og félmn. hefði til athugunar nokkur atriði í sambandi við það frv., en það eru raunar önnur atriði en þau, sem hér eru til umr. En þótt ekki liggi fyrir brtt., sem eigi að koma undir atkv. í sambandi við þetta frv., vil ég leyfa mér út af orðum hv. þm. Borgf. (PO) að fara um þetta atriði örfáum orðum.

Það er ótvírætt samkvæmt framfærslulögunum, að foreldrar eru skyldir til þess að annast framfærslu barna sinna, og framfærsluskylda föður fellur ekki úr gildi eða fellur ekki niður, þótt barn sé óskilgetið. Eðlilegast er því, að faðir greiði meðlag beint til barnsmóður, svo sem hann er skyldur til. Og ef hann gerir það, þarf ekki að koma til aðstoð eða íhlutun neinna opinberra aðila. En ef á því verður misbrestur, að faðir óskilgetins barns standi í skilum með meðlagsgreiðslur, eins og því miður reynslan sýnir, að oft vill verða, þá kemur það sjónarmið fyrst til athugunar, á hvern hátt sé hægt að tryggja rétt barnsmóður til meðlagsins, þannig að hvorki hún né barnið líði skort.

Með þessu frv., sem hér er til umr., og frv. um almannatryggingar er stefnt að því að tryggja þennan rétt barnsmóður á þann hátt, að hún geti snúið sér til oddvita dvalarsveitar, ef dráttur verður á því, að faðir standi skil á meðlagi, sem honum ber að greiða. En þverskallist dvalarsveit við að greiða meðlagið, þá á að tryggja rétt móðurinnar með því, að hún geti snúið sér til valdsmanns eða m. ö. o. til sýslumanns í lögsagnarumdæmi hverju, og skal hann þá sjá um, að móðirin fái meðlagið greitt. Nú hafa sýslumennirnir víðast haft á hendi umboðsstarf fyrir almannatryggingarnar, og í frv. um almannatryggingar, sem nú liggur fyrir, er beinlínis gert ráð fyrir að lögfesta þá skipun til frambúðar. Það eru því sömu valdsmennirnir úti í héruðunum, sýslumennirnir, sem hafa á hendi umboðsstörf almannatrygginganna og þeir, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. að barnsmóðir geti snúið sér til, og verður það þá á valdi yfirvaldsins, þ. e. sýslumannsins, á hvern hátt hann innir þessa greiðslu af hendi, það er hans mál, en ekki móðurinnar. Á þennan hátt er að því stefnt að tryggja rétt móðurinnar. En þegar frá þessum þætti málsins er gengið, þá kemur til álita, hvort Tryggingastofnunin eða dvalarsveit á að taka á sig þau umsvif, sem af þessum viðskiptum leiðir.

Um nokkurra ára skeið hefur það hvílt á Tryggingastofnuninni að greiða meðlög sem þessi og annast innheimtu á þeim af hendi barnsföður eða framfærslusveitar hans eftir á. Reynslan sýnir, að Tryggingastofnuninni gengur mjög erfiðlega að fá þessi meðlög endurgreidd, og eru þegar útistandandi fjárhæðir hjá stofnuninni, sem nema nokkrum milljónum króna. Ef til vill virðist einhverjum, að hér sé um að kenna sleifarlagi af hendi Tryggingastofnunarinnar, en ég hygg þó, að því sé ekki til að dreifa, og kemur það í ljós við ýmis fleiri viðskipti, hve erfitt er að innheimta kröfur, sem fátækum sveitarfélögum ber að standa skil á. Ég veit, að hv. þm. Borgf., sem er formaður fjvn., þekkir það, hve erfiðlega ríkinu sjálfu, ríkisvaldinu sjálfu, gengur að fá innheimtar ýmsar greiðslur af lánum, sem eru með ríkisábyrgð, og efast ég þó ekki um, að ríkisvaldið sjálft hafi fullan hug á því að hafa reglu á í þessu efni og innheimta þessar greiðslur. En sá liður fjárl., sem er í 20. gr. þeirra og fjallar um afborganir og vexti af lánum með ríkisábyrgð, fer stöðugt hækkandi þrátt fyrir

hina góðu viðleitni ríkisvaldsins að hafa reglu á í þessu efni. Og þegar litið er til þessa, þá er ekki hægt að kasta þungum steini á Tryggingastofnun ríkisins, þó að henni gangi erfiðlega um innheimtu fjár frá ýmsum sveitarfélögum. (Gripið fram í.) Ég segi þetta almennt til athugunar.

Þó að dvalarsveit móður eigi að greiða meðlagið, þá á hún endurkröfurétt á framfærslusveit föðurins. Og það er þá endanlega framfærslusveit föðurins, sem á að gera upp reikningana við hann — við einstaklinginn. Ýmislegt er gert til þess að styrkja aðstöðu framfærslusveitar í þessu efni, og má meðal annars minna á það, að ríkið veitir nú langstærsta sveitarfélagi þessa lands, Reykjavíkurbæ, nokkra fjárhagslega aðstoð til þess að reka vinnuhæli á Kvíabryggju, að ég ætla í því skyni að veita aukið aðhald, veita sveitarfélaginu, framfærslusveit, bætta aðstöðu til þess að innheimta slíkar meðlagsgreiðslur eins og þær, sem hér er um að ræða.

Heilbr.- og félmn. hefur því þótt það eðlilegt, að málið yrði afgreitt á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Pétur Ottesen: Ég verð að segja það, að ég varð fyrir mjög miklum vonbrigðum út af ummælum hv. frsm. heilbr.- og félmn. um afstöðu hennar til þessa máls og þó alveg sérstaklega um afstöðu hv. þm. A-Sk., eftir að hann hafði rökstutt svo rækilega mitt mál eins og hann gerði með því að taka undir það, sem ég sagði um það, hvað miklir erfiðleikar eru á því í mörgum tilfellum að innheimta meðlögin. Það viðurkenndi hann og gaf hér um það allmiklar upplýsingar, hve erfiðlega þetta hefði gengið, þar sem hjá Tryggingastofnuninni hefðu nú safnazt upp allmiklar upphæðir, sem ekki hefðu innheimzt. En hvað heldur þá hv. þm. um það, þegar sveitarfélögin víðs vegar úti um land eiga nú að fara að taka að sér þetta hlutverk Tryggingastofnunarinnar og innheimta þessi meðlög? Heldur hann virkilega, að sveitarfélögin hafi sterkari aðstöðu en Tryggingastofnun ríkisins til þess að innheimta þessi gjöld? Eða telur hann það sanngjarnara, að vaninnheimtir lendi á þeim, þ. e. a. s. dvalarsveitinni, heldur en að það lendi á því breiða baki tryggingunum, sem allir landsmenn standa að og bera uppi sameiginlega? Mér fannst einmitt lýsing hv. þm. á þessum erfiðleikum vera svo sterk rök í þessu máli, að nægja mætti til þess, að hann féllist á mína skoðun. Ég held nú, að hann hljóti við nánari athugun að viðurkenna réttmæti þess, að þegar svo tekst til, að meðlögin innheimtist ekki, þá sé eðlilegra, að þau falli á hið breiða bak tryggingarinnar, heldur en á einstök sveitarfélög, sem mörg berjast í bökkum og eiga í erfiðleikum með að sjá sínum málefnum farborða.

Ég vil þess vegna vænta þess, að þegar við hv. 1. þm. Árn. berum nú fram brtt. okkar um þetta efni, verði skilningur annarra hv. dm. en þeirra, sem nú skipa hér félmn., allt annar og hagstæðari því, sem sanngjarnt er og réttmætt í þessu máli.

Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum að þessu. Ég vil aðeins geta þess í sambandi við það, að hann taldi, að sýslumenn ættu að beita sér fyrir innheimtu, að ef vanefndir yrðu af hálfu dvalarsveitar, þá vitanlega er það fólgið í því, að sýslumaður gerir ráðstafanir til, að dvalarsveitin greiði þetta, því að samkv. ákvæðum þessa frv. er það dvalarsveitin, sem í fyrstu á að inna þetta af hendi. Svo fer vitanlega eftir atvikum, hvernig henni gengur að innheimta meðlagið. Þetta mál liggur ákaflega ljóst fyrir, og ég held, að það hafi nú við þessar umr., sem hafa farið hér fram, skýrzt enn þá betur en ég nú skýrði það, að slík ákvæði sem þessi eru í andstöðu og ósamræmi við tilgang þessarar löggjafar, að færa byrðarnar af þeim sterkari yfir á þann, sem er veikari, eins og yrði í mörgum tilfellum, ef þessi yrði niðurstaðan.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Ég skal ekki halda uppi löngum umr. um þetta atriði nú við þessa umr. málsins, en ég vil aðeins, að það komi skýrt fram, að hér er ekki stefnt að því, að dvalarsveit móður eigi endanlega að bera þá byrði, sem af meðlagsgreiðslunni leiðir, ef barnsfaðir bregzt þeirri skyldu að greiða meðlagið. Dvalarsveit á ótvíræðan rétt á hendur framfærslusveit föður um endurgreiðslu á þessu fé, og hér er því aðeins um það að ræða, hvort greiðsluskyldan eigi að hvíla á framfærslusveit föður eða Tryggingastofnun ríkisins. Fari svo, að þessi fjárhæð innheimtist ekki af barnsföður og að hún lendi sem skuld annaðhvort á framfærslusveit föður eða Tryggingastofnun ríkisins, þá er um það tvennt að ræða, hvor þessara opinberu aðila, sveitarfélagið eða Tryggingastofnunin, á að taka þessa greiðslu að sér.

Nú er það ekki í samræmi við anda og tilgang Tryggingastofnunarinnar að fara að annast framfærslu í landinu, heldur að annast tryggingastarfsemi, veita fyrirgreiðslu þeim þegnum þjóðfélagsins, sem þurfa aðstoð, t. d. munaðarlausum börnum og gamalmennum, en ekki beinlínis að taka að sér það hlutverk, sem barnsfeðrum, oft fullvinnandi mönnum, ber að rækja samkv. framfærslulögunum. Þetta sjónarmið hefur m. a. vakað fyrir hv. heilbr.- og félmn., þegar hún tók sína afstöðu til þessa frumvarps.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta frv. er þannig til orðið, að við endurskoðun á tryggingalöggjöfinni var lagt til af þeirri milliþn., — og þá afstöðu hefur meiri hl. hv. heilbr.- og félmn. fallizt á, — að niður skyldu felldar úr tryggingalöggjöfinni 27. og 28. gr. gildandi tryggingalaga, sem fjalla um innheimtuskyldu trygginganna að því er snertir meðlög óskilgetinna barna. Vegna þessarar breyt. var svo lagt til af mþn., að þetta frv. yrði flutt til þess að kveða á um, hvernig innheimtan, sem áður hvíldi á herðum tryggingarinnar, skyldi framkvæmd af dvalarsveit móður og með einhverri — þó nokkuð óljósri — íhlutun sýslumanns.

Mér finnst hv. þm. Borgf. vakna upp við vondan draum heldur seint, því að eðlilegt hefði verið, að hann hefði látið málið til sín taka og hv. 1. þm. Árn. líka, þegar tryggingalagafrv. var hér til umr., því að inn í það þurfti að koma hinum fyrri ákvæðum aftur, ef menn vildu ekki taka

upp þennan háttinn á innheimtuaðferðunum. Þetta er þó ekki alveg orðið úrhættis enn þá, því að tryggingalagafrv. á eftir að koma hér til 3. umr., og þá má búast við því, að fram komi till. sú, sem ég gerði grein fyrir við 2. umr. málsins, að ég hefði haft í huga að koma fram og leitazt við að koma í gegnum heilbr.- og félmn., en ekki tekizt. Og síðan sem algert neyðarúrræði, heldur en að fá engu um þokað um það að gera aðstöðu barnsmóður óskilgetins barns öruggari, þá hefði ég þó heldur fallizt á breyt. á þessu frv., en horfið frá að sinni að bera fram till. um að taka upp hina gömlu 27. og 28. gr. við tryggingalagafrv. En mér er það ljóst, að ýmsir þm. vilja heldur, að hinn gamli háttur sé á hafður, að tryggingarnar annist þessa innheimtustarfsemi, og mér er tjáð, að það komi fram fyrir 3. umr. brtt. við tryggingalagafrv. um, að þessi innheimta hvíli áfram á tryggingunum, og það skilst mér að sé, sem hv. þm. Borgf. vildi helzt af öllu. Og þá er fyrst og fremst að fá úr því skorið, hvort sú till., sem fram kemur, fær nægilegt fylgi. Ef hún fær það, þá þarf engar áhyggjur að hafa af þessu frv., því að þá verður það ekki lengur til, þá hefur það ekkert erindi. (Gripið fram í.) Hún er komin fram, og ef hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Árn. geta fellt sig við þá till., þá er að slá skjaldborg um hana, fá hana inn í tryggingalagafrv., og þá fellur þessi óburður niður, burt úr tilverunni. En fari svo, að hin till. fáist ekki samþ., þá finnst mér þó vera sjálfsagt — og það virðumst við hv. þm. Borgf. vera sammála um — að gera þá breyt. á þessu frv., í fyrsta lagi, að réttur barnsmóður sé sem bezt tryggður, því að ekkert vit er í því að taka þessi innheimtumál af hinu breiða baki tryggingunna, eins og hv. þm. orðar það og ég tek undir, — það er réttilega mælt, — og yfir á hið veikasta bak, þ. e. a. s. bak barnsmóðurinnar. Það er þó nokkur millileið að láta dvalarsveit móðurinnar hafa þarna milligöngu, sem alls ekki er þó endanlegt stig málsins, þó að það geti í einstökum tilfellum orðið til þess, að eitt og eitt barnsmeðlag tapist og leggist á sveitarfélagið. Þau eru nú sum með breitt bak, en önnur veikburða, og það sveitarfélagið, sem hv. þm. Borgf. ber svo mjög fyrir brjósti í þessu tilliti, hefur meira en meðalbreitt bak. (Gripið fram í.) Nú, ekkert sérstakt í huga. Jæja, ég get ekki fullyrt neitt um það, en ég hélt, að hann hugsaði um Akraneskaupstað öðrum sveitarfélögum fremur.

Málið liggur sem sé svona einfaldlega fyrir, að ef samþykkt fæst till. um að taka upp hin gömlu ákvæði 27. og 28. gr. gildandi tryggingalaga um, að þessi innheimta hvíli áfram á Tryggingastofnuninni, þá þurfum við ekkert að hugsa framar um breytingar á þessu frv., því að þá fellur það sjálft niður. Þetta frv. er eingöngu til vegna þess, að 27. og 28. gr. voru felldar niður úr gildandi tryggingalagafrumvarpi.

Ég játa það, að þó að ég yrði í mínu nefndarstarfi í heilbr.- og félmn. vonlaus um, að hin gamla tilhögun fengist í gegn, af því að báðir stjórnarflokkarnir virtust vera búnir að taka þá afstöðu, að þessi innheimtumál skyldu alveg út úr kerfi tryggingunna og í það form, sem þetta frv. er ramminn um, þá sætti ég mig heldur við þá lausn málanna að fá breytingu á þessu frv. í þá átt, að orðalaginu um, að barnsmóðirin skyldi snúa sér til yfirvalds og yfirvaldið skyldi svo veita henni nauðsynlega fyrirgreiðslu, fengist breytt á þá lund, að yfirvaldið skyldi sjá um, að barnsmóðirin fengi meðlagið greitt. Ef menn vilja ýta svo þeirri áhættu, sem þá er eftir, af dvalarsveit móðurinnar, þá er að mínu áliti einfaldast að gera það með því að styðja að því, að málið fái sína upphaflegu mynd, fari aftur til tryggingunna og þær eigi svo aftur innheimturéttinn gagnvart sveitarfélaginu, sem endanlega er þá framfærslusveit föður.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem fram hefur komið viðvíkjandi þessu atriði um innheimtu eða greiðslu hjá dvalarsveit og innheimtu barnsmeðlaga.

Hv. þm. Borgf. (PO) hefur gert grein fyrir því, hvað fyrir okkur vakir um að fá breytingu á þessu og horfið verði til þess fyrra horfs, að tryggingarnar annist þessar greiðslur til barnsmóður. Það mál var hér til 2. umr. í gær, var afgr. til 3. umr., og við hv. þm. Borgf. munum freista þess að bera fram brtt. við það frv. En þetta mál er til umr. hér í dag og fjallar einmitt um þetta efni, hver skuli annast þessa greiðslu til barnsmóður, að það sé dvalarsveitin, og svo á hún að annast um innheimtuna, sem er mjög hæpið að heppnist, eins og reynslan staðfestir, hvernig hefur gengið hjá tryggingunum, og þá þarf ekki að gera ráð fyrir, að sveitarfélagi gangi sú innheimta betur. Þess vegna erum við einmitt þeirrar skoðunar, að öruggast sé fyrir barnsmóður, að tryggingarnar annist þessar greiðslur, því að eins og kom fram hjá hv. 3. landsk. (HV), eru tryggingarnar óneitanlega langtum sterkari aðili til þess að bera einhver skakkaföll af þessu en sveitarfélögin, og ég tala nú ekki um því fámennari og fátækari sem þau kunna að vera, þá getur þetta verið óbærilegt.

Brtt. hv. nefndar, sem hún ber fram við frv., um að tryggja betur barnsmóður, að hún fái meðlagið með barni sínu frá dvalarsveit, heldur en gert er ráð fyrir í frv., geri ég ekki mikið úr fyrir dvalarsveitina. Það kann að vera nokkur styrkur fyrir barnsmóður, að hún standi betur að vígi með að fá þessa greiðslu, þar sem skyldan er lögð á herðar valdsmanni, að barnsmóðirin fái borgunina, sem henni ber. Og það er góðra gjalda vert, það skal ég játa. En það nær ekki heldur lengra. Gagnvart dvalarsveitinni hefur þetta lítið gildi eða jafnvel ekkert gildi, því að það dettur mér ekki í hug, að fyrir hv. nm. vaki, að sýslumaður geti, af því að hann annast nú innheimtu og að nokkru leyti fjárreiður tryggingunna, tekið þessa fjármuni af því fé. Samkv. því orðalagi, sem á þessari brtt. er, hefur hann enga heimild til þess að gera slíkt og mundi ekki heldur gera það. Hann er ábyrgur fyrir því að standa skil á þessum greiðslum gagnvart þeirri stofnun, sem hefur falið honum innheimtuna, svo að dvalarsveitin er eftir sem áður í hættu um að fá endurgreidda þá fjármuni, sem hún verður að greiða til barnsmóður.

Hv. frsm. n. vék að því og færði það fram sem rök fyrir tillögum n., að Tryggingastofnunin ætti margar millj. útistandandi einmitt af þessum gjöldum. Eins og hv. þm. Borgf. réttilega vék að, sýnir það, hver vandkvæði eru á því að fá þessa fjármuni innheimta. Og þó er aðstaða trygginganna mun sterkari til þess að gera sínar kröfur gildandi um þetta efni en hinna einstöku sveitarfélaga. Ég verð líka að ætla, að aðstaða Tryggingastofnunarinnar sé betri til þess að fá úr þessu bætt, ef svo mikil brögð eru að því, að fjárhagslegri getu hennar verði misboðið, heldur en einstakra sveitarfélaga. Þetta verður þá líka enn ljósara, þegar dæmi eru til um það, að sveitarfélög, sem hafa orðið að annast svona greiðslur, dvalarsveit, hafa ekki getað fengið það endurgreitt aftur. Árum saman hefur krafa verið gerð — ég þekki dæmi um það — um að fá slíkar endurgreiðslur. Það hefur ekki fengizt, og það er tapað fé.

Breyting á tryggingalögunum frá því, sem áður var, stafar líka af þessu. Tryggingarnar — og það er vorkunnarmál fyrir þá, sem eiga að annast fjárreiður þeirra og sjá um þær — eru að reyna að ýta þessu af sínum herðum yfir á herðar annarra manna, yfir á herðar sveitarfélaganna, sem hafa óneitanlega langtum verri aðstöðu, minni fjárhagslega getu og verri aðstöðu til þess að innheimta féð aftur. Er þess vegna alveg óhæfilegt að ætla að gera þessa breytingu og koma þessu máli svona fyrir.

Hér komu saman fyrir stuttu oddvitar, ég ætla víðs vegar að af landinu, og þeir ræddu einmitt um þetta mál. Ég ætla, að ég viti það rétt, að hver einn og einasti þeirra var á móti þessari breytingu á l. og mótmælti henni. Og ég verð að segja það, að mér þykir það einkennilegt af hv. alþm., ef þeir ætla að virða óskir þessara manna og tillögur þeirra algerlega að vettugi og taka meira tillit til þessarar stofnunar, sem vill gjarnan ýta af sér þessum greiðslum og tryggja með því móti betur sína fjárhagslegu afkomu, því að annar grundvöllur er ekki til fyrir þessu.

Ég vil nú mega vona, að hv. n. athugi betur sinn gang í þessu máli fyrir 3. umr. og haldi ekki til streitu þessari stefnu, sem er alveg óheyrileg.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið frekar. Við hv. þm. Borgf. munum bera fram brtt. um þetta efni við tryggingalagafrv., og þá eru þessi frv., sem hér eru til meðferðar, úr sögunni, ef það verður samþykkt. Og ég vil mega vænta þess, að þeir mætu menn, sem eru í heilbr.- og félmn., taki til rækilegrar íhugunar sína fyrri afstöðu til þessa máls. Ég held, að þeim hafi alls ekki getað verið það ljóst, hvaða bagga þeir kunna að vera að binda þarna einstökum sveitarfélögum, og sízt af öllu gera þeir barnsmæðrunum nokkurn greiða með þessu, því að þótt þær kunni eftir þeirra tillögum að fá sína peninga, þá gengur það þó ekki eins auðveldlega fyrir sig, það er ég alveg viss um, og heldur mundu þær þá til viðbótar við aðrar ástæður hafa leiðindi af þessu öllu saman, og finnst mér alveg óþarft að vera að stofna til þess með slíkri lagasetningu. Sjálfsagt hafa sumar þeirra nóg að bera, þó að Alþ. bæti ekki þessum pinkli við, sem er þá alveg óþarft líka.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir mál þeirra hv. þm. Borgf. (PO) og 1. þm. Árn. (JörB) og mál 3. landsk. þm. (HV), sem allir hafa talað hér í þessu máli.

Ég vil hins vegar benda á það, að þegar er fram komin till. á þskj. 346 til breytinga á frv. um almannatryggingalögin, sem hér er til meðferðar í þessari hv. d., og ef sú till., sem er 3. till. á því þskj., yrði samþykkt, þá tel ég, að það frv., sem hér er til umr., yrði óþarft. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég leyfa mér að lesa yfir þá till., sem við fimm þm. höfum lagt þar fram, en hún er á þá leið, að inn í almannatryggingalögin komi ný grein, svo hljóðandi:

„Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um barnalífeyri með óskilgetnum börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunarinnar með úrskurðinn og fengið lífeyrinn greiddan þar allt til þess, er barn nær 16 ára aldri, og hefur það engin áhrif á greiðslu barnalífeyrisins, hvort móðirin gengur í hjónaband á þessu tímabili eða ekki. Sama regla skal gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu barnalífeyris, er fráskildar konur fá úrskurðaðan með börnum sínum.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr., á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður.

Nú deyr barnsfaðir óskilgetins barns, áður en barnið hefur náð 16 ára aldri, og greiðir þá Tryggingastofnunin barnalífeyri engu að síður, en getur þá jafnframt gert kröfu í dánarbú hins látna manns samkvæmt reglum 25. gr. l. nr. 46 27. júní 1921."

Það, sem í þessari till. felst, er það, að Tryggingastofnuninni verði falið að greiða út allan barnalífeyri samkvæmt úrskurði, en um leið öðlist Tryggingastofnunin að sjálfsögðu endurkröfurétt á hendur barnsföður.

Þeim, sem hér hafa rætt um þessi mál, ber öllum saman um það, og ég er þeim öllum sammála um það, að sá, sem á að greiða, er barnsfaðirinn. Hitt greinir menn nokkuð á um, með hverjum hætti á að inna greiðsluna af hendi til barnsmæðra, þ. e. a. s. sjá fyrir því, að framfæri barnsins sé tryggt á hverjum tíma. Í almannatryggingalagafrv., sem fyrir liggur, er gert ráð fyrir því, að barnsmóðir eigi að innheimta þetta sjálf hjá sinni sveit, en gefur henni þó hliðarmöguleika, ef það skyldi ganga treglega, til þess að innheimta þetta hjá fógeta eða að fá aðstoð fógeta við innheimtuna.

Sú regla, sem í gildi er um þetta, er sú, að Tryggingastofnun ríkisins annast þessa greiðslu, og síðan tekur við endurkröfuréttur hennar, sem er allflókinn, þannig að hún getur að lokum rakið málið, þar til hún hefur upp á dvalarsveit barnsföðurins, og fengið þar greiddan barnalífeyrinn, annaðhvort sem framfærslu föðurins frá sveitinni eða með því að hans sveit endurkrefji hann.

Nú er það svo, að vandkvæði geta verið á að ná þessum lífeyrisgreiðslum frá barnsfeðrunum. Því ber ekki að neita, að allmikið af barnsfeðr-

um í þessu landi virðast vera dálitið „umhlaupandi manneskjur“ og ekki alltaf gott að festa reiður á því, hvar þeir raunverulega eru sveitfastir, enda liggur það fyrir, eins og lýst hefur verið í þessum umr., að hjá Tryggingastofnun ríkisins hefur safnazt fyrir allmikil skuld á barnalífeyrisgreiðslum. Þó verður að segja, að líkur eru til þess, að slík skuldasöfnun yrði langtum meiri, ef einhverjir óvoldugri aðilar en Tryggingastofnunin ættu að hafa á hendi innheimtuna, eins og t. d. mæðurnar sjálfar eða einstök sveitarfélög.

Spurningin hér er þess vegna um það, á hverjum þær greiðslur eiga að lenda, sem ekki er mögulegt að innheimta vegna einhvers konar óreiðu barnsföðurins. Þar koma þrír aðilar til greina, þ. e. framfærslusveit barnsföður, Tryggingastofnun ríkisins og ríkissjóður sjálfur.

Við getum aðeins lítillega gert þetta dæmi upp við okkur, hver þessara aðila er eðlilegastur aðilinn til þess að bera fjárhagslegan þunga af framfærslu barna.

Hv. heilbr.- og félmn. þessarar d. heldur sig fast við það, að hinn eini verðugi aðili til þess að bera þessa fjárhagsbyrði séu sveitarfélög landsins. Ég er nefndinni hér ósammála og tel, að af þeim þrem aðilum, sem hér hafa verið nefndir, séu sveitarfélögin sízt heppilegur aðili til þess að taka á sig þessa byrði, og hníga mörg rök að því.

Í fyrsta lagi eiga þau mörg hver, eins og lýst hefur verið, mjög í vök að verjast fjárhagslega og eru yfirleitt verr stödd fjárhagslega en hvort heldur sem væri Tryggingastofnun ríkisins eða ríkissjóður sjálfur. Þá ber þess einnig að gæta, að þótt eitthvert barn alist þannig upp, að t. d. Akranessbær hafi skyldu til þess samkvæmt gildandi lögum að borga uppeldi þess, hvar sem barnið elst upp, ef barnsfaðir telst eiga sveitfesti á Akranesi, þá eru í rauninni harla litlar líkur til þess, að þegar þetta barn er orðið fullþroska maður og skattborgari í þjóðfélaginu, muni það endilega greiða því sveitarfélagi, sem uppeldi þess kostaði, skatta og skyldur. Það eru langtum meiri líkur til þess, að það greiði einhverju allt öðru sveitarfélagi. En eitt er víst, að svo framarlega sem barnið verður gjaldþegn, þá verður það gjaldþegn ríkisins, og það verður gjaldskylt til Tryggingastofnunar ríkisins. Þess vegna er hvor aðilinn sem væri, Tryggingastofnun ríkisins eða ríkissjóður, langtum verðugri til þess að greiða uppeldi barnsins.

Í öðru lagi eru skýr dæmi fyrir hendi um feður óskilgetinna barna, sem eru þess háttar menn, að ekki er auðvelt að ná til þeirra. Ég á þar við erlenda barnsfeður. Ríkið telur það sína skyldu að greiða meðlög þau, sem þeir annars ættu að greiða, ef ekki næst til þeirra, og hví skyldi ekki sama reglan gilda um innlenda barnsfeður, ef ekki reynist unnt að ná til þeirra um innheimtu á þeirra skyldu? Ég sé ekki annað en það hljóti öll sanngirni að mæla með því, að um slíka feður gildi í báðum tilfellum svipuð regla.

Að öðru leyti um gjaldgetu sveitarfélaganna get ég ekki látið hjá líða að benda einnig á það, að á fjárlögum, sem þetta hv. Alþingi er nýbúið að samþykkja, er gert ráð fyrir greiðslu úr ríkissjóði til aðstoðar við innheimtu barnsmeðlaga hjá stærsta og ríkasta sveitarfélagi þessa lands, þ. e. a. s. Reykjavíkurbæ, þar sem er framlagið til Kvíabryggjuheimilisins, að upphæð 630 þús. kr., eða sem svarar barnalífeyri með 150 börnum. Nú er Reykjavík ekki nema eitthvað nálægt því þriðjungur þjóðarinnar að fólksfjölda til. Ekkert væri þess vegna eðlilegra en að ríkið greiddi upp í vanheimtur á barnsmeðlögum annarra sveitarfélaga tvöfalda þá upphæð, þ. e. a. s. greiddi barnalífeyri með 300 börnum utan Reykjavíkur. Mér er nú ekki kunnugt um það, hversu mikil vanhöld eru árlega á innheimtu barnalífeyris með óskilgetnum börnum hjá Tryggingastofnun ríkisins, en ég dreg í efa, að það sé mikið yfir 300, sem þar fellur í vangreiðslur árlega að því er tekur til byggðarlaga utan Reykjavíkur, og væri þess vegna ekki nema til samræmis, þó að ríkið tæki að sér þessar greiðslur fyrir aðra staði en Reykjavík, en léti ríkisstyrkinn til Kvíabryggju koma á móti sem svarar 150 barnsmeðlögum fyrir Reykvíkinga.

Þá er enn eitt, sem ég tel ótvírætt mæla með því, að Tryggingastofnun ríkisins annist þessa innheimtu, en það er það, að nú fyrir nokkru hefur verið komið upp spjaldskrá yfir alla Íslendinga og hún einmitt staðsett í Reykjavík. Það er að vísu rétt, að þessi spjaldskrá er ekki að öllu fullkomin enn sem komið er, en það munu flestir ætla, að hún verði býsna ábyggilegt plagg, um það er lýkur, og er þess vegna ekkert eitt bæjarfélag á Íslandi, sem á eins greiðan aðgang að því að kanna það, hvar menn eru raunverulega niður komnir, eins og þær stofnanir, sem eru í Reykjavík. Teldi ég þess vegna sjálfsagt, að Tryggingastofnun ríkisins annaðist innheimtu og útborgun þess barnalífeyris, sem hér um ræðir, og nyti aðstoðar hagstofunnar, sem hefur með höndum spjaldskrá yfir alla Íslendinga, til þess að hafa uppi á barnsfeðrum þeim, sem greiða eiga. Og ég skal sérstaklega benda á það líka, að í því frv., sem hér liggur fyrir um almannatryggingarnar, er gert ráð fyrir því, að umboðsmenn almannatryggingganna verði á hverjum stað bæjarfógetar eða sýslumenn í viðkomandi héruðum, en eins og allir vita, eru embætti þeirra í rauninni ein allsherjar rukkunarstofnun á vegum ríkisins fyrir það hérað. Þess vegna væru þar hægust heimatökin fyrir Tryggingastofnun ríkisins að fela sínum umboðsmönnum, væntanlega fógetum og sýslumönnum, að innheimta þetta hjá viðkomandi barnsfeðrum, þegar búið væri að fletta því upp í spjaldskrá yfir alla Íslendinga, hvar viðkomandi barnsfeður væru niður komnir.

Í þriðja lagi tel ég, að Tryggingastofnun ríkisins hafi aðstöðu til þess að hafa áhrif á löggjafarvaldið í miklu ríkara mæli en nokkurt einstakt sveitar- eða bæjarfélag getur haft. Komi fram einhver sérstök vandkvæði á innheimtunni, þá efast ég ekki um það, að þegar Tryggingastofnun ríkisins kvartar undan því, að lög um þessi efni séu í einhverju ófullkomin, þá mun verða vel á það hlustað hjá Alþingi, að slíkum lögum verði breytt og þeim hagrætt eftir því, sem þarfir krefja, til þess að innheimtan geti orðið sem fullkomnust.

Ég þykist þá hafa gert grein fyrir þeim till., að Tryggingastofnun ríkisins annist bæði útborgun barnalífeyris samkvæmt úrskurði yfirvalds og einnig innheimtu hjá viðkomandi barnsfeðrum, og vænti þess, að sú till., sem ég hef nefnt um þetta efni og fyrir liggur á þskj. 346, nái samþykki Alþingis og að sveitarfélögin verði í eitt skipti fyrir öll dregin út úr þeim hráskinnsleik, sem hingað til og í auknum mæli nú stendur til að hafa um innheimtu og útborgun á þessum barnalífeyri, sem hér um ræðir. Verði sú till. samþ., tel ég, að það frv., sem hér liggur fyrir, sé algerlega óþarft.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

6. Framfærslulög.

Á 15. fundi í Nd., 7. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 80/1947 [91. mál] (stjfrv., A. 101).

Á 16. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 62., 64. og 65. fundi í Nd., 3., 7. og 9. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 101, n. 324).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

7. Heilsuverndarlög.

Á 15. fundi í Nd., 7. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á heilsuverndarlögum, nr. 44/1955 [92. mál] (A. 102).

Á 16. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 102, n. 361).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Í frv. því, sem liggur fyrir um almannatryggingar, er gert ráð fyrir því, að kaflinn um heilsugæzlu verði numinn úr lögum, en ákveðið, að sjúkrasamlögin í landinu skuli starfa áfram. Til samræmis við þá breytingu er lagt til að gera smávægilega breytingu á lögum um heilsuverndarstöðvar á þann veg, að inn í þau lög verði felld ein grein, þar sem ákveðið er, að ráðh. skuli skipa fasta lækna heilsuverndarstöðva og greiðist laun þeirra úr ríkissjóði. Heilbr.- og félmn. mælir með því einróma, að frv. þetta verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 70. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

8. Sjúkrahúsasjóður og talnahappdrætti.

Á 69. fundi í Nd., 13. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um Sjúkrahúsasjóð og heimild fyrir ríkisstj. til þess að setja á stofn talnahappdrætti [152. mál] (stjfrv., A. 368).

Á 70. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er á þskj. 368, frv. til l. um Sjúkrahúsasjóð og heimild fyrir ríkisstj. til þess að setja á stofn talnahappdrætti.

Í 1. gr. frv. segir, að stofna skuli sjóð, er nefnist Sjúkrahúsasjóður. Samkv. 2. gr. skal afla sjóðnum tekna með því að setja á stofn nýtt getraunahappdrætti, sem nefnist talnahappdrætti. Talnahappdrættið skal vera með þeim hætti, að dregnar skulu út mánaðarlega eða

sjaldnar fimm tölur úr talnaröðinni 1—100. Dráttur skal fara fram opinberlega í Reykjavík. Þátttakendur gizka á, áður en dráttur fer fram, hverjar tölur dragist út í næsta skipti. Verðlaun skulu veitt, ef gizkað er á tvær réttar til fimm. Vinningar í happdrætti þessu skulu undanþegnir öllum opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti á því ári, sem þeir eru veittir. Ráðherra sá, sem fer með heilbrigðismál, setur happdrættinu stjórn og ákveður nánar um störf þess með reglugerð, m. a. um þátttökugjald.

Eins og kunnugt er, er mikil þörf á auknu fjármagni til sjúkrahúsabygginga og til heilbrigðismála í landinu. Með þessu frv. er ætlazt til, að unnt verði að afla tekna til heilbrigðismálanna með nýjum hætti, þannig að um það muni verulega og hægt verði að hraða meir en áður byggingu þeirra sjúkrahúsa, sem mest þörf er á. Í grg. fyrir þessu frv. er m. a. minnzt á fjórðungssjúkrahús á Suðurlandi, en þótt það sé nefnt hér, þá er vitanlegt, að það eru ýmis fleiri sjúkrahús, sem nú er verið að byggja og á að byrja að byggja og fjármagn vantar til að ljúka á hæfilega löngum tíma. Það er dýrt að vera með hvert sjúkrahús mörg ár í byggingu, og það er enn tilfinnanlegra fyrir fólkið að bíða eftir því, að verkinu sé lokið og unnt verði að taka sjúkrahúsið í notkun. En það er ætlazt til, að þessi sjóður verði ekki aðeins notaður til þess að byggja sjúkrahús. Þennan sjóð má einnig nota til heilbrigðismálanna yfirleitt. Það má nota hann sem rekstrarstyrk til sjúkrahúsanna, og það má greiða úr honum framlög til heilbrigðismála á ýmsan hátt samkv. reglugerð, sem þar verður sett um og stjórn sjóðsins ásamt ráðherra kann að ákveða.

Happdrætti líkt þessu hefur gefizt vel í Þýzkalandi, hefur reynzt tekjulind fyrir ýmiss konar nauðsynjamál þar í landi. Þótt fólksfæðin hér sé miklu meiri en þar, má eigi að síður reikna með því, að þetta geti einnig gefizt vel hér. Möguleikarnir til vinnings eru meiri í þessu happdrætti en mörgum öðrum, en enda þótt vinningarnir séu tiltölulega háir, þá er fyrirkomulagið þannig, að afgangur til sjóðsins á eigi að síður að verða allmikill. Það má gera ráð fyrir því, að þátttaka í happdrætti sem þessu gæti orðið almenn, ekki sízt fyrir það, að um leið og menn hafa möguleika á vinningi, jafnvel meiri möguleika en í öðrum happdrættum, þá er hér um leið verið að stuðla að því að skapa fjármagn, sem eingöngu á að nota til heilbrigðis- og mannúðarmála.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. að svo stöddu. Ég vil vona, að þótt nú sé áliðið þings, geti þetta frv. orðið að lögum. Ég vænti þess, að þetta sé eitt þeirra fáu mála, sem ekki þurfa að valda deilum eða ágreiningi hér í þingi. Þess vegna legg ég til, að þessu frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til heilbr.- og félmn., og vænti þess, að sú n. láti það fá skjóta og góða afgreiðslu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. var mjög bjartsýnn um, að það mundi verða mikið samkomulag um þetta frv. í þinginu, en hæstv. ríkisstj. hefur samt ekki haft svo mikið við til að tryggja raunsæi þeirrar bjartsýni að tala við, svo að mér sé kunnugt, neinn af stjórnarandstæðingum, áður en hún leggur þetta frv. fram.

Ég verð að segja það, að þótt sá tilgangur, sem fyrir vakir og sagt er núna að vaki fyrir viðvíkjandi þessu happdrætti, sem hér er lagt til að setja á stofn, sá tilgangur að koma á og byggja sjúkrahús, sé ákaflega góður, þá gefur það okkur, sem höfum reynslu hér á Alþ. fyrir því, hvernig góð mál eru byrjuð, litla tryggingu fyrir því, að þetta verði í framtíðinni tilgangurinn með þessu. Ég man aldrei eftir, að hér hafi komið fram tillögur um nein ný tekjuöflunaráform ríkisstj., án þess að það hafi verið tengt sérstaklega einhverjum góðum tilgangi á því augnabliki, og ég man ekki heldur eftir, að það hafi liðið mörg ár þangað til tilganginum var kippt burt og tekjuöflunin stóð.

Hér er um það að ræða að afla ríkinu tekna til þess að framkvæma verk, sem ríkið á að vinna af sínum venjulegu tekjum. Og spurningin er, hvort menn vilja fara inn á þetta sem aðferð fyrir ríkið til þess að afla sér tekna. Það eru sem stendur starfandi nokkur happdrætti í sambandi við, ja, mér liggur við að segja hið opinbera, sem sé happdrætti, sem við höfum sett lög um hér á Alþingi yfirleitt í mjög gagnlegu augnamiði. Það er starfandi og búið að vera alllengi happdrætti Háskóla Íslands, sem hefur unnið ákaflega mikið og gott verk, sem líklega hefði ekki verið unnið án þess. Það er starfandi happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sem líka er að vinna gott verk, og það er starfandi happdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga, sem líka er að vinna gott verk. Og um allt þetta hefur Alþ. haft afskipti með því að setja þarna lög og gera þessum stofnunum þannig mögulegt að vinna þetta verk. En þetta er í fyrsta skipti, sem sú till. kemur fram að setja á stofn happdrætti beinlínis í þeim tilgangi að afla ríkissjóði tekna.

Happdrætti eru farin að verða ákaflega algeng í okkar þjóðfélagi, og það er e. t. v. táknrænt fyrir þá afstöðu, sem er að skapast í þjóðfélaginu, sem sé þá siðferðislegu afstöðu til hlutanna, hvað happdrættin eru að verða algeng og vinsæl. Það er því miður þessi afstaða, sem liggur þar á bak við, að það sé raunverulega alltaf meiri möguleiki að hreppa eitthvert hnoss af tilviljun en með því að fá að vinna sér fyrir því með sínum höndum, og það er raunverulega sár og bitur reynsla, sem liggur á bak við þennan hlut.

Menn og stofnanir neyðast til, liggur mér við að segja, að nota sér þetta, þó að það sé engan veginn heppilegt að ýta eins undir þetta og gert er. En er ríkið neytt til þess að gera þetta líka? Er rétt, að ríkið sem slíkt fari inn á þetta svið til að afla ríkissjóði tekna? Er virkilega svo komið, að það sé ekki hægt að afla ríkissjóði tekna í eins bráðnauðsynlega hluti og byggingu sjúkrahúsa með öðru móti en þessu, þeim ríkissjóði, sem lætur það viðgangast, og þeirri ríkisstj., sem lætur það viðgangast, að einstakir menn raki saman auð á rekstri fyrirtækja hér, raki saman milljónatekjum af rekstri einstakra fyrir-

tækja, ýmissa miður þarfra, því ríki, sem þegar hefur þó séð ástæðu til þess að nota bæði áfengiseinkasöluna eða áfengissöluna og tóbakseinkasöluna sem tekjur fyrir ríkissjóð og gæti alveg eins tekið mjög mikið af þeim gróðalindum, sem einstakir menn sitja núna að? Ég álít það mjög varhugavert, að farið sé inn á þessa braut, að ríkissjóði sé aflað tekna á þennan hátt. Það væri nær að mínu áliti að þjóðnýta sum af þeim iðnaðarfyrirtækjum hér, sem gefa mikið fé, en framleiða þarflitla vöru, á meðan hún er á annað borð látin viðgangast. En hins vegar skilur maður, að sú ríkisstj., sem lítur á sig sem verndara sérréttindamannanna í þjóðfélaginu og verndara gróðamannanna, vill ógjarnan ganga á gróðamöguleika þeirra. En mér finnst það fulllangt gengið, að ríkissjóður sem slíkur fari þá svo að segja að hagnýta sér og jafnvel æsa upp spilafíkn fólksins til ágóða fyrir ríkissjóð.

Ég vildi láta þetta koma fram í sambandi við þessa umr. Það eru allir sammála hæstv. ráðh. um nauðsynina á því að koma upp þessum fyrirtækjum, sem þarna er um að ræða. En hafa þau orðið svona út undan í öllum þeim samningum, sem ríkisstj. hefur átt í undanfarið, að þegar hún leggur hundruð milljóna króna skatta á landsmenn, þá er ekkert afgangs fyrir sjúkrahúsum, og það á sama tíma sem ríkisstj. gerir ráðstafanir til þess að fara að minnka gjaldeyrisframleiðslu landsmanna jafnvel upp undir það um ⅔ og minnka og draga úr tekjum landsmanna að sama skapi? Mér finnst það orðið nokkuð einkennandi fyrir stjórnarfarið, ef hvers konar „spilabúlur" og annað slíkt, sem einkaréttindamenn Sjálfstfl. setja upp hér í Reykjavík, hvers konar „barar" og annað þess háttar er látið gefa stórgróða, milljónagróða, og allt slíkt látið viðgangast og skipulagsbundið unnið að því að spilla fólkinu, ekki sízt æskulýðnum, og þá skuli ríkisstj. álíta, að það sé ekkert annað eftir skilið en happdrætti til þess að koma upp sjúkrahúsum í landinu, — ríkisstj., sem hefur til umráða 600 millj. kr. af fé þjóðfélagsins og var að taka sér 200 millj. kr. í viðbót.

Þess vegna finnst mér, að hæstv. ríkisstj. geti ekkert undrað sig á, þó að það komi fram smávægilegt hik hjá mönnum í sambandi við þetta, menn vilji svona gjarnan hugsa sig ofur lítið um, hvort happdrætti eigi að vera nýjasta beina tekjuöflunarleiðin fyrir ríkissjóð, hvort það sé komið svo í landi, sem hefur á annað hundrað milljónamæringa, í landi, þar sem yfirstéttin lifir þannig lífi eins og hver dagur væri hennar seinasti.

Ég álít auðvitað sjálfsagt, að þetta mál fari til nefndar og 2. umr., en ég held, að það væri rétt af hæstv. ríkisstj., — ja, ég veit ekki, hvort hún er búin að ráðgast við sína stjórnarflokka um þetta, þannig að þetta fari í gegn eins og allt annað, sem hún stingur upp á, — en ég held, að það væri rétt, ef henni er ekki alveg nákvæmlega sama um, hvernig hún fær peninga og hvaða afleiðingar hennar peningaöflun hefur, að hún léti heilbr.- og félmn. athuga, hvort það finnast ekki ofur lítið betri aðferðir en þessar til þess að ná tekjum í ríkissjóð.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er ekki ástæða til þess að vera að deila við þennan hv. þm., sem var hér að tala áðan. Ókunnugir menn gætu haldið, að hann væri eitthvað gallaður á skapsmununum, en við, sem erum með honum hér daglega, erum farnir að venjast þessu, og jafnvel getur hann ekki setið á sér að koma hér upp í ræðustólinn til þess að mótmæla jafnsjálfsögðu máli og þessu, sem ég hér var að ræða um áðan.

Það er leiðinlegt, að ég skyldi vera of bjartsýnn, þegar ég sagði, að þetta væri þó sennilega eitt af þeim fáu málum, sem við gætum sameinazt um. En það var of mikil bjartsýni. Hv. 2. þm. Reykv. þurfti að koma hér upp, mótmæla þessu, kasta skít úr klaufunum um alveg óskyld mál, talaði um það, að nú væri svo illa komið fyrir ríkissjóði, að hann gæti ekki annað en efnt til happdrættis til þess að koma sjúkrahúsunum áfram. En það er hreinn misskilningur hjá þessum hv. þm., ef hann heldur það, að þetta fé eigi að fara í ríkissjóð. Þetta fé er alveg óskylt ríkissjóði, það á að stofna sérstakan sjóð. Ég hef ekki gert ráðstafanir til þess að afnema þau lög, sem gilda um það, að ríkissjóður styrki sjúkrahúsabyggingar að sínum hluta, annars vegar að ⅖ og hins vegar að ⅗ hlutum, eftir því hvort húsin eru í kaupstöðum eða í sveitum. Þau lög verða í gildi áfram. En þetta frv. er flutt til þess að stofna sérstakan sjóð, til þess að við höfum rýmri hendur fjár en áður hefur verið. Og það er ekki fyrst nú, sem við höfum orðið varir við það hér á Alþingi, að við höfum ekki fullar hendur fjár, hvorki þegar um það er að ræða að verja peningum til byggingar sjúkrahúsa né annarra þarflegra hluta. Ríkissjóður á ekki að sleppa við sitt framlag, þótt þetta frv. nái fram að ganga.

Varðandi þá spurningu, sem hv. 2. þm. Reykv. var með hér áðan um það, hvort sjúkrahúsin hafi orðið svo á eftir núna og afskipt, þá veit hv. þm. það, ef hann les fjárlögin, sem við nýlega höfum samþ., að það hefur aldrei verið varið meira á fjárl. til sjúkrahúsa en einmitt nú. En eigi að síður þykir ástæða til að fá fé til þessara mála, meira en er á fjárlögum. Við erum með miklar framkvæmdir í heilbrigðismálunum. Við erum að byggja við landsspítalann stærra en gamli spítalinn var. Við erum með sjúkrahúsabyggingar víðs vegar um landið. Og þegar þessum sjúkrahúsabyggingum er lokið, þannig að við teljum, að við höfum nægilega mikið af sjúkrahúsum, þá þarf mikið til þess að standa undir rekstrinum. Það þarf að eignast hin fullkomnustu tæki víða, og það þarf að kosta menn til sérfræðináms og svo ótalmargt, ef við viljum hafa okkar heilsugæzlu og heilbrigðismál í góðu lagi. Við viljum ekki sætta okkur við það, sem við höfum orðið að búa við áður. Við viljum koma málunum í fullkomnasta horf, ekki aðeins eins og það er bezt hjá nágrannaþjóðunum, heldur ætlum við að standa þeim framar.

Þetta frv. á að gera okkur fært að komast lengra en við höfum áður farið. Þetta frv. getur orðið til þess að skapa fjármagn, sem við höfum yfir að ráða til heilbrigðismálanna og er

ekki tekið af fólkinu nauðugu, heldur fjármagn, sem það lætur viljugt af hendi, bæði vegna þess, að það hefur einhverja von um vinning, og ekki sízt vegna þess, að það er um leið að styrkja gott málefni. En tilgangur frv. hefur farið algerlega fyrir ofan garð og neðan hjá þessum hv. þm., sem talaði hér áðan og talaði af þessum gamla vana að tala í hverju máli, hvort sem hann hefur verið búinn að setja sig inn í það eða ekki, hvort sem það er gott mál eða vont mál. Og oft er það, þegar þessi maður talar um mál án þess að hafa gefið sér tíma til þess að athuga tilgang þess eða innihald, að þá verður ræðan eins og sú, sem hann flutti hér áðan. Ég sé ekki ástæðu til að segja meira um það.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Þetta litla frv., sem hæstv. ríkisstj. ber hér fram og hæstv. viðskmrh. hefur nú talað um með dálitlum sárindum, er vafalaust borið fram til þess að styðja gott málefni, ekki skal ég efast um það. Það gefur þó ofur lilta mynd af því fjármálasiðferði, sem núverandi hæstv. ríkisstj. hefur dyggilega stuðlað að og unnið að hér í okkar þjóðfélagi á undanförnum árum. Þó að þetta sé lítið frv., þá ber það þó ljóst vitni um það fjárhættuspil og það fjárglæfraspil, sem hér hefur verið rekið og hér hefur sífellt orðið umfangsmeira í okkar þjóðfélagi. Við könnumst allir við það, að á undanförnum árum hefur það færzt meir og meir í aukana, að gripið hefur verið til þess að stofna happdrætti til þess að koma einu og öðru þörfu og stundum miður þörfu í framkvæmd. Það hefur verið slegið á strengi fjárhættuspilamennskunnar, fjárglæfranna, ævintýramennskunnar með þjóðinni, og þessi fjárglæframennska og spilamennska hefur færzt út í atvinnuvegi þjóðarinnar einnig. Það er óþarft að rekja það í löngu máli, en mér finnst rétt og ástæða til að vekja athygli á þessu hér í sambandi við þetta litla frv. Með því að leggja hér fram þetta frv. ætlar ríkisstj. að afla tekna til að efla líkamlega heilbrigði þjóðarinnar. Um það efast ég ekki. En hitt er jafnljóst, að um leið stuðlar þetta frv. að andlegri óheilbrigði þjóðarinnar. Það stuðlar að því að æsa upp spilafíknina og fjárglæframennskuna með almenningi, og ég skal játa það hreinskilnislega, að ég efast um, hvort meira gagn vinnst með þessu frv. eða ógagn í þessum efnum. Ég efast um það, hvort það tekst með þeim peningum, sem út úr þessu „lotterii" fást, að vinna líkamlegu heilsufari borgaranna meira gagn en það ógagn verður, sem þeim er andlega unnið með þeirri spilamennsku, sem hér á að ýta undir. Það er ekki í fyrsta skipti, sem ríkissjóður fer inn á þá braut að afla tekna til hluta, sem hann á að standa undir, með fjárglæfraspilamennsku eða happdrætti. Hér á árunum var stofnað annað happdrætti, þar sem var aflað 30 millj. kr. í ríkissjóð á örfáum mánuðum með því að selja happdrættisskuldabréf. Og þetta er þá annað í röðinni. Happdrætti háskólans er nokkuð svipaðs eðlis. Þar er um að ræða framkvæmdir, sem ríkið hefði að öllu eðlilegu átt að hafa með höndum, en hefur velt yfir á spilabrautina. Og ég sé það fyrir mér, að ef svona verður haldið áfram, eitt happdrætti tekur við af öðru, þá verður þess ekki langt að bíða, að við verðum svipað á vegi staddir og ríkið Monaco, sem við könnumst við og ekki hefur neinar aðrar tekjur en af fjárhættuspili. Og ég hálffurða mig á því, þegar ég sé vilja hæstv. ríkisstj. eins og hann kemur fram í þessu frv., að hæstv. ríkisstj. skuli ekki fyrir nokkru hafa farið inn á þessa braut almennt með ríkistekjurnar, að taka þær í spilavíti eins og Monte Carlo og koma sér hjá þeirri óánægju, sem allir vita að hefur komið fram hjá almenningi vegna hinna auknu skattaálagna, sem nú hafa verið samþykktar og á undanförnum árum hafa verið síþyngdar. Ég furða mig á því, að ríkisstj. með það hugarfar, sem hefur lýst sér í öllum eða flestum verkum hennar, skuli ekki í alvöru hafa lagt til hliðar allar venjulegar tekjuöflunarleiðir heilbrigðs þjóðfélags og tekið upp spilavítið.

Þetta frv., sem hér um ræðir, ber þess ljóst vitni, að þessi hugsun er núverandi ríkisstj. ekki fjarri skapi. Hér er nefnilega farið inn á sjálfa „rúllettuna", talnahappdrættið, sem er höfuðuppistaðan í spilabönkunum í Monte Carlo. Það er ekkert minna, sem okkur er ætlað að samþykkja hér, það á að veðja á tölurnar eins og þar er gert. Það er þetta, sem hæstv. viðskmrh. lýsti hér yfir í upphafi ræðu sinnar, að hann væri sannfærður um, að allir þm. væru sammála. Ég vil fyrir mitt leyti, þó að ég játi það, að hér sé hin hliðin ágæt, þ. e. a. s. efling sjúkrahúsa og líkamlegrar heilbrigði þjóðarinnar, og þó að þar sé þörf mikilla fjármuna, þá skal ég samt sem áður játa það, að ég hef viðbjóð á þeirri tekjuöflunarleið, sem hér er lagt til að farið verði inn á.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. sá ástæðu til þess að víkja nokkrum orðum að mér persónulega í sambandi við umr. um þetta mál, og kom hann þar með ýmsar aðdróttanir, að það gæti ekki verið annar tilgangur fyrir mér að vera að koma hér upp og fara að tala í svona máli heldur en að mér þætti eitthvað svo gaman að tala, ég vildi helzt tala í hverju einasta máli. — Ég ætla að segja hæstv. ráðh. það, að ef ég og við stjórnarandstæðingar legðum það í vana okkar að tala hér að þarflausu í hverju máli, þá mundi hans hæstv. ríkisstj. yfirleitt ekki fá sérstaklega mörg mál í gegn hér á Alþingi. Ég ætla bara að biðja hann um, og það í fullri alvöru, að tala af fullri kurteisi við þingmenn og temja sér það. Ég vil láta hann vita það, að ef við kærum okkur um að viðhafa þau vinnubrögð, þá getur dregizt ýmislegt með afgreiðslu hér á Alþingi, og það veit hæstv. ríkisstj. vel, a. m. k. þeir ráðherrar, sem hafa einhverja reynslu og einhverja hugmynd. Að öðrum kosti kæmu aðalforustumenn ríkisstj. ekki til okkar til þess að biðja okkur um að hlífa sér við því, þegar mikið liggur við, að við drögum málin eins og okkur þóknist. Ég ætla þess vegna bara að biðja hæstv. ráðh. um að gera svo vel að tala af fullri kurteisi — hann hefur gott af að læra það — og koma ekki með aðdróttanir gagnvart þm. Þetta ber líka vott um aðra tilhneigingu hjá honum, sem er leiðinleg, því að hún er ný hjá hon-

um. Það ber vott um þá tilhneigingu, að ef einhver maður gagnrýnir eitthvað, sem hann sem ráðherra eða hæstv. ríkisstj. kemur með, þá sé það í raun og veru ósvinna; annaðhvort sé það sprottið af því, að maðurinn sé í slæmu skapi, eða hann hafi svo slæma skapsmuni eða hann sé einhvern veginn svo undarlegur, að honum detti í hug að fara að gagnrýna það, sem hæstv. ríkisstj. kemur með. Þess á milli, þegar hæstv. ríkisstj. þykist tala af ábyrgð, þá talar hún um, hvað það sé ákaflega nauðsynlegt að hafa stjórnarandstöðu einmitt til þess að gagnrýna málin, og komi stjórnarandstaðan upp og gagnrýni málin, þá er það alltaf vegna þess, að stjórnarandstaðan er eitthvað slæm á skapsmununum eða þá að henni ganga aðrar enn þá verri hvatir til. Ég ætla bara að biðja hæstv. ráðh. um að leyfa sér ekki að koma með svona aðdróttanir gagnvart þm., þegar þeir eru að ræða mál. Ég veit alveg jafnvel og hæstv. ráðherra sjálfur, að hann hefur varla farið inn á þessa leið til að afla tekna, af því að honum finnist þetta ákjósanlegasta leiðin. Þá væri hann áreiðanlega kominn með hana fyrir löngu.

Svo minntist hæstv. ráðh. á, að tilgangur minn með því að koma hér upp og halda ræðu um þetta mál væri eingöngu sá að tala. Vill nú ekki hæstv. ráðh. íhuga ofur lítið, í hvaða ástand hann og hans ríkisstj. og hans stjórnarflokkar eru að setja þetta þing? Það er ofur lítið til, sem heitir málfrelsi. Ég vil vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að ríkisstj. er búin að drepa niður allt, sem heitir málfrelsi í stjórnarflokkunum. Það kemur ekki oftar fyrir hér á Alþingi, að einn þm. stjórnarflokkanna, þó að hann sé á móti einu máli, vogi sér fyrir ofríki stjórnarherranna að tala í því máli samkvæmt sinni sannfæringu. Það eru merkt sérstaklega nokkur mál, þar sem menn mega tala, rjúpnadráp eða eitthvað þess háttar, ættarnöfn og annað slíkt. Þar mega menn hafa skoðun. Svo koma önnur mál. Það eru þau mál, sem ríkisstj. leggur áherzlu á að vera ekki sama um. Þá er þetta málfrelsi afnumið fyrir fylgjendur stjórnarinnar. Hefur hæstv. ráðh. athugað, hvar þessu þingi væri komið, ef stjórnarandstæðingar litu þarna sömu augum á og væru honum sammála um það, sem hann sagði áðan, að ef menn dirfast að koma hér upp í stólinn og gagnrýna eitt stjórnarfrv., þá geti það ekki verið af öðrum hvötum en þeim, að menn langi svo til þess að tala? Ef slíkt væri okkar skoðun, þá ættum við sem sé — og það er víst það, sem ríkisstj. þætti vænst um — að sitja og þegja. Og má ég spyrja hæstv. ráðh., hvernig honum litist þá á þessa samkundu, þetta þúsund ára gamla Alþingi, sem er frægt um heim, þar sem menn þekkja til þess, fyrir þær ræður, sem á því hafa verið haldnar, og af því að menn hafi þorað að tala, jafnvel þó að höfðingjunum hafi ekki verið um það? Hvernig svip mundi þetta Alþingi fá? Hefur þessi hæstv. ráðh. ekki lifað það hér, að stundum kæmi, við skulum segja t. d. í Ed. og stundum meira að segja í Nd. líka, dagur eftir dag, þar sem ekkert væri gert, jafnvel ekki haldnir fundir, jafnvel ekki talað, og heldur hann, að það sé það, sem setur svipinn á þessa samkundu?

Þeir menn, sem tala eins og hæstv. ráðh., hljóta að ganga út frá því, að þeir séu sjálfir ekki aðeins almáttugir til þess að koma öllu því í gegn hér á Alþingi, sem þeim þóknist, heldur líka svo alvitrir, að ekkert, sem hér sé lagt fram, geti þurft neinnar endurskoðunar eða umræðna við. Og þá eru þeir farnir að líta nokkuð stórt á sig, og slíkt dramb er venjulega fyrir falli. Ég held þess vegna, að hæstv. ráðh. ætti að minnast þeirra orða, sem hann tekur sér nokkuð oft í munn og hans fylgjendur: lýðræði, málfrelsi, og taka það ekki þannig upp, þegar menn setja sínar skoðanir fram á einu ákveðnu máli, að það geti ekki verið af öðrum hvötum en þeim, að menn langi svo til þess að tala eða menn séu slæmir á skapsmununum eða eitthvað þess háttar.

Það væri hins vegar æskilegt, að hann gæti smitað einhverja af hv. þm. stjórnarflokkanna með þessari löngun, sem hann ætlar mér, þessari löngun til að tala, þannig að þeir færu að taka til máls í sumum málum, þar sem búið er að ganga eftir þeim, umr. eftir umr., til þess að fá þá til þess að skýra þau mál, sem fyrir þinginu liggja. Hæstv. ráðh. segir bara: Það er ekki ástæða til að deila. — Hver dæmir um það? Það er ekki hans að dæma um það. Það, hvort ástæða er til að deila, sannast eingöngu af einu, og það er því, hvort það eru mismunandi skoðanir um þetta mál, og ef það eru mismunandi skoðanir um þetta mál, þá eiga þær að koma fram. Og það, sem hæstv. ráðh. á að segja, þegar hann kemur hér upp í stólinn eins og nú áðan, það er: Mér þykir leitt, að þessi hv. þm. skuli ekki vera á sömu skoðun og ég, — en ekki grípa til hins, að fara að væna hann um hitt og þetta.

Svo skulum við athuga málið, hvort það muni stafa af göllum á mínum skapsmunum, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú annars tiltölulega lítið talað um við mig undanfarin ár, að ég sé á móti þessu máli. Ég skal fræða hæstv. ráðh. ofur lítið um svipuð mál og þetta, af því að ég hef kannske ofur lítið meiri reynslu í þessum málum en hann. Ég skal segja honum t. d.: Einu sinni voru samþykkt hér á Alþingi lög um tóbakseinkasölu. Þegar lög um tóbakseinkasölu voru samþykkt, þá fannst þeim mönnum, sem vildu setja tóbakseinkasölu á, að það yrði að verja tekjum af tóbakseinkasölu í einhverjum mjög góðum tilgangi, og var þess vegna ákveðið í lögum, þegar tóbakseinkasala var sett á, að ákveðinn hluti, um helmingur af hennar tekjum, skyldi renna til verkamannabústaða. Annar hlutur átti að renna til bústaða í sveitum. M. ö. o.: Það var mjög góður tilgangur og líka náttúrlega að mörgu leyti allpraktísk fjáröflunaraðferð. Hvað var svo gert skömmu síðar, eftir að búið var að löghelga tóbakseinkasölu í þessum mjög ákveðna tilgangi? Jú, verkamannabústaðirnir voru sviptir öllum tekjunum, sem af tóbakseinkasölunni áttu að koma, þ. e. þessum helming, sem þeir áttu að fá, og þeir hafa ekki haft þær nú upp undir 20 ár, og ég er með till., sem núna liggur fyrir Alþingi og búin er að liggja fyrir á undanförnum þingum, um, að verkamannabústaðirnir fái þessa tekjuöflun aftur. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Fyrst hann ætlast til, að við þm.

höfum svona mikla trú á, að sá tilgangur, sem menn lýsa yfir eins og hæstv. ráðh. hér, þegar verið er að afla tekna, sé svo góður og sé svo fastur fyrir framtíðina, vill hann máske ganga inn á að samþykkja mína till. um, að verkamannabústaðirnir fái aftur helminginn af tekjum af tóbakseinkasölunni, til þess að staðfesta það svo að segja, að meiningin með þessu frv., líka fyrir framtíðina, ekki bara í dag, sé sú, að Sjúkrahúsasjóður ætti að njóta teknanna af talnahappdrætti? Ég gæti haldið áfram að rekja sögu allra þessara 20 ára, en ég ætla ekki að tefja með því, því að ég hef enga sérstaka ánægju af að tala hérna. En sú saga mundi segja okkur það, að svo að segja hver einustu lög, sem sett eru til tekjuöflunar, eru í upphafi í einhverjum sérstaklega góðum tilgangi, og svo líða ekki nema eitt, tvö, þrjú, fjögur ár, þá er tilganginum kippt í burtu — við skulum taka dýrtíðarsjóðinn t. d. — og tekjuöflunin stendur eftir. Og það þarf nú ekki að leita langt, það leið ekki nema eitt ár núna viðvíkjandi seinustu tekjuöfluninni; það situr annars við hlið hans annar hæstv. ráðh., fjmrh., sem er furðu duglegur og fljótur að ná jafnóðum tekjustofnunum, sem skapaðir eru í góða tilganginum, til þess að fara í hít ríkissjóðsins. Það er svona svipað og það væri stolizt í leiðslurnar, sem ættu að leiða þetta, hvort sem það væri nú heitt vatn eða eitthvað annað, til einhverra góðra húsa, og alltaf væri það leitt í eina einustu Morgunblaðshöll, þegar þar að kæmi. Ég held þess vegna, að hæstv. ráðh. eigi að venja sig af því að tala um, þegar menn leyfa sér að gagnrýna svona hluti, að það stafi af göllum á skapsmunum. Þvert á móti, það stafar af því, að við höfum allt of langa og allt of bitra reynslu af því í sambandi við hverja einustu tekjuöflun, sem lögð er fyrir af þessum hv. stjórnarflokkum í góðum tilgangi í byrjun, að tilgangurinn detti utan af eftir nokkurn tíma og tekjuöflunin ein standi eftir.

Hæstv. ráðh. sagði, að þetta mál væri sjálfsagt mál. Ef það var svona sjálfsagt mál, hví fannst honum þá ekki sjálfsagt að tala um þetta við okkur, ef hann vildi fá þetta fram í gegnum þingið með einhverjum afskaplegum hraða? Finnst honum það nóg til þess að skapa það álit, að eitthvað sé sjálfsagt, að honum finnist hluturinn sjálfsagður, að það sé hans vilji einn, sem eigi að ráða í þessum efnum, eða finnst honum, að vit hans og ríkisstj. sé slíkt, að þeir geti sagt eins og einn kunnur einvaldskonungur: Vér einir vitum, — hvort það þurfi yfirleitt ekki að tala við aðra um svona mál?

Þá segir hann, að ég fari inn á óskyld mál í því, sem ég hafi talað um áðan, þegar ég minnist á gróða milljónamæringanna hér í Reykjavík. Er það alveg óskylt mál? Er það alveg óhugsandi hlutur, að annaðhvort gosdrykkjaframleiðsla eða súkkulaðiframleiðsla í Reykjavík, sem gefur milljónatekjur á ári, væri tekin og rekin af ríkinu til þess að fá þannig fé t. d. í sjúkrahúsasjóð? Er það alveg óskylt mál? Er það ekki bara till. um aðra tekjuöflun, sem ef til vill væri skynsamlegri en þessi, en kemur við tilfinningarnar eða réttara sagt pyngjuna hjá þeim mönnum, sem ráða núverandi stjórnarflokkum? Þetta eru ekki óskyld mál. Það er ekki alveg sama, hvernig tekna er aflað. Við erum allir sammála um nauðsyn sjúkrahúsasjóðsins, en við getum leyft okkur að hafa mismunandi skoðun á því, hvernig tekna sé helzt aflað.

Þá segir hæstv. ráðh., að þetta sé alveg óskylt ríkissjóði. Jæja, er það það? Er það alveg óskylt ríkissjóði? Er ríkissjóður ekki líka að leggja fram eitthvað til þess að byggja sjúkrahús? Er það ekki raunveruleg skylda ríkissjóðs að leggja fram tekjur til þess að byggja sjúkrahús, og ætlar hann að fara að segja það við okkur, sem vorum núna nýlega að ræða um bjargráðasjóðinn — eða hvað skyldi hann nú hafa heitið, framleiðslusjóður hét hann víst núna — og tekjuaflanirnar viðvíkjandi honum, — ætlar hann að fara að segja það við okkur, að þær hafi yfirleitt reynzt óskyldar ríkissjóði þessar sjóðsstofnanir, að dýrtíðarsjóðurinn og allt saman þetta hafi reynzt óskylt ríkissjóði? Við sjáum ekki betur en þetta sé allt saman sama hítin. Hún er kannske pínulítið hólfuð í sundur, en hólfunum er þá kippt upp af fjmrh., áður en langt um líður, og allt látið fljóta á milli.

Ég álít, að sú n., sem fær þetta til athugunar, eigi að athuga það alvarlega, hvort ekki sé hægt að finna aðra tekjustofna en þessa til þess að þjóna þeim ágæta tilgangi, sem er með þessum lögum. Svo spyr hæstv. ráðh., hvort við höldum, að ríkisstj. hafi fullar hendur fjár til þess að láta í svona hluti. Vill þessi hæstv. ráðh. dirfast að segja það við okkur þm., að ríkisstj. hafi ekki fullar hendur fjár? Má ég spyrja: Vantaði 100 millj. kr. upp á, að ríkisreikningurinn bæri sig, að ríkisreikningurinn kæmi réttur út núna seinast, eða voru upp undir 100 millj. kr. afgangs? Var ekki þessi hæstv. ríkisstj. að úthluta núna fyrir skömmu í sambandi við fjárlögin um 60 millj. kr. til hinna og þessara stofnana í þjóðfélaginu? Má ég spyrja: Var hæstv. viðskmrh. og hans Sjúkrahúsasjóður settur svona hjá? Var hæstv. ráðh., sem hefur þennan góða tilgang með sinn Sjúkrahúsasjóð, settur svona hjá? Var hann gerður svona afskiptur, þegar verið var að skipta upp bráðinni, að það var ekkert skilið eftir fyrir Sjúkrahúsasjóð? Var sá sjóður þó ekki jafnrétthár og hvort heldur væri meira að segja ræktunarsjóður eða fiskimálasjóður eða aðrir slíkir? Er hann ekki jafngóður? Eða voru þeir svona miklir vargar, hinir ráðherrarnir, að þeir hrifsuðu þetta allt til sín og til þeirra sjóða, sem undir þá heyra, og hæstv. viðskmrh. kæmist ekki upp með moðreyk?

Hæstv. ríkisstj. hefur nýlega haft fullar hendur fjár. Hún hefur nýlega verið að úthluta tugum milljóna kr., og hví var ekki Sjúkrahúsasjóðurinn þá á dagskrá? Hví kom engin tillaga? Gleymdu þeir honum? Hví er ekki talnahappdrætti fyrir sjóðina í bönkunum, heldur bara fyrir Sjúkrahúsasjóð? Af hverju á hæstv. viðskmrh. og hans sjóðir að lifa á happdrætti, þegar hinir fá örugga peninga?

Ég held, að hæstv. viðskmrh. ætti að venja sig á að tala af fullri kurteisi við þm. um þessa

hluti. Við getum alveg svarað fyrir okkur, ef farið er að deila á okkur á þann hátt, sem gert var áðan.

Ég vil svo leggja það til, að sú hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, fyrir utan að athuga um betri tekjuöflunarleiðir, þá ráðgist hún líka nokkuð við þau ágætu fyrirtæki, sem Alþingi hefur fram að þessu veitt nokkur sérréttindi í þessum málum, sem sé við háskólann, við Samband ísl. berklasjúklinga og við þá, sem stjórna dvalarheimili aldraðra sjómanna og þess sjóð, um hvort, þó að happdrætti reynist vinsæl og góð tekjuöflun, það geti þó ef til vill aldrei að því komið, að það verði gert of mikið að þeim hlut.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég vildi segja hér aðeins nokkur orð út af þeim umræðum, sem orðið hafa út af þessu máli.

Hæstv. heilbrmrh., sem hafði orð fyrir frv., gat um tilgang þess og efni frv. og gerði að till. sinni, að því yrði vísað til heilbr.- og félmn. til athugunar. Þetta tel ég rétt og sjálfsagt, að þannig sé að farið, að mál séu íhuguð, þó að þau kunni að hafa fengið góðan undirbúning, áður en þau eru flutt inn í þingið, að þá eigi að síður gefist þingmönnum kostur á að íhuga þau vandlega.

Nú hafa tveir hv. þm. gert aths. við þetta frv., og ég hef ekkert að athuga við slíkt, hv. 2. þm. Reykv. og hv. 8. landsk. þm., og það hafa þeir gert reyndar á mjög mismunandi hátt. Hv. 2. þm. Reykv. telur, að það kunni að vera íhugunarvert að ganga mjög langt inn á þá braut að afla fjár til framkvæmda, þó að góð mál eigi í hlut, því að þessi háttur á fjáröfluninni hafi það í sér fólgið, að varhugavert kunni að vera. Og vissulega er það alveg rétt, það er ekki hægt að neita því, að þar sem menn leggja nokkra fjármuni í einhvers konar spilamennsku, hvort sem það er heldur venjulegt happdrætti, eins og það hefur tíðkazt hér hjá okkur, eins og t. d. happdrætti háskólans og önnur, sem starfa nú hér, eða það fyrirkomulag er haft á eins og þetta nýja frv. greinir, þá er vitaskuld rétt að gefa því gætur, að ekki sé það gert úr hófi fram. En ég hélt ekki, að þessi máti, sem við höfum enn á fyrirkomulaginu á happdrættunum, hvort það er nú heldur með happdrætti háskólans, eins og það er starfrækt, eða með því, sem felst í þessu frv., sem er að vísu með nokkru öðru móti, þó að vinningsmöguleiki og vinningar, sem kunna að fást, séu í raun og veru undir tilviljun komnir, en ekki öðru, hvor mátinn sem hafður er á, þá má segja, að það sé blind tilviljun, sem ræður.

Það kann að vera, ef farið er mjög langt út á þessa braut, að þá megi ganga of langt í því og það geti orðið til skaða. Því dettur mér ekki í hug að mótmæla. En ég vil vona, að þótt þetta bætist við það, sem fyrir er hjá okkur, þá sé það samt sem áður innan þess ramma, að enn stafi okkur engin hætta af því. Og ég vil mega vona, að ef það sýndi sig í framkvæmdinni um þessi mál, þá ekki eingöngu þetta, því að það er ekki svo sérstætt, heldur yfirleitt þessi happdrættismál okkar, sem við höfum, að þá verði Alþingi þess umkomið að gera þar breytingu á og draga úr þessu.

Happdrætti háskólans, sem stofnað var til, var beinlínis til þess að koma til liðsinnis þeirri miklu og góðu menningarstofnun okkar, að hún gæti aflað sér þeirra húsakynna, sem henni eru nauðsynleg, til þess að hún nái þrifum og þroska og geti unnið sitt hlutverk hjá þjóðinni að manna og mennta ungmennin, sem eiga mörg að vera beinlínis starfsmenn þjóðfélagsins og önnur að nota sína menntun í þágu þjóðarinnar, þó að það sé á nokkuð annan hátt.

Ég hygg, að enginn, sem til þekkir, sjái eftir því, að stofnað var til happdrættis háskólans. Svo mikill ávinningur hefur orðið af því starfi, og ég vil mega vona, að sú stofnun kafni ekki undir nafni, hún ræki sitt hlutverk þannig, að við þurfum ekki að sjá eftir þeim fjármunum, sem gengið hafa til þess að efla hana og gera hana vel úr garði. Það hygg ég að sé ekki ágreiningsefni milli manna, hvort heldur hér er á Alþingi eða utan þings.

Um hin happdrættin, þau opinberu eða hálfopinberu, eins og dvalarheimili aldraðra sjómanna og heimilið á Reykjalundi, þá hafa þau vissulega gert mjög mikið gagn. En til alls þessa, sem ég hef nú nefnt, hefur verið stofnað af því, að okkur hefur sýnzt, að við gætum ekki af opinberri hálfu lagt það mikla fjármuni fram, að hægt væri að sinna þeim óskum, sem þeir menn, sem að þessum stofnunum standa, hafa haft fram að færa, og þess vegna hefur verið gripið til þessara ráða.

Hið sama er að segja um þetta mál, sem við erum að ræða nú. Ríkið skuldar margar milljónir, ég þori ekki almennilega að nefna töluna, mig minnir, að það muni vera eitthvað upp undir 10 millj., kannske er það ekki alveg rétt hjá mér, til þeirra stofnana, sem hafa lagt fjármuni í byggingar og útbúnað á sjúkrahúsum. Nú verjum við á fjárlögum milli 10 og 20 millj. kr. til þessara mála, og það er hvergi nærri nóg. Það skortir stórkostlega á, að byggð séu þau sjúkrahús, sem talið er af heilbrigðisyfirvöldunum bráðnauðsynlegt að koma upp, og þegar þau eru upp komin, þurfum við að starfrækja þau. En slíkar byggingar og útbúnaður þeirra kostar afar mikið fé og rekstur þeirra sömuleiðis.

Fólkið úti um landið, sem á oft erfitt uppdráttar með að leita til þeirra sjúkrahúsa, sem fyrir eru, og þráir að fá bætt úr þessu með byggingu nýrra sjúkrahúsa, þráir það mjög, að úr þessum málum verði bætt. En þó að svona standi á og þó að fjárlög séu þetta há, eins og hv. 2. þm. Reykv. hefur réttilega bent á, þá höfum við haft í það mörg horn að líta nú á Alþ., að öllu þessu fé er ráðstafað, og samt sem áður er svona lítið til þessara mála, til byggingar sjúkrahúsa og rekstrar þeirra.

Ég hygg, að það vanti alls ekki viljann til þess að fá úr þessu bætt hér á Alþ., og þar tala ég alveg eins til hv. stjórnarandstæðinga og þeirra, er nú styðja hæstv. ríkisstjórn. Áreiðanlega í öllum flokkum hafa menn vilja á því að bæta úr þessu, og menn eru að leita ráða til þess að fá úr þessu bætt sem allra fyrst. Nú hef-

ur hæstv. ríkisstj. hugkvæmzt að reyna að ráða bót á þessu eða flýta fyrir því, að það verði ráðin bót á þessu, með þessu móti. Og það vildi ég vona, að ekki væri hægt um það að segja, að það væri skemmdarstarfsemi framin með því.

Þó að hv. ræðumenn, sem töluðu hér, — ja, ég vil nú ekki segja um hv. 2. þm. Reykv., að hann talaði beinlínis á móti þessu máli, þannig tók ég eftir ræðu hans, og kannske ekki 8. landsk., en það verð ég að játa, að ég var meira í vafa um meiningu hans, — komi auga á ýmislegt, sem aflaga fer í þjóðfélagi okkar og á öðrum sviðum, þá má samt sem áður ekki þetta málefni gjalda þess, að ekki hefur verið lagfært á öðrum sviðum það, sem aflaga fer. Hitt þykir mér eðlilegt, að ef þeir koma auga á eitthvað þess konar, og ég efast ekki um, að hægt sé að tilgreina ýmislegt, sem þannig er ástatt um í okkar þjóðfélagi, að þá sé á það bent og að því fundið. En þá þarf að gera sérstakar ráðstafanir því máli til lagfæringa, en ekki blanda því saman við önnur mál, svo framarlega sem maður telur það óskylt mál. Og þannig vil ég mega taka ræðu hv. 2. þm. Reykv. sérstaklega, og ég vil vona líka, að hv. 8. landsk. hafi ekki meint það með sínum orðum, að hann teldi tilganginn með þessu máli óheilbrigðan eða þó að þessi leið væri farin, þá væri hún neitt háskaleg. Og því mega menn ekki blanda saman. — Ja, hv. 8. landsk. sagði nú eitthvað í sínu sæti, að ég mundi ekki hafa misskilið þetta, þ. e. a. s., það hefði ekki vakað fyrir honum, að hann teldi málefnið óheilbrigt, sem hér á að greiða fyrir. Ég vil alls ekki heldur ætla það. En hv. þm. verður að virða mér það til vorkunnar, að hann kvað svo fast að orði, að þessi leið, þetta frv., mundi stuðla að andlegri óheilbrigði meðal þjóðarinnar. Ég skal ekkert um þetta deila við hann, ef hann telur, að í kjölfar happdrættis, í hvaða mynd sem er, kunni þetta að koma. Ef hann er þeirrar skoðunar, þá er ekkert um slíkt að fást. Ég tel þetta ósköp yfirdrifið og öfgafullt, af þeim kynnum a. m. k., sem við höfum enn af okkar happdrættum, að það þurfi að leiða af því slík óhöpp fyrir þjóðfélagið sem hann hafði þarna á orði. Ég held, að það sé fjarri öllu lagi. En það er sitt hvað, þó að þannig sé ekki ástatt um það eða þess sé gætt að fara ekki út fyrir skynsamleg takmörk með slíka starfsemi.

Hæstv. ráðh. dró fram í ræðu sinni þann tilgang, sem frv. hefði, og gerði till. um, að því yrði vísað til n., og óskaði eftir, að n. athugaði málið gaumgæfilega. Ég vil einmitt taka undir hans ummæli í því efni, og koma þá vitaskuld til greina öll þau atriði, sem menn telja að málið áhræri.

Ég vil nú vona, að menn láti ekki þetta málefni gjalda þess, þó að menn komi auga á ýmislegt, sem aflaga fer nú í okkar þjóðfélagi og vissulega þyrfti að laga. Þar get ég verið um ýmis atriði hv. ræðumönnum eða hv. 2. þm. Reykv. sammála. En þó að slíkra umbóta sé þörf og ekki sé búið að framkvæma slíkt, þá mega menn samt sem áður ekki af gremju yfir slíku láta góð málefni gjalda, þannig að þau séu sett á hakann aðeins fyrir það, hvað í öðrum efnum er áfátt. Ég vil því einmitt mega vona, að hv. stjórnarandstæðingar taki málinu, eftir því sem efni standa til, með fullri vinsemd og greiði fyrir því, að það nái fram að ganga í einhverri mynd, þannig að tilganginum verði náð, sem vakir fyrir með flutningi þessa frv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þó að ég kunni nú að fá e. t. v. hnjóðsyrði um það, að ég taki til máls í þessu máli, af því að mig langi til að heyra sjálfan mig tala, og ég tali í hverju máli bara til þess að tala, þá ætla ég ekki að láta það aftra mér. Ég þykist hafa ástæðu til að ræða ýmis atriði í þessu máli, sem er nýmæli. Þetta mál er nýmæli, og hefur ekki verið gerð grein fyrir efni þess, hvorki í frv. sjálfu né athugasemdum, sem því fylgja, eða í framsöguræðu hæstv. heilbrmrh., á þann hátt, að ég kunni full skil á málinu og eðli þess.

Um málið í sjálfu sér vil ég fyrst segja það: Ég tel það koma fram á óeðlilegum tíma. Þetta er tekjuöflunarfrv. til framkvæmda, sem alltaf hefur verið ætlað fé á fjárlögum, og hefði verið langsamlega eðlilegast, að hæstv. ráðh. og ríkisstj. hefði komið með öll tekjuöflunarfrv. í sambandi við framkvæmdir á fjárl., áður en fjárlagaafgreiðslunni lauk. Við sitjum í fjvn. viku eftir viku við að mynda okkur skoðun um, hvað miklu fé sé hægt að verja til vegamála, hafnamála, heilbrigðismála, skólamála o. s. frv. Það var mikið rætt um það, að stór nauðsyn væri á því að verja miklu fé til heilbrigðismála, skólamála og margra fleiri mála, en ekki hægt að fullnægja því. Hæstv. stjórnarflokkar ákváðu síðan, hve miklu af væntanlegum tekjum ríkissjóðs skyldi varið á núverandi fjárhagsári til heilbrigðismála, og felldu tillögur um meiri fjárveitingar til þessara mála, þótti þar alveg nóg komið, að því er virtist, og vildu ekki verja meira fé til þeirra. Svo kemur ríkisstj., þegar fjárlög hafa verið afgreidd, og segir: Nú skulum við búa til svolítinn sjóðþung utan við ríkissjóðinn, og úr honum skal varið fé til sjúkrahúsa. — Eigum við ekki von á öðru frv. um að afla nú sérstakra tekna til skólamála að einhverjum slíkum leiðum, að leiðum fjárhættuspilarans? Er ekki hugsanlegt, að það komi á morgun, eða til skólanna, eða til hafnamála kannske, og að þetta verði svo allt utan við og á eftir að fjárlög hafa verið afgreidd? Afgreiðsla fjárl. verður þokkalegur skripaleikur með svona vinnubrögðum. Þetta atriði eitt út af fyrir sig finnst mér vera full ástæða til að víta. Það er hlutfallslegt uppgjör um það, hve miklum hluta af ríkistekjunum skuli varið til hinna ýmsu nauðsynlegu útgjalda og framfaramála, sem við erum að stritast við að mynda okkur rétta skoðun um, þegar við erum að afgreiða fjárlögin. Og svo ruglast þetta allt saman og er sett úr böndum, öllum hlutföllum raskað með því, að ríkisstj. kemur og einstakir ráðherrar með frumvörp um að verja kannske milljónafúlgum, sem við vitum þó ekki um, hve hér er mikið, til einstakra liða. Ef það hefði legið fyrir áður, þá hefði e. t. v. þótt miklu eðlilegra, að þessi fjáröflun hefði tekið til fleiri nauðsynlegra framkvæmdaflokka en þessa eina, þó að þörf á að hraða byggingu sjúkrahúsa sé óumdeild og óum-

deilanleg. En það er bara margt fleira, sem kallar að.

Í sambandi við frv. sjálft, sérstaklega í sambandi við 5. og 7. gr. frv., þar sem segir í 5. gr., að ráðh. sá, sem fer með heilbrigðismál, setji happdrættinu stjórn og ákveði nánar um störf þess með reglugerð, m. a. um þátttökugjald, langar mig til að vita, ef hæstv. ráðh. hefur hugsað það mál, hvernig sú stjórn er hugsuð. Hvernig á hún að vera samsett, og hvaða vald hefur hann hugsað sér að veita henni samkv. þeirri reglugerð, sem þarna er boðuð? Miklu viðkunnanlegra hefði verið, að í 5. gr. frv. hefði verið ákvæði um það, hvernig stjórn happdrættisins skyldi vera skipuð og hvað hennar verksvið skyldi vera, hvaða vald hún skyldi fara með, því að hér er verið að fara með fjármálavald, sem er hluti af því valdi, sem ríkisvaldið á að fara með.

Ég þykist kaupa kött í sekk með því að fá þetta svona fram sett eins og það er í 5. gr. og hefði viljað, að gr. hefði kveðið á um það, hvernig stjórnin yfir happdrættinu ætti að vera skipuð og hvaða valdsvið henni væri ætlað. Ég vona, að hæstv. ráðh. upplýsi það, ef það mál er hugsað á þessu stigi málsins. En óneitanlega er þarna bara ráðherranum falið að ákveða þetta valdsvið eftir eigin höfði, og það er ekki þingræðislegt.

Þó skiptir enn meira máli með 7. gr. Þar segir, að ráðh. sá, sem fari með heilbrigðismál, skipi stjórn sjóðsins og setji nákvæmari reglur um starfsemi hans. Nú veit ég ekki, hvort hæstv. ráðh. eða ríkisstj. hefur gert sér einhverja hugmynd um, hversu mikil fúlga það kynni að verða árlega, sem gæti safnazt með svona happdrætti, hvort þetta yrði kannske milljónaupphæðir. Og ég vil gjarnan fá að vita um það, ef hæstv. ríkisstj. hefur myndað sér einhverjar skoðanir um það, hversu mikið fé hér geti orðið um að ræða, ef þetta svarar þeim vonum, sem flytjendur málsins gera sér vonir um. En þarna segir, að ráðh., sem fer með heilbrigðismál, skuli skipa stjórn sjóðsins og setja nánari reglur um starfsemi hans. Ekkert veit ég um það, hvernig þessi stjórn á að starfa, hvort hún á að ákveða, til hvaða sjúkrahúsa skuli veita fé eða til hvaða líknarstarfsemi skuli veita framlög af tekjum sjóðsins, eða neitt um það, hvernig þessi sérstaka stjórn yfir þessari deild ríkissjóðsins — því að raunverulega er þetta ekki annað en deild úr ríkissjóði — á að starfa, hvort þarna á að vera nokkurt samstarf við fjvn., sem situr út af fyrir sig og er að burðast við að skipta fjárveitingum til sjúkrahúsa. Svo kemur önnur stjórn án sambands við fjvn. og skiptir líka fé úr milljónasjóði kannske til sjúkrahúsa, kannske til sömu sjúkrahúsanna sem við erum búnir að ætla ákveðinn hlut í réttu hlutfalli við önnur sjúkrahús. Svo er bætt ofan á viss sjúkrahús eftir geðþótta ráðherra, eftir að slík skipting hefur farið fram. Ég segi: Ef þetta er hugsað svona, þá er þetta illa farið. Og því miður höfum við dæmin af því. Þegar fjvn. er að skipta takmarkaðri upphæð til vega og brúa, er verið að reyna að hafa jöfnuð á því, að hlutfallslega fari þetta nokkuð jafnt um alla landshluta og í öll kjördæmin, og þm. eru að reyna að fylgjast með því, að enginn sé þar afskiptur og að þetta sé nokkurn veginn í réttlátu hlutfalli við verkefnaþörf og aðstöðu. Svo er til sérstakur sjóður, brúasjóður. Svo getur allt í einu komið milljónafúlga úr honum, það vitum við um fyrst síðar, milljónafúlga í eitt kjördæmi, sem annars var búið að fá hlutfallslega fyllilega sinn hlut móts við önnur kjördæmi. Þetta er eitt, sem sýnir það, að með þessum sérsjóðum er hægt að raska öllu jafnvægi og allri skynsemd í úthlutun fjvn. á fjárveitingum til einstakra málaflokka, og það hefur verið gert. Og eftir því sem komið er með fleiri sérsjóði undir sérstjórn ráðherra og stjórnar, sem hann einhvern veginn velur eftir sínu höfði, þá er þessi skipting á tekjum ríkissjóðsins að verða hrein markleysa. — Þriðji sjóðurinn er svo raforkumálasjóður, sem hæstv. ráðh. hefur víst átt sæti í og á sennilega sæti í sem ráðherra. Hann hefur verið að ráðstafa fé til raforkuframkvæmda utan við það, sem fjvn. hefur getað haft nokkra yfirsýn yfir eða fengið nokkra vitneskju um fyrr en eftir dúk og disk.

Ég er alveg á móti þessari stefnu, að búa til sjóð á sjóð ofan utan við ríkissjóðinn, og svo er engin heildaryfirsýn yfir það, hvernig fé er varið úr þessum sjóðum. En þetta virðist nú vera mjög í tízku hjá núverandi hæstv. ríkisstj. Henni dugði ekki ríkissjóðurinn núna í sambandi við afgreiðslu fjárl. Þá setti hún upp hundraða milljóna sjóð við hliðina á ríkissjóði, svokallaðan framleiðslusjóð. Hingað til hefur það verið svo, að þegar menn hafa litið á tekjuhlið fjárlagafrv., hafa menn séð, hvaða skattar voru lagðir á landslýðinn, þetta mikið var í tekjuskatt o. s. frv. Nú þarf að líta í fleiri hornin. Og af gjaldabálkinum átti að vera hægt að sjá, hvaða hluti af gjöldunum færi til ákveðinna mála. Nú þarf að fara í gegnum ríkissjóðstekjur og ríkissjóðsútgjöld og framleiðslusjóðstekjur og framleiðslusjóðsútgjöld, og svo þarf að athuga um tekjur í brúasjóð og gjöldin úr honum og raforkumálasjóðinn og gjöldin úr honum og þennan væntanlega sjóð, sem á að heita Sjúkrahúsasjóður, og tekjuöflun til hans og gjöldin úr honum og hafa yfirsýn yfir þetta allt saman til þess að vita, hvernig hlutfallsleg skipting er á tekjum og gjöldum ríkissjóðs til hinna ákveðnu málefnaflokka. Úr þessu verður eintómur hrærigrautur, sem enginn hefur yfirsýn yfir, og hægt að verja margföldu fé til vissra stofnana móts við aðrar og raska öllu skynsamlegu jafnvægi og samhengi.

Út af því, sem nokkrir hv. þm. hafa svo lagt hér til þessa máls um aðferðina til að afla fjárins, skal ég segja það, að ég kynni miklu betur við, að þessa fjár til byggingar sjúkrahúsa væri aflað að venjulegum leiðum, þeim leiðum, sem ríkissjóður aflar sér almennt tekna á, með opinberri skattaálagningu. En ef hæstv. ríkisstj. hefur ekki fundizt, að hún væri búin að stíga yfir skóvarpið í þeim efnum nú, þá hefði verið bezt, að hún hefði komið með eitt nýtt grímulaust skattaöflunarfrumvarp í viðbót, en þetta er auðvitað ekkert annað en önnur leið til þess að fara ofan í vasa skattþegnanna, og þar er valin óneitanlega aðferð fjárhættuspilarans, og ég álít, að

hún sé ekkert meðmælaverð, og sízt af öllu ástæða til þess að fagna henni ofan á það, sem áður hafði gerzt, ofan á þau met, sem slegin höfðu verið áður í skattpíningu og allir héldu að væru orðin nóg. Þar að auki er þetta því vítaverðara, að hin skattafrumvörpin voru þó tekin í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, en þetta kemur fram eftir að búið er að ganga frá fjárl. næsta árs og búið að vega og meta og togast á um, hvað ríkið hefði efni á að láta fara til sjúkrahúsa og heilbrigðismála af tekjum ríkissjóðs. Og nú á að koma og segja: Hér skal bara leggja í sérstakan sjóð, toga út úr vösum skattborgaranna kannske nokkrar milljónir, og það á að fara eftir geðþótta ráðherra og stjórnar, sem hann setur og enginn veit í þingi nú, hvernig á að vera skipuð eða hvaða valdsvið á að hafa, og það skal gauka að þessari stofnun og hinni og að þessum þætti líknarstarfsemi o. s. frv., án þess að þingið fylgist þar nokkurn hlut með.

Ég bið engrar afsökunar á því, að ég hef notað mitt málfrelsi í þinginu til þess að benda á þessi atriði frv. og óska eftir, að hæstv. ráðh. vilji svara þeim atriðum um búning og uppbyggingu frv., sem ég taldi sérstaka ástæðu til að fá að vita um, en það var um, hvernig hann hugsaði sér skipun stjórnar samkv. 5. gr. og valdsvið þeirrar stjórnar og skipun stjórnar sjóðsins og starfsemi hans og þær reglur, sem ráðherra á að vera heimilað að setja um þá starfsemi samkvæmt þeirri grein.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð af því tilefni, að það var beint til mín alveg ákveðnum fyrirspurnum, og ég vil þá verða við því að svara þeim. Annars undrast ég það, þegar hv. ræðumenn eru að tala um fjárhættuspil í sambandi við þetta frv., það eigi að fara að taka upp aðferðir fjárhættuspilaranna til þess að afla tekna. Hvað er þetta með happdrætti Háskóla Íslands, happdrætti fyrir dvalarheimili aldraðra sjómanna, S. Í. B. S.? Hafa ekki margir verið stoltir af því að hafa komið upp háskólanum með þessari aðferð, sem notuð hefur verið? Eru ekki landsmenn stoltir af Reykjalundi og starfsemi S. Í. B. S.? A. m. k. þegar útlendingar eru að koma og þegar verið er að sýna útlendingum starfsemina. Og eru menn ekki stoltir yfir því að vera að byggja veglegt hús sem dvalarheimili fyrir aldraða sjómenn? En fjárins til þessara framkvæmda er aflað með svipuðu móti og ætlazt er til að notuð verði til fjáröflunar fyrir sjúkrahúsasjóð.

Það sjá nú allir, hvað mikið grín er í þessu, þegar hv. stjórnarandstæðingar eru að koma hér upp og belgja sig á móti þessu frv. á þeim forsendum, að þetta geti spillt siðferði þjóðarinnar og að þetta sé hættulegt frá því sjónarmiði. Ég geri ráð fyrir því, að a. m. k. einhverjir af þessum þm., sem talað hafa á móti frv., hafi verið með því að stofnsetja þau happdrætti, sem ég áðan nefndi. Ég a. m. k. hef haldið, að þessir menn væru stuðningsmenn S. Í. B. S. Ég hef haldið, að þessir menn hafi viljað stuðla að því að byggja dvalarheimili aldraðra sjómanna, og ég hef haldið, að þessir menn væru stuðningsmenn Háskóla Íslands, og ég hef haldið, að þessir menn væru stuðningsmenn heilbrigðismálanna í landinu og vildu leggja sitt til, að það mætti takast að afla nægilegra fjármuna til þess, að heilbrigðismálin gætu verið í góðu lagi í þessu landi. Og ég er alveg sannfærður um, að í hjarta sínu vilja þessir menn þetta, þótt þeir af einhverjum ástæðum telji hagkvæmt að rísa gegn þessu frv. með sérstöku offorsi.

Það er eðlilegt, að menn geti greint á um það, hvernig orðalag eigi að vera í frv. Það er allt annað en að greina á um tilganginn. Það getur verið eðlilegt, að hv. 3. landsk. þm. vilji fá það upplýst, hvernig stjórn sjóðsins á að vera skipuð og hvert valdsvið hennar á að vera. Það er alveg eðlilegt, að slík spurning komi fram, og hún getur vissulega komið frá manni, sem er því fylgjandi að afla fjárins á þann hátt, sem hér er lagt til.

Ég get upplýst, að ég hef hugsað mér, að þetta væri þriggja manna stjórn, að læknadeild Háskóla Íslands tilnefndi einn mann, að Læknafélag Íslands tilnefndi annan og að landlæknir væri þriðji maðurinn og hann væri formaður sjóðsstjórnarinnar. Þetta er nú það, sem ég hef hugsað mér, og ég hefði satt að segja ekkert á móti því, þótt 5. gr. væri breytt á þann veg, að það væri ákveðið þar, hvernig stjórnin skyldi skipuð. Ég tel ekki, að það spillti neitt frv.

Um það, hvort sjóðsstjórnin hefði samstarf eða samvinnu við fjvn., liggur í hlutarins eðli, að fjvn. og stjórn þessa sjóðs ættu að geta haft það mikið samstarf, að fjvn. vissi um það, hvaða sjúkrahús eða heilbrigðisstofnanir fá úthlutað úr þessum sjóði og hve mikið þau fá úr þessum sjóði á hverjum tíma, til þess að fjvn. gæti þá haft hliðsjón af því, þegar hún er að gera till. um fjárveitingar til vissra stofnana. Ég ætlast ekki til, að þannig menn veljist í stjórn sjóðsins eða þannig menn verði í fjvn., að þeir geti ekki talað saman hvað þetta snertir.

Hv. 3. landsk. sagði hér áðan, að hann væri á móti slíkum sjóðsstofnunum. Mér skildist, að hann væri t. d. á móti því, að raforkusjóður hafi verið stofnaður á sínum tíma, hann væri á móti því, að hafnarbótasjóður var stofnaður, hann væri á móti því, að brúasjóður var stofnaður. En ósköp er þetta nú mikil skammsýni hjá hv. þm. Hv. þm. (HV) er því fylgjandi, að það verði haldið áfram rafvæðingu landsins, og ég held, að ég hafi heyrt hann segja, að það væri ánægjulegt, hve mikið væri búið að gera í landinu í rafmagnsmálunum. En þessi hv. þm. veit ekki, að raforkusjóðurinn hefur verið undirstaðan að raforkuframkvæmdunum í byggðum landsins á undanförnum árum. Ef hann hefði ekki verið stofnaður 1942 með sérstöku framlagi og síðan lagt í hann árlega, þá hefði enginn möguleiki verið til að vinna þessar framkvæmdir, sem búið er að gera. Ég segi það sama með hafnarbótasjóð. Vegna þess að sérstakt fé var ætlað í þennan sjóð, hefur drjúgur skildingur verið veittur til hafnarmála, sem annars hefði ekki fengizt. Og ég vil einnig segja eitthvað svipað um brúasjóðinn, að ef hann hefði ekki verið stofnaður á sínum tíma og alveg sérstakt fé til

hans ætlað, væri eftir að byggja ýmsar þær stórbrýr, sem nú er búið að smíða. Það er þess vegna undarlegt, þegar einn hv. þm., sem á að vera kunnugur okkar atvinnulífi og okkar þörfum fyrir hinar mörgu framkvæmdir, skuli vera á móti því, að stofnaðir séu framfara- og framkvæmdasjóðir. Ég held, að hann hefði átt að segja heldur: Ég er á móti því, að ekkert sé gert í þessa átt og að við séum þess vegna alltaf févana og getum ekkert gert. — Það er það, sem allir þm. ættu að vera á móti, en ekki það, að stofnaðir séu sjóðir og skapað fjármagn, sem er undirstaða framkvæmdanna. Ég held, að það væri tímabært fyrir hv. þm. að endurskoða afstöðu sína í þessu efni. Við skulum gera okkur ljóst, að það *er ekki unnt að ráðast í dýrar* framkvæmdir nema hafa til þess fjármagn.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði hér áðan m. a., að það gæti verið góður tilgangur með þessu frv. út af fyrir sig og það yrði nú að lögum, en svo yrði bara alveg horfið frá því að fullnægja tilganginum, það mætti alveg eins reikna með því, að peningarnir, sem fengjust í Sjúkrahúsasjóðinn, væru notaðir til einhvers alls annars en til heilbrigðismála. Ég er nú satt að segja dálítið undrandi, að þessi hv. þm. skuli koma með svona fullyrðingar, því að hvað segir þetta frv.? Það segir beinlínis, að stofna skuli sjóð, sem nefnist Sjúkrahúsasjóður, og það segir skýrt og skorinort, hver tilgangur sjóðsins er. Það er alls ekki heimilt að nota fé sjóðsins til annarra hluta en heilbrigðismála. Það getur engin ríkisstj. gert, og það gæti engin sjóðsstjórn gert, þegar lögin eru svo ótvíræð sem hér um ræðir. *(BergS:* En ef þeim verður nú breytt?) Já, hv. þm. segir: Þeim verður breytt seinna. — En þá er ástæða fyrir hv. 2. þm. Reykv. og aðra að andmæla, ef á að fara að breyta lögunum í þá átt að útiloka, að fé sjóðsins sé notað í þessum tilgangi, eða breyta þeim á þann hátt að gera mögulegt, að það verði notað í öðrum tilgangi en ætlazt er til. En eins og frv. er útbúið, er ekki mögulegt að nota fjármuni sjóðsins til annars en heilbrigðismála, og ég held, að hv. 3. landsk. (HV) hafi alveg skilið frv. rétt að þessu leyti.

En þetta frv. fer í nefnd og þetta er 1. umr. Ég átti að mæta á fundi kl. 3, og það er nú beðið eftir mér. Ef umr. verður haldið áfram, verð ég að biðja hæstv. forseta um að fresta henni, af því að ég verð að fara af fundi núna. Ef hins vegar þeir hv. þm., sem eiga ótalað í þessu máli, vilja fresta því þangað til við 2. umr., gæti þessari umr. verið lokið og þeir talað við 2. umr. En það er á þeirra valdi að ákveða það. (Gripið fram í.) En því miður, ég get ekki hlustað á það núna. (Gripið fram í.) Við verðum þá, ef hv. þm. vill endilega tala núna, að bíða til næsta fundar, vegna þess að ég verð því miður að ganga af fundi.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Nd., 16. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þykir leitt, að hæstv. ráðh. skuli ekki vera viðstaddur nú, því að umr. um þetta mál var frestað síðast að hans ósk, af því að hann vildi vera við áframhaldsumr.

Það voru aðeins nokkur orð í því, sem hann sagði út af minni ræðu, sem ég vildi minnast á. Hann vildi telja, að ég hefði verið á móti tilgangi þessa frv., sem sé stofnun Sjúkrahúsasjóðs. Það var ekki rétt hjá honum, ég var mjög samþykkur því, ef hægt væri að stofna slíkan sjóð, en það, sem okkur greindi á um, var tekjuöflunin. Og það held ég að sé um þá, sem gagnrýnt hafa þetta frv., að þeir telji út af fyrir sig flestir, að gott væri, að svona sjóður væri stofnaður, en spurningin sé, hvernig teknanna skuli aflað. Ég held, að sú tekjuöflun, sem hér er farið fram á með þessu talnahappdrætti, sé auk *þeirra galla, sem hún hefur í för með sér og hér* voru gagnrýndir frá siðferðislegu sjónarmiði, mjög óöruggur grundvöllur fyrir sjóð, sem á að vinna eins mikilvægt verk og hæstv. ráðh. vill vera láta með þessu. Ég held, að sé til einn sjóður, sem á að lifa á svona hlutum. Í sambandi við íþróttasjóðinn á að afla tekna meðal annars með getraunum, og ég held, að það hafi gengið frekar erfiðlega, þannig að ég held, að hæstv. ráðh. megi mjög alvarlega athuga það, að ef hann heldur, að þetta sé tryggasta leiðin til að afla Sjúkrahúsasjóði tekna, að þá fari hann þar villur vegar.

Þá talaði hæstv. ráðh. um happdrættisfyrirtæki eins og háskólans, S. Í. B. S. og dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Ég lagði alveg sérstaklega til í minni ræðu, að sú hv. n., sem fær þetta til athugunar, ræddi við stjórnir þessara happdrætta um, hvort það sé bætandi þarna á, því að meiningin var þó af hálfu Alþingis að vinna að þessum fyrirtækjum, þegar þeim voru gefin einkaleyfi viðvíkjandi happdrættum, en ekki að spilla fyrir þeim með því.

Þá vil ég enn fremur benda á viðvíkjandi stjórninni, að hér á að setja af stað tvær stjórnir, eina stjórn happdrættisins samkv. 5. gr., aðra stjórn sjóðsins samkv. 7. gr. Verður þá aldrei komið nóg af þessum stjórnum? Eftir því sem mér skildist nú, á nú að bregða út af þeirri einu föstu heilögu reglu, sem stjórnin hefur haft fram að þessu með skipun stjórna í þessu tilefni, það eiga ekki að vera helmingaskipti. Hæstv. ráðh. sagði, að það ættu að vera þrír menn þarna í, en það er þá reglugerðaratriði. Nú er farið að ganga það langt, að það getur þá hver ráðh. haft þetta eftir því, sem hann vill. Má ég nú spyrja: Hefur einum ráðh. aldrei dottið það í hug, þegar hann ætlar t. d. að setja af stað svona fyrirtæki eins og eitt happdrætti, að það væri nóg að setja einn forstöðumann í þetta og enga stjórn? Er það þá svona alveg fjarri lagi, að slíkt væri hugsanlegt, að ráðh. bara skipaði einn forstöðumann fyrir happdrætti, sem stjórnaði því?

Svo vildi ráðh. segja, að hann réði raunverulega engu með þessu. En má ég þá benda honum eða stólnum hans á 6. gr.? Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Úr Sjúkrahúsasjóði skal veita styrki til að reisa ný sjúkrahús og á annan hátt til eflingar heilbrigðismálum landsins eftir ákvörðun heilbrmrh., að fengnum till. stjórnar Sjúkrahúsasjóðs og landlæknis.“ Heil-

brmrh. getur sem sé ákveðið hvað sem vera skal, sem hann álítur vera til eflingar heilbrigðismálum landsins, fyrir utan það að verja fé til að reisa ný sjúkrahús; hann fær til umráða, ef vel gengi með þetta allt saman, milljónasjóð, sem hann getur varið úr eftir því sem honum þóknast, og hvorki stjórn sjóðsins né stjórn happdrættisins hefur nokkurt vald yfir því, hvernig því er varið. Þetta er sem sé fé, sem ráðh. getur ráðstafað sjálfur. Þetta getur verið mjög hentugt, t. d. fyrir kosningar. Ég get skilið það ákaflega vel, að það finnist hæstv. ráðh. mjög þægilegt, og ég skal ekki bera á móti því, en hvort það komi að bezta haldi fyrir sjúkrahúsmál landsins, er ekki alveg jafnvíst. Það væri t. d. hugsanlegt, að einhver þm. Sjálfstfl., sem stæði mjög tæpt í sínu kjördæmi, fengi slíkt veitt í sitt kjördæmi til þess að koma þar upp sjúkrahúsi, en einhver, sem stæði alveg öruggur, fengi ekki neitt, þó að héraðið þyrfti þess með, vegna þess að flokkurinn þyrfti ekki á því að halda til þess að slá sér upp á því. Ég vil því benda á: Svona frv. á ekki að leggja fyrir og þá sízt af öllu reiðast, þegar þm. leyfa sér að gagnrýna það.

Ég ætla svo ekki, af því að ég hef bara athugasemdartíma, að segja fleira um þetta, en benda hv. n. á m. a., að það er ekki einu sinni talað um, til hve margra ára eigi að skipa stjórnir þessara sjóða, ekki minnzt á það. Ráðh. getur sem sé skipað mennina til næstum 30 ára, ef hann vill. Frágangurinn á þessu er því allur þannig eins og þetta væri búið til í eins konar happdrætti innan ríkisstjórnarinnar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. heilbrmrh. lagði þetta frv. fyrir í fyrradag og lét þá í ljós óskir um það, að þetta mál yrði samþ. einróma, og gat ekki ímyndað sér, að það gæti valdið neinum ágreiningi. Hins vegar varð hann þess fljótt var, að þm. höfðu ýmislegt við málið að athuga, bæði að efni og formi.

Ég hélt því fram við þá umr., að það væri mjög óeðlilegt, að Alþingi samþykkti nú svona tekjuöflunarfrv., sem kannske skipti milljónum, eftir að búið væri að ganga að fullu frá afgreiðslu fjárl. og þar með að úthluta fyrir árið 1956 fé til sjúkrahúsa, eftir því sem möguleikar hefðu verið taldir til, alveg sérstaklega eftir ákvörðunarvaldi hv. stjórnarflokka. Ég benti á, að framleiðslusjóðurinn hefði þó komið á betur viðeigandi tíma, þar sem hann var þó afgreiddur í sambandi við fjárl. Þetta kemur eftir dúk og disk, eftir að búið er að setja eina n. þingsins, fjvn., til þess að skipta fé milli hafna, vega, sjúkrahúsa o. s. frv., o. s. frv., og svo kemur ráðh., sem sjúkrahúsmálin heyra undir, og segir: Nú ætla ég að fá nokkurra millj. kr. fúlgu í sérsjóð, sem á að heyra að öllu leyti undir heilbrmrh. — Hann á að fá núna heimild til þess að setja happdrættinu stjórn og ákveða þeirri stjórn valdssvið, hann á að fá leyfi til að úthluta styrkjum, til að reisa ný sjúkrahús og á annan hátt til heilbrigðismálanna eftir eigin geðþótta, aðeins þegar hann hefur fengið að sjá till. frá stjórn Sjúkrahúsasjóðs og landlækni. Það á ekki að fara eftir þeim till., fremur en honum þóknast, heldur að fengnum till. á hann, heilbrmrh., að úthluta þessu fé. Ég benti á það, að með þessu móti væri úthlutun á fjárveitingum til einstakra heilbrigðismálastofnana og sjúkrahúsa alveg gerð að skrípaleik, ráðh. hefði svo milljónasjóð á eftir til þess að mismuna þessu öllu saman eftir eigin geðþótta, og þetta er óviðurkvæmilegt, enda fór svo, að þegar hæstv. ráðh. hafði með nokkru steigurlæti kastað hnjóðsyrðum sitt á hvað til þm., sem höfðu leyft sér að gera aths. við frv., þá hljóp hann á dyr, hafði ekki tíma til að vera hér lengur við umr., og höfðu menn þó kvatt sér hljóðs til þess að svara honum, til þess að svara einmitt óviðurkvæmilegu steigurlæti hans í málflutningi. Hann var svo staðinn að því rétt nokkrum mínútum á eftir að vera hér niðri í húsinu. Og nú þegar málið er tekið á dagskrá aftur og hann hafði óskað eftir, að því væri frestað, til þess að hann gæti verið viðstaddur, er ráðherrastóllinn auður. Ég skil ekki, hvers konar frammistaða þetta er. Karlmennsku lýsir það a. m. k. ekki.

Hæstv. ráðh. hafði ekki rök fram að færa, þegar hann var að svara mér og öðrum þm. í gær. Hann sló því föstu, að úr því að við værum á móti þessu frv. í einhverjum efnum, eins og t. d. að við létum í ljós andúð okkar á tekjuöflunaraðferðinni, létum í ljós andúð á því, að frv. kæmi fram, eftir að fullgengið er frá afgreiðslu fjárl., létum í ljós andúð okkar á því, að ráðh. skyldi í raun og veru hafa einkaumráð yfir þessum sérsjóði, sem ef til vill réði yfir milljónum króna, þá værum við á móti öllum slíkum sjóðsstofnunum. Og svo er hann á bak og burt, þegar við eigum þess kost að svara honum. Hann mistúlkaði okkar mál á þann hátt að fullyrða, að ef við værum á móti þessum sérsjóði hans væntanlega, þá hlytum við líka að vera á móti hafnarbótasjóði, brúasjóði, raforkusjóði, framleiðslusjóði o. s. frv. En þetta eru sérsjóðir, sem búið er að koma á fót og er ætlað auðvitað að vinna sérstæð og gagnleg hlutverk, eins og þessum sjóði, en við höfum það að athuga — ég a. m. k. — við suma þessara sjóða, að þeir gera fjárúthlutun til ákveðinna málefnaflokka að skrípaleik. Höfum við ekki rekið okkur á það ár eftir ár í fjvn., að við vitum ekki gerla, hvaða fé hefur verið veitt úr hafnarbótasjóði, samt höfum við verið að stritast við að skipta niður á hafnirnar allt niður í 5 og 10 þús. kr. meira að segja til einstakra hafna af fé ríkissjóðs. Svo höfum við ekki vitað, hvað hinar einstöku hafnir hafa fengið úr hafnarbótasjóði af náð og miskunn hæstv. sjútvmrh. Stundum hefur komið í ljós, að þarna hafa verið veitt hundruð þúsund króna til einstakra hafna eftir hans geðþótta, og öll úthlutunin til hafnarmálanna hefur þannig orðið og er búin að vera í nokkur ár hreinn skrípaleikur vegna þessa sérsjóðs, sem sjútvmrh. ræður þarna yfir. Núna t. d. er skemmst að minnast tveggja dæma um Sandgerðishöfn og Ísafjarðarhöfn. Það upplýsist nokkrum dögum eftir að fjvn. er búin að ganga frá sínum till. og búið er að ganga frá fjárlfrv., að þá hafa þessar hafnir fengið 100 þús. kr. minna hvor um sig en þær áttu að fá, ef upplýsingar hefðu þá legið fyrir nokkrum dögum

fyrr um það, hvaða fé hefði verið veitt úr hafnarbótasjóði og með hvaða hætti. Það var þá búið að gera breytingar á því, að áður veittur styrkur til þessara hafna úr hafnarbótasjóði var ekki lengur styrkur, heldur búið að breyta því í lán og hafnirnar áttu að bera þetta sem lán og endurgreiða það og bera af því vexti, en hefðu átt, ef þessi vitneskja hefði legið fyrir, að fá hærri fjárframlög á fjárl. en þær fengu. Þessir sérsjóðir ráðherranna eru orðnir hreinasta forsmán, og Alþingi, sem á að hafa fjárveitingarvaldið, á að spyrna við fótum a. m. k., að þarna verði búið öðruvísi um hnútana. Það verður að heimta það, að viðkomandi ráðh. láti fjvn., áður en hún tekur til starfa, fá fulla vitneskju um, hvernig fé er veitt úr þessum sérsjóðum. En þegar þeir hafa lög til að styðjast við, eins og t. d. heilbrmrh. kemur til með að hafa, ef þetta verður samþ., þá þurfa þeir engan að að spyrja. Það stendur í hverri gr., að ráðh. á að ráða þessu, hann á að tilnefna menn til þess og hann á að heyra á þeirra till., en hann getur að fengnum till. farið sínu fram. Þetta verða þess vegna upplagðar kosningamútur og hefur verið notað og er og verður notað þannig af ráðandi ráðherrum, sem vilja nota það þannig. Það er þetta, sem gerir að verkum, að viðkomandi ráðh. vill ekki einu sinni vera viðstaddur, þegar málið er rætt við hann.

Eitt af því, sem hæstv. ráðh. sló fram í ræðu sinni í gær, var það: Eruð þið þá á móti happdrætti háskólans, eruð þið á móti happdrætti S. Í. B. S., eruð þið á móti happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna? Nei, við erum með þessum málum. En er ekki nokkur munur á ríkissjóði og þessum stofnunum? Ríkissjóður á að fara sínar löglegu og löghelgu leiðir til að afla fjár til sinna framkvæmda. Þarna er verið að hjálpa berklasjúklingum til að koma upp starfs- og menningarstofnun fyrir sig, það er verið að hjálpa gömlum sjómönnum til að eignast sameiginlegt heimili, og það hefur verið fallizt á slíka fjáröflun til þeirra. En ríkissjóður ætlar ekki að láta sér nægja allar sínar leiðir til skattpíningar þegnunum, heldur líka fara inn á þessa braut og eyðileggja þannig möguleikana til þeirrar hjálpar, sem þessum aðilum hefur verið veitt. Það er einmitt af því, að ég er mjög með því, að gamlir sjómenn og berklasjúklingar fái þá aðstoð óskerta, sem þeir hafa fengið, að ég er á móti því, að ríkissjóður fari inn á þessa leið líka.

Ég hef það, sem nú skal greina, í stuttu máli á móti þessu frv. Ég er á móti því, að ráðh. hafi einn um það að segja að skipa happdrætti sem þessu stjórn og marka þeirri stjórn valdssvið. Ég er í öðru lagi á móti því, að ráðh. skipi einn stjórn þessa milljónasjóðs og ráði einn valdssviði þeirrar stjórnar. Ég er enn fremur á móti því, að hann aðeins eftir að hann hefur heyrt till. þessarar stjórnar ráði síðan styrkveitingum til einstakra sjúkrahúsa. Ég vil, að það verði a. m. k. fullt samráð haft við fjvn. Alþingis, og Alþingi á í gegnum hana að hafa fjárveitingarvaldið. Í þriðja lagi er ég á móti því, að svona frv. komi fram og sé sett, eftir að gengið hefur verið frá afgreiðslu fjárlaga. Í fjórða lagi vil ég lýsa því yfir, að mér er mjög ógeðfelld þessi fjáröflunaraðferð og þykir hún einmitt ganga inn á áður veittan rétt til aðila, sem eru mjög vel að því komnir að fá rétt til þess að reka happdrætti í ákveðnu markmiði.

Af þessum ástæðum öllum tel ég, að frv. eins og það er sé þannig, að því ætti að víkja frá afgreiðslu á þessu þingi, en undir öllum kringumstæðum tel ég nauðsynlegt, að n. sú, sem fær það til meðferðar, sem sennilega verður heilbr.- og félmn., geri á því verulegar breytingar. Ég tel algerlega ótækt, að svona milljónasjóðir séu undir einkavaldssviði sérstakra ráðherra. Það er raunar komið svo, að hér var rætt um það í dag, að það lægi við, að hæstv. fjmrh. hefði einkabanka, sem væri Framkvæmdabankinn. Það er vitað, að hæstv. sjútvmrh. hefur hafnarbótasjóðinn sem sinn kjördæmabanka, og hér á heilbrmrh. að fá Sjúkrahúsasjóðinn sem sinn kjördæmabanka, og þá þykir mér meira en bakkafullur lækurinn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Nd., 17. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 368, n. 560 og 562).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Kirkjuþing og kirkjuráð.

Á 86. fundi í Nd., 13. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um kirkjuþing og kirkjuráð hinnar íslenzku þjóðkirkju [186. mál] (stjfrv., A. 475).

Á 87. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. um.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það verða aðeins örfá orð, sem ég læt fylgja þessu frv. á þskj. 475, sem er frv. til laga um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar. Ég skal taka fram, að það hefur orðið samkomulag um það innan ríkisstj. að leggja þetta frv. fram sem stjórnarfrv. Það eru til þess að gera mjög glöggar athugasemdir við frv., svo að hv. þm. geta þar kynnt sér, hvað þar er. Ég tel þó rétt að taka aðeins fram einstök atriði varðandi málið.

Það er ekki að ófyrirsynju, að þeir tímar, sem við lifum á, séu kallaðir öld hinna frjálsu félagssamtaka, og það, sem einna mest hefur borið á, eru hin mörgu þing, sem stofnuð hafa verið varðandi ýmsar stéttir þjóðfélagsins, bæði að því er snertir atvinnumál og hins vegar um starfsmannahópa, sem hafa skipað sér saman um það,

o. fl. Elzt af þessum þingum sérstakra stétta mun búnaðarþingið vera, sem stofnað var 1899, en í kjölfar þess hafa komið svo mörg þing, að ég kann ekki tölu á þeim.

Kirkjan hefur farið mjög hóflega að í þessu efni, og þó er langt síðan farið var fyrst að hreyfa því máli, að kirkjan fengi eigið ráðgefandi þing varðandi löggjafarmálefni og annað slíkt, og er eitthvað fyllilega hálfrar aldar gamalt fyrsta frv., sem borið var fram hér á Alþingi varðandi stofnun kirkjuþings. En það varð ekkert af því, og á tímabili var svo látið nægja með lögum að ákveða kirkjuráð, sem er fimm manna ráð, stofnað samkvæmt sérstökum lögum, sem biskup hefur verið forseti fyrir og hefur verið ráðgefandi f. h. kirkjunnar um löggjafarmál varðandi kirkjustjórn og haft nokkurt vald einnig varðandi ýmis innri mál kirkjunnar, snertandi skipulagshætti þá, en vitanlega ekki neitt löggjafarvald. En á síðustu árum hefur mjög verið ýtt á það af hálfu herra biskupsins og fleiri áhugamanna innan kirkjunnar, að kirkjan fengi sitt þing, sitt ráðgefandi þing, og það frv., sem hér er borið fram af ríkisstj., er einmitt um þetta atriði. Biskupinn hefur verið mjög athafnasamur, bæði um að semja þetta frv. og sömuleiðis um að hvetja til þess, að málið kæmi hér fram á Alþingi nú, og hefur það orðið, eins og ég tók fram, að samkomulagi innan ríkisstj., að hún fyrir sitt leyti er þessu sammála og telur þetta rétt og eðlilegt, eins og nú er orðið skipað þessum málum.

Ég skal taka það fram, sem að vísu er óþarfi, af því að það kemur glöggt fram í frv. og þeim athugasemdum, sem fylgja, að lög þau, er nú gilda um kirkjuráð, eru algerlega tekin inn í þetta frv. og kirkjuráð því þar með sett undir yfirstjórn kirkjuþingsins og í raun og veru bara nokkurs konar framkvæmdastjórn, sem kirkjuþingið kýs varðandi þau málefni, sem því eru falin. Í raun og veru er hér um mjög litlar breytingar að ræða, því að efnislega má segja, að lögin um kirkjuráð séu svo að segja tekin óbreytt inn í þetta frv. um kirkjuþingið, þó að nokkrar smærri breytingar séu þar á.

Ég geri ráð fyrir, að ýmsir spyrji, hvað þetta muni kosta, og ég hef orðið var við það, að sumir voru hræddir um, að hér væri verið að setja upp mikið bákn, sem gæti orðið dýrt. En frv. er mjög hóflega orðað, og samkvæmt þeim athugunum, sem hafa verið gerðar í kirkjumrn., um það, hvað þetta mundi kosta ríkissjóð, eru það um 50 þús. kr. á ári með því peningagengi, sem nú er, og er þá gert ráð fyrir, að þingið komi saman annaðhvort ár, eins og ákveðið er í 1. gr. frv., og það hafi ekki lengri setu en ½ mánuð hvert skipti, eins og þar er líka gert ráð fyrir, þannig að heildarkostnaður við þingið annaðhvort ár verður þá um 100 þús. kr. eða um 50 þús. kr. á ári. Þetta taldi ég rétt að nefna hér, því að ég held, að það sé ekki tekið inn í sjálfar athugasemdirnar við frv.

Það eru hér fyrirmæli um, hvernig kosningum skuli hagað. Það er ekki ætlazt til, að hér sé um að ræða almennan kosningarrétt allra þeirra, er í þjóðkirkjunni eru, varðandi þetta mál, heldur að það séu prestar og sóknarnefndir, sem kjósi, og að í hverju þeirra 7 kjördæma, sem landinu er skipt í samkv. 2. gr. frv., verði kosnir einn prestur eða andlegrar stéttar maður og einn leikmaður, og er svo ætlazt til, að á kirkjuþingi eigi sæti þar að auki biskup og kirkjumrh.

Ég geri ráð fyrir, að hið háa Alþingi muni vera nokkurn veginn sammála um það, að rétt sé að verða við óskum kirkjunnar um þessa breytingu á starfsháttum sínum, sem hér er ráð fyrir gert. Það kostar ekki mikið fé, og þar sem er verulega mikill áhugi hjá kirkjunnar mönnum um að fá þessa skipan á, þá virðist mér, að á allan hátt sé rétt og eðlilegt að verða við þeim óskum. Kostnaðurinn er það lítill, að það getur alls ekki réttlætt það, að Alþingi sjái eftir því að verja þessu fé í þessu skyni, og yfirleitt held ég, að frv. sé samið þannig, að það séu ekki miklar líkur til, að það þurfi að gera miklar breytingar á því hér. Þó getur vel verið, að þær nefndir, sem fá málið til meðferðar, kunni að finna eitthvað, sem betur megi fara, og er sjálfsagt, að það sé athugað. Veit ég, að þeir, sem um þetta mál hafa fjallað, bæði á biskupsskrifstofunni og í kirkjumrn., eru fúsir þá til að athuga það með nefndunum og að sjálfsögðu viljugir til að gera þær breytingar, sem kynnu að benda á einhvern hátt á betri leið en hér er sagt fyrir um.

Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að fara fleiri orðum um þetta frv., en vil leyfa mér að leggja til, að því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til menntmn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Lax- og silungsveiði.

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um lax- og silungsveiði [8. mál] (stjfrv., A. 89).

Á 13. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, frv. til laga um lax- og silungsveiði, var að vísu útbýtt hér í þessari hv. d. síðast á þinginu í fyrra, en það var á síðustu dögum þingsins og var aldrei nein framsaga haldin um það á því þingi. En þó hófst þá strax samstarf milli landbn. þessarar d. og landbrn. um meðferð á málinu, eins og ég mun síðar koma inn á, og þess vegna er það, að ég vil flytja nokkra framsögu varðandi þetta mál, eins og það hefði ekki verið lagt fyrir þingið áður.

Það þarf ekki mörgum orðum um það að fara, að lax og silungur eru einhver dýrmætustu

hlunnindi okkar lands og hafa verið það allt frá því að sögur hefjast og byggð hófst hér í þessu landi. Svo er sagt í okkar fornu fræðum, að ár hafi allar verið fullar af fiski, þegar landnám hófst hér. Hvað sem um það er, þá er víst, að geysimikil fiskgengd bæði af laxi og silungi hefur verið hér í ám þá, en með tímanum hafa þessi hlunnindi mjög þorrið vegna ofveiði og vegna þess, að menn kunnu ekki að vernda þau á hinn rétta hátt. Ég hygg, að allir séu sammála um, að full nauðsyn og sjálfsagt sé að vernda þessi dýrmætu náttúruauðæfi sem allra bezt, vernda þau fyrir ofveiði, vernda þau gegn algerri eyðileggingu, sem því miður hefur átt sér stað í mjög mörgum veiðivötnum. Þau hafa verið barin upp, ef svo mætti að orði kveða, þ. e. a. s. veiðin hefur verið upprætt úr þeim. Öll löggjöf um þetta efni stefnir að sjálfsögðu að því að hindra slíka ofveiði, gera ráðstafanir til þess, að þessi náttúruauðæfi haldist, bæði til gagns fyrir íbúa landsins og sömuleiðis til skemmtunar, getum við sagt, sem er annar stór þáttur í þessum málum og ekki á heldur að telja lítils virði.

Mér finnst við eiga nú, af því að það er ekki gert í grg. frv. að neinu ráði, að gefa örstutt yfirlit um aðgerðir Alþingis frá fyrstu tíð varðandi þessi mál. Það skal verða gert í eins stuttu máli og unnt er, en mér virðist ekki óeðlilegt, að það geymist í Alþingistíðindunum nú, meðan Alþ. er að vinna að því frv., sem hér liggur fyrir og væntanlega afgreiðir það, ekki kannske endilega í þeirri mynd, er frv. hefur nú, að öllu leyti, en að frv. verði afgreitt, vonandi á þessu þingi, eða þá a. m. k. mjög fljótlega. En þá virðist mér alls ekki óeðlilegt, að það sé lauslega skýrt frá þeim aðgerðum, sem áður hafa verið gerðar varðandi þetta mál.

Ég hygg og hef það eftir fróðustu mönnum í þessum efnum, að ákvæði um lax- og silungsveiði hafi í raun og veru verið í gildi svo að segja strax eftir að Alþ. var stofnað í upphafi. Í Grágás eru ákvæði um samveiði, skiptingu veiði, og þar er að finna einnig fyrstu drög til friðunar á laxi og silungi, a. m. k. laxi. En í Járnsíðu og síðar í Jónsbók voru hliðstæð ákvæði. Og ákvæði í þessum lagabálkum hafa fyrst og fremst verið ætluð til að jafna veiði og jafnframt að koma í veg fyrir yfirgang, þannig að einn landeigandi gengi á rétt annars um þessa hluti, svo að það er nokkurn veginn ljóst, að forfeðrum okkar hefur tiltölulega fljótt orðið algerlega ljóst, að það varð með lögum að vernda þessi hlunnindi og koma á réttarskipan um þessi stórfelldu náttúruauðæfi, sem hér voru í þessum efnum.

Frá því að Jónsbók gekk í gildi og þangað til 1867 má segja að tiltölulega hljótt hafi verið um veiðimálin á Alþ., en það ár sendu 147 menn úr Mýra- og Hnappadalssýslu Alþ. bænaskrá um, að það tæki laxveiðimálin til meðferðar, þar sem laxveiði hafi farið í vöxt á undangengnum árum vegna nýhafins útflutnings á laxi og hlýðni við ákvæði um laxveiði væri þá minni en áður var, eins og segir í þessari bænaskrá þeirra.

Samþ. var á Alþ. þetta sama ár frv. til tilskipunar um friðun á laxi á Íslandi. Þetta frv. var í sjálfu sér á ýmsan hátt hið merkilegasta og hefur að nokkru leyti markað tímamót í störfum Alþ. um að friða og vernda þessi auðæfi. Í þessu frv. voru ákvæði um árlega friðun á laxi, um vikufriðun, friðun á gönguleiðum og friðun á smálaxi. Þá voru þar og ákvæði um bann við notkun vissra veiðitækja. Þar voru ákvæði um ákveðna möskvavídd, um frágang á fyrirstöðum, þar sem einhvers konar kistur eða slík veiðitæki voru, um lengd veiðivéla út í á, um sölubann á laxi utan veiðitíma, um refsiákvæði og um ófriðun sels í veiðiám og ósum þeirra. En þetta merkilega frv., sem borið var fram og Alþ. samþykkti og Íslendingar stóðu því að, fékk þau örlög, að stjórnin neitaði um staðfestingu á frv., og það varð af þeim ástæðum aldrei að lögum. En það sýnir engu að síður, hve langt menn þá voru komnir að skilja nauðsyn á mjög miklum friðunarráðstöfunum í þessu efni.

Aðeins nokkrum árum síðar, árið 1871, lagði stjórnin fyrir Alþingi nýtt frv. um laxveiði. Það líktist í aðalatriðum frv. frá 1867, en gekk þó skemmra um friðun en það í ýmsum greinum. Í því var þó eitt sérstaklega merkilegt nýmæli, að 60 faðma bil skyldi vera milli lagna eftir endilangri á, mætti aldrei hafa þær þéttari. Þessu frv. var eitthvað breytt af Alþ. og síðan samþykkt, en það fékk ekki staðfestingu konungs frekar en frv. frá 1867. Aðeins tveim árum síðar, 1873, er enn lagt fyrir Alþ. nýtt frv. um laxveiði, og það gekk enn skemmra í friðunarákvæðunum en frv. frá 1871. Frv. þessu var vísað frá, og mun það hafa verið gert m. a. vegna þess, hve friðunarákvæði þess voru ófullkomin, og alþm. hefur virzt af áður fenginni reynslu, að það tæki varla að taka málið til meðferðar á Alþ. þá, eins og farið hefði með þetta að undanförnu.

Árið 1875 er enn lagt fram frv. um laxveiði, og er þá flm. þess 1. þm. Þingeyinga. Líktist frv. um margt frv. frá 1873, og ákvæði um friðun gengu á engan hátt lengra en í því frv. T. d. voru í því frv. engin ákvæði um vikufriðun. En í þessu frv. kemur inn eitt merkilegt nýmæli, og það er um stjórn veiðimála, þar sem amtsráðum er heimilt að fengnum till. hreppsnefnda og sýslunefnda að breyta fyrri ákvæðum laganna eða kveða nánar á um veiði. Frv. var nú samþ. á Alþ., og er það samþ. sem viðaukalög við landsleigubálk Jónsbókar, 56. kapítula, um friðun á laxi. Þetta frv. er svo staðfest sem lög 11. maí 1876.

Á næstu árum koma fram ýmsar brtt. við þetta frv., sem þarna var samþykkt. T. d. ber þm. G-K., Grímur Thomsen, 1879 fram slíkt frv. En það dagaði uppi á þinginu, og varð aldrei neitt úr því. Árið 1881 er þetta laxamál enn til umr., og var þá borið fram frv., sem í ýmsum höfuðdráttum líktist lögunum frá 1876, þeim lögum, sem þá giltu, en voru þó nokkur nýmæli í. En konungur neitaði um staðfestingu á þeim lögum, sem Alþ. afgreiddi þá, og var málið því úr sögunni um sinn.

En svo er það árið 1885, að laxamálið er enn tekið upp á Alþ., og er það þá 2. þm. G-K., Þorkell Bjarnason, sem flutti frv. um friðun á laxi. Nefnd, sem fjallaði um þetta mál, samdi nýtt frv., er líktist meira lögunum frá 1876, og var

það samþ. með nokkrum breytingum. Þetta frv. hlaut staðfestingu konungs 19. febr. 1886. Það er þetta frv., sem gildir síðan sem heildarlög hartnær hálfa öld, eða til ársloka 1932. Í lögunum voru ýmsar merkilegar nýjungar, svo sem um 36 stunda vikufriðun. Skemmsta lengd milli veiðivéla skyldi vera 30 faðmar, ádráttarveiði takmörkuð, veiði með stingum og krókum bönnuð. Einnig voru þar allmörg ákvæði varðandi samveiði fleiri eigenda, sem saman áttu veiði.

Ég ætla nú ekki að fara að rekja það nákvæmlega, en það er hægt að segja, að mjög oft hafi verið bornar fram till. úr þessu til breytinga á löggjöfinni frá 1886. Strax á þingunum 1889 og aftur 1891 voru flutt frv. um laxveiðimál. Þar var lagt til að nokkru leyti að herða á friðunarákvæðunum og ýmislegt fleira, einnig um útrýmingu sels. Frv. frá 1889 dagaði algerlega uppi, og frv. frá 1891 náði ekki staðfestingu. Úr því má segja, að næstu 10 ár hafi Alþ. ekki sinnt þessum málum að því er virðist að neinu ráði.

Upp úr aldamótunum, 1901, er lagt fram frv. um laxveiði, sem Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur hafði samið með hliðsjón af frv. frá 1891. Það gekk nokkru lengra um friðun en í eldri löggjöf, en frv. varð ekki útrætt á þinginu og varð því ekki að lögum.

Það er víst óhætt að fullyrða, að fram á fyrsta tug þessarar aldar, 20. aldarinnar, hafi eingöngu verið hugsað um lagasetningu varðandi laxveiðar og útrýmingu óvinar hans, selsins. En árið 1909 voru fyrst sett lög um friðun silungs, og hlutu þau nafnið „lög um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðfarir í vötnum". Þau voru staðfest af konungi 30. júlí 1909 og voru í gildi til 1932, þegar allsherjarlöggjöfin var þá sett. Í þessum lögum var til dæmis veitt heimild til að gera samþykktir um friðun og veiði silungs, ef ⅗ veiðieigenda æsktu þess. Þar voru almenn ákvæði um friðun vatnasilungs að nokkru leyti. Frv. um útrýmingu sels var lagt fyrir Alþ. 1912 af 1. þm. Árn., Sigurði Sigurðssyni, og var það samþykkt og staðfest af konungi. Lögin voru heimildarlög og giltu til 1932, þegar löggjöfin kom þá.

Má nú telja, að hljótt hafi orðið um laxveiðimálin á Alþ. þar til 1917, að fram komu tvö frv. um laxveiði. Annað var um heimild handa ríkisstjórninni til að veita einkarétt til laxveiða í Faxaflóa frá netlögum út að landhelgislínu. Það frv. var fellt. Hitt var frv. til laga um laxveiði og var þá flutt af 1. þm. Reykv., Jörundi Brynjólfssyni, og þm. N-Þ., Benedikt Sveinssyni. Voru mörg merk nýmæli í þessu frv., og gengu flm. mun lengra í till. sínum en áður hafði verið gert. T. d. var lagt til, að vikufriðun yrði 84 stundir í viku, og það einkennilega er, að það er einmitt þessi vikufriðun, sem lögð er til nú í þessu nýja frv., sem hér liggur fyrir, því að hún hefur ekki verið svo löng í þeirri löggjöf, sem gilt hefur frá 1932. Í þessu frv. voru svo ákvæði um laxastiga og stjórn veiðimála. Frv. var ekki útrætt á þingi, en var vísað til ríkisstjórnarinnar og kom aldrei fram aftur.

Árið 1923 komu fram tvö mál, er vörðuðu laxveiði. Annað var um ófriðun sels í Ölfusá og hitt um undanþágu fyrir laxveiðieigendur í Ölfusá frá vikufriðun. Fyrra málið var fellt, en hið síðara samþykkt. Undanþágan frá vikufriðun var þó ekki lengi í gildi, því að samþykkt var á Alþ. árið eftir að fella hana aftur niður. En á þinginu 1921 kom fram frv. til vatnalaga, það hafði lengi verið í meðförum áður, stórt mál og mikið, og í þessu frv. var kafli um veiði í vötnum. Í gildi voru þá enn ákvæði landsleigubálks Jónsbókar um þetta efni. En í þessu frv. voru tvö merk nýmæli, annars vegar var ákvæði um, að ekki mætti skilja veiði frá landi, hins vegar, að netlög skyldu upp tekin í veiðivötnum. Frv. gekk ekki í gegn á þessu þingi og ekki heldur á þinginu 1922, en 1923 var það samþ. og staðfest.

Á þingunum 1928 og 1929 voru þrjú frv. varðandi veiðimál til umr. Frv. voru um ófriðun sels í Ölfusá, fiskræktarfélög og um friðun á laxi. Frv. um fiskræktarfélög hlaut samþykki Alþ. og var staðfest, en lög um fiskræktarfélög voru um margt merkilegt nýmæli. Í þeim voru fyrstu ákvæði í íslenzkum lögum um ræktun fisks í veiðivötnum, en áður höfðu lög aðeins náð til aðgerða, sem miðuðu að því að vernda fiskstofnana fyrir ofveiði. Þá er og þar tekið upp það nýmæli að miða félagssvæði við heil vatnakerfi í stað þess að miða við lögsagnarumdæmi, eins og gert var í lögunum frá 1886 og einnig í lögunum um silungsveiði frá 1909, og að veiðieigendur sjálfir skyldu hafa veg og vanda af félögunum án afskipta sýslunefnda, eins og ætlazt var til í þessum áðurnefndu lögum.

Setning laganna um fiskræktarfélög var upphaf að nýrri lagasetningu um veiðimál, enda var þá tími til kominn að taka löggjöf um veiði til endurskoðunar, þar sem lög um laxveiði voru orðin nær hálfrar aldar gömul og ástand hér á landi hafði tekið stórkostlegum breytingum á öllum sviðum, frá því að lögin voru sett. Auk þess vantaði löggjöf um margar hliðar veiðimála. Með bættum samgöngum jukust möguleikarnir á sölu á laxi og silungi, með þeim afleiðingum, að veiðin jókst fyrir aukið veiðiálag, þ. e. meiri og betri veiðitæki. Áhugi manna fyrir skipulagsbundinni veiði og fiskrækt fór því vaxandi. Um og eftir 1920 hófu Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands afskipti af veiðimálum. Árið 1925 fékk Búnaðarfélagið hingað austurríska vatnalíffræðing til rannsóknar á vatnafiski og veiðivötnum. Tveimur árum síðar tóku þessi félög upp samvinnu sín í milli um veiðimál og réðu þá Pálma Hannesson, síðar rektor, til starfa að sumrinu til við rannsóknir vatna og leiðbeiningar um fiskrækt. Forráðamönnum þessara mála varð það fljótt ljóst, að veiðilöggjöf hér á landi væri bæði ófullnægjandi og úrelt, og þyrfti ný og ýtarleg veiðilöggjöf að koma í hennar stað. Eftir tillögu Pálma Hannessonar lagði nefnd þessara félaga til við atvmrh., að skipuð yrði n. til að semja frv. til nýrrar veiðilöggjafar, og í nóv. 1929 var sú n. skipuð til að semja frv. til laga um „allt það, sem að veiði í vötnum og ám lýtur", eins og fram er tekið í skipunarbréfinu. Í nefndinni áttu sæti Pálmi Hannesson, sem var form., Jörundur Brynjólfsson alþm. og Ólafur Lárusson prófessor. Nefndin skilaði áliti sínu í frumvarpsformi, og var frv. lagt fyrir

þingið 1930 undir nafninu: „Frv. til laga um lax- og silungsveiði". Í frv. voru færð saman ákvæði um veiðimál, sem áður höfðu verið í fimm sérstökum lögum. Þeim ákvæðum var breytt og aukið stórlega við þau og ákvæðum um nýjar hliðar veiðimálanna bætt inn. Frv. var í 14 köflum, er fjölluðu um orðaskýringar, veiðirétt, skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur, friðun á laxi og göngusilungi, friðun vatnasilungs, veiðitæki og veiðiaðferðir, fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í veiðivötnum, fiskræktarfélög og ófriðun sels, stjórn veiðimála og eftirlit, styrkveitingar til fiskræktar, matsgerðir og skaðabætur, refsiákvæði og réttarfar og svo loks niðurlagsákvæði. Margt mjög merkra nýmæla var í þessu frv. Skulu hér aðeins nefnd þau helztu, svo sem bann við veiði í sjó á laxi, friðun göngusilungs, friðun vatnasilungs, ákvæði um mannvirkjagerð í veiðivötnum, um stjórn veiðimála og veiðieftirlit, styrkveitingar til fiskræktar, matsgerðir og skaðabætur og ýmislegt fleira.

Frv. þetta var ekki afgreitt á þinginu 1930, en það var tekið upp á tveim næstu þingum og var loks afgreitt sem lög frá Alþ. 1932, og voru þau það ár staðfest og skyldu taka gildi frá 1. jan 1933. Í meðförum þings voru gerðar margar breytingar á frv. Markverðasta nýjungin, sem í bættist, var nýr kafli um veiðifélög, sem felldur var inn í það, áður en frv. var lagt fyrir þingið 1931. Þýðing veiðifélaga fyrir veiðimálin í landinu hefur reynzt geysimikil. Þessi félög hafa skipulagt veiðina hvert á sínu félagssvæði, oftast með góðum árangri, og hafa auk þess dregið úr úlfúð milli veiðibænda, en veiðimál eru mörgum tilfinningamál, engu síður en hagsmunamál, og því deiluefni, sem oft verður að útkljá á ýmsan hátt.

Af mikilvægum nýmælum, sem voru í frv., þegar það kom fram 1930, og voru felld í meðförum þingsins, má nefna ákvæðið um skyldu kaupenda að verulegu magni af laxi til að gefa skýrslur um kaupin og ákvæði um bann við fjölgun veiðivéla í straumvötnum frá því, sem verið hafði áður, en fróðir menn telja, að ákvæði af þessu tagi hafi vantað mjög tilfinnanlega í veiðilöggjöfina nú að undanförnu. En með setningu laga um lax- og silungsveiði frá 1932 var mjög merkum áfanga náð í sögu veiðilöggjafarinnar hér á landi. Í stað hinna glompóttu og dreifðu ákvæða um veiðimál kom samfelld og ýtarleg veiðilöggjöf, sem að flestu leyti var sambærileg hliðstæðum lögum á Norðurlöndum, og í sumum atriðum var hún fullkomnari en á öðrum Norðurlöndum.

Frá því að lögin um lax- og silungsveiði voru sett 1932, voru 6 sinnum gerðar breytingar á þeim til ársins 1941. En allar breytingar voru þá felldar inn í lögin frá 1932 um lax- og silungsveiði. Árið 1937 voru samþ. á Alþ. lög um klaksjóð, þ. e. heimild fyrir ríkisstj. til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni. Var hér raunverulega um viðbót við lögin um lax- og silungsveiði að ræða, þó að þessi ákvæði væru nú í sérstökum lögum, en á næstu 11 árum var lögunum frá 1941 og lögum um klaksjóð breytt í sex skipti, svo að á rúmum 20 árum hafa 12 sinnum verið gerðar breytingar á þessari löggjöf. Flestar voru breytingarnar að vissu leyti smávægilegar, en 1954 kom fram frv. til breytinga á veigamiklum ákvæðum í lögunum og mátti vænta fleiri breytinga þá á næstunni. Þá var það, að þeim ráðherra, sem fór með þessi mál, virtist, að tími væri til þess kominn að taka lög þessi í heild til endurskoðunar, og bar í því efni margt til.

Mjög miklar breytingar hafa orðið í þjóðlífinu þau rúm 20 ár, sem liðin eru síðan lögin frá 1932 gengu í gildi, og aðstæður eru því orðnar mjög mikið á annan veg en þá var, en lögin voru vitanlega sniðin þá, eins og gefur að skilja, við yfirstandandi tíma. Viðhorfin í veiðimálum höfðu einnig breytzt. Veiðitæknin hafði aukizt mjög, stangarveiði hefur víða komið í staðinn fyrir netaveiði, félagsleg aðstaða hefur breytzt til mikilla muna, ný viðhorf hafa skapazt í fiskræktarmálum, eldi matfisks er hafið í tjörnum eða vötnum hér á landi, og áhugi fyrir álaveiðum hefur aukizt, svo að aðeins séu nefndar helztu breytingarnar á sviði veiðimála, sem orðið hafa á þessu tímabili. Það var þess vegna, að með bréfi, dags. 21. júlí 1954, skipaði landbrh. nefnd manna til að endurskoða lög um lax- og silungsveiði. Í nefndinni áttu þessir menn sæti: Pálmi Hannesson, sem var skipaður formaður, Björn Ólafsson fyrrv. ráðherra og alþingismaður, Gizur Bergsteinsson hrd., Gunnlaugur Briem skrifstofustjóri og Þórir Steinþórsson bóndi og skólastjóri í Reykholti, og skyldi nefndin hafa mjög náið samstarf við veiðimálastjóra um öll þessi mál. Nefndin yfirfór öll ákvæði íslenzkra laga um lax- og silungsveiði og kynnti sér jafnframt löggjöf ýmissa erlendra ríkja um veiðimál, einkum Norðurlanda og Stóra-Bretlands. Athugun þessi leiddi í ljós, að heppilegast væri að endursemja lögin um lax- og silungsveiði frá 1941, eins og þeim var þá steypt saman, frekar en að gera brtt. við þau, þar sem breyta þurfti mjög miklu og auka við þau. S. l. vor skilaði nefndin áliti sínu í frumvarpsformi, eða seint á þeim vetri, og frumvarpið var þá lagt fyrir Alþingi aðeins áður en það lauk störfum, eins og hv. alþm. muna. Það varð samkomulag um það milli hv. landbn. þessarar deildar og landbrn., að heppilegt væri að nota sumarið til þess að kynna frumvarpið sem bezt öllum þeim aðilum í landinu, sem mests hefðu að gæta í þessum efnum og vildu fylgjast með því. Varð það því að ráði samkv. till. landbn., að ráðuneytið sendi 78 aðilum frv. með ósk um, að það yrði athugað og látnar yrðu í té upplýsingar um, hvernig það líkaði. Sérstaklega kæmu fram athugasemdir um þau atriði frv., sem þeir aðilar væru móthverfir á einn eða annan hátt. Þetta var nú gert, og fylgir hér listi yfir þá, sem frumvarpið var sent, sem að sjálfsögðu verður látinn í hendur þeirrar nefndar, sem fær frv. hér til meðferðar nú. Hitt skal ég taka fram, að fá svör hafa borizt og ekki komið fram mótmæli enn. Það kunna að koma svör nú á næstunni, og það a. m. k. ýtir á eftir, þegar þessir aðilar vita, að nú er frv. á ný komið til meðferðar Alþ., ef þeir hafa einhverja sérstaka ástæðu til að vilja gera athugasemdir við það í því formi sem það er. En þessir aðilar, sem

hér er um að ræða, voru sýslunefndir í þeim sýslum, þar sem um sérstök veiðihlunnindi er að ræða, sem eru nú víst flest sýslufélög að meira eða minna leyti, og svo fiskræktarfélög, veiðifélög, Landssamband íslenzkra stangveiðimanna, stangveiðifélög og svo allmargir einstaklingar, sem þetta var sent einnig.

Ég lét svo nefndina, sem samdi frv., nú í haust, áður en Alþingi kom saman, yfirfara það að nýju. Voru gerðar á því lítils háttar breytingar, eitt nýmæli held ég hafi verið tekið inn í það, en yfirleitt voru það frekar leiðréttingar en verulegar breytingar, og í formi, sem það hafði eftir þá endurskoðun, er frv. flutt nú að nýju. Ég vil geta þess í þessu sambandi, að nefndin tók til meðferðar, hvort ekki væri hægt að gera hér eitthvað til að örva álaveiði. Áll er allmikill hér sunnanlands a. m. k. — við vitum ekki nákvæmlega um útbreiðslu hans — og sums staðar víst það mikill að talið er, að það geti vel borgað sig að veiða hann engu síður en víða erlendis. Þetta hefur aldrei verið gert, og sennilega kunnum við Íslendingar ekki að éta íslenzkan ál. Okkur þykir áll góður, þegar við komum út, og rífum hann í okkur þar. En ég vildi sérstaklega óska eftir því, að nefndin ræddi þetta mál við veiðimálastjóra og þá kannske aðra nefndarmenn, því að þeir voru með lauslegar till., sem þeir hefðu helzt hugsað sér að bætt væri inn í frv. sem sérstökum kafla varðandi álaveiði, en það var dálítið hrátt, og þótti ekki rétt á þessu stigi að setja það inn í frv., en þeir hafa nokkrar upplýsingar um þetta. Ég vildi aðeins nefna það. Þetta er nú víst orðin nokkuð löng framsaga.

Ég skal svo brátt láta máli mínu lokið, en vil þó, áður en ég hætti, með örfáum orðum aðeins nefna meginbreytingarnar í því frv., sem nú liggur fyrir, frá eldri löggjöf um þetta efni, þó að það náttúrlega komi hér fram við samanburð á eldri lögum og frv.

Helztu breytingarnar, sem ég vildi nefna í þessu sambandi, eru þá fyrst varðandi stangarveiðina. Það er hér lagt til, að þar sem lax og göngusilungur fer um, verði stangarveiði takmörkuð við þrjá mánuði og daglegur veiðitími á stöng verði 12 tímar og stangarveiði megi ekki viðhafa á þeim stöðum í ám, þar sem önnur veiðitæki eru notuð. Þá yrði stangafjöldi í veiðivatni ákveðinn af veiðimálastjórninni. Í raun og veru voru engin takmörk um stangarveiðina varðandi þetta í lögum áður, en það virðist hafa komið í ljós, að það má í raun og veru uppræta lax — kannske silung líka — í ám með stangarveiði einni, ef hún er notuð miskunnarlaust. Það var mönnum ekki eins ljóst fyrir aldarfjórðungi vegna þess, hve sú veiði var þá miklu minna notuð. Þetta eru því ný ákvæði hér, sem eiga að verða til þess, að ekki sé gengið of nærri heldur með stangarveiði.

Í öðru lagi er það varðandi netaveiðina. Hún er takmörkuð nokkru meir en áður. Það er lagt til, að vikufriðun verði lengd um 24 stundir í viku. Hún hefur verið 60 stundir, en nú er lagt til, að hún verði lengd upp í 84 stundir. Lengd lagna verði mæld frá árbakka, þ. e. a. s. ósbakka, lögnum verði ekki fjölgað frá því, sem nú er, og leyfi ráðherra þurfi til að nota girðingar, kistur og ádráttarnet. Þá hafi ráðherra heimild til að fækka lögnum í veiðivötnum, ef veiði þeirra eykst verulega vegna umbóta á veiðiútbúnaði. Nú er mikið um það talað, að ný net, nælonnetin, muni vera miklu veiðnari en þau tæki, sem notuð hafa verið áður, og af þeim geti stafað nokkuð mikil hætta. Það er a. m. k. athugunarmál fyrir staði eins og Mývatn, hvort þau geti ekki orðið allt of veiðifrek og eigi því þátt í jafnvel að uppræta silungsveiðina þar. Ég segi, að það er til athugunar. Þetta er allt svo nýtt, að við vitum ekki, hvað reynslan kennir okkur í þessu. Einnig eru þarna ákvæði um það, að þriðjungur af miðbiki straumvatna og helmingur ósasvæða verði friðaður fyrir föstum veiðivélum, og hið friðaða svæði nefnist gönguhelgi.

Þriðja atriðið, sem ég vildi nefna, er friðunartími fyrir silung í stöðuvötnum, hann verði ákveðinn sér fyrir hvert vatn á þeim tíma, sem hrygning fer þar fram, í stað þess að nú er sami friðunartími fyrir allt landið. Þá verði vald ráðherra til að setja reglur um takmörkun á veiði í stöðuvötnum aukin.

Fjórða atriðið er, að helztu breytingar frv. við gildandi lög um fiskræktarfélög og veiðifélög varða stofnun félaga, fundarboðun, atkvgr., frest til að vefengja stofnun félaganna. Þá voru sett skýrari ákvæði en áður um valdssvið fiskræktarfélaga til að setja veiðireglur og um arðskiptingu í veiðifélögum.

Í fimmta lagi er það, að lög frá 1937 um klakskjóð og lög frá 1953 um breytingar á klakskjóðslögunum eru felld inn í frv. með allmiklum breytingum.

Þá er gert ráð fyrir, að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við eftirlit með veiði og að ráðherra hafi vald til að skipa veiðieftirlitsmenn, sem kostaðir séu af félögum eða einstaklingum.

Í sjötta lagi er í frv. nýmæli um fiskeldi, m. a. um undanþágu til eldisstöðva frá ákvæðum frv. um veiðiaðferðir, veiðitæki o. fl., um varúðarráðstafanir, sem eldisstöðvum ber að viðhafa við vatnstöku úr veiðivatni, og um styrkveitingar til klak- og eldisstöðva.

Í sjöunda lagi er nýr kafli í frv. um innflutning á lifandi fiski og hrognum þeirra og um nauðsynlegar sóttvarnir til að koma í veg fyrir, að næmir fisksjúkdómar berist til landsins eða breiðist út innanlands í eldisstöðvum eða þá í náttúrunni almennt.

Þetta eru þau sjö ákvæði, sem telja verður að séu merkustu nýmæli eða breytingar frá eldri löggjöf. Það áttunda er svo álaveiðarnar, sem er ekki, eins og ég tók fram áðan, tekið inn í sjálft frv., en óskað er eftir að hv. n. og d. taki til meðferðar.

Ég hef nú í stuttu máli — þó kannske of löngu — reynt að lýsa sögu þessara veiðimála í mjög stórum dráttum frá fyrstu tíð og jafnframt með örfáum orðum minnzt á meginbreytingarnar í þeirri löggjöf, sem er gert ráð fyrir að breyta frá eldri lögum.

Ég þarf ekki að taka það fram, að að sjálfsögðu er ég til viðtals við hv. nefnd, sem fær frv. til meðferðar, hvenær sem er, en þó mun

vera miklu betra fyrir hana að hafa sem nánast samstarf við veiðimálastjóra og aðra fróðustu menn í þessum efnum, því að það tel ég mig í raun og veru ekki vera. En ég hygg, að eins og vandað var til löggjafarinnar frá 1932, þar sem ágætir menn störfuðu þá að þessu og þ. á m. einn okkar allra færasti lögfræðingur, Ólafur Lárusson prófessor, þá megi segja, að eins hafi verið vandað til þessarar endurskoðunar. Sátu ágætir lögfræðingar í þeirri nefnd, sem gáðu að þeirri hlið málsins, og svo auk þess fróðir menn á annan hátt, eins og form. nefndarinnar o. fl., svo að ég vænti, að formshlið málsins hljóti að vera sæmilega borgið á allan hátt.

Hitt er mjög líklegt, að það séu skiptar skoðanir um einstök atriði þessa frv. Ég hygg, að aldrei hafi verið borið fram hér á Alþingi frv. um þessa hluti öðruvísi en það hafi skipt nokkuð í tvö horn, enda er það kannske ekki óeðlilegt. Hér er um þannig mál að ræða, bæði hagsmunamál margra einstaklinga og jafnframt mikið tilfinningamál á margvíslegan hátt. Nú er orðið um tvo stóra hópa að ræða. Annars vegar stangveiðimennirnir, sem mjög hafa eflzt upp á síðkastið og leigja veiðivötnin og greiða miklar fúlgur fyrir oft. Hins vegar eru þeir, sem í héruðunum búa og stunda þá veiðina aðallega með netum eða á annan hliðstæðan hátt. Nokkur togstreita er á milli þessara aðila og hlýtur sennilega alltaf að verða, og nauðsynlegt er einmitt, að þess verði gætt í löggjöf eins og þessari, að þar verði sem minnst á hvorugan aðilann hallað í þessu efni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Nefndaráliti og brtt. frá meiri hl. landbn., á þskj. 544 og 545, var útbýtt 24. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Mannanöfn.

Á 13. fundi í Ed., 4. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um mannanöfn [85. mál] (stjfrv., A. 94).

Á 14. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem kunnugt er, eru nú í gildi um mannanöfn lög frá 1925, sem höfðu þann aðaltilgang að banna ættarnöfn, þ. e. a. s. koma í veg fyrir, að tekin væru upp ný ættarnöfn, og leiða til þess, að verulegur hluti af þá viðurkenndum ættarnöfnum félli niður. Þessi lagasetning, sem kom í stað fyrstu mannanafnalaganna, er sett voru 1913, var mjög umdeild á sínum tíma, en hefur sannast sagt ekki náð þeim tilgangi, sem ætlað var. Að vísu hefur ekki, frá því að lögin frá 1925 voru sett, verið heimilað að staðfesta ný ættarnöfn, en alkunnugt er, að mikill fjöldi nýrra ættarnafna hefur verið tekinn upp á þeim árum, sem síðan eru liðin, og telja fróðir menn, að þau nöfn, sem þannig hafa verið tekin upp og notuð eru án heimildar í lögum og beint gegn lögum, skipti hundruðum og það séu nú þúsundir manna, sem beri þessi ólöglegu ættarnöfn, auk þess sem alls ekki hefur verið fylgt því ákvæði l., að niður féllu smám saman hin eldri ættarnöfn sum, þannig að börnum, sem fædd væru eftir þann tíma, væri óheimilt að taka upp ættarnafn foreldra sinna. Því ákvæði hefur ekki heldur verið fylgt né hefur eftir því verið farið, sem ákveðið var, að gefin skyldi út skrá um óþjóðleg og óheppileg eiginnöfn, sem síðan átti að vera til leiðbeiningar prestum um það að synja að skíra börn slíkum nöfnum, svo að ljóst er af því, sem ég hef nú sagt, að lögin frá 1927 hafa nánast sagt verið dauður bókstafur. Eftir þeim hefur alls ekki verið farið í framkvæmd. Auðvitað má ásaka stjórnvöldin fyrir það að hafa ekki farið eftir þessum lögum, en þá hygg ég, að það mundi brjóta í bága við hugmyndir alls almennings, ef tekið væri nú að elta menn með málsóknum fyrir þessar sakir.

Það var því skoðun mín að athuguðu máli, að telja yrði lögin frá 1925 óframkvæmanleg, svo að án tillits til þess, hvort menn út af fyrir sig væru sammála meginstefnu þeirra um bann við ættarnöfnum eða ekki, þá þýddi ekki að hugsa til framkvæmdar þeirra að svo komnu. Ég fékk því nokkra góða menn til þess að taka að sér endurskoðun þessarar löggjafar, og voru það þeir Alexander Jóhannesson prófessor, Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari, Þorsteinn Þorsteinsson fyrrverandi hagstofustjóri og Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari, — ég fékk þá til þess að taka að sér endurskoðun nafnalöggjafarinnar og semja frv. að nýjum lögum um þessi efni, og liggja tillögur þeirra fyrir í frv. til laga um mannanöfn, sem nú er til umræðu, og fylgir því frv. allýtarleg grg., þar sem bæði er gerð grein fyrir sögulegum aðdraganda þessa máls, sem sagt hvernig nafnarétti hafi verið háttað hér á landi, og síðan er ýtarleg grein gerð fyrir þeim breytingum, sem eru í frv. frá fyrri ákvæðum, og loksins gerð grein fyrir einstökum ákvæðum frv., svo sem tíðkanlegt er.

Ég skal ekki rekja efni frv. eða grg. nema að litlu leyti. Þess ber þó að geta, að nm. voru ekki að öllu leyti sammála. Þorsteinn hagstofustjóri vildi ekki ganga eins langt í því og meðnm. hans að banna óþjóðleg eiginnöfn í framtíðinni og er enn fremur ívið hlynntari ættarnöfnum en þeir hæstaréttardómararnir. Aftur á móti greinir hæstaréttardómarana og Alexander Jóhannesson ekki á um eiginnöfnin, en Alexander Jóhannesson hefur sérstöðu varðandi ættarnöfn og vill helzt banna þau, a. m. k. upptöku nýrra nafna, og

stuðla að því, að hin eldri nöfn geti að mestu leyti, að því er mér skilst, fallið niður smám saman. Lögfræðingarnir tveir, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson, sem var form. nefndarinnar, eru hins vegar sammála öllum ákvæðum frv. eins og það nú liggur fyrir, og hafði n. áður rætt við mig um meginefni frv., og get ég lýst því yfir, að ég er sammála þeim dómurunum í tillögum þeirra og tel, að þeir nafi einmitt hitt á réttan meðalveg í þessu vandasama, en mikilvæga máli.

Sú regla á að haldast, sem hefur verið í lögum, hvað sem um framkvæmd hennar hefur verið, að eiginnafn á að vera íslenzkt og rétt að lögum íslenzkrar tungu. Það má hvorki vera hneykslanlegt né klaufalegt né með öðrum hætti þannig að gerð eða merkingu, að til ama verði þeim, sem það ber. Þetta er nokkuð öðruvísi orðað, en að meginefni til það sama og í gildi hefur verið. En nýjung er það, sem segir í 3. og 4. mgr. 2. gr., þar sem tekið er fram, að eiginnafn má ekki vera þannig lagað, að kennt sé til nafns annars manns, hvort heldur nafnið er haft í eignarfalli eingöngu eða í eignarfalli að viðbættum orðunum son eða dóttir. Ekki má gera löglegt ættarnafn að eiginnafni.

Þetta eru nýjungar. Það mundi þannig t. d. vera óheimilt að skíra barn Karl Kristjánsson Jónsson til dæmis. Ef menn vildu láta skíra í höfuðið á okkar ágæta þm. S-Þ., yrðu þeir að láta sér nægja að taka einungis hans nafn og skíra barnið Karl, en það mætti ekki taka föðurnafnið með. Eins mundi vera óheimilt t. d. að skíra barn Sigurður Briem. Það mundi verða óheimilt að skíra barnið ættarnafni. Hvort tveggja þetta hefur verið nokkuð tíðkanlegt, en talið er, að bæði sé það móti réttum lögum tungunnar og eins að þetta valdi ruglingi í ættfærslu og réttum skilningi á ættartengslum manna.

Þá er ráðgert, að í stað þess að áður átti að gefa út skrá yfir þau nöfn, sem ekki mætti skíra, — en sú skrá hygg ég að hafi aldrei verið samin, a. m. k. hefur hún ekki verið endurnýjuð, hafi hún einhvern tíma verið gerð í fyrstu, en ég hygg þó að hafi aldrei verið gerð, — er nú ætlazt til þess, að samin sé skrá yfir góð og gild nöfn, sem verði mönnum til leiðbeiningar. Enn fremur er ráðgert, að prestar fái vitneskju um það með nokkrum fyrirvara, hvaða nafni eigi að skíra barn, þannig að þeir geti áttað sig á því, hvort þeir telji eitthvað athugavert við nafnið, og er ráðgert, að það kunni að verða ágreiningur um nafngjöfina, og er þá heimilt að skjóta slíkum ágreiningi til svokallaðrar mannanafnanefndar, sem á í þessum efnum að hafa sumpart fullt úrskurðarvald og sumpart að verða til leiðbeiningar dómsmrn. En þessi mannanafnanefnd er samkv. 21. gr. skipuð þremur mönnum, og eiga þar að sitja tveir kennarar heimspekideildar og einn kennari í lögfræði við Háskóla Íslands, en dómsmrn. á að velja þá.

Þá segir í 10. gr., að lögleg ættarnöfn, sem íslenzkir ríkisborgarar bera nú, megi haldast. Þetta er veruleg breyting frá því, sem nú er í lögum, vegna þess að eins og ég tók fram, áttu hin nýrri ættarnöfn smám saman að leggjast niður eftir l. frá 1925. En svo segir í 2. mgr. 10. gr., að eftir að lög þessi öðlast gildi, er óheimilt að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi, nema dómsmrn. hafi veitt leyfi til þess, enda hafi mannanafnanefnd samþykkt ættarnafnið. Það er sem sagt í huga manna að standa á móti ættarnöfnum, en hafa þó þarna vissa heimild til þess að leyfa upptöku þeirra, og kemur af því, að mönnum þykir reynslan hafa sýnt, að óframkvæmanlegt sé með löggjöf að stöðva upptöku ættarnafna og þá sé betra að reyna með skynsamlegum ráðum að hafa áhrif á það, bæði að ekki sé farið sérstaklega geyst í þeim efnum og þó ekki síður að þau nöfn, sem valin verða, séu rétt að lögum tungunnar. Segir um það í 11. gr., að ættarnöfn skuli vera íslenzk og rétt að lögum íslenzkrar tungu. Ekki er heimilt að taka upp ættarnafn, sem annar maður hefur áður öðlazt rétt til að bera eða er svo líkt því nafni, að villu geti valdið. Ekki má gera eiginnafn, sem tíðkað er í landinu, að ættarnafni, og eigi heldur nöfn, sem enda á orðinu son, og mundi það ekki skipta máli, t. d., þó að menn kölluðu sig Björnson eða Albertson, eins og dæmi eru til, — það yrði óheimilt engu að síður sem ættarnafn. En það þykir fróðum mönnum, að slík nöfn verði til ruglings varðandi ættfræði og það sé betra, að nafnið sjálft beri beinlínis með sér, að um ættarnafn sé að ræða, ef það á annað borð er fyrir hendi.

Mér er auðvitað ljóst, að sá annmarki kann að fylgja þessum ákvæðum um takmarkaða heimild til að leyfa ættarnöfn, að óvíst er, að menn treysti sér til að framkvæma þau fyrirmæli frekar en þeir framkvæmdu ákvæðin um algert bann, og þess vegna kynni svo að fara, að hér yrði um dauðan bókstaf að ræða svipað og þann, sem í gildi hefur verið, en þó ætti hættan á þessu að vera minni og menn, ef þeir á annað borð geta fengið ættarnöfn löggilt, að fást til þess að sækja um löggildingu og sætta sig þá við þær takmarkanir, sem settar verða að fróðra manna dómi, hvers eðlis nöfnin skuli vera.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að rekja efni frv. Eins og ég gat um, er ýtarleg grg. og röksamleg, sem frv. fylgir, og geta menn þar áttað sig á einstökum atriðum þess og málinu í heild. Ég efast ekki um, að frv. sé til stórra bóta frá því, sem verið hefur, ef tekst að framkvæma það svo sem efni standa til.

Ég vil þó geta þess — og skýt því til hv. nefndar — að mér hefur verið bent á, að athuga þyrfti ákvæði frv. að því er varðar, um hverja það skuli gilda, hvort ætlazt sé til, að það gildi eingöngu um íslenzka ríkisborgara og þá án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir, hvort það er hér á landi eða annars staðar, eða hvort ætlazt er til, að það taki til allra manna, sem hér á landi eru búsettir, og þá án tillits til þess, hvort þeir eru íslenzkir ríkisborgarar eða ekki. Fyrirmæli frv. um þetta eru ekki nægilega glögg, geta valdið ágreiningi, og er nauðsynlegt, að nefnd, helzt í samráði við semjendur frv., taki það atriði til sérstakrar íhugunar.

Að svo mæltu vil ég leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntamálanefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 94, n. 139).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Menntmn. d. hefur haft þetta frv. til meðferðar nú um tíma. Vildi hún ekki flaustra málinu af og hefur því ekki skilað áliti fyrr en nú fyrir skömmu.

Þetta er að áliti n. mjög merkilegt mál og til bóta frá því, sem verið hefur. Eins og grg. frv. ber með sér og hæstv. menntmrh. skýrði frá við 1. umr. málsins hér, er frv. samið af nefnd, sem menntmrh. skipaði til þess, og áttu sæti í henni þeir Alexander Jóhannesson prófessor, Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari, Þorsteinn Þorsteinsson fyrrverandi hagstofustjóri og Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari, og var Þórður Eyjólfsson formaður nefndarinnar. Allir þessir menn eru kunnir og viðurkenndir hæfir menn hver á sínu sviði og fræðimenn einmitt í þeim fræðum, sem í þessu efni koma sérstaklega til greina, sem er lögfræði að einu leytinu og svo íslenzk tunga. Frv. fylgir ýtarleg grg., sem samin er af þessari n., auk þess skýrði hæstv. menntmrh. frv. allýtarlega, þegar hann flutti framsöguræðu sína hér, og má að mestu leyti vísa til þessa tvenns, grg., sem hv. þm. geta lesið, og ræðu ráðh., sem þm. hér í þessari d. hafa hlustað á.

Eins og gefur að skilja, fjallar þetta frv. einkum um tvö atriði, reglur um það, hvernig börnum verði gefið nafn, þ. e. a. s. eiginnafn, og aftur að öðru leyti um ættarnöfn. En reglur eru settar um það og ráðstafanir gerðar til þess samkv. frv., að nöfn séu valin í samræmi við íslenzka tungu. Enn fremur má það til nýmæla telja í frv., að skylt er að gefa barni nafn innan ákveðins frests, sem ekki hefur verið nú lengi, og eru dæmi til þess, að börnum hefur ekki verið gefið nafn fyrr en um leið og þau hafa verið fermd. Enn fremur verður það að teljast til nýmæla, að prestum á að gefa vitneskju um það með töluverðum fyrirvara, hvaða nafn barnið á að hljóta, til þess að gefa honum ráðrúm til að gera tillögur um annað nafn, ef honum þykir það fara í bága við íslenzka tungu eða vera óheppilegt eða hneykslanlegt.

Þá eru ákvæði hér um ættarnöfn, sem samkv. frv. á að vera leyfilegt innan vissra takmarka að taka upp. Um þetta atriði hefur orðið ágreiningur í þeirri n., sem undirbjó frv. Meiri hluti þeirra manna, sem undirbjuggu frv., vill innan vissra takmarka leyfa það, að ættarnöfn séu tekin upp, og hefur menntmn. fallizt á þá skoðun algerlega, eins og sjá má á nál. hennar á þskj. 139. Það má að vísu játa, að viðkunnanlegast væri, að allir Íslendingar héldu hinum góða og gamla sið að kenna sig til föður síns, en hins vegar er ekki hægt að ganga fram hjá því, að þetta er ekki gert. Með l. frá 1925 var bannað að taka upp ný ættarnöfn, þó að leyft væri, að gömul ættarnöfn héldust. En bæði var það vitað áður og er einnig upplýst í grg. þessa frv., að það hefur fjöldi ættarnafna verið tekinn upp síðan í algerðu heimildarleysi, og stjórnarvöld landsins, hver sem þau hafa verið á þeim 30 árum, sem liðin eru, hafa ekki skorizt í leikinn um þetta. Meira að segja stjórnarvöldin hafa viðurkennt þessi nýju nöfn með því, að þau hafa verið tekin upp í skýrslur, undirskrift manna, sem bera þau, eru tekin gild undir hvers konar skjöl, og jafnvel ríkisstj. veitir fólki, opinber störf og embætti með þessum nöfnum.

Það virðist því vera svo, eins og með svo margt annað, sem almenningi finnst vera það einkamál, að hið opinbera eigi ekki að hafa veruleg afskipti um það, að það hefur ekki verið hægt að framfylgja þessum lögum. Meira að segja menn hafa verið í stjórn landsins síðan þau voru sett, sem hafa verið andstæðingar ættarnafna, en samt ekki gert neinar ráðstafanir til þess, að l. væri hlýtt.

Menntmn. d. hefur fallizt á það sjónarmið að viðurkenna þessa staðreynd og leyfa, að ættarnöfn séu tekin upp, en með eftirliti, þannig að þau brjóti ekki í bága við lögmál íslenzkrar tungu, og væntir þess, ef svo verður gert, að menn geti unað því eftirliti, sem fyrirskipað er samkv. frv., og leyfi sér ekki að taka upp alls konar ónefni sem ættarnöfn á móti lögum og rétti, m. ö. o., að það sé betra að slá hér af og framfylgja svo lögunum en að slá ekki af og láta hvern gera eins og honum þóknast eftir sem áður. Það mætti auðvitað hugsa sér þá leið að gera nú nýjar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að menn tækju upp ættarnöfn, beita einhvers konar þvingunum og refsingum ef til vill, en n. er ákaflega hrædd um, að það færi eins og fyrr, að menn gæfust upp á því og ættarnafnasiðurinn mundi eitthvað halda áfram eftir sem áður. Þess vegna finnst henni réttara að fallast á frv. að þessu leyti.

Þó að menntmn. fallist að mestu leyti á frv., vill hún þó leggja til að gera á því tvær breyt., og er nú ekki nema önnur þeirra veruleg efnisbreyting. Í 7. gr. frv. segir:

„Hver maður, sem ekki hefur löglegt ættarnafn, skal kenna sig til föður síns, þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum komi nafn föður í eignarfalli, að viðbættu orðinu son, ef karlmaður er, en dóttir, ef kvenmaður er."

Nú vitum við það allir, að útlendar konur, sem giftast Íslendingum, kenna sig til föður mannsins yfirleitt, ef hann hefur ekki ættarnafn. Þetta er látið óátalið og hefur alltaf verið látið óátalið, og ég er sannfærður um, að það verður látið óátalið. Og hví þá ekki að leyfa það beint í lögum? Hitt er svo aftur óþarfi, að gera slík heiti að ættarnöfnum, þannig að börn hjóna og barnabörn, sem hlut eiga að máli, megi taka upp nafnið sem ættarnafn. Þess vegna leggur n. til, að við 7. gr. bætist:

Útlend kona, sem gift er Íslendingi, er ekki hefur ættarnafn, má þó kenna sig til föður eiginmannsins á sama hátt og hann. Ekki tekur þetta þó til barna þeirra. — Ætti reyndar að standa í staðinn fyrir „barna": niðja þeirra.

Ég er sannfærður um það fyrir mitt leyti, að það er ekki hægt að þvinga konu, sem svona stendur á um, til þess að kalla sig dóttur föður síns.

Hin brtt., sem n. leggur til að gerð sé við frv., er um það, að dómsmrn. skuli setja reglugerð um nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. N. lítur svo á, að þó að frv. sé ýtarlegt og ætti ekki mjög að orka tvímælis, þá sé þó réttara og öruggara að kveða nánar á um ýmis atriði með reglugerð.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Ed., 5. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 94, n. 139, 142, 143).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langa grg. fyrir minni hugsun viðvíkjandi mínum brtt. Ég lít þannig á, að það sé ekki rétt að fara að gefa mönnum undir fótinn með það að taka upp ættarnöfn eða beint leyfi til þess að taka þau upp, eins og er í frv. Ég tel, að allir Íslendingar eigi að hafa þá virðingu fyrir foreldrum sínum, að þeir vilji kannast við þau og séu ekki að reyna að fela sitt rétta faðerni með því að taka upp gervinöfn, og það opinbera eigi ekki heldur að hjálpa þeim til þess. Þess vegna eru brtt. mínar fólgnar í því að fella úr frv. þær gr., sem lúta að því að leyfa mönnum að taka upp ættarnöfn. Eina undantekningu vil ég þó láta vera mögulega, og það er viðvíkjandi mönnum, sem af erlendu bergi eru brotnir og hafa ættarnafn frá fæðingu og fá hér íslenzk ríkisborgararéttindi. Ég vil lofa þeim að halda sínum nöfnum eða hafa ættarnöfn, þó þannig, að þeim sé þá breytt þannig, að þau falli rétt og slétt inn í íslenzkt mál, og þar vil ég láta dómsmrn. koma til eða rn. og mannanafnanefndina um að úrskurða, hvernig þeim skuli breytt. Að öðru leyti vil ég ekki hafa ættarnöfn með okkar þjóð.

Ég vil segja það viðvíkjandi þeim mótbárum, sem ég hef heyrt gagnvart þessu, að það séu svo og svo margir menn hérna kannske innan þingsins, sem beri ættarnöfn óleyfilega, og að ríkisstj. hafi flaskað á því að veita mönnum embætti á fölsku nafni, óleyfilegu fölsku nafni, og það oftar en einu sinni, — viðvíkjandi því vil ég segja það, að þótt einhver hafi einhvern tíma verið þjófur eða gert eitthvað rangt og brotið einhver lög, þá er ekki þar með sagt, að það eigi að afnema lögin. Þvert á móti vil ég a. m. k., þegar slíkt kemur fyrir, vænta þess, að þeir embættismenn, sem þar eigi hlut að máli og áttu að sjá um, að l. gömlu um mannanöfnin væri hlýtt, bæti ráð sitt og þeir nýju menn, sem upp vaxa og taka við og eiga að sjá um, að þessum l. verði hlýtt, líði það ekki, að tekin séu upp þegjandi og hljóðalaust ættarnöfn af Pétri eða Páli, svo að menn kalli sig eitthvað, sem enginn kannast við né þekkir.

Enn fremur finnst mér vanta inn í l. ákvæði um það, að þegar menn breyti um nafn löglega, sé manntalsskrifstofan látin fá vitneskju um það. Það kann að liggja í hlutarins eðli, að stjórnarráðið eigi að gera það, og mundi kannske gera það annað slagið. A. m. k. er það svo nú með bæjarnöfn, þegar tekin eru upp ný bæjarnöfn eða breytt um bæjarnöfn, að það kemur auglýsing frá stjórnarráðinu, venjulega með nokkurra ára millibili, um þau nýju nöfn, sem upp hafa verið tekin, og oft ekki fyrr en ári og árum eftir að nafnið er orðið viðurkennt af örnefnanefndinni, sem um það sér, og búið að vera í munni manna langan tíma. Alveg eins gæti farið með mannanöfnin. Það gæti meira að segja farið svo, að maður missti atkvæðisrétt, af því að hann væri ekki kominn inn í manntalsskrána með réttu nafni eða að það yrði dregið svo að tilkynna það, og þess vegna vil ég fá inn í lögin ákvæði um það, að þegar ný nöfn komi, hver sem þau eru, nafnbreytingar verða, þá sé það tilkynnt.

Út á þetta ganga mínar brtt., og ég held, að það sé auðskilið. Það kann vel að vera, — þær voru gerðar í flýti, — að það þurfi að breyta einhverju fleiru í l. til samræmis við það, en það er þá hægast að gera það við 3. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hæstv. menntmrh. fyrir að hafa valið jafnágæta menn sem hann hér hefur gert til þess að undirbúa þetta mál. Svo og þakka ég þeim mönnum fyrir það verk, sem þeir hafa lagt í undirbúning frv., og segi ég það alveg eins fyrir því, þó að ég sé ekki sammála öllum atriðum, sem koma fram í málinu. Hér er tvímælalaust um svo merkilegt mál að ræða, að það ber að þakka þá viðleitni, sem hæstv. ráðh. og nm. hafa gert til þess að komast að sem beztri niðurstöðu.

Hér er um mál að ræða, sem á margan hátt hefur áhrif á ekki einungis tunguna, heldur og á frelsisbaráttu þjóðarinnar, og hefur miklu meiri áhrif á það, en margur gerir sér ljóst, hvort vér verðum færir um að vernda tungu landsins um ókomnar aldir og þar með sjálfstæði þess eða hvort einmitt þetta kann smátt og smátt, áður en vér vitum af, að blandast erlendum áhrifum, unz vér þekkjum ekki lengur uppruna málsins og gleymum því, að tungan er fyrsta og sterkasta vígið gegn hvers konar árásum á sjálfstæði lands og þjóðar.

Þessi sannindi voru sjálfstæðishetjum þjóðarinnar jafnan kunn, og því er það, að þeir, sem tóku að sér það hlutverk að endurheimta sjálfstæðið á sínum tíma, byrjuðu á því að hreinsa tunguna, að útrýma úr málinu sem mestu af erlendum orðum og einkum orðum úr því tungumáli, sem talað var af þeirri þjóð, sem sat yfir rétti Íslendinga um aldir. Og án þess að þetta hefði verið gert, er ljóst, að þjóðin hefði aldrei fengið frelsi sitt.

Engin mótstaða gegn sívaxandi niðurlægingu þjóðarinnar og sívaxandi ágengni á rétt hennar var eins áhrifarík og neitun klerka og kennimanna með allan þorra alþýðunnar að baki sér um að flytja guðsorð í dómkirkju landsins á erlendu máli og skipa þannig tungu vors eigin lands á hinn óæðri bekk, eins og réttindum þess hafði verið skipað um aldir.

Ég hygg, að það verði erfitt að finna nokkurt eitt einstakt atriði, sem hefur verið jafnmikill þröskuldur fyrir því að ganga á rétt þjóðarinnar og einmitt þetta, þegar litið er í gegnum söguna. Á þeim tíma þótti það ákaflega fint að bera

ættarnafn, kalla sig „sen", hvort sem var um karl eða konu að ræða, og láta nafnið bera sem óþjóðlegastan blæ bæði í ræðu og riti. Þá fylgdist hér oftast að þetta þrennt: útlend nöfn, ístran og yfirlætið. Og þá var það ekkert af þessu, sem bjargaði þessari þjóð frá því að verða undir í hinni hörðu baráttu fyrir frelsi sínu og menningu, heldur allt annað.

Þeir ágætu fræðimenn, sem hafa samið þetta frv., marka skýrt og alveg ákveðið stefnu sína í þessu máli í upphafi 2. kafla grg., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við samningu frv. þessa hefur n. gert sér far um að haga efni þess þannig, að mannanöfn nái þeim höfuðtilgangi sínum að vera nægilega glögg og áreiðanleg auðkenning þjóðfélagsþegnanna, svo að komizt verði hjá þeim ruglingi og réttaróvissu í samskiptum einstaklinga, sem óreglulegar nafnbreytingar og ófullkomin nafnalöggjöf hefur í för með sér.

Í öðru lagi eiga ákvæði frv. að miða að því, að nöfn íslenzkra manna séu í samræmi við íslenzka tungu og þannig valin, að hvorki verði að þeim málspjöll né þau verði þeim, sem bera þau, til ama eða óþæginda."

Hér er mörkuð alveg skýr stefna í upphafi, eins og sjá má af því, sem ég hef hér lesið. En þessi stefna er þó enn skýrar mörkuð í 1. mgr. 2. gr. frv., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eiginnafn skal vera íslenzkt og rétt að lögum íslenzkrar tungu."

Hér eru meitlaðir í örstuttri setningu svo skýrir drættir, að eigi verður um villzt, hvað við er átt. Hér er af frábærri snilld þjappað saman svo að segja öllu því efni, sem segja þarf úr meginefni frv., og flest af því, sem fylgir í eftirfarandi greinum um eignarnöfnin, hefði alveg eins mátt setja í reglugerð, svo örugglega ristir þessi eina setning línurnar, sem hvergi verða brotnar, nema gengið sé beint á móti lagaboði. En svo skeður það því miður, að fylking þessara ágætu manna rofnar og það svo, að í síðari hluta frv. brjóta þeir bókstaflega niður það, sem þeir hafa byggt upp í fyrri hluta þess. Minnir þetta óhugnanlega á hersveit, sem sótt hefur fram, byggt upp sterk varnarkerfi, en verður svo síðar að hopa og sprengja upp á flóttanum eigin verk og allt, sem hún hefur gert. Flóttans gætir strax í upphafi hjá einum nefndarmanna, herra Þorsteini Þorsteinssyni fyrrverandi hagstofustjóra, eins og sést á bls. 8. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Einn nm., Þorsteinn Þorsteinsson, lætur þess getið í sambandi við ákvæði 2. gr. frv., að enda þótt hann áliti það rétta stefnu, að eiginnöfn séu þannig löguð, að þau fari sem bezt í íslenzku máli, þá telur hann samt of langt gengið í upphafi greinarinnar, þar sem segir: „Eiginnafn skal vera íslenzkt og rétt að lögum íslenzkrar tungu" — því að með því sé gengið of nærri frelsi manna til þess að velja börnum sínum nöfn."

Hann vill hér strax víkja frá þeim rétti að leyfa mönnum að velja börnum sínum þau nöfn ein, sem eru ófrávíkjanlega íslenzk og rétt að lögum íslenzkrar tungu. Óðruvísi verða þessi ummæli ekki skilin. Hann lítur beinlínis þannig á, að hér eigi í fyrsta sæti að setja tilfinningar og vilja einstakra manna og tunguna í annað sæti. Hann segir hér einnig, að einkum sé það bagalegt, ef maður hefur tekið tryggð við nafn manns, er honum hefur verið kær, en nafnið fullnægir ekki þessum skilyrðum. Hér vill hann láta meira ráða tryggðina við nafnið en rétt tungunnar í þessu máli. En það er vitanlegt, að tryggð er hægt að taka við nafn, þó að það sé alveg gagnstætt íslenzkri tungu. Ég skal m. a. benda á, að mér er kunnugt um, að eitt barn var skírt „Laxfossminni". Ég geri ráð fyrir, að það verði erfitt að sanna, að það uppfylli þá kröfu, sem gerð er hér í 1. mgr. 2. gr., en það er enginn vafi á því, að minningarnar, sem bundnar eru við undirkomu telpurnar og svo kannske við uppeldi hennar, geta verið þannig, að móðirin og jafnvel faðirinn einnig vilji ekki undir neinum kringumstæðum láta þetta nafn fara úr ættinni. Ég lít svo á, að slíkar tilfinningar eigi að víkja fyrir rétti tungunnar. (*Dómsmrh.:* Var þetta kvenmannsnafn?) Laxfossminni, já, það var kvennmannsnafn, það var telpunafn. Ég geri ráð fyrir því út af fyrir sig, að eftir að þessi lög verða samþ., ef þau verða samþ. hér á Alþ., þá muni ekki fást leyfi til að skíra slíku nafni. Það er svo annað mál, að það mætti þá kannske taka það fyrir utan lög og rétt, eins og gert er um ættarnöfn, og skal ég koma að því síðar.

Annars fallast meðnefndarmenn Þorsteins ekki á þetta. Þeir líta beinlínis svo á, að hér eigi réttur tilfinninganna að víkja fyrir rétti tungunnar. Og þetta er fullkomlega rétt ályktun, því að það verður aldrei hægt að færa fyrir því rök, að tilfinningarnar eigi að ráða hér meiru um en tungan, þó að það sé reynt að gera það af einum nefndarmanni. Hann vill orða þessa grein þannig: „Miða skal að því, að eiginnöfn séu með íslenzkum svip og særi ekki málsmekk almennings". Þegar þessi setning er borin saman við þá setningu, sem samkomulag hefur orðið um að setja í 2. gr., þá sést, hver reginmunur er hér á afstöðu þessara manna. Og ég fagna því, að meiri hluti n. hefur þó fallizt á að marka þá stefnu, sem mörkuð er í 2. gr. og ég hef lýst, í stað þess að marka hana svo loðið sem tillaga Þorsteins Þorsteinssonar ber með sér, þótt hins vegar hafi því miður verið vikið frá henni síðar.

Þegar kemur að ættarnöfnum, verður flóttinn frá hinni yfirlýstu stefnu nefndarmanna enn augljósari. Vilja þrír af nefndarmönnunum, að leyft sé að taka upp ættarnöfn með tilteknum skilyrðum, og vill einn þeirra þó ganga mun lengra inn á þá braut en hinir tveir. Hins vegar vill fjórði nefndarmaðurinn ekki, að þetta sé leyft, og færir fram sterk rök fyrir máli sínu, og þó vill hann hopa nokkuð til samkomulags, því miður. Það er engan veginn nein tilviljun, að það er prófessor í málum, sem hefur þá sérstöðu að vilja ekki leyfa að taka upp aftur ættarnöfn. Honum er eðlilega ljós hættan fyrir tungu landsins vegna sérþekkingar sinnar á málinu, og því ber að taka meira tillit til hans í þessu máli en til allra hinna þriggja, að mínu áliti, hversu prýðilegir menn sem hinir þrír eru, hver á sínu sviði. En fyrir þessu sýnist hv. menntmrn. loka

augum sínum, því miður. Þessi afstaða meiri hluta n. stangast algerlega á við þá yfirlýsingu, sem n. hefur gefið í upphafi í athugasemdunum, því að með því að leggja til að leyfa að taka upp á ný ættarnöfn er horfið frá þeim höfuðtilgangi frv. að gera auðkenningu þjóðfélagsþegns nægilega glögga og þó einkum frá því, að nafn íslenzkra manna verði í samræmi við íslenzka tungu, því að það er útilokað að sameina þetta tvennt, að halda ættarnöfnunum, eins og lagt er til í frv., og að ættarnöfn, eins og segir í 11. gr., skuli vera íslenzk og rétt að lögum íslenzkrar tungu. Það fer ekki saman, eins og raunverulega prófessor Alexander Jóhannesson hefur réttilega bent á í sínu séráliti, þar sem hann segir m. a., að ættarnöfnin séu aldrei beygð samkvæmt íslenzku máli, og vitað af reynslunni, að þar fer hann með rétt mál, því að ættarnöfnin, hversu vel sem þau verða valin, verða aldrei í samræmi við íslenzka tungu, meðal annars vegna þess, að þau eru aldrei, hvorki í eintölu né fleirtölu, beygð í samræmi við lögmál tungunnar.

Rök meiri hlutans fyrir þessu undanhaldi eru sem hér segir:

1) Að reynslan hafi markað afstöðu þeirra. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Reynsla sú, sem hefur fengizt af ákvæðum um ættarnöfn í núgildandi lögum, hefur öðru fremur markað afstöðu okkar til nýrrar lagasetningar á þessu sviði.“

Þetta er eitt, sem orsakar það, að þeir hopa frá sinni eigin yfirlýsingu.

2) Að lögin eru dauður bókstafur. Þeir segja einnig hér: „Eins og gerð var grein fyrir hér að framan, hefur bann við notkun ættarnafna í l. nr. 54/1925 að miklu leyti verið dauður bókstafur og engan veginn náð tilgangi sínum.“

3) Ólögleg ættarnöfn eru notuð í 30 ár. „Í þá þrjá áratugi, sem lögin hafa verið í gildi, hefur notkun ættarnafna, sem eiga ekki stoð í lögunum, verið látin viðgangast átölulaust af hálfu allra þeirra ríkisstjórna, sem á þeim tíma hafa setið að völdum. Tekur þetta bæði til hinna fjölmörgu nýju ættarnafna, sem menn hafa tekið sér á þessum áratugum án stoðar í lögum, og einnig til óheimillar notkunar á ættarnöfnum þeim, sem upp voru tekin með stjórnarráðsleyfi á árunum 1915—1925.“

4) Almenningsálitið er þessu ekki mótfallið. Þetta er ein ástæðan, og út af því segja þeir hér: „Ekki verður séð, að almenningsálitið hafi verið sérstaklega andstætt þessu afskiptaleysi stjórnvalda.“

5) Stjórnarflokkarnir hafa ekki krafizt framkvæmda. Mér finnst þessi ástæða dálítið einkennileg, en ég kem að því síðar. Hér er sagt: „Flokkar þeir, sem að ríkisstjórnunum hafa staðið, virðast ekki hafa krafizt þess af þeim, að þeir framfylgdu l. að þessu leyti, og opinberrar gagnrýni frá andstæðingunum hefur ekki gætt. Þeir menn, sem nú bera ættarnöfn án stoðar í lögum, munu skipta þúsundum.“

6) Erfitt er að framkvæma lögin og afnema ólögleg nöfn með málshöfðun. Ég skal nokkuð koma að því seinna, enda sést það í mínum till., að ég tel, að það sé enginn vandi að koma hér á ákveðinni reglu, og tel, að það sé engin þörf á að höfða mál á þessa menn til þess að laga þetta atriði, eins og ég skal koma að síðar, er ég ræði um þá tillögu í sambandi við framkvæmdirnar.

7) Óheppilegt er að hafa í gildi lög að formi til. Þetta er síðasta atriðið. Eru þetta rök, sem eru skiljanleg frá sjónarmiði lögfræðinga og dómara, en ekki er hægt að beita gegn þessu máli, og mundi það gersamlega kippa fótum undan framkvæmdavaldinu, ef nota ætti sér þetta almennt í löggjafarmálum. Ef afnema ætti öll lög, sem banna eitt eða annað í þjóðfélaginu, bara af því að þau lög eru dauður bókstafur eða þau eru brotin almennt, kæmist þjóðin í mikinn vanda. Skal ég m. a. benda hér strax á skattalögin. Ég hef sjálfur barizt fyrir því, að þau væru afnumin, ekki af þeirri ástæðu, að þau væru brotin. (Gripið fram í.) Nei, lögin um tekju- og eignarskatt. Ég hef barizt fyrir því, að þau væru afnumin, ekki vegna þess, að þau hafi verið svo mikið brotin, þó að ég hafi fært það sem eina ástæðu fyrir því, heldur vegna þess, að ég tel þau hættuleg fyrir þjóðfélagið efnahagslega. En það hafa ekki verið talin nægileg rök til þess að afnema þau lög, að þau eru brotin svo að segja af hverjum einasta þegni þjóðfélagsins. (Gripið fram í.) Þetta væri gott fordæmi, en það hefur ekki verið fallizt á það af þinginu, og munu þó þau lög hafa verið brotin miklu meir en lögin um ættarnöfnin, og er þar enginn samanburður á. En fyrir þá einu sök er ekki hægt að krefjast þess, að lögin séu afnumin. Sama er að segja um lögin um bifreiðaeftirlit, hversu mikið eru þau ekki brotin daglega? Hver vill láta afnema þau fyrir það? Það verður að metast á hverjum tíma, hvort brotin sjálf yrðu þyngri á vogarskálunum eða nauðsynin til að halda l. uppi, og ég fyrir mína parta álít, að hér sé svo mikið í húfi, að það sé miklu þyngra á vogarskálunum að halda við þeim lögum, sem hafa verið sett um nafntöku á Íslandi, þó að þau hafi verið brotin, heldur en að spilla tungunni með ættarnöfnum, enda engum erfiðleikum bundið að láta framfylgja lögunum. Þremenningarnir viðurkenna þó, að það sé góður og æskilegur siður að taka ekki upp ættarnöfn. Og þetta sama viðurkenndi hv. frsm. menntmn., því að hann tók það sérstaklega fram, en hann eins og þeir svignar fyrir því, að l. séu brotin. Vænti ég, að þegar hann athugar mína till. í sambandi við framkvæmdirnar, þá fallist hann og n. á að breyta afstöðu sinni og gefa a. m. k. nokkurn frest til þess að sýna, hvort þær till. geti ekki komið betra skipulagi á málin en nú er. N. segir, að um þetta eigi menn að hafa frjálsan ákvörðunarrétt. Hvar eru takmörkin fyrir því, hvar menn eiga að hafa frjálsan ákvörðunarrétt eða löggjöfin á að grípa inn í? Ég fullyrði, að löggjafinn grípur inn í mörgum sviðum, þar sem minni ástæða er til þess að grípa inn í en hér er gert. Ef menn viðurkenna það, sem n. sjálf hefur viðurkennt í upphafi, að nöfn skuli vera íslenzk og rétt að lögum íslenzkrar tungu, þá á að samþykkja till. mínar. Sé það hins vegar ekki viðurkennt og það sé sama, hvernig fer um mál-

ið, horfir málið allt öðruvísi við, og þá samþykkja þeir menn frv. óbreytt, því að þeir líta þá svo á, að tungunni sé engin hætta búin af frv., þótt að lögum verði, og þó álíta þeir, að nauðsynlegt sé að hafa sterkt eftirlit með framkvæmd l., og komast því í mótsögn við sjálfa sig. Þeir komast algerlega í mótsögn í seinni hluta frv. við það, sem þeir hafa byggt upp í fyrri hlutanum, og ummæli þeirra í síðari hluta 2. kafla í aths. stangast alveg á við fyrri hlutann, og má það raunverulega merkilegt heita um jafnágæta menn og hér hafa unnið að.

Einn úr meiri hlutanum, Þorsteinn Þorsteinsson, vill þó ganga hér miklu lengra, svo sem hann og vildi í sambandi við eiginnöfnin. Hans sérstaka álit er sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta: „Sérstaða mín varðandi ættarnöfn gagnvart meðnefndarmönnum mínum, Jónatan Hallvarðssyni og Þórði Eyjólfssyni, er aðallega í því fólgin, að ég er persónulega hlynntari ættarnöfnum heldur en þeir, því að ég tel þau mjög mikilvæg til þess að auðkenna menn umfram það, sem unnt er með eiginnöfnum einum og kenningu til föður.“ Hann segir hér enn fremur: „Þar með er fengin miklu fullkomnari auðkenning á þjóðfélagsþegnunum en unnt er að fá með kenningu til föður aðeins.“ Þetta er alveg misskilningur. Þegar komnir eru margir Sigurðar Briem, margir Ólafar Thors, margir Kjarval, bæði með sömu fornöfnum og sama eftirnafni, hvað er það skýrari greining á þjóðfélagsþegnum en þegar notuð er sú regla, sem nú er, að ég nú ekki tali um, þegar farið er að taka inn nöfn kvenna og gerbreyta þeim, þannig að enginn veit, hverrar ættar þær eru. Allt það, sem Þorsteinn Þorsteinsson færir fram hér í sinni rökfærslu, fær ekki staðizt undir neinum kringumstæðum. Þjóðfélagsþegninn er tvímælalaust miklu betur auðkenndur með því kerfi, sem almennt er notað hér á Íslandi, og er miklu betur auðkenndur sem Íslendingur en nokkurrar annarrar þjóðar þegn, ef haldið er því kerfi, sem við höfum haft hingað til, og að taka upp ættarnöfn og leyfa þau á þann hátt, sem hér er lagt til, er til þess að rugla þetta, en ekki til þess að gera það auðveldara.

Þorsteinn Þorsteinsson lítur svo á, að yfirleitt sé tungan í engri hættu, þó að allt verði hér fullt af útlendum ættarnöfnum. Og það er einmitt þetta, sem á að gera út um hér í Alþingi. Aðeins þeir menn, sem fylgja frv. eins og það er, eru á þeirri skoðun, að það sé engin hætta á því. Ég er hins vegar á allt annarri skoðun. Ég fylgi hins vegar alveg skoðun prof. Alexanders Jóhannessonar, að það sé mjög mikil hætta á því, ef þetta sé leyft, að tungunni sé mjög hætt, enda hefur það og verið skoðun meiri hl. Alþingis, þegar rætt hefur verið um nafnbreytingu á þeim mönnum, sem hér hafa fengið íslenzkan ríkisborgararétt. Um þetta hefur staðið mjög mikil deila á hverju einasta ári, og meiri hl. Alþingis hefur ávallt komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri sjálfsagt að setja þetta skilyrði vegna tungunnar og það sé sú minnsta fórn, sem þessir menn geta fært til þess að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt, að verða að taka upp annað nafn. Það má því merkilegt heita, ef Alþ. nú gengur frá þessu frv. óbreyttu eins og það liggur hér fyrir. Er alveg óþarfi fyrir mig að eyða miklum tíma í að skýra þetta frekar, svo augljóst sem það er, að tungunni er einmitt hætta búin, ef ekki er spyrnt hér við fótum, eins og viðurkennt er reyndar af öllum nefndarmönnum, að undanteknum þá helzt Þorsteini Þorsteinssyni.

Afstaða prof. Alexanders Jóhannessonar til þessara mála er allt önnur, eins og sést á hans séráliti. Hann segir hér, með leyfi hæstv. forseta: „Ég hef unnið með meðnefndarmönnum mínum að samningu þessa frv. Eins og frv. ber með sér, er gert ráð fyrir, að Íslendingar geti tekið sér ættarnöfn, en þess krafizt (11. gr.), að þau skuli vera íslenzk og rétt að lögum íslenzkrar tungu. Þó að tekið sé fram í lögum frá 1925, að ættarnöfn megi enginn taka sér eftir þann tíma, hefur ættarnöfnum fjölgað mjög á síðustu 30 árum, og má áætla, að nú séu um 1100 ættarnöfn í landinu, og hefur engin tilraun verið gerð til að beita refsiákvæðum áðurnefndra laga gegn þeim, er tekið hafa sér ættarnöfn, síðan þau lög voru samin.“ Hann segir hér enn fremur: „Meginþorri allra íslenzkra ættarnafna sýnir, að þau eru engan veginn rétt að lögum íslenzkrar tungu.“ Og ég geri ráð fyrir, að það verði erfitt að hrekja þessa fullyrðingu prófessorsins. „Flest íslenzk ættarnöfn eru málspjöll,“ segir hann, „og munu þau, er tímar líða, valda skemmdum á tungu vorri, t. d. á þann hátt, að tvö föll verða notuð í stað fjögurra, eins og þróunin hefur orðið í öðrum germönskum málum. Má sjá þess dæmi daglega, í hverju íslenzku blaði og heyra í ríkisútvarpinu, að ættarnöfn eru beygingarlaus.“ — Þetta eru hans rök, og þau hafa ekki verið hrakin hér eða af öðrum meðnefndarmönnum. Svo segir hann enn fremur: „Þau munu slæva tilfinningu vandaðs máls og flýta fyrir margs konar mállýtum. Tign íslenzkrar tungu er m. a. fólgin í því, að hvert íslenzkt orð er gagnsætt á þann hátt, að menn skilja, hvernig merking orðs var hugsuð, og er því meira en hljómur einn, sem menn nema við endurtekna notkun. Oss Íslendingum ber því að halda vörð um geymd hins dýrasta arfs, er vér höfum fengið frá forfeðrum vorum.“ Þetta er skoðun prof. Alexanders Jóhannessonar á málinu, og það er enginn vafi á því, að ef frv. er samþ. eins og það liggur fyrir hér, verður ekki haldinn eins sterkur vörður um hinn dýra arf, sem prófessorinn minnist á í grg.

Ég skal láta þetta nægja almennt um frv., en ætla mér að fara hér nokkrum orðum um brtt. mínar. Ég hef lagt til á þskj. 142, í 1. brtt., við 6. gr., að 2. mgr. falli niður, en þar stendur: „Ef barn er ættleitt, eftir að því var nafn gefið, má í ættleiðingarbréfi gefa því nýtt eiginnafn í stað hins fyrra eða til viðbótar nafni, sem það hefur áður hlotið.“ Ég sé enga frambærilega ástæðu til þess að hafa þetta í lögunum. Ég sé ekki neina þörf á því, að barn þurfi að missa nafn sitt og taka annað nafn, þó að það sé ættleitt, enda eru engin frambærileg rök færð fyrir því.

Ég hef lagt til í 2. till., að 9. gr. falli niður, en hún hljóðar svo: „Þegar kjörbarn er ættleitt af hjónum eða karlmanni eingöngu, má ákveða í

ættleiðingarbréfi, að það sé kennt til kjörföður með sama hætti og í 7. gr. segir. — Ef barn er ættleitt af konu eingöngu, má ákveða í ættleiðingarbréfi, að það kenni sig til föður hennar.“ Ég sé heldur enga ástæðu til þess að leyfa slíkt, þó að ættleiðing fari fram.

Ef ákveðnir foreldrar vilja ekki ættleiða barn, nema það breyti um nafn, þá fylgir ekki mikill hugur máli í sambandi við ættleiðinguna.

Ég skal ekki dvelja lengur við þessar tvær brtt.

3. brtt. mín er við 10. gr., er verði 9. gr. og orðist svo: Lögleg ættarnöfn, sem íslenzkir ríkisborgarar bera nú, mega haldast. — Ég tel, að það sé rétt, að hin löglegu ættarnöfn megi haldast, en lögleg ættarnöfn eru ekki önnur en þau, sem hafa verið tekin upp fyrir 23. sept. 1925. Öll ættarnöfn, sem tekin eru eftir þann tíma, eru ólögleg í landinu, og þau eiga þess vegna ekki að leyfast, og það er sú minnsta krafa, sem Alþ. getur gert, að þau nöfn, séu látin niður falla, sem hafa verið og eru enn í dag ólögleg. Þess vegna hef ég einnig lagt til, að bætt yrði við greinina: „Eftir að lög þessi öðlast gildi, er óheimilt að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi.“ Þegar atkvgr. fer fram um þessa brtt., er raunverulega úr því skorið, hvort þessi hv. d. vill fallast á, að hér sé haldið áfram ættarnöfnum eða ekki.

4. brtt. er, að í stað 10.—16. gr. komi 2 nýjar greinar, er verði 10. og 11. gr. og orðist svo:

a) Þeir íslenzkir ríkisborgarar, sem tekið hafa ólögleg ættarnöfn, skulu hafa lagt þau niður fyrir árslok 1956 og kennt sig við föður samkvæmt fyrirmælum 7.—9. gr. þessara laga. — Það er eðlilegt, að þessi krafa sé gerð ef Alþ. ætlast til þess, að ekki séu tekin upp ættarnöfn. Sé hins vegar ætlazt til þess, að þau séu tekin upp, eiga þeir að uppfylla þau lagaákvæði, sem sett verða, en fallist hv. Alþ. á það að taka ekki upp ættarnöfn, þá á að krefjast þess, að ættarnöfn séu lögð niður, og það er enginn vandi að koma því í framkvæmd og það án málshöfðunar, ef till. mín undir b-lið verður samþ., en hún er sem hér segir:

b) Eigi má rita ólöglegt nafn íslenzks ríkisborgara á vegabréf, skírteini, kjörskrá, manntal eða nein önnur opinber gögn, og undirskrift íslenzks ríkisborgara er ógild undir hvers konar gerninga, nema nafn hans sé löglega tekið. — Þetta eru nægileg viðurlög, og þarf þá ekki að fyrirskipa neina málshöfðun. Hver heldur áfram að kenna sig ólöglegu nafni, ef hann fær það ekki ritað á þau skírteini, sem hann þarf að nota í lífinu? Enginn. Ef maður ætlar að ferðast til útlanda, fær hann ekki vegabréf nema með sínu rétta nafni. Og sama gildir um áritun á víxla í bönkum og ávísanir, að þær skulu því aðeins gildar, að nöfnin séu skráð rétt. Nafn aðila kemst ekki á kjörskrá, ekki á manntal, nema það sé löglega skráð. Og hvers vegna á þetta ekki að gilda um ættarnöfn alveg eins og skírnarnöfn? Ef ég í dag í staðinn fyrir að skrifa nafnið Gísli Jónsson skrifaði mig Magnús Pétursson, mundu áreiðanlega bankarnir, þar sem mitt rétta nafn stæði á víxlum eða öðrum gerningum, neita að taka við endurnýjun slíkra skjala, nema þau væru undirrituð með löglegu nafni mínu. Hér er frá mínu sjónarmiði einföld og örugg aðferð til þess að tryggja það, að menn taki ekki upp röng nöfn, hvorki sem eiginnafn né sem ættarnafn, og sé þetta ekki tekið upp, er engin trygging fyrir því, að menn taki ekki upp í þúsundatali ólögleg ættarnöfn, þó að þessi lög verði samþykkt, og einnig ólögleg eiginnöfn, því að það er vitað, að þótt prestar skíri börn ákveðnum nöfnum, hafa þau sum tekið allt önnur nöfn, bæði í daglegu tali og jafnvel í undirskrift, og kalla sig allt annað en þau eru löglega skírð, en það mundi fyrirbyggja það, ef slík ákvæði sem þessi yrðu sett inn í lögin. Og mér finnst nú, að hvort sem frv. yrði samþ. með þeim kafla um ættarnöfnin og þeim takmörkunum, sem þar eru sett, eða ekki, þá ættu þessi viðurlög að vera lögtekin, það ætti a. m. k. að setja hömlur á, að farið yrði lengra en lögin takmarka á þessu sviði.

5. brtt. mín er við 17. gr., sem verður 12. gr., þ. e., að 4. mgr. falli niður. Það er til samræmingar á því, ef búið er að samþykkja, að ekki megi taka upp ættarnöfn, og þarf ekki skýringar við. — 18. gr., sem verður 13. gr., falli einnig niður. Það er til samræmingar, þarf ekki heldur frekari skýringa við. — 19. gr. falli einnig niður. Það er einnig til samræmingar; ef ekki er leyft að taka upp ættarnöfn yfirleitt, er gr. óþörf. Í 24. gr., sem verður 18. gr., falli 2. mgr. niður, sem er einnig til samræmingar, ef ekki er leyft að taka upp ættarnöfn.

Ég vil svo enda þessi orð mín með því að benda á, að þótt þetta frv. verði samþ. óbreytt, opnar það möguleika fyrir því, að menn haldi áfram að kalla sig ólöglegum og óleyfilegum nöfnum, og bætir ekkert úr ástandinu frekar en nú er, og raunverulega væri þá miklu eðlilegra frá mínu sjónarmiði að hafa sérstaka nefnd, eins og hér er ætlazt til, til þess að leiðbeina mönnum um nöfn og ekkert annað, sem gæti að sjálfsögðu haft nokkur áhrif, en mundi þó engan veginn hafa eins djúp áhrif og löggjöf, sem sett yrði með þeim takmörkunum, sem ég hef hér bent á.

Mér þætti ekkert óeðlilegt, að hv. menntmn. óskaði eftir að fresta þessari umr. og athugaði till. eftir þær umr., sem hér hafa farið fram, til þess að sjá, hvort hún geti ekki fallizt á eitthvað af þeim brtt., sem hér eru gerðar, nema því aðeins að hún hafi, síðan hún gaf út nál., haldið fundi um till. og komizt að þeirri niðurstöðu, að þar skuli engu að hennar áliti breytt. Ég vil aðeins skjóta þessu fram til hv. formanns nefndarinnar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er að vonum, að mönnum sýnist nokkuð sitt hvað um þetta frv. Það er vitað, að það hefur löngum verið deiluefni, hvort hér ætti að hafa ættarnöfn eða ekki. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar, að heppilegast sé að forðast ættarnöfn eftir föngum. Hins vegar verð ég að játa, að reynslan er sú, að ættarnöfn eru orðin þáttur af íslenzku máli og íslenzkri sögu. Það er ómögulegt að neita því. Það eru svo margir góðir Íslendingar, sem uppi hafa verið á seinni öldum og borið hafa ættarnöfn, að ekki er hægt

að segja, að ættarnöfnin séu óþjóðleg lengur, hvað sem í fyrstu kann að hafa verið. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að betur færi, ef sem fæstir hefðu ættarnöfn og tækju ættarnöfn, og ég vona, að hættan á almennri upptöku ættarnafna sé úr sögunni, að menn telji það vera metnaðarmál og til sóma fyrir Íslendinga að halda sínum gamla nafnasið. Ég tel, að löggjöfin eigi að stuðla að því, að þeim nafnasið sé haldið, en ég held, að hún eigi ekki að færast það í fang, sem henni hefur reynzt ógerningur, að ætla að koma með einföldu lagaboði í veg fyrir það, að menn taki upp og haldi ættarnöfnum, þeir sem það endilega vilja, ef þeir gera það með þeim hætti, að fullnægt sé réttum lögmálum tungunnar. Ég vil engan veginn gera jafnlítið úr því og hv. þm. Barð. (GíslJ), hvort löggjöf er fylgt eða ekki. Ég held þvert á móti, að einn aðalvandinn, sem hvílir á löggjafa hverju sinni, sé að átta sig á, um hvað þýðir að setja lög. Það eru ýmis efni þjóðlífsins slíks eðlis, að löggjöf um þau verður dauður bókstafur. Löggjöfin verður að vera í samræmi við réttarhugmyndir þjóðarinnar, til þess að nokkur von sé til, að henni verði framfylgt í raun og veru. Og það er eftirtektarvert, að þótt nú sé búið að vera bann við ættarnöfnum í þrjá áratugi, hefur fjöldi manna tekið upp ný ættarnöfn á þessu tímabili og fjöldi manna látið undir höfuð leggjast að fella niður ættarnöfn, svo sem þeir hefðu átt að gera samkvæmt l. frá 1925. Og ég minnist þess ekki, að nokkru sinni hafi hér á Alþ. komið fram svo mikið sem aðfinning gegn því, að þessi háttur hefur verið hafður á. Að vísu var fyrir nokkru borin fram fsp. um framkvæmd laganna. Það var sagt þá, hver hún væri. Ég hygg, að ekki hafi verið að því fundið, ekki í umr., a. m. k. ekki með ályktun, að framkvæmdin hefur verið jafnlinleg og raun ber vitni. Og nú, þegar hafizt er handa um endurskoðun löggjafarinnar, kemur frumkvæðið að því ekki frá Alþingi eða þeim, sem óánægðir hafa verið með það, að linlega hafi verið að farið, t. d. af stjórnarandstöðu eða af áhugamönnum í andstöðuliði ættarnafna, heldur er það ráðherra, sem hefst handa, af því að honum er illa við að eiga að halda uppi löggjöf, sem allir vita að er gersamlega dauður bókstafur. Ég vil alls ekki fallast á, að þessi sjónarmið séu einskis eða lítils virði. Ég held einmitt, að þau sýni, að hér hefur löggjafinn færzt meira í fang en hann var maður til að annast um framkvæmd á. Ég geri hins vegar ekki ráð fyrir því að sannfæra þá, sem eru hatrammir á móti ættarnöfnum. Þetta er meira smekks- og tilfinningaratriði en beinar röksemdir hafi þar áhrif. Ég skal að vísu játa, eins og ég hef sagt, að sjálfur er ég á móti ættarnöfnum, en ég tel aðeins, að löggjöfin í því formi, sem hún hefur verið, sé gagnslaus og þess vegna eigi að breyta til. Aftur á móti játa ég, að það er dálítið til í því, sem hv. þm. Barð. sagði, að sú hætta kann að vera á, að þótt þetta frv. yrði samþ. og gert að lögum, kynnu menn að halda áfram að taka upp og halda ættarnöfnum, sem ekki væri leyfi fyrir. Einmitt þess vegna tel ég, að það þurfi að athuga brtt. hans betur, þær sem fjalla um viðurlög við því, ef menn hafa ólöglegt ættarnafn. Ég vildi biðja hv. n. um að athuga þetta, annaðhvort með því, að umr. nú yrði frestað, eða brtt. þessar yrðu teknar aftur til 3. umr. og þessi atriði rædd við n., sem undirbjó frv., og eftir atvikum haft samráð við mig um málið, ef nefndinni sýndist það réttara.

Ég er því sammála, að það er tiltölulega þýðingarlítið að vera að setja nú löggjöf að nýju, ef hún á að verða sami dauði bókstafurinn og verið hefur. Ég tel raunar minni hættu á því með þetta frv. en lögin, vegna þess að hér er opnaður möguleiki til þess, að vísu takmarkaður, en þó opnaður, að menn geti tekið upp ættarnöfn, aðeins á að fylgjast með því, að þau séu rétt að lögmáli tungunnar. Og fyrir fram mætti mega vænta þess, að menn sættu sig við að lúta þeirri leiðbeiningu. Ég játa, að það er þó engan veginn víst og að öruggara getur verið að hafa einhverjar slíkar reglur, þær sömu og hv. þm. stingur upp á eða einhverjar hliðstæðar. Ég er að minnsta kosti fús til þess að athuga það af minni hálfu og vonast til þess, að hv. menntmn. beri sig saman við semjendur frv. um það. Vera kann þó, að þær séu of einstrengingslegar, ef svo mætti orða, og viss vandkvæði koma hér á. Ég játa það t. d., að ég er ekki alveg viss um, — og má þó segja, að skömm sé að játa slíkt, — hvernig er með útgáfu vegabréfa nú. Það segir, með leyfi hæstv. forseta, í brtt., b-lið 4. töluliðar: „Eigi má rita ólöglegt nafn íslenzks ríkisborgara á vegabréf“ o. s. frv. Ég er ekki viss um, hvernig þessu er háttað nú, þegar menn fara með konum sínum til útlanda. Ég veit, að það kemur fyrir stundum, að þá er þar ritað föðurnafn mannsins einnig við nafn konunnar af mjög skiljanlegum ástæðum, vegna þess að það getur komið sér mjög illa að hafa konuna með allt öðru nafni en maðurinn, t. d. ef farið er inn á hótel, og a. m. k. á árunum fyrst eftir stríð var heimtað, að menn legðu þá vegabréfin með, og slík gerólík eftirnöfn hefðu getað valdið mönnum miklum erfiðleikum. Af þeim sökum hafa menn stundum, einmitt varðandi vegabréf, fengið sett föðurnafn sitt á eftir nafni konunnar á hennar vegabréf. Slíkt mundi verða algerlega bannað, ef till. hv. þm. yrði samþykkt. Þetta virðist mér þurfa að skoða betur, vegna þess að auðvitað á það ekki neitt skylt við ættarnöfn, þó að menn neyðist til þess með þessum hætti að auðkenna konuna erlendis. Við vitum, að fram hjá því verður mjög erfiðlega komizt. Fleiri slík atriði kunna að koma hér til greina.

En þó að ég sé ósammála meginatriðunum í till. hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. N-M. (PZ), tel ég, að þessi atriði, sem ég nú drap á í till. hv. þm. Barð., þurfi frekari íhugunar við, og vildi þess vegna mega vænta þess, að n. annaðist um þá íhugun á milli funda.

Varðandi till. n. um það að heimila erlendum konum að hafa föðurnafn manns síns, þá treysti ég mér ekki til að greiða atkv. á móti þeirri till. Það getur oft verið, að föðurnafn konunnar sé svo annarlegt, að það sé ákaflega erfitt fyrir hana að taka það upp. Hennar fyrra ættarnafn eftir giftinguna brýtur algerlega á móti hennar eigin tilfinningum, þar sem venja er að breyta

um nafn, þegar kona giftist, og ég get ekki séð, að það mundi valda miklu tjóni, þó að slík takmörkuð heimild, föðurnafn mannsins, yrði leyfð, heldur þvert á móti tel ég þá till. n. vera í samræmi við þá meginstefnu þessa frv. að reyna að finna reglu, sem haldi við hinum forna íslenzka nafnasið, en veiti þó heimild til undantekninga, þar sem ljóst er, að slíkar undantekningar hafa við sérstök rök að styðjast.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það segir sig sjálft, að n. hefur ekki tekið þær brtt., sem fluttar eru á þskj. 142 og 143, til sérstakrar athugunar, sökum þess að þær hafa ekki legið fyrir eða ég hef ekki séð þær t. d. fyrr en nú á þessum fundi. Það kann að vera, að þeim hafi verið útbýtt fyrr og það farið fram hjá mér. Hins vegar tók n. það mál, sem till. fjalla um aðallega, til athugunar, sem sé það, hvort leyfa skyldi ættarnöfn innan vissra takmarka ellegar ekki, og n. tók alveg ákveðna afstöðu til þess atriðis, eins og ég gerði grein fyrir, þegar málið var hér fyrst til 2. umr., og féllst þar á frv. í þessu efni og álit meiri hl. þeirrar n., sem undirbjó frv.

Hitt er svo annað mál, að það kann að vera ástæða til að athuga sérstaklega, jafnvel þó að frv. yrði í höfuðatriðum samþ., hvort ekki ætti að setja inn í það einhver svipuð ákvæði og hv. þm. Barð. (GíslJ) leggur til í b-lið 4. till. sinnar, að stjórnarvöldin megi ekki taka gilda undirskrift manna með ólöglegu nafni, hvort sem ættarnöfn eru leyfð eða ekki. Þó er ég hræddur um, að eins og sú till. liggur fyrir, gætu orðið vafningar úr því töluvert miklir. Við skulum segja, maður kemur með ávísun í banka og ávísunin hljóðar á eiginnafn hans og ættarnafn. Hvernig á bankinn að vita það um að öðru leyti óþekktan mann, hvort ættarnafnið er löglegt eða ólöglegt, en undirskrift eða framsal mannsins þarf á ávísunina, til þess að hann geti fengið hana greidda? Ég er hræddur um, að þetta yrði dálítið vafningasamt. Hitt er svo aftur rétt, að það er einmitt það, sem þarf, hvort sem ættarnöfnin eru leyfð eða ekki, að stjórnarvöldin geri það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að rétt nöfn séu sett á opinberar skýrslur.

Hv. 1. þm. N-M., sem flytur till. á þskj. 143, sem eru svipaðs efnis og till. hv. þm. Barð., sem sé um að banna ættarnöfn, vildi álíta, að embættismenn mundu bæta ráð sitt og gera það hér eftir, sem þeir hafa ekki gert hingað til, án þess að lagaákvæði kæmu um það. Ég verð að játa, að ég hef takmarkaða trú á þessu. Dómsmrh. er æðsti vörður laga og réttar í landinu. Á honum hvílir að gera ráðstafanir til, að lögum landsins sé hlýtt. Nú veit ég það, að síðan lögin frá 1925, sem bönnuðu ættarnöfn, voru sett, hafa verið menn í dómsmálaráðherraembætti, sem yfirleitt hafa verið skörungar og röggsamir embættismenn. Og sjálfur dómsmrh. hefur nú í þessari d., bæði við 1. umr. og nú áðan, lýst því, hvernig framkvæmd þessara laga hefur gengið. Hefur hann verið lengi dómsmrh. og er yfirleitt á móti ættarnöfnum, svo að ekki er það vegna þess, að hann vilji stuðla að því, að ættarnöfn séu tekin. Ég veit t. d. um Hermann Jónasson, hv. þm. Str., sem var átta ár dómsmrh., að hann er líka á móti ættarnöfnum, og ég hugsa, að hann greiði hreint og beint atkv. með þessum brtt., en ekki veit ég til þess, að hann gerði neitt til þess að hafa hendur í hári þeirra manna, sem tóku upp ættarnöfn ólöglega, og svo er um aðra dómsmálaráðherra, sem setið hafa undanfarið.

En það er vitanlega ekki furða, þó að hv. þm. Barð. leggi áherzlu á að fá ættarnöfnin bönnuð, þar sem hann telur svo mikið í húfi, að jafnvel frelsi þjóðarinnar og tungumál hennar sé í veði, ef ættarnöfn eru leyfð. Það mun nú hafa verið síður hjá mjög mörgum þjóðum, fyrst og fremst Norðurlandaþjóðunum, og ég hygg miklu fleiri þjóðum, að menn hafa kennt sig til föður. Nú er þetta horfið og ættarnöfn komin í staðinn. Þessar þjóðir halda frelsi sínu og tungu alveg eins fyrir því, og ef vér lítum nú á endurreisn íslenzkrar tungu t. d. og hverjir hafa þar mest að unnið, þá kemur það undarlega í ljós, að sumir af þeim mönnum hafa borið ættarnöfn. Mér dettur í hug maður eins og Jón Thoroddsen, sem fyrstur skrifaði, eins og við vitum, skáldsögur á nútímaíslenzku, skáld eins og Steingrímur Thorsteinsson, Einar Kvaran, og svo mun nú hv. þm. Barð. kannast við mann, sem hét Guðmundur Kamban og lagði ekki svo lítið til íslenzkra bókmennta. Þá hefur og nú alveg nýskeð íslenzkt skáld fengið sérstaka viðurkenningu úti í löndum fyrir það að hafa endurvakið íslenzka frásagnarlist, en hann heitir Halldór Kiljan Laxness. Og ef litið er til frelsisbaráttunnar sérstaklega, þá er sama að segja. Þar hafa unnið menn, sem hafa ættarnöfn, þó að aðrir, sem hafa kennt sig til síns föður, hafi þar einnig mikið að unnið. Ég minni aðeins á Skúla Thoroddsen, Sigurð Eggerz, og fleiri mætti nefna, að ógleymdum Ólafi Thors, sem ég tel víst að hv. þm. Barð. telji hafa átt nokkurn þátt í því að minnsta kosti, að Ísland varð lýðveldi og sagði að fullu skilið við þá þjóð, sem áður hafði drottnað yfir henni. Ég held því, að það sé ekki mikil hætta á, að tunga þjóðarinnar og frelsi hennar glatist, þó að það sé leyft innan vissra takmarka að taka upp ættarnöfn, eins og hæstv. ráðh. sagði. Ég held, að þetta sé mjög að falla úr tízku, virðist mér. Ég gæti vel hugsað, að það yrði ekki mikið um það, að minnsta kosti held ég, að það sé miklu árangursríkara að hefja áróður fyrir því, að menn haldi hinum gamla, góða sið að kenna sig til föður síns, heldur en að banna það með lögum.

Hv. þm. Barð. sagði, að frv. að því er snertir ættarnöfnin og till. nefndarinnar, sem undirbjó frv., stönguðust við upphafið eða við ákvæði 2. gr. frv. Ég get nú ekki beinlínis séð, að þetta sé rétt, vegna þess að það er tekið fram um ættarnöfnin, að þau eiga að lúta lögum íslenzkrar tungu. Ef það sýnir sig svo, eins og hv. þm. Barð. hélt fram, að ættarnöfn gætu ekki í eðli sínu verið íslenzk, og ef það verður dómur hæfustu manna í þeirri grein, verða ekki ættarnöfn upp tekin.

Það er upplýst, að bannið við ættarnöfnum hefur ekki verið haldið, menn hafa tekið upp ættarnöfn. Hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. N-M. og

ef til vill fleirum finnst þetta, að beygja sig fyrir slíku, vera að kippa fótum undan framkvæmdavaldinu, og nefndi hv. þm. Barð. fleiri l., sem ekki væru haldin og engum dytti þó í hug eða fáum að afnema. En það fer eftir eðli málsins. Það eru vitanlega öll l. brotin og það dugir ekki að afnema öll lög þó að þau séu brotin. En þau l., sem beinlínis snerta almenningsheill, verður að reyna að framkvæma til lengstra laga, og almenningur er í raun og veru með því, að þau lög séu framkvæmd. En svo eru önnur lög, sem fólki finnst fjalla um svo mikið einkamál manna, að ríkisvaldinu komi það mjög lítið við, og þau eru brotin og almenningur telur rétt að brjóta þau, og það er óneitanlegt, að þetta er ærið mikið einkamál, hvernig foreldrar gefa börnum sínum nafn og hvort maðurinn óskar eftir að bera ættarnafn eða ekki.

Ég get ekki líkt þessu frv. neitt við skattalög að þessu leyti, það væri nær að líkja því við bannlög og þess konar afskiptasemi af einkalífi manna.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Það hefur verið stungið upp á því, að n. athugaði þessar till. Eins og ég sagði, hefur hún þegar tekið afstöðu um höfuðatriði till. En aftur á móti getur vel komið til mála að athuga b-lið 4. till. hv. þm. Barð. nánar. Þetta mætti auðvitað gera með því móti, ef hv. þm. taka till. sínar aftur nú við þessa umr. og n. athugaði þetta mál þá á milli umr. Tel ég, að það mundi vera hentugast. Á hinn bóginn hefur hæstv. forseti, sem jafnframt er hv. þm. Barð., á valdi sínu að fresta þessari umr., og skal ég fyrir n. hönd ekkert hafa á móti því, að umr. verði frestað, og þó að ég sé ekki formaður n., hef ég haft samráð við hann um það og get lofað því, að n. mun taka þetta til athugunar, hvor leiðin sem farin verður, hvort heldur tillögurnar eru teknar aftur eða umr. nú frestað.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki fara út í það, sem ég sagði áðan, neitt að ráði, að ég er yfirleitt á móti ættarnöfnum og vil ekki láta leyfa þau almennt, þótt með leyfi sé, eins og í frv., heldur banna þau alveg fyrir framtíðina. En af því að málið fer til n. aftur, eru það tvö atriði, sem ég vil biðja n. að taka til athugunar.

Í þessu frv. er farið inn á gamlar, troðnar slóðir, þær að skipa nefnd, sem á að standa, meðan lögin gilda, og vera nokkurs konar ráðunautur ríkisstj. um, hvaða nöfn eru hæfileg til að falla inn í málið o. s. frv., og hún er kölluð mannanafnanefnd. Ég held, að þetta sé óþarfi. Ég held, að það sé upplagt fyrir dómsmrh. á hverjum tíma að láta mann í ráðuneytinu gera þetta og þurfa ekki að setja upp neina eilífðarnefnd til þess að segja um það og greiða henni borgun fyrir. Ég held, að við höfum alveg nóg að borga úr ríkiskassanum í framtíðinni og á næstu árum, þó að við leikum okkur ekki að því að búa til slíka nefnd og kosta hana, þar sem ævinlega eru í dómsmrn. nægilega margir menn til að geta annazt þetta til viðbótar við þau störf, sem þeir nú hafa.

Þetta var annað, sem ég vildi biðja n. að athuga, og hitt var það, að ef frv. á að samþykkjast eins og það er, þá er óumflýjanlegt, að það komi fram, hverjir skipti um nöfn, hvaða börn eru ættleidd og fá annað nafn og hvaða mönnum er leyft að taka upp ættarnöfn. Það vantar í frv., að það komi fram, ekki með 5—6 ára millibili, eins og núna er um breytingar á nöfnum á jörðum, sem koma frá stjórninni með auglýsingu í Lögbirtingi með nokkurra ára millibili, heldur um leið og nafnið er tekið, og komi strax inn í manntalið. Þetta þarf líka að koma inn í frv. Það þarf að koma inn í frv. að skylda dómsmrn., þegar það er búið að samþykkja einhverja nafnbreytingu, eða mannanafnanefndina, ef maður lætur hana gera það, að tilkynna nafnbreytinguna opinberlega. Það er sögð sú saga í bænum, ekki veit ég, hvort hún er sönn eða ekki, að það hafi verið stofnað félag í Reykjavík og ekki sett inn í félagsskrár og ekki auglýst, en einn bankinn hafi flaskað á að lána því víxil, og þegar kom að því, að hann féll, var firmað ekki til og bankinn fékk ekkert. Það nákvæmlega sama getur komið fram um einstaklingana, sem breyta um nöfn. Þeir geta tekið víxil og víxillinn fallið, og hver er ábyrgur? Þeir geta skrifað undir einhvern sölusamning, og hver er ábyrgur? Það verður strax að koma fram, þegar menn skipta um nafn, og þarf að komast inn í lögin, m. a. af því, að það er reynsla fyrir því, að alveg tilsvarandi „möndl" með bæjarnöfnin er ekki tilkynnt nema með löngu millibili.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Ed., 8. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 94, n. 139, 142, 143, 168).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Síðan mál þetta var hér síðast til umræðu, hefur menntmn. haldið fund um það, og árangurinn af þeim fundi eru brtt., sem n. flytur á þskj. 168.

Um fyrri brtt. er ekki neitt að segja, því að þar er aðeins um orðabreytingu að ræða við brtt., sem n. hafði áður flutt á þskj. 139, þar sem stendur: „Ekki tekur þetta þó til barna þeirra" — þar vill n. setja í staðinn fyrir „barna": niðja, til þess að taka af öll tvímæli um það, að þótt útlend kona kenni sig til föðurnafns eiginmannsins, þá séu það ekki einasta börn hjónanna, sem ekki mega gera föðurnafnið að ættarnafni, heldur og niðjar í fleiri liði, m. ö. o., að konan megi bera þetta nafn, en ekki aðrir, ekki niðjar hennar taka það upp sem ættarnafn.

Áður en ég vík að síðari brtt. n., vil ég geta um það, að n. tók brtt. þær, sem fyrir liggja á þskj. 142 og 143, til nýrrar athugunar. N. er sömu skoðunar og ég hef áður lýst um meginatriði þessa máls, sem þessar till. fjalla um, sem er það að óheimila upptöku nýrra ættarnafna. N. lítur á það eins og áður, að rétt sé að leyfa upptöku nýrra ættarnafna innan þeirra takmarka, sem frv. setur um það, sem eru töluvert þröng, og er þetta ekki hvað sízt með tilliti til þess, að þeir menn, sem hafa tekið upp ættarnöfn ólöglega síðan 1925, geti fengið þau lögfest, sum-

ir þeirra búnir að ganga undir slíkum nöfnum um áratugi.

N. leggur því til, að flestar og í raun og veru allar þessar brtt. séu felldar, en þó játar hún það, að hugsun sú, sem liggur til grundvallar fyrir b-lið 4. till. hv. þm. Barð., er í sjálfu sér rétt, þó að þar sé of langt gengið að áliti n. En hugsunin er sú í þessari brtt., að það eigi ekki einasta að gera kröfur til einstaklinganna um nöfn þeirra, heldur líka stjórnarvaldanna að sjá um það, að nöfnin séu rétt skráð á opinber gögn. Þó eru ákvæði í þessari brtt., sem n. telur að ekki geti komið til mála, t. d. síðari mgr. brtt., sem hljóðar svo: „Undirskrift íslenzks ríkisborgara er ógild undir hvers konar gerninga, nema nafn hans sé löglega tekið.“ Ég er ákaflega hræddur um, að þetta gæti rekizt heldur hastarlega á atvik lífsins. Það er ekki á færi manna út í frá nú orðið að vita það, hvort maður, sem gengur undir ákveðnu ættarnafni og hefur kannske gert það lengi, hefur fengið það nafn löglega eða ekki, en samkvæmt till. væri það svo, að t. d. undirskrift hans undir skuldabréf væri ógild, ef hann skrifaði það nafn, sem hann hefur gengið undir, m. ö. o., að skuld hans væri þá bara strikuð út. Ég sé ekki, að slíkt nái nokkurri átt og stríðir vitanlega algerlega í bága við réttarhugmynd, að þegar maður tekur á sig fjárhagslegar skuldbindingar t. d. og sá, sem kröfuna eignast, veit, hver maðurinn er, en veit að vísu ekki, hvort hann hefur fengið nafnið á allan hátt löglega eða ekki, að hann missti sinn rétt fyrir það. Ég hygg, að þessi till. hreint og beint komi í bága við stjórnarskrána, því að þetta gæti í mörgum tilfellum þýtt það, að menn töpuðu réttmætri eign sinni án nokkurra skaðabóta.

Ekki telur n. heldur, að það sé rétt að telja upp svo nákvæmlega, hvaða gögn það eru, sem skrifa beri nöfnin rétt á. Ég tek t. d. vegabréf til útlanda. Það er nú einu sinni svo, að menn eru neyddir til að fylgja nokkuð siðum þess lands, sem þeir dvelja í eða koma til, og það er óhjákvæmilegt t. d. um konur, sem ferðast með mönnum sínum til útlanda, að vegabréf þeirra beri það með sér, að þær eru giftar þessum manni, og má koma því þannig fyrir, að það komi ekki á nokkurn hátt í bága við íslenzka tungu, þótt það sé þýtt á útlend mál, sem slík vegabréf eru ævinlega á, kona þessa manns, kona Jóns Jónssonar, sem mundi t. d. á Norðurlandamálum vera frú Jón Jónsson. Þetta er óhjákvæmilegt. Í staðinn fyrir það að telja upp vegabréf, skírteini, kjörskrár, manntal o. s. frv. þykir n. nægilegt að ákveða, að það skuli skrifa nöfn manna rétt og lögleg á opinber gögn, ber því fram brtt. við 20. gr. frv., en 20. gr. hljóðar svo:

„Menn skulu rita nafn sitt, eiginnafn og föðurnafn eða ættarnafn, með sama hætti alla ævi, nema lögleg nafnbreyting eigi sér stað.“

Leggur n. til, að aftan við gr. bætist: Með sama hætti skal rita nöfn manna á opinber gögn. — Með þessari brtt. telur n., að hún hafi tekið það mikið tillit sem skynsamlegt er til brtt. hv. þm. Barð. undir 4. lið b. Hv. þm. N-M. (PZ) beindi nokkrum atriðum til n. Eitt var það, hvort ekki væri rétt að fella niður nafnanefndina. Samkv. stefnu menntmn. í þessu máli um að leyfa ættarnöfn og upptöku þeirra hlýtur hún að vera á móti því að fella niður þessa nefnd, því að hún er nauðsynleg til þess að líta eftir því, að ekki séu tekin upp ónefni.

Þá ræddi hann um það, að nauðsynlegt væri að gera það að skyldu að tilkynna nafnabreytingar strax í manntali og opinberlega. N. getur verið þessu út af fyrir sig sammála, en telur, að þessu sé eðlilegra að fullnægja með reglugerðarákvæðum, því að það er auðvitað ómögulegt að taka í lögum út yfir öll tilfelli, sem fyrir geta komið, og vísar því um þetta atriði til síðari brtt. sinnar á þskj. 139 um það, að dómsmrn. skuli setja reglugerð, er kveði nánar á um framkvæmd laga þessara, og sömuleiðis má vísa til þeirrar till. að því er snertir brtt. n. um viðbót við 20. gr.: Með sama hætti skal rita nöfn manna á opinber gögn, — að n. telur, að nánari ákvæði um það megi og eigi frekar að vera í reglugerð en lögum, vegna þess að lögin verða hvort sem er aldrei tæmandi um þessi efni.

Ég skal ekki fara að ræða nú almennt um ættarnöfnin, að hve miklu leyti þau eigi rétt á sér og að hve miklu leyti ekki. Ég skal játa það, að það meiðir mín eyru að heyra sum ættarnöfn og ekki hvað sízt sum þeirra ættarnafna, sem allir eru sammála um að leyfa áfram, bæði andstæðingar ættarnafna og líka þeir, sem vilja leyfa að þau séu tekin upp. Mín máltilfinning er sú, að mér finnst langóviðfelldnust ættarnöfn, sem enda á „sen“, sem minnir á þá dönsku tíma, og sem betur fer virðast menn algerlega hættir að taka upp slík ættarnöfn. Slíkt ættarnafn hefur víst ekki verið tekið upp síðustu hundruð árin, en það eru ættir, sem ganga undir slíkum nöfnum, Thorarensen, Thoroddsen, Thorsteinsen o. s. frv., og það dettur engum í hug að gera till. um að skylda það fólk, sem gengur undir slíkum nöfnum, að leggja þau niður. Aftur eru önnur ættarnöfn, sem ekkert meiða mín eyru, hvað sem um aðra er, nafn eins og t. d. Kvaran, sem við vitum að einn fornmaður hefur borið og er nefnt í íslenzkum sögum. Það er talað um, að það sé kynlaust; það eru til kynlaus orð í íslenzkri tungu fyrir, svo að ég sé ekki, að það muni eyðileggja tunguna, þó að einstaka nafn sé líka kynlaust.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. fyrir að hafa tekið til athugunar þær brtt., sem fyrir liggja, en get hins vegar ekki verið jafnþakklátur fyrir afgreiðslu málsins frá hendi n., því að það er upplýst, að n. sjái sér ekki fært að breyta verulega afstöðu sinni til málsins í heild, og harma ég mjög, að það skuli vera niðurstaða nm.

Áður en ég fer frekar út í þessar till., vildi ég fara nokkrum orðum um það, sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh., er málið var rætt hér síðast. Hann viðurkennir þar, að hann sé sjálfur þeirrar skoðunar, að ættarnöfn ætti að afnema. Þrátt fyrir það ber hann sem dómsmrh. fram frv. um það að ganga miklu lengra inn á þá braut að viðhalda ættarnöfnum en nú er samkv. lögum, og það er eingöngu vegna þess, að hann telur, að það séu svo miklir erfiðleikar á framkvæmd-

inni. Og raunverulega hafa engin rök komið fram í málinu frá neinum af þeim mönnum, sem hafa mælt með frv., fyrir því að halda við ættarnöfnum, önnur en það, að það sé svo miklum erfiðleikum bundið að framkvæma löggjöfina. Ég hef hins vegar fært hér full rök fyrir því, að það er engum erfiðleikum bundið að framkvæma löggjöfina. Þess vegna undrar mig mjög, að hv. n. skuli ekki hafa getað fallizt á að breyta löggjöfinni á þann hátt, sem lagt er til á þskj. 142, til að tryggja að fullu framkvæmd löggjafarinnar, sem er höfuðástæðan fyrir því, að þeir vilja ekki halda l. óbreyttum né bæta lögin eins og þau eru nú, og engin önnur frambærileg ástæða hefur komið fram.

Hæstv. ráðh. sagði, að Alþ. hefði aldrei gert neina ályktun um að reyna að koma í veg fyrir ný ættarnöfn. Það sannar ekki, að það sé ekki rétt, sem einn nm. í mþn. heldur fram, prof. Alexander Jóhannesson, að ættarnöfnin eins og þau eru tekin upp nú í fullu óleyfi og gegn gildandi lögum, séu tungunni til tjóns. Það sannar aðeins hitt, að hér er um sljóleika að ræða af þingsins hálfu fyrir málinu, og það er allt annars eðlis. Og þó er sljóleiki þingsins fyrir þessu máli ekki meiri en svo, að á hverju einu einasta ári, þegar hefur verið rætt um það, hvort þeir útlendingar, sem eiga að fá ríkisborgararétt, skuli leggja niður ættarnöfn sín eða ekki, hefur jafnan verið meiri hluti í þinginu fyrir því, að þeim skyldi ekki leyft að halda sínum nöfnum, ef þeir ætluðu að gerast íslenzkir ríkisborgarar. Ef hins vegar þetta frv verður nú samþ., verður bundinn endir á þá deilu, því að þá er þeim að sjálfsögðu leyfilegt að taka nöfnin upp eða halda þeim á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir.

Ég sé því ekki, að af hálfu dómsmrh. né nokkurra annarra þeirra manna, sem hafa talað með frv. hér, hafi verið færð fram nokkur rök, sem geti stutt það, að þetta mál eigi að ná fram að ganga.

Hv. frsm. sagði hér á fyrra stigi málsins, að hann væri raunverulega fylgjandi sumu af því, sem kemur fram í brtt. mínum á þskj. 142, eins og hann hefur einnig nú lýst í sinni ræðu hér. Hins vegar er árangurinn ekki meiri en svo, að það er mjög vafasamt, að það sé nokkurs virði að samþykkja þá brtt., sem n. leggur til á þskj. 168, undir tölul. 2. Hitt er ljóst, að sú till. nær ekki því sama og ég vil ná í mínum tillögum.

Hv. þm. spurði í sambandi við þetta, hvernig banki ætti að vita, hvort ættarnafn væri ólöglegt eða löglegt. Ja, ég vil spyrja á móti: Hvernig á banki að vita, hvort eiginnafn er löglegt eða ólöglegt? Hvernig á banki yfirleitt að vita um, hvort nafn manns er löglegt eða ólöglegt? *(Gripið fram í:* Hann þekkir manninn.) Það er ekki það, sem það byggist á, það byggist á því, að viðkomandi maður sýni vottorð um, hvað er hans löglega nafn. Það byggist ekki á öðru. Og það er hverjum manni auðvelt að krefjast þeirra gagna. Ég veit ekki betur en að þess sé krafizt, þegar börn eiga að fermast, að færð sé sönnun fyrir því, að þau beri rétt nöfn. Svo og þegar fólk giftist, þá er þess líka krafizt. Í mörgum öðrum tilfellum er þess krafizt alveg ófrávíkjanlega. Og þegar bankinn hefur krafizt þess í fyrsta skipti og lært að þekkja þann mann undir því nafni, er honum sannarlega innan handar að vita um það, hvort hann hefur breytt um ættarnafn eða hvort hann ber löglegt nafn á eftir eða ekki, alveg eins og honum er innan handar að vita um það, hvort hann ber löglegt skírnarnafn, svo að þessi rök hv. frsm. eru gersamlega einskis virði í þessu máli. *(Gripið fram í:* Menn gleyma skírnarvottorðinu.) Það er alltaf hægt að fá þau frá kirkjubókunum. Ég veit t. d., að hv. frsm. muni ekki undir neinum kringumstæðum lána út á veð, nema fyrir liggi veðbókarvottorð. Hversu er þá meira erfiði fyrir hann að kaupa ekki víxil af manni nema fá fulla sönnun fyrir því, hvað er hans rétta nafn. Sannleikurinn er, að það er ekkert auðveldara en að halda fullri reglu á þessum málum. — Og rök þau, sem hann færði nú fram í ræðu sinni, að þetta stríði beint á móti ákvæðum stjórnarskrárinnar, eru veigalítil. Er ég steinhissa á, að nokkur láti sér koma slíkt til hugar, að það stríði beint á móti ákvæðum stjskr., að undirskrift sé því aðeins gild, að hún sé rétt. Hér er þess aðeins krafizt, því að það er sannarlega alveg eins hægt að falsa eiginnafn undir skjöl og það er hægt að falsa ættarnafn undir þau.

Það er enginn vafi á því, að ef till. mín um þetta atriði væri samþ., þá mundi hver einn einasti aðili, sem lætur undirskrifa slík skjöl, fyrst og fremst gæta þess, að maðurinn beri rétt nafn, hvort heldur það væri eiginnafn eða ættarnafn, að það væri rétt ritað og hann hefði heimild til þess að rita það þannig, alveg eins og menn verða að hafa full sönnunargögn í hendinni, ef þeir eiga að rita nafn fyrir annan mann og ef þeir eiga að hafa prókúru fyrir fyrirtæki eða eitthvað því um líkt. Það er engum vandkvæðum bundið að tryggja slíkt, að það sé ekki farið þar með annað en það, sem rétt er í málinu.

Hv. frsm. sagði einnig hér, að það hefði verið siður hjá öðrum þjóðum að kenna þegna sína við feður, en þeir hafi horfið frá því og haldi þó bæði tungu sinni og frelsi, eins og kunnugt er. Það er alveg rétt. Þó skal ég benda á, að í Noregi er nú komið svo, þó að þeir haldi frelsi, að sú þjóð á enga tungu, og það er líklega engin stærri sorg til í landinu en að geta ekki sameinazt um eitt tungumál í landinu. Ég geri ekki ráð fyrir því, að meiri hl. hv. n. æski eftir því, að slíkt ástand skapist hér á Íslandi. Og ég er alveg viss um, að ef slíkt ástand væri hér á Íslandi í dag, væri það mjög mikill þröskuldur fyrir því að halda sjálfstæði landsins í framtíðinni, eins og það er alveg vitanlegt, að það var eitt af höfuðskilyrðunum til þess að öðlast sjálfstæði landsins að hreinsa tunguna, eins og ég benti á hér í minni fyrri ræðu. Norðmönnum þykir svo sem ekki nein ánægja að því að vera komnir á það stig nú að geta ekki lesið sitt upphaflega mál, það er síður en svo, þó að þeir haldi sínu sjálfstæði.

Þá benti hv. frsm. einnig á það, að ýmsar af beztu frelsishetjum þjóðarinnar hafa borið og bera enn ættarnöfn, og taldi þar upp ýmsa þá menn, sem hafa staðið í baráttunni fyrir að

endurheimta frelsið, en samt sem áður hefðu sumir tekið ættarnöfn og sumir bæru ættarnöfn. Þetta er alveg rétt. En hefðu þessir menn verið nokkuð lélegri baráttumenn í frelsisbaráttunni, þó að þeir hefðu verið nefndir nöfnum samkvæmt íslenzkri tungu? Ég hygg ekki. Og að það hefur ekki valdið neinu tjóni í baráttunni, er fyrir það, að þessir menn hafa þá haft því meiri yfirburði yfir aðra menn, svo að það sannar ekkert um, að það eigi nú að leyfa að taka upp ættarnöfn, nema síður sé.

Þá sagði hv. frsm. einnig, að þau lög, sem snerta almannaheill, megi ekki afnema, þó að þau séu brotin. En svo eru önnur lög, sem snerta persónur manna, og þessi lög heyra undir þann flokk, sagði hv. frsm. Það er náttúrlega ekki að furða, þó að hv. frsm. berjist fyrir því, að þetta frv. verði samþ., ef hann er þeirrar skoðunar, að þetta frv., ef að lögum verður, heyri undir þann flokk. En það gerir það bara ekki. Hér er ekki um persónulegt mál að ræða. Hér er um mál að ræða, sem snertir alla þjóðina. Hér er um það að ræða, hvort á að halda hreinni tungunni eða hvort það á að blanda hana með alls konar orðskrípum, og það snertir sannarlega miklu meira en hvern einstakan mann, það snertir alla þjóðina. Og eins og ég gat um um daginn í minni fyrri ræðu, þá snertir það meira en foreldra þess barns, sem skírt var Laxfossminni. Það snertir alla þjóðina, hvort slíkt nafnskrípi á að festast í íslenzku máli.

Hann benti einnig á, að þetta væri hliðstætt bannlögunum og þess vegna hefðu bannlögin verið afnumin, af því að þau hefðu ekki fengið samúð þjóðarinnar. Þetta er algerlega rangt. — Ég vona, að hæstv. forseti leyfi mér að ræða ósköp lítið um þetta mál, annars skal ég hætta, ef hann gerir aths. við það, en úr því að byrjað var á því að blanda því saman, vil ég benda hv. frsm. á, að það voru allt önnur rök, sem lágu fyrir því, að þau lög voru afnumin. Það var fyrst og fremst kúgun frá öðru landi, sem við gátum ekki selt afurðir okkar til nema leyfa ákveðið magn af vínanda frá því landi inn í land okkar. Þetta var ein ástæðan. Það var í öðru lagi reynslan af því, að ekki var hægt að útiloka vínanda úr landinu, þó að bannlögin væru, og það var í þriðja lagi og kannske langveigamest, að það var stórkostlegur tekjumissir fyrir ríkissjóð að banna vínsölu hér. Ef engin af þessum orsökum hefði verið fyrir hendi, þá er alveg áreiðanlegt, að bannlögin hefðu aldrei verið afnumin á Íslandi, vegna þess að þau voru ekki neitt persónulegt atriði fyrir þjóðina, heldur snertu alla þjóðina og gera enn í dag. Jafnvel þó að vitað sé, að ríkissjóður mundi tapa stórkostlega beinlínis á að afnema þau lög, þá er ekkert séð um það í dag, hvort þau yrðu ekki einmitt afnumin, ef hægt væri að tryggja í framkvæmdinni að þurrka landið af víni. En það er það, sem aldrei hefur tekizt, og það eru margir menn, sem réttilega hafa þá skoðun, að það takist ekki eingöngu með lagafyrirmælum. Þær samþykktir, sem gerðar eru í sambandi við héraðsbönnin, sanna alveg tvímælalaust, að þetta er rétt skoðun á málinu. Þeir menn hafa lítið svo á, að það sé ekki um persónulegt atriði að ræða í þeim lögum, eins og það er ekki heldur um persónulegt atriði að ræða viðvíkjandi þessum lögum.

Hv. frsm. sagði hér, að till. min undir b-lið 4. töluliðar mundi reka sig hastarlega á atvik lífsins, því að það væri ekki á færi almennings að vita, hvaða maður bæri rétt nafn eða ekki. Ég vísa til þess, sem ég hef sagt áður um þetta atriði, að það er ekkert hægara en að hafa fulla tryggingu fyrir því hjá hverjum þeim, sem vill afla sér upplýsinga um það mál.

Þá sagði hv. frsm. einnig í sambandi við 2. mgr. í sama tölulið, undir b-lið, að það væri ekki rétt að telja upp þau gögn, þar sem undirskrift væri ógild, eins og gert var í tillögunni, heldur væri rétt að fara þá leið, sem farin er með brtt. á þskj. 168, að aftan við gr. bætist: „Með sama hætti skal rita nöfn manna á opinber gögn.“ Og alveg sérstaklega benti hv. þm. á, að óheppilegt væri, að í þessari upptalningu væru vegabréf. Nú vil ég spyrja: Er ekki vegabréf opinbert gagn? Fellur ekki einmitt hér vegabréf undir þetta ákvæði, ef samþykkt verður, að með sama hætti skuli rita nöfn manna á opinber gögn? Ber þá ekki einnig að rita þau réttilega á vegabréf? Er þá hægt að rita á vegabréf konu minnar frú Jónsson í staðinn fyrir Hlín Þorsteinsdóttir, eða á konu hv. frsm. frú Stefánsson í staðinn fyrir hennar föðurnafn? Ég held einmitt, að ef þessi till. verður samþ., sé stefnt að því sama og gert er í minni till., nema hvað orðalag í minni till. er miklu skýrara. Og þegar gengið er inn á það yfirleitt, sem vakir fyrir mér sem flm. með þessari till., þá sé ég ekki, hvers vegna á ekki að samþykkja till. eins og hún liggur fyrir. Hitt er svo hrein fjarstæða, að þetta megi ekki gera, vegna þess að við þurfum að vera að beygja okkur fyrir siðum annarra þjóða, þó að við ferðumst meðal þeirra. Hvaða útlendingi dettur í hug að fara að kalla sig íslenzku nafni, þó að hann komi hingað til Íslands? Mundu Kínverjar t. d. taka hér upp íslenzk nöfn eða rita sig með íslenzku nafni að íslenzkum sið inn í bækur hér, á meðan þeir dveljast hér, eða hafa Danir nokkurn tíma gert það? Ég hef aldrei þekkt slíkt. Ég hef aldrei nokkurn tíma þekkt, að nokkur þjóð fari að breyta sérstaklega sínu nafni, þó að hún standi við nokkra klukkutíma í öðru landi, nema Íslendingar. Ég held, að það sé engum erfiðleikum bundið í sambandi við vist á hótelum með konur sínar að halda íslenzkum sið. Ég hef aldrei orðið var við, að það væri neinum erfiðleikum bundið að koma viðkomandi aðilum í skilning um, að það sé engin hjákona, sem maður er með, þó að hún sé ekki skráð frú þetta eða frú hitt. Ég veit ekki, hvað aðrir menn hafa orðið varir við, þegar þeir hafa verið að ferðast, en ég hef ekki orðið var við slíkt, og það kann að vera þess vegna, að ég sæki það miklu fastar en aðrir, að hér sé haldið hinum íslenzka hætti í þessum atriðum.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál nánar. Það verður gert út um það efnislega hér við atkvgr., hvort meiri hl. þessarar hv. d. vill fallast á að halda við ættarnöfnum í ríkari mæli

en nú er gert, eins og farið er fram á í frv., eða hvort hann vill stöðva það.

Ég skal svo að síðustu aðeins benda á, að það er alveg rangt, sem hv. frsm. sagði áðan, að það lægju engar till. fyrir um að afnema hin gömlu ættarnöfn, því að í minni till., 4. tölulið undir a, er lagt til að sé sett inn ný grein, sem yrði 10. gr. og hljóði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir íslenzkir ríkisborgarar, sem tekið hafa ólögleg ættarnöfn, skulu hafa lagt þau niður fyrir árslok 1956 og kennt sig við föður samkv. fyrirmælum 7.—9. gr. þessara laga." Það er m. ö. o., að allir Thoroddsenar, allir Thorstensenar og allir „senar" í landinu og aðrir, sem hafa ólögleg ættarnöfn og eru fæddir eftir 23. sept. 1925, eiga að vera búnir að skipta um þessi nöfn og skrá sig að íslenzkum hætti fyrir árslok 1956. Og svo segir hv. frsm., að það séu engar till. um þetta atriði. Ja, ég verð að segja, að hv. þm. hefur alls ekki lesið þessa till., ef hann heldur því fram, að það hafi ekki komið fram till. um að leggja þessi nöfn niður. — Hitt er svo annað atriði, að það eru ekki till. um að taka þessi nöfn af þeim mönnum, sem löglega hafa þau í dag, en þeir eru ekki svo margir í landinu og hverfa skjótt, ef till. mínar eru samþ.

Ég skal svo ekki að öðru leyti ræða þetta mál, en ég hef talað um það tvisvar, og mun þá ekki heldur taka til máls aftur í þriðja sinn.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það er dálítið leiðinlegt fyrir mig að vera að þræta um ættarnöfn við hv. þm. Barð., því að það er misskilningur, að ég sé neinn málsvari ættarnafna út af fyrir sig, heldur er hitt rétt, sem hann tók fram sem ástæðu fyrir því, að hæstv. dómsmrh. hafði lagt þetta fram, og þar vísa ég til fenginnar reynslu, að það hefur ekki reynzt hægt að koma í veg fyrir það, að menn tækju upp ættarnöfn. En það vildi nú svo undarlega til, og vík ég síðar að því, að hv. þm. Barð. viðurkenndi þessa afstöðu aftur í öðru máli, að það væri stundum ekki hægt að komast hjá því að taka tillit til þess í löggjöf, hvað framkvæmanlegt væri og hvað ekki væri framkvæmanlegt.

Ég er hræddur um, að það sé ekki alveg eins auðvelt að vita það alltaf, hvort menn ganga undir því, sem kalla má löglega fengið nafn, eins og hv. þm. vildi vera láta. Hann vísaði til skírnarvottorðanna. Það væri ekki annað en heimta skírnarvottorð. Menn vita það, að þegar þeir ætla að taka fasteignaveðslán, þá verða þeir að fá veðbókarvottorð. Lánsstofnanirnar eru venjulega á þeim stað, þar sem auðvelt er að fá sér veðbókarvottorð, en það er ekki alltaf víst, að presturinn, sem hefur skírt manninn eða hefur þá kirkjubók undir hendi, sem við á, sé svo nærri, að það sé auðvelt að ná í hann í skyndi. En fáir munu nú, a. m. k. fyrst í stað, bera á sér skírnarvottorðið sýknt og heilagt, t. d. menn, sem fást við viðskipti og þurfa oft bæði að gefa út víxla og skrifa undir ýmsar aðrar skuldbindingar, að þeir muni eftir því að hafa alltaf skírnarvottorð. En segjum nú, að menn vendust þessu, að hafa hjá sér skírnarvottorð. En er þá vissa fyrir því, að skírnarvottorðið sé rétt? Ég er hræddur um ekki, án þess að presturinn hafi haft nokkra löngun til þess að falsa skírnarvottorðið. Maður, sem hefur tekið sér ættarnafn eftir 1925, ólöglegt, og gengur undir því nafni, flytur kannske í aðra sókn. Svo eignast hann og kona hans þar barn í öðru prestakalli. Presturinn veit ekki annað en að þau heiti þetta og hefur gefið börnum þeirra skírnarvottorð með ólöglegu ættarnafni. Svo koma þau í banka með þetta skírnarvottorð. Nei, skírnarvottorðin verða ekki fullnægjandi sönnun fyrir því, að nafn mannsins sé algerlega löglegt. Og ég held, að það stappi töluvert nærri því a. m. k. að koma í bága við stjórnarskrána, að menn eigi að tapa kröfurétti sínum fyrir það, að sá, sem skuldbindingarnar hefur gefið, hefur skrifað nafn, sem hann í góðri trú álítur sitt rétta nafn, en er það ekki samkv. einhverjum tilteknum lagabókstaf.

Hv. þm. gerði lítið úr því, þó að ýmsir ágætir menn, bæði á sviði bókmennta og stjórnmála, hér á Íslandi hefðu borið ættarnöfn. Ég benti á, að það hefði ekki spillt tungunni mikið, og í því sambandi benti hann mér á, að Norðmenn ættu enga eiginlega tungu. Það er alveg rétt, Norðmenn skrifa mál sitt a. m. k. með tvennu móti, en ég hygg, að það sé alls ekki ættarnöfnunum að kenna, að svo er komið fyrir Norðmönnum, og yfirleitt að þeir glötuðu sinni gömlu tungu, því að meðan áhrif Dana voru mest í Noregi, gengu Norðmenn ákaflega lítið undir ættarnöfnum. Þeir höfðu svipaðan sið og við Íslendingar og þó höfðu þeir enn fastari sið en það, sem þekktist nú hér líka, að kenna menn við þann bæ eða þann stað, sem þeir áttu heima á. Og staðarnöfnin, bæjarnöfnin, urðu svo gjarnan ættarnöfn í Noregi í staðinn fyrir alls konar þýzk nöfn og afbakanir, sem urðu ættarnöfn í Danmörku. Þannig hygg ég að þetta sé. Ég efast um, að þetta, þó að Norðmenn kenndu sig við fæðingarstað sinn, heimili sitt, og það yrðu svo smám saman ættarnöfn, hafi á nokkurn hátt orðið þess valdandi, að það er ekki ein tunga í Noregi. Það eru önnur áhrif Dana, meðan þeir réðu þar ríkjum, sem því valda, en ekki þetta.

Það má lengi deila um það, hvað sé einkamál og hvað sé mál, sem alþjóð varðar. Það er vitanlega mál alþjóðar að viðhalda tungunni og að nöfn manna séu yfirleitt með íslenzkum hætti. Samt sem áður er nafn hvers manns töluverð einkaeign hans, og það er ákaflega skiljanlegt, að slíkt geti verið viðkvæmt. Ég get játað það, að jafnvel þjóðfélaginu komi það við, að stúlka heiti Laxfossminni, en mest kemur henni það við sjálfri. Og í þessu frv. er ákvæði um það, að ef nafn er hneykslanlegt eða þeim til ama, sem það ber, þá er leið til þess að fá því breytt samkvæmt frv.

Það var óþarfi hjá hv. þm. Barð. að fara að tala um bannlögin í þessu sambandi, því að ég hafði ekki gert það, ekki svo að ég muni. Ég nefndi víst eitthvað héraðabönnin í þessu sambandi, en ekki bannlögin gömlu, en það var það einkennilega, að þá gekk hv. þm. alveg inn á mína skoðun, að það yrði að taka tillit til þess, hvað framkvæmanlegt væri, þegar um löggjöf væri að ræða, því að hann sagði hreint og beint, að ein af ástæðunum til þess, að bannlögin hefðu

verið afnumin, væri sú, að ekki hefði verið hægt að útiloka vín úr landinu. Þetta er rétt, ein af ástæðunum var sú, að alls konar áfengi var drukkið í landinu, nokkurn veginn eins og ekkert bann væri, ekki sízt eftir að menn komust upp á að brugga íslenzkt brennivín.

Út af vegabréfunum sagði ég það, að það mundi vera a. m. k. ærið miklu þægilegra fyrir hjón, sem ferðast í útlöndum, að vegabréf konunnar bæri það með sér, að hún væri kona þessa manns. Ég tók jafnframt fram, að þessu væri hægt að koma við án þess að brjóta á nokkurn hátt í bág við íslenzka tungu, vegabréfið er skrifað á útlendu máli, og það er ekki annað en að geta þess á vegabréfinu, á því máli, sem það er gefið út á, að konan sé eiginkona þessa manns. Hann sagðist aldrei hafa orðið var við nein óþægindi af því, þó að kona hans gengi undir sínu rétta nafni í útlöndum; það kann vel að vera. En ég hef heyrt marga menn kvarta um það og jafnvel segja frá því, að þeir hafi ekki átt að fá að sofa hjá konum sínum á hótelum, vegna þess að þær hétu annað en maðurinn og voru álitnar fylgikonur. Ég hef ekki séð vegabréf konu hv. þm., en hitt hef ég séð, þar sem við höfum verið samferðamenn, að t. d. þar sem fólki er raðað við borð stendur ekki hennar rétta nafn, heldur frú Gísli Jónsson.

Það er satt, sem hv. þm. sagði, að útlendingar taka ekki upp íslenzk nöfn yfirleitt, þó að þeir komi hér, en við munum líka vera eina þjóðin, a. m. k. á mjög stóru svæði í heiminum, sem heldur þessum gamla sið að kenna sig til föður. Þeir kannast ekki við þetta, dettur yfirleitt ekki slíkt í hug. Nei, ég held, að íslenzkri tungu stafi engin hætta af því, þó að kona íslenzks manns, sem ferðast til útlanda, taki upp nafn hans, það þarf ekki að vera, heldur að vegabréfið gefi það til kynna, að hún sé kona þessa manns, og annað þarf ekki, og það þarf ekki að koma neitt í bága við íslenzka tungu.

Hv. þm. sagðist einmitt hafa gert tillögu um að afnema öll ættarnöfn. Það kann að vera, að þessa till. hans megi skilja á þann veg, en mín orð voru um það, að hér væru menn, sem óátalið gengju undir ættarnöfnum, og enginn gerði till. um að afnema þau; ég mun hafa komizt að orði á þá leið, og till. hv. þm. er ekki neitt um það. Hér á Alþ. er einn af þm. t. d., sem heitir Ottesen, Pétur Ottesen, hann er mikill andstæðingur ættarnafna. Svo er hér annar, sem heitir Thoroddsen, og fleiri eru nú ættarnöfnin að vísu. Það er engin till. um að banna þessum mönnum að ganga undir sínum nöfnum, ekki nokkur.

Ég mun ekki hafa rétt til að halda hér eiginlega ræðu, heldur aðeins gera athugasemd, og skal því láta þetta mál niður falla, en vona bara, að frv. verði samþ. með brtt. n., því að ég er alveg sannfærður um, að það er í þágu íslenzkrar tungu, en ekki til þess að spilla henni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki segja langt mál og ekki eyða miklum orðum í þetta. Það virðist vera ljóst mál, að n. og einhverjir margir fleiri vilja lofa þeim, sem þess óska, að breiða yfir nafn og númer og sýna ekki, hverjir þeir eru eða hvaðan þeir eru ættaðir. Og það skilur maður náttúrlega vel um ýmsa menn, að þeir vilji það, þó að ég sé aldrei hrifinn af því að reyna að fara huldu höfði með sig og sína ætt, sitt fólk. En það, sem ég vildi nú sérstaklega benda á, er það, að þeir geta ekki heldur fallizt á að setja inn í frv., að það skuli tilkynna nafnbreytingar. Það á að setjast í reglugerð. Það er í sjö ár, sem hefur verið ákveðið, að gera ætti reglugerð um ýmis lög hér á landi, og þær eru ekki komnar enn. Frá sjö árum er sú elzta reglugerð, sem átti að setjast eftir lögum, og er ókomin, og svo á hverju ári fleiri og færri lög, sem eftir er að setja um reglugerð, sumar komnar, margar ekki, og þær skipta tugum, sem aldrei hafa komið, en eftir því á að bíða. Hér er því gott tækifæri fyrir menn að fá ný nöfn hjá ríkisstj., tilkynna það hvergi, og svo veit enginn, hverjir þeir eru. Meira að segja þó að þeir skrifi nafnið sitt einhvern veginn öðruvísi en þeir eiga að gera, þá mundi bankastjórinn taka víxla þeirra alveg eins gilda fyrir því, bara flaska á því sama og sagt er að hafi verið flaskað á hér, þegar lánað hefur verið til fyrirtækis, sem aldrei hefur verið tilkynnt að væri til, og stjórnarmenn þess voru ekki heldur til.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 142,1 felld með 9:2 atkv.

6. gr. samþ. með 9:1 atkv.

Brtt. 168,1 samþ. án atkvgr.

Brtt. 139,1, svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.

8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 142,2 felld með 8:2 atkv.

9. gr. samþ. með 9:1 atkv.

Brtt. 142,3 felld með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FRV, KK, VH, GíslJ.

nei: IngF, JJós, JK, LJóh, SÓÓ, AE, BSt.

PZ greiddi ekki atkv.

5 þm. (GíG, HG, HermJ, BBen, BrB) fjarstaddir.

Brtt. 143,1 tekin aftur.

10. gr. samþ. með 7:3 atkv.

Brtt. 142,4 felld með 6:4 atkv.

Brtt. 143,2—5 teknar aftur.

11.—15. gr. samþ. með 7:3 atkv.

16. gr. samþ. með 6:4 atkv.

Brtt. 142,5 felld með 6:5 atkv.

17. gr. samþ. með 6:3 atkv.

Brtt. 142,6 tekin aftur.

18. gr. samþ. með 7:3 atkv.

Brtt. 142,7 felld með 6:4 atkv.

19. gr. samþ. með 6:4 atkv.

Brtt. 168,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

20. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

21. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 143,6 (ný gr., verður 22. gr.) samþ. með 6:4 atkv.

Brtt. 139,2 (ný gr., verður 23. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

22.—23. gr. (verða 24.—25. gr.) samþ. með 7:3 atkv.

Brtt. 142,8 tekin aftur.

24. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 8:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:2 atkv.

Á 28. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 173).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJóh, SÓÓ, AE, BSt, GÍG, IngF, JK.
nei: KK, PZ, VH, BrB, HermJ, GíslJ.
4 þm. (BBen, FRV, HG) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Nd.

Á 29. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 39. fundi í Nd., 6. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er undirbúið af þar til kvöddum mönnum, er ég fékk til að taka það starf að sér á s. l. sumri, eins og nánar segir frá í grg. Það hefur síðan verið samþ. í hv. Ed. með sáralitlum breytingum, en nokkuð voru þar skoðanir manna skiptar um meginefni frv., eins og við mátti búast. Út af fyrir sig skil ég það sjálfur, að mönnum sé mörgum lítið um gefið þá löghelgan á ættarnöfnum, að vísu í mjög takmörkuðum mæli, sem á að veita með þessu frv., en ég hef þó orðið sammála frv., vegna þess að ég tel það vera raunhæft, þannig að hægt sé að framfylgja reglunum, sem settar eru, en gallinn er sá á núverandi banni gegn ættarnöfnum, að því hefur aldrei verið framfylgt og að árlega bætast fleiri og fleiri við með ólögleg ættarnöfn. Ég tel heppilegra að vísa þessu í takmarkaðan þröngan farveg en að setja þá stíflu, sem sýnt er, að flætt er yfir og ekki verður að gagni.

Mér er ljóst, að þetta er nokkurt áhorfsmál, hvað gera eigi, en vonast til, að hv. deild íhugi málið, og ef hún getur ekki fallizt á þá till. að veita mjög takmarkaða heimild til ættarnafna eins og frv. gerir, bendi hún þá á, hverjar raunhæfar aðgerðir sé hægt að hafa í frammi til þess að framfylgja núverandi lagaboðum, eða geri till. um önnur framkvæmanlegri. Mér finnst það vera höfuðefnið eða atriðið í þessu að fá settar reglur, sem eru framkvæmanlegar, og tel það höfuðkost þess frv., sem hér liggur fyrir.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntamálanefndar.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Enda þótt nokkuð sé síðan þessu frv. var útbýtt hér á Alþ., er ég ekki við því búinn að gera því þau skil, sem verðugt væri.

Hæstv. menntmrh. mun hafa látið þess getið í fyrra, þegar rætt var um ættarnöfn og skyldu útlendinga til þess að taka upp íslenzk nöfn, ef þeir vildu öðlast íslenzkan ríkisborgararétt, að það hefði verið léleg framkvæmd á l. um mannanöfn, eftir fyrirmælum þeirra hefði ekki verið farið og þau margfaldlega brotin og hér í landi væru mörg ólögleg ættarnöfn.

Ég efast ekkert um það, sem hæstv. ráðh. hafði þá á orði og hefur vikið að, nú þegar þetta frv. er lagt hér fram, að það er sjálfsagt nokkuð til í því, að síðan þessi lög voru sett, 1925, lög um mannanöfn, hafi verið tekin upp ólögleg ættarnöfn, og mönnum hefur verið látið haldast það uppi að nota þessi ættarnöfn óátalið, eftir því sem ég veit bezt, af þeim, sem eiga að annast framkvæmd þessara laga og hafa aðgæzlu með framkvæmd þeirra. Þó að þetta hafi gengið svona til, finnst mér, að það sæti furðu, að sakir þess að löggjöfin er brotin, þá eigi sama sem að afnema hana. Það er a. m. k. í þessu falli, eins og breytt er til um þetta mál, sama sem afnám hinna eldri laga um það, að menn megi ekki taka upp ættarnöfn. Eftir þessu frv., sem hér liggur fyrir, á það að vera heimilt eftir settum reglum að fengnu áliti þar til kvaddra manna, mannanafnanefndarinnar, sem skipa á, og þess á svo að gæta, að farið verði eftir fyrirmælum þessara laga um ættarnöfn og mannanöfn. Þetta er nú góðra gjalda vert og sjálfsagt ósköp dýrðlegt að mega hugsa til þess, að nú skuli verða farið í þessum efnum að lögum. En má ég spyrja: Hver er kominn til að segja það, að menn vilji ekki brjóta þessa löggjöf? Mundi ekki þurfa að hafa eitthvert eftirlit með henni, svo að hún yrði ekki brotin, og ef hún væri nú brotin, mundi þá ekki þurfa að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir til að kippa slíku í lag, en er þá eitthvað auðveldara að fullnægja þessu lagaboði en hinu eldra um það, að eftir l. sé farið? Það þykir mér einkennilegt, ef svo er, og aldrei fyrr hef ég heyrt talað um það hér á Alþ. að afnema lög sakir þess, að lög eru brotin. Því miður mun það vera svo, að t. d. bifreiðalög eru brotin, sú löggjöf, sem er í alla staði nauðsynleg og varðar miklu að haldin sé. Aldrei hef ég heyrt talað um það, að af því að þessi löggjöf sé brotin, væri rétt að afnema hana. Þvert á móti hefur það komið til orða, sem líka er í alla staði eðlilegt, að það eigi að herða og skerpa þessa löggjöf, svo að þeir, sem verða brotlegir við hana, verði enn eftirminnilegar en áður á það minntir, að eftir þessari löggjöf eigi þeir að fara og hegða sér, og er það í alla staði eðlilegt sakir þeirrar miklu þýðingar, sem þessi löggjöf hefur gagnvart umferð manna á vegum úti.

Nú býst ég við, að mér verði svarað því til, að þetta sé nú allt annað, því að menn eigi líf sitt í hættu, ef eftir þessari löggjöf verður ekki farið. Ég skal játa það. En er það víst, ef lengra er litið og betur er skoðað, að þjóðin eigi öllu minna undir því, að hún sé á verði um sína tungu? Og hinn forni nafnasiður okkar Íslendinga er eitthvert sterkasta atriðið í verndun málsins, að við höldum uppi okkar gamla nafnasið. Þess mættum við líka vera minnugir, ekki sízt þeir hv. þm., sem flestir tóku þátt í því, þegar Ísland endurheimti frelsi sitt, að það var fyrst og fremst sakir þess, að þjóðin hafði varðveitt sína menningu og sína tungu. Ef þjóðin hefði verið búin að tapa máli sínu að miklu eða öllu leyti, mundum við aldrei hafa endurheimt frelsi okkar. Eitthvert það sterkasta og sérkennilegasta einkenni þjóðarinnar, að við værum sérstök þjóð, var einmitt okkar bókmenntir og að við

héldum okkar tungu. Sama kynslóðin sem að því hefur staðið að endurheimta frelsið, nærri því sama þingið, nærri því sömu þingmennirnir sem tóku þátt í því að endurheimta frelsi þjóðarinnar, það væri hörmulegt, ef það ætti svo að liggja fyrir þeim að útbúa löggjöf, sem gæti jafnvel vel orðið fyrsta sporið til þess að brjála okkar tungu og að við að lokum töpuðum henni. Það væri ömurlegt hlutskipti.

Hæstv. ráðh. vitnaði til þess undirbúnings, sem þetta mál hefur fengið, að sérstök nefnd hefði verið skipuð til þess að annast undirbúning þess. Því miður finnst mér, að sjónarmið þeirra mætu manna, sem hafa útbúið þetta mál, hafi verið allt annað en æskilegt, að einum nefndarmanninum undanskildum. Og þó að allir þeir menn, sem við þetta verk fengust, séu mætir menn, — það skal ég vissulega bera, — þá vill það þó svo til, að sá maðurinn í þessum hópi, sem hefur langsamlega mesta þekkingu á, hverja þýðingu það hefur um verndun tungu, og hefur mesta þekkingu á bókmenntum, er algerlega á móti þessu máli og vill, að við höldum uppi okkar forna nafnasið, og færir það til, sem vonlegt var, að með því móti verði tungunni bezt borgið, að við höldum þessari venju. — Það koma fram í áliti þessara manna einnig þau sögulegu rök, sem þeir minnast á, að fram á síðustu aldir helzt málið óspjallað af ættarnöfnum, en byrjunin var, að útlendir menn, er hingað komu og dvöldust hér um skeið, héldu sínum ættarnöfnum, og það var fyrsta sporið til þess, að nokkrir Íslendingar fóru að taka upp ættarnöfn, og er réttilega á það bent, að meðferð þeirra í íslenzku er þannig, að þau eru notuð sem beygingarlaus orð. Það er einnig vitnað til annarra þjóða, nágrannaþjóða vorra, Norðurlandaþjóðanna, um hvaða nafnasiður gilti hjá þeim og hvenær þær breyttu til, og það er einnig á það bent, að eftir að þær breyttu til um sinn nafnasið, leið ekki á löngu þar til hann var algildur orðinn hjá þeim, upptaka ættarnafna, og mál þessara þjóða meira og minna brjáluð. Og ein af frumrótunum til þeirra breytinga og þeirra málspjalla, sem þetta varð hjá öðrum þjóðum, var einmitt nafnasiðurinn.

Hæstv. ráðh. drap aðeins á þetta eina atriði, sem mér skildist að vekti fyrir honum, að af því að lögin hefðu verið brotin, væri þetta tilraun til þess, að sú löggjöf, sem með þessu móti væri sett, yrði haldin. Vel má vera, að hæstv. menntmrh., sem nú er, ætli sér að vera vel á verði um framkvæmd þessarar löggjafar og sjá til þess, að ekki verði óþjóðleg ættarnöfn tekin upp, eftir því sem hann kann að líta á og mannanafnanefndin kann að leggja til. Ég vil ekki efast um þetta. En finnur ekki hæstv. ráðh., hver vandi honum er fenginn á hendur að annast slíka framkvæmd, og er það alveg víst, að mannanafnanefndin, sem sett verður, verði þá vel á verði um að gæta þess, að það komi ekki upp óþjóðleg nöfn? Og úr því að byrjað er með ættarnafnafarganið, hvar verður látið staðar numið, mundi það ekki fara eins og hjá öðrum þjóðum, sem tekið hafa upp þennan nafnasið, að þar eru engin takmörk fyrir? Mér er sagt, að í þýzkri tungu muni vera um 6 millj. manna, sem hafa ættarnafnið Müller. Allir þekkja til í Danmörku, hvað eru margir Larsenar, Sörensenar, Petersenar og þess konar nöfn. Um ættfræðina úr því þarf ekki að tala, hvernig það fer úr höndum með ættfræðina á Íslandi, eftir að búið væri að taka upp svona nafnasið. Það væri búið að gera það svo torvelt, að það yrði lítið upp úr ættfræði leggjandi, eftir að þessi nafnavenja væri tekin upp og hún yrði almenn.

Mig furðar á, að hv. Ed. skyldi afgreiða þetta mál á þann veg, sem hún gerir. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það má heita, að Ed. hafi afgreitt málið eins og það var lagt fyrir hana. En það gekk þó ekki alveg óbreytt í gegn, og það er svona ofur lítil bending um, hvert haldið muni verða, ef þetta yrði að lögum og ætti að fara að framkvæma þau. Í fyrstu brtt. þeirrar n., sem var samþ. með minni hluta atkvæða vafalaust í d., — það reyndar veit ég nú ekki alveg með vissu, en ég veit með vissu, að þetta mál var afgreitt með minni hluta dm. sem betur fór til hv. Nd., — en breytingin hljóðar um það, að ef útlend kona giftist Íslendingi, sem hefur ekki ættarnafn, þá má hún kenna sig við föður eiginmannsins á sama hátt og hann. Þetta er nú fyrsta sporið, þá eru konurnar orðnar son, en ekki dóttir. Það bendir til, hvernig bragðið muni verða á þessu og hver blærinn muni verða á þessu máli, þegar til framkvæmdanna kemur, ég tala nú ekki um, þegar lengra frá líður.

Ef litið er svo á efni málsins að öðru leyti, þá sýnist mér sem um framkvæmd þessarar löggjafar verði margs að gæta og það muni vel geta borið til, að þó nokkuð mörg atriði löggjafarinnar verði brotin, það þurfi að vera talsvert vel á verði um það. Og mikið má það vera góð trú, ef menn halda fyrir fram, að það verði auðveldara að gæta þessarar löggjafar en þeirrar, er nú gildir, þar sem þetta er enn margbrotnara og flóknara en þó þar sem algert bann er við upptöku nýrra ættarnafna eftir núverandi löggjöf. Hitt get ég viðurkennt, að löggjöfina eins og hún er skortir nokkuð á það að vera eins úr garði gerð og þyrfti að vera; það skal ég játa. En mér finnst, að það hefði verið á allan hátt betra og réttara að fullkomna löggjöfina, sem við höfum nú um nöfn og ættarnöfn, heldur en að afnema hana og setja þetta í staðinn.

Ég ætlaði mér ekki í þetta sinn, vegna þess að ég var ekki sérstaklega við því búinn, að tala langt mál um þetta, en ýmis atriði í grg. fyrir þessu frv., sem nm. hafa látið fylgja því, eru sterkustu röksemdirnar með því, að þetta mál á alls ekki að verða afgreitt í þeim búningi, sem það er í, og er talandi vottur þess, að það ber að forðast að innleiða nýjan nafnasið í okkar landi. Við eigum heldur að umbæta það, sem áfátt er um nafnavenju okkar, þar sem við höfum farið út af réttu spori og þeirri einu réttu leið, sem við áttum að halda í heiðri, það er verndun okkar tungu, og halda uppi okkar forna nafnasið. Það hefðum við heldur átt að gera, að endurbæta og lagfæra það, en að hverfa frá margra alda gamalli venju, eins gamalli venju og þjóðin er gömul, og taka upp nafnavenjur, sem geta orðið háski fyrir okkar menningu og tungu.

Komi þetta mál aftur frá hv. menntmn. og verði till. hennar eitthvað í þeim búningi, sem þetta frv. bendir til, þá vildi ég gjarnan geta tekið þátt í því frekar að ræða um þessi atriði, en ég þykist reyndar vera þess fullviss, að þessi hv. d. afgreiðir ekki þetta mál í þessum búningi, sem það er, hún kippir því í lag, þannig að sú forna venja, sem við höfum haft í heiðri að mestu leyti fram að þessu, verði látin gilda.

Nokkrum sinnum hefur borið við á undanförnum árum, þegar tíðrætt hefur verið um erlenda menn, sem hafa óskað eftir íslenzkum ríkisborgararétti, að það hefur verið gert að skilyrði, að þeir tækju upp íslenzk nöfn. Þessi hv. d. hefur verið á verði um, að slíkt væri gert, og sem betur fer hefur verið þó nokkur meiri hl. deildarinnar, sem hefur jafnan staðið á verði um það og verið með því. Það kemur þess vegna ekki til mála, að nú hverfi hún frá þeirri stefnu, sem gilt hefur í þessum efnum, og stuðli að gerbyltingu í þessum efnum meðal þjóðarinnar. Og það má gjarnan segja hér um leið, að þeir menn, sem voru talsmenn fyrir því, að þeir fullorðnu ríkisborgarar, þeir erlendu ríkisborgarar, sem sóttu um íslenzkan ríkisborgararétt, héldu ættarnöfnum sínum, vildu leyfa þeim að halda sínum fyrri ættarnöfnum, þó að erlend væru, aðeins þá stund, sem þeir lifðu, en að niðjar þeirra og eftirkomendur yrðu að öllu leyti að uppfylla okkar nafnaskyldur. Og það er allt annað atriði, sem vakti fyrir þeim mönnum, sem vildu leyfa útlendingunum að halda sínum ættarnöfnum, þ. e. a. s. fullorðnum mönnum, meðan þeir lifðu, heldur en þetta, því að hér er náttúrlega gengið alveg inn á nýja braut og á ekkert skylt við þessi atriði í raun og veru, sem hefur áður verið talað um hér í þessari hv. d. viðvíkjandi útlendingunum, sem sóttu um íslenzkan ríkisborgararétt. Það þótti sem sé fullmikill strangleikur gagnvart þeim að heimta af þeim, að þeir skiptu algerlega um nafn og tækju upp íslenzk heiti, en samt sem áður var meiri hluti d. og þó nokkuð mikill meiri hluti, sem var þessu fylgjandi. Ég er þess vegna alveg öruggur um það, að þessi hv. d. lætur ekki fara frá sér frv., sem heimilar nú, að tekinn sé upp gersamlega nýr nafnasiður og farið verði að taka upp ættarnöfn. Og þó að tilgangurinn sé í byrjuninni góður, að það verði engin orðskrípi, býst ég við því, að áður en varir fari þar að kenna margra grasa og þá verði nokkuð erfitt um framkvæmd slíkrar löggjafar og miklu erfiðara en að framkvæma nafnalögin, sem nú gilda.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég get tekið undir öll þau rök, sem hv. 1. þm. Árn. flutti fram gegn þessu frv. Hann gat þess, að þegar deilur hafa staðið hér á undanförnum þingum varðandi þá skyldu manna, sem fá íslenzkan ríkisborgararétt, að skipta alveg um nafn, var ágreiningurinn milli okkar, sem þá deildum, um það eitt, hvort eðlilegt væri að láta fulltíða menn skipta algerlega um nafn, þó að þeir bæru útlent nafn. Um hitt var enginn ágreiningur milli okkar, sem fastast deildum þá um það mál, að sjálfsagt væri, að niðjar hinna nýju ríkisborgara bæru íslenzk nöfn, sem væru algerlega að hinum forna íslenzka nafnasið. Ég minnist engrar raddar í þeim deilum um, að eðlilegt væri og réttmætt, að hin útlendu ættarnöfn fengju áfram að lifa í tungunni og með þjóðinni. Þær deilur, sem um það mál stóðu, eru í raun og veru algerlega óskyldar kjarna þessa máls. Og mér er það mikil ánægja, að við hv. 1. þm. Árn., sem hart deildum í því máli, skulum nú snúa bökum saman í andstöðu okkar við þetta frv.

Nýmæli þessa frv. er fyrst og fremst það, að nú skal vera lögheimilað að taka upp ný ættarnöfn. Þetta frv. er að ýmsu leyti miklu ýtarlegra frá almennu lagalegu sjónarmiði en gildandi lög um ættarnöfn og að nær öllu leyti betra en gildandi lög, að þessu aðalatriði undanteknu, ef nú á að heimila að taka upp ný ættarnöfn.

Hæstv. menntmrh. sagði í framsöguræðu sinni, að höfuðgalli núgildandi laga væri sá, að þau hefðu reynzt óframkvæmanleg, höfuðkostur þessa frv. væri sá, að það væri framkvæmanlegt. Þetta er rökstuðningur, sem er ofar mínum skilningi. Hvað var það, sem var óframkvæmanlegt eða hefur reynzt óframkvæmanlegt í gildandi lögum? Menn hafa brotið gildandi lög á þann hátt, að menn hafa tekið ólögleg ættarnöfn, og nú er mér spurn: Halda menn, að menn geti ekki eftir sem áður tekið sér ólögleg ættarnöfn? Hvað er það í þessum lögum, sem kemur í veg fyrir það, að menn haldi áfram að taka sér ólögleg ættarnöfn? Halda menn, að það sama ríkisvald sem hefur ekki hingað til getað staðið gegn töku ólöglegra ættarnafna muni geta það framvegis? Geta þeir menn, sem hafa ekki hingað til treyst sér til þess að meina mönnum töku ólöglegra ættarnafna, gert það framvegis? Halda menn, þó að menntmrh. eða dómsmrh. fái heimild til að samþykkja viss ættarnöfn, að honum vaxi þá svo ásmegin í baráttunni gegn ólöglegum ættarnöfnum, að hann mundi þá geta bannað það, sem hann hingað til gat ekki bannað eða vildi ekki banna? Ég skil ekki þessar röksemdafærslur. Hafi ekki verið hægt hingað til að meina mönnum töku ólöglegra ættarnafna, af því að yfirvöldunum þyki það ganga of nærri persónulegu frelsi manna eða eðlilegum réttindum manna að fá ekki að ráða sínu nafni, þá geta menn það auðvitað ekki heldur framvegis. Þessi lög breyta engu um það. Heimildin, sem rn. er fengið til þess að viðurkenna sum ættarnöfn, breytir engu getu þess sama rn. til þess að hindra menn í að taka sér ólögleg ættarnöfn.

Það á að vera höfuðröksemd fyrir þessu frv., að það sé framkvæmanlegt. En ég fæ ekki skilið ákvæði 10. gr. þess öðruvísi en þannig, að nú eigi allir þeir íslenzkir ríkisborgarar, sem bera ólögleg ættarnöfn, að leggja þau niður. Í 10. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Lögleg ættarnöfn, sem íslenzkir ríkisborgarar bera nú, mega haldast.“

Síðan segir í 11. gr.:

„Ættarnöfn skulu vera íslenzk og rétt að lögum íslenzkrar tungu.“

Þessi tvö ákvæði er ómögulegt að skilja öðruvísi en þannig, að ólögleg ættarnöfn, sem nú eru borin af íslenzkum mönnum, skuli lögð niður, að þeir menn, sem þau bera, skuli skipta um nafn. Hvernig er hægt að segja, að þessi lög séu fram-

kvæmanleg, það verði nú allt í einu framkvæmanlegt að láta menn leggja niður ólögleg ættarnöfn, þegar menn hafa sagt, að höfuðgalli fyrrverandi laga sé, að þau hafi verið óframkvæmanleg, að þetta hafi ekki verið hægt? Hér er um svo augljósa rökvillu að ræða, að mig furðar satt að segja á því, að hún skuli vera fram borin af manni eins og hæstv. dómsmrh.

Í 11. gr. segir, eins og ég sagði áðan, að ættarnöfn skuli vera íslenzk og rétt að lögum íslenzkrar tungu, en ekki aðeins mörg ólögleg ættarnöfn, sem nú eru borin, eru annaðhvort erlend eða ekki samkvæmt lögmálum íslenzkrar tungu, heldur einnig mörg löglegu ættarnöfnin, þannig að í raun og veru er alger mótsögn milli 10. og 11. gr., þar sem 10. gr. löghelgar löglegu ættarnöfnin, sem nú eru borin, þó að útlend séu eða ekki rétt að lögum íslenzkrar tungu, en 11. gr. segir, að ættarnöfn skuli vera íslenzk og rétt að lögum íslenzkrar tungu. Svona lagasmíð tel ég ekki sæmilega.

Hér er auðvitað mikill vandi á ferðum. Um það er ég hæstv. dómsmrh. algerlega sammála. Málið er mjög vandasamt. Eins og oft vill verða um jafnvandasöm mál og hér er á ferðinni, er ekki til lausn, sem kunni ekki að orka einhvers tvímælis, en sú lausn, sem hér er um að ræða, er svo stórgölluð, að til hennar má ekki hverfa.

Hvað á þá að gera í þessu máli? Ég vildi eindregið lýsa fylgi mínu við skoðun minni hluta mannanafnanefndarinnar, sem hv. 1. þm. Árn. einnig lýsti eindregnu fylgi sínu við, en hugmynd minni hlutans, prof. Alexanders Jóhannessonar, er sú, í samræmi við skoðanir, sem ég hef áður sett fram hér á Alþ. hvað eftir annað í umræðum um nöfn erlendra ríkisborgara, að öll ættarnöfn, sem nú eru borin, eigi að hverfa úr tungunni, að öll ættarnöfn, hvort sem þau eru útlend eða íslenzk, eigi að hverfa úr tungunni, þó ekki með þeim hætti, að nokkrum fullvöxnum manni skuli skylt að breyta um nafn, heldur þannig, að þau hverfi í næstu kynslóð. Það mætti t. d. fara svo hægt í sakirnar að miða aðeins við ófædd börn, leggja ekki nafnbreytingarskyldu á herðar nokkurra barna, en láta ættarnöfnin hverfa með þeirri kynslóð, sem ófædd er, þegar lagaákvæði um þetta yrðu sett. Það má segja, að í slíku stórmáli sem þessu, sem varðar alla framtíð íslenzku þjóðarinnar og íslenzka tungu og snaran þátt íslenzkrar menningar, skipti ekki máli, hvort breytingin taki fullt gildi einum mannsaldri eða einum, tveimur eða þremur áratugum fyrr eða síðar. Aðalatriðið er það, að einhvern tíma sé mörkuð rétt stefna, sem á sínum tíma komist fullkomlega í framkvæmd. Ég tel engan efa leika á því, að stefna eigi að því, að íslenzk tunga verði ættarnafnalaus. Hin forna íslenzka nafnvenja, að menn kenni sig til föður síns, er svo snar þáttur íslenzks máls og íslenzkrar menningar, að í hann eigum við að halda fast. Ættarnöfn á Íslandi komu til skjalanna í kjölfar erlendra yfirráða, í kjölfar íslenzkrar undirgefni undir erlend áhrif, mér liggur við að segja að sumu leyti í kjölfar íslenzks skriðdýrsháttar fyrir erlendum venjum. Ættarnöfnin eru ekki í samræmi við íslenzka málvenju. Þau raska mikilvægum grundvallarþætti í eðli íslenzkrar tungu. Ættarnöfn eru yfirleitt notuð þannig, að þau eru óbeygð eða þá að þau eru í hæsta lagi höfð í tveim föllum, og er hvort tveggja alveg óíslenzkt að eðli.

Hv. 1. þm. Árn. minntist á ákvæði 7. gr., sem ég er honum alveg sammála um að er alveg fráleitt, þar sem erlendri konu, sem gift er Íslendingi, sem hefur ekki ættarnafn, er heimilað að kenna sig til föður eiginmannsins, þ. e., að það skuli vera lögfest, að kona geti verið son. Að lögfesta nafn eins og Guðrún Jónsson t. d. tel ég ekki koma til nokkurra mála. Slík nöfn hafa nokkuð tíðkazt, en eru öll ólögleg. Rök ráðamanna fyrir því að hafa ekki gert neitt í þessu eru þau, að það hafi ekki verið framkvæmanlegt að knýja fólk, sem tekið hafi upp slík nöfn, til að breyta um nöfn, og nú á ráðið að vera einfaldlega það að leyfa þeim að bera nöfn, sem eru slík skrípi, að mér vitanlega hefur enginn mælt slíku bót opinberlega. Þetta er að gefast algerlega upp fyrir erfiðleikunum. Ég játa, að hér er um vanda að ræða, en svona fullkomlega uppgjöf gegn vandanum má ekki sýna.

Ég skal ekki orðlengja frekar um málið á þessu stigi þess, en taka undir þau ummæli hv. 1. þm. Árn., að ég treysti hv. menntmn. til þess að gerbreyta aðalefni þessa frv., þ. e. því, að heimilað skuli að taka upp ættarnöfn. Ég treysti henni til þess. Í samræmi við þær skoðanir, sem áður hafa komið fram í umræðum um skyld mál, tel ég, að á því sé sem betur fer lítil hætta, að þessi hv. deild láti þetta frv. óbreytt frá sér fara.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður um þetta mál að sinni, það gefst kannske tækifæri til að ræða það nánar síðar.

Það er vissulega alveg rétt, sem hér hefur verið á bent og hæstv. menntmrh. ræddi um, að þessi nafnamál eru orðin mikið vandræðamál hér hjá okkur. Þau hafa verið til umræðu hér þing eftir þing í sambandi við nafnbreytingu þeirra erlendu manna, sem fengið hafa íslenzkan ríkisborgararétt, og í framhaldi af þeim umræðum hefur svo verið í það ráðizt af hæstv. menntmrh., sem er vissulega lofsvert, að láta endurskoða þessi lög, og er frv. það, sem hér er fram komið, árangur þeirrar endurskoðunar.

Það væri auðvitað hægt að ræða langt mál um þessi nafnamál yfirleitt, en það skal ég ekki gera. Það eru aðeins örfá atriði, sem ég vildi minnast á í sambandi við þetta frv. á þessu stigi málsins.

Það var á það bent af hæstv. ráðh., að meginkjarni þessa máls og sú hlið þess, sem líklegust er til að valda ágreiningi, er það ákvæði, að hér eftir verði mönnum heimilað að taka upp íslenzk ættarnöfn, með þeim takmörkunum, að það skuli vera háð samþykki dómsmrn., hverjir fái að taka upp slík nöfn, og væntanlega verður farið í því efni eftir tillögu sérstakrar nefndar, sem um það verði látin fjalla. Ég veit ekki, hvort allir hv. þm. hafa kynnt sér tillögur, sem fram komu á sínum tíma frá ættarnafnanefndinni svokölluðu, sem sett var á laggirnar, að ég held, eftir lögunum frá 1913 og átti að finna upp ættarnöfn og hvaða ættarnafnareglum ætti að

fylgja. Ég minnist þess, að ég las grein eftir Árna Pálsson prófessor, mjög skemmtilega grein, sem ef til vill ýmsir hv. þingmanna hafa lesið, þar sem hann tók nokkuð til meðferðar niðurstöður þessara virðulegu sérfræðinga, sem um þetta höfðu fjallað. Auk þess sem þessi grein er skemmtileg, eins og vænta mátti frá hálfu þess manns, sem hana ritaði, var þar mjög skilmerkilega tætt niður álit þessarar svokölluðu ættarnafnanefndar og bent á, hvílík fáránleg heiti kæmu út, ef ætti að fylgja þeim reglum, sem þar var getið um. Nú skal ég ekkert um það segja, hvort þeir ágætu menn, sem kynnu að verða í nýrri ættarnafnanefnd, fylgdu þeim reglum, sem þar voru fram settar, en þær reglur áttu að hafa það til síns ágætis að falla vel í íslenzkt mál, en ég segi bara: Hamingjan hjálpi okkur, ef ætti að fara að lögleiða ættarnöfn eins og slík, sem þar var bent á að rétt væru samkvæmt lögum íslenzkrar tungu.

Ég verð að láta þá skoðun mína í ljós, að ég tel vera mjög varhugavert að fara að löggilda heimild til að taka upp ný ættarnöfn. Það er vissulega rétt, að það hefur verið erfiðleikum bundið að framkvæma lögin um bann gegn ættarnöfnum og fjöldi nýrra ættarnafna verið tekinn upp, en mér finnst þó ekki, að það mál sé komið á það stig, að það geti réttlætt að bera fram eða lögfesta það á Alþingi, að þessi ættarnöfn öll skuli vera lögleg, þ. e. a. s., það er nú ekki einu sinni lögfest, því að eins og hv. 1. landsk. benti á, eru ekki lögfest þau ættarnöfn, sem ólöglega hafa verið upp tekin, og mundi væntanlega verða að fá leyfi rn., til þess að þau yrðu lögleg. En mér finnst a. m. k. ákaflega erfitt að sætta sig við þá tilhugsun, að vegna þess að lög hafi verið brotin í þessu efni, þá verði nú að beygja sig fyrir lögbrotunum og löggilda ættarnöfnin eða löggilda þá venju, sem lögbrotin eiga að hafa löghelgað.

Við þekkjum auðvitað fjöldamörg lög, sem hafa verið brotin á margvíslegan hátt. Það er t. d. ekkert launungarmál, að skattalög eru ákaflega brotin, og ég held þó, að fæstum komi til hugar að löggilda skattsvik, þannig að þótt hér sé við margvíslega erfiðleika að stríða, verði fyrst og fremst að reyna að finna leiðirnar til þess að framkvæma l., því að ég get ekki skilið annað en það sé með ýmsum ráðum hægt a. m. k. að orka mjög í þá átt, að það sé hægt að framkvæma bannið gegn ættarnöfnunum.

Nú er mér ekki kunnugt um, hvort eða hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af þeim yfirvöldum, sem eiga að fjalla um þessi mál, til að koma í veg fyrir, að ólögleg ættarnöfn væru tekin upp, en það virðist a. m. k. augljóst, að það ætti í öllum opinberum skýrslum, manntali og með öðrum þeim ráðum, sem opinberir aðilar hafa yfir að ráða, að vinna gegn ættarnöfnunum með því, að þar séu ekki tekin upp þau ættarnöfn, sem ólögleg eru, heldur nöfn manna skráð þar svo sem löglegt er. Er ekki að efa, að það gæti mjög orkað í þá átt að vinna gegn ættarnöfnunum, ef þau væru hvergi viðurkennd á opinberum vettvangi.

Það er auðvitað alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði hér, að það ber brýna nauðsyn til þess að íhuga það þá vendilega, ef menn vilja ekki löggilda ættarnöfnin, hvaða leiðir eigi að fara til þess að framfylgja banninu gegn þeim, og þess er mjög að vænta, að sú hv. nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, íhugi það, hvaða úrræði þar væru tiltækilegust. En ég tel það geta verið strax til leiðbeiningar fyrir hv. n., að fram komi viðhorf það, sem ríkjandi er í hv. þd. til ættarnafnanna yfirleitt. Ég vildi því ekki láta hjá líða að taka það hér fram sem mína skoðun, að það megi ekki hverfa inn á þá braut að löghelga ættarnöfn, heldur miklu fremur, að það eigi að stefna að því að útrýma öllum ættarnöfnum úr málinu, vegna þess að það er auðvitað alveg rétt, að það er a. m. k. ákaflega erfitt að neita mönnum um að taka upp ættarnöfn, ef heilum hóp landsmanna er leyft að halda ættarnöfnum. Og það á ekki að vera neitt meiri erfiðleikum bundið að banna ættarnöfn, t. d. með þeim fyrirvara, sem próf. Alexander Jóhannesson hefur í sínu séráliti, heldur en að lögbjóða, að þeir útlendingar, sem verði íslenzkir ríkisborgarar, skuli algerlega skipta um nafn. Ég sé ekki, að það sé neitt meiri kvöð við menn að gera það og það eigi að vera algerlega vansalaust fyrir hvern mann að kenna sig til síns föður. — Og það er nú eitt í þessu, sem mig hefur undrað hér á landi, og það er, að okkar ágætu kvenréttindasamtök skuli ekki í rauninni hafa risið upp gegn ættarnöfnunum, því að það er eiginlega dálítið einkennilegt að hugsa sér það, að kona skuli geta sætt sig við að týna algerlega nafni sínu við giftingu. Að vísu er það nú svo hér á Íslandi, að hún heldur sínu sérnafni, en erlendis er tíðkað, að það er yfirleitt ekki talað um annað en herra og frú Smith eða eitthvað slíkt, hvað sem það er nú, og það veit enginn lengur, hvað konan heitir, hún er eins og hvert annað fylgifé mannsins. Mér finnst þess vegna, að það væri fullkomlega vert fyrir íslenzk kvenréttindasamtök að taka upp harða baráttu gegn ættarnöfnum í málinu og fá það lögfest, að kona haldi sínu nafni, hvort sem hún er gift eða ógift, og yrði ekki á þann hátt neitt fylgifé mannsins, heldur héldi sínum persónuleika óskertum að því leyti. (Gripið fram í.) Það má kannske deila um það, því að til annars hvors aðilans verður að kenna barnið, svo að það er kannske ekki algerlega hliðstætt mál. En mér finnst nú, auk þess sem ég get ekki ljóslega séð rökin fyrir ættarnöfnum almennt, að þá sé það ákaflega leiðinlegt fyrir okkur Íslendinga, jafnvel þó að við tökum ekki það djúpt í árinni að segja, að það sé stórhættulegt fyrir okkar menningu, þá er það nú samt svo, að mér finnst, að það sé mjög leiðinlegt og eiginlega til hálfgerðrar skammar fyrir okkur Íslendinga, sem höfum fellt í málið þann sið að kenna börn til föður síns, að eiga að fara að hverfa frá þeirri venju og taka upp ættarnöfn, sem hljóta að leiða til þess innan skamms tíma, að það verði allir Íslendingar, sem heita ættarnafni, og þessi þjóðlegi siður, sem Íslendingar hafa nokkra sérstöðu með, alveg felldur niður. Ég held þess vegna, að í lengstu lög a. m. k. verði menn að reyna að sameinast um að finna úrræði til að koma þessum málum í það horf, að ættarnöfn-

unum verði útrýmt, í stað þess að beygja sig orðalaust fyrir þeim ósið, sem tíðkazt hefur, og þeim lögbrotum, sem framin hafa verið, með því að segja: Ja, það er hvort sem er ekki hægt að halda þessu uppi, og þess vegna er rétt að gefast alveg upp. — Ég segi fyrir mitt leyti, að mér er þessi hugsun mjög ógeðþekk og vildi a. m. k., að reynt væri að sporna sem lengst gegn því, að slíka leið þyrfti að finna. Hitt er annað mál, að það er auðvitað alveg óviðunandi að vera með löggjöf, sem ekki eru einhver úrræði til þess að framkvæma, og þess vegna er það rétt, sem hæstv. ráðh. hér benti á, að það ber auðvitað brýna nauðsyn til, ef menn vilja ekki aðhyllast þá breytingu, sem hér er gerð, að reyna að finna úrræði til að framkvæma bannið gegn ættarnöfnunum. En því er heldur ekki að leyna, sem hv. 1. landsk. einnig benti á, að ég sé ekki, að þetta frv., þó að lögum yrði, geri á nokkurn hátt sennilegt, að það verði frekar hægt að framkvæma þessi lög eða að þetta verði allt saman löglegt, því að það er vitanlega svo, að úr því að ekki hefur verið hægt að sporna gegn því, að menn tækju upp ættarnöfn að eigin geðþótta, þá er ekki líklegt, að það verði frekar farið að sinna því, að menn fari þar eftir tillögum eða samþykkt einhvers ákveðins ráðuneytis. Ef þeim sýnist, að rn. sýni þar óbilgirni, er ósköp hætt við því, að haldið verði áfram nákvæmlega á sömu braut, og ekki sjáanlegt, að það verði neitt auðveldara að framkvæma bannið gegn slíkum ættarnöfnum en það er nú að framkvæma hið almenna bann gegn ættarnöfnum, og það er því mín skoðun, að það beri að stefna að því að útrýma öllum ættarnöfnum úr málinu og um það eigi menn að reyna að sameinast og finna skynsamlegar leiðir að því marki.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég er feginn þeim umræðum, sem hér hafa orðið, vegna þess að þær sýna, að a. m. k. hefur flutningur þessa frv. vakið menn til umhugsunar og vonandi framkvæmda í þessu máli. En þannig vill til, að í gildi hafa verið um 30 ára bil lagafyrirmæli, sem aldrei hafa verið framkvæmd, og er merkilegt, að svo skeleggir og eindregnir forustumenn og áhugamenn um þessi efni eins og hv. 1. þm. Árn. hafa setið á Alþ. allan þann tíma og aldrei að fundið því aðgerðarleysi stjórnarvaldanna, sem átt hefur sér stað. Er mér mikil gleði, að ég skuli þó hafa getað með þessum hætti vakið hans áhuga. Það er ekki fyrr en hv. 8. þm. Reykv. (GilsG) bar hér í fyrra eða hittiðfyrra fram á Alþ. fyrirspurn um það, hvernig væri háttað framkvæmd þessara laga, að nokkurn tíma hjá nokkrum þm. hafi lýst sér áhugi fyrir framkvæmd l. frá 1925. Hv. 8. þm. Reykv. er sá eini, sem virðist hafa haft einhverja hugsun á því, að þessi lög væru í gildi, og þegar ég skýrði frá því, hvernig framkvæmdin hefði verið, þá minnist ég þó ekki, að hann bæri fram neina aðfinningu gegn því allsherjar framkvæmdaleysi, sem verið hafi, og enn þá síður, að aðrir þm. vöknuðu þar við og hreyfðu athugasemdum.

Ég fyrir mitt leyti er ákaflega andstæður þeirri löggjöf, sem reynslan sýnir að er óframkvæmanleg, og það er auðvitað mesti misskilningur, að það tjái í því sambandi að vitna í það, að skattalög séu brotin og annað þess háttar. Við vitum, að það er enginn borgari, sem ekki viðurkennir nauðsyn skattalaga. Hitt vitum við, að það er mjög sterkt almenningsálit, sem telur, að löggjöf eins og þessi eigi ekki rétt á sér, og einmitt þess vegna hefur engin ríkisstj., svo margbreyttar sem þær hafa verið á þessu 30 ára bili, leitazt við að framkvæma þessi lög. Þau hafa verið gersamlega dauður bókstafur, Alþingi, ríkisstjórn og löggjafarvaldinu til skammar. Þar við bætist, að lögin eru ákaflega vafasöm að efni að því leyti, að menn greinir á um, hvað í þeim felst, auk þess sem þau gera mjög upp á milli manna, þannig að sum ættarnöfn eiga að vera alveg bönnuð, önnur eiga að vera bönnuð um sinn, eiga að vera bönnuð eftir tiltekinn tíma og þó mismunandi í hverju einstöku tilfelli, en þriðji hópurinn og sum af þeim leiðustu og óþörfustu að gerð eiga að lifa um aldur og ævi. Slíka löggjöf tel ég ekki til fyrirmyndar. Og ég vil algerlega neita því, að þetta frv., sem ég viðurkenni að er að öðru leyti mjög mikið áhorfsmál, þess aðalatriði varðandi ættarnöfnin, ýti undir ættarnöfn frá því, sem verið hefur. Það er þvert á móti tilgangur minn með flutningi frv. að reyna að koma í veg fyrir, að ný ættarnöfn verði tekin, og tryggja, að þau, sem tekin verði, séu í betra samræmi við lögmál íslenzkrar tungu en þau ættarnöfn hafa verið, sem bæði hafa tíðkazt hér frá fornu fari og tekin hafa verið upp ólöglega síðustu árin.

Mér er engin launung á því, að mín skoðun sjálfs er sú, að langbezt væri, að ættarnöfnum væri með öllu útrýmt úr íslenzkri tungu, þó að ég verði hins vegar að játa, að á því eru vissir annmarkar. Svo margir mætir Íslendingar og framúrskarandi menn í okkar þjóðernisbaráttu fyrr og síðar hafa borið ættarnöfn, að við getum ekki lengur sagt, að ættarnafn sem slíkt hljóti endilega að bera merki um óþjóðrækni, og að því leyti eru ættarnöfnin runnin inn í íslenzka sögu og orðin þáttur í henni. Engu að síður tel ég, að það væri Íslendingum til heiðurs og stolts, ef við gætum á ný eingöngu tekið upp okkar gamla nafnasið, og ég skal verða því eindregið fylgjandi og öruggur talsmaður þess, ef hægt er að fá meiri hluta á Alþ. til slíkra framkvæmda. En þá vil ég, að við horfumst í augu við verkefnið, segjum ekki, að börn okkar eða barnabörn eigi að gera það, eins og hv. 1. landsk. þm., sem telur að það sé ágætt, að góðir menn nú á dögum beri ættarnöfn, en það eigi bara að hindra blessuð börnin og barnabörnin í að gera það. Nei, ég segi: Við skulum þá hafa kjark til þess að banna öll ættarnöfn öllum Íslendingum t. d. frá upphafi næsta árs. Ef menn vilja sameinast um slíka framkvæmd og þá segja, eins og kom fram í efri deild: Á kjörskrám, í öllum opinberum stöðum skulu allir menn nefnast eftir hinum forna íslenzka nafnasið, ekkert vixilblað eða skuldbinding skal tekið gilt, nema þessi aðferð sé höfð, — og séu enn fremur hæfilegar sektir lagðar við, til þess að hægt sé að framfylgja l., þá skal ég vera með í slíkri lagasetningu. Og hvort sem ég verð í rík-

isstj. til að fylgja þar eftir eða ekki, skal ekki standa á mínum stuðningi. En ég er í þessu máli eins og öðrum algerlega á móti því að látast, að þykjast ætla að gera eitthvað, sem maður ætlar ekki að gera, að þykjast vera á móti ættarnöfnum, en segja bara: Ja, það eru blessuð börnin, sem eiga ekki að bera það, en ég ætla sjálfur að bera það. — Ég held, að engum slíkum aðferðum sé sæmilegt eða hæfilegt að beita. Ef maður vill láta gott af sér leiða, er öruggasta leiðin sú að sýna með eigin fordæmi, að maður trúi á eigin kenningar. Þá er fyrir þá góðu herra, sem nú eru á móti ættarnöfnum, en hafa orðið fyrir þeirri ógæfu að hljóta þau og geta þess vegna ekki kennt sjálfum sér um, að sýna það að kasta ættarnöfnunum, skapa þar með almenningsálitið gegn þessum ósið, sem ég tel fyllilega að sé ósiður.

Ég tel, ef þetta frv. er rétt skilið, en ekki rangtúlkað, eins og hér hefur verið gert, að þá mundi það geta átt þátt í því að skapa aðhald í þessum efnum og meiri takmarkanir á ættarnafnaupptöku en verið hefur fram til þessa. Og það er einungis vegna þess, að ég var sannfærður um það, að frv. mundi verka í þá átt, sem ég tók að mér flutning þess, eftir að þeir menn skiluðu því í mínar hendur, sem höfðu verið fengnir til þess að semja frv. og reyna að finna lausn í því.

Ég álít sem sagt, að þarna sé um tvær aðferðir að ræða, annars vegar þá, sem er í frv., að reyna að veita þessum sið andstöðu, en að svo miklu leyti sem menn treysta sér ekki til þess að kveða hann niður, að reyna þá að fella hann í þá rás, sem geri minnstan skaða. Ef menn telja, að þetta sé of linlega að farið, þá á að horfast í augu við að koma á breytingu, sem aldrei verður, nema hún sé gerð í eitt skipti fyrir öll. Það er alveg víst, að ef svo ágætir menn sem nú eru uppi á Íslandi og bera ættarnöfn, eins og sumir þm. í þessari hv. d., halda áfram með sínu fordæmi kannske 30, 40 til 50 ár enn þá að bera þessi nöfn og hamra þau inn í hugsun þjóðarinnar, þá verður miklu örðugra að fá siðinn afnuminn en ef við reynum að skapa öldu í dag og segja: Nú ætlum við að breyta hér til, og við skulum gera það svo rækilega að skipta um frá næsta ári og láta alla menn kenna sig að gömlum og góðum íslenzkum sið. — Ef hv. d. vill leggja lið að slíku, þá skal ég verða því eindregið fylgjandi.

Að öðru leyti vil ég benda á, að þótt við tölum nú um þetta atriði sem kannske eitt aðalatriði frv., þá eru, eins og lítillega hefur komið fram, ýmis önnur efni, sem frv. fjallar um. Og ég tel, að jafnvel þótt menn vildu breyta þessu meginatriði í þá átt, sem hv. 1. landsk. talaði um, — ég heyrði nú ekki nema part af því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði, — að menn ættu að fella breytingar sínar inn í frv., vegna þess að fyrir utan þetta atriði eru í frv. ýmis þörf nýmæli, þannig að annaðhvort ætti að fella breytingarnar inn í þetta frv. eða þá taka þær upp í sérstöku frv., þannig að það gæti orðið að gagni. Kemur það alveg í einn stað niður, hvort það er í þessu frv. eða öðru. Aðalatriðið er, að það af frv., sem menn eru sammála um að horfi til góðs, nái fram að ganga að efni til. Hér er ekki um neitt metnaðarmál eins eða neins að ræða, enn síður nokkurt stjórnmál í venjulegum skilningi eða pólitískt atriði, þannig að hægt ætti að vera að reyna að finna á þessu mjög vandasama máli einhverja þá lausn, sem meiri hlutanum féll í geð, en jafnframt — og á það legg ég megináherzlu — sé framkvæmanleg.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mér fannst sá dólgslegi tónn, sem öðru hverju brá fyrir í ræðu hæstv. dómsmrh., bera vott um það, að hann geri sér sjálfur ljóst, að málstaður hans er vægast sagt mjög veikur, að það frv., sem hann hefur borið fram, er meingallað og honum til einskis sóma. Hann sagði, að hann teldi ættarnöfn ósið. Það er mjög sjaldgæft, að menn kalli eigin tillögur ósiðlegar, en það gerði hæstv. ráðherra. Hann ber fram tillögur um að löghelga ættarnöfn, sem hann sjálfur kallar ósiðleg. Sem betur fer gerist slíkt sjaldan, en hefur þó gerzt hér.

Hæstv. ráðh. misminnti algerlega um það, sem gerzt hefur í málinu undanfarin ár, þegar hann rakti sögu málsins. Mannanafnalögin hafa einmitt verið rædd rækilega þrjú undanfarin þing í sambandi við reglur um nafngiftir erlendra ríkisborgara. Þegar fyrst komu fram tillögur um að skylda erlenda ríkisborgara til þess að skipta algerlega um nafn og ég flutti till., sem gengu í aðra átt, voru einmitt nafnalögin rædd mjög ýtarlega, sérstaklega milli hv. þáverandi menntmrh., Björns Ólafssonar, og mín. Ég sagði þá, að ég mundi flytja brtt. við nafnalögin og hefði í hyggju að gera það. Hæstv. menntmrh. sagðist sjálfur hafa þetta mál í athugun í sínu ráðuneyti og hefði í hyggju að gera um þetta mál tillögur. Það var ástæðan til þess, að ég hvorki á því þingi né síðar hef flutt brtt. við sjálft nafnalagafrv. Síðan hefur hæstv. dómsmrh. einum tvisvar sinnum endurtekið þessar yfirlýsingar, þegar þetta mál hefur borið á góma. Þó sé ég, að hann hefur ekki skipað nefnd í málið fyrr en 1. marz 1955, á s. l. ári. En það man ég glöggt, að síðast þegar málið var til umr. hér á hinu háa Alþ., vék einmitt hæstv. dómsmrh. að fyrirhugaðri nefndarskipun eða sagði, að málið væri í athugun í sínu rn., og það er alls ekki eðlilegt, að þingmenn beri fram tillögur í máli, meðan fyrir liggja yfirlýsingar ráðh. um, að málin séu til athugunar í þeirra rn., sérstaklega þegar um mál er að ræða eins og þetta.

Hæstv. ráðh. sagði, um leið og hann viðurkenndi, að hér væri vandamál á ferð, og í framhaldi af þeirri yfirlýsingu sinni, að ættarnöfn væru ósiður, að í þessu máli yrði að ganga hreint til verks: annaðhvort yrði að banna öll ættarnöfn frá ákveðnum degi, t. d. byrjun næsta árs, eða taka upp þann sið, sem hann mælir með í þessu frv. Ég skal lýsa því yfir, svo að á því leiki ekki nokkur vafi, hver afstaða mín sé, að ég mundi vera því eindregið fylgjandi, ef nokkur von væri til, að Alþingi fengist til þess, að samþykkja ákvæði um, að öll ættarnöfn skyldu úr gildi numin t. d. frá byrjun næsta árs. Til að undirstrika þetta skal ég taka fram, að ég mun annaðhvort einn eða ásamt einhverjum öðrum þm. flytja brtt. um þetta einmitt við þetta frv.

Sem varatillögu mætti flytja þá hugmynd, sem ég hef lýst sem þeirri lausn, er ég teldi skynsamlegasta: að leysa þetta viðkvæma mál þannig, að ættarnöfnum yrði útrýmt, en þó án þess að sú skylda væri lögð á nokkurn fulltíða mann að skipta um nafn. Þó að ég sjálfur persónulega teldi þá lausn vera skynsamlegri og hógværari, tel ég hitt atriðið svo miklu nauðsynlegra, að tryggja, að ættarnöfnum verði útrýmt úr tungunni, að ég mundi hiklaust fylgja því, þótt það kostaði það, að allmargir menn yrðu að breyta um nöfn þegar í stað. Á þessu vildi ég engan vafa láta vera. Mér þykir vænt um, að hæstv. ráðh. skuli hafa lýst yfir fylgi sínu við þá till., sem áreiðanlega verður hér til umræðu og atkv., að t. d. frá næstu áramótum skuli öll ættarnöfn vera óheimil á Íslandi. Mér þykir mjög vænt um fylgi hans við þá tillögu, og slíkur áhrifamaður sem hann er í sínum flokki, vildi ég mega vænta þess, að till. yrði fjarri því að vera fylgislaus í flokki hans.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja í tilefni af ræðu hæstv. menntmrh.

Að mörgu leyti þótti mér vænt um að heyra ræðu hans. Hann lýsti því sem sé yfir, að flutningur þessa frv. af sinni hálfu væri gerður sakir þess, að hann hefði fyrir fram ekki trú á, að unnt væri að hafa þetta mál í því formi, sem hann hefði kosið helzt, sem sé að gera alveg hreint borð og afnema öll ættarnöfn. En vegna þess, hvernig hann lítur einmitt á það mál, og meðal annars út af rökstuðningi hans, þegar hann talaði fyrir þessu máli, þá undrar mig, að hann skyldi vilja flytja þetta frv., jafnvel þó að telja mætti fyrir fram einhverjar líkur fyrir því, að framkvæmd þessarar löggjafar yrði nokkuð með öðrum hætti en framkvæmd nafnalöggjafarinnar frá 1925.

Hæstv. ráðh. lýsti því reyndar yfir, að enginn af þeim ráðherrum, sem komið hefðu síðan sú löggjöf var sett, mundi hafa skeytt nokkuð um að halda í heiðri þá löggjöf. En í sambandi við þetta má þá spyrja: Er fyrir fram vitað um það, að þeir ráðherrar, sem koma til með að annast framkvæmd þessarar löggjafar, verði það betur á verðinum hér eftir en verið hefur, að framkvæmd þessarar löggjafar verði í lagi?

Það má vafalaust finna að því við okkur, að við þm., sennilega á hverjum tíma, séum ekki nægilega á verði um það að aðgæta, hvort ríkisstjórnir annast framkvæmd laga eins og vera ætti. Ég skal ekki biðjast neitt undan þeim aðfinnslum, sem að mér kynni að verða beint í því efni, en heldur kýs maður að gera ekki um of að því, nema a. m. k. verulegt tilefni sé til. Ég get lýst því yfir, að ekki hafði ég hugmynd um það fyrr en nú, að allir þeir ráðherrar, sem hafa átt að annast framkvæmd þessarar löggjafar, hafi vanrækt skyldur sínar í því efni. Ég hefði verið einmitt fúsari til að trúa því, að þeir hefðu viljað vera á verði um framkvæmd slíkrar löggjafar, að hún væri með löglegum hætti.

Mér þykir sérstaklega vænt um að heyra yfirlýsingu hæstv. ráðh., þar sem hann er af sinni hálfu tilbúinn til að afnema öll ættarnöfn, og þá skal ég nota tækifærið, sem reyndar hefur komið áður fram hjá mér í umræðum um þetta mál, — það skal ekki standa á mér að fylgja slíkum tillögum. Það, að ég hef ekki gert till. undanfarið um að taka af skarið um þau ættarnöfn, sem leyfð voru með löggjöfinni 1925, er sá mannlegi veikleiki, að maður vill ekki nema af nokkuð mikilli nauðsyn a. m. k. særa tilfinningar manna. En vel má vera, því að menn taka þetta nokkuð persónulega, sem ég álít nú að ekki ætti að vera, að málið hafi samt sem áður verið svo mikilvægt um þetta efni, að maður hefði ekki átt að láta slíka tillitssemi ráða, en enn síður ætti að gera það nú, eins og horfir með þetta mál. — Hæstv. ráðh. drap einmitt á eitt atriði nú í sinni ræðu, hann minntist á, að hér væru í þingi nokkrir menn, sem bæru ættarnafn, þjóðkunnir menn og mætir og góðir menn, og þegar þeir væru búnir að bera það í nokkra áratugi til viðbótar, mundi verða nokkru torveldara að fá slík ættarnöfn afnumin en að gera það nú þegar. Ja, ég býst einmitt við, að þetta sé rétt. Ég er hæstv. ráðh. nokkuð sammála. En hvað heldur þá hæstv. ráðh.? Hvernig heldur hann að það verði, þegar kannske allmikill hluti þjóðarinnar er búinn að taka upp ættarnafn og maður sér, að með því nafnafargani er stefnt í óefni, að fást við slíkt mál og fá það allt saman afnumið? Þá er ég hræddur um, að það verði nokkuð torvelt. Þess vegna er þetta einmitt röksemd með því að taka ekki upp ættarnöfn og helzt af öllu að afnema þau ættarnöfn, sem fyrir eru, þó að með löglegum hætti séu.

Hvað fylgi almennings áhrærir, þá er ég alveg sannfærður um það fyrir fram, að meginþorri fólks mun vera því fylgjandi, að þjóðin haldi sínum forna og góða nafnasið. Nærri því hvar á landinu sem er þyrði ég að keppa um þá skoðun fyrir kjósendum landsins, að ég treysti því og trúi, að þeir menn, sem vilja hafa þennan íslenzka nafnasið í heiðri, hafi hljómgrunn fyrir því og verði í meiri hluta.

Ég tel því, að það væri vel farið, áður en nokkurt óhappaspor er stigið í þessum málum, að það verði gert hreint borð í þessum efnum og við höldum okkar gömlu venjum og hreinsum málið af þeim fáu ættarnöfnum, sem fyrir eru, og ég er viss um, að fljótlega sætta menn sig við það. Ég hef þá trú til manna fyrir fram, að ef þeir íhuga, hvað skaðlegt það kynni að reynast okkar tungu að taka upp þennan nýja sið, mundu þeir vilja fúsir vinna það til að leggja ættarnafn sitt niður og kenna sig við föður sinn eins og okkar nafnasiður er og hefur verið og ætti að vera áfram.

Ég verð að segja það að lokum, að ég hef hina beztu trú á því, að þessu frv. verði gersamlega snúið við og ættarnöfn verði með öllu bönnuð, og það mundi verða bezta lausnin á þessu máli.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég er ekki í neinum vafa um það, að meiri hluti íslenzku þjóðarinnar er andvígur ættarnöfnum. Það kemur fram í vali manna sjálfra. Þrátt fyrir það að nokkuð hafi bætzt við ættarnöfn á undanförnum áratugum, er það enn yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga, sem heldur fast

við hinn forna íslenzka sið. Hitt er ekki jafnvíst, og það verðum við að gera okkur ljóst, hvort aðferðin til þess að halda öllum við hinn góða gamla sið sé sú að hafa um þetta ströng bönn eða reyna að fella þá löngun, sem hjá sumum og allmörgum er til ættarnafna, inn í hóflegan farveg, en standa þó þar á móti eftir föngum.

Ég vil ítreka það, að frv. miðar ekki að því að opna allar flóðgáttir, heldur að koma á raunverulegri takmörkun frá því, sem verið hefur, og allar aðrar túlkanir á frv. eru ranghermi. Menn geta sagt, að frv. nái ekki tilgangi sínum, það sé ófullkomið o. s. frv., en það er yfirlýstur tilgangur frv. að verka til hindrunar í þessu efni Ef menn telja, að þær hindranir séu ekki nógu miklar, og vilja hafa þær strangari, þá, eins og ég sagði áðan, er ég sammála því, að það verði gert, ef menn vilja gera það af fullkominni alvöru og af heilindum og ekki til að sýnast.

Mér heyrðist það nú á hv. 1. landsk. (GÞG), að honum hafi ekki alveg geðjazt það, sem ég sagði. Það skiptir mig í sjálfu sér ekki miklu máli. Hitt hefur meiri þýðingu, að orð mín höfðu auðsjáanlega haft á hann góða verkun að því leyti, að nú lýsti hann því yfir, að hann ætlaði að hafa það sem aðaltillögu, sem hann nefndi alls ekki sem sína till. í sínu fyrra máli. En það er gott, að eitthvað hefur verið kippt í hans skoðun við það, sem ég sagði, og þarf ég sízt um það að sakast. — Það er líka mjög óvenjulegt lítillæti og fjarstætt því, sem við eigum að venjast, ef hv. þm. ætlar að taka upp þann sið í framtíðinni að flytja ekki till. um það, sem aðrir eru að vinna að. Ég held einmitt, að þessi hv. þm. sé þekktur að töluvert öðrum vinnubrögðum, að honum að öðru leyti ólöstuðum, en að hann sé feiminn í tillöguflutningi eða frábitinn því að taka upp mál, sem aðrir eru að fjalla um, en ef hann hefur þær hugmyndir um sig sjálfur, sýnir það einungis, að enginn er dómari í sjálfs sín sök.

Hinu hverf ég ekki frá, að langáhrifaríkasta aðferðin í þessu efni er sú, að þeir, sem bera ættarnöfn og telja ósiðlegt að flytja frv. um að reyna að hafa einhvern skikk í þeim efnum, ættu sjálfir með sínu góða fordæmi að leggja niður ættarnöfnin og byrja síðan vítur á aðra, þegar þeir eru búnir að sýna með þessu sínu fordæmi, að hugur fylgi máli hjá þeim.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég ætla aðeins að gera þá athugasemd, að hæstv. menntmrh. sneri auðvitað vísvitandi og viljandi út úr þeim orðum mínum áðan, að ég mundi telja það aðalskoðun mína, að rétt væri, að allir menn legðu niður ættarnöfn frá ákveðnum tíma, t. d. 1. jan. næsta árs, þó að ég segðist mundu flytja um það till. og hafa hana aðaltill., beinlínis af því, að slík till. mundi ávallt verða borin upp á undan hinni till., sem fæli það í sér, að ættarnöfn skyldu vera óheimil í næstu kynslóð, vegna þess að sú till. gengur lengra. Ég tók alveg skýrt fram, að sjálfur teldi ég það vera skynsamlegri lausn, og ég hef líka ástæðu til þess að halda, að það sé skoðun fleiri manna. M. a. var það skoðun minni hl. í mannanafnanefndinni, að sú leið skyldi farin, að ættarnöfn skyldu bönnuð í næstu kynslóð og hverfa með næstu kynslóð. Mér vitanlega hefur enginn á undan hæstv. dómsmrh. borið fram þá till., að ættarnöfn skyldu bönnuð frá ákveðnum tíma, t. d. frá næstu áramótum. Ég hef ekki séð þá till. á prenti. Hitt er annað mál, eins og ég sagði áðan, að svo mikið legg ég upp úr því, að ættarnöfn hverfi, að ég tel rétt að fylgja þeirri till., þó að ég telji hana að ýmsu leyti mjög gallaða. Þetta vona ég að sé svo augljóst mál, að það ætti ekki frekari skýringa að þurfa við.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Af því að hv. þm. sagði, að ég hefði viljandi snúið út úr ummælum sínum, þá er það nú í fyrsta lagi naumast á hans færi að segja, hvað ég viljandi geri. Ég hefði getað misskilið hann. Um það, hvort ég hafi misskilið hann eða ekki, er bezt að athuga hans mál, þegar það liggur fyrir, og ef þá sannast, að ég hafi að einhverju farið rangt með, þá skal ég verða fyrsti maður til að viðurkenna það. En þá skora ég líka á hann að breyta ekki áður en borið er saman.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það bárust á þskj. 595.

---

12. Skemmtanaskattur og þjóðleikhús (stjfrv.).

Á 17. fundi í Ed., 14. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús [97. mál] (stjfrv., A. 111).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Frv. þetta er að vísu ekki langt, en ég geri þó ráð fyrir, að það verði ef til vill frekar deiluefni en það frv. um skemmtanaskattinn, sem var hér til umr. næst á undan.

Svo er mál með vexti, að í lögum hefur verið heimild til undanþágu frá skemmtanaskatti um skemmtanir til styrktar málefnum, er miða að almenningsheill. Þetta er mjög óákveðið orðalag, og hefur verið töluvert á reiki, hverjum ætti að veita undanþáguna. Svo hafa einstakir umsækjendur, sem ekki hafa fengið undanþágu hjá stjórnarvöldum, látið málið koma fyrir dómstóla og þeir talið félög eiga rétt á undanþágu um skemmtanir, sem rn. hafði ekki talið ástæðu til að veita undanþágu. Þetta gerir enn þá meiri glundroða í framkvæmdinni en áður var og hefur haft þau áhrif, að ákaflega erfitt er að segja

um, hverjir eiga rétt á undanþágu, vegna þess að svo virðist sem rn. hafi ekki aðeins heimild, heldur beina skyldu til þess að veita undanþágur, og ef það er skyldugt að veita undanþágu öllum þeim, sem efna til skemmtana, er miða að almenningsheill, þá er í raun og veru í mörgum tilfellum botninn dottinn úr skemmtanaskattslögunum, vegna þess að þá þurfa menn ekki annað en að hafa einhvern góðan tilgang að yfirvarpi, láta síðan mikinn kostnað lenda á skemmtuninni, kostnað, sem rennur að verulegu leyti til þeirra, sem fyrir skemmtuninni standa, en verða svo skattfrjálsir að lokum með skemmtunina, af því að sá hreini ágóði, sem kallaður er, er látinn renna til einhverrar þarflegrar stofnunar. En þá geta hinir og þessir aðilar verið búnir að taka bróðurpartinn af þeim raunverulega ágóða í sinn hluta fyrir ýmiss konar ómak.

Það er greinilegt, að þessi framkvæmd, sem orðin er, dugir ekki, og það var til þess að koma í veg fyrir slíka misnotkun, sem þetta frv. var samið. Það er aðallega tollstjórinn í Reykjavík, sem er þessum málum allra manna kunnugastur, og fulltrúi í menntmrn., sem það hafa undirbúið.

Nú er annars vegar vissum skemmtunum í þessu frv. veitt skilorðslaus heimild til undanþágu, og þar að auki er ráðh. veitt heimild til að veita undanþágu, sem er þá ekki skylda, sem á honum hvílir, heldur komið undir mati hans, þannig að aðilar geti ekki borið synjun á notkun þeirrar heimildar undir dómstólana, svo sem verið hefur.

Það hefur verið reynt að fylgja sem mest þeirri framkvæmd, að svo miklu leyti sem rn. taldi hana vera heppilega, sem á er komin, en mér er þó ljóst, að í þessu eru ákaflega mörg vafaatriði. Það er viðbúið, að sumir aðilar telji nærri sér höggvið og telji, að rétt sé, að þeir hijóti undanþágu, þótt hún sé ekki ráðgerð þeim til handa í þessu frv. En þá er líka á það að líta, að þeim mun rýmri sem undanþágurnar verða, þeim mun minna fé er hægt að verja til þjóðleikhússins, til félagsheimila úti um land og til annarrar þarflegrar starfsemi, sem á að njóta góðs af skemmtanaskattinum. Hér er því um verulegt vandamál að ræða, og mér er ljóst, að viðbúið er, að sumum finnist, að öðruvísi hefði átt að kveða á um þetta en gert er í frv. Þar er þó farið eftir tillögum þeirra manna, sem mesta hafa æfingu um úrlausn þessara efna, og treysti ég því, að hv. þingnefnd, sem fær málið til athugunar, íhugi það í samráði við þessa aðila, ef veruleg vafaatriði koma upp.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en legg til, að frv. fari til 2. umr. og þá til hv. fjhn. eins og fyrra frv. (Gripið fram í.) Ja, hv. þm. segir, að það sé öðruvísi, og það er að vísu rétt, en þarna er fyrst og fremst um fjárhagsmálefni að ræða, hvað menn vilja hafa yfir miklum fjármunum að ráða til þeirra þarflegu hluta, sem skemmtanaskatturinn á að renna til, svo að ég held, að bezt sé, að fjhn., sem er vön að leysa úr miklum fjárhagsþrautum, fái málið til meðferðar.

Forseti (GíslJ): Út af till. hæstv. ráðh. um nefndina skal ég upplýsa, að þann 19. okt. var frv. til l. um breyt. á sömu lögum, þ. e. 45. mál, á þskj. 50, vísað til fjhn., svo að mér þykir eðlilegt, að málið fari í fjhn., og vildi þá beina því til hv. formanns n., að eðlilegast væri að sameina þessi tvö frv., vegna þess að þau eru breytingar á einum og sömu lögum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11:1 atkv.

Á 20. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 111, n. 122).

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Í forföllum hv. frsm. fjhn. um þetta mál vil ég aðeins taka það fram, að n. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Þetta frv. er aðeins um að gera skýrari ákvæðin um það, hvaða skemmtanir skuli vera undanþegnar skemmtanaskatti, en veruleg efnisbreyting er það ekki frá núgildandi lögum. Hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir þessu máli við 1. umr. og skýrði það, við hvað væri átt, og sé ég ekki ástæðu til að bæta þar við.

Einn nefndarmanna í fjhn., hv. 4. þm. Reykv., var ekki viðstaddur, þegar n. afgreiddi málið, og ber því vitanlega ekki ábyrgð á nefndarálitinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það hafa borizt til fjhn. skjöl viðvíkjandi þessu máli, sem ég vildi gjarnan óska að fá tækifæri til að bera undir hv. nefnd. Ég vildi því fara fram á, að málið yrði tekið út af dagskrá og umr. frestað nú í þetta sinn.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Ed., 13. jan., var fram haldið 3. umr. um frv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Þessari umr. var frestað 22. nóv. s. l. samkvæmt beiðni minni sem formanns fjhn. Ástæðan til þeirrar beiðni var sú, að frá því að 2. umr. um málið var háð höfðu nefndinni borizt ýmis erindi viðvíkjandi málinu, sem ég vildi fá tækifæri til þess að kynna meðnefndarmönnum mínum.

Aðallega voru það erindi frá þjóðleikhússtjóra, fræðslumálastjóra og íþróttafulltrúa, en þar á eftir barst fjöldi erinda, fyrst og fremst frá Bandalagi ísl. leikfélaga og svo frá einstökum leikfélögum, öll um sama efni, sem sé beiðni um það, að skemmtanaskattur af leiksýningum yrði afnuminn, ekki einasta í þjóðleikhúsinu, heldur öllum leiksýningum, og svo var náungans kærleikur mikill og stuðningur við leiklistina, að fjöldi smáleikfélaga, sem engan skemmtanaskatt

greiða af sínum leiksýningum, vegna þess að þau eru á stöðum, sem skemmtanaskattur tekur ekki til, sendi líka áskoranir um þetta.

Nefndin hefur athugað þessi erindi og getur játað, að það væri æskilegt, að leiksýningar, sem yfirleitt eru menningarstarfsemi, væru undanþegnar skemmtanaskatti. En nefndin treysti sér þó alls ekki til að gera till. um að skerða tekjur þeirra stofnana, sem skemmtanaskattsins eiga að njóta, sem sé þjóðleikhússins og félagsheimilanna, og þar af leiðandi er afstaða nefndarinnar óbreytt þrátt fyrir þessi erindi, sem var sú og er enn, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., 16. jan., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í núgildandi lögum um það, hverjir eigi að borga skemmtanaskatt, er heimild til undanþágu, sem er svo víð, að ákaflega er erfitt að segja fyrir fram, hversu langt hún nái, sérstaklega vegna þess að hæstiréttur hefur túlkað lagaákvæðið þannig, að það væri undir úrskurði dómstólanna komið, hvort undanþáguna ætti að veita, og þá til styrktar málefni, er miði að almenningsheill. Það hefur reynzt svo, að á seinni árum hafa ýmsir sótt um og fengið undanþágu samkv. þessu, sem allar líkur eru til að ekki hafi í upphafi verið hugsað að slíka undanþágu fengju. Af þessum sökum og vegna þess, að þessi framkvæmd hlýtur mjög að draga úr greiðslu skattsins, þar með tekjum af honum og mögu leikum til þess að verða til styrktar þeim þörfu málefnum, er góðs eiga að njóta af skattinum, hefur verið endurskoðað ákvæðið og frv. nú lagt fram um að gera það ákveðnara og um leið bundnara, hverjum megi veita undanþáguna. Að mestu leyti, ekki að öllu, eru þær reglur, sem settar eru í þessu frv., í samræmi við þá framkvæmd, sem verið hefur, en þá þar með girt fyrir, að undanþágan verði enn þá víðtækari en framkvæmd hefur komizt á um, en viðbúið var að svo yrði. Þó er þetta ef til vill nokkuð þrengt frá því, sem verið hefur, og sé ég ekki ástæðu til að rekja það frekar. Hv. nefnd athugar, hvort hún telur, að hér hafi verið farin hin rétta millileið. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um frv., en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og nefndar, þeirrar sömu og í Ed.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Á 26. fundi í Ed., 6. des., var útbýtt:
Frv. til l. um Iðnaðarmálastofnun Íslands [116. mál] (stjfrv., A. 154).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. þdm. hafa nú víst ekki kynnt sér þetta frv. enn, þar sem verið var að útbýta því fyrst núna í dag, en þeir hafa tækifæri til þess síðar.

Frv. það um Iðnaðarmálastofnun Íslands, sem hér er lagt fram, er að nokkru svipað því frv., sem lagt var fram í Nd. á síðasta þingi. Þetta frv. er þó nokkru fyllra og skýrara en það frv., en hefur þó ekki í neinum verulegum atriðum sérstöðu frá því frv. Í því frv., sem lagt var fyrir hv. Nd. á síðasta þingi, var gert ráð fyrir 8 manna stjórn, en í því frv., sem núna er lagt fram, er gert ráð fyrir 7 manna stjórn. Hv. þdm. hafa vitanlega kynnt sér hið eldra frv., og þarf ég ekki að rekja það að þessu sinni, en vil hins vegar ræða lítils háttar frv. það, sem nú er til umr.

Á s. l. hausti skipaði ég 5 manna n. til þess að endurskoða frv., sem lagt var fram í fyrra, og gera till. til breytinga á því og lagfæringa, ef ástæða þætti til. Í þessa n. voru skipaðir Gísli Jónsson alþm., Harry Frederiksen framkvæmdastjóri, Óskar Hallgrímsson rafvirki, Eggert Jónsson framkvæmdastjóri og Páll S. Pálsson framkvæmdastjóri, og var hann form. n. Nefndin skilaði áliti um miðjan októbermánuð eða upp úr miðjum októbermánuði, en þótt það hafi nú dregizt þetta lengi að leggja frv. fram, er það ekki vegna þess, að frv. hafi ekki að mestu verið tilbúið. Þó vildi ég, áður en frv. væri lagt fyrir, þreifa fyrir mér eða athuga nánar, hvernig hinir ýmsu aðilar, sem sótzt hafa eftir því að eiga aðild að stjórn stofnunarinnar, litu á það, og við nána athugun kom í ljós, að það var ekki hugsanlegt að fá samkomulag um að leggja frv. fram í því formi, sem n. skilaði því frá sér, þ. e., að stjórn stofnunarinnar yrði skipuð aðeins 5 mönnum. Alþýðusamband Íslands vildi ekki sætta sig við að hafa ekki fulltrúa í stjórninni, og Vinnuveitendasamband Íslands vildi ekki heldur sætta sig við að eiga ekki þarna aðild að, enda er það svo, að ef athugað er, hvernig hliðstæðar stofnanir á Norðurlöndum eru byggðar upp, þá eru alþýðusamtökin og vinnuveitendasamböndin beinir þátttakendur að slíkri stofnun. Með því að skipa stjórn stofnunarinnar eins og lagt er til í frv. nú, þá má segja, að þetta frv. sé byggt upp í svipuðu formi og hliðstæðar stofnanir eru á Norðurlöndum. Það er því gert ráð fyrir í þessu frv. að hafa 7 manna stjórn, og verða þeir skipaðir eftir tilnefningu frá Félagi íslenzkra iðnrekenda, iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráði Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands. Gert er ráð fyrir,

að ráðh. skipi formann stjórnarinnar úr hópi þessara manna. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Hafa flestir verið sammála um, að sjálfsagt væri að hafa verzlunarsamtökin aðila að þessu, þar sem komið hefur í ljós, að Iðnaðarmálastofnunin hefur það verksvið að vinna að bættri vörudreifingu og lækkuðum tilkostnaði við vörudreifingu. Þá hafa ýmsir sérfræðingar í verzlunarmálum komið hingað til lands til þess að kynna fyrir landsmönnum nýjungar á sviði vörudreifingar. Það er þess vegna eðlilegt, að Verzlunarráð Íslands og Samband ísl. samvinnufélaga hafi aðila að stofnuninni.

Við yfirlestur á frv., eftir að það kom frá n., taldi ég eðlilegt að gera breyt. á 2. gr. Eins og frv. kom frá n., var gert ráð fyrir, að Iðnaðarmálastofnunin færi að nokkru leyti inn á verksvið annarra stofnana, rannsóknaráðs ríkisins og raforkumálaskrifstofunnar. Ég taldi ekki eðlilegt að fara beinlínis inn á svið þessara stofnana, en eins og greinin er nú orðuð í frv., er gert ráð fyrir samvinnu við þessa aðila, og virðist mér það fara betur og ná tilgangi sínum betur en að fara beinlínis inn á það verksvið, sem þessum tilnefndu stofnunum er ætlað. Önnur breyting frá frv., eins og það kom frá n., er að leggja til, að fulltrúar frá Alþýðusambandinu og Vinnuveitendasambandinu eigi aðild að stjórn stofnunarinnar. Ég geri ráð fyrir, að það verði samkomulag um frv. á þeim grundvelli, og ég tel líka eftir atvikum eðlilegt, að þessir aðilar, Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið, eigi fulltrúa í stofnuninni.

Á s. l. sumri samdi ég starfsreglur fyrir stofnunina, sem stofnuninni voru sendar og öllum stjórnarnefndarmönnum, og eru þessar starfsreglur prentaðar hér með frv. á bls. 9. Það kom í ljós, að það var lítt mögulegt fyrir stofnunina að starfa án laga og án reglugerðar, og þótt ekki væru nein lög til að styðjast við, var samt horfið að því ráði af nauðsyn að semja starfsreglur, sem stjórnin og starfsmenn stofnunarinnar gætu unnið eftir. En enda þótt þetta hafi verið gert, að frumdrög að starfsreglum fyrir stofnunina hafi verið gefin út, starfsreglur, sem ekki styðjast við nein lög, þá er hitt jafnnauðsynlegt að semja lög fyrir þessa stofnun. Stofnunin hefur það mörgum verkefnum að sinna og getur látið svo margt gott af sér leiða, að það er ekki sæmandi að láta hana starfa lengur, án þess að lög um stofnunina séu sett, og ég vænti þess, að það megi takast á þessu þingi.

Það var allgóður undirbúningur að því frv., sem lagt var fram á síðasta þingi. Sjö manna nefnd hafði samið það frv., menn frá ýmsum stofnunum, sem samvinnu hafa við Iðnaðarmálastofnunina, og það frv. var þess vegna að mörgu leyti vel úr garði gert. Eigi að síður var talið eðlilegt að endurskoða þetta frv., eins og nú hefur verið gert af fimm manna nefndinni, sem ég áðan lýsti, og verður að viðurkenna, að frv., eins og það nú er, er betur búið og líklegra til samkomulags en það frv., sem lagt var fram hér á síðasta þingi. Ég vil þakka nefndinni, sem samdi frv., fyrir gott starf. Hún eyddi ekki löngum tíma, en hélt eigi að síður marga fundi um málið. Og ég tel, að árangurinn af starfi þeirrar nefndar sé góður.

Ég vænti þess, að þegar þannig hefur verið búið að málinu með góðum undirbúningi margra mætra manna, verði málið leitt til farsælla lykta á því þingi, sem nú situr. Ég tel ekki ástæðu til að lýsa frv. öllu nánar að þessu sinni. Hv. þingmenn hafa nú fengið það til yfirlestrar, og það gefst þá tækifæri til við 2. umr. málsins að ræða nánar um hverja grein þess og bær aths., sem fram kynnu að koma við frv. Ég vil leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 154, n. 244 og 253).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr. á þskj. 154, frv. til laga um Iðnaðarmálastofnun Íslands, er, eins og kunnugt er, gamall kunningi hér í hv. deild, þótt það hafi verið áður í nokkru öðru formi.

Þetta mál er fyrst flutt af mér árið 1947. Þá flyt ég frv. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð, og eftir að það hafði fengið þá allmikla athugun hér í þessari hv. deild, er borin fram rökstudd dagskrá af minni hl. hv. iðnn., sem hafði fengið málið til umræðu; nefndin hafði klofnað í málinu, en minni hl. ber þá fram rökstudda dagskrá, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að ríkisstj. láti endurskoða þetta frv. með hliðsjón af lögum um rannsóknaráð ríkisins og lögum um fjárhagsráð og leggi síðan fyrir næsta Alþingi frv. um heildarskipun iðnaðarmálanna og aðstoð ríkisins við þau, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Að þessari rökstuddu dagskrá stóð þá Framsfl. í n. og fulltrúar kommúnistaflokksins. — Meiri hl. iðnn. gaf þá út nál., dags. 12. febr. 1948, með ýtarlegum umsögnum allra þeirra aðila, sem leitað var til, og lagði til, að frv. yrði samþ. með nokkrum breytingum. En afgreiðsla málsins þá í þessari hv. deild varð sú, að rökstudda dagskráin var samþykkt og frv. þannig vísað frá á því stigi málsins.

Næst ber ég svo þetta frv. fram árið 1949, og fer það þá einnig til hv. iðnn. þessarar deildar, en kemur þaðan ekki og dagar þar af leiðandi uppi í þinginu.

Árið 1950 er svo málið borið enn fram af mér og er þá samþykkt hér í hv. deild og sent hv. Nd., en fær þá þar þær viðtökur, að fulltrúi Framsfl. ber þar enn fram rökstudda dagskrá í málinu, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Neðri deild Alþingis telur eðlilegt, að ríkið leggi fram fé til styrktar upplýsinga- og leiðbeiningastarfsemi í þágu iðnaðarins, og mælir með því, að ríkisstjórnin setji fjárframlag í þessu skyni í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár, ef slíkri starfsemi verður haldið uppi af félagssamtökum iðnaðarins. En með skírskotun til þess, að Alþingi hefur ekki sett lög um störf búnaðarmálastjóra og fiskimálastjóra, sem veita forstöðu

þeim stofnunum, er annast upplýsinga- og leiðbeiningastarfsemi fyrir landbúnað og sjávarútveg, telur deildin ekki ástæðu til að setja lög um störf iðnaðarmálastjóra, sem félagssamtök iðnaðarins væntanlega ráða í sína þjónustu, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Síðan dagar málið uppi í neðri deild og er svo tekið enn fyrir í þinginu, en nær heldur ekki fram að ganga, svo að sýnilegt er, að málið hefur átt mjög erfitt uppdráttar eins og þau skjöl bera með sér, sem ég þegar hef lesið upp. Samt sem áður var alltaf fyrir málinu allmikið fylgi í þinginu, og það endaði þá einnig þannig, að þó að frv. væri fellt ár eftir ár, þá var tekið upp í fjárlög 1952 framlag til þess að annast það verkefni, sem tekið var upp í frumvörpunum, og Iðnaðarmálastofnunin komin raunverulega þannig á, án þess að um það væri sett nokkur löggjöf. Þessi starfsemi eykst svo ár frá ári, og fjárframlag til hennar er einnig aukið, og kom þá fljótt í ljós, að nauðsyn til þess að koma slíkri stofnun á var óhjákvæmileg, enda mun nú svo komið, að það mun enginn leggja til, að þessi starfsemi verði aftur lögð niður. Hefur þá komið í ljós það, sem ég hélt fram á fyrsta stigi málsins, að iðnaðurinn í landinu ætti jafnmikla kröfu til aðstoðar á þessu sviði og sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn, og hefur hann nú fengið nokkra viðurkenningu og allmikið fjárframlag, eins og kunnugt er, þó að það sé ekki á jafnháu stigi og hinir tveir atvinnuvegirnir í landinu.

Á síðasta ári ber svo hæstv. iðnmrh. fram frv. til laga um iðnaðarmálastofnun. Þetta mál náði ekki fram að ganga, stöðvast, m. a. vegna þess ágreinings, sem var um stjórn á stofnuninni, og nokkuð einnig vegna þess, að upp í það frv. höfðu ekki verið tekin í meginatriðum flest þau atriði, sem tekin voru upp í frv. um iðnaðarmálastjóra á sínum tíma. Af þeim ástæðum lét svo hæstv. ráðh. nefnd athuga málið á ný á s. l. ári, og útbjó hún frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 154 og hæstv. ráðherra hefur borið fram að mestu leyti óbreytt. Er, eins og kunnugt er, fullt samkomulag um frv. í nefndinni, að undanskildu því, að ég sem einn nm. áskildi mér rétt til þess að bera fram brtt., einkum um stjórn stofnunarinnar, og fylgja öðrum brtt., sem fram kynnu að koma.

Þetta mál hefur nú fengið meðferð í hv. iðnn. þessarar hv. deildar. Það hafa verið haldnir þar um sex fundir og málið rætt frá ýmsum hliðum, en því miður ekki orðið samkomulag um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að frv. sé samþykkt með tveimur breytingum, fyrst breytingum við 5. gr., sem ég síðar skal koma að, og svo breytingu við 11. gr. En minni hl. leggur til, að málinu sé enn vísað frá með rökstuddri dagskrá, og enn er það Framsfl., sem stendur að afgreiðslu þessa máls á þessum grundvelli, eins og hann hefur gert raunverulega frá því að málið fyrst kom til umræðu hér í þinginu.

Fyrsta brtt. á þskj. 244 er í samræmi við þá brtt., sem ég bar fram í mþn. og ekki náði þar samþykki, og einn af nm. í meiri hlutanum, hv. 10. landsk. (GÍG), hefur einnig gert ágreining um fylgi við þá brtt. hér í þessari hv. deild og er óbundinn af atkvgr. í sambandi við hana. Eftir að brtt. er fram komin, hefur þetta atriði verið rætt mjög ýtarlega við hæstv. ríkisstj. og einnig við þá aðila, sem standa að Iðnaðarmálastofnuninni, félagasambönd, sem þar hafa þátttöku nú í stjórn og vænta að fá hana framvegis, og með því að við, sem viljum þessu máli vel og höfum barizt fyrir því, viljum ekki láta slíkt ágreiningsatriði verða til þess að torvelda málið, þá hefur það orðið samkomulag milli okkar í meiri hl. að taka þessa till. til baka, og vil ég með því sýna fullt fylgi við sjálft málið og við stofnunina. Og ef aðrir þm. skyldu taka hana upp, sem getur vel verið, þá munum við samt sem áður ekki fylgja henni, vegna þess að við viljum, að það náist sem mest samkomulag um þetta mál á milli þeirra aðila, sem eiga að njóta góðs af starfsemi stofnunarinnar. Það má að sjálfsögðu deila mjög um það, hvernig skipa eigi stjórn í slíkri stofnun. Það hafa komið fram ýmsar raddir um það að hafa þar jafnvel enga stjórn aðra en láta reka stofnunina fullkomlega á ábyrgð ráðherra, hafa þar bara einn framkvæmdastjóra og skipa síðan nokkurs konar iðnaðarmálaráð, þar sem allir aðilar, sem einhverra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við starfið, hefðu fulltrúa, og það ráð væri meira ráðgefandi, en hefði ekki atkvæðisrétt. Slíkt fyrirkomulag hefur verið tekið upp í Noregi, og munu sitja þar um 22 menn í slíku ráði. Það gæti líka verið hugsanlegt að hafa aðeins þrjá menn sem stjórnendur í stofnuninni. En þeir aðilar, sem hafa daglega samvinnu við stofnunina og vænta sér mests og bezts árangurs af störfum hennar, hafa sótt mjög fast, að stjórn stofnunarinnar væri skipuð á þann hátt, sem hæstv. ráðh. leggur til í frv., og ég persónulega geri engan sérstakan ágreining út af því, get þá vel fellt mig við það atriði og legg meira upp úr því, að um þetta náist samkomulag, heldur en hvort mennirnir eru fleiri eða færri í stjórninni; ég tel það alveg aukaatriði.

Um hina brtt., við 11. gr., þá er hér aðeins um lítilfjörlega breytingu að ræða. Þar er sagt, að upphaf greinarinnar skuli orðast um, eins og þar stendur: Iðnaðarmálastofnuninni er rétt að hafa samstarf við viðskiptadeild og atvinnudeild háskólans — og þykir rétt að mæta þeirri ósk frá viðskiptadeildinni, að það skuli einnig höfð samvinna við hana í sambandi við framkvæmd þessara mála. Er enginn ágreiningur um það atriði út af fyrir sig.

Sá ágreiningur, sem hefur orðið í nefndinni, skilst mér að stafi mest af ákvæði í 2. gr. frv., undir tölulið 1, þar sem sagt er, að stofnunin eigi að fylgjast með eða hafa forgöngu um rannsóknir á skilyrðum til fullkominnar hagnýtingar á þeim hráefnum, sem landið á yfir að ráða, og skila árlegri álitsgerð til ríkisstj. um þessi mál.

Það hefur af einstaka aðilum og m. a., skilst mér, af atvinnumálanefnd ríkisins verið skoðað þannig, að hér sé ætlunin, að iðnaðarmálastofnunin vaði inn á svið rannsóknaráðs ríkisins. En þetta er byggt á ákaflega miklum misskilningi. Ef það væri hægt að ná samkomulagi um það, að hv. minni hl. n. vildi fylgja frv. með því að breyta þessum lið í 2. gr. þannig, að það sé eng-

inn ágreiningur um það, að hér á ekki að taka nokkurt starf af rannsóknaráði ríkisins, þá er ég að sjálfsögðu tilbúinn til þess að ræða það fyrir 3. umr. við n., svo framarlega sem gæti orðið samkomulag um það atriði. Komi till. til atkv. og verði felld, er ég tilbúinn til þess að ræða um að breyta orðalagi greinarinnar, ef það þykir heppilegra að hafa það á annan hátt. Það hefur aldrei verið hugsað, að sjálf Iðnaðarmálastofnunin hefði raunverulega neinar rannsóknir, hvorki efnarannsóknir né aðrar rannsóknir með höndum, nema því aðeins að aðrir aðilar í landinu fengjust ekki til þess, og það er einmitt þess vegna, sem sett er í 1. tölulið greinarinnar, að hún skuli fylgjast með eða hafa forgöngu um, þ. e. a. s. hafa forgönguna, ef ekki er gert neitt að því annars staðar, og þá geta þeir alveg eins haft forgöngu um það, að það sé falið rannsóknaráði ríkisins, en ekki sjálfri stofnuninni, svo að það þarf ekkert að rekast á við þær framkvæmdir, sem rannsóknaráðið hefur í þessum málum, enda hef ég rætt um þetta við forstjóra rannsóknaráðs ríkisins og hann fallizt á, að hér væri á engan hátt gengið inn á verksvið þeirrar stofnunar, þó að þetta standi þannig í frv. En sem sagt, ég er fús til þess að ræða um breytingar á þessu ákvæði í frv., ef það gæti orðið til þess að ná samkomulagi um málið.

Ég skal svo ekki ræða frekar um þetta atriði, en aðeins minnast örlítið á hina rökstuddu dagskrá frá hv. minni hl. Mér skilst, að eins og hún er sett fram, þá komi þar fram nokkur misskilningur á bréfi atvinnumálanefndar ríkisins. Rökstudda dagskráin segir hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að Alþingi hefur kosið sérstaka nefnd, atvinnumálanefnd ríkisins, til þess m. a. að gera till. um framtíðarskipulag tilrauna og rannsókna í þágu atvinnulífsins og fyrrgreind nefnd hefur óskað eftir, að þessu máli verði frestað, þar sem eðlilegast sé að fella starf Iðnaðarmálastofnunar Íslands inn í heildarkerfi ákvæða um rannsóknir og tilraunir, — og með því að Iðnaðarmálastofnunin getur haldið áfram störfum sínum“ o. s. frv. — En þetta kemur hvergi fram í bréfi nefndarinnar, að það sé hugsað raunverulega að leggja þessa stofnun niður, og ef það er meining atvinnumálanefndarinnar, þá er því meiri ástæða til að samþ. þessi lög, því að þá er verið þar með að grafa undan þessari stofnun, sem fyrir margra ára baráttu er loksins búið að koma á stofn. Ég á ákaflega erfitt með að trúa því, að það sé fyrsta spor atvinnumálanefndarinnar að ætla sér það, enda kemur það hvergi fram í bréfi nefndarinnar. Ég hygg því, að þessi setning hér sé komin fram hjá hv. minni hl. af misgáningi, og vænti þess, að hv. frsm. minni hl. leiðrétti það í sinni ræðu.

Að öðru leyti sé ég ekki á þessu stigi málsins ástæðu til þess að ræða málið frekar. Þetta mál hefur verið ákaflega vel undirbúið. Margar milliþn. hafa haft það til athugunar, og það hefur fengið meiri athugun og undirbúning en flest önnur mál, sem hafa verið hér til umræðu undanfarin ár, og niðurstaðan orðið sú, sem ég gat um í upphafi, að það hefur þótt sjálfsagt að koma stofnuninni upp og láta hana starfa, og þá er að sjálfsögðu einnig eðlilegt, að samþykkt séu lög, sem hún starfi eftir.

Meiri hl. leggur því til, að frv. sé samþykkt óbreytt, að undanskilinni þeirri lítilfjörlegu breytingu við 11. gr., sem kemur fram í brtt. á þskj. 244.

Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson): Það er náttúrlega fjarri því, að það sé nokkurt stórmál, hvort þetta frv. verður samþykkt eða því frestað, eins og líka kom fram af ræðu frsm. meiri hl. í þessu máli, þar sem hann ræddi um þann möguleika, sem lægi fyrir í málinu, að Iðnaðarmálastofnunin gæti starfað alveg eins eftir sem áður, hvort sem þetta lagafrv. yrði samþ. nú eða ekki, og benti á leiðir til þess, m. a. eftir norskri fyrirmynd um rekstur slíkra stofnana. Það er þess vegna alveg óþarfi að reyna að vera að búa til nokkurn pólitískan ágreining út af þessu máli. Það liggja svo nærri sannanir fyrir því, hver er afstaða Framsfl. til rannsókna og tilrauna, að það er alveg ókleift verk fyrir hv. frsm. meiri hl. að reyna að koma því inn nokkurs staðar, að Framsfl. sé ekki allra flokka fylgnastur tilraunum og rannsóknum, því að í sjálfri fátækt landsins í heimskreppunni síðustu var unnið það stórvirki að stofna atvinnudeild háskólans, og Framsfl. beitti sér fyrir því, einni stórfelldustu nýjung, sem hefur verið tekin upp og unnin hér á landi í þágu atvinnulífs og iðnaðar, í þágu rannsókna og tilrauna. Það var jafnframt tekin upp sú vinnuaðferð þá að reyna að fylgjast með því í samstarfi við háskólann, hvaða ungir og efnilegir menn tækju sér fyrir hendur að stunda það nám, sem að mestu gagni mætti koma fyrir atvinnulíf landsins, rannsóknir og tilraunir. Þó að sú vinnuaðferð hafi því miður lagzt niður, þá verður hún vitanlega tekin upp aftur, þegar þessi mál mæta þeim skilningi, sem þau þurfa að mæta hjá valdhöfum landsins, og er ég þá ekki að draga á neinn hátt úr því, að námsmenn hafi verið studdir til náms af þeim stjórnum, sem hafa ráðið síðan.

Það hlýtur þess vegna alltaf að vera mikið álitamál, hvernig fátæk þjóð á að koma fyrir rannsóknum sínum og tilraunum, því að menn virðast gleyma því, þegar bornar eru fram till. um það að búa til stofnanir til að hafa þessi verk með höndum, að það kostar geysilega mikla fjármuni að halda uppi þessum rannsóknum og tilraunum, ef í einhverju lagi á að vera, og það er ekki nægilegt að búa til nýjar stofnanir.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta, en ég er ákaflega hræddur um, að ýmsum af þeim, sem starfa við rannsóknir og tilraunir við atvinnudeild háskólans, hafi þótt stundum nokkuð illa að sér búið að því er snertir fjármagn til þess að framkvæma þær rannsóknir og tilraunir, sem þeir hefðu löngun til. Og án þess að ég sé á nokkurn hátt mótfallinn því, að þessi stofnun, Iðnaðarmálastofnun ríkisins, starfi hér í þessu þjóðfélagi, þá er ég hræddur um það, að a. m. k. ýmsir í atvinnudeildinni álíti vafamál, hvort það hefði ekki frekar átt að efla hana, sem

hefur allar þessar greinar raunverulega til meðferðar, sem Iðnaðarmálastofnunin á að hafa, heldur en búa til nýja stofnun, en inn á það skal ég ekki fara í þessum hugleiðingum.

Ég hef núna undanfarna daga einmitt með ýmsum fulltrúum úr öðrum flokkum og með þeim mönnum, sem þekkja bezt rannsóknarstarf og tilraunastarf á Íslandi, framkvæmdastjóranum við atvinnudeild háskólans og forstjóranum fyrir iðnaðardeild atvinnudeildarinnar, setið á fundum til þess að hlusta á þá gera grein fyrir því, hvernig rannsóknum og tilraunum sé nú háttað hér samkvæmt íslenzkum lögum, og jafnframt hefur annar þeirra gert grein fyrir því með nokkrum útdrætti, sem jafnframt hefur verið skilað til nm., hvernig rannsóknum og tilraunum sé fyrir komið meðal annarra þjóða, þar sem þær eru bezt skipulagðar. og er það tekið upp eftir efnahagssamvinnustofnun Vestur-Evrópu, sem hefur samið um það sérstaka bók, hvernig þessum rannsóknum og tilraunum sé fyrir komið í ýmsum löndum. Ég gerði ekki annað en að flytja boð frá nefndinni sem heild, eftir að við höfðum athugað þessi lagaákvæði, að æskilegt væri að fresta þessu frv., og nefndin ákvað með öllum atkv. að skrifa um þetta bréf, þar sem mælzt er til þess, að þessu verði frestað, og það ekki síður sjálfstæðismenn en menn úr öðrum flokkum. Það eru sjálfstæðismennirnir, sem óneitanlega eru fagmenn í þessum greinum, og jafnaðarmaður og maður frá Sameiningarflokki alþýðu, sósíalistaflokknum. En þetta bréf hefur síðan verið skrifað samkvæmt ályktun nefndarinnar, vegna þess að við álitum heppilegra að taka þetta mál allt til athugunar í heild og samræma, ef verða mætti, störf þeirra stofnana, sem núna eru til í landinu, koma á eðlilegri verkaskiptingu milli þeirra og samstarfi. Og þegar talað er um það hér í dagskránni að fella starf Iðnaðarmálastofnunar Íslands inn í heildarkerfi ákvæða um rannsóknir og tilraunir, þá er vitanlega ekki átt við annað en þetta, enda gefa orðin ekki tilefni til annars.

Við höfum áreiðanlega ekki efni á því að hafa margar sjálfstæðar stofnanir til þess að framkvæma þessar rannsóknir og tilraunir. Það verður að vera um þessar stofnanir heildarlöggjöf og vinnunni þannig fyrir komið, að verkaskipting sé sem hagkvæmust og samstarf sem mest, og ber margt til þess.

Það er þess vegna ekki af neinum pólitískum ágreiningi, heldur aðeins vafa um vinnubrögð, sem þessi dagskrá er borin fram.

Ég vil nú ræða með örfáum orðum um frv. eins og það liggur fyrir. Það er enginn efi á því, að þegar borin eru saman lagaákvæðin um atvinnudeild háskólans og þau lagaákvæði, sem hér á að samþykkja, þá er merkjalínan, sem dregin er milli þeirra starfa, sem hvor stofnunin um sig á að hafa með höndum, ákaflega ógreinileg, vægast sagt. Ég ætla að taka t. d. 5. lið: „koma á fót og sjá um rekstur á tæknilegu bókasafni.“ Atvinnudeildin hefur verið að reyna að spara fé, eftir því sem hún hefur getað, til þess að koma upp bókasafni, og þetta er vitanlega hin mesta nauðsyn, það er ekki því að neita. En spurningin er um það, hvar þetta bókasafn á að vera. Það vantar bókasafn, þar sem eru bækur um öll þau tæknilegu efni, sem stofnanirnar hafa með höndum, og atvinnudeildin hefur reynt að koma upp nokkru bókasafni. Það eru til brot af bókasöfnum víðar. Það getur vel verið, að þetta bókasafn eigi að vera hjá Iðnaðarmálastofnuninni. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að það sé útilokað, að svo eigi að vera, og mér dettur ekki í hug að halda því fram, að þeir menn, sem vinna við Iðnaðarmálastofnunina, séu ekki færir menn. Ég geri engan mun á hæfni þeirra eða þeirra manna, sem vinna við atvinnudeildina. En það er mikil spurning, hvar þetta bókasafn á að vera, því að það þarf að vera þannig að þessu bókasafni búið, að sérfræðingar, sem vilja kynna sér ýmis sérfræðileg efni, ekki aðeins þeir, sem vinna við þessar stofnanir, heldur verkfræðingar og sérkunnáttumenn í ýmsum greinum, hafi aðgang að þessu bókasafni og lestrarsal, þar sem þeir geta notið þessara bóka. Það getur vel verið, að það eigi að setja það upp í byggingu, sem Iðnaðarmálastofnunin ráði yfir, en hún þarf þá að ráða yfir verulegu húsnæði, ef það á að vera hægt að koma þessu bókasafni fyrir þannig, að það sé með þeim hætti, sem þarf að vera, til þess að það komi að því gagni, sem það þarf að koma.

Þetta atriði eitt út af fyrir sig þarf athugunar og er ákaflega stórvægilegt atriði, því að það er vitað, að þeir sérkunnáttumenn, sem hér eru, verkfræðingar og aðrir, hafa mjög mikið rætt það á undanförnum árum, hvernig þeir gætu myndað samtök til þess að koma upp slíku bókasafni og hafa aðstöðu til þess að njóta slíks bókasafns.

8. liður er þannig: „Stuðla að því, að hérlendir menn, sem starfa í þágu íslenzks iðnaðar, komist til framhaldsnáms erlendis í vísindalegum, verkfræðilegum og verklegum greinum og að erlendir kunnáttumenn á þessum sviðum heimsæki Ísland. Iðnaðarmálastofnunin skal þó ávallt nýta þekkingu og störf innlendra sérfræðinga, eftir því sem kostur er á.“

Það er náttúrlega einnig nokkur spurning, hvort menn, sem starfa við atvinnudeild háskólans, eigi að þurfa að fara þær leiðir, því að vel má skilja þessa grein þannig, að þeir þurfi að sækja það einatt undir atvinnustofnunina, hverjir eru sendir út til þess að kynna sér mál og stunda framhaldsnám í ýmsum greinum. Það getur vel verið, að það sé rétt að gera það, en það er a. m. k. atriði, sem þarf að athuga.

1. liður er: „Fylgjast með tæknilegum nýjungum og veita þeim, er iðnað stunda og við vörusölu fást, leiðbeiningar, er miði að auknum afköstum, verknýtingu og vöruvöndun.“ Það er ekki hægt að neita því, að það hefur verið verulega núna á sviði iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans.

Svo kemur í 2. gr. atriði, sem hv. frsm. meiri hl. minnist á: „Fylgjast með eða hafa forgöngu um rannsóknir á skilyrðum til fullkominnar hagnýtingar á þeim hráefnum, sem landið á yfir að ráða, og skila árlegri álitsgerð til ríkisstj. um þessi mál.“

Þessi grein er næstum eins orðuð og greinin um rannsóknaráð ríkisins, og þetta er það verk, sem rannsóknaráð ríkisins er nú að vinna, eftir því sem það hefur fé til. Það stendur hér: „Fylgjast með eða hafa forgöngu um" — hvort sem á nú að skilja það þannig, að það eigi að fylgjast með þannig að hafa yfirumsjón með rannsóknum rannsóknaráðsins eða þeirra, sem vinna á vegum rannsóknaráðsins, og svo jafnframt ef einhver mál eru ekki tekin fyrir til rannsóknar, þá geti þeir tekið það fyrir. Nú er þessu alls ekki þannig háttað, að rannsóknaráðið fáist ekki til þess að vinna þessi verk, — hér kemur nefnilega enn einu sinni sá óskaplegi misskilningur, — heldur er það þannig, að rannsóknaráðið fær alls ekki peninga til þess að vinna verkin. Það eru fjöldamörg verkefni, sem rannsóknaráðið vildi taka fyrir og atvinnudeildin fær ekki mannafla eða verkamenn til þess að vinna. Og þessir menn, sem við þetta vinna í atvinnudeildinni, segja: Okkur vantar ýmis tæki, sem við þyrftum að geta keypt og er ómögulegt að kaupa og hafa nema á einum stað. Það er alveg óákveðið, hvort þau eiga þá að vera í atvinnumálastofnuninni eða atvinnudeildinni. Það er ómögulegt að kaupa nema ein tæki af þessari eða annarri tegund, og við fáum ekki að kaupa þessi tæki núna, við höfum ekki peninga til þess.

Ég skal taka dæmi: Þeir hafa unnið eða haft tækifæri til þess að vinna að því að gera áætlun hér um framleiðslu á klóri, sem eru miklar rannsóknir og geysilega stórt fyrirtæki. Verksmiðjan er ekki mjög dýr, en þarf mikið afl, og hún kostar eitthvað um 200—300 millj. kr., en framleiðir fyrir 100 millj. á ári og af því er í hreinum gjaldeyri um ¾, eða 75 millj. Þetta er ein af þeim fáu rannsóknum, sem er nokkurn veginn fullokið. Þeir hafa ekki mannafla til þess að ljúka ýmsum rannsóknum, og rannsóknunum er þannig komið fyrir núna, að það er maður á launum hjá raforkumálastjórn ríkisins til þess að geta haldið uppi einhverjum rannsóknum. Hann vinnur við ýmsar rannsóknir. Hann hefur gert frumdrög að rannsóknum um vinnslu efna úr sjó, og er margbrotin verksmiðja, sem hann hefur gert áætlun um, en er ekki nærri því fullrannsakað, vegna þess að það skortir stórkostlega fé til þess að rannsaka þetta atriði. — Nýlega hefur ríkisstj. látið taka fyrir rannsókn á framleiðslu á þungu vatni, sem rannsóknaráð ríkisins er byrjað á að láta vinna og er alveg geysilegt atriði. M. a. hafa Bretar sett upp slíkar verksmiðjur við heita hveri í Ástralíu. Við notkun kjarnorkunnar þarf stöðugt að nota geysilega mikið af þungu vatni, og þetta er verið að rannsaka, en þó hafa þeir ekki fengið fé til þess fyrr en núna nýlega, að mér skilst, til að taka fyrir þessa rannsókn, sem er mjög kostnaðarsöm. Það, sem stendur á, er því ekki raunverulega það, að okkar menn fáist ekki til þess að vinna þessi verk og rannsóknaráð sé ekki reiðubúið til þess að taka mál til rannsóknar, heldur hitt, að það skortir fjármuni til þess. Hér á svo að bæta úr því með því að setja sams konar ákvæði um Iðnaðarmálastofnunina og rannsóknaráðið, sem það eitt stendur í vegi fyrir að geti framkvæmt sínar rannsóknir, að það hefur ekki fjármagn til þess. Til dæmis er það, að ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að þó að við vildum núna hraða eins og við getum þeim virkjunum, sem þarf að framkvæma, til þess að við getum framkvæmt eitthvað af þessum stóru áætlunum, sem óneitanlega er verið að undirbúa, og hef ég nefnt sumt af því, þá þarf hér virkjanir, sem útilokað er að komist á fyrr en eftir 5—6 ár, vegna þess að það vantar algerlega fjármagn til þess að rannsaka og vinna það undirbúningsstarf, sem vinna þarf. Það má t. d. minna á, að það hefur verið talað um að virkja Þjórsá. Menn halda, að það sé hægt að hlaupa í það. Það kemur í ljós, þegar farið er að rannsaka þá staði, þar sem þær stórfelldu virkjanir eru fyrirhugaðar, að undirstaðan er það vafasöm, að það tekur ár. Okkar land er það ungt, að það stendur öðruvísi á um hér en víðast annars staðar og ekki hægt að byggja á þeim rannsóknum, sem áður hafi verið framkvæmdar. Það tekur nokkur ár að rannsaka undirstöðurnar, til þess að hægt sé að ráðast í þau fyrirtæki, einmitt á þeim stöðum, þar sem hefur verið gert ráð fyrir að gera stærstu stíflurnar. Alveg eins er með virkjun Jökulsár. Þar eru aðstæður þannig, að það þarf miklar rannsóknir, til þess að hægt sé að byrja á framkvæmdum þar með nokkru öryggi, vegna sprungna, sem eru í hrauninu og menn vita ekkert um nema láti undan, ef þrýstingur vex við stíflun. Það eru engir peningar til þess að framkvæma þetta. Rannsóknaráðið hefur enga möguleika til þess, vegna þess að það hefur ekkert fjármagn til þess að gera þetta, en þetta er þó undirstaðan undir okkar framkvæmdum. Aflið, sem þarf að framleiða, getum við ekki virkjað fyrr en eftir fimm eða sex ár, og það er þó undirstaðan undir því, að nokkuð sé hægt að gera, að það sé til staðar, því að enn þá er það þannig, að við höfum ekkert hugboð um það, hvað er raunverulega ódýr raforka. Við höfum framleitt til heimilisnotkunar, en ekki til iðnaðar, og sú orka, sem við höfum, er ekki nærri því að vera nægilega ódýr, til þess að við getum ráðizt í þau stórfyrirtæki, sem við annars gætum ef til vill ráðizt í, ef við hefðum þá ódýru raforku, sem við getum haft, en höfum ekki haft tök á til þessa.

Það vantar ekkert á það, að vilji sé fyrir því að vinna þessi rannsóknarstörf, en það skortir fjármagn, og það er eitt, sem er alveg augljóst mál, þegar um þessi mál er rætt, rannsóknir eða tilraunir. Rannsóknaráðið á núna að vera eins konar milliliður milli atvinnudeildarinnar og ríkisstjórnarinnar, en þó eru ekki nægilega greinileg ákvæði um það. Nú lítur út fyrir, að þessi stofnun, Iðnaðarmálastofnun Íslands, eigi að vera eins konar milliliður milli þeirra, sem framkvæma rannsóknirnar, og ríkisstj. og þingsins. Það er óneitanlegt, að þetta er rétt skref að því leyti, að þetta samstarf er nauðsynlegt. Ég efast um, að þingmenn viti yfirleitt núna um það, hvaða störf eru unnin við rannsóknir og tilraunir og hvaða möguleikar eru raunverulega til staðar á ýmsum sviðum, þó að þm. ættu ekki aðeins að geta fylgzt með því, heldur ættu

að hafa greiðan aðgang að því að fylgjast með. En þetta samstarf vantar algerlega milli rannsókna og tilrauna og milli þingsins, sem vitanlega verður að leggja fram fjármagn, bæði til rannsókna og tilrauna og þeirra stóru verka, sem e. t. v. er hægt að vinna, eftir að þessum rannsóknum er lokið. En það er spurning, hvort þetta verk á að vera í höndum Iðnaðarmálastofnunar ríkisins eða rannsóknaráðs og atvinnudeildarinnar, sem telur sig satt að segja vera á seinni árum hafða út undan, ekki vegna Iðnaðarmálastofnunarinnar, heldur vegna þess, að húsnæði og vinnuaðstæður eru orðnar þar alveg gersamlega óþolandi vegna þrengsla.

Það er spurningin, hvort á að efla þarna nýja stofnun, Iðnaðarmálastofnunina, eða halda sér að því að efla hina stofnunina og láta þessar tvær stofnanir með einhverju móti síðan vinna saman. Um allt þetta rísa spurningar, sem er eðlilegt að svara í heild.

Svo kemur það, sem hv. meiri hl. hefur gert brtt. við, það er 11. gr. Þar stendur: „Iðnaðarmálastofnuninni er rétt að hafa samstarf við atvinnudeild háskólans og aðrar opinberar rannsóknarstofnanir um þær tilraunir og rannsóknir, sem hún telur nauðsynlegt að framkvæma, og skulu rannsóknarstofnanir þessar veita henni þá aðstoð, sem þeim er unnt, enda komi fullt gjald fyrir.“ Þá er komið inn á það svið samkv. 11. gr., sem við bendum á í sambandi við 2. gr. Ef það hefur nokkur vafi verið á, hvernig eigi að skilja 2. gr., þá er ekki mikill vafi á því, þegar maður les 11. gr. Ég segi fyrir mig, að ég óska þessari stofnun, Iðnaðarmálastofnuninni, alls hins bezta, og það skal ekki standa á mér að gera það, sem hægt er, til þess að efla þær stofnanir, sem vinna að rannsóknum og tilraunum. En ég er í ákaflega miklum vafa um það, eins og ég hef bent á, og menn voru í vafa um það þarna í nefndinni, þegar þeir voru að ræða þessi mál, hvort ætti að setja nýja stofnun, Iðnaðarmálastofnunina, algerlega yfir atvinnudeild háskólans, þannig að þeir geti skipað henni fyrir verkum og sagt henni, að hún eigi að vinna þessi störf eða hin, en það á að borga fyrir það að vísu sérstaklega. Það getur vel verið, að það verði niðurstaðan, en ég er ekki reiðubúinn til þess að taka þá ákvörðun núna, meðan þessi mál eru öll í athugun. Þetta er ástæðan fyrir því, að ég taldi ekki óeðlilegt að fresta þessu máli, sérstaklega vegna þess, að það spillir engu um starfsemi þessarar stofnunar, Iðnaðarmálastofnunarinnar, hvort frv. er samþ. eða ekki. Það er hægt að reka stofnunina eftir sem áður, þó að þetta frv. verði ekki samþykkt, eins og gert hefur verið.

Eins og ég sagði í upphafi, er það vitanlega ekkert stórmál, hvort þetta verður samþykkt eða ekki. Það verður vitanlega, ef frv. verður samþykkt, reynt að leiðrétta þau atriði, sem geta valdið beinum árekstrum í starfi atvinnudeildarinnar undir stjórn rannsóknaráðs ríkisins og þessarar stofnunar, Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Það er sjálfsagt að reyna að leiðrétta það, svo að það skiptir náttúrlega ekki ýkja miklu máli, hvort frv. verður samþykkt eða ekki. En mér var skylt, vegna þess að við höfðum þessi mál til umræðu í þeirri nefnd, sem ég starfa í, og komumst að þessari niðurstöðu, eftir að við höfðum athugað þau ákvæði, sem núna gilda um rannsóknir og tilraunir, að eðlilegt er að fresta þessu máli, að flytja þau boð til iðnn. hér, og mér þykir rétt að flytja þau hér í þessari hv. deild. Hvort tekið verður tillit til þess eða ekki, skiptir vitanlega ekki ýkja miklu máli. Ég talaði um þetta við ráðherrann, sem flutti þetta frv., og það er nú eins og gengur og gerist, að ráðherrar vilja gjarnan fá samþykkt frv., sem þeir flytja og eru tengd við þeirra ráðherradóm, og hef ég ekki sérstaklega við það að athuga. En það er ekki neinn efi á því, að málið getur beðið að skaðlausu fyrir þessa stofnun og þau störf, sem hún hefur með höndum.

Skal ég svo láta útrætt um þetta mál af minni hendi.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vil leyfa mér að fara þess á leit, að það verði frestað atkvgr. um þetta mál.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka meiri hl. n. fyrir afgreiðsluna á þessu frv. og sömuleiðis það, að meiri hl. hefur tekið aftur fyrri brtt. sína á þskj. 244.

Ræða frsm. meiri hl. gefur ekki tilefni til þess, að ég ræði þetta mál neitt að ráði, og ræða frsm. minni hl. gefur naumast heldur stórt tilefni til að setja hér upp langa ræðu.

Hv. minni hl. segir á þskj. 253: „Minni hluti nefndarinnar er mjög hlynntur því, að Iðnaðarmálastofnun Íslands verði efld.“ Ég trúði þessu, þangað til ég heyrði ræðu hv. frsm., því að eftir að ég hef hlustað á þá ræðu, getur það ekki farið saman, að hann vilji efla Iðnaðarmálastofnun Íslands og játast undir það eða meina það, sem hann hér hefur sagt og túlkað, því að hann hefur haldið því fram í sinni ræðu, að við hefðum ekki efni á því að hafa margar stofnanir, sem væru á líku sviði. Frá hans sjónarmiði virðist Iðnaðarmálastofnun Íslands hafa það höfuðverkefni að vinna þau verk, sem rannsóknaráði ríkisins er ætlað og atvinnudeild háskólans. Það var ekki hægt að heyra annað á ræðu hv. frsm. en að Iðnaðarmálastofnunin væri með öllu óþörf, þar sem allir, sem á hann hlýddu, gátu ekki skilið hann öðruvísi en svo, að rannsóknaráð ríkisins og atvinnudeild háskólans gætu innt þau verk af höndum, sem Iðnaðarmálastofnuninni er ætlað að vinna. Þess vegna er það alveg öfugmæli hér á þskj. 253, að minni hl. vilji efla Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Eftir því sem fram kom í ræðu hv. frsm. minni hl., vill hann, að Iðnaðarmálastofnun Íslands starfi ekki, til þess að rannsóknaráð ríkisins, sem nú hefur ekki nóg fjármagn, hafi meira fé til umráða til þess að vinna það, sem því er ætlað að gera. En það eru ekki allir, sem betur fer, á sama máli og hv. frsm. minni hl. Og satt að segja öfunda ég hv. minni hl. ekki af þessari skoðun. Það er þegar komið í ljós, að Iðnaðarmálastofnun Íslands hefur unnið mjög þarft og mikilvægt starf í þjóðfélaginu. Hún á sér ekki langa sögu, en hún hefur verið brautryðjandi.

Hún hefur unnið mjög þarft og þýðingarmikið starf, og það eru ekki aðeins iðnaðarmenn í þessu landi, sem tengja miklar vonir við þessa stofnun, ég fullyrði, að það er meiri hluti landsmanna, allra þeirra, sem tækifæri hafa haft til að kynna sér og fylgjast með starfsemi stofnunarinnar.

Það er rétt, að það er starfandi atvinnumálanefnd ríkisins, þar sem eru 7 menn. Ég átti tal við einn af þessum nefndarmönnum í gær, og hann kannaðist ekki við það að hafa léð því atkv. og óska eftir, að frv. væri frestað. Hann kannaðist ekki við annað en að það hefði verið rætt um 2. gr. frv., sem helzt kemur að einhverju leyti inn á það verksvið, sem frsm. minni hl. var að ræða um áðan, þ. e. rannsóknaráð ríkisins. Þó er það eftir því, hvernig gr. er túlkuð. Ég vil segja það, að ég er til viðræðu um að breyta þessari gr., og hv. minni hl. hefði verið sæmra að koma með brtt. við þessa gr. heldur en að leggja til, að frv. væri vísað frá, ef honum væri annt um, að Iðnaðarmálastofnunin væri efld og lifði. En það er vegna þess, að hann meinar það, sem hv. frsm. minni hl. sagði hér áðan, að Iðnaðarmálastofnunin sé raunverulega ekki þörf. Þeir koma ekki með brtt. við eina gr. frv. til lagfæringar eða breytingar, heldur að vísa málinu frá í von um, að það geti dagað uppi, ekki aðeins á þessu þingi, heldur og framvegis.

Hv. frsm. sagði hér áðan, að það væri ekki stórmál, hvort þetta mál yrði að lögum eða hvort því yrði frestað. Ég hygg þó, að það sé frá hans sjónarmiði nokkuð stórt mál, að því verði frestað, ef hann meinar það, sem hann sagði hér áðan. En þeir, sem vænta góðs af Iðnaðarmálastofnuninni og hafa gert sér grein fyrir því, að hún hefur þýðingarmiklum störfum að gegna í þjóðfélaginu, telja það vera stórmál, að lög fáist um stofnunina, að stefnan verði skýrt mörkuð og að stofnunin fái grundvöll, sem hún getur staðið á og starfað á, en svífi ekki í lausu lofti, eins og þær stofnanir margar, sem ekki hafa lög. Það er rétt, að að óbreyttum aðstæðum getur Iðnaðarmálastofnunin starfað eftir þeirri reglugerð, sem gefin var út á s. l. sumri, en það er hægara að veikja þessa stofnun, að trufla starfsemi hennar, ef hún starfar aðeins eftir reglum, sem ráðh. hefur gefið út, reglum, sem ekki styðjast við nein lög, heldur en ef hún hefur við lög að styðjast. Og þetta veit ég að öllum er ljóst. Við munum það, að á síðasta þingi var hér mikið rætt um iðnskólalöggjöfina. Iðnskólar höfðu starfað hér í landi án laga lengi, en eigi að síður gerðu allir sér grein fyrir því, hvað menntun iðnaðarmanna hefur mikilvæga þýðingu, og allir gerðu sér grein fyrir því, að það var þýðingarmikið að fá lög um iðnskólana.

Ég öfunda ekki hv. þm. Str. af því að hafa á s. l. ári viljað koma iðnskólalöggjöfinni í það horf, sem hann þá barðist fyrir, eða helzt að fresta því, að nokkur löggjöf um iðnskóla væri sett, og svo aftur nú ári seinna að setja fótinn fyrir það, að lög um Iðnaðarmálastofnun Íslands, sem þegar hefur getið sér ágætt orð, verði sett. Ég held, að iðnaðarmenn og margir atvinnurekendur verði dálítið undrandi, þegar þessi tónn kemur upp ár eftir ár hjá formanni annars stærsta þingflokksins á Íslandi. Það er dálítið einkennilegur skilningur á atvinnulífi landsmanna, sem kemur fram hjá þessum hv. þm., bæði í fyrra og svo aftur núna.

Hv. þm. var að tala hér um nokkra liði 1. gr. Það er nú 1. liður, þar er talað um, að stofnunin eigi að fylgjast með tæknilegum nýjungum og veita þeim, er iðnað stunda og við vörusölu fást, leiðbeiningar, er miði að auknum afköstum, verknýtingu og vöruvöndun. Ég hef ekki orðið var við það, að rannsóknaráð ríkisins eða atvinnudeild háskólans hafi verið ákaflega afkastamikil á þessu sviði, og vil ég þó ekki kasta neinni rýrð á þessar stofnanir eða þá menn, sem fyrir þeim standa. En það verður bara að viðurkenna það sem staðreynd, að eftir að Iðnaðarmálastofnunin tók til starfa, hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir á þessu sviði með því að kynna mönnum nýjungar, fá hingað til lands erlenda sérfræðinga til þess að halda fyrirlestra og kynna mönnum ýmislegt, sem að þessu lýtur, og það er nýjung, að það hafi verið gert í jafnstórum stíl og s. l. ár og ætlað er að halda áfram á þessu ári. Það er nokkuð, sem við Íslendingar getum áreiðanlega lært af, og þó að það væri ekkert annað en þetta, sem Iðnaðarmálastofnunin hefði starfað, þá væri það vissulega nóg til þess, að hún hefur unnið til að fá að eflast.

Þá talaði hv. þm. um 5. lið, sem er um að koma á fót og sjá um rekstur á tæknilegu bókasafni. Það vill nú svo til, að núna kl. 3 átti ég að mæta í Iðnaðarmálastofnuninni, — get það nú líklega ekki, vegna þess að umræðurnar eru, — vegna þess að þar átti að opna tæknilegt bókasafn, sem stofnunin hefur eignazt. Þetta bókasafn er allstórt, og það er sannarlega gleðilegur vottur um þróun stofnunar þessarar á stuttu árabili, að hún hefur eignazt stórt tæknilegt bókasafn. Iðnaðarmálastofnunin starfar í nýja iðnskólahúsinu og hefur tekið þar húsnæði á leigu með það fyrir augum að hafa þar stórt tæknilegt bókasafn og lestrarsal, þannig að það er ekki um húsnæðisskort þar að ræða eins og stendur. Þeir, sem vilja og hafa hæfileika til að notfæra sér bókasafnið, geta komið þangað og setzt niður við lestur. Þetta sýnir áhuga og dugnað þeirra, sem hafa stjórnað stofnuninni, að hafa þegar ráðizt í að koma þessu bókasafni upp.

Þá var talað um 8. lið, að stuðla að því, að hérlendir menn, sem starfa í þágu íslenzks iðnaðar, komist til framhaldsnáms erlendis í vísindalegum, verkfræðilegum og verklegum greinum og að erlendir kunnáttumenn á þessum sviðum heimsæki Ísland. Þetta er nú að mestu leyti það, sem ég minntist á hér áðan í sambandi við 1. lið, og það hygg ég, að öllum hv. þdm. sé kunnugt, að árangurinn af þessum heimsóknum erlendra sérfræðinga hefur verið mjög mikill þegar í stað og á vitanlega eftir að verða miklu meiri, þegar tíminn og reynslan koma til sögunnar. Iðnaðarmálastofnunin hefur einnig beitt sér fyrir því, að íslenzkir menn ferðuðust erlendis og færu beinlínis á námskeið og til lengra náms erlendis í hinum ýmsu fræðum. Því hefur

vitanlega atvinnudeild háskólans átt einhvern þátt í líka, en Iðnaðarmálastofnunin hefur gert þetta í stærri stíl en áður hefur hér þekkzt, og miðar það allt í rétta átt.

Hv. frsm. minni hl. talaði um það hér áðan, að það væri beinlínis hættulegt, að fleiri stofnanir færu inn á þetta verksvið, sem rannsóknaráð ríkisins og atvinnudeild háskólans hefðu með höndum, vegna þess að við hefðum ekki fjármagn til þess. Þó var ekki hægt að skilja annað á ræðu hans en að þetta væri höfuðverkefni Iðnaðarmálastofnunarinnar. Þegar hann fullyrðir, að það sé hættulegt, að það séu fleiri stofnanir, sem starfi að þessum málum, þá er það sama sem að segja, að hann vilji ekki, að Iðnaðarmálastofnunin starfi eða sé til.

Þetta er hans skoðun. Hins vegar vil ég benda á, að það eru sízt rannsóknarstörf, sem Iðnaðarmálastofnuninni er ætlað að gera, og þarf ekki annað en að lesa 1. gr. frv., eina 12 liði, sem þar eru taldir upp, til þess að sannfæra sig um, að það eru sízt rannsóknir, sem Iðnaðarmálastofnuninni er ætlað að vinna.

Ég sagði áðan: Ég vil ekki kasta neinni rýrð á rannsóknaráð ríkisins eða atvinnudeild háskólans. Ég veit, að þessar stofnanir báðar hafa unnið ýmislegt að gagni. Ég veit líka, að þeim hefur verið þröngur stakkur skorinn með fjármagn oft og tíðum. En hitt veit ég einnig, að það getur verið hollt fyrir þessar stofnanir, að það sé annar aðili, sem fylgist með, sem geri sér grein fyrir því, hvað er að gerast og að hvaða marki þetta þjóðfélag á að keppa í atvinnumálum, og að það sé gert allt, sem unnt er, til þess að fylgjast með því, hvaða atvinnugreinar það eru, sem okkur ber fyrst að efla, og hvaða atvinnugreinar það eru, sem okkur er fært að ráðast í. Og ég segi: Það er ekkert nema gott um það að segja, að atvinnumálanefnd ríkisins er til, ef hún vill starfa og ef hún starfaði. En það er ekki nóg, að hún sé til og að hún starfi eftir einhverri þáltill., sem samþykkt hefur verið hér í þinginu. Ef það á að vera árangur af hennar starfi, þá verður að koma eitthvað jákvætt frá henni, sem hægt er að byggja á. Þessi nefnd hefur ekki enn starfað það mikið, að hægt sé að segja um það, hvað frá henni kemur. Ég vona, að það verði eitthvað gott, að það verði eitthvað að gagni. En áður en við höfum nokkuð séð frá henni að gagni, getum við ekki kastað öllum áhyggjum eða vonum á hana.

Hv. form. þeirrar nefndar sagði við mig um daginn, að það stæði til að flytja frv. á næsta hausti, sem væri svo yfirgripsmikið, að það næði ekki aðeins út yfir þetta, heldur og margt fleira, þannig að með því frv. ætti að samræma atvinnulífið og verkaskiptingu á milli hinna ýmsu stofnana. Sjáum til. Kannske kemur það í frv. En það er a. m. k. eftir að sjá, í hvaða formi það verður, lesa það yfir, gera sér grein fyrir því, hvort það er nú það bezta eða það rétta, og ég get huggað hv. frsm. minni hl. með því, að þó að frv. verði að lögum á þessu þingi, þá hefur hann og hans nefnd jafnmikla möguleika til þess að koma með frv., frv. til breytinga, ekki aðeins á þessum lögum, sem við erum núna að samþykkja, heldur öðrum lögum til samræmingar á hinum ýmsu stofnunum í þjóðfélaginu. Komi þeir fram með slíkt frv., sem meiri hl. Alþingis vill hlíta og telur vera til stórbóta, þá er ekkert til fyrirstöðu að breyta lögum, sem hafa verið sett á þessu þingi. En ég vil ekkert eiga á hættu með þetta, vegna þess að við höfum enn enga reynslu af þessari atvinnumálanefnd. Við höfum ekkert annað til þess að styðjast við en að það sé einhver von um, að hún komi með frv., sem gæti verið vit í; hún gæti líka komið með frv., sem væri ekkert vit í, og það kemur ekki til mála, að hv. Alþingi sé að fresta lagasetningu á góðu máli af því, að það gæti skeð, að atvinnumálanefnd ríkisins kæmi með gott frv., sem gæti komið í staðinn fyrir þetta.

Eins og hv. frsm. meiri hl. sagði hér áðan, hefur þetta frv. verið undirbúið vel og betur en flest mál, sem flutt hafa verið hér í þinginu, með því að til samningar á þessu frv. hafa starfað tvær mþn. Frv. er raunar miklu eldra. Það hefur verið rætt um þessi mál lengi hér í hv. Alþingi, en ekki fengizt samkomulag um lagasetningu, og nú er frv. komið það áleiðis, að hv. meiri hl. iðnn. í þessari hv. deild leggur til, að það verði samþykkt sem sagt alveg óbreytt, og ég er honum þakklátur fyrir það og vona, að þessi hv. deild fallist á till. meiri hlutans. Önnur brtt. meiri hl. á þskj. 244 er þannig vaxin, að ég hef ekkert við hana að athuga, og mér finnst eðlilegt, að hún verði felld inn í 11. gr. frv.

Ég get svo látið máli mínu lokið. En ég endurtek, að ég vænti þess, að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi og að hv. meiri hl. þessarar deildar hv. Alþingis hafi þegar gert sér grein fyrir því, að Iðnaðarmálastofnunin er það þýðingarmikil stofnun í landinu, hefur þegar unnið það mörg og mikilvæg störf, að hún á það ekki skilið að vera í lausu lofti, eins og hv. minni hl. vill láta hana vera með því að neita um, að hún geti starfað eftir lögum. — Ég ætla að láta máli mínu lokið að þessu sinni.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hv. frsm. minni hl. hélt því fram í upphafi ræðu sinnar, að ég hefði hagað mínum orðum þannig, að ástæða væri til þess að ætla, að Framsfl. væri að flytja þetta sem pólitískt mál. Þessi ummæli hv. frsm. eru byggð á hreinum misskilningi. Ég kom ekkert inn á það atriði málsins. Ég lýsti aðeins gangi málsins undanfarin ár, las upp afgreiðslu þess eins og hún hefði verið samkv. Alþingistíðindunum og þingskjölum, og lagði engan dóm á það, hvort á bak við það hefðu legið einhverjir pólitískir klækir eða pólitískir hagsmunir, svo að ég hef ekki leitt málið inn á þá braut. Það hefur hv. frsm. minni hl. gert svo og hæstv. ráðherra, og læt ég þá um að deila um það atriði málsins. En ég vil í sambandi við það leyfa mér að benda á, að mér þykir alleinkennilegt, að það frv., sem hér er á ferðinni nú og er aðeins til þess að staðfesta reglugerð, sem gefin er út af núverandi hæstv. ríkisstj., skuli mæta andspyrnu hjá samstarfsflokknum í ríkisstj. Það vekur nokkra undrun hjá mér, því að ég skil yfirleitt ekki, hvaða ástæða gæti legið til þess, úr því að hæstv. fjmrh. og Framsfl. hafa

fallizt á að taka upp framlög á fjárlögum til þessarar starfsemi og þar með viðurkennt starfsemina og einnig fallizt á, að hæstv. iðnmrh. gæfi út ákveðna reglugerð, sem nú er leitað lagastaðfestingar á. Ég á því ákaflega erfitt með að skilja þá afstöðu, sem hv. frsm. minni hl., form. Framsfl., hefur tekið í þessu máli. Og það bendir náttúrlega miklu meira til þess, að hér sé um einhverja pólitíska refskák að ræða, heldur en það, sem ég hef upplýst í málinu.

Ég var á þeirri skoðun, einmitt vegna þess, að það er fullt samkomulag um þetta mál milli stjórnarflokkanna, að það væri ekki neitt höfuðatriði frekar um þessa stofnun en Fiskifélagið og Búnaðarfélagið, að sett yrðu lög til staðfestingar á þeirri reglugerð, sem gefin hefur verið út. En eftir að ég hef hlustað á hv. frsm. minni hl., hefur þessi skoðun mín breytzt, því að hann lætur í ræðu sinni mjög liggja orð að því, að það sé mjög vafasamt, hvort ekki eigi að leggja þessa stofnun niður og afhenda verkefnið allt annarri stofnun. Hann sagði hér, að það væri vafasamt, hvort ekki hefði átt að efla atvinnudeildina í stað þess að koma hér upp nýrri stofnun. Þessi orð verða ekki skilin á annan veg en þann, að hann sé raunverulega andvígur því, að þessi stofnun fái að eflast og þróast og að ríkissjóður láti áframhaldandi fjárframlög til þeirrar starfsemi, heldur sé hans hugur að flytja þetta verkefni algerlega yfir á atvinnudeildina. Þar er ég honum ekki sammála, m. a. vegna þess, að það var mjög rætt um það mál, þegar verið var að reyna að koma í gegn mínu frv. um iðnaðarmálastjóra, af þeim aðilum, sem höfðu þá með málið að gera á milli þinga, hvort hægt væri að sameina þetta eða láta þetta heyra undir atvinnudeild háskólans, og atvinnudeild háskólans tók þá ekki jákvætt undir það fyrirkomulag. Það hafa setið fleiri milliþinganefndir í þessu máli en mþn. 1954 og 1955. Það sátu milliþinganefndir í málinu á árunum 1947—49, sem skipaðar voru fulltrúum iðnaðarmanna og ræddu þetta mál þá mjög frá öllum hliðum og gáfu út um það mjög ýtarleg nál. Og frv. þetta er byggt upp sumpart á till. mínum frá 1947 og sumpart á þeim till., sem komu frá mþn., eftir að málið var endurskoðað. Og þá var tekið til mjög ýtarlegrar athugunar, hvort ekki ætti að hafa þetta starf undir atvinnudeild háskólans eða rannsóknaráði ríkisins eða sameiginlega, en þeir aðilar, sem störfuðu þá í þeim stofnunum, vildu ekkert sinna þessum verkefnum og töldu, að þessi verkefni væru fyrir neðan þeirra virðingu, þeir væru á vísindasviðinu, en þetta væri dagleg afgreiðsla í sambandi við ýmis iðnaðarmál og það kæmi þeim ekkert við. Eingöngu af þeim ástæðum er ég náttúrlega andvígur því, að það verði farið að leggja þessa stofnun niður og flytja verkefnið undir atvinnudeild háskólans.

Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að í septembermánuði árið 1950 átti ég þess kost að geta dvalið í Madrid á Spáni í 10 daga og kynnti mér þá mjög rækilega þessi mál, kom svo að segja daglega í iðnaðarmálastofnun Spánar, sem er byggð upp þannig, að þar er ákaflega stórt iðnaðar- og atvinnusafn, svo að hægt er að rekja iðnaðar- og atvinnusögu landsins allt aftur í fornöld. Er þar fjöldi deilda og alls konar upplýsingar um gang mála. Fékk ég þar þær upplýsingar, að stofnunin starfaði þar enn á því sviði að veita upplýsingar um atvinnumál og rekstur atvinnugreina og afkomu atvinnuvega hverjum þeim, sem óskaði að fá þar upplýsingar og vildi starfa að atvinnumálum landsins. Ef einhver atvinnugrein getur ekki borið sig fjárhagslega, þá getur viðkomandi atvinnurekandi farið til þessarar stofnunar, lagt fram fyrir hana öll gögn, og stofnunin rannsakar þá fyrir hann gang málanna, bendir á þær veilur, sem eru í rekstrinum, lætur rannsaka, hvaða möguleikar eru til þess að bæta úr því, sem aflaga fer, svo að reksturinn geti komizt á fjárhagslegan grundvöll, m. a. á hinu tæknilega sviði. Og þetta er mjög sterk aðstaða fyrir atvinnurekendur í landi að geta haft, og það væri mjög óskandi, að Iðnaðarmálastofnunin yrði þess megnug að geta tekið upp slíka starfsemi, eins og hér hefur verið minnzt á. Sama er að segja um nýja atvinnurekendur. Ef þeir óska að fara inn á einhvern atvinnurekstur, hvort sem það er nýr atvinnurekstur eða eldri atvinnurekstur í landinu, þá geta þeir fengið allar þær upplýsingar hjá stofnuninni, sem nauðsynlegt er til þess að byggja sinn atvinnurekstur upp á öruggum og traustum grundvelli. Þetta er engan veginn verkefni rannsóknaráðs og engan veginn verkefni atvinnudeildarinnar, eftir því sem þeim hefur verið skapað verksvið með þeim lögum, sem þar um ræðir.

Þetta vildi ég láta koma fram, og það var alltaf mín hugsun frá því fyrsta, að Iðnaðarmálastofnunin væri á líku starfssviði og ég hef hér lýst. Og það er enginn vafi á því, að ef það er hægt að koma málunum þannig fyrir, þá á hún eftir að gera ómetanlegt gagn fyrir iðnaðarmannastéttina og fyrir landið í heild í framtíðinni.

Hv. frsm. minni hl. minntist hér á nokkur atriði, og get ég stytt allmikið mitt mál, vegna þess að hæstv. ráðh. hefur rætt um þau. En ég vil þó benda á, að öll þessi atriði, sem hann ræddi um, gefa ekkert tilefni til þess að fresta málinu.

Ef rætt er t. d. um 5. tölul., sem hv. frsm. lagði ákaflega mikla áherzlu á, að það væri óeðlilegt, að verið væri að koma upp iðnaðarbókasafni á fleiri stöðum, þá vil ég benda á, að hinn litli vísir að þessu safni, sem kom hér upp á fyrsta ári stofnunarinnar, var iðnaðarmönnunum í landinu og iðnaðarfyrirtækjum stórkostleg hjálp. Og mér er ekki kunnugt um, að atvinnudeildin hafi gert neina tilraun til þess að koma upp slíku bókasafni eða aðstoða iðnaðarmennina um það verk. Hér er því raunverulega ekki verið að setja inn annað en það, sem þegar er komið í framkvæmd og Iðnaðarmálastofnunin byrjaði á strax, en það er að koma upp tæknilegu bókasafni og auka það. Og hún hefur einmitt aukið þetta safn vegna þess, hversu iðnaðarmennirnir sjálfir hafa lagt mikið upp úr því að geta alltaf átt þar aðgang að slíkum bókum, sem ekki eru til annars staðar á landinu. Ég geri ráð fyrir því, að það megi koma á slíkri samvinnu milli þessara tveggja stofnana, at-

vinnudeildar háskólans annars vegar og Iðnaðarmálastofnunarinnar hins vegar, að það sé engin þörf fyrir þá að vera að kaupa sömu bækurnar, og þar að auki geti þeir fengið að nota hvor annars bókasafn, eftir því sem á við og þörf er fyrir á hverjum tíma.

Í sambandi við 8. tölul. er það einnig vitanlegt, að það starf, sem Iðnaðarmálastofnunin tók upp sem eitt af þeim fyrstu störfum, að fá hingað erlenda sérfræðinga, hefur verið mjög vel þegið hjá öllum aðilum, ekki eingöngu hjá iðnaðarmönnum, heldur einnig hjá verzlunarstéttinni. Þeir hafa haft hér menn, sem hafa haldið hér fyrirlestra bæði um hagkvæmari vörudreifingu og hagkvæmari aðferðir í framleiðslu, en atvinnudeildin hefur ekkert gert til þess að koma þessu á. Það hefur sjálfsagt enginn bannað henni það. Og ég efa ekki, að þetta hefur ekki kostað svo mikið fé, að hún hefði ekki getað komið því á, ef hún hefði talið það vera annaðhvort innan síns verksviðs eða haft hugkvæmni til þess að framkvæma þetta. Mér var kunnugt um það, á meðan ég sat í fjvn., að það var ekki verið að skera neitt sérstaklega niður fyrir atvinnudeild háskólans, ef hún hefði einhver jákvæð verkefni að vinna að. Ég man m. a. eftir því, að þegar kom till. um það frá rannsóknaráði og ég held frá atvinnudeildinni einnig, eða þeim sameiginlega, að láta allmikið fé til þess að rannsaka möguleika til að vinna brennistein í Suður-Þingeyjarsýslu, þá var ekki haft á móti því að láta þangað fé. Ég held, að það hafi nefnilega skort allt annað hjá atvinnudeild háskólans og rannsóknaráði ríkisins en að þau hafi ekki fengið fé, það hafi yfirleitt verið eitthvað allt annað. Ég minnist a. m. k. ekki þess, á meðan ég var í fjvn., að það væri nokkru sinni skorið niður fyrir þeim fé til þeirra hluta, sem þeir færðu rök fyrir að væri bráðnauðsynlegt að framkvæma.

Það er líka byggt á hreinum misskilningi, þegar hv. frsm. heldur því fram, að atvinnudeild háskólans þurfi að eiga það undir Iðnaðarmálastofnuninni, hverjir menn fara til framhaldsnáms. Ég veit ekki, hvernig hægt er að finna það út úr þessu frv. hér. Eins og nokkur maður sé að taka ráðstöfunarrétt af nokkrum manni, sem vill fara til framhaldsnáms? Atvinnudeild háskólans dettur ekki í hug að gera það, og Iðnaðarmálastofnuninni dettur ekki heldur í hug að gera það. Hins vegar vill Iðnaðarmálastofnunin stuðla að því, að hérlendir menn, sem starfa í þágu íslenzks iðnaðar, komist til framhaldsnáms erlendis, og það hafa þeir gert. Hvers vegna á að banna þeim að halda þeirri starfsemi áfram? Þetta er ekki að ganga neitt inn á rétt atvinnudeildar háskólans, nema síður sé, og er byggt á algerum misskilningi hjá hv. frsm.

Í sambandi við 2. gr. tók ég það einnig fram og skal ekki endurtaka það hér, að skilningur minni hl. í iðnn. er allt annar en skilningur þeirra manna, sem sömdu frv., og er sjálfsagt að hafa fulla samvinnu um orðabreytingu á því, svo að það valdi ekki neinum misskilningi.

Ég skal svo láta máli mínu lokið, en vil nú vænta þess, að eftir þessar umræður, þegar menn hafa áttað sig á því, að hér sé hvorki um pólitíska refskák að ræða né heldur neinn yfirgang þessarar stofnunar á aðrar stofnanir í landinu, heldur fullur vilji til samstarfs til þess að koma áfram nauðsynlegum málum, þá geti menn orðið sammála um, að það sé rétt að láta málið ná fram að ganga, og fylgi málinu eins og það liggur fyrir á þskj. 154 með þeirri lítilfjörlegu breytingu, sem meiri hl. leggur til að gerð verði.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal viðurkenna það fyrst og fremst, að ég er ekki enn þá búinn að átta mig til fulls á því, hvort ég á að fylgja þeim nýju stefnumiðum, sem fram koma í þessu frv., eða ekki. Það, sem ég kalla ný stefnumið í frv., er fyrst og fremst þetta: Á að skipa með lögum, hvernig hinar einstöku stéttir í þjóðfélaginu komi fyrir sig sem beztum upplýsingum viðvíkjandi leiðbeiningum í sínu starfi, til þess að það geti orðið sem mest til þjóðnytja? Tvær aðrar stéttir hafa gert slíkt, bændurnir fyrst með stofnun Búnaðarfélagsins, sem fyrst náði yfir suðuramtið og vann þá alhliða að því að gefa upplýsingar og leiðbeiningar fyrir bændurna. Um aldamótin var Búnaðarfélagi suðuramtsins breytt í Búnaðarfélag Íslands, sem þá var gefið víðtækara starf og látið líka hafa með höndum ýmiss konar tilraunastarfsemi, ýmiss konar verzlun, svo að bændurnir gætu fengið fleiri vörur en þá var verzlað með í landinu. Vörur eins og kerrur, gafflar, skóflur o. fl. slík verkfæri voru þá pantaðar frá Búnaðarfélagi Íslands. Ekki einu sinni skóflu fékkst þá í búð. Þær voru pantaðar hjá Búnaðarfélagi Íslands fyrstu starfsárin, sem það starfar, o. s. frv. Eftir því sem verkaskipting óx og aðrir menn fara að koma og verzla með ýmislegt, sem áður hafði ekki sézt í búðum, minnkar smám saman þetta starf hjá Búnaðarfélagi Íslands, svo tekur ríkið sjálft að sér allar tilraunirnar, og eftir stendur svo Búnaðarfélagið sem félagsskapur bænda, styrktur af ríkinu til að veita þeim leiðbeiningar. Svipað er með Fiskifélagið. Það er líka byggt til þess að veita þeim, sem við fiskinn fást, leiðbeiningar. Nú kemur þriðja stéttin, iðnaðarstéttin, og það er reynt hér á þingi hvað eftir annað að fá hana til þess að standa saman og koma upp iðnaðarstofnun; reynt að fá alla, sem vinna að iðnaði, bæði þá, sem vinna að verksmiðjuiðnaðinum, og þá, sem vinna að handiðnaðinum, til að sameina sig um eina stofnun og mynda eitt allsherjarfélag á sama grundvelli og hinar stéttirnar. Það heppnast ekki, og lagði þm. Barð. sig þó fram í því. Stofnunin verður til, en iðnaðarmennirnir fylkja sér ekki utan um hana, eins og hinar stéttirnar hafa gert um sín félög. Stofnunin var sett upp af Alþingi, og þannig starfar hún.

Nú er fyrsta spurningin fyrir mig: Á að fara inn á þá braut að ákveða þetta með lögum? Á að fara inn á þá stefnu að ákveða allan svona félagsskap, sem myndast meðal einstakra stétta þjóðfélagsins, með lögum, landslögum, og lofa honum ekki að hafa meira eða minna frjálsræði um, hvernig hann starfar innan sinna eigin vébanda? Ég er ekki búinn að átta mig á því til fulls, og það er ein ástæðan til þess, að ég vil

fresta frv. Ég veit ekkert, hvort það yrði nokkuð betra, þó að Alþ. setti lög um það, hvernig ætti að skipa störfum hjá hinum tveimur stóru stéttarfélögunum, Búnaðarfélaginu og Fiskifélaginu, sem eru sams konar og þetta. Þeim eru báðum falin af ríkinu ýmiss konar störf, sem þau eiga að gera fyrir það, og það má vel vera, að það gæti verkað betur, ef þau störfuðu eftir landslögum. Ég þori ekki að segja um það. Ég er ekki búinn að skapa mér ákveðna skoðun um, hvort heppilegra er. En ef við teljum það nauðsynlegt og heppilegt og betra til þess að ná jákvæðum árangri fyrir heildina að skipa þeim með landslögum, þá eigum við náttúrlega að samþykkja þetta frv. og svo koma með frv. á eftir um hin tvö, Búnaðarfélagið og Fiskifélagið. Það er alveg gefið, að við eigum að gera það. Ef maður segir a, segir maður líka b, og ef maður kemst að þeirri niðurstöðu, að það sé heppilegra að skipa þessum félagsskap, stéttarfélagsskap, fræðslustéttarfélagsskap í landinu, með sérstökum lögum frá Alþingi, þá eigum við að gera það og láta mennina svo bara vera undir yfirstjórn ríkisvaldsins og engu ráða sjálfa um, hvernig samtökin starfa, nema þá að einhverju leyti í gegnum stjórn, sem þeir þó kjósa ekki sjálfir, eftir tillögu þm. Barð., sem vill láta Alþ. skipa stjórn og lög ofan frá.

Þessu er ég ekki búinn að átta mig á enn. Þá er ég ekki heldur búinn að átta mig á því, hvort sú skipting, sem núna er t. d. milli rannsóknaráðsins og atvinnudeildarinnar annars vegar og Iðnaðarmálastofnunarinnar hins vegar, er eðlileg. Atvinnudeildinni er ekki ætlað að brjóta upp á nýjungum eða öðru þess háttar. Það er ekki í hennar starfsskrá eða lögum um hana að neinu leyti. Það á aftur rannsóknaráðið að gera. Atvinnudeildinni er ætlað að vera í þjónustuafstöðu. Hún er stofnun, sem starfar fyrir aðrar stofnanir til að gefa upplýsingar. Henni er ætlað að efnagreina fyrir þá bændur, sem þess óska, fyrir Búnaðarfélagið o. s. frv., og það hefur reynzt þannig, að allir telja sig ekki geta notað hana og hafa því ekki notað hana. Við hliðina á henni er komið upp efnarannsóknum fyrir sjávarútveginn. Við kaupum tvenn dýr tæki til að gera sömu rannsóknirnar, af því að aðrir, þeir, sem ráða í Fiskifélaginu, láta rannsóknardeildina ekki gera það, sem henni annars er ætlað að gera, heldur gera það sjálfir. Innan atvinnudeildarinnar eru komin upp sértæki eins og bæði í jarðfræðideildinni og matvælarannsóknardeildinni, þannig að þau eru nú til í tvennu og þrennu lagi í landinu. Ég er ekki viss um, að þetta sé heppilegt. Við höfum áreiðanlega ekki það fé yfir að ráða, að við höfum ástæður til að leggja nokkur hundruð þús. í að hafa sömu tækin á mörgum stöðum, þegar við getum afkastað því öllu með einum. En svona hefur klofningin eða þróunin orðið. Nú á að koma hér enn upp ein stofnun, sem á að gera það sama og hinar. Ég á eftir að fá sannfæringu fyrir nauðsyn þess að eiga t. d. þrenn tæki til fiskrannsókna, sitt í hverri stofnun, þegar hægt er að komast af með ein. Þegar þau eru þrenn, eru þau aðeins notuð dag og dag, einu sinni í viku. Ég er ekki búinn að sjá, að það sé heppilegt eða þess sé þörf.

Það er þannig núna, að það er mikið skilið að sjálft rannsóknarstarfið og tilraunastarf og almenn þjónusta, svo sem efnagreining o. fl. Rannsóknaráðið var stofnað í tvennum tilgangi. Ég man vel umræðurnar um það, þegar það var stofnað. Það var stofnað í tvennum tilgangi, annars vegar að hafa forustu í rannsóknum á öllu, sem lyti að náttúruauðæfum landsins, og hins vegar að hafa eftirlit með öllum útlendingum, sem kæmu til landsins til þess að gera hér ýmiss konar athuganir á náttúru þess á einu og öðru sviði, og þetta tvennt var því ætlað, rannsóknaráðinu. Þetta hefur það reynt að gera. Annaðhvort er það þá af því, að menn treysta því ekki til að gera þetta, eða þá, ja, ég veit ekki af hverju, að nú er ætlazt til þess, að þessi stofnun taki að sér annað verkefni þess. Það getur verið, að þetta sé betur komið í höndum þessarar stofnunar en rannsóknaráðsins. Ég veit það ekki. En þá á bara ekki að vera að halda rannsóknaráðinu áfram. Ef við ætlumst til þess, að þessi stofnun taki við starfi rannsóknaráðsins, þá er engin ástæða til þess. Ég man ekki, hvaða fé því er ætlað í fjárlögum, ég gæti trúað, að það væru svona 200 þús. kr., 300 þús. kr. eða eitthvað svoleiðis. Við þurfum alls ekki að láta tvær stofnanir rannsaka það sama, t. d. hvernig við eigum helzt að koma því fyrir að vinna þungt vatn. Það er alveg nóg að hafa eina. Hvor þeirra það á að vera, legg ég engan dóm á. Ég er þess vegna ekki heldur búinn að átta mig á þessu, hvor þeirra það á að vera. En ég held, að það sé heldur til ills að ákveða með lögum, að tvær stofnanir skuli gera það, það bætir ekkert samvinnuna á milli þeirra stofnana, sem til eru, að ætla tveimur að gera sama verkið, sömu rannsóknirnar.

Þessar ástæður allar og reyndar margar fleiri eru til þess, að ég tel miklu réttara að fresta málinu núna, enda háir það á engan hátt starfi Iðnaðarmálastofnunarinnar. Ég viðurkenni það alveg fúslega, að ég er ekki búinn að komast að niðurstöðu um það, ég er ekki búinn að gera það upp við sjálfan mig, hvort þessi félög öll eiga að fara undir landslög, starfa eftir landslögum, eða eiga að setja sér sjálf lög og starfa eftir þeim. Ég viðurkenni fúslega, að ég er ekkert viss um, hvort við erum það fjársterkir, að við höfum efni á því að láta margar stofnanir gutla við sama verkið og enga hafa nóg að gera í því, eða hvort við höfum efni á því að hafa fleiri menn til að rannsaka sama verksvið. Ég geri alveg eins ráð fyrir, að þótt í staðinn fyrir rannsóknaráð ríkisins, sem nú hefur t. d. verið að rannsaka um bikstein nokkur ár, hve mikið væri til af honum í landinu o. s. frv., vildi þessi stofnun, sem við erum hér að tala um, Iðnaðarmálastofnunin, rannsaka það sama, og hún náttúrlega á að gera það eftir lögunum, ef þau verða sett, þá mundi koma nokkurn veginn það sama út úr því. Væri þá nokkur ástæða til að láta tvo menn fara að gera það? Ég sé það ekki.

Af þessu vona ég, að mönnum sé ljóst, að það, sem fyrir mér vakir með því að vera með því, að samþykkt frv. sé frestað, er það, að ég vil fá að kryfja málin til mergjar. Því er ég ekki búinn að. Ég er ekki einu sinni búinn að átta

mig á, hvort aðrar stofnanir, sem eins er ástatt með og þessa hér, eiga að vera undir landslögum eða undir lögum mannanna, sem að þeim standa, og hvort ríkið á að ráða öllu viðvíkjandi stofnuninni eða hvort mennirnir sjálfir, sem að henni standa, eiga að ráða því eins og er, bæði Fiskifélaginu og Búnaðarfélaginu. Ég er ekki heldur búinn að átta mig á því.

Loks er ég ekki búinn að átta mig til fulls á því, hvort á að láta þessa stofnun, sem hér er rætt um í frv., vera að fara inn á svið annarra stétta. Hún er stofnuð fyrir iðnaðarmennina alveg skilyrðislaust og á að veita þeim upplýsingar til þess að létta þeim ýmis störf og gera þau meira þjóðnýt en þau annars kynnu að verða, og það er sjálfsagt. En á hún líka að fara inn á verksvið verzlunarstéttarinnar? Hún er látin gera það. Ekki er hún þó látin rannsaka, hvar þeir geti gert bezt sín innkaup eða þess háttar, en hún á að láta rannsaka allt, sem viðvíkur dreifingu vara hjá verzlunarstéttinni. Eitt af hennar fyrstu verkefnum yrði þá náttúrlega að rannsaka, hvort við þurfum að láta 9.9% af þjóðinni lifa á því að dreifa vörunum meðal landsmanna. Nú má segja, að hver verzlunarmaður lifi að meðaltali á að verzla við 9 menn. Mætti ekki komast af með minna? Hefur stofnunin rannsakað það? Hún er kannske búin að láta rannsaka það, og ef hún kemst að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki þörf á því, þá á að gera eitthvað til að fækka því og setja einhverja af þessum mönnum í hagnýtari vinnu. Ég tel vel líklegt, að það geti einn maður dreift vörum til tuttugu, að það þurfi ekki tíundi hver maður að lifa á verzlun í landinu, að það sé alveg nóg, að það sé einn á móti tuttugu. Mér þykir það mjög líklegt.

Ég veit ekki um það, hvort á að láta þessa stofnun fara inn á önnur verksvið en verksvið iðnaðarmannanna. Það er þess vegna ákaflega margt í frv., sem er þess eðlis, að ég er ekki búinn að gera upp við mig, hvernig er haganlegast að koma því fyrir fyrir heildina, og þess vegna legg ég til, að frv. sé ekki samþ. á þessu þingi, heldur frestað. Stofnunin hefur sitt ríkisframlag, og hún hefur sína reglugerð til að fara eftir. Hún getur starfað algerlega eins, hvort sem frv. er samþykkt eða ekki, það breytir ekki nokkrum hlut í starfsemi stofnunarinnar, öðru en því, að hún fær öðruvísi yfirstjórn með því að samþ. frv. heldur en hún hefur núna. Það er eina breytingin, sem það gerir. Að öðru leyti getur hún starfað alveg eins. Þess vegna vil ég fá að bíða með að þurfa að greiða atkvæði um frv. sjálft, þangað til ég er búinn að brjóta til mergjar þessi mörgu vafaatriði, sem mér finnst vera viðvíkjandi frv. og framkvæmd þess og því gagni, sem heildin á að hafa af því.

Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég sá ekki ástæðu til þess í þeirri ræðu, sem ég flutti hér, að minnast á annað í þessu máli en það, sem athugun þeirrar n., sem ég starfa í og óskar eftir, að málinu verði frestað, gaf tilefni til. En hv. 1. þm. N-M. (PZ) hefur minnzt á önnur atriði, og það gefur tilefni til þess að minna á það, hvernig félagsskapur við sjávarsíðuna viðkomandi útveginum og viðkomandi landbúnaðinum hins vegar hefur vaxið upp, og það gefur tilefni til þess að minna á sögu þessa máls, að það var ætlazt til þess, að þessi starfsemi yxi upp með sama hætti með aðstoð frá ríkinu, en ósamkomulag hefur valdið því, að það hefur ekki verið hægt.

Það er ekki hægt að neita því, að það er a. m. k. atriði, sem er athugandi í þessu máli, hvort ákveða á það með lögum, að stofnun einnar stéttar taki við þeim verkefnum, sem eru unnin af rannsóknaráði ríkisins fyrir allar stéttir í þjóðfélaginu og þjóðfélagið í heild, að ekki sé meira sagt, því að það er alveg þýðingarlaust að vera að halda uppi rökræðum um mál, ef það er ekki viðurkennt, sem kemur fram í 2. gr. frv. og 11. gr., sem ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp:

„Iðnaðarmálastofnuninni er rétt að hafa samstarf við atvinnudeild háskólans og aðrar opinberar rannsóknarstofnanir um þær tilraunir og rannsóknir, sem hún telur nauðsynlegt að framkvæma, og skulu rannsóknarstofnanir þessar veita henni þá aðstoð, sem þeim er unnt, enda komi fullt gjald fyrir."

Þetta er náttúrlega alveg tvímælalaust, enda hefur meiri hl. n., sem vill helzt ekki breyta frv. í neinu, orðið að viðurkenna það með brtt., sem hann vitanlega getur ekki tekið til baka, því að ef frv. væri samþ. eins og það liggur fyrir, þá er farið með þessa stofnun inn á það almenna verkefni fyrir þjóðfélagið í heild, sem hvorki Fiskifélaginu, Búnaðarfélaginu, iðnaðardeild né fiskimáladeild hefur sérstaklega verið ætlað að vinna, heldur rannsóknaráði, sem vinnur af hálfu ríkisstj. og ríkisins.

Þá má minna á, hvernig þetta hefur vaxið upp, og þessar ástæður, sem ég færi fram, eru ekki alveg út í bláinn. Fiskifélagið vinnur að rannsóknum, alveg eins og hv. 1. þm. N-M. minntist á, sem fiskideildin vinnur að í atvinnudeildinni, og það verður að segja það eins og er, að hjá Búnaðarfélaginu eru störf, sem unnin eru jafnframt í búnaðardeildinni. Þess vegna er það, að n. er þeirrar skoðunar, að það sé eðlilegt að samræma þessi störf í heild, ekki til þess að rýra starfsemi Iðnaðarmálastofnunarinnar, heldur einmitt til þess að samræma hana störfum annarra stofnana, og á þann hátt álítum við, að starf þessarar atvinnustofnunar verði bezt eflt.

Þó að ég teldi upp nokkra liði, þar sem um svipað eða sama verkefni er að ræða og hjá atvinnudeild háskólans eða rannsóknaráði, þá er nóg eftir af verkefnum fyrir því, þar sem liðirnir, þar sem talin eru upp verkefnin, eru hvorki meira né minna en 14 í 1. og 2. gr.

Ég þarf ekki að svara því mörgu, sem hv. þm. Barð. (GíslJ) sagði. Hann ræddi um þetta mál af meiri stillingu en hæstv. ráðh. og allt öðruvísi, svo að það er frekar hægt að eiga orðastað við hann. Hann sagði, að ég hefði sagt, að það hefði verið álitamál, hvort efla ætti atvinnudeildina eða setja upp sérstaka stofnun, og sagði, að það sæist af því, að ég vildi leggja niður Iðnaðarmálastofnunina, en svo rakti hann það, að um þetta hefði verið

rætt á undanförnum árum, mikið rætt aftur og fram, og niðurstaðan orðið sú, að Iðnaðarmálastofnunin hefði verið stofnuð sem sérstök stofnun. Ég sagði: Það var talið álitamál. Ég sagði ekki: Það er álitamál.

En það var á þessum eina stað, sem hann annaðhvort hefur ekki skilið rétt eða færir orð mín úr lagi. Ég minntist á það í iðnn., að það væri vafasamt, hvort ég flytti rökst. dagskrá, af því að ég þekki orðið þessi vinnubrögð. Ef það er flutt dagskrá við eitthvert mál og á að fresta því, þó að það sé ekki nema til að fá betri afgreiðslu á málinu, þá er risið hér upp, einkanlega á þeim dögum, þegar lítið er um að tala í þessari blessaðri stofnun, sem við lifum í, og verið að blása sig út af alls engu, eins og það sé eitthvert stórt mál á ferðinni, sem sé verið að ráða eiginlega fram úr öllum vanda með, og þess vegna var ég í vafa um það, hvort ég ætti að flytja dagskrána, og sagði það meira að segja, að ég væri í vafa um, hvort ég ætti að flytja dagskrána að svo stöddu. En ég hvatti ekki til þess í n., sem ég starfa í, að málinu væri frestað. Þetta kom upp úr umræðum um þessar stofnanir, þar sem hver er inni á annars sviði og vantar tæki til alls á einum stað og öðrum, vegna þess að þetta er ekki samræmt. Og meira að segja aðrar þjóðir, sem eru miklu ríkari en við, hafa ekki talið sig hafa efni á öðru en að samræma störf þeirra manna, sem vinna að tilraunum og rannsóknum.

Þess vegna flutti ég þetta mál og sá þó alveg fyrir fram, hvernig það yrði túlkað, en ég taldi mér skylt að gera það af hálfu n. En hvaða þýðingu það hefur eiginlega að eiga orðastað við mann eins og hæstv. ráðh., sýnir sig bezt á því, að hann segir, að maður, sem hann hafi talað við úr atvinnumálanefndinni, sem bréfið er frá, kannist ekki við að hafa beðið um, að málinu væri frestað. Það sýnir bezt, að það er alveg þýðingarlaust að eiga orðastað við svona fólk, því að bréfið liggur hér fyrir, og stendur þar m. a., að nefndin „samþykkti .... að beina þeim tilmælum til iðnaðarmálanefndar efri deildar Alþ., að afgreiðslu laga um Iðnaðarmálastofnun Íslands verði frestað, þangað til n. hefur skilað áliti.“ Og þáttur minn í samningu bréfsins, — því að hæstv. ráðh. var að gefa í skyn, að ég væri að falsa álit n., og málflutningur var yfirleitt af þessari tegund, — hann er þannig, að þegar ég sit í iðnn. Ed., bið ég um bréfið, eins og það hafði verið samþ. á fundinum, frá ritara n., Jóhanni Jakobssyni, fulltrúa Sjálfstfl. og formanni iðnaðardeildar í atvinnudeild háskólans. Hann semur bréfið og sendir það hingað, eftir því sem hann áleit að hefði verið samþ. á nefndarfundinum, og ég sýndi hv. þm. Barð. bréfið, áður en ég skrifaði undir það, þegar það kom frá fulltrúa Sjálfstfl., eins og hann gekk frá því, og ég hef ekki komizt að annarri niðurstöðu í kynnum af þessum manni en að hann sé sérstaklega hæfur maður. Svo rís ráðh. hér upp og gefur í skyn, að ég hafi eiginlega falsað álit n. um frest í málinu. Það er til nokkurs að eiga orðastað við fólk af þessari tegund.

En svona var allur málflutningurinn. Hann var á sömu bókina lærður. Hann sagði, að ég hefði sagt, að við hefðum ekki efni á að hafa margar stofnanir, þetta þýddi það, að ég vildi leggja stofnunina niður. Ég sagði, að við hefðum ekki efni á að hafa margar stofnanir til að vinna sömu verk og þess vegna þyrfti að koma á verkaskiptingu á milli þessara stofnana, sem væri eðlileg.

„Minni hl. vill, að Iðnaðarmálastofnun Íslands starfi ekki.“ Hvernig á að eiga orðastað við ráðh., sem svona talar, eða við þm., sem svona talar? Til hvers er að segja það, sem margsinnis hefur komið fram hér í nál. og kemur fram í minni ræðu, að við álítum, að það sé ekki aðeins rétt, heldur nauðsynlegt að efla þessa stofnun, en það þurfti að koma í veg fyrir, að tvær eða fleiri stofnanir starfi á sama sviði, vegna þess að við höfum ekki efni á því, þegar það er svo lagt út þannig, að við viljum alls ekki, að þessi stofnun starfi, við viljum bara leggja hana niður?

Ég sagði, að það væri ekki stórmál, hvort þessu máli væri frestað eða ekki. Ráðh. segir, að þetta sé nú alveg nauðsynlegt; þetta er nú aðalmálið til þess að bjarga landinu núna, og formaður Framsfl. er vondur maður, hann er að eyðileggja þetta. En rökfræðin er á sömu bókina lærð, því að svo segir hann, að þessi stofnun hafi fram á þennan dag unnið slíkt stórvirki, að slíkt eigi sér naumast stað um aðrar stofnanir í þessu landi. Hún er bara búin að vinna þessi stórvirki öll saman, þrátt fyrir það að hún hafi ekki haft lögin. T. d. er nauðsynlegt að koma upp bókasafni, segir hv. þm. Barð., en svo segir hæstv. ráðh.: Núna klukkan 3 átti ég að fara upp eftir og opna myndarlegt bókasafn, sem þessi stofnun er búin að koma upp. — Ef það var verið að opna bókasafnið, hvers vegna sagði hann ekki heldur, að hann yrði að láta það bíða að opna bókasafnið, þangað til það væri búið að samþ. þessi lög? Þetta er alveg furðanleg röksemdafærsla.

Hann minnti á, að ég hefði verið andvígur iðnlöggjöfinni, eins og hún er núna. Það er ég og er ekki í neinum vafa um, að henni verður breytt eitthvað í svipað horf og ég hef margsinnis reynt að koma fram, en ekki komið fram hér á Alþ., og því er ekki beint gegn iðnaðarmönnum. Það eru fleiri þeirrar skoðunar en ég, að þess sé þörf, án þess að ég nefni þá menn hér, og ég veit, að þeir menn eru einnig í hópi sjálfstæðismanna og þm. Sjálfstfl. hér á Alþ., þó að ráðh. reyni með þessum orðum að koma því inn, og það er málfærslan í þessu máli, vegna þess að ég f. h. nefndarinnar bið um frestun, það sé fjandskapur við iðnaðinn, og var mikið, að hann nefndi ekki Iðnaðarbankann líka.

Ef ég vildi fara að leggja út um hug manna til stofnana, þá gæti ég náttúrlega farið að leggja út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um atvinnudeild háskólans eða rannsóknaráðið og sömuleiðis hv. þm. Barð., en hv. þm. sagði, að þessar stofnanir hefði skort allt annað en fé til að vinna sín verk. Það mætti náttúrlega

leggja sæmilega út af þessu, ef ég hefði hug á því að reyna að búa til einhvern ásetning gagnvart þessari stofnun af hálfu hv. þm., eins og gert er að tilefnislausu út af því, sem ég hef sagt um frestun þessa máls.

Ég þurfti náttúrlega ekki að spyrja hæstv. ráðh. um það, sem hann sagði, að hann skyldi hugga mig með því, að þó að frv. yrði samþ., þá væri hægt að koma með frv. næsta haust. Það er mikil speki það. Meira að segja upplýsti hann það fyrir okkur hérna, þessa lögfræðinga, sem erum í deildinni, að það væri ekkert því til fyrirstöðu að breyta lögum. Það var löng ræða um, að það væri ekkert því til fyrirstöðu að breyta lögum. En sleppum því.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta mál. Ég bjóst að vísu við þessum málflutningi, sem hér hefur komið fram, af hálfu hæstv. ráðh. Þess hefur a. m. k. miklu síður og raunar ekki gætt af hálfu frsm. meiri hl. Þetta, sem ég flyt hér, ósk um, að málinu sé frestað, er flutt af hálfu fulltrúa fjögurra flokka, sem vinna í þeirri n., sem ég starfa í, og ég er alveg viss um, að þeir fulltrúar, sem starfa í þessari n., atvinnumálanefnd ríkisins, hafa a. m. k. eins mikinn áhuga á tilraunum og rannsóknum og að þær fari vel úr hendi og hæstv. ráðherra. Það er þess vegna ákaflega erfitt, ég held, að það ætti ekki að vera að leggja í það, þó að ég og þeir óski vegna vinnubragða eftir, að málinu sé frestað, að reyna að koma því inn hjá nokkrum manni, að það sé fyrir fjandskap við tilraunir og rannsóknir, sem ég óska eftir, að þessu yrði frestað, því að hann hittir þá sína eigin menn, sem hafa sannarlega áhuga fyrir þessum málum. Hann sagði, að það væri ekkert að vita, hvað kæmi frá þeirri n. Ég skal nú ekkert fullyrða um það. Hann sagði, að það væri alveg ósýnt, hvernig hún starfaði, o. s. frv. Ekki lét hann nú beint liggja orð að því, að hún starfaði neitt illa; ég skal ekki gera honum upp nein orð í því sambandi. En á það hefur verið minnzt, að þessi n. mundi ekki starfa með allt of miklum hraða, og það gefur mér tilefni til þess, einmitt fyrst minnzt er á störf n., að taka það fram, að þessi n. var skipuð s. l. vor og sá, sem átti að kalla n. saman, sjálfstæðismaður, gat ekki komið því í verk, að form. yrði kosinn í n., fyrr en eftir 2 mánuði. Ég segi þetta ekki til þess að deila á hann fyrir það, heldur er mér ljóst, að hann gat ekki náð saman fundi í n. af þeirri einföldu ástæðu, að menn voru fjarverandi úr bænum og sumir erlendis. Eftir að ég var kosinn form. í n., held ég, að það hafi aldrei verið þannig, að það hafi verið helmingur af nm. í bænum og lengi tveir af nm. erlendis. Undireins og ég kom hingað heim erlendis frá s. l. haust, voru kallaðir saman fundir í n. og hefur ekki fallið niður nema einn þriðjudagsfundur síðan. Höfum við haldið fund í hverri einustu viku, þannig að ég hef ekki nennt að vera að leiðrétta þetta, en það er rétt, að það komi hér fram, að með þeim hætti mun n. halda áfram að starfa, því að það hefur verið ákveðið, til þess að ekki verði töf á störfum n., að þeir, sem í n. starfa, geti skipað í staðinn fyrir sig varamenn, þannig að ekki þurfi að koma til þess, að það sé ekki hægt að ná saman fundum, eins og vill verða, þegar menn, sem hafa miklum störfum að gegna og þurfa að taka sín sumarfrí enn fremur, starfa í ýmsum nefndum.

Ég geri varla ráð fyrir því, að ég þurfi svo frekar að ræða um þetta mál, nema alveg sérstakt tilefni gefist til, en að dagskránni felldri mun ég vitanlega fyrst og fremst samþ. breytinguna við 11. gr., sem ég hef minnzt á tvisvar sinnum áður, því að það er náttúrlega það lægsta lágmark, að þeirri gr. verði breytt, og er náttúrlega til verulegra bóta.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég býst nú við, að ég geti verið stuttorður, enda var það svo, að hv. þm. Str. (HermJ), frsm. minni hl., hafði lítið við mig að tala og átti það helzt þá að vera af því, að málflutningur minn hafi verið þannig, að það væri tæplega þess virði að eyða orðum að því að mótmæla.

Ég tek þetta ekki svo. Ég tek það miklu heldur á þann veg, að hv. þm. Str. hafi ekki treyst sér til að mótmæla því, sem ég sagði hér áðan í ræðu minni, en það er siður margra, að þegar þá skortir rök, þá segja þeir: Ja, þetta er nú bara ekki svaravert. — Og aðalástæðan til þess, að honum fannst tæplega hægt að ræða við mig um þetta, var sú, að ég minntist á það hér áðan, að ég hefði talað við einn mann úr atvinnumálanefnd, sem ekki vildi kannast við, að það hafi verið hans meining að óska eftir frestun á málinu, heldur aðeins um eitt atriði í frv., og ég get nefnt þennan mann. Það er Magnús Jónsson, hv. 2. þm. Eyf., og ég veit, að hann kannast við þetta. Ég var alls ekki að búa þetta til, en mér fannst þetta líta dálítið illa út, þegar jafngrandvar maður og hv. 2. þm. Eyf. vildi ekki kannast við, að hann ætti hlutdeild að bréfinu eins og það er orðað. — Nóg um þetta.

Á það, hvernig atvinnumálanefnd starfaði, hef ég ekki lagt neinn dóm. Ég sagði, að það gæti komið eitthvað gott út úr því, það gæti líka orðið alveg ónýtt, það sem kæmi. Hitt er svo ekki nema ágætt, að það hefur komið hraði í störf n., eftir að Morgunblaðið innti eftir því hjá form. n., að hann færi að starfa, og það var ekki nema ágætt, að form. fékk kipp og fór að kalla saman fundi, eftir að hann var minntur á það.

Ef ég á að minnast eitthvað á það, sem hv. 1. þm. N-M. (PZ) sagði hér áðan, þá fannst mér það athyglisvert, að hv. þm. hafði ekki gert sér grein fyrir því, hvort heppilegra væri, að stofnanir starfi eftir lögum eða ekki eftir lögum frá Alþ., heldur lögum, sem þær sjálfar setja sér, t. d. eins og Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélagið. Búnaðarfélag Íslands hefur starfað og þróazt um áratugi, og ég viðurkenni það, að Búnaðarfélagið hefur gert ákaflega marga góða hluti á þessum tíma. Hitt veit ég, að hv. 1. þm. N-M., búnaðarmálastjóri, getur verið mér sammála um, að margt hefði mátt betur fara hjá Búnaðarfélaginu en gert hefur und-

anfarin ár. Segi ég það ekki Búnaðarfélaginu til lasts. Ég segi það um leið og ég viðurkenni, að það hefur margt gott gert. Og ég er þeirrar skoðunar, að það gæti verið, að ef Búnaðarfélagið hefði haft þannig fastan ramma til þess að starfa eftir, hefði það ef til vill afkastað meiru og leyst störfin enn betur af hendi en það hefur gert. Um þetta má vitanlega deila og ekki hægt að staðhæfa. En Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélagið eru stéttarfélög. Iðnaðarmálastofnun Íslands er hins vegar ekki stofnun stéttarfélags, vegna þess að hún nær til fleiri aðila en aðeins iðnaðarmanna. Eins og að hefur verið vikið, nær Iðnaðarmálastofnunin til verzlunarinnar og fleiri atvinnugreina, og þótt það væri ekki annað en það, að hún nær yfir fleiri atvinnugreinar en iðnaðinn, gæti það verið nóg til þess, að það væru full rök til að setja lög um Iðnaðarmálastofnunina, þótt Fiskifélagið og Búnaðarfélagið hafi getað starfað án þess.

Hv. þm. Str. var að tala um það hér áðan, að það væri ekki rökvísi hjá mér að tala um, að Iðnaðarmálastofnunin hefði getið sér góðan orðstír, hefði unnið margt gott án laga, úr því að svo fast væri sótt, að hún fengi lög, og það væri *fært fram sem höfuðrök fyrir málinu*, að það væri nauðsynlegt fyrir stofnunina. Þetta er ekki rökleysa; þetta er rökvísi. Þótt það hafi heppnazt á undanförnum árum undir góðri forustu að láta þessa stofnun blómgast og ná þeim árangri, sem hún hefur þegar gert, þá er óneitanlega miklu tryggara, að stofnunin hafi lög til að styðjast við og starfa eftir, ef vindar blása og að henni ætti að herja. Ég segi líka, að ef sá hugsunarháttur næði meiri hluta í Alþ., sem hv. þm. Str. túlkaði hér áðan, þá væri þessari stofnun mikil hætta búin. Að vísu væri henni hætta búin, þótt hún hefði lög. En seinvirkara væri það og erfiðara fyrir andstæðinga stofnunarinnar að leggja hana að velli, ef hún hefði lög til að styðja sig við, heldur en ef hún starfar, eins og hún starfar nú, eftir starfsreglum, sem ekki styðjast við nein lög, þar sem einn ráðherra gæti breytt reglunum án þess að spyrja Alþ. nokkuð að.

Hv. þm. Str. taldi, að ég hefði verið með óþarfa getsakir í hans garð vegna þessarar stofnunar og vegna iðnaðarmanna. Það er fjarri mér að vera að troða illsakir við hv. þm. Str. að óþörfu. En ég get ekki annað en vakið athygli á því, að þegar hann hér í tveim ræðum talar um, að við höfum ekki starfsfé til þess að láta fleiri stofnanir vinna að hagnýtingu atvinnugreinanna, og hann telur þetta vera meginverkefni Iðnaðarmálastofnunarinnar, þá get ég ekki dregið aðra ályktun en þá af hans orðum, að hann telji vægast sagt þessa stofnun óþarfa, og það er í samræmi við þá rökst. dagskrá, sem hann hefur flutt ásamt hv. 1. þm. N-M.

Eitthvað fór það í taugarnar á hv. þm. Str., að ég minntist á iðnskólalöggjöfina, að hann beitti sér gegn henni á s. l. þingi, og sagði hann þá um leið: Mikið, að hann minnti mig ekki líka á Iðnaðarbankann. Ég get gjarnan gert það, því að ég man vel afstöðu hv. þm. Str. til Iðnaðarbankans, þegar rætt var um þá stofnun. Ég man, að hv. þm. Str. streittist á móti þeirri lagasetningu. Það getur vel verið, að það hafi verið af einskærri löngun til þess að efla iðnaðinn. Það getur vel verið, að það hafi verið vegna þess, að hann vildi efla iðnaðinn og styðja iðnaðarmenn í þeirra viðleitni, að hann streittist gegn því að stofna Iðnaðarbankann, og að það hafi verið vegna þess, að hann vildi endilega efla iðnaðinn, að hann streittist gegn iðnskólalöggjöfinni, og að það sé vegna sérstakrar vináttu við iðnaðinn, sem hann telur aðallega standa að Iðnaðarmálastofnuninni, að hann nú vill fresta löggjöf um Iðnaðarmálastofnunina. Ég skal ekki gera hv. þm. Str. neinar getsakir í þessu efni. Við skulum lofa hv. þdm. hverjum um sig að draga sínar ályktanir. Og við skulum lofa iðnaðarmönnunum sjálfum, án þess að skipta okkur nokkuð af því, að draga sínar ályktanir af þessu tvennu. Ég skal nú ekki eyða lengri tíma, af því að þess gerist ekki þörf. Mér finnst, að hv. minni hl. hafi ekki fært fram nein rök fyrir frestun málsins, engin rök. Hv. 1. þm. N-M. reyndi það og hafði viðleitni til þess og gerði það eins vel og hægt var, en hv. þm. Str. misheppnaðist það algerlega. Þegar þannig stendur á, að minni hl. hefur ekki meira fram að færa máli sínu til stuðnings, held ég, að ekkert geti verið til fyrirstöðu fyrir því, að frv. verði samþ. hér í deildinni.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Ed., 20. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það er nú sýnilegt af þeim umr., sem hér hafa farið fram, að ástæðan fyrir því að vísa málinu frá er byggð á hreinum misskilningi, eins og kom skýrast fram í ræðu hv. frsm. minni hl. í gær.

Aðalástæðan var talin vera ákvæði 2. gr. í 1. tölulið. Og eftir að marglýst hefur verið hér yfir, að meiri hl. n. sé fús á að hafa samvinnu um að breyta orðalaginu þannig, að það geti ekki verið um misskilning að ræða, hefur hv. frsm. hopað í því máli og raunverulega alveg gefizt upp að ræða það atriði frekar, en hefur aðallega snúið sér að ákvæðum 11. gr. og talið, að það sé nú höfuðástæðan fyrir því, að vísa eigi málinu frá, þar sem beint sé ákveðið í 11. gr., að Iðnaðarmálastofnunin skuli hafa yfirráð yfir atvinnudeild háskólans. En einnig þessi ummæli eru byggð á hreinum misskilningi. Mér þykir rétt að ræða ofur lítið efnislega það atriði, vegna þess að mér, sem átti sæti í mþn., er vel kunnugt um, hvers vegna greinin er orðuð eins og hér er gert í frv. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnaðarmálastofnuninni er rétt að hafa samstarf við atvinnudeild háskólans og aðrar opinberar rannsóknarstofnanir um þær tilraunir og rannsóknir, sem hún telur nauðsynlegt að framkvæma, og skulu rannsóknarstofnanir þessar veita henni þá aðstoð, sem þeim er unnt, enda komi fullt gjald fyrir."

Þetta er beinlínis sett í frv. vegna þess, að það er ekki ætlazt til þess, að Iðnaðarmálastofnunin setji sjálf upp neina rannsóknarstofu, hvorki efnarannsóknarstofur né aðrar *rannsóknarstofur, sem nauðsynlegar* eru í sambandi við hennar starf, þess vegna sé haft fullt samstarf á milli Iðnaðarmálastofnunarinnar annars vegar og atvinnudeildar háskólans og rannsóknaráðs ríkisins og annarra opinberra stofnana hins vegar. En að sjálfsögðu er ekki hægt að skylda þessar stofnanir til þess að vinna verk fyrir Iðnaðarmálastofnunina, nema því aðeins að ákveðið sé, að fullt gjald komi fyrir.

Þetta sýnir, að Iðnaðarmálastofnunin vill hafa og ætlar sér að hafa fullt samstarf við þessar rannsóknarstofur og ætlar ekki að ganga neitt á þeirra hlut, nema síður sé, og ekki heldur að setja upp neina rannsóknarstofu, sem sé í samkeppni við þær. Og það skýtur ákaflega skökku við, að hv. frsm. skuli einmitt nota þetta ákvæði sem aðalrök fyrir að vísa málinu frá, þegar hann á sama tíma viðurkennir, að það sé stórkostleg bót á frv. að samþykkja 2. brtt. meiri hl., nefnilega þá að setja inn viðskiptadeildina, þannig að Iðnaðarmálastofnunin skuli hafa rétt til þess að hafa samstarf við viðskiptadeild og atvinnudeild háskólans, því að ef það væri réttur skilningur hans á gr., eins og hann þóttist hafa hér í gær, þá verður það til hins lakara að setja einnig inn viðskiptadeildina, en ekki til bóta. Þetta þýðir sýnilega, að hv. frsm. meiri hl. hefur annaðhvort ekki sett sig inn í málið eða hann meinar ekki það, sem hann hefur haldið fram hér í þessu máli.

Ég skal láta þetta nægja um það atriði.

Hv. þm. sagði út af ummælum mínum í sambandi við atvinnudeild háskólans og rannsóknaráð ríkisins, að ég hefði sagt, að þar hefði vantað allt annað en fjárframlag, og taldi, að það hefði verið nærri ósæmilegt af mér að setja fram slík ummæli hér í umr.; ég væri þar með, að mér skildist, a. m. k. að gefa tilefni til að taka upp viðtækari umr. um þessi mál. Ég vil nú út af þessum ummælum hv. frsm. leyfa mér að benda á, að á árinu 1955 eru veittar til atvinnudeildar háskólans nærri 780 þús. kr., til fiskideildarinnar rúmlega 940 þús. kr., til landbúnaðardeildarinnar tæpar 640 þús. kr., að viðbættum nærri 80 þús. og að viðbættum nærri 100 þús. kr., og sameiginlega til allra deildanna tæpar 500 þús. kr., svo að framlag til atvinnudeildar háskólans er hvorki meira né minna en rúmlega 3 millj. kr. Ég segi, að hér vanti eitthvað og hafi vantað eitthvað annað en fé til þess að framkvæma ýmsar rannsóknir.

En þetta eru ekki einu fjárframlögin. Auk þess eru veittar til rannsóknaráðs rúmar 200 þús. kr. Auk þess eru veittar á 16. gr. fjárlaganna til þess að koma upp sýningarreitum í jarðrækt 750 þús. kr. og enn fremur 450 þús. kr. til brennisteinsrannsókna og annarra rannsókna á hagnýtingu jarðhita til iðnaðar.

Mér þykir mjög vænt um að sjá, að hv. fjvn. hefur ekki skorið neitt niður af þessum fjárframlögum, frá því að ég var formaður nefndarinnar, en þá var mér vel kunnugt um, að það var mætt með fullum skilningi hverri þeirri ósk, sem kom frá þessum stofnunum, fylgdu einhver rök fyrir því, að viturlegt væri að *leggja fram fjárupphæðir*. Og auk þess, sem ég hef talið fram hér, eru raunverulega 150 þús. kr., sem eru veittar til kolarannsókna og 50 þús. kr. til biksteinsrannsókna.

Þá hefur verið veitt hér, sýnist mér, eitthvað á sjöttu milljón króna til þessara rannsókna, sem hefðu þá átt að fara í gegnum hendurnar á atvinnudeildinni og þessum stofnunum, ef þeim hefði að fullu verið trúað fyrir þessu fé.

Nú vil ég benda hv. frsm. minni hl. á, að síðast þegar ég var í fjvn., komu fram till. og óskir frá landbúnaðardeild atvinnudeildarinnar í sambandi við jarðræktartilraunir og m. a. í sambandi við tilraunabúið, sem síðar var sett upp á Varmá. Fyrsta óskin í sambandi við það var að kaupa hér fasteign í Mosfellssveitinni fyrir rúma eina milljón króna. Það voru ekki færð fram af viðkomandi aðilum, sem fóru með þessi mál og voru bæði deildarstjórinn, Halldór Pálsson, og svo Áskell Löve, nægilega sterk rök til þess, að hægt væri að mæta þessum óskum. Óskin var ekki rökstudd með neinu öðru en því, að hér væri um að ræða stað, þar sem væri nægilegur hiti og hann væri nauðsynlegur til rannsókna. Það var þá bent á, að ríkið ætti land í Hveragerði, þar sem starfræktur væri skóli ríkisins, og þar væri nógur hiti, og fjvn. sýndist, að það væru engin vandkvæði á því að flytja þangað þær rannsóknir, sem þurfti að gera í sambandi við jarðhita. En það strandaði á því, að þeir aðilar, sem höfðu með þetta mál að gera, töldu, að það væri allt of langt frá Reykjavík. Það var ekki sannað fyrir nefndinni, að þessi rök væru byggð á neinu öðru en því, að starfsmönnunum sjálfum þætti of langt að fara frá Reykjavík til þess að hafa rannsóknirnar austan fjalls og vildu ekki flytja sig austur til þess að gera rannsóknir þar á staðnum. Þess vegna var ekki mætt þessari ósk atvinnudeildarinnar. Þá var ákveðið að taka land til tilraunanna í Kópavogi. Átti það þá að vera eina landssvæðið á landinu, sem hægt væri að gera þessar tilraunir á, eftir því sem kom fram frá deildinni á þeim árum, og krafizt var mjög mikils fjárframlags til þess að byggja þar upp tilraunastöð, sem sýndist mundu nema milljónum. Gat fjvn. ekki fallizt á það og benti á, að ef þessi staður hefði slíka sérstæða mold eða sérstakan jarðveg, þá væri mjög vafasamt, að það væri rétt að gera tilraunir á slíkum stað, ef það yrði að flytja tilraunirnar út í allt annan jarðveg og miklu lakari. Og af því að ekki var hægt að hrekja þessi rök fjvn., fékkst ekki fé til þess að byggja þetta fyrirtæki upp á þeim stað, en þá var hlaupið til og keypt Úlfarsá og þar sett upp vísindastarfsemi sú, sem að framan greinir. Við vitum, hvernig það fór. Hér fór allt í mola, ekki af því, að það vantaði fé, heldur, eins og ég hef sagt, eitthvað annað, til þess að hægt væri að fá þar fullan árangur. Úlfarsá var síðan gerð að drykkjumannaheimili í staðinn fyrir að gera hana að

tilraunastöð í jarðrækt, og þá hopar deildin með sínar rannsóknir yfir á land, sem ríkið á ekki, þ. e. yfir á Varmá, og þar sitja þessar tilraunir enn.

Þetta er saga þessa máls, og veit ég, að hv. frsm. minni hl. er kunnugt um þetta, því að hann hefur m. a. verið yfirmaður þessarar stofnunar nokkurn þann tíma, sem þessi sorgarsaga hefur átt sér stað.

En það er annað, sem upplýstist í sambandi við þetta mál, að deildarstjórinn í þessari deild atvinnudeildarinnar er á fullum launum hjá deildinni, en á hálfum launum hjá allt annarri stofnun og þar af leiðandi á hálfum öðrum launum og er búinn að sitja við það í fjöldamörg ár. Þegar ég var í fjvn., krafðist ég þess af þáverandi búnaðarmálastjóra að fá upplýst, hvers vegna þessu væri hagað þannig. Hann upplýsti þá og færði fyrir því rök, að Búnaðarfélag Íslands hefði ráðið þennan mann til ákveðinna starfa í Búnaðarfélaginu, sem líka er opinber stofnun, og fyrir þau hálfu laun, sem hann fengi í Búnaðarfélaginu, fengi stofnun sú fullt starf, og ég geri ráð fyrir, að núverandi búnaðarmálastjóri viðurkenni það einnig. Hitt var svo aldrei upplýst, hvaða starf atvinnudeild háskólans fengi fyrir það að hafa þennan mann á fullum launum, og ég hygg, að það sé ekki upplýst enn í dag. Það var aldrei hægt að fá það upplýst á þeim tíma, sem ég var í fjvn., og ég hygg, að það sé óupplýst enn. En á meðan stofnunin er rekin þannig, að hægt er að hafa þar menn til þess að vera í hálfu starfi með hálfum launum annars staðar og fá að ganga fram hjá sínu aðalstarfi, þá vantar eitthvað annað í þessa stofnun heldur en fé, og segi ég þetta að gefnu tilefni frá hv. frsm. minni hl. í gær.

Ég vil einnig leyfa mér að benda á, að það hafa verið gerðar hér mjög ýtarlegar rannsóknir á undanförnum árum í sambandi við saltvinnslu á Reykjanesskaga. En hver hefur gert það? Ekki rannsóknaráð ríkisins, ekki atvinnudeild háskólans, þó að iðnaðardeild hennar hafi til umráða stórfé, heldur er þetta gert af allt öðrum aðilum, þ. e. af jarðborunardeild ríkisins. Skýrslurnar, sem liggja fyrir um það frá Baldri Líndal, sýna, að það eru þeir, sem hafa gert það, og aðrir ekki komið þar nálægt. Þar vantaði þó ekki verkefni til þess að vinna að. Mér var kunnugt um, að þegar um það var rætt að setja upp drykkjumannahæli í Krýsuvík eða á Reykjanesskaga, þá urðum við, sem með það mál fórum, að leita allra þessara upplýsinga utan atvinnudeildarinnar, sem ekkert gat upplýst um þessi mál. Það er sumpart jarðborunardeildin, sumpart saltvinnslunefnd Hafnarfjarðar og sumpart Iðnaðarmálastofnun Íslands, sem hafa þokað því máli áfram á það stig, sem það er komið á í dag.

Nákvæmlega sama er að segja um þær rannsóknir, sem farið hafa fram á þara- og þangvinnslu fyrir landið. Það hefur ekki verið gert af þessum stofnunum, sem fyrir voru, eins og hefði mátt vænta, heldur hafa aðrir orðið að grípa þar inn í til þess að ýta þar á eftir, svo að það er full ástæða til þess að láta þá 2. gr. standa í frv., þ. e., að Iðnaðarmálastofnunin verði að fylgjast með og hafa forgöngu um rannsóknir, ef það er ekki gert af öðrum aðilum.

Ég vil enn fremur að síðustu í sambandi við þetta benda á, að samkomulagið hefur verið slíkt í atvinnudeildinni, að það hefur raunverulega verið alveg óþolandi. Það var lengi vel, að hver sérfræðingur vildi vera sjálfstæður og sjálfráður og hafa fullt af skrifstofufólki í kringum sig. Þarf ekki annað en að benda á, hvernig ástandið var í iðnaðardeild atvinnudeildarinnar, — eða er hv. frsm. minni hl. ókunnugt um, hvernig samkomulagið var á milli deildarstjórans og Vestdals? Og hvernig hefur þetta verið í öðrum deildum stofnunarinnar? Ég lít svo á, að það sé meiri ástæða fyrir bæði hæstv. ríkisstjórn og jafnvel fyrir fjvn. að láta gera róttækar tilraunir til þess að laga það ástand, sem ríkir í þessari stofnun, heldur en að vera að gefa stofnuninni meira vald en gert hefur verið eða meira fé en gert er í dag, á meðan ekki er hægt að koma þessum málum í betra horf en virðist hafa verið hingað til.

Ég skal svo láta útrætt um þetta atriði hér, en aðeins segja nokkur orð í sambandi við ummæli hv. 1. þm. N-M. Ástæðan fyrir því, að hann fylgir frávísunartill., er fyrst og fremst sú, eins og hann sagði í gær, að hann er ekki búinn að átta sig á því enn þá, hvort slíkum félagsskap eigi að skipa með lögum. Ég skal viðurkenna, að þetta er ekkert nýtt. Þessi skoðun hefur komið fram hjá hv. þm. allan tímann og öll árin, sem þetta hefur verið til umr. hér í þessari hv. d., en hann hefur bara haft nærri 9 ár til þess að átta sig á þessu máli. Þessi skoðun kom fram fyrst 1947. Hann setti þá fram nákvæmlega sömu skoðun sem hann setti hér fram í gær, að hann væri ekki búinn að átta sig á því, hvort það væri ekki réttara að skipa þessu á sama hátt og með Fiskifélagið og Búnaðarfélag Íslands, og ég verð að segja, að ef það á að vísa máli frá af þeim ástæðum, að sérhver þm. af 52 í þinginu getur krafizt þess, að málið sé látið bíða, þangað til hann sé búinn að átta sig á því, hvort það sé rétt að láta það ná að ganga fram eða ekki, og þurfi til þess meira en 9 ár, þá verður lítið um afgreiðslu mála á þinginu. Það er a. m. k. ekki að mínu áliti frambærileg ástæða til þess að vísa máli frá.

Það getur vel verið, að það sé rétt út af fyrir sig, að þessari stofnun sé skipað á líkan hátt og Búnaðarfélaginu, um það skal ég ekki á þessu stigi málsins deila. En hv. þm. átti að vera búinn að gera það upp við sig fyrir löngu, hvort það væri rétt eða ekki, og nota það ekki í dag sem frávísunaratriði.

Ég vil þó í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að ég sé ekki ákaflega mikinn mun á því. Búnaðarfélagið er stofnað og starfrækt af búnaðarfélögum eða bændastéttinni, en hverjir bera þunga af kostnaðinum af félaginu? Af 2 millj. kr. fjárframlagi, sem látið er til Búnaðarfélagsins á s. l. ári, eru 2000 kr. greiddar af þeim mönnum, sem eiga þarna réttinn og ráða yfir öllu. Er það sú stefna, sem við

eigum að fara inn á yfirleitt, að láta einhverja aðila greiða 2000 kr. til ákveðinnar stofnunar og gera kröfur til ríkisins allt að 2 millj. kr.? Er þetta réttari stefna en hér er farið inn á? Ég efa það, og ég er tilbúinn hvenær sem er að taka upp umr. um það við hv. þm. Nákvæmlega sama er með Fiskifélagið. Framlag til þess er litlu minna frá ríkinu, en það er ekkert meira frá þeim, sem hafa stofnað félagið og eiga að bera ábyrgð á rekstrinum. Og það er komið svo nú, að báðar þessar stofnanir eru raunverulega ríkisstofnanir, þótt þessi háttur sé hafður á, þ. e. meira og minna deildir í ráðuneytunum, og þess vegna er miklu eðlilegra frá mínu sjónarmiði að skipa þessu með lögum heldur en að fara lengra inn á þá stefnu, sem hefur verið farin hvað snertir hinar tvær stofnanir, sem ég hef minnzt hér á.

Ég vildi óska þess, að fyrir 3. umr. gæti hv. 1. þm. N-M. áttað sig á þessu máli. Hann hlýtur að vera búinn að kryfja það til mergjar allan þennan tíma og geta þar af leiðandi áttað sig á því, hvorri stefnunni hann fylgir, og sett þá einhverjar aðrar frambærilegri ástæður fyrir því að vera á móti málinu en komu fram hjá honum í gær. Verður þá eðlilegast að taka dagskrána aftur til 3. umr. og láta fyrst ganga atkvæði um hana á síðara stigi málsins.

Ég vil svo aðeins að síðustu benda á, að ef hér er um einhverja pólitíska refskák að ræða, en ég hef ekki látið orð liggja að, að svo væri, en um það var deilt hér í gær, þá vil ég eindregið benda á, að í mþn. átti sæti maður frá þeirri stoðinni, sem sterkast rennur undir Framsfl. í landinu, þ. e. Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, með öllum þeim undirdeildum, sem þeir hafa, og þeirra fulltrúi óskaði alveg eindregið eftir því, að þetta mál næði fram að ganga óbreytt eins og það er í frv. Þeir eiga líka og hafa frá fyrstu átt fulltrúa í stjórn stofnunarinnar, og því meira sem þeir hafa kynnt sér þetta mál, því eindregnari hafa verið kröfur þeirra um það, að málið næði fram að ganga. Ég hygg því, að hv. minni hl. ætti að átta sig meira á þessu máli en hann hefur gert hingað til, áður en hann heldur fast við till. um að vísa málinu frá með þeim rökum, sem þar eru sett fram, því að þau rök fá ekki staðizt eftir allar þær umr., sem hér hafa verið frammi í sambandi við málið.

Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, því að að mínu áliti liggur það nú alveg ljóst fyrir eftir þessa ræðu hv. frsm. meiri hl., hvað verið er að fara með þeim ákvæðum þessa frv., sem ég hef bent á að væri varhugavert að setja í lög. Hann hélt því fram fyrst í ræðu sinni, að það væri ekki nein hætta á því, að með þessu frv., ef að l. verður, yrði farið inn á verksvið atvinnudeildar háskólans, því að það væri ekki ætlunin, að þessi stofnun hefði með höndum neinar rannsóknir, heldur væri hún til leiðbeiningar og eftirlits. En síðan snerist næstum öll ræða hv. þm. upp í ádeilur á atvinnudeild háskólans. Þrír fjórðu af ræðu hans voru ádeilur á fjarverandi menn og það meira að segja ádeilur, sem eru gersamlega óviðeigandi, því að margir af þeim mönnum, sem þar starfa, eru mjög mætir menn og starfa með ágætum.

Það er þess vegna alveg bersýnilegt, hvert þessu frv. og þeim ákvæðum, sem eru hér í 1. tölul. 2. gr. og 11. gr., er stefnt, af því að hv. þm. sagði það beinlínis í lok ræðu sinnar. Hann sagði: Vegna þess að atvinnudeildin hefur unnið svona, er þörf á þessum ákvæðum og þau eiga að standa. — M. ö. o.: Það á að setja lög um þessa stofnun, sem vissulega er þörf stofnun og hefur miklu hlutverki að gegna samkvæmt þeim ákvæðum, sem greinir í 1. gr. þessa frv., en mér dettur ekki í hug, að þm. veiti því ekki athygli og hugsi sig ekki um tvisvar, áður en þeir setja hér í lög ákvæði eins og þau, sem eru í 2. gr. þessa frv. og 11. gr. frv., þar sem á að skipa þessa stofnun yfir atvinnudeildina og til eftirlits með henni.

Ég held, að það fari bezt á því, ef þessar stofnanir eiga að starfa vel og til gagns fyrir þetta þjóðfélag, að verkaskipting þeirra sé greinileg og séu ekki sett lagaákvæði eins og þau, sem eru hér í 2. og 11. gr.

Ég skal svo ekki ræða frekar um þetta mál, vegna þess, eins og ég sagði í upphafi þessara fáu orða, að eftir þá ræðu, sem hv. frsm. meiri hl. hefur flutt núna, liggur alveg í augum uppi, hvert frv. er stefnt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki tala langt mál, en ræða hv. þm. Barð. (GíslJ), frsm. meiri hl., gefur mér tilefni til að segja nokkur orð.

Ég vil þá fyrst taka það fram, að við höfum báðir haft þá von í nokkur ár, að það væri hægt að fá iðnaðarmennina, bæði verksmiðjuiðnaðarmennina og handiðnaðarmennina, til að vinna saman og starfa saman í félagsskap. Hann er sýnilega búinn að gefa hana upp. Ég er ekki búinn að því.

Ég skal þá líka benda á, að það, hvernig farið var með þá deild atvinnudeildar háskólans, sem átti að vera til þess að reyna fyrst og fremst að gera hér á landi jurtakynbætur, hvernig hún var hrakin frá einum stað í annan, varð til þess, að sá maðurinn, sem mesta sérþekkingu hafði á því hér á landi og sótzt var eftir frá öðrum löndum, hrökklaðist úr landi og fór til Kanada og vinnur þar. Og mér skildist, að þm. Barð. væri að hæla sér sem form. fjvn. fyrir að hafa gert þetta verk, að geta ekki látið hann fá þá aðbúð, að hann gæti starfað, og reyndi að flæma hann í burtu. Mér finnst það ekki vera hrósvert, langt frá því.

Ég er, eins og ég sagði í gær, alveg óviss í enn þá, hvort réttara er að fara inn á þá stefnu, sem er t. d. í Rússlandi, þar sem einn maður stjórnar ofan frá. Yfirstjórn t. d. nautgripakynbótanna ræður alveg, hvaða naut eru notuð um allt landið. Kýreigendur ráða engu um það. Eigum við að fylgja slíkri stefnu, byggja allt upp ofan frá, lofa þeim, sem fyrst og fremst eiga að starfa, engu að ráða? Eigum við að stjórna öllu ofan frá, eða eigum við að lofa þeim mönnum, sem eru í starfinu, fram-

leiðslustarfinu, að hafa hlutdeild í því, og hvernig er bezt að koma þeirri hlutdeild fyrir? Þetta er það, sem ég segi, að ég eigi eftir að átta mig á. Ef við förum í Norðurlöndin, hefur þróunin orðið sú, að það hefur færzt meira og meira yfir í frjálst form félagsskapar úr viðjum ríkisstjórna. Ég skal engu spá um þróunina hér. Bæði Búnaðarfélaginu og Fiskifélaginu er nú falið að vinna fjölda verka fyrir ríkisstjórnina, enda hafa þau sitt starfsfé þaðan, en þó hafa hvorugu verið sniðin lög af Alþingi, heldur hafa félagsmenn sett þau sjálfir. Ég er ekki viss um, að við eigum að setja einn mann eða eina stofnun, sem eigi að stjórna öllu ofan frá, eða hvort við eigum að hafa þátttöku bændanna meira og minna með í því og þá hvernig sé heppilegast að koma því fyrir. Bæði Búnaðarfélagið og Fiskifélagið reyna með búnaðarþingi og fiskiþingi, sem haldin eru árlega, að fá áhrifin þar inn frá framleiðendunum sjálfum. Það er líka þarna hugsað, að það geti komið nokkurs konar iðnaðarþing, en eftir tillögum forsetans okkar átti Alþingi að skipa alla stjórnina að stofnuninni. Nú er hann þó horfinn frá því að vísu. Nú vill hann lofa félagsheildum að kjósa hana sjálfar, og þá fá iðnaðarmenn náttúrlega dálitið áhrifavald í gegnum það, en meðlimir eða þátttakendur verða þeir ekki.

Þetta er enn þá allt saman svífandi, hvernig bezt er að hafa það, og ég skammast mín ekkert fyrir að vera ekki búinn að taka afstöðu til þess enn.

Svo var annað, sem ég benti á, og það var það, að ég er ekki viss um enn þá, hvort við höfum efni á því að dreifa eins mikið störfunum og gert er með frv. Ég nefni sem dæmi fiturannsóknir. Það þarf ekki neitt stórt eða mikið „apparat" til þess, það þarf aðeins að kosta nokkra tugi þúsunda króna. En hver rannsókn stendur yfir í sex eða átta tíma. Sami maðurinn getur haft undir í einu 10—20 rannsóknir, ef hann lætur þær inn svona á stundarfjórðungsfresti. Hann getur alltaf haft fjórar á hverjum klukkutíma. Hann getur annað því, því að þær þurfa bara að standa sinn tíma í sínum skáp. Ég er ekki viss um, hvort við eigum að láta gera þetta bæði uppi í Fiskifélagi, suður í atvinnudeild, uppi í háskóla, uppi á Keldum og suður hjá Dungal o. s. frv. Það er ekki nokkur þörf á því. Rannsóknirnar eru ekki meiri en það, að einn maður geti komizt yfir þær allar saman í einni og sömu stofnuninni.

Ég sagðist ekki vera búinn að átta mig á því, hvort við hefðum efni á því að vera að dreifa kröftunum, en þessi stofnun dreifir kröftunum alveg tvímælalaust frá því, sem nú er, — hvort ekki væri réttara að sameina þá, hvort ekki ætti, ef þessi stofnun ætti að koma upp, að leggja niður eitthvað af hinum, sem núna eru og gera það sama. Ég var ekki heldur búinn að átta mig á þessu. Ég held sjálfur, að við höfum ekki efni á því að gera stofnkostnaðinn margfaldan við það, sem hann þarf að vera. Ég held það sjálfur og vil fara þær leiðir, sem verða til þess að gera hann sem lægstan og ná þó sama árangri.

Þegar ég svo var með því að fresta frv., þá var það af því, að nákvæmlega sama starfi nær stofnunin á þessu ári, hvort sem því er frestað eða ekki. Frv. breytir ekki einu atriði í starfi stofnunarinnar frá því, sem nú er. Þess vegna gerði ekkert til, þó að það væri beðið, þangað til búið væri að átta sig til fullnustu á þessum atriðum, sem ég tel að ekki sé búið að enn. Það skiptir engu máli fyrir gagnið, sem þjóðin hefði af stofnuninni, engu máli fyrir starfsemi stofnunarinnar, ekki nokkru, hvort það er samþykkt núna eða að ári, en það gæti orðið til þess, ef því væri frestað, að það yrði hægara að ná að ári heildarniðurstöðum, sem yrðu ódýrastar og hagkvæmastar fyrir alla þjóðina, heldur en ef það verður stofnað.

Ef þessi stofnun fer af stað eftir lögum núna og fer að fara inn á starfssvið annarra stofnana og af því kynni að stafa einhver óánægja milli þeirra innbyrðis, þá er ekki þægilegra að koma því aftur á rétta kjölinn en ef ekki væri búið að festa það með lögum áður. Það er alveg víst. Ef þessi stofnun fer að fara inn á svið rannsóknaráðsins, sem hún verður að gera, ef hún verður samþykkt að lögum, ef rannsóknaráðið sættir sig ekki við það og ef það svo á næsta þingi verða sumir menn, sem telja rétt, að rannsóknaráðið hafi þetta, aðrir, að Iðnaðarmálastofnunin hafi það, og ef það er komin óeining og hiti í það, þá er ekki hægara að rétta það af aftur eins og bezt verður heldur en ef hún er látin standa áfram við sama borð og nú er, við reglugerðina, sem hún nú starfar undir, og allt gengur ljúft og greitt þetta árið, en ekki kastast neins staðar í kekki. Þetta tel ég enn eina ástæðu til þess að fara gætilega í þær breytingar, sem í frumvarpinu felast.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú aðeins örlítið, sem ég vil segja, og ekki bein ástæða til. En það er leiðinlegt að heyra það, hvað tveir hv. síðustu ræðumenn misskilja frv. alveg gersamlega. Þeir eru alltaf að tala um, að Iðnaðarmálastofnunin ætli að fara að hafa með höndum rannsóknir, ætli að fara að setja sig yfir atvinnudeild háskólans og rannsóknaráð ríkisins. Það er þó bót í máli, að hv. 1. þm. N-M. (PZ) játar, að hann viti í rauninni ekki, hvort rétt sé að samþykkja frv. eða að fresta því. Ég álít, að það hefði þá verið eðlilegri afstaða hjá honum að taka ekki þátt í afgreiðslu málsins, því að hann veit ekki nema hann sé að spilla fyrir málinu með því að gerast flm. að frávísunartill. Þetta er heiðarleg játning hjá þessum hv. þm. og ber vott um samvizkusemi, og það ætti þá ekki að verða þessu máli til trafala, þótt hann hafi af nokkrum misskilningi rætt þetta mál.

Hv. frsm. minni hl. (HermJ) talaði um það hér áðan, að Iðnaðarmálastofnunin yrði sett yfir rannsóknaráðið og atvinnudeild háskólans, ef þetta frv. yrði að lögum.

Þetta er alger misskilningur. Ég vil taka það

fram, að ég hef ekki í þessum umræðum reynt að gera lítið úr atvinnudeild háskólans eða rannsóknaráðinu. Ég hef ekkert um það sagt. En hér í þessu frv. er gert ráð fyrir samstarfi við þessa aðila. Það er gert ráð fyrir samstarfi, en það er ekki gert ráð fyrir því, að Iðnaðarmálastofnunin verði sett yfir atvinnudeildina eða rannsóknaráðið. Það er ekki heldur gert ráð fyrir því, að Iðnaðarmálastofnunin hafi rannsóknir með höndum, nema þá ef sérstaklega stæði á í atriðum eða málum, sem rannsóknaráðið og atvinnudeildin vilja ekki sinna.

Það er sagt hér í 2. gr.:

„Stofnunin skal fylgjast með eða hafa forgöngu um rannsóknir á skilyrðum til fullkominnar hagnýtingar á þeim hráefnum, sem landið á yfir að ráða, og skila árlegri álitsgerð til ríkisstjórnarinnar um þessi mál."

Ég sé ekki, að það geti leitt til annars en góðs, að Iðnaðarmálastofnunin fylgist með í þessum efnum, hafi samráð og samvinnu við þá sérfræðinga, sem eru í rannsóknaráði ríkisins og veita atvinnudeild háskólans forstöðu. Við skulum gera ráð fyrir, að þar séu ágætlega menntaðir menn og vel færir í sínu starfi, og þá er enginn vafi á því, að samvinna og samstarf við Iðnaðarmálastofnunina getur leitt til góðs, getur leitt til þess, að rannsakað verði það, sem áður hefur verið látið ógert að rannsaka.

Það var sagt hér áðan, að við hefðum ekki efni á því að vera að dreifa kröftunum. En ég spyr: Höfum við efni á því að láta það ógert að rannsaka þau auðæfi, sem landið á, og gera okkur grein fyrir því, hvernig þessi auðæfi verða bezt hagnýtt? Iðnaðarmálastofnunin er ekki sett á stofn til þess að verða eyðslustofnun, heldur til þess að eiga þátt í aukinni starfsemi, bættum vinnubrögðum og hagnýtingu á því, sem verið er að glíma við og hægt er að taka í notkun. Ég held, að við höfum ekki efni á því að láta það ógert, sem Iðnaðarmálastofnuninni er ætlað að vinna, og það er ákaflega margt, sem henni er ætlað að vinna, sem er algerlega óskylt því, sem rannsóknaráðið og atvinnudeildin fjalla um.

Það er líka sagt í 11. gr. alveg skýrum stöfum, svo að ekki verður um villzt, og er ég þess vegna alveg undrandi á þeim misskilningi, sem fram kemur:

„Iðnaðarmálastofnuninni er rétt að hafa samstarf við atvinnudeild háskólans og aðrar opinberar rannsóknarstofnanir um þær tilraunir og rannsóknir, sem hún telur nauðsynlegt að framkvæma, og skulu rannsóknarstofnanir þessar veita henni þá aðstoð, sem þeim er unnt, enda komi fullt gjald fyrir."

Það er, eins og ég sagði áðan, í þeim tilfellum, sem rannsóknaráð ríkisins og atvinnudeildin vilja ekki hafa forgöngu um að rannsaka. Og við skulum segja: Atvinnudeildin er ágæt stofnun, og þeir menn, sem stjórna henni, eru ágætir menn. — Við skulum líka segja: Rannsóknaráð ríkisins er ágæt stofnun og þeir, sem í því eru, alveg prýðilegir menn. — En við skulum viðurkenna, að það er svo margt ógert á þessum sviðum hér í landi og svo mikil þörf á því, að við notum möguleikana betur en við höfum gert áður, að það er nauðsynlegt, að fleiri menn komi til og að kraftarnir verði samstilltir, og það er það, sem þetta frv. fer fram á. Verði það að lögum, styrkir það þessa ungu stofnun, Iðnaðarmálastofnunina, og skapar aukna möguleika á því, að hér verði tekin upp hagnýtari vinnubrögð á mörgum sviðum, að ýtt verði undir það, að þeir möguleikar, sem þjóðin á ónotaða í auðlindum landsins, verði notaðir sem fyrst.

Ég er sannfærður um, að hv. alþm. hafa gert sér fulla grein fyrir þessu, og svo góðan hlut vildi ég óska hv. 1. þm. N-M. til handa, að hann dragi ekki lengur að reyna að gera sér grein fyrir því, hvort er betra að fá þessi lög afgreidd eða láta þau verða óafgreidd, og ég sé ekki annað en að hann verði til þess að vera í samræmi við sjálfan sig að sitja hjá í atkvgr. um dagskrártill. og um frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Ed., 23. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 253 felld með 9:8 atkv.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9:1 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 244,1 tekin aftur af flm., en tekin upp af 1. þm. N-M. og felld með 9 shlj. atkv.
5.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 244,2 tekin aftur til 3. umr.
11.—14. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 154, 244,2).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 244,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 49. fundi í Nd., 24. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 272).

Á 50. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 3. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um Iðnaðarmálastofnun Íslands, er komið frá Ed. Samþykkti Ed. frv. næstum óbreytt eins og það var lagt fyrir hana á þessu þingi. Vænti ég, að svo megi einnig verða í þessari hv. deild. Frv. þetta

er dálítið öðruvísi en það frv., sem lagt var fram á síðasta þingi, ýtarlegra og betur frá málinu gengið en þá var.

Hv. þm. er nokkuð ljóst, hvernig þessu máli er farið. Það hefur verið rætt um það í Ed., það hefur verið skrifað um það í blöðunum, og ýtarleg grg. fylgir frv. Það er þess vegna ástæðulítið að fara að halda hér við þessa umr. langa framsöguræðu um málið, af því að það er nokkuð rætt, en ég vil benda á, að Iðnaðarmálastofnunin starfar nú án laga, en hún hefur nú miklu verkefni að gegna, og það er tæplega sæmandi annað en að skapa henni lög til þess að fara eftir.

Úr þessu var nokkuð bætt á s. l. sumri með því að setja stofnuninni starfsreglur. En þær starfsreglur styðjast ekki við lög og eru samdar af því ráðuneyti, sem stofnunin heyrir undir. Ég geri ráð fyrir, að hv. alþm. þætti eðlilegra, að stofnunin starfaði eftir reglugerð, sem sniðin væri eftir lögum um stofnunina, en ekki eftir starfsreglum, sem ráðherra einn hefur samið án nokkurs stuðnings við lög. Hlutverk Iðnaðarmálastofnunarinnar er margþætt, og það er enginn vafi á því, að það er þörf á að taka þau verkefni til gagngerðrar athugunar, sem Iðnaðarmálastofnuninni eru ætluð sérstaklega.

Samkvæmt 1. gr. frv. er markmiði stofnunarinnar lýst í 12 liðum, og má segja, að verkefnin séu enn fjölþættari en hér er upp talið. Ég sé ekki ástæðu til að fara að lesa þessi atriði upp. Hv. þm. hafa það fyrir sér. Það er gert ráð fyrir, eins og tekið er fram í frv., að stofnunin hafi nána samvinnu og samstarf við rannsóknaráð ríkisins, við iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans og aðra þá aðila, sem um gæti verið að ræða í sambandi við samstarf og samvinnu.

Iðnaðarmálastofnunin er ekki sett yfir aðra þá aðila, sem starfa í landinu að sumu leyti að skyldum verkefnum; að sumu leyti, segi ég, því að að mörgu leyti og að flestu leyti starfar Iðnaðarmálastofnunin að verkefnum, sem öðrum aðilum hefur ekki verið falið að vinna að hér í landinu. Ég skal ekki fara nánar út í þetta atriði að svo stöddu, ekki við þessa umr. Málið fer vitanlega í nefnd til athugunar, og það er eðlilegt, að það séu ýtarlegri umr. við 2. umr. en þá fyrstu.

Ég vil taka fram, að með þessu frv. er gert ráð fyrir, að skipuð verði 7 manna stjórn, en eins og núna er, þá er skipuð fimm manna nefnd til þess að stjórna stofnuninni. Stjórnin er skipuð eingöngu eftir till. frá iðnmrh. Það hefur verið valinn maður frá Félagi ísl. iðnrekenda, frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, frá Verzlunarráði Íslands, frá iðnsveinaráði Alþýðusambandsins og frá Landssambandi iðnaðarmanna. Gert er ráð fyrir að bæta við einum fulltrúa frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Ég hygg, að með þessari 7 manna stjórn sé tekið tillit til þeirra starfsgreina sérstaklega, sem stofnunin á að vinna fyrir. Það mætti segja, að það væru fleiri aðilar, sem þarna ættu að komast að, en ég hygg, að það sé nægjanlegt til að byrja með að hafa hér 7 manna stjórn, sem sérstaklega er tilnefnd af fyrrnefndum aðilum.

Ég sé ekki ástæðu til, eins og ég sagði áðan, að hafa þessa ræðu lengri að svo komnu máli. Ég geri ráð fyrir því, að í þessari hv. d. eins og þeirri efri séu skoðanir manna kannske nokkuð skiptar um það, hvort frv. á að verða að lögum á þessu þingi eða síðar. Ég geri ráð fyrir því, að allir hv. þm. séu sammála um, að Iðnaðarmálastofnunin sé góð stofnun, þörf stofnun, nauðsynleg stofnun, sem beri að efla og það sé þess vegna sjálfsagt að setja henni lög. En ég er ekki í nokkrum vafa um, að það fer bezt á því að draga ekki að setja lög um þetta, og ég tel, að með svo merka stofnun sem Iðnaðarmálastofnunina sé ekki sæmandi eða verjandi að láta hana starfa án laga og án reglugerðar, sem styðst við lög.

Það er því ekki til neins að fresta því til morguns, sem hægt er að gera í dag, þegar um það er að ræða að vinna gott verk.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil geta þess út af því, sem hæstv. iðnmrh. sagði, að það er svo til ætlazt í þingsköpum, að umr. um mál, þær almennu umr., fari fram við 1. umr. og að lagafrv. sjálft, sem fyrir liggur, sé þá rætt almennt, en hinar einstöku greinar þess frekar við 2. umr. málsins. Og ég held satt að segja, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, sé þannig til komið, að það sé nauðsynlegt að ræða það almennt við 1. umr.

Mér fannst dálítið einkennilegt, hvernig hæstv. ráðh. stillti þessum málum fyrir Alþingi. Það er rétt eins og hann vilji gera okkur hér tvo kosti, þ. e.: Hvort viljið þið nú heldur, þm. góðir, láta þessa stofnun starfa áfram sem stofnun, sem aðeins lýtur minni reglugerð, eða viljið þið gera svo vel að setja lög um hana? — Ég kann dálítið illa við svona aðfarir. Ég kann betur við, þegar eru settar stofnanir á stofn, sem Alþingi á að bera kostnað af, að það sé fyrst sagt við Alþingi: Leyfist mér að setja svona stofnun á stofn, og vill Alþingi hér með gera svo vel að samþykkja lög um hana? — þ. e. ganga frá málinu fyrst í Alþingi og setja síðan stofnunina á stofn, en ekki að byrja með því að setja fyrst upp stofnun eftir eigin geðþótta, koma svo til Alþingis og segja: Hér er ég búinn að setja upp stofnun, hún starfar samkvæmt minni reglugerð, það er ekki sæmandi fyrir ykkur annað en að samþykkja hana núna. — Ég mundi frekar segja, að það væri ekki sæmandi að byrja með því að setja upp stofnanir án þess að hafa lög um þær og koma svo til Alþingis á eftir og segja: Ja, nú verðið þið að fara að samþykkja lög. Það getur ekki gengið, að stofnunin starfi án laga. Hvað eiginlega er þetta? Ætlar Alþingi ekki að fara að samþykkja lög um þetta? Dirfist Alþingi að vera að tefja eitthvað fyrir þessu? Dirfist Alþingi jafnvel að vera á móti þessu? Á stofnunin að starfa bara eftir reglugerð? — Svona á ekki að fara að því að stjórna landinu. Og ég get satt að segja ekki skilið það, hvernig á því stendur, að ríkisstj., eins og hæstv. núverandi ríkisstjórn, sem virðist hafa yfirleitt mjög þægu þingliði á að skipa, skuli ekki hafa fyrir löngu, þókstaflega áður en stofnunin var sett

á stofn, samþykkt lög um þetta. Hvernig stendur á því?

Ef til vill stendur þannig á því, að það hefur ekki verið algert samkomulag á milli þeirra aðila, sem eiga að njóta blessunar þessarar stofnunar, um, hvernig stofnunin ætti að vera, og jafnvel ekki einu sinni samkomulag á milli þeirra flokka, sem standa nú saman að ríkisstjórn, um, hvernig stofnuninni ætti að vera stjórnað. En ef ástandið er þannig, að hæstv. ráðh. hefur orðið að skipa eina nefndina á fætur annarri til þess að reyna að komast að samkomulagi um, hvernig þessari stofnun ætti að vera stjórnað, finnst honum þá nokkuð undarlegt, þó að það gætu ef til vill verið ofur lítið mismunandi skoðanir hér innan þings um svona stofnun og að einstakir þingmenn og einstakir flokkar, sem aldrei hafa verið til kvaddir í sambandi við neinn undirbúning undir þessa stofnun, hefðu e. t. v. um eitthvað að spyrja, ekki sízt ef svo skyldi nú vera, að stofnun eins og þessi, sem hér ræðir um, Iðnaðarmálastofnun Íslands, starfandi samkvæmt reglugerð hæstv. ráðh., hefði farið þannig af stað í sumum málum, að hún hefði sýnt af sér frekju og ósvífni og verið að sletta sér fram í mál, sem henni komu ekki við, sýnt megnustu ókurteisi gagnvart stærstu samtökum í landinu og vakið á sér þann grun að vera sérstakur pólitískur erindreki ákveðinna afla utanlands? Ég er hræddur um, að hæstv. ráðh. verði að mæla ofur lítið betur og meira sannfærandi fyrir þessari stofnun og láta svo lítið að skýra fyrir okkur þm., sem hann hefur aldrei talað við um þessa stofnun og hann hefur gengið algerlega fram hjá, þegar hann hefur verið að undirbúa þessa stofnun, hvað hann ætlast fyrir með henni. Það er auðvitað gott og nauðsynlegt, að stofnanir í ríkinu starfi samkvæmt lögum. En utanaðkomandi manni finnst það dálítið undarlegt, að það skuli vera til mjög veigamiklar og mjög dýrar stofnanir, sem byggjast ekki á neinum lögum, heldur bara reglugerð.

Það má vel vera, að t. d. einhver efnahagssamvinnustofnun, eitthvað það, sem hér er nú kallað með mjög slæmu orði framleiðniráð, eða eitthvað annað slíkt, hafi máske haft einhvern sérstakan áhuga á að koma slíkum stofnunum upp til samstarfs við sig. Það má vel vera. En ég vil minna hæstv. ráðh. á, að jafnvel þótt einhverjar voldugar erlendar stofnanir hefðu áhuga á einhverjum ákveðnum stofnunum á Íslandi eða að koma einhverjum ákveðnum stofnunum upp, þá er það ekki vani hér á landi, að menn setji það upp með stjórnarráðstöfunum, heldur að menn fari fram á það við Alþingi, hvort það vilji samþykkja lög um slíkt. Það hefur hins vegar stundum komið fyrir upp á síðkastið, að ríkisstjórninni hefur hætt við að bregða nokkuð fljótt við, þegar kvakað hefur verið þannig frá erlendum stofnunum, sem haft hefur verið samstarf við, en gleymt því, að það var Alþingi, sem átti að ráða því, gleymt því, að það var Alþingi, sem átti að setja lög um það, stokkið til og gefið út reglugerðir — og svo kemur hæstv. ráðh. á eftir og segir: Ja, þetta er alveg ófært, stofnunin starfar bara samkvæmt reglugerð, það þurfa að koma lög um þessa stofnun. — Svona er ekki hægt að setja Alþingi stólinn fyrir dyrnar.

Ég vil minna hæstv. ráðh. á, að það hefur ekki alltaf gefizt vel, þegar hlaupið hefur verið til, ef einhver erlend stofnun hefur kvakað og viljað fá settar hér upp stofnanir til samvinnu við sig, jafnvel þó að þessi erlenda stofnun væri amerísk. Ég vil minna hæstv. ráðh. á, að fyrir nokkrum árum gerðist það hér, að Landsbanki Íslands, þjóðbankinn, þótti eitthvað óþægur vissum erlendum mönnum. Voldugum bankastjórum í alþjóðlegum bönkum þótti bankastjórar Landsbankans ekki nógu stimamjúkir við sig og fóru þá fram á við ríkisstj., að hún setti upp sérstakan banka, til þess að þeir gætu haft samband við hann. Þá var ríkisstj. enn þannig, að hún vildi helzt hafa lög um þetta, og hún útbjó þess vegna lög um Framkvæmdabanka Íslands og setti þau lög hér í gegnum þingið. M. ö. o.: Það var formlega farið að á þann hátt, sem á að gera, þegar nýjar stofnanir á að setja á fót, þó að hvorki væri tilgangurinn góður né ástæðan til þess eðlileg. Það var síðan tekið af þjóðbankanum það verkefni, sem hann átti að hafa og hefur frá upphafi átt að hafa fyrir ríkisstj., að annast það að fá lán erlendis, og það var falið þessum Framkvæmdabanka. Svo brá svo við, eftir að þessum Framkvæmdabanka var falið þetta verkefni, að það varð alltaf erfiðara og erfiðara að fá lán erlendis. Hins vegar var Alþingi sagt, þegar lögin um þennan Framkvæmdabanka voru sett, að það væri svo sem alls ekki meiningin, að þessi Framkvæmdabanki ætti að fara að hafa sérstakar lánveitingar með höndum, þarna ætti bara að vera einn bankastjóri og kannske ein skrifstofustúlka og alla afgreiðslu átti Landsbankinn að annast. Þetta var sagt hér og stendur skjalfest hér í þinginu. En það er ekki liðinn langur tími, eftir að Framkvæmdabankinn er settur á stofn, þangað til hann fer í kapp við aðra banka um að lána. Og hann hefur — ég veit ekki, hvort það hefur verið í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands eða iðnmrh. eða hvort það hefur yfirleitt verið í samráði við nokkra — lánað til að byggja hér eina stóra verksmiðju, Glersteypuna, og svo sé ég nú nýlega, að það er búið að auglýsa þessa glerverksmiðju eftir kröfu Framkvæmdabankans til uppboðs, og fyrir nokkru var ástandið þannig, að þessi glerverksmiðja var stöðvuð og hafði ekki getað borgað út kaup langa lengi. Það hefur heyrzt, að það væru jafnvel upp undir 4 millj. kr., sem búið væri að lána í þetta fyrirtæki, og hins vegar mjög erfitt að fá nokkrar upplýsingar viðvíkjandi þessu. En það væri e. t. v. ekki alveg óeðlilegt, þar sem þarna á í hlut eitt af stærri iðjufyrirtækjum landsins, tilraun til þess að fara inn á nýtt svið, tilraun gerð af þessum banka, Framkvæmdabankanum, sem hæstv. ríkisstj. virðist hafa alveg sérstaka trú á, og hún trúir honum þarna fyrir hlutum, sem hún trúir hvorki Landsbankanum né neinum öðrum banka fyrir, — það væri nú e. t. v. ekki alveg fjarri lagi, að það væru gefnar

nokkrar skýrslur um, hvernig þetta stendur og — fyrst þetta hefur gerzt á sama tíma sem þessi iðnaðarmálastofnun hefur verið að starfa á ábyrgð ráðh. eins, samkv. reglugerð hans eins — hvort hún hefur haft einhver afskipti af þessu og hvort hún hefur fylgzt með í þessu og leitað hefur verið til hennar. Það væri ekkert óeðlilegt, að við fengjum nokkrar upplýsingar um þetta.

Hæstv. ráðh. sagði, að hér væri um að ræða mjög þarfa stofnun. Ég efast ekki um, að það sé mjög þarft að koma upp stofnun, sem vinni að því bæði að efla og skipuleggja íslenzkan iðnað og íslenzka iðju, að því að undirbúa að koma upp stóriðju hér og gera þær ráðstafanir, sem þarf til þess, að við eigum tæknifróðum mönnum á að skipa í þessu efni, og annað slíkt. En mér virðist dálítið misjafn áhuginn hjá hæstv. ríkisstj. í sambandi við þau mál. Hér í 1. gr. þessa frv. er talað um, að það þurfi að stuðla að því, að hérlendir menn komist til framhaldsnáms erlendis í vísindalegum, verkfræðilegum og verklegum greinum, og hæstv. ráðh. lætur hér sem hæstv. ríkisstj. hafi alveg sérstakan áhuga á því, að þetta frv. sé samþ., þessi stofnun komist á lagalegan grundvöll. Ég var nú nýlega í sambandi við afgreiðslu fjárl. að bera fram till. um, að veitt yrði nokkurt fé til þess, að vér Íslendingar gætum séð um að kosta erlendis stúdenta, sem vildu sérmennta sig í efnafræðilegum greinum. Við vitum, að með efnafræðiiðnaðinn, kemíska iðnaðinn, er það svo, að ef menn eiga að komast vel niður í þeirri grein, þurfa þeir í fyrsta lagi langt nám, og ef menn eiga að vera vissir um að fá eitthvað að gera, þegar því námi er lokið, þá verða menn raunverulega fyrir fram að hafa fengið samninga við ríkið um slíkt, því að það er enginn annar aðili, sem yfirleitt tekur slíka efnafræðinga í sína þjónustu. Hins vegar er vitanlegt, að einmitt kemíski iðnaðurinn verður vegna okkar vatnsorku og vegna okkar hitaorku alveg sérstaklega sá iðnaður, sem við komum til með í framtíðinni að beita okkur fyrir. Til þess iðnaðar þarf í fyrsta lagi orku og í öðru lagi vit, sérþekkingu. En til þess að afla sér þeirrar sérþekkingar þarf nám frá 6 og upp í 8 ár og jafnvel lengur, því að eftir háskólanám þarf helzt nám í erlendum tilraunastöðvum, til þess að menn geti verið nægilega vel að sér í þessum efnum.

Hver var nú áhugi hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. fyrir því, að Alþ. veitti fé í slíkum efnum? Hann var sá, að þessi till. mín var felld með atkv. stjórnarflokkanna á móti atkv. allrar stjórnarandstöðunnar. Það verkar þess vegna dálítið einkennilega á okkur, þegar við vitum, hvað langan tíma þarf til að fá menn með sérþekkingu í þessum efnum og hve nauðsynlegt það er fyrir Ísland, að það skuli staðið á móti því, á sama tíma sem svo er komið hér og sagt við okkur: Ja, nú er ekki annað sæmandi fyrir ykkur hér í þessari d. en að fara að setja lög um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Mér er ekki grunlaust um, að það hafi komið fram sú tilhneiging hjá þessari reglugerðarstofnun ráðh. að fara að setja sig yfir aðrar stofnanir, sem ríkið nú þegar hefur myndað í þessum efnum. Mér er nær að halda, að þess hafi orðið vart hjá þeim mönnum, sem hæstv. ráðh. nú af sinni náð hefur valið til þess að stjórna þessari stofnun, að þeim hafi fundizt, að þeir ættu raunverulega að ráða ekki aðeins öllum rannsóknum viðvíkjandi þessum málum, ég gæti bezt trúað, að þeir vildu helzt ráða yfirleitt, hvort Íslendingar færu til útlanda og hvað þeir gerðu. Það er svo undarlegt með þessa stofnun og hennar afskipti.

Nú hefur það verið viss galli í sambandi við okkar lagasetningu á ýmsum þessara sviða, sem snerta rannsóknir á atvinnulífinu og ekki sízt hvað snertir iðnaðinn og iðjuna sem okkar nýju atvinnugreinar, að það hefur orðið einhvern veginn af nokkru handahófi, hvernig hafizt hefur verið handa um slíkar stofnanir. En þó er það e. t. v. hvergi eins nauðsynlegt og einmitt í sambandi við þær stofnanir, sem gera kröfu til vísindalegra rannsókna og sérþekkingar, að það sé sem bezt vandað til þess frá upphafi, að grundvöllurinn sé sem öruggast lagður og tryggt, að sú stofnun, sem menn hafa í þessu efni hugsað sér, nái því takmarki, sem með henni er stefnt að. Hins vegar hefur reynslan orðið sú, að á undanförnum 15—20 árum hafa á þessum sviðum, og þar eru ekki heldur alveg undanskildir okkar gömlu atvinnuvegir, landbúnaður og sjávarútvegur, verið settar upp rannsóknarstofnanir, ein þetta árið, önnur kannske árið eftir, kannske 5 árum seinna eða 10 árum seinna, og stofnanirnar hafa meira eða minna rekizt á, þeirra starfssvið hafa ekki verið afmörkuð, og þetta hefur valdið því, að þetta hefur orðið óþarfur tvíverknaður, stundum jafnvel árekstrar þarna á milli, óþarfaeyðsla og ekki verið samræmdir kraftar þeirra vísindamanna, sem þarna áttu að starfa að.

Það er þess vegna gefið, að þegar við nú eigum að fara að ræða um stofnun eins og þá, sem þessi lög fjalla um, þá hljótum við að athuga þá reynslu, sem við höfum áður haft af lagasmíð í þessum efnum, og reyna að læra nokkuð af þeirri reynslu.

Það er ekki í fyrsta skipti, sem lagt er til að koma upp stofnunum, sem eiga m. a. að athuga ýmislegt viðvíkjandi hagnýtingu okkar hráefna og okkar auðlinda. Rannsóknaráð ríkisins hefur verið sett á stofn fyrir alllöngu og átt að vinna á vissum sviðum í þessu, og Alþ. hefur raunverulega nú þegar séð ástæðu til þess að gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess, að það væru ekki settar á stofn nýjar stofnanir, sem rækjust á við það, sem fyrir væri. Alþ. hefur látið í ljós þann vilja sinn að tryggja, að þær stofnanir, sem fyrir væru, og þær, sem yrðu skapaðar í framtíðinni, væru reistar og grundvallaðar á ákveðnu skipulagi, þannig að þær rækjust ekki hver á aðra, þannig að það yrði sem bezt gagn að sérþekkingu þeirra manna, sem þar ættu að starfa, og notaðist á allan hátt sem bezt bæði að því fé, sem ríkið veitti í því sambandi, og að þeim möguleikum, sem við almennt hefðum.

Á síðasta Alþ. voru þessi mál tekin til athug-

unar, og það var borin fram þá þáltill., rædd allýtarlega, athuguð vel í n. og samþ. einróma síðan hér á þingi. Þessi þáltill. um kosningu mþn. til þess að gera till. um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa 7 manna milliþinganefnd til að gera till. um eflingu núverandi atvinnuvega og nýjar atvinnugreinar til framleiðslu- og atvinnuaukningar og hagnýtingu náttúruauðæfa landsins. N. er heimilt að ráða sérfróða menn til að vinna úr gögnum, sem fyrir hendi eru, og til vísindalegra rannsókna, eftir því sem hún telur nauðsynlegt vegna starfa sinna. Skulu rannsóknarstofnanir, sem starfa á vegum ríkisins, veita n. aðstoð eftir þörfum. Enn fremur skulu aðrar opinberar stofnanir og embættismenn greiða svo sem verða má fyrir störfum hennar. N. skal gera till. um framkvæmdir og rekstrarform, gera grein fyrir þjóðhagslegri þýðingu framkvæmdanna og fjárþörf og benda á leiðir til fjáröflunar. Þá skal n. gera till. um, hvernig bezt verði til frambúðar skipulögð og samræmd starfsemi þeirra rannsóknarstofnana, sem nú vinna að rannsóknum á náttúruauðæfum landsins, og leita úrræða til að auka og endurbæta afköst í ýmsum atvinnugreinum. Skal n. endurskoða gildandi lagaákvæði um þessar stofnanir. Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði."

Þannig var þessi þáltill. samþ. 20. apríl 1955. Þessi mþn. er tekin til starfa, og formaður þessarar mþn. er formaður annars stjórnarflokksins, hv. þm. Str. (HermJ), og eins og ég hef lesið upp, er einmitt eitt af verkefnum þessarar n. að samræma starfsemi þeirra rannsóknarstofnana, sem nú eru fyrir, hvort heldur þeirra, sem vinna að rannsóknum á náttúruauðæfum landsins, eða annarra, sem leita úrræða til þess að bæta og auka og endurbæta afköst í ýmsum atvinnugreinum. Alþingi sá ástæðu til þess að gera sérstaka samþykkt, setja á fót sérstaka mþn., sem auk annarra verkefna átti að hafa sem eitt af sínum aðalverkefnum að samræma og skipuleggja starfsemi þeirra rannsóknarstofnana, sem fyrir eru. Það er alveg auðséð, að þessi nefnd á m. a. að vinna að því að samræma þær stofnanir, sem nú eru til, þær stofnanir, sem nú eru lagaákvæði um, og náttúrlega mun slík n. líka taka tillit til vissra stofnana, sem starfa samkvæmt reglugerð einhverra ráðherra, þannig að það er vitanlegt, að Alþ. hefur með samþykkt þessarar þáltill. beinlínis ætlazt til þess, að það yrði, á meðan þessi n. væri að starfa, skotið á frest að setja upp nýjar stofnanir, samþykkja ný lagaákvæði, því að þessi n. átti einmitt að endurskoða hin gömlu lagaákvæði um slíkar stofnanir.

Nefndin, og í henni á, eins og gefur að skilja, Sjálfstfl., flokkur hæstv. ráðh., sína fulltrúa, tók mál þetta strax fyrir, þegar hún sá þetta frv., sem hér var lagt fyrir Alþ. Hún ræddi það á fundi sínum 10. jan., og n., sem er skipuð m. a. þremur mönnum, sem Sjálfstfl. hefur fengið kosna í hana, sendi eftirfarandi bréf til iðnn. Ed., sem ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnumálanefnd ríkisins.

Reykjavík, 12. jan. 1956.

Atvinnumálanefnd ríkisins, sem stofnuð var samkv. þál. um kosningu mþn. til að gera till. um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa, frá 20. apríl 1955, samþ. á fundi sínum þann 10. þ. m. að beina þeim tilmælum til iðnn. Ed. Alþ., að afgreiðslu laga um Iðnaðarmálastofnun Íslands verði frestað, þangað til n. hefur skilað áliti.

N. er falið að gera till. um samræmingu og starfsemi þeirra rannsóknarstofnana, sem nú vinna að rannsóknum á náttúruauði landsins, og leita úrræða til að auka og endurbæta afköst í ýmsum atvinnugreinum.

Skal n. endurskoða gildandi lagaákvæði um þessar stofnanir.

Er hætt við, að af því hlytist tvíverknaður, ef samþ. væru lög um Iðnaðarmálastofnun Íslands, sem síðan yrðu tekin til endurskoðunar strax á eftir.

Virðingarfyllst,
f. h. Atvinnumálanefndar,
Hermann Jónasson.
Jóhann Jakobsson, ritari.

Til iðnaðarmálanefndar efri deildar Alþingis."

Alþingi hafði í heild og atvinnumálanefnd ríkisins samkvæmt þeirri niðurstöðu, sem Alþ. komst að, þegar það samþ. þá þáltill., sem ég hef hér skýrt frá, komizt að þeirri niðurstöðu, að að sumu leyti hefðu rannsóknarstofnanirnar og þær stofnanir, sem hefðu með okkar atvinnuvegi að gera, vaxið upp eins og hálfgerður villigróður á undanförnum árum. Og það hefur verið svo, að lögin um þessar stofnanir hafa verið sett sitt á hvað á undanförnum áratugum og stangast þess vegna á ýmsum sviðum og starfsemi þessara stofnana verður að því oft mikill bagi, svo að ég ekki tali um, að þar við bætist, að stofnanir, sem fyrir eru í þjóðfélaginu, bæði samtök á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs og slíkt, eru jafnvel líka með sínar sérstöku stofnanir á þessum sviðum, svo að eitt rekur sig þarna á annars horn. Það er þess vegna ekki að undra, þó að nefnd, sem er falið það af hálfu Alþ. að reyna að skipuleggja og samræma starfsemi slíkra stofnana, sjái ógjarnan, að það sé farið að samþykkja lög um Iðnaðarmálastofnun Íslands nú allt í einu rétt á meðan þessi athugun stendur yfir og meðan verið er að reyna að ná samkomulagi á milli fulltrúa ýmissa flokka hér á Alþ. í þessari n. um, hvernig þessi rannsókn skuli skipulögð framvegis.

Ég get sagt hæstv. ráðh. það, að það er nógu erfitt að finna út það rétta í þessum efnum og að vinna bug á ýmsum mótsetningum, sem þegar hafa skapazt, t. d. eins og í sambandi við sjávarútveginn, fiskiðnaðinn eða annað slíkt, þó að sé ekki farið að bæta því ofan á að fara að setja mjög mikil, ýtarleg og nákvæm lög um Iðnaðarmálastofnun ríkisins, rétt á meðan verið er að reyna að komast að niðurstöðu um skipulag þessara mála framvegis. Ef hæstv. ráðh. sá svona mikla ástæðu til þess að koma

þessari stofnun upp með reglugerð á sínum tíma og fannst hún geta starfað samkv. reglugerð þá, sé ég nú ekki betur en að hún ætti að geta starfað samkv. reglugerð þessa mánuði, sem atvinnumálanefnd ríkisins, sem Sjálfstfl., flokkur hæstv. ráðherra, á þrjá menn í, er að athuga, á hvern hátt væri bezt að samræma starfsemi þessara stofnana. Það gæti ekki orðið til neins annars en að gera erfiðara það starf, sem Alþingi í fyrra fól þessari mþn., ef það ætti núna í millitíðinni að fara að samþykkja lög um þessi mál.

Ég vil þess vegna eindregið leyfa mér að vona, að annaðhvort vilji hæstv. ráðh. sjálfur á það fallast að óska eftir, að afgreiðslu þessa máls sé frestað, á meðan sú rannsókn fer fram, sem Alþ. samþykkti í fyrra, eða þá að hv. deild vilji verða við þeim tilmælum, sem fram hafa komið frá atvinnumálanefnd ríkisins, að afgreiða ekki þetta mál, á meðan þessi rannsókn standi yfir. Og ég verð að segja, að mér finnst það því undarlegra, að hæstv. ráðh. skuli leggja slíkt kapp á að afgreiða þetta mál, sem mér sýnist, að þó að þetta frv. sé stjórnarfrv., þá sé hæstv. ríkisstj. alls ekki sammála um frv. M. ö. o.: Andstætt því, sem nýlega var tekið fram í lögum, *nýsamþykktum frá Alþingi*, virðist ekki með þessu frv. eiga að fela neitt vald í hendur ríkisstj. í heild, heldur ríkisstj. í pörtum, þannig að þetta sé eitthvert einkamál hæstv. iðnmrh., sem hann hafi alveg sérstaklega mikinn áhuga á að setja í gegn.

Nú skil ég það vel, að hæstv. iðnmrh. hefur áhuga á að gera ýmislegt á sviði iðnaðarins, sem undir hann heyrir, og er það ekki nema lofsvert. En hefur hann nú ekki gert allmikið nú þegar? Hann hefur komið upp þessari stofnun bara með reglugerð, og að því er hann segir, starfar hún mikið og hefur a. m. k. látið að sér kveða, meira að segja á sviðum, sem henni koma ekkert við, þannig að hann ætti að geta sætt sig við það í bili.

Ég veit ekki, hvað það er, sem sérstaklega veldur því, að hæstv. ráðh. leggur svona gífurlega mikla áherzlu á, að þetta stjfrv. sé samþykkt nú, án þess að hafa meira að segja stjórnarflokkana óskipta að baki sér í því. Mér hefur virzt eftir mínum litla kunnugleika á þessum málum, að undanfarið hafi eitthvað bjátað á í sambandi við stjórnina á þessu fyrirtæki og það hafi ekki verið algert samkomulag um, hvernig hún ætti að vera. Og það má vel vera, að nú hafi hæstv. ráðh. fundið þar út aðferð, sem honum líkaði vel. En ég er ekki alveg viss í, að öllum öðrum líki það eins vel.

Í grg. þessa frv. er birt fskj., sem var frv. til laga um Iðnaðarmálastofnun Íslands og mun hafa verið lagt fyrir Alþ. áður og n. síðan skipuð á eftir til þess að endurskoða það og gera á því breytingar, sem æskilegar þættu. Mér hefur enn ekki unnizt tími til þess að bera frv. saman í einstökum atriðum viðvíkjandi höfuðgreinunum, 1. og 2. gr., en mér varð á að líta á ákvæðin um, hvernig stjórnin skyldi skipuð, í því frv., sem nú liggur fyrir, og í því frv., sem prentað er með sem fskj. og endurskoða átti. Samkv. því frv., sem áður lá hér fyrir, áttu að vera sjö fulltrúar í stjórninni, og þar átti að vera einn samkv. tilnefningu Félags íslenzkra iðnrekenda, annar samkv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, þriðji samkv. tilnefningu Sambands íslenzkra samvinnufélaga, fjórði samkv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, fimmti samkv. tilnefningu iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands og tveir, sjötti og sjöundi, samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands, og skal annar vera fulltrúi iðnverkafólks.

Það þurfti ekki lengi að athuga þessar till. til þess að sjá, að samkv. þessu áttu verkamenn að hafa aðstöðu til þess að hafa þrjá menn í þessu ráði, þrjá menn af sjö. Síðan átti S. Í. S. að hafa þar einn mann, og svo áttu samtök atvinnurekenda og meistara að hafa þarna þrjá menn, og eftir reynslu að dæma gat maður mjög vel búizt við því, að pólitískt séð mundu þessi þrír menn máske vera úr Sjálfstfl. eða með svipuð sjónarmið og hann hefur. Ef þarna hefðu þá verið einhver mismunandi sjónarmið, þá hefði samkv. þessari skipun stjórnarinnar verkalýðssamtökin átt að hafa þarna mikil ítök í eða alveg þrjá menn, samband samvinnufélaganna einn, atvinnurek*endurnir eða meistararnir til samans þrjá menn.*

Þessari tilhögun stjórnar virðist svo vera nokkuð breytt, eins og frv. liggur nú fyrir, eftir að það hefur verið endurskoðað. Þá er gert ráð fyrir, að stjórnin sé að vísu skipuð sjö mönnum eins og áður, en þeir, sem nú eiga að skipa stjórnina, eftir því frv., sem fyrir liggur, eru Félag íslenzkra iðnrekenda, iðnsveinaráð Alþýðusambands Íslands, Landssamband iðnaðarmanna, Samband íslenzkra samvinnufélaga, Verzlunarráð Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands. M. ö. o.: Það, sem gerzt hefur í millitíðinni, virðist vera það, að í staðinn fyrir að Alþýðusamband Íslands hafði tvo menn og annan þeirra sem sérstakan fulltrúa iðnverkafólks, sem sé þess ófaglærða fólks, sem á að vinna að íslenzkum iðnaði, þá er Alþýðusamband Íslands svipt öðrum þessum fulltrúa. Og hver er svo látinn útnefna fulltrúa í staðinn? Jú, það er Verzlunarráð Íslands, sem kemur þarna eins og fjandinn úr sauðarleggnum.

Hvað hefur eiginlega Verzlunarráð Íslands sérstaklega með þessa hluti að gera? Síðan hvenær þykir það rétt, að í stofnun, sem á að heita Iðnaðarmálastofnun Íslands og á m. a. að fara að beita sér fyrir því að reyna á ýmsan hátt að fá iðnverkafólk til þess að læra betur sína atvinnu, jafnvel fá það til þess að auka afköstin í sinni grein, sérmennta sig eða annað slíkt, — síðan hvenær þykir mönnum heppilegra að svipta einmitt þetta iðnverkafólk fulltrúa í slíkri stofnun og láta heildsalana í Reykjavík, Verzlunarráð Íslands, fara að útnefna menn í staðinn? Er máske meiningin, að heildsalarnir fari að vinna í verksmiðjunum hérna fyrir Iðjutaxta og að þeir ætli að fara að taka að sér að gera betur en iðnverkafólkið um afköstin í þessari grein? Eða er það bara hitt, að Verzlunarráð Íslands hefur slík áhrif og slík völd í Sjálfstfl., að það getur sagt:

Það skal nema brott fulltrúa iðnverkafólksins — þegar á að ræða um stofnun, sem sérstaklega á að hafa með iðnaðarmál að gera, og setja fulltrúa heildsalanna í staðinn?

Ég held, að það sé ekkert undarlegt, þó að við óskum skýringa á, hvernig á þessu stendur, hvernig þetta er komið til. Við sjáum að vísu, hverjar afleiðingarnar yrðu pólitískt séð og hver breytingin mundi vera í sambandi við svona skipun stjórnarinnar. Verzlunarráð Íslands er ein sú stofnun, sem Sjálfstfl. mun telja sér öruggasta, þó að ýmislegt annað kynni að bresta; þó að jafnvel iðnrekendur og atvinnurekendur almennt færu að rísa upp á móti Sjálfstfl., þá býst ég við, að hann mundi í lengstu lög treysta Verzlunarráði Íslands, stærstu heildsölunum hérna í Reykjavík, til þess að halda tryggð við sig.

En er það nú skynsamlegt, þegar á að fara að setja á stofn sjálfstæða ríkisstofnun með því markmiði að efla framfarir í íslenzkum iðnaði og koma á hagkvæmari vinnubrögðum í iðnaðarframleiðslu, að byrja með því að útiloka það, að iðnverkafólkið sjálft, fólkið, sem vinnur fyrst og fremst þarna, frá því að eiga þar fulltrúa? Eftir að áður er þó búið að gefa alveg sérstaklega því undir fótinn, að Alþýðusambandið, sem útnefni þarna tvo aðila, útnefni annan þeirra frá iðnverkafólkinu, á að strika þetta út og Verzlunarráð Íslands sett þarna í staðinn. Við sjáum, að þetta mundi þýða, að Sjálfstfl. mundi tryggja sér fjóra menn í stjórn þessarar stofnunar, öfugt við það, sem var, þegar frv. lá hér fyrir áður, að Sjálfstfl. virtist ekki gera kröfu til þess að ætla að tryggja sér þarna neinn pólitískan meiri hluta. Hvernig stendur á þessari breytingu? Er það nokkuð undarlegt, þó að við viljum gjarnan fá að vita, hvernig á henni stendur? Það er ekki eðlilegt, að við gleypum við því alveg undireins að fallast á slíka breytingu, og það er ekki undarlegt, þó að komi upp hjá okkur, ef á að reyna að fara að knýja slíkt fram, sú spurning: Er þetta valdaspursmál í sambandi við þessa stofnun eitt höfuðatriðið þarna í? Ég býst við, að hæstv. ráðh. svari mér kannske og spyrji, hvort mér finnist þá betra að láta þetta vera bara reglugerð, sem ráðh. ráði aleinn, og hann geti ráðið stjórninni alveg eins og honum þóknast. Það eina, sem ég hef þar um að segja við hann, er það, að náttúrlega getur hann sett upp stofnanir eftir reglugerðum, að svo miklu leyti sem honum finnst það fært. Það er ekki mál Alþ. Hér er um það að ræða, á hvern hátt Alþ. eigi að ákveða stjórn á stofnun, sem það á að fara að setja upp. Frá stjórninni á slíkri stofnun verður ekki gengið, fyrr en Alþ. hefur samþykkt um það lög, og þá er ekki óeðlilegt, að maður vilji gjarnan ganga þannig frá þeim lögum, að ekki sé stofnað til pólitísks einræðis neins eins stjórnmálaflokks í sambandi við slíka stofnun. Og ég held það væri síður en svo hollt því máli, sem hæstv. ráðh. segist hér vera að berjast fyrir. Þegar talað er um ýmsar nýjungar, talað er um aukin afköst og annað slíkt í sambandi við iðnaðinn, þá verður slíkt svo bezt gert, að það verði gert í samráði og með góðu samstarfi við iðnverkafólkið sjálft. Óðruvísi verður það ekki gert.

Íslenzkt verkafólk mun aldrei láta beygja sig inn á það, sem verkafólk sums staðar erlendis hefur verið beygt inn á, að láta gera sig eins og að litlum hlutum í framleiðsluvél, eins og að næstum sálarlausum vélahlutum. Íslenzkt verkafólk gerir kröfu til þess að verða það frjálst og sjálfstætt við sína vinnu, að vera það hugsandi verur, að það lætur ekki niðurlægja sig eins og gert hefur verið í sumum stóriðjulöndum við verkafólkið. Og meðan talað er um aukin afköst iðnaðarins og annað slíkt, þá mun slíkt því aðeins verða gert og því aðeins vera heppilegt og hollt okkar mannlífi og okkar þjóðlífi, að það sé gert í samstarfi við verkafólkið sjálft. Þess virtist mér að sumu leyti hafa verið tilhneiging til, t. d. hvað skipun stjórnarinnar snertir, í fyrri till., en það hefur verið horfið frá því síðan.

Þá er ég enn fremur hræddur um, eins og 1. gr. í þessu frv. nú er, að það muni margt rekast á við t. d. rannsóknaráð ríkisins, ef það ætti að samþykkja það eins og nú væri, og hún mundi aðeins verða til þess að skapa enn þá meiri glundroða á þessu sviði en nú er.

Svo er það eitt, sem ég vildi gera athugasemd við í sambandi við málið á þessu frv. og þess grg. Það er tekið þarna upp eitt orð, sem ég verð að segja að mér er mjög illa við, þó að ég hafi séð, að ýmis blöð eru farin að nota það, og það er orðið „framleiðni“. Við höfum haft orð á íslenzku áður yfir þetta hugtak, útlenda hugtakið produktivitet, það er framleiðslugeta. Það hefur alltaf verið erfiðleiki í sambandi við íslenzkt mál vegna þess, hve sérstætt það er af öllum tungumálum, þegar slíkar byltingar gerast eins og nú í þeim tæknilega heimi, að finna orð, sem áttu vel við okkar mál, yfir útlend hugtök, en alþýðan um leið skildi. Yfirleitt hefur þetta tekizt vel. Það hafa verið það snjallir menn, sem hafa búið til nýyrðin í íslenzkri tungu á síðustu öld, að okkar mál hefur svo að segja verið nýskapað, án þess að þess forni hljómur breyttist og án þess að því undirstöðuatriði væri grandað, að alþýða manna skildi sitt eigið mál. Þegar átti að fara að búa til orð á íslenzku yfir erlend orð eins og t. d. demokrati, þá var búið til orðið lýðræði, sem í fyrsta lagi þýddi það nákvæmlega sama og hið gamla gríska orð sjálft þýddi, lýðræði, það, að lýðurinn réði, og hvert mannsbarn þess vegna gat skilið, og orðið sagði sjálft, hvað það meinti. Íslenzkur almenningur hafði þess vegna orð, sem talaði sjálft til hans um inntakið í því og meiningu þess, þar sem útlendar þjóðir urðu bókstaflega að læra, hvað orð eins og demokrati þýddi. Skandinavískar eða engilsaxneskar þjóðir voru búnar að glata sínum gömlu orðum yfir slíkt, þó að einstaka þeirra, eins og Þjóðverjar, reyndu að nota sín gömlu orð við hliðina, en tókst yfirleitt ekki. Okkur tókst það hér á Íslandi. Við höfum staðið frammi fyrir sama vandamálinu, þegar við höfum komið að þeim efnahagslegu hugtökum og þeim tæknilegu

hugtökum. Með ýmis af þeim tæknilegu hugtökum er þarna sá erfiðleiki, að meining þeirra sjálf er oft það erfið, að fólk á bágt með að skilja hana. Hvað efnahagslegu hugtökin snertir er hins vegar þarna nokkru öðru máli að gegna. Þarna er hægt að finna orð, sem fólkið skilur.

Þetta orð, produktivitet, man ég stóð strax fyrir okkur, þegar við vorum að byrja að þýða hér ýmis af þeim gömlu marxistisku ritum á íslenzku, að finna íslenzkt orð yfir þetta, og þetta orð, framleiðslugeta, er ákaflega sjálfsagt orð. Það segir hverjum einasta manni, hvað í því felst. Framleiðslugeta, það er geta manna til að framleiða, það er afköst. Hins vegar framleiðni, hvað þýðir það? Ja, það, sem mér mundi fyrst detta í hug, þegar ég heyri orð eins og framleiðni, mundi vera eitthvað í sambandi við rafmagn og hvernig ákveðin efni mundu leiða það áfram, eða eitthvað slíkt. Orðið framleiðni segir engum manni, engum Íslendingi, hvað í orðinu felst og hvað það merki, og mér sýnist, að þeir, sem taka svona orð upp, séu ekki að reyna að finna orð, sem alþýða manni skilji. Það kunna að vera menntaðir menn. En þeir menntuðu menn, sem bezt og stórkostlegast verk hafa unnið að því að finna íslenzk orð yfir erlend hugtök, hafa verið svo snjallir og svo gæfusamir að finna orð, sem alþýðan skildi. Það má vel vera, að orð eins og t. d. framleiðslugeta sé óþjálla í samsetningum. Það eru mörg okkar orð í íslenzku.

Ég vil þess vegna alveg eindregið mælast til þess, að þetta orð, sem hér er reynt að koma inn í málið, inn í lagamálið, framleiðni, sé gert útlægt úr því. Því vildi ég aðeins skjóta hér inn, um leið og við ræddum um sjálfan tilganginn með þessum lögum, um stofnunina, sem eigi að setja á stofn, og hennar stjórn. Ég vil mega vonast til, að hæstv. ráðh. skýri þetta nú nokkru betur fyrir okkur en þegar hefur verið gert og láti okkur, sem höfum svona miklar efasemdir út af þessu frv., í té nánari vitneskju um, hvernig á því stendur, að hann leggur svona mikla áherzlu á framgang þessa máls nú, þegar stofnunin þó starfar að því er virðist örugglega undir hans reglugerð, og hvernig á því stendur, að þær breytingar hafa verði gerðar viðvíkjandi stjórn þessara stofnunar frá því, sem áður hefur verið hugsað, sem óhjákvæmilega hljóta að vekja nokkra tortryggni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég er dálítið hissa á því, að þetta mál, sem ég álít vera þýðingarmikið mál, mál, sem eigi skilið að vera afgreitt að þm. viðstöddum, en ekki að þeim fjarverandi, skuli vera tekið til umræðu nú á síðdegisfundi, sem ég hygg að flestir þm. viti ekki um á þessu augnabliki að sé haldinn, því að svo stóð á, að svo sem að undanförnu voru allir ráðherrar fjarverandi í dag, að undanteknum einum, hæstv. utanrrh., sem hins vegar er nú fjarverandi, og flestir þm. voru fjarverandi á hinum rétta fundartíma, þar af áreiðanlega meiri hluti af liði hæstv. ríkisstj. En svo er með stuttum fyrirvara boðað til þess, að fundi skuli fram haldið frá kl. 5 og fram til kvöldverðar, kannske verður kvöldfundur líka. Þetta stingur alveg í stúf við vinnubrögð þingsins að undanförnu, því að að undanförnu hefur það verið svo, að suma daga hefur verið fundarfall núna fyrir nokkru vegna verkefnaskorts og að nefndir höfðu ekki lokið störfum og málin lágu þar. En nú er sá fítonskraftur hlaupinn í stofnunina, að síðdegisfundir eru haldnir að nýafstöðnum fundum langt fram yfir miðnætti í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna. Eitthvað hlýtur að reka á eftir, og skil ég þó ekki, hvað það mætti vera, þar sem allar líkur eru til, að Alþ. eigi að halda áfram störfum fram í marzmánaðarlok, fram undir páska.

En látum þetta nú vera. Það koma sjálfsagt skýringar á því, hvers vegna hæstv. ráðh. leggur svona mikið kapp á, að málið sé annaðhvort afgreitt mjög fljótt eða rætt án áheyrenda, og gæti það náttúrlega haft sínar skýringar. Þetta hefði ekki verið svo undarlegt, ef þetta mál hefði verið algerlega ágreiningslaust mál og því talið alveg sjálfsagt, að það færi átakalaust gegnum þingið. En það er fjarri því, að svo sé. Það er búið að gera hvert tilhlaupið á fætur öðru til þess að afgreiða þetta mál, ekki aðeins núna á þessu þingi, heldur í fyrra einnig og ég held í hittiðfyrra líka, og nú þegar það kemur enn, eftir að búnar eru að starfa að undirbúningi þess tvær mþn., þá er ágreiningur í þeirri fyrri deild, sem málið fær til meðferðar, þannig, að ágreiningurinn er um fleiri en eitt atriði.

Í fyrsta lagi virðist vera mjög mikill ágreiningur um það í n. í hv. Ed., hvernig stjórn fyrirtækisins skuli skipuð, og það er sá skoðanamunur, sem veldur því, að n. klofnar. Annar meiningarmunur kemur svo þar fram, og hann er sá, að tveir nm. í hv. Ed. vilja auk þess alls ekki, að málið sé afgreitt á þessu þingi.

Ágreiningurinn um málið núna, eftir að búið er að kokka það tvisvar í milliþn., er sem sé tvenns konar, um það, hvort það sé rétt að afgreiða löggjöf á þessu þingi um málið, og hins vegar um, hvernig stjórn fyrirtækisins skuli skipuð.

Þetta allt kemur greinilega fram í nefndarálitunum frá Ed. Í nál. meiri hl. segir í upphafi: „Frv. það, sem hér um ræðir, er flutt sem stjfrv. og var undirbúið og samið af mþn., er ráðh. skipaði til þess á s. l. ári. Er meginatriði frv. að lögfesta þær reglur, sem stofnunin starfar nú eftir og ráðh. hefur sett. Hafði mþn. orðið sammála um ákvæði frv., að undanskildum ákvæðum 5. gr. um stjórn stofnunarinnar, þar sem einn nm., Gísli Jónsson, gerði fyrirvara um það atriði."

Einmitt þetta ágreiningsatriði minni hl. í mþn. hefur svo aftur fengið meiri hl. í n. í hv. Ed. með sér, því að það er einmitt ágreiningsatriði hv. þm. Barð., sem felst í brtt. meiri hl. nefndarinnar.

Hæstv. ráðh. virðist hafa þá skoðun, að það sé bráðnauðsynlegt, að þessi stofnun starfi samkv. löggjöf. Nú virðist það þó ekki breyta starfseminni í stofnuninni mikið, þar sem hann upplýsir, að eiginlega sé frv. staðfesting á þeim

reglum, sem stofnunin starfi nú eftir. Og ef vitnað er til annarra landa, sem komið hafa upp sams konar stofnunum og þessari, þá er það upplýst, að í sumum löndum og það meira að segja á sumum Norðurlöndum, þar sem þessar stofnanir eru komnar í fast form og búnar að starfa árum saman með miklum ríkisframlögum, er ekki til nein löggjöf um þessar stofnanir. Þær starfa ekki samkvæmt lagasetningu, en fá þó stórar fjárveitingar frá þjóðþingi viðkomandi þjóða eftir sem áður. Vitanlega væri hægt að smíða þessari stofnun okkar alveg sama form, og það virðist hafa verið gert í raun og veru með þeirri ráðherrareglugerð, sem stofnunin starfar nú eftir.

Ég fæ því ekki séð, að nokkur rök hafi verið færð fram fyrir því, að það sé nauðsynlegt að samþ. þetta frv. nú. Reglugerð ráðherrans liggur fyrir, stofnunin hefur þegar vikum og mánuðum saman starfað eftir þeirri reglugerð, og reglugerðin er samhljóða frv. í öllum aðalatriðum.

Mér finnst, að það ætti meira að segja heldur að letja hæstv. ráðh. þess að leggja áherzlu nú á afgreiðslu frv., þar sem nú eru komnar fram till. um, að stjórn fyrirtækisins verði skipuð á allt annan veg en hæstv. ráðh. hefur gert ráð fyrir í sínum reglum, og geri ég þó ráð fyrir, að þær séu frekar að hans vilja en einmitt þetta nýja stjórnarform, sem einn af 5 milliþn.-mönnum lagði til að yrði tekið upp.

Ég skal þá víkja að ágreiningnum um það, hvort rétt sé að afgreiða frv. nú.

Það er óneitanlega nokkuð gild ástæða, sem færð er fram í bréfi frá atvinnumálanefnd ríkisins um það, að málinu verði frestað, þar sem bent er á, að sú opinbera nefnd, hin nýja Rauðka, eigi að gera till. um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa og að þessi n. hafi orðið sammála um það á fundi sínum þann 10. jan. s. l. að beina þeim eindregnu tilmælum til iðnn. Ed. Alþ., að afgreiðslu laga um Iðnaðarmálastofnun Íslands verði frestað, þangað til n. hafi skilað áliti. En n. er einmitt ætlað að gera till. um samræmingu og starfsemi þeirra rannsóknarstofnana, sem nú vinna að rannsóknum á náttúruauði landsins, og leita úrræða til að auka og endurbæta afköst í ýmsum atvinnugreinum. Þetta er einmitt nákvæmlega það sama sem Iðnaðarmálastofnunin á að fást við. Þar af leiðandi segir atvinnumálanefndin, að það sé hætt við, að það valdi tvíverknaði, ef samþykkt séu fyrst lög um Iðnaðarmálastofnun Íslands, en áfram haldi svo skipulagsnefnd atvinnumála að gera sínar tillögur um, hvernig eigi að haga rannsóknarstofnunum, sem starfa nú hlið við hlið í landinu.

Þeir menn, sem færðu fram þessar ástæður og fjölluðu um þær í n. í Ed., fallast á þessi rök og leggja til, að málinu sé nú vísað frá með rökst. dagskrá. Það tel ég a. m. k. mjög svo eðlilegt, meðan ágreiningur er um það, hvernig stofnunin skuli byggð upp. Ef fengist alger lausn á því og samkomulag um, hvernig stjórn fyrirtækisins skyldi skipuð, þá gæti verið að einhverju leyti fallin í burt ástæðan til þess að fresta afgreiðslu málsins.

Ég mun síðar koma að því, að það er út fyrir veggi Alþ. ágreiningur um það, hvernig stjórn fyrirtækisins skuli vera skipuð. Þrjú fylgiskjöl eru birt með þessu frv. Það er í fyrsta lagi frv. til l. um Iðnaðarmálastofnun Íslands, eins og það var lagt fyrir þingið í fyrra, og í því frv. er stofnuninni ætlað að ýmsu leyti allt annað form en í frv., sem lagt er fyrir þingið í ár. Þar stendur í 6. tölulið, að stofnunin skuli vinna að eflingu framfara í íslenzkum iðnaði, m. a. með því, sem segir í 6. liðnum, „að hafa samband og samstarf við hliðstæðar erlendar tæknistofnanir, og stofnunin skal vera ríkisstj. til ráðuneytis í tæknilegum vandamálum, er iðnaðinn varða, öðrum en fiskiðnaði". Þarna í aths. við þetta frv. er svo skýrt frá því, að ríkisstj. hafi bætt þessu aftan við liðinn: „öðrum en fiskiðnaði". Og hvers vegna vildi hæstv. ríkisstj. ekki, að Iðnaðarmálastofnun Íslands fengist neitt við að rannsaka vandamál íslenzks fiskiðnaðar? Það er af því, að það eru fleiri en ein stofnun, sem eru einmitt að rannsaka íslenzkan fiskiðnað. Það er komin stór og mannfrek og dýr stofnun hjá Fiskifélagi Íslands, sem vinnur að þessu að því er snertir fisk veiddan úr söltu vatni. Og svo er uppi á háskólalóðinni önnur rannsóknarstofa, sem á að rannsaka fisk, sem veiddur er í ósöltu vatni. Og hvað þýðir þetta? Þetta upplýsir það fyrir okkur, að það er ástæða til, að atvinnumálanefndin, sem á að skipuleggja slíka rannsóknarstarfsemi hjá þjóðinni, fjalli um þetta allt í einu, til þess að svona árekstrar verði ekki, að það sé verið að gugta við rannsókn á sama verkefninu á mörgum stöðum. Slíkt eru auðvitað engin vinnubrögð, sízt af öllu í vísindastofnunum, og í annan stað er þetta svo fjárfrekt, að okkar fámenna þjóð rís ekki undir því.

Þetta eitt, þessi samanburður á frv. frá í fyrra og svo aftur núna, sýnir okkur það í einni sjónhendingu, að það er fyllsta ástæða til að fresta afgreiðslu þessara mála, þangað til atvinnumálanefnd ríkisins hefur lokið sínum störfum og lagt fram sínar samfelldu tillögur um, hvernig eigi að skipa þessum málum öllum saman.

Eins og hv. 2. þm. Reykv. (EOl) drap hér á áðan, sér maður það við lestur frv. frá í fyrra, að þá hefur sanngirni manna verið þó á því stigi að ætla hinu vinnandi fólki, þ. e. a. s. ófaglærðum verkamönnum, fólki, sem vinnur við iðju og iðnað, og fólki með fagréttindum, þ. e. a. s. iðnsveinum í íslenzkum iðnaði, að eiga að sjálfsögðu minni hl. í stjórn slíkrar stofnunar, 3 menn af 7, og atvinnurekendurnir þó ekki nema 4 þá. En nú er búið að breyta þessu til hins verra, minnka rétt hinna vinnandi manna, sem í iðn- og iðjufyrirtækjum vinna hér á landi, þannig að þeir eigi ekki nema 2 fulltrúa í 7 manna stjórn; hitt liðið skal vera frá atvinnurekendum. Ef til vill er það þetta, þessi endurbót á frv., sem hæstv. ráðh. leggur áherzlu á að fáist lögfest, þ. e. a. s., að fyrirtækið verði mótað enn frekar en

ætlunin var fyrir ári sem tæki atvinnurekenda, þar sem sjónarmiða hins vinnandi fólks gæti sem allra minnst. Það þarf engan að furða á því, þó að þetta eitt nægði til þess, að fulltrúi Alþýðusambands Íslands óskaði eftir því, að málið yrði athugað frekar og leitað ákveðið eftir því við hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj., hvort ekki fengist a. m. k. fært til sama horfs þetta ákvæði um skipun stjórnarinnar, að í 7 manna stjórn ætti a. m. k. Alþýðusambandið 2 fulltrúa og iðnsveinaráð Alþýðusambands Íslands 1 fulltrúa, þannig að þar sætu fulltrúar fyrir almennt verkafólk, fyrir fólkið í iðju og iðnaði og fulltrúi fyrir iðnsveinana, og þá atvinnurekendur að öðru leyti, fulltrúar þeirra samtaka, t. d. Félags ísl. iðnrekenda, sem er atvinnurekendasamtök, Landssambands iðnaðarmanna, einnig iðnaðarmannasamtök atvinnurekenda, Sambands ísl. samvinnufélaga og Vinnuveitendasambands Íslands. Hugsanlegt er, að þá væri nær því, að verkalýðssamtökin gætu fellt sig við að eiga hlut að afgreiðslu frv.

Þó vil ég benda á það, að samkv. öðru fskj. hér með þessu frv., sem er samþykktir fyrir Norsk Produktivitetsinstitut, þ. e. a. s. hina norsku iðnaðarmálastofnun, sjáum við, að þeirri stofnun, sem ég held að sé ekki skipað með lögum, er stjórnað af 24 manna ráði. Hún hefur enga sérstaka stjórn í þeim skilningi, en hefur 24 manna ráð. Alþýðusambandinu norska, Arbejdernes faglige Landsorganisation, eru ætlaðir 7 fulltrúar þar. Verkafólki er ætlaður líka fulltrúi þar, og félögum, sem svara til Iðju hér, einnig ætlaðir 2 fulltrúar, þannig að í raun og veru er hinu vinnandi fólki þarna ætlaður fullur helmingur ráðsins. Og þó er betur búið um aðstöðu þessa fólks í ákvæðum 8. gr. samþykktanna fyrir hina norsku iðnaðarmálastofnun. Þar er ákvæði um 9 manna framkvæmdanefnd úr ráðinu, og hún skal skipuð form. ráðsins og 9 meðlimum af þar til greindum félagssamtökum. Af þeim fulltrúum á alþýðusambandið norska að eiga 3 fulltrúa, iðjuverkafólkið, við iðjustarfsemi, einn fulltrúa, iðnsveinar, lærðir fagmenn, einn og menntastofnanirnar einn, og atvinnurekendurnir verða þar í algerum minni hluta, sem og rétt er, því að þessar produktivitetsstofnanir, sem þeir vilja kalla á íslenzku framleiðnistofnanir, eiga fyrst og fremst að vinna að því, að verkafólkið, sem vinnur störfin, sé menntað þannig, að það geti aukið afköst sín og framleitt betri vörur. Og það byggist í raun og veru allt á því, að verkafólkið leggi sig fram í þessu starfi og auki framleiðslumagn þjóðarinnar. En svo á að ganga fram hjá rétti þess, þegar stofnuninni er valið stjórnarform, og atvinnurekendasjónarmiðin látin vera yfirgnæfandi og þeirra fulltrúar hafðir í meiri hl. í stjórn fyrirtækisins. Það er eins og Jónas Hallgrímsson sagði: „Öllu er snúið öfugt þó, aftur og fram í hundamó."

Það er ómögulegt að segja annað en að það er snúið öfugt, þegar atvinnurekendunum, eigendum fjármagnsins og stjórnendum fyrirtækjanna, er gert hærra undir höfði en öllu hinu starfandi fólki í fyrirtækjunum.

Á þeim tíma, sem Iðnaðarmálastofnunin íslenzka hefur starfað — hún hefur verið að mótast núna að undanförnu — er ekki heldur hægt að segja annað en að við höfum orðið þess varir, að það hefur verið stefnt fast og ákveðið að því, að þessi stofnun yrði undir flokkspólitísku merki. Ég er alveg sannfærður um, að það er ekki gæfulegt. Menn geta verið flokkspólitískt kappsfullir, en ráðherrar verða þó að gæta nokkurs hófs í því, og þó að þeir þreifi fyrir sér um að móta svona stofnun þannig, að hún verði ævarandi helzt undir merki einhvers pólitísks flokks, þá er áreiðanlegt, að það getur leitt til þess, að stofnunin missi alveg tilgang sinn, þ. e. a. s. verði ekki að því þjóðnytjagagni, sem henni er ætlað. Og ef við fáum hér Iðnaðarmálastofnun, sem eingöngu á að vera tæki atvinnurekendanna, þeirra, sem fjármagnið eiga, og réttur hins vinnandi manns verði þar fyrir borð borinn í reyndinni, þá er ég alveg viss um, að þetta verður allt saman misheppnað og að þessi Iðnaðarmálastofnun nær ekki þeim tilgangi sínum og mun ekki fá réttlætingu sinnar tilveru.

Ég held, að það séu ákvæði um það í frv., bæði eins og það var í fyrra og núna, að stofnunin eigi að stuðla að því, að hérlendir menn, sem starfa í þágu íslenzks iðnaðar, komist til framhaldsnáms erlendis í vísindalegum, verkfræðilegum og verklegum greinum og að erlendir kunnáttumenn á þessum sviðum heimsæki Ísland og að Iðnaðarmálastofnunin skuli ávallt nýta þekkingu og störf innlendra sérfræðinga eftir því, sem kostur er á, standa fyrir námskeiðum og fyrirlestrum, kvikmyndasýningum um vinnuvísindi og tækni. Til þess að fullnægja þessum tilgangi sínum mun Iðnaðarmálastofnunin þegar hafa gert nokkuð að því að kynna sér framfarir í iðnaði, tækni og vísindum og líka fengið hingað sérfræðinga til landsins. Ég held, að það hafi verið a. m. k. tvær, ef ekki þrjár nefndir sendar úr landi á s. l. sumri, og fyrst og fremst var valið í þær úr röðum atvinnurekenda, nema eina. Í hana voru valdir menn, að því er sagt var, úr röðum verkamanna. Aldrei barst þó Alþýðusambandi Íslands nein vitneskja um tilnefningu manna í þessa n., og um val þessara manna var farið undarlegar krókaleiðir. Iðnaðarmálastofnunin sneri sér þá til miðstjórna pólitísku flokkanna í landinu til þess að tilnefnda fulltrúa í verkalýðsmálanefnd til Ameríku. Um val á þessum mönnum var fjallað af stjórnum þriggja pólitískra flokka. Ég held, að tveir af pólitísku flokkunum hafi ekki notið þess trúnaðar að fá að velja verkamenn úr sínum liðskosti til þessarar farar. Þrír af pólitísku flokkunum voru teknir út úr af þessari vísindanna stofnun og þeir beðnir að velja verkamenn í sendinefnd til Ameríku. Það var ekki rætt um þetta við stjórn í einu einasta verkalýðsfélagi, hvað þeim sýndist um fulltrúaval, og ekki heldur Alþýðusamband Íslands. Það var af algerri tilviljun, að ég fékk vitneskju um þetta utan af landi, eftir að pólitísku flokkarnir voru búnir að ákveða sína fulltrúa.

Það komu hingað fulltrúar frá iðnaðarmálastofnunum Norðurlanda núna í haust, og þeir

voru auðvitað fyrst og fremst undir leiðsögn manna frá Iðnaðarmálastofnun Íslands. En einhvern veginn atvikaðist það svo, að þeir óskuðu eftir því, þessir fulltrúar, að fá að ræða við mig um þessi mál og komu á skrifstofu Alþýðusambandsins þeirra erinda. Þeir ræddu um það, hvort Alþýðusambandið væri því hlynnt eða mótsnúið, að samstarf væri milli verkalýðssamtakanna og slíkra stofnana sem Iðnaðarmálastofnunarinnar. Ég lét eindregið í ljós, að ég hefði mikinn áhuga á því, að náið samstarf gæti verið milli slíkrar stofnunar og fólksins, sem starfaði í iðju og iðnaði og væri allt saman meðlimir í félögum innan Alþýðusambands Íslands, og teldi nauðsynlegt, að þetta fólk í iðju og iðnaði fengi að starfa í sem allra mestu og nánustu samstarfi við stjórnendur stofnunarinnar. En þá lét ég þess getið, að því miður hefði þessi stofnun farið svo af stað, að alþýðusamtökin litu á hana sem fyrirtæki eins pólitísks flokks í landinu, og gæti ég þar nefnt sem seinasta dæmi um það, að þessi stofnun hefði sent verkamannasendinefnd til Ameríku og gengið fram hjá Alþýðusambandi Íslands um val þeirra fulltrúa og látið velja mennina af miðstjórnum pólitísku flokkanna, sumra, en ekki allra. Þessir menn munu hafa verið af ýmsum pólitískum flokkum, þessir fulltrúar frá tæknistofnunum Norðurlanda, en þeir tóku allir til máls um þetta atriði og létu í ljós undrun sína og furðu á því, að byrjunin skyldi hafa verið gerð svona, og sögðust mundu leggja það til í sinni skýrslu og sínum tillögum, sem þeir gengju frá, þegar þeir kæmu heim, og mundu senda hingað til lands, að þess yrði gætt í uppbyggingu stofnunarinnar framvegis, að verkalýðssamtökin yrðu þar að öllu leyti jafnrétthár aðili og atvinnurekendur og samtök þeirra hér á landi, því að þannig væru allar þessar stofnanir uppbyggðar um víða veröld.

Þegar mennirnir voru komnir heim, sendu þeir sínar tillögur, þeir sendu mér samrit af þessum tillögum, og þær liggja nú hjá Alþýðusambandi Íslands. Mér er kunnugt um það af sjálfsýn, að þar leggja þeir ríka áherzlu á, að skipulag stofnunarinnar sé þannig, að fulltryggt sé, að jafnrétti sé tryggt milli samtaka atvinnurekenda og verkalýðsins, að réttur hvorra tveggja sé jafnvel tryggður og það sé þá eingöngu oddaaðstaða ríkisvaldsins, sem þar skeri úr.

Með frv., eins og það liggur hér fyrir, er ekki tekið tillit til þessara tillagna sérfræðinganna, sem komu frá Norðurlöndum. Það er enn þá staðið á því, að Alþýðusamband Íslands skuli eiga einn fulltrúa í stjórn fyrirtækisins fyrir hið ófaglærða fólk, sem starfar í íslenzku atvinnulífi að iðju og iðnaði, og að iðnsveinaráðið skuli eiga einn fyrir hina faglærðu iðnaðarmenn í 7 manna stjórn. Þetta er jafnréttið. Hinir fulltrúarnir eiga að vera frá atvinnurekendunum.

Ég vildi mjög leita eftir því í öllu bróðerni við hæstv. iðnmrh., að hann yrði til viðtals um að breyta þessum hlutföllum í stjórn fyrirtækisins á þá lund, sem norrænu sérfræðingarnir, sem hafa borið fram sínar tillögur, lögðu til. Ef ráðh. vildi fallast á að leysa það mál af fyllstu sanngirni og á þann veg, sem verður að leysa það, til þess að friður verði um þessa stofnun og hún nái tilgangi sínum og sé byggð upp eins og annars staðar í löndunum í kringum okkur, þá er ég ekki viss um, að ég telji nauðsynlegt að fresta afgreiðslu málsins. En í þessu formi, eins og það er núna, með þeim skarða rétti, sem verkamanninum er ætlaður í sambandi við stofnunina, og þeim sterka rétti, sem atvinnurekendum og fjármagni er markaður í frv., þá er ég miklu frekar á þessari stundu á því, að það eigi að víkja málinu frá með rökst. dagskrá og láta hina opinberu nefnd, atvinnumálanefndina, kanna það betur og sýna, hvað hún leggur til um heildarskipulag þessara mála allra saman.

Ef við fylgjum annarra þjóða dæmi um það að koma á fót hjá okkur svona stofnun, sem ég get vel fallizt á að sé okkur nauðsyn, verðum við, sem erum ekki eins tæknibróuð og tæknimenntuð þjóð og margar aðrar, að standa í sem allra nánustu samstarfi við aðrar þjóðir, sem lengra eru á veg komnar í þessum efnum, og njóta þeirrar aðstoðar, sem kostur er á, til þess að sérmennta okkar menn, okkar fagfólk og okkar verkafólk. Og það er sýnilegt, að það er ekkert smáfé, sem lagt er fram af erlendum aðilum til þessara stofnana. Norðmennirnir geta þess hér, að til þess að stofnunin kæmist á fót hjá þeim, hafi stórþingið norska veitt 15.6 millj. kr., þar af 5 millj. kr. samkvæmt fjárlagafjárveitingu, en 10.6 millj. kr. hafi komið af andvirði heildarframlags, að upphæð 4 millj. dollara, sem hin gagnkvæma öryggismálastofnun Bandaríkjanna veitti til framleiðsluaukningar samkvæmt samningi milli ríkisstj. Bandaríkjanna og ríkisstj. Noregs. Og þessi stofnun, Iðnaðarmálastofnun Íslands, hefur áreiðanlega notið góðs af sams konar fjárframlögum og mun vera ætlað það í framtíðinni, og um það er ekki nema gott eitt að segja, ef fénu er varið af réttsýni til þess að mennta og fræða hið vinnandi fólk alveg eins og sérfræðingana og til þess að rétta hjálparhönd um þýðingarmikil, tæknileg atriði þeim fyrirtækjum, sem alls ekki eru eins tæknilega þróuð orðin hjá okkur og hjá þjóðum í kringum okkur, sem við eigum margs konar viðskipti og stöndum jafnvel í samkeppni við.

Í útskýringunum við frv. er lögð áherzla á, að það sé mikil þörf á miðstöð eins og Iðnaðarmálastofnun Íslands til milligöngu um kynnisferðir íslenzkra manna til erlendra ríkja, þar sem tæknin er talin vera á fullkomnustu stigi. Og för verkamannanna í sumar var einmitt þess eðlis. Ég er alveg sannfærður um, að slíkar sendiferðir eru gagnlegar, og ég lét það í ljós aðspurður við hina erlendu sérfræðinga frá iðnaðarmálastofnunum Norðurlanda, að Alþýðusambandið mundi með miklum fögnuði taka á móti slíkum boðum um að senda fulltrúa frá verkalýðshreyfingunni, einkanlega til Evrópulanda og Norðurlanda, en alveg eins til Ameríku eða hvert í veröldina sem kostur væri gefinn á, til þess að íslenzkir verkamenn og verkakonur fengju að sjá fyrir sér fullkomnari vinnu-

brögð og fullkomnari vinnuaðstöðu. Einnig lét ég í ljós, að ég væri þess mjög fýsandi, að verkalýður landsins yrði þátttakandi og ráðgefandi aðili um stjórn fyrirtækja, annaðhvort eftir því, sem um kynni að semjast milli verkalýðssamtaka og atvinnurekenda, eða með lagaákvæðum um þátttöku verkamanna í stjórnum fyrirtækja. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 7. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Hannibal Valdimarsson [frh.]: Herra forseti. Ég hafði að mestu leyti lokið ræðu minni, þegar fundi var slitið síðast, og skal þá aðeins nú taka upp þráðinn og víkja að þeim till., sem nú liggja fyrir í sambandi við frv.

Það hefur verið lagt til, að frv. yrði breytt á þann veg, að stjórnin yrði kosin á annan veg en í frv. segir, þ. e. a. s. á þann hátt, að stjórn stofnunarinnar skuli vera skipuð 5 mönnum og 4 þeirra kjörnir í sameinuðu þingi að afstöðnum hverjum alþingiskosningum, í stað þess, að í frv. segir, að stjórnin skuli skipuð 7 mönnum, tilnefndum af ákveðnum félagssamtökum.

Ég felli mig við hvoruga þessa tilhögun og hef áður í ræðu minni gert grein fyrir því, að ég tel það ekki tryggja nægilega hlutleysi þessarar stofnunar og jafnan rétt hins vinnandi fólks og atvinnurekendanna, að hreinn meiri hl. í stjórn stofnunarinnar verði tilnefndur af samtökum atvinnurekenda. Þetta er og í beinni mótsögn við það, sem tíðkast hjá öllum nágrannaþjóndum, sem við vitum um og hafa slíkar stofnanir. Þar er séð um, að stjórn þessara stofnana sé a. m. k. að jafnmiklu leyti skipuð fulltrúum frá samtökum hins vinnandi fólks eins og frá samtökum atvinnurekendanna, og þá auðvitað langeðlilegast, að oddaaðstöðuna skipi þar fulltrúi frá ríkisvaldinu. Meginverkefni þessara stofnana, iðnaðarmálastofnananna, er að auka framleiðslumagn og framleiðslugæði, og þar er fyrst og fremst undir nánu trúnaðarsamstarfi komið við hið vinnandi fólk í fyrirtækjunum og þess vegna alveg nauðsynlegt, að þess hlutur sé ekki fyrir borð borinn um stjórn þessarar starfsemi.

Það munu vera uppi raddir um það vegna ágreinings um málið að víkja því frá afgreiðslu á þessu þingi, og ef ekki fæst breyting á frv., m. a. að því er snertir skipun stjórnar stofnunarinnar, mundi ég telja réttara að fresta afgreiðslu þessa máls á þessu þingi og láta fram fara rannsókn á hinni margþættu tilrauna- og rannsóknarstarfsemi, sem fer fram í einum 7—8 stofnunum hér á landi, sem flestar grípa hver inn á annarrar verksvið, og þar á meðal ætti svo Iðnaðarmálastofnunin að bætast við og grípa inn á starfssvið ýmissa þessara vísinda- og rannsóknarstofnana ofan á allt annað. Ég álít, að þetta sé ekki eins gott og það ætti að vera, hvorki skipulagslega séð né með tilliti til sparnaðarmöguleika. Væri ekki full ástæða til, að atvinnumálanefnd ríkisins, sem hefur verið að kynna sér þessi mál, lyki því að ganga frá sínum till., áður en þetta mál væri afgr., nema þá því aðeins, að algert samkomulag gæti orðið um frv. og efni þess?

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Þá er nú aftur komið hér til umr. frv., sem lá fyrir þessari hv. d. á síðasta þingi, um Iðnaðarmálastofnun Íslands. Ég skal þegar taka það fram, að ég tel það frv., sem nú liggur fyrir, að ýmsu leyti betra en frv. það, sem hér var lagt fram í fyrra. Í fyrsta lagi er það, að þetta frv. lítur a. m. k. á pappírnum betur út en frv., sem lagt var fyrir þingið á s. l. ári. Það frv. var alveg sérstakt í sinni röð. Það mátti svo heita, að þar væri hver grein sérstakur kafli, og hafði það ekki sézt hér áður. Auk þess hafa á frv. nú verið gerðar ýmsar veigamiklar breytingar til batnaðar.

Þegar mál þetta, sem lagt var fyrir Nd. í fyrra og var þá vísað til iðnn., var tekið fyrir á fundum n., óskaði n. að sjálfsögðu eftir upplýsingum ýmissa aðila um þetta mál, og þær upplýsingar fékk iðnn. á þeim tíma. Það kom þá í ljós á tveimur fundum a. m. k., sem n. hélt um þetta mál, að skoðanir voru allskiptar í þessu máli. M. a. komu á fund n. tveir menn, sem höfðu veitt stofnuninni fram til þess forstöðu og átt mestan þátt í að móta hana og starf hennar. Þeir lýstu sinni skoðun á þessu máli og því frv., sem þá lá fyrir, og var skoðun þeirra í stórum dráttum á þá leið, að frv. væri ógerlegt að samþ. eins og það lá fyrir. Þeir sömdu síðan uppkast að nýju frv. um stofnunina, eins og þeir töldu að fenginni reynslu eðlilegast að skipa málum hennar, og afhentu iðnn. Nd.

Það er rétt, að það komi fram, að ágreiningurinn út af lögum um þessa stofnun og skipan mála þar reis fyrst og fremst út af stjórn stofnunarinnar, enda hafði það komið í ljós áður, m. a. við 1. umr. málsins hér í þessari hv. d. í fyrra, að í þessu efni höfðu menn ýmsar skoðanir. Ég minnist þess, að við 1. umr. frv. í fyrra tók hér til máls hv. 1. landsk. þm. (GÞG) og lét í ljós þá skoðun, að hann teldi mjög eðlilegt og æskilegt, að menn með sérþekkingu á ýmsum sviðum, sem snerta mjög iðnað, ættu aðild að stjórn þessarar stofnunar. Nefndi hann þar til fulltrúa frá Verkfræðingafélagi Íslands og Hagfræðingafélagi Íslands og bar fram ósk um það, að Hagfræðingafélag Íslands mætti eiga aðild að þessari stofnun. Ég vil geta þess í því sambandi, að hv. 1. landsk. er formaður í Hagfræðingafélagi Íslands, svo að í því efni var honum málið skylt, og hann hafði að sjálfsögðu umboð Hagfræðingafélagsins til þess að fara þess á leit, að það fengi þarna aðild að, og túlkaði í öllum atriðum skoðanir þess félags á málinu.

Það höfðu líka borizt erindi um það frá Verkfræðingafélaginu, að það fengi aðild að stjórn IMSÍ, og Verkfræðingafélagið rökstuddi þá þær óskir og þá skoðun mjög ýtarlega.

Það kom líka í ljós hjá þeim tveim mönnum, sem ég gat um áðan og höfðu átt aðalþáttinn

í því að marka og móta Iðnaðarmálastofnunina, frá því að hún tók til starfa, að þeir teldu mjög eðlilegt og raunar sjálfsagt, að sérþekking réði mestu í störfum þessarar stofnunar á því sviði hennar, sem tæki til iðnaðarfyrirtækja, sem eru í landinu, og iðnaðarfyrirtækja, sem ætlun væri að byggja upp og Iðnaðarmálastofnunin fengist við að gefa leiðbeiningar um og annað þess háttar. Hins vegar töldu þeir mjög óeðlilegt, að þau félagssamtök, sem lagt var til í fyrra og enn er lagt til að skipi yfirstjórn stofnunarinnar, ættu aðild að slíkum viðfangsefnum, þar sem þessi félagsamtök, sem eru góð og gild að öðru leyti, hefðu ekki yfir þeirri sérþekkingu að ráða, að þau væru fær um að taka stjórn þessara mála að sér.

Það kom hins vegar í ljós af þeim upplýsingum, sem iðnn. fékk í fyrra, að verkefni þessarar stofnunar, Iðnaðarmálastofnunar Íslands, mætti aðgreina í tvö meginviðfangsefni og ekki mjög skyld:

Í fyrsta lagi það viðfangsefni að veita iðnaðarfyrirtækjum aðstoð um það, á hvern hátt þau gætu bætt rekstur sinn tæknilega séð, og leiðbeiningar um skipulagningu, eins og t. d. fyrirkomulag í verksmiðjum, niðurröðun véla og annað þess háttar, skipulag verksmiðjubygginga og þess konar atriði. Enn fremur að því er snertir þessa tæknilegu hlið gæti og ætti stofnunin að veita iðnaðarfyrirtækjum upplýsingar og fræðslu um fyrirkomulag bókhalds og kostnaðaráætlana, þannig að iðnrekendur gætu gert sér fyrir fram grein fyrir því, hvort sá rekstur, sem þeir hefðu í hyggju að stofna til, væri arðbær, hvort hann borgaði sig fyrir þá sem framleiðendur og fyrir þjóðfélagið. Um þessa hlið málanna gætu að sjálfsögðu fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, Vinnuveitendasambandi Íslands, iðnsveinaráði Alþýðusambandsins og fleiri samtökum, sem þarna áttu að eiga aðild að í stjórninni, lítið fjallað og slíkir aðilar gætu litlar upplýsingar veitt í þessum málum.

Á hinn bóginn ætti svo stofnunin að hafa annað og ekki síður þýðingarmikið starf með höndum, þar sem þessir aðilar hefðu sínu veigamikla verkefni að gegna, og það væri það starf, sem aðrar þjóðir hafa tekið upp fyrir löngu, að efla skilning framleiðenda og iðnaðarverkafólks og neytenda á þessari starfsemi og þörfum hennar og hag og reyna að eyða ýmiss konar tortryggni og misskilningi, sem þarna hefur löngum verið landlægur. Það nægir að nefna dæmi, sem eru kunn úr sögunni, um það, að verkamenn hafa stundum litið svo á, að nýjar, afkastamiklar vélar væru að taka frá sér atvinnuna, og hafa jafnvel í einstökum tilfellum, sem skráð eru á söguspjöld, gert tilraunir til þess að eyðileggja vélarnar, brjóta þær niður, en ekki gætt þess, að samfara því sem vélarnar komu að vísu í staðinn fyrir verkamenn í ýmsum greinum, gafst þjóðunum um leið færi á að hefja nýja starfsemi, þar sem hægt var að nýta vinnuaflið, starfsemi, sem viðkomandi þjóðfélag hafði ekki getað beitt sér að áður. Þannig munu nú flestir sammála um það, að tækni og vélamenning í framleiðslu þjóðanna hafi fært þjóðunum hagsæld, verkamönnum ekki síður en öðrum, en ekki öfugt.

Margt fleira mætti auðvitað nefna í þessu sambandi. Það eru ýmiss konar og mörg og mikil atriði, sem þarna eru sífellt togstreituefni og valda oft miklum og óþörfum misskilningi og jafnvel deilum og tjóni. En einmitt svona samtökum eins og ég greindi hér frá og í þessum frv. hefur verið lagt til að mynduðu stjórn stofnunarinnar er bezt treystandi til þess að veita fræðslu í þessum málum, skilja óskir og kröfur viðkomandi aðila og reyna að líta á málin með sanngirni og eyða ýmiss konar misskilningi og tortryggni.

Af þessum sökum lögðu til þeir menn, sem ég hef getið um og höfðu átt drýgstan þátt í að móta þessa iðnaðarmálastofnun, eins og hún er nú, að þetta yrði sérstakt verkefni innan Iðnaðarmálastofnunar Íslands og þessir aðilar, sem upp voru taldir í frv., hefðu yfirstjórn þeirra mála með höndum, og verkefni þeirra væri skipað á ákveðinn hátt í frv. og starfi sömuleiðis. Þeir lögðu til, að það yrði tekið fram, hve oft þessi stjórnarnefnd skyldi koma saman hið minnsta, og skipuðu henni alveg ákveðinn sess í frv.-uppkasti sínu að lögum.

Þegar ég athugaði þessi mál í n. í fyrra, fannst mér, eftir að ég hafði kynnt mér þau rækilega, að þetta væri mjög heppileg og æskileg lausn málanna og mjög eðlileg. Mér fannst a. m. k., að allir hlytu að geta orðið sammála um það, að hin tæknilegu viðfangsefni þessarar stofnunar yrðu ekki bezt leyst með því að setja þau undir yfirstjórn manna, sem því miður skorti þekkingu á þessum viðfangsefnum og gátu ekki tekið að sér lausn þeirra. Og ég gat ekki betur séð en að allir aðilar mættu vel við una þá skipan, sem þessir færu menn, sem þarna var um að ræða á sínu sviði, lögðu til málanna, ef þessi mál væru athuguð rólega og af rökum.

En í frv. því, sem hér liggur fyrir, er því enn haldið til streitu samt sem áður, að yfirstjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands skuli vera í höndum hinna sömu aðila og lagt var til í frv. í fyrra, og það hefur hvorki verið tekið tillit til þess, sem forstöðumenn Iðnaðarmálastofnunarinnar sögðu um þau mál, né heldur til óska Verkfræðingafélagsins og formanns Hagfræðingafélags Íslands um þau mál.

Af þessu hlýtur náttúrlega að leiða það, að ég er andvígur þessu frv. að því er til þessara stjórnarákvæða tekur, á sama hátt og komið hefur hér fram í ræðu hv. 3. landsk. og hv. 2. þm. Reykv.

Nú var í frv. því, sem hér lá fyrir þinginu í fyrra, einnig gert ráð fyrir, að öll þau mál, sem Iðnaðarmálastofnunin hefði með höndum, skyldi hún bera undir þessa stóru stjórn og síðan skyldi þessi stjórn ákveða um það, hvort Iðnaðarmálastofnunin tæki þau að sér eða ekki. Forstöðumenn stofnunarinnar lýstu því réttilega, að þetta væri algerlega ófært ákvæði, þar sem eitt af verkefnum þessarar stofnunar yrði meðal annars að aðstoða menn, sem hefðu í hyggju að koma upp nýjum iðnfyrirtækjum í landinu, hefðu fengið hugmyndir um nýja möguleika í þessu sambandi, kynnt sér þá að

einhverju marki, en þyrftu þó að leita til sérfræðinga og fá sérfræðilega aðstoð um hina endanlegu ákvörðun, hvort nú skyldi lagt út á þessa braut eða ekki. Forstöðumenn Iðnaðarmálastofnunarinnar sögðu réttilega: Þetta verður að vera trúnaðarmál milli stofnunarinnar og þeirra aðila, sem til hennar leita. — Það er algerlega óverjandi að leggja svona mál, á því stigi sem þau verða, fyrir fjölmenna nefnd manna, og allra sízt er hægt að gera þetta, ef í þessari n. skyldu vera menn, sem hefðu hagsmuna að gæta í þessu sambandi og væru líklegir til þess að hafa möguleika á og kannske löngun, sem er ekki óeðlilegt, til að taka þessi verkefni og framkvæma þau sjálfir, þegar þeir hefðu séð hugmyndina, þó að hún væri frá öðrum. Nú mun þessu hafa verið breytt eitthvað til bóta í þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Þegar þetta frv. kemur svo fyrir nú að þessu sinni, hefur það helzt gerzt í þessum málum, að þeir tveir menn, sem höfðu veitt iðnn. neðri deildar fræðslu og upplýsingar um þau í fyrra og höfðu átt, eins og ég hef áður sagt, mestan þátt í að móta Iðnaðarmálastofnun Íslands, eru ekki lengur á vegum þessarar stofnunar, hvernig sem á því stendur, heldur eru þeir frá henni horfnir og nýir menn teknir þar við yfirráðum. Skal ég ekki vera með neinar getsakir í þeim efnum, hvernig á því stendur. Það er ástæðulaust. *Hitt er mér ljóst, að Félag íslenzkra iðn*rekenda hafði talið sig gera mjög vel, þegar það réð þessa menn til starfa þarna, og það hefur verið skrifað í málgagn þess félags um það, að stofnunin hefði verið mjög heppin að fá þessa tvo menn að stofnuninni þegar í upphafi til að móta starf hennar, á meðan hún var í deiglunni. En þeir eru sem sagt ekki þar lengur og ekki tök á því að leita til þeirra um frekari upplýsingar í þessum málum, enda gerist þess nú kannske ekki þörf, því að upplýsingar þær, sem þeir gáfu í fyrra, eru hér allar til.

Enda þótt ég hafi sagt það, að ég væri að ýmsu leyti ánægðari með þetta frv., sem hér liggur fyrir, heldur en frv. í fyrra, og teldi þessar breytingar hafa verið gerðar á því til bóta, þá verð ég að taka undir þá skoðun, sem kom fram í ræðu hv. 3. landsk. þm., að mér finnst talsvert óeðlilegt að vera að hraða þessum störfum mjög mikið, þar sem Alþingi hefur *sjálft sett nefnd einmitt til þess að skipuleggja* þessi mál miklu betur en áður hefur verið, skipað nefnd til þess að koma á samræmi milli allra þeirra rannsóknarstofnana, tilraunabúa og tilraunastofnana og ráða, sem hér eru starfandi, þannig að starf þeirra mætti nýtast betur en nú er. Og ég held, að það væri kannske brýnasta viðfangsefnið fyrir okkur í tilrauna- og rannsóknamálum okkar að reyna að nýta starf þeirra sérfræðinga, sem við eigum, skipuleggja það og nýta það betur en nú hefur verið gert. Við verjum að vísu ekki miklu fé í tilraunir og rannsóknir árlega, en þó nokkru, og ég leyfi mér að fullyrða, að fyrir það litla fé, sem við verjum til þessara hluta, gætum við fengið miklu meira en við fáum nú, ef skipulega væri haldið á þessum málum.

Það kom í ljós hér í fyrra í sambandi við umr. um þetta mál og frá þessum mönnum, sem ég hef getið hér um, sem stjórnuðu þá Iðnaðarmálastofnun Íslands, að þeir höfðu mjög mikinn skilning á þessum málum. Hins vegar kom það jafnframt berlega í ljós, að þeir ætluðust til þess, að Iðnaðarmálastofnun Íslands yrði eins konar yfirstofnun allra annarra tæknistofnana og tilraunastofnana í landinu og hefði samráð við þær og fengi þeim verkefni til rannsóknar. Það má vel vera, að menn komist að niðurstöðu um það, að þetta sé æskilegt og heppilegt fyrirkomulag. Um það skal ég ekkert segja á þessu stigi málsins. En ef svo færi, að menn yrðu nú sammála um það, þá hygg ég, að það væri æskilegra, að þessari stofnun yrðu ekki sett lög, þar sem ekkert er tekið fram um þessi atriði eða að þeim vikið, heldur þess beðið, að atvinnumálanefnd tæki þessi mál til athugunar og gerði sínar till. um skipan þeirra. Ef það yrði niðurstaða atvinnumálanefndar, að það væri sjálfsagt og rétt og mjög heppilegt að fela Iðnaðarmálastofnun Íslands yfirstjórn og samræmingu á störfum allra tæknistofnana og tilraunastofnana í landinu, þá held ég, að það væri skynsamlegt að hafa þá ekki verið búinn að setja nýja löggjöf, heldur geta á þeirri stundu sett þessari stofnun löggjöf til frambúðar. Ég sé nefnilega ekki, að þessi stofnun sé nokkuð bættari með því að fá löggjöf, sem ekki yrði til *frambúðar og ekki bætti neitt úr* því ástandi, sem ríkir í þessum málum hjá okkur nú. Ég skal sem dæmi nefna það, að í þessum lögum er lagt til að Iðnaðarmálastofnunin skuli gefa út tímarit, henni skuli heimilt að gefa það út. Hún hefur nú þegar í eitt ár gefið út slíkt tímarit með mjög miklum myndarskap, eitt skemmtilegasta tímarit hér á landi, vandaðasta að frágangi að ýmsu leyti, svo að það þarf enga bráðabirgðalöggjöf til þess, að hún geti gert þetta áfram. Það er líka tekið *hér fram*, að hún megi koma upp tæknibókasafni. Hún hefur nú þegar komið upp allmyndarlegum vísi að tæknibókasafni. Ég sé því ekki, að það sé nein brýn þörf á því að setja þessa löggjöf nú í skyndi til þess að gera þetta. — Það er sagt, að hún skuli fylgjast með tæknilegum nýjungum og veita þeim, er iðnað stunda og við vörusölu fást, leiðbeiningar, er miði að auknum afköstum, verknýtingu og vöruvöndun. Þetta hefur *hún gert nú þegar*. Þetta er eitt hennar aðalverkefni frá byrjun. Menn kannast við það, að Iðnaðarmálastofnunin hefur fengið hingað útlenda sérfræðinga til þess að fræða t. d. smákaupmenn um sjálfsölubúðir eða hvað þær nú heita, kjörbúðir, sem það er kallað núna, og betri nýtingu á vinnuafli og sparnað ýmsan í sambandi við vörudreifingu, betra fyrirkomulag og bætt skilyrði og eitt og annað í þessum efnum. Þannig gæti ég raunar talið upp öll atriði þessa frv., *sem fjalla um verkefni* þessarar stofnunar. Hún hefur nú, frá því að hún var stofnuð, fengizt að meira eða minna leyti við öll þessi verkefni, eins og hún hefur haft tök á með tilliti til fjárráða. En fjármál og fjárhagur stofnunarinnar er ákveðinn í fjárlögum nú, og honum verður ekki breytt með þessari löggjöf.

Það er því skoðun mín, að þessu frv. liggi ekki svo ýkja mikið á og það sé ekki ástæða til að hraða neitt sérstaklega afgreiðslu þess. Ég held, að það sé allra hluta vegna bezt og brýnast fyrir okkur að reyna að samræma alla þá starfsemi, sem hér er rekin í þessum málum, tæknilegum upplýsingum, tilraunum og rannsóknum og öðru þess konar, þannig að þjóðfélagið hafi sem mest not þeirra fjármuna, sem það árlega ver í þessu skyni. Ég held, að það sé miklu brýnna viðfangsefni og meir aðkallandi en að setja hér lög, sem gera ekki annað en að staðfesta það, sem þegar er staðreynd. Að vísu skal ég játa, að það er mjög æskilegt, að Iðnaðarmálastofnun Íslands fái sína löggjöf, en ég álít bara, að það sé ekki svo brýn nauðsyn á því, að það sé ekki betra að doka við og ekki hvað sízt ef það skyldi ýta undir það, að sú heildarlausn, sem þjóðin þarf umfram allt að fá í þessum málum, næði fram að ganga.

Pétur Ottesen: Þegar frv. um Iðnaðarmálastofnun Íslands var lagt fyrir á síðasta þingi, nokkru fyrir áramótin, var svo ákveðið í 1. gr. þess frv. m. a., að Iðnaðarmálastofnun Íslands skyldi vera ríkisstj. til ráðuneytis í tæknilegum vandamálum, er iðnaðinn varða, öðrum en fiskiðnaði. Hann var undantekinn og að sjálfsögðu með tilliti til þess, að fyrir er stofnun í landinu, sem hefur þetta hlutverk með höndum, sem er Fiskifélag Íslands, enda kemur þetta skýrt fram í þeirri greinargerð, sem fylgdi því frv. Það frv. var samið af 7 manna nefnd, og eftir að n. hafði gengið frá frv., var það sent til ríkisstj. eða iðnmrh., sem gerði á því nokkrar breytingar, og að því er þetta atriði snertir er vikið að þessu í greinargerðinni fyrir frv., með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur gert örfáar breytingar á frv. Sú veigamesta er við 1. gr., næstsíðustu málsgrein, þar sem bætt er við orðunum: „öðrum en fiskiðnaði". Er breytingin til komin vegna þess, að svo er til ætlazt, að Fiskifélag Íslands sé ríkisstj. til ráðuneytis í þessum málum, og er það samkvæmt vilja stærstu samtaka fiskiðnaðarins."

Nú er í frv., sem hér liggur fyrir nú um þetta efni, þessi undantekning alveg felld niður og gert ráð fyrir því, að fiskiðnaðurinn heyri undir starfsemi Iðnaðarmálastofnunarinnar eins og annar iðnaður í landinu. Er þetta að því leyti einkennilegt, að sem greinargerð með þessu frv. er tekin upp sama greinargerð og fylgdi frv., sem lagt var fram á síðasta þingi, og inniheldur það, sem ég var að lesa upp áðan, að þessi breyting hefði verið gerð, að undantaka fiskiðnaðinn í landinu. Mér virðist þess vegna, að þetta hljóti að verða tekið til athugunar við meðferð þessa máls, úr því að sézt hefur yfir að gera það í meðförum málsins í Ed., og þetta atriði fært til þess horfs, sem var í því frv., sem lagt var hér fyrir á síðasta þingi.

Fiskifélag Íslands hefur á hendi það hlutverk fyrir sjávarútveginn og á sviði sjávarútvegsins, sem Iðnaðarmálastofnun Íslands er ætlað að hafa fyrir annan iðnað í landinu. Það er stór stofnun, sem tengd er við Fiskifélag Íslands, sem vinnur að þessum málum. Hún hefur í sinni þjónustu 5 sérfræðinga, sem vinna að þessu, og eins og kunnugt er, er verið að reisa byggingar fyrir þessa starfsemi, og er það verk nokkuð á veg komið. Fiskifélagið hefur á hendi að vera á verði um allar nýjungar í nýtni og nýtingu sjávarafurða. Það hefur á hendi alla leiðbeiningarstarfsemi varðandi fiskiðnaðinn og bætta vinnutækni á því sviði og betri og hentugri aðferðir við nýtingu fiskiðnaðarins. Auk þess hefur Fiskifélag Íslands á hendi alla efnagreiningu á útfluttum sjávarafurðum, þar sem þess er krafizt, eins og t. d. lýsi, fiskimjöli og öllu slíku, og sömuleiðis rannsakar það allar niðursuðuvörur, sem fluttar eru á erlendan markað.

Ég vil með skírskotun til þess, sem ég nú hef sagt, vænta þess, að iðnn., sem fær þetta mál nú til meðferðar, taki þetta atriði til meðferðar og athugunar, og vænti þess, að þessu verði kippt í það horf, sem áður var í flutningi þessa máls, að gengið sé út frá, að Fiskifélag Íslands sjái um þennan þátt iðnaðarins í landinu, svo vel sem sú starfsemi er líka á veg komin. Vildi ég mega vænta þess, að það yrði niðurstaðan af athugun n. á málinu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hafði búizt við, að hæstv. iðnmrh. mundi máske gefa okkur nokkrar upplýsingar út frá þeim umr., sem hér hafa farið fram, af því að svo furðulega vill nú til, að hæstv. ráðh. er hér staddur í d. og sýnir d. þá virðingu, sem aðrir ráðh. yfirleitt ekki sýna henni lengur, að vera viðstaddir, þegar verið er að ræða þau mál, sem þá snerta, og á hann þakkir skilið fyrir það. Ég hafði hins vegar búizt við, að hann mundi nú í sambandi við þær fyrirspurnir og þær umr., sem hér hafa farið fram, gefa okkur nokkru ýtarlegri upplýsingar um sína afstöðu og hæstv. ríkisstj. í sambandi við þessa stofnun.

Eins og hæstv. ráðh. hefur tekið eftir, hefur verið deilt mjög skarplega á ýmislegt í fari þessarar stofnunar. Hv. 3. landsk. þm. (HV), sem sjálfur er forseti Alþýðusambands Íslands, gaf hér í sinni ræðu nokkra lýsingu á, hve furðulegar aðfarir þeir, sem stjórna Iðnaðarmálastofnuninni, hefðu haft í frammi í sambandi við vissar sendiferðir manna erlendis. Og hér áðan var hv. þm. Borgf. (PO) að koma fram með athugasemdir, sem vissulega eru mjög þýðingarmiklar, og gott fyrir okkur að fá að vita, hver sé hugmynd ríkisstj. í slíku sambandi, hvort hér er um yfirsjónir að ræða hvað snertir þetta atriði viðvíkjandi fiskiðnaðinum, hvort hann eigi að vera þarna eða ekki, hvort það sé þarna um breytta stefnu að ræða eða hvað það er, sem þarna kemur til.

Ég hafði áður nokkuð komið inn á út frá sjónarmiði og tilmælum atvinnumálanefndar ríkisins, hve óeðlilegt það væri að samþykkja þetta frv., eins og það liggur nú fyrir, meðan ekki er búið að ganga frá till. atvinnumálanefndarinnar um, hvernig starfsemi þessara stofnana og rannsóknir þeirra yrðu samræmdar í framtíðinni. Og það sýnir enn betur fram á, hver nauðsyn er í slíku efni, þar sem hv. þm.

Borgf. var að benda á áðan, að ef það væri meining hæstv. ríkisstj., að þetta frv. gengi í gegn eins og það væri, þá mundi hér verða meiri tvíverknaður en á nokkru öðru sviði viðvíkjandi fiskiðnaðinum og árekstrar í sambandi við það, þannig að það virðist svo sem nægilegt tilefni hefði verið til þess að segja nokkuð um skoðun annaðhvort ríkisstj. í heild eða ríkisstj. í pörtum á þessu máli — eða þá hæstv. iðnmrh. persónulega. Sama snertir skoðunina á samsetningu stjórnar þessarar stofnunar, sem líka er búið að ræða hér allmikið um og búið að lýsa yfir að ýmsir aðilar hér muni alls ekki sætta sig við.

En það er annað, sem ég held að væri líka rétt að athugað væri betur, þegar þetta mál færi til nefndar. Þetta mál og þessi stofnun virðist að öllu leyti hugsuð út frá því, sem hefur tíðkazt um slíkar stofnanir erlendis, og hún mun sjálf vera sett upp í samráði við erlenda stofnun. Aðaltilgangur hennar, eins og hann er markaður í 1. gr. laganna, virðist fyrst og fremst eiga að vera sá að stuðla að stöðlun eða „standardiseringu" og öðrum slíkum nýtízku fyrirbrigðum iðnaðarins hér á Íslandi.

Ég held, að það væri ákaflega heppilegt, þegar við ræðum fyrirkomulag iðnaðar hér í framtíðinni á Íslandi, að við gerum okkur grein fyrir áhrifum iðnaðarins og stóriðjunnar á fleiri sviðum en bara þeim hreint tæknilegu. Það er auðséð, að aðalmeiningin með þessari stofnun er sú, að hægt sé að auka afköst sem allra mest, hægt sé að steypa sem flest í sama mótið, gera afköstin þannig meiri og hagnýta yfirleitt tæknina þannig til hins ýtrasta. Nú vita það allir, sem fylgzt hafa með þróun iðnaðar og ekki sízt stóriðju erlendis, hverjir slæmir fylgifiskar sigla þar í kjölfarið, þar sem stóriðja ryður sér til rúms. Og við vitum, að ef við ætlum að fara að gangast fyrir nokkrum iðnaði hér í stærri stíl, þá þurfum við frá upphafi að reyna að gera ráðstafanir til þess að lenda ekki í samsvarandi vandræðum og erlendar stóriðjuþjóðir hafa lent í. Við vitum, að við eigum hér mikla orku til þess að geta notað við þann iðnað, þessa stóriðju, sem við vildum hér koma upp, en það er ýmislegt annað, sem er um leið í húfi. Þegar iðnaður fer að skapast í stórum stíl hjá einni þjóð, er venjulega það, sem sérkennilegast hefur verið við það gamla handverk, það, sem hefur sett að einhverju leyti þjóðlegt mót sitt á handverkið varðandi iðnaðinn á þessum frumstigum, allt saman í hættu. Og ég held það sé nauðsynlegt fyrir okkur að athuga það, þegar við erum að ræða um, hvernig iðnaðarmálastofnun, sem eigi að verulegu leyti að stjórna þróun og ráða svo að segja stíl iðnaðar og stóriðnaðar, sem upp komi, eigi að vera úr garði gerð, að við tökum viss tillit í þessu sambandi. Erlendis hefur það orðið svo, að iðnaðurinn og sérstaklega stóriðnaðurinn hefur orðið til þess að steypa svo að segja allt í sama mótið, gera störf mannanna og framleiðslu þeirra, afurðirnar, sem þeir skapa, vörurnar, sem þeir framleiða, miklu fábreytilegri, ljótari, leiðinlegri og setja þannig á lífið í heild allt annan svip en var. Menn vita, hvað það hefur þýtt venjulega, þegar stóriðjuvörurnar ryðja sér til rúms og eyðileggja það gamla handverk, sem fyrir er, allt saman á grundvelli þess, að þær eru framleiddar í stærri stíl, þær eru framleiddar með fábreyttara móti og þess vegna ódýrari en það handverk, sem fyrir er. Þetta hefur leitt til þess að gera á vissan hátt iðnað nútímans og þær vörur, sem hann framleiðir, miklu fátæklegri frá svo að segja listrænu og frá eiginlega neytendanna sjónarmiði heldur en margt af gamla handverkinu var. Og þetta er á vissan hátt óþarfi. Svo framarlega sem menn leggja sig eftir því, þá er hægt að gera þann nýtízku iðnað að mörgu leyti og hans afurðir fjölbreytilegri og fegurri en gert er, svo framarlega sem ekki er öllu fórnað fyrir „standardiseringuna", fyrir það að steypa allt í sama móti. Þetta er fyrirbrigði, sem allir, sem hafa skipt sér af nútíma iðnaði og hafa hugsað um þetta, hafa tekið eftir og hafa reynt að ráða bót á. Og ég held, að eitt af því, sem þyrfti að reyna að athuga alveg sérstaklega, þegar verið væri að hugsa um slíkar stofnanir eins og hér er að ræða um, sé að koma í veg fyrir svona þróun hér heima frá upphafi, að láta ekki þann iðnað, sem rís upp á Íslandi, verða þannig, að það sé ómögulegt að aðgreina, hvort sá iðnaður sé raunverulega innlendur eða útlendur, — stundum er það kannske hægt, því miður, á því, að gæðin séu verri hjá þeim innlenda, en við skulum segja, að það tækist að laga það, þá hitt, að það hverfur svo að segja allur þjóðlegur svipur af vörunni, þegar farið er að framleiða hana innanlands með þeim nýtízku iðnaðaraðferðum, og þetta er slæmt. Þetta er hlutur, sem þarf að koma í veg fyrir, og það er eitt af því, sem okkur veitti ekki af að fara að hugsa um á þeim sviðum, þar sem þetta á við. Þetta á náttúrlega ekki við á sumum sviðum, og sum framleiðsla, sem iðnaðurinn hefur með að gera, er þess eðlis, að slíkt kemst ekki að, sá kemiski iðnaður t. d., en aftur á móti við ýmislegt, sem snertir vefnað, og við ýmislegt annað fleira kemur þetta fyllilega til greina.

Svo er annað atriði, sem líka er nauðsynlegt að taka tillit til og ekki er minnzt á í sambandi við markmið þessarar iðnaðarmálastofnunar, sem hér er talað um. Það eru áhrif iðnaðarins á manninn sjálfan, svo að segja áhrifin á mannssálina, ef maður vill orða það hátíðlegar. Áhrif iðnaðarins og sérstaklega stóriðnaðarins í fjölda landa hafa orðið þau að þroska þar verkaskiptinguna þannig út í æsar, að það verk, sem hver maður vinnur í sambandi við iðnaðinn, er svo að segja sama verkið ár eftir ár, sama tilbreytingarlausa verkið, að skrúfa einn skrúfnagla eða að berja á einn nagla eða eitthvað annað slíkt, tilhneigingin hefur verið sú að gera manninn sjálfan að eins og litlum hluta af vélinni. Þetta er eitt af því skaðlegasta, sem fylgt hefur nútímaiðnaðinum úti í heimi, og það er engum efa bundið, að þær þjóðir, sem efla hjá sér stóriðjuna án þess að taka tillit til þessa hættulega fyrirbrigðis, eru að rýra ekki aðeins manngildi, heldur líka hugvit og gáfur þeirrar þjóðar, sem svona er meðhöndluð. Það

verður lækkað bókstaflega vitsmunastigið, sem slík þjóð stendur á, ef vaxandi hluti af mönnunum, sem vinna, er gerður næstum því eins og að sálarlausum verkfærum, sem standa við eina vél, gera þar eitt ákveðið handtak og þar með búið. Og það er nauðsynlegt, þegar menn hugsa út í að koma upp iðnaði, jafnvel sjá fram á það, að okkar þjóð eigi að verða að einhverju leyti stóriðjuþjóð, að við höfum opið auga fyrir þessari hættu frá upphafi. Hvað er það, sem hefur gert okkar þjóð á vissan hátt — ég held, að það sé enginn þjóðrembingur, þó að maður segi það — eina af gáfuðustu þjóðum veraldarinnar? Það, sem hefur gert hana það, er hennar glíma við viðfangsefnin, við erfiða náttúru og við viðfangsefnin, þannig að hver einstakur maður verður að þroska sína hæfileika í þessari viðureign, og þetta hefur leitt til þess, að fjöldinn allur með okkar þjóð hefur þroskazt í þessari viðureign, þroskazt á vinnunni og þeirri viðureign, sem hún var við náttúruna, hvort sem það var í landbúnaðinum, sjávarútveginum eða annars staðar.

Ef það ættu fyrir okkur að liggja eitthvað svipuð örlög og t. d. hafa komið yfir ensku þjóðina á síðustu öld í þessum efnum, — sem ég vona nú, að við forðum okkur frá, — þá mundi það þýða að rýra alveg stórkostlega allt það bezta í þjóðareinkennum íslenzku þjóðarinnar sem heildar. Og ég held, að þegar við tölum um iðnað og þróun hans á Íslandi, þá þurfum við frá upphafi að sjá þessar hættur fyrir. Það getur enginn maður hugsað um t. d. þróun stóriðjunnar í Bretlandi á síðustu hálfri annarri öld án þess að verða þess með hryllingi var, hvað þróun stóriðju getur þýtt fyrir eina þjóð í því að rýra beztu þjóðareinkenni hennar, þó að sú sama stóriðja verði um leið til að gera þjóðarheildina og þó fyrst og fremst yfirstéttina með þjóðinni ríkari, miklu ríkari.

Við þurfum þess vegna frá upphafi að sjá þessa hættu og reyna að afstýra henni. Við þurfum að gera okkur það ljóst, að þegar við ætlum að skapa iðnað hér hjá okkur, þá verðum við að haga honum þannig frá upphafi, að við siglum ekki bara í kjölfar þeirra þjóða, sem hafa farið illa með sitt fólk, gert það svo að segja að þrælum vélanna í staðinn fyrir að drottnurum þeirra.

Ég vil minna þá, sem lesa mikið okkar íslenzku skáld, á lýsingu Stephans G. t. d. í Drottinsorðinu á því, hvað stóriðja þýði, ef hún er látin hömlulaust ryðjast inn, og mér sýnist, að öll hugsunin, sem búi á bak við í 1. gr., markmiðinu, sem þarna er miðað við, sé út frá því að gera manninn svo að segja undirorpinn tækninni, láta hann beygja sig fyrir henni, láta hann laga sig að henni, láta hann verða einn hluta af henni, að gera manninn að verkfæri. Ýmsar erlendar þjóðir, og við verðum ekki sízt varir við það t. d. hjá Bandaríkjamönnum, þeim þeirra, sem ganga alveg upp í þeirra miklu tækni, líta næstum því með fyrirlitningu á það, að við skulum hafa t. d. mikið af bókaútgáfu og bókabúðum hér á Íslandi, og eru hissa á, hvað við séum eiginlega að gera með slíkt. Ég held, að hugsunarhátturinn, sem liggur á bak við, markmiðið, sem hérna er sett fyrir svona iðnaðarmálastofnun, sé allt of mikið miðað við það að gera okkur undirorpna þessari tækni, í staðinn fyrir að við ættum að hugsa um það, um leið og við komum tækninni á hjá okkur, að hún er aðeins tæki til þess að þjóna ákveðnum markmiðum, og því aðeins verðum við meiri og betri menn, þegar við höfum alla þessa tækni, að við látum hana ekki ná tökum á okkur, heldur náum sjálfir tökum á henni, að það verði ekki fólkið á valdi véla sinna, eins og Stephan G. komst að orði, sem kemur út úr þessu öllu saman.

Ég vildi þess vegna eindregið mælast til þess við þá n., sem fær þetta mál til athugunar, að hún hugsi ofur lítið um þessa hlið málsins líka. Það veitir ekki af að hafa hugsun um það í tíma. Það er venjulega ekki aftur tekið, sem iðnaður eða stóriðja kann að eyðileggja hjá einni þjóð, því að það er fyrst og fremst hugarfarsleg eða sálarleg mein, sem hún getur þannig unnið.

Ég vildi aðeins minna á þetta, áður en 1. umr. um þetta mál væri lokið, því að ég kann ekki við það, að við bara sníðum okkar löggjöf eftir fyrirmælum erlendra stofnana, þótt góðar kunni að vera á sínu sviði, heldur reynum líka að læra eitthvað af þeim göllum, sem þróun iðnaðarins hefur leitt af sér og hinir beztu Íslendingar höfðu glöggt auga fyrir, þegar þeir komu til Vesturheims og kynntust þar fyrst stóriðjunni.

Að öðru leyti hefur ekki neitt verið hrakið af því, sem ég hef gagnrýnt almennt við þetta frv. hvað snertir þá ringulreið, sem það mundi auka á í sambandi við okkar þjóðarbúskap, í sambandi við það, sem ég hef gagnrýnt um þau pólitísku sjónarmið við skipun þeirrar stjórnar, sem ættu að gefa Sjálfstfl. hreinan meiri hluta þar, eða annað slíkt. Það er að vísu mjög slæmt, ef ekki er hægt að fá meira að segja þá hæstv. ráðh., sem láta svo lítið að vera viðstaddir hér í þinginu, þegar verið er að ræða þeirra mál, til þess að láta í ljós skoðanir þeirra á því, sem þm. koma fram með. Það hefði verið ákaflega heppilegt að geta þannig rætt þetta frv. meira við 1. umr. þess, við þá almennu umr., ekki sízt af því, að þeir þm. úr flestöllum flokkum þingsins, sem hér hafa talað, hafa allir haft meira eða minna og margir mjög mikið út á það að setja.

Ég vil svo að öðru leyti aðeins minna á það bréf, sem prentað var á þskj. 253, frá atvinnumálanefnd ríkisins, og þá rökstuddu dagskrá, sem flutt var í Ed. um þetta mál, til athugunar, þegar kæmi að því að afgr. þetta mál endanlega, en mun eftir þær ábendingar, sem ég nú hef gefið í viðbót við það, sem ég áður hef flutt, láta mínu máli lokið nú, a. m. k. ef ekki gefst tilefni til að ræða frekar um það, sem hér hefur verið fundið að þessu frv. og sannarlega er orðið margt og mikið.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða efnislegar hliðar þessa máls, til þess hef ég ekki kynnt mér það nógu rækilega í einstökum atriðum, en það var aðeins

eitt atriði, sem gaf mér tilefni til þess að standa hér á fætur, og það var í sambandi við umsögn þá, sem vitnað hefur verið hér til og nú síðast af hv. 2. þm. Reykv. (EOl), frá atvinnumálanefnd ríkisins.

Ég hafði ekki ætlað mér, fyrr en það mál hefði verið nánar rætt í þeirri n., að gera það bréf sérstaklega að umtalsefni, en þar sem ítrekað hefur verið til þess vitnað og á því byggð till. um að vísa málinu frá, get ég þó ekki látið hjá líða að taka það fram, að í þessu bréfi mun kannske vera nokkuð mikið lagt í þá skoðun, sem kom fram í nefndinni.

Um það var fyrst og fremst rætt í atvinnumálanefndinni um þetta mál, og um það voru allir á einu máli, að það væru viss atriði í starfi þessarar stofnunar, eins og það væri fram sett í frv., sem benti til þess, að hætta væri á, að stofnunin færi inn á verksvið annarra rannsóknarstofnana, sem fyrir eru í landinu, og m. a. hefur verið bent á eitt atriði út af þessu af hv. þm. Borgf. (PO), varðandi fiskiðnaðinn. Það hefur að undanförnu verið kannað í atvinnumálanefnd, hversu háttað væri starfi rannsóknarstofnana ríkisins, og því miður er þá sögu af því að segja, að það er sannarlega ekki vanþörf á að endurskipuleggja það með einhverju móti, því að það er í sannleika sagt í hálfgerðu, ef ekki algeru öngþveiti, að því leyti til, að stofnanir hafa verið settar þar upp án hliðsjónar af verkefnum annarra stofnana, og jafnvel svo langt gengið, að lög hafa verið sett á sama þingi, þar sem um hefur verið að ræða, að tveimur stofnunum hefur verið fengið sama verkefni.

Þetta hlýtur að verða að endurskoða og breyta. Og það var með hliðsjón af þessum atvikum, sem mál þetta var rætt í atvmn., en ég tók það þar fram að mínu leyti, þegar um þetta var rætt, og var sammála mínum meðnm. varðandi þetta atriði, en benti hins vegar á, að það gæti verið nokkrum vandkvæðum bundið að setja alls ekki löggjöf um þessa stofnun, þar sem hún væri þegar komin á laggirnar hvort sem væri og farin að starfa. Það, sem væri höfuðatriðið, væri að tryggja það, að meðan ekki væri endanlega gengið frá lagasetningu um rannsóknarstofnanir ríkisins, sem atvmn. hefur í hyggju að koma á framfæri, færi þessi stofnun ekki inn á verksvið þeirra stofnana, sem fyrir væru.

Þetta var minn skilningur á afstöðu n. til málsins, en ekki það, að það ætti að leggja megináherzlu á, að málinu í heild ætti að fresta af þessum sökum, ef hægt væri að finna á þessu einhvern skynsamlegan fyrirvara eða það nægilega áskilið og þess nægilega gætt af þeim aðilum, sem fara með mál þessara stofnana, að þennan tíma, þangað til lagasetning um þetta væri fengin, væri ekki hætta á því, að stofnunin færi inn á verksvið þeirra stofnana, sem fyrir eru, hvorki iðnaðardeildar háskólans, Fiskifélagsins né annarra slíkra aðila. En það gefur auðvitað auga leið, að það getur verið nokkuð erfitt um lengri tíma að hafa stofnun sem þessa löggjafarlausa, engin ákvæði um það, hvernig henni eigi að vera stjórnað, og ég hygg, að jafnvel þó að verði komið á einhverri heildarlöggjöf um rannsóknarstofnanir ríkisins, þá verði erfitt að koma því svo fyrir, úr því að landbúnaður og sjávarútvegur hafa sínar tæknistofnanir, að þá verði ekki einnig í sambandi við iðnaðinn, sem er mjög vaxandi atvinnuvegur, einhvers konar tæknistofnun, í hvaða formi sem hún yrði. Það auðvitað skiptir mestu máli að ganga þannig frá öllum þessum stofnunum, að þær séu ekki að sinna hver annarrar verkefnum og að það nýtist sem bezt hæfileikar og starfsgeta þeirra krafta, sem þar er um að ræða.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram hér á þessum fundi, að að þessu leyti er kannske nokkuð sterkt til orða tekið í því bréfi, sem sent hefur verið frá atvmn., að það hafi verið einróma skoðun hennar, að það ætti að fresta málinu í heild.

Ég hafði ekki ætlað mér að ræða um þetta, fyrr en ég væri búinn að koma athugasemd minni á framfæri í n. varðandi bókun um þetta atriði, en þar sem þetta, eins og ég áðan sagði, hefur verið fært fram sem beinlínis ástæða fyrir till. um að fresta málinu í heild, taldi ég rétt að láta koma fram þessa skoðun mína. Og ég skal taka það strax fram, að ég tala hér aðeins fyrir mig sjálfan og hef ekkert umboð til þess að skýra þar sjónarmið annarra nm. í atvmn. Það kann vel að vera, að þeir hafi öðruvísi á þetta mál litið, og kemur það fram á sínum tíma.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Nd., 9 febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Jafnvægi í byggð landsins.

Á 88. fundi í Ed., 20. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins [191. mál] (stjfrv., A. 496).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. 1. gr. þess frv., sem ég hef leyft mér að bera hér fram, hljóðar þannig:

„Tilgangur þessara laga er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlunargerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim

landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa, í því skyni að auka skilyrði til fólksfjölgunar eða draga úr fólksfækkun í þeim landshlutum."

Hér er í fáum orðum lýst greinilega tilgangi þessa frv., en frv. fylgir mjög ýtarleg grg., og ég tel þess vegna, að ég geti látið mér nægja að fylgja því úr hlaði með örfáum orðum, og þá ekki síst vegna þess, að hæstv. forseti þessarar d., hv. þm. Barð. (GíslJ), er annar af höfundum þessa frv., en hinn höfundurinn er hv. þm. N-Þ. (GíslG).

Forsaga málsins er í fáum dráttum þessi: Á Alþ. var árið 1953 borin fram í Sþ. till. til þál. um undirbúning heildaráætlunar í þeim tilgangi að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Flm. þeirrar till. voru hv. alþm. Sigurður Bjarnason, Gísli Jónsson, Gísli Guðmundsson, Magnús Jónsson, Eiríkur Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson og Jón Sigurðsson. Till. var svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að heildaráætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa sökum erfiðra samgangna og skorts á raforku og atvinnutækjum. Að slíkum undirbúningi loknum skal ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi tillögur sínar um nauðsynlegar framkvæmdir. Skulu þær stefna að því að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins og tryggja sem mest framleiðsluafköst þjóðarinnar. Fiskifélag Íslands, Búnaðarfélag Íslands og Landssamband iðnaðarmanna skulu vera ríkisstjórninni til aðstoðar við starf þetta."

Alþingi samþykkti þessa till. óbreytta þann 4. febr. 1953. Ríkisstj. ákvað síðan að fela alþm. Gísla Jónssyni og Gísla Guðmundssyni að vinna að undirbúningi þessa máls, og þann 29. júní 1954 ritaði atvmrn. þeim bréf, þar sem þeim var falið að vinna að undirbúningnum og semja heildaráætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa sökum erfiðra samgangna og skorts á raforku og atvinnutækjum, samkvæmt því, sem lagt var til í þingsályktuninni.

Í lok Alþ. 1954—55 bar allshn. Sþ. fram till. um ráðstafanir til atvinnuaukningar, og var þessi þáltill. samþ. á Alþ. 11. maí 1955. Var sú till. í raun og veru brtt. við till., sem þeir Sigurður Bjarnason, Gísli Jónsson og Kjartan J. Jóhannsson höfðu borið fram um ráðstafanir vegna vaxandi rányrkju á fiskimiðum fyrir Vestfjörðum. Þessi till. allshn. var svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram rannsókn á því fyrir næsta þing, hverjar ráðstafanir séu tiltækilegar til þess að bæta úr atvinnuerfiðleikum þeirra landshluta, sem harðast hafa orðið úti vegna vaxandi rányrkju fiskimiðanna eða skorts á atvinnutækjum."

Þar sem þessi síðari þáltill. fjallaði um hliðstæð málefni og þáltill. frá 4. febr. 1953, fól atvmrn. alþm. Gísla Jónssyni og Gísla Guðmundssyni að vinna að rannsókn þeirri, sem um ræðir í þáltill. frá 11. maí 1955, jafnframt því sem þeir ynnu að þeim störfum, sem þeim var falið með bréfi atvmrn. 29. júní 1954.

Hér var við margháttuð og erfið vandamál að etja, sem brýna nauðsyn bar til að kryfja til mergjar og finna skynsamlegar leiðir til úrbóta. Hinir stórfelldu fólksflutningar á undanförnum árum, fyrst og fremst úr sveitum til sjávarsíðu og frá kauptúnum og minni kaupstöðum til Reykjavíkur og bæjanna við sunnanverðan Faxaflóa, hafa verið meiri en þjóðfélaginu er hollt. Þeir hafa skapað örðugleika í þeim héruðum, sem fólkið fluttist úr, og einnig í þeim bæjum, sem það fluttist til, og þá sérstaklega vegna húsnæðisskorts.

Árangurinn af starfi alþm. Gísla Jónssonar og Gísla Guðmundssonar er það frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, sem hér er lagt fram. Eins og grg. ber með sér, hefur hér verið unnið mikið og ágætt starf til þess að skýra þau viðfangsefni, sem við er að fást.

Frv. er í tveimur köflum. Fyrri kaflinn gerir ráð fyrir, að Alþ. kjósi að loknum alþingiskosningum hverju sinni fimm manna jafnvægisnefnd. N. á að safna gögnum um ástand og atvinnuhorfur í hinum einstöku byggðarlögum og gera skýrslur um allt það, er máli skiptir fyrir framkvæmdir til jafnvægis. Á grundvelli þessara gagna verða síðan gerðar áætlanir um framkvæmdir í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Í síðari kafla frv. er ákveðið, að stofna skuli sjóð, sem nefnist jafnvægissjóður, og er hlutverk hans að veita fjárhagslegan stuðning til eflingar atvinnulífi í samræmi við þann tilgang l. að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Stofnfé jafnvægissjóðs á að verða í fyrsta lagi 5 millj. kr. framlag samkvæmt XLV. tölul. 22. gr. fjárl. þessa árs; í öðru lagi fé það, sem ríkissjóður hefur lánað til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu samkvæmt 20. gr. og 22. gr. fjárlaga; í þriðja lagi inneignir ríkissjóðs hjá lántakendum ríkisábyrgðarlána vegna afborgana og vaxta, sem ríkissjóður hefur greitt af þessum lánum síðustu 10 árin fyrir gildistöku þessara laga. Þessar kröfur verða afhentar sjóðnum til fullrar eignar. Hins vegar er engin vissa fyrir því að sjálfsögðu, hvers virði þær kunna að reynast.

Frv. gerir ráð fyrir, að tekjur jafnvægissjóðs verði þessar: Í fyrsta lagi vaxtatekjur, í öðru lagi 5 millj. kr. árlegt framlag úr ríkissjóði, í þriðja lagi skuldir, sem ríkissjóður eignast samkvæmt 2. og 3. tölul. 9. gr. l. eftir gildistöku þeirra og ég áðan greindi frá.

Stjórn jafnvægissjóðs veitir lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Gert er ráð fyrir, að Framkvæmdabankinn annist afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins.

Til þess að tryggja sem bezt efnahag sjóðsins er svo fyrir mælt, að ekki megi veita eftirgjöf á skuld, nema samþykki Alþ. komi til, og er þá jafnframt svo til ætlazt, að ríkissjóður bæti sjóðnum að hálfu þá upphæð, sem gefin hefur verið eftir, innan árs frá því að eftirgjöfin var veitt.

Ég álít, að hér sé um mjög merkilegt mál að

ræða. Til þess ber brýna nauðsyn, að haldið sé uppi starfi og framleiðslu hvarvetna á landinu, þar sem lífsskilyrði eru góð. Þess vegna er eðlilegt, að hið opinbera hlutist til um stuðning við þau byggðarlög, sem skortir atvinnutæki til þess að tryggja íbúum sínum lífvænlega afkomu og atvinnuöryggi.

Ég þykist nú mega vænta þess, að þetta frv. sæti ekki andstöðu neins þingflokks og eiginlega tæplega nokkurs þm., og ég teldi mikils um vert, ef hægt væri að greiða svo götu þess, að það næði samþykki hæstv. Alþ., áður en þingi yrði lokið, enda þótt allir voni, að mjög bráðlega dragi að þinglokum.

Í von um þetta, í von um þá skjótu afgreiðslu, sem frv. verðskuldar, leyfi ég mér svo að óska eftir því, að að þessari umr. lokinni verði því vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 496, n. 514).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Á fyrri helmingi þessarar aldar hefur orðið meiri bylting í atvinnuháttum og lífskjörum Íslendinga en á nokkurri annarri öld, frá því er landið byggðist. Á þessu tímabili hefur tæknin fremur en nokkuð annað sett merki sitt á þjóðlífið, bæði til lands og sjávar. Hin byltingarkennda tækniþróun hefur breytt höfuðborg landsins úr 5000 manna fátæku þorpi í 60 þús. manna borg með nýtízku byggingum, hitaveitu, rafmagni, iðjuverum, hafnarmannvirkjum, glæsilegum skólum, skemmtistöðum leiks og lista og margvíslegum menningartækjum, svo sem listasöfnum, útvarpi, síma, leikhúsum og kvikmyndahúsum. Upp hafa risið sjúkrahús og heilsuverndarstöðvar, lagðir vegir, götur og flugvellir, vatns- og skólpæðar og sitthvað annað, sem fjölbýlið útheimtir. Umhverfis höfuðborgina rísa upp í vaxandi mæli þorp, bæði til sjávar og sveita, með svipuðum lífsþægindum og höfuðborgin sjálf og hafa á margan hátt stuðning af því margbrotna athafnalífi, sem daglega iðar í sjálfri höfuðborginni, og yzt á Reykjanesskaga, á gróðurlausu brunahrauni, rís upp önnur borg með sérstöku sniði, sérstökum þjóðháttum og sérstakri menningu í krafti gulls- og gróðavona, mögnuð sterkum erlendum áhrifum og ógnar á margan hátt því jafnvægi, sem íslenzkum atvinnuháttum er lífsnauðsynlegt. Samfara þessu vaxa einstaka þorp og bæir annars staðar á landinu, einkum þar sem hráefni til framleiðslunnar eru auðfundin, og með því að eftirspurn eftir vinnuafli er miklu meiri á þessum stöðum en viðkoman, lífskjörin betri en í fámenninu, glaumurinn og gleðin meiri, sogast fólkið til þessara staða frá hinum dreifðu byggðum, dregst þaðan að fjölbýlinu eins og segullinn að stálinu.

Það er ljóst, að slík bylting í lífi þjóðar eins og hér hefur átt sér stað skapar margvíslegan vanda, sem mæta verður með fullkomnum skilningi og fullkominni festu. Það er að sjálfsögðu þýðingarlaust að ætla sér að spyrna á móti broddunum eða stöðva með berum höndum þunga straumelfunnar, sem fellur af fjöllum til sjávar samkvæmt órjúfanlegu lögmáli náttúrunnar, en tæknin hefur þó vísað veginn til þess að fjötra slík öfl og benda þeim í rétta átt, þjóðunum til gagns og blessunar.

Það verður tæplega um það deilt, að héruðin umhverfis höfuðborg landsins mundu geta brauðfætt alla þjóðina, þótt hún flyttist þangað, sem nú er helzt útlit fyrir að verði, ef ekkert er að gert til þess að stöðva þann þunga straum, sem þangað liggur. En hitt er þá og jafnljóst, að þetta mundi ekki einasta skapa mikinn vanda, bæði fyrir þá staði, sem fólkið flykkist til, sem hina, er fólkið flyttist frá, heldur mundi og skapast við það allt annar og lakari þjóðfélagskjarni en ef fólkið væri dreift um allar byggðir landsins, svo sem verið hefur frá landnámstíð, og einmitt það lóð ætti að verða þyngra á vogarskálunum en flest annað, er meta skal, hvort rétt sé að stefna að því að halda öllum landshlutum í byggð, eftir því sem mögulegt er, eða færa fólkið saman í þéttbýli, svo sem nú er stuðlað að á margan hátt.

Ekkert er einni þjóð eins skaðlegt og múgsefjun. Er óþarft að fletta mörgum blöðum veraldarsögunnar til þess að sannfærast um, hvaða böl hún hefur leitt yfir þjóðirnar, einnig þær, sem talið er að standi á hæstu menningarstigi. En múgsefjunin hefur engin þroskaskilyrði þar, sem einstaklingurinn er í beinni snertingu við náttúruna og þreytir fangbrögð við erfiðleika vinds og veðra, svo sem jafnan hefur verið hlutskipti Íslendinga. Við slík uppeldisskilyrði er það hin sjálfstæða hugsun, sem þroskar og skapar manninn og mótar, og sá harði og holli skóli lífsins hefur skapað þann kjarna, sem þessari þjóð hefur jafnan verið ómissandi til þess að geta lifað hér menningarlífi í þessu harðbýla, en fagra landi. Og það er vegna þessara sanninda, að Alþingi er sammála um, að gera skuli sérstakar ráðstafanir til þess að stuðla að því, að jafnvægi haldist í byggðum landsins, og að spyrna fótum við óeðlilegum fólksstraumi til þéttbýlisins frá hinum afskekktu byggðum.

Frv. því á þskj. 496, sem hér er til 2. umr., ef að lögum verður, og þeim framkvæmdum, sem gerðar verða samkvæmt fyrirmælum þeirra laga, er ætlað að verða varnarveggur gegn flóttanum frá strjálbýlinu, viðspyrna gegn flóttanum frá manndómsátökunum við erfiðleikana til auðveldari afkomu, meiri glaums og gleði og glæstra vona um fljóttekinn gróða og margvísleg lífsþægindi, sem oft verða vonbrigði ein. Því er ætlað að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og tilgangur þess er markaður skýrum dráttum í 1. gr. frv.

Frv. þessu, sem samið er af tveim þm., er til voru kjörnir af ríkisstj. til þess að undirbúa heildaráætlun í þeim tilgangi að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins, fylgir ýtarleg grg. og fylgiskjöl, sem sýna, hvaða starf hefur

verið innt af hendi í sambandi við þennan undirbúning, áður en frv. er samið, og að ákvæði frv. eru í órjúfanlegu sambandi við þau verk, sem þar voru unnin. Ég mun því ekki hér fara langt út í þau atriði, sem upplýst eru í grg. og fskj., enda voru þessi atriði ýtarlega skýrð hér af hæstv. forsrh. við 1. umr. um frv.

Mér þykir hins vegar rétt að fara hér nokkrum orðum um einstök atriði, er mér hefur virzt af samtölum við einstaka hv. þm., eftir að frv. var útbýtt, að valdið hafi nokkrum misskilningi eða sætt nokkurri gagnrýni. Í sambandi við það vil ég leyfa mér að benda á, að frv. í heild og sérhverja grein þess verður að vega og meta með tilliti til þess, hvort unnt sé að ná þeim tilgangi, sem ákveðið er í 1. gr. frv., og hvort það reynist hægara og öruggara að öðrum leiðum. Allar breytingar, sem kunna að verða gerðar á frv., verður fyrst og fremst að miða við þetta, en 1. gr. frv. er sett í fyllsta samræmi við samþykkt Alþingis og þá stefnu, sem mörkuð var með þáltill. þeim, sem samþykktar voru um þetta efni. Gagnrýni sú, sem ég hef hér minnzt á, snertir einkum ákvæði 4. og 5. gr. frv. og ákvæði 9. gr.

Mér hefur verið bent á, að með ákvæðum 4. og 5. gr. frv. væri jafnvægisnefndin að seilast inn á verksvið annarra stofnana, svo sem hagstofunnar, Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands, með því að safna efni til skýrslugerða og gera skýrslur um þau atriði, sem þar eru fram tekin. Út af þessu vil ég taka fram eftirfarandi: Það er frumskilyrði til að geta haft heildaryfirlit yfir allt það, er snertir jafnvægi í byggð landsins, og þær áætlanir, sem gera þarf á hverjum tíma til atvinnubóta á hverjum stað, að fyrir liggi allar þær upplýsingar, sem um er getið í frv. Án þess væri þetta verk óvinnandi fálm. Vísa ég hér sérstaklega til athugasemda um 5. gr. í grg. frv. Þær margvíslegu upplýsingar, sem þegar liggja fyrir, hafa verið fengnar með aðstoð þeirra stofnana, sem þessi verk vinna og vinna þau áfram, þótt þetta frv. verði að lögum óbreytt. Hér er því á engan hátt hugsað til þess að ganga inn á verksvið þeirra, heldur að hafa við þær fulla samvinnu og njóta að fullu aðstoðar þeirra, svo sem verið hefur í sambandi við undirbúning málsins. Finn ég ástæðu til þess að taka það hér fram, að þessar stofnanir allar létu í té þær upplýsingar, sem um var beðið, með fyllstu samúð við málefnið, og kom aldrei fram í umræðum við þær, að á því væri nokkur hængur. Ég tel því víst, að uggur sá, sem gripið hefur einstaka menn, að hér sé verið að ganga inn á svið þessara stofnana, sé alveg ástæðulaus. Læt ég því nægja að segja þetta um það atriði.

Ákvæði 9. gr. er aftur á móti miklu þýðingarmeira mál. Það þykir orka mjög tvímælis, hvort rétt sé að afhenda sjóðnum þær kröfur, sem ríkissjóður á nú á hendur ýmsum aðilum vegna framlaga undanfarinna ára til atvinnubóta á ýmsum sviðum á landinu og vegna lána, sem kunna að vera í vanskilum.

Ég vil einnig hér vísa til athugasemdanna í grg. við 9. gr. frv. Því ber ekki að neita, að þótt hér hafi aldrei verið um að ræða annað en lán til þessara aðila, þá líta margir svo á, að lán þessi eigi aldrei að endurgreiða. Þessi skoðun er að mínu áliti bæði röng og skaðleg, og er ég alveg viss um, að ef frá upphafi hefði átt að úthluta þessu fé hér á Alþ. sem gjöf eða sem styrk, þá hefði þar ekki verið farið eftir þeim reglum, sem gilt hafa um úthlutun á lánunum. Það má að sjálfsögðu deila um það, hversu mikils virði þessar kröfur kunna að vera, og samkvæmt ákvæðum frv. hefur Alþ. það jafnan í hendi sér að afskrifa þær eftir föstum reglum. En að afskrifa þær nú skilyrðislaust tel ég að komi ekki til mála, og þá er sú leið, sem hér er farin, sjálfsögð.

Með þessu skipulagi fá þessi mál allt annan og betri blæ. Það hefur því miður þróazt sú skoðun hjá allt of mörgum, að sjálfsagt sé að nota sér alla möguleika til þess að klófesta fé ríkissjóðs undir einhverju yfirskini og síðar að greiða það ekki aftur, og þó að flest af því, sem veitt hefur verið hér, hafi verið nauðsynlegt og rétt, þá hefur og annað flotið með, sem ekki var jafnsjálfsagt og aldrei hefði verið lagt fram sem beinn styrkur, ef Alþ. hefði átt að skipta fénu.

Með því að láta sjóðinn fá þessar kröfur skapast nýtt viðhorf, því að fénu verður þá áframhaldandi varið til uppbyggingar í hinum afskekktu byggðum landsins. Menn eru því raunverulega að vinna að heill sinna eigin sveita með því að endurgreiða upphæðina, ef til þess eru möguleikar, en það er á valdi sjóðsstjórnarinnar að meta það á hverjum tíma. Ég held, að hér sé um svo mikilvægt atriði að ræða, að ef þetta ákvæði yrði fellt úr frv., tel ég, að hinum fjárhagslega grundvelli sjóðsins sé raskað svo, að ekki verði við unað. Skal ég ekki ræða þetta efnislega frekar, nema tilefni gefist til.

Elns og hæstv. forsrh. tók fram hér við 1. umr., þá er þess mikil þörf, að þetta merka mál nái fram að ganga og að frv. verði gert að lögum á þessu þingi. Undir þetta hefur hæstv. fjhn. þessarar d. tekið með því að afgreiða málið til 2. umr., svo sem fram kemur í nál. á þskj. 514. Einn nm., Haraldur Guðmundsson, var ekki viðstaddur þegar málið var afgr. í n., og gerir hann því væntanlega grein fyrir afstöðu sinni hér við þessa umr. Aðrir nm. hafa óbundnar hendur um að bera fram brtt. eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Í 10. gr. frv. er prentvilla, röng tilvísun, sem löguð verður í skjalaparti, og hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að leiðrétta það.

Að svo mæltu vildi ég mega vænta þess, að hv. d. samþykkti frv. óbreytt.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Vegna þess að hæstv. forsrh. óskaði sérstaklega eftir því, að frv. þessu yrði hraðað, og með því að hæstv. forseti d. lagði mikla áherzlu á hið sama, bæði hér í d. og í fjhn., gekk ég inn á það í fjhn. að tefja ekki málið þar og skrifaði undir nál. og mælti með samþykkt frv., en áskildi mér rétt til þess að bera fram brtt., og svo gerðu aðrir nm.

Ég taldi mig geta mælt með því, að frv. yrði

samþ., af því að ég var samþykkur stefnu þess, en hins vegar hafði ég ekki athugað það nægilega í einstökum atriðum og hafði því fyrirvara um þau. Nú hef ég lesið frv. og athugað, þótt eigi hafi mér gefizt tími til þess að gera það svo rækilega sem ég tel þurfa um svo óvenjulegt og stórt mál, en við þennan fljótlega yfirlestur hef ég rekið mig á ýmislegt, sem ég tel að rétt sé að breyta í frv., og efast varla um það, að þeir, sem frv. hafa samið, geti fallizt á a. m. k. sumt af því, sem ég tel að betur mætti fara.

Í 2. gr. frv. segir:

„Nefndin velur sér formann og ritara. Nefndinni er heimilt að ráða hagfróðan mann í þjónustu sína svo og fleiri starfsmenn, ef ríkisstj.. samþykkir."

Hér er talað um, að nefndinni sé heimilt að ráða sér aðstoð og heimilt að ráða sér hagfróðan mann, einn hagfróðan mann. Verkefni n. er svo stórt og nær yfir svo margþætta starfsemi, að ég hygg, að til þess geti þurft að taka að fá aðstoð fleiri en eins hagfróðs manns, enda finnst mér liggja ljóst fyrir, að n. sjálf hefur litið svo á, því að í skýringu í athugasemdum þeim, sem fylgja frv. um einstakar greinar, segir einmitt nefndin: „Nefndinni er nauðsynlegt að ráða í þjónustu sína hagfróðan mann, einn eða fleiri." En í frv. er aðeins gert ráð fyrir heimild til að ráða einn slíkan mann. Þetta held ég að ætti að leiðrétta, og þetta efast ég varla um að nefnd sú, er samdi frv., telji réttmæta athugasemd, sem hún geti fallizt á.

Í 5. gr. er talið upp, hvað *jafnvægisnefnd* skuli útvega af skýrslum til að byggja störf sín á. Þetta er geysilega margt. Það er í 23 liðum, og gæti manni fundizt, að hér væri í l. farið inn á það svið, sem telja mætti á sviði reglugerðar, er stæði á bak við lögin. Og úr því að farið er að telja upp svona marga liði í lögunum sjálfum, sakna ég hér í upptalningunni atriða, sem ég tel fullt svo rétt að fram komi í lögunum eins og sumt það, sem þar er fram tekið, og einstök atriði finnast mér vafasöm í upptalningunni. 2. liður upptalningarinnar hljóðar svo, en hann er um, hvaða skýrslur skuli fá um afkomu einstaklinga í hreppum, sýslum og kaupstöðum: „Nefndin á að útvega skýrslur um nettótekjur einstaklinga í hreppum, sýslum og kaupstöðum." Nú sé ég ekki, að sérstök ástæða sé til þess að taka fram, að það skuli vera nettótekjur, sem lagðar verði til grundvallar við það starf, sem n. framkvæmir. Mér virðist miklu eðlilegra að segja, að afla skuli skýrslna um tekjur einstaklinga. Ef meta á afkomu í einhverju byggðarlagi, sýna ekki nettótekjurnar sérstaklega þá afkomu. Það skiptir vitanlega mestu máli, hvað kostar að afla teknanna, svo að brúttótekjur ættu líka að athugast, og enn fremur skiptir máli, hvað margt fólk hjá framteljandanum þarf til þess eða hvað fjölskyldan er stór, sem aflar teknanna, svo að til greina eiga líka að koma athuganir á skattskyldum tekjum. Ég skil varla í, að menn geti ekki yfirleitt fallizt á það, að hér eigi að vera um öflun skýrslna um tekjur einstaklinga að ræða.

Í 3. liðnum segir í niðurlagi um skýrslusöfnunina: „Skal vera sérstök skýrsla um laus lán (til stutts tíma) og önnur lán (til langs tíma)." Ekki sé ég, hvaða þýðingu þetta hefur, og ekkert er fram tekið um það, hvað er „*stuttur tími*" og hvað er „*langur tími*" í þessu sambandi.

Þá vil ég minnast á 6. liðinn. Samkvæmt honum á að afla skýrslna um skiptingu persónulegra styrkja úr ríkissjóði eða frá ríkisstofnunum *eftir sýslum og kaupstöðum*. Ekki veit ég nú gerla, hvað átt er við með persónulegum styrkjum, en ég sé ekki, að það skipti eiginlega nokkru verulegu máli í sambandi við afkomu eins byggðarlags, hvort það eru meiri eða minni persónulegir styrkir úr ríkissjóði eða frá ríkisstofnunum, sem fólkið þar fær, t. d. skiptir það ekki máli í sambandi við jafnvægið, hvort einhver í byggðarlaginu fær framlag af 18. gr., eða ég get ekki séð það. Ég held þess vegna, að það mætti gjarnan fella þennan lið niður og fækka þannig upptalningunni.

Fleira finnst mér hér en það, sem ég hef nefnt, nokkuð óákveðið. 17. liðurinn er þannig: „Um framleiðslutæki til sjávarútvegs og iðnaðar í kauptúnum og kaupstöðum, eftir því sem nánar verður ákveðið." En nánar ákveðið af hverjum?

Fleiri liðir eru með slíkum viðtengingarliðum, en 22. liðurinn þó á nokkuð sérstakan hátt. Þar stendur: „Um verðmæti og ástand eyðijarða og ónotaðra mannvirkja í hverri sýslu, hreppi og kaupstað, utan nánar tiltekinna þéttbýlissvæða." — „Utan nánar tiltekinna þéttbýlissvæða." Með þessu er mjög litið ákveðið í l. og ekki sagt, hverjir tiltaka nánar þau svæði, sem ekki þurfa rannsóknarinnar við og ekki *skipta máli, þegar um jafnvægið* er að ræða.

Það, sem ég tel þá sérstaklega vanta hér í upptalninguna, miðað við það, hvað margt er talið upp, er það, að ekki er gert ráð fyrir því, að safnað sé skýrslum um afrakstur, t. d. aflaskýrslum. Það er gert einmitt ráð fyrir að safna skýrslum um úthöldin eða skipastólinn, en hitt skiptir ekki minna máli, að þessi skipastóll hafi skilyrði til að ganga á þau mið, sem ekki eru veiðileysur. Og þegar meta á, hvort á að hjálpa einhverju byggðarlagi, sem virðist eiga erfitt uppdráttar, þá finnst mér mjög koma til greina, hvort byggðarlagið hefur í raun og veru þá aðstöðu að geta til frambúðar rekið atvinnu, sem ber sig vel. Aflaskýrslur eru einna *þýðingarmestu skýrslurnar í sambandi* við það að kynnast skilyrðum byggðarlaga við sjóinn.

Sama má segja um það, að það er ekki nóg að vita fjölda búpenings, ef ekki er vitað um, hvaða afrakstur hann gefur, hvort hann hefur í raun og veru fullkomin afurða- og vænleikaskilyrði á þeim slóðum. Og ekki er heldur nóg að vita, hvað dagsláttur eru margar, sem ræktaðar eru; hitt skiptir ekki minna máli að vita, hvað fæst af þeim dagsláttum í meðalári.

Ég tel, að þetta, sem ég hef nú nefnt, mætti vera í reglugerð, en nú er ekki gengið út frá

reglugerð, og þess vegna nefni ég þetta, tel, að það megi ekki vanta til samræmis í greinina.

Þá vil ég minnast á 9. gr., þar sem talað er um stofnfé jafnvægissjóðs, og sérstaklega vil ég þó minnast á síðustu mgr., en hún er svo hljóðandi:

„Kröfur ríkissjóðs vegna lána og greiðslu vanskilaskulda samkvæmt þessari grein skulu afhentar jafnvægissjóði til eignar, um leið og hann tekur til starfa. Stjórn sjóðsins (jafnvægisnefnd) er heimilt að semja við skuldunauta um greiðsluskilmála, og má þá, ef ástæða þykir til, sbr. 1. gr., taka tillit til greiðslugetu þeirra."

Ég tel, að jafnvægisnefnd sé í þessari mgr. og í fleiri gr., sem á eftir fara, gefið of mikið einræðisvald. Ég tel, að þótt hún hafi frumkvæði um þessi atriði, sé rétt að takmarka vald hennar við það, að hún þurfi samþykki ríkisstjórnar til þess að framkvæma þetta, sem hér er um rætt, að semja við skuldunauta um greiðsluskilmála, þegar um fé það er að ræða, sem hún hefur fengið til umráða, og einnig ákvarðanir, sem koma fram í seinni greinum, sem ég kem að síðar.

Um 10. gr. vildi ég sérstaklega segja það, að þar er gert ráð fyrir í 2. tölulið, að tekjur jafnvægissjóðs árlega séu árlegt framlag úr ríkissjóði 5 millj. kr.

Nú er stefnt að því að gera þetta frv. að lögum, eða síðasta gr. þess bendir til, að það vaki fyrir þeim, sem frv. hafa samið og lagt fram, en búið er að afgreiða fjárlög, og þetta væri að fara inn á svið fjárl., að ákveða það, að úr ríkissjóði skuli koma á þessu ári 5 millj. kr. Ég tel, að hér þurfi að koma viðlíður um það, að í fyrsta sinn komi til þessarar greiðslu úr ríkissjóði árið 1957, þ. e. á næsta fjárlagaári. Ég tel, að það eigi ekki við að fara að samþykkja útgjöld úr ríkissjóði utan fjárlaga á þennan hátt.

Í upphafi 11. gr. segir: „Úr jafnvægissjóði má veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum." Svo er enn fremur sagt í niðurlaginu um tryggingu fyrir þessum lánum, að um vexti og afborgunarskilmála fari eftir ákvörðun jafnvægisnefndarinnar hverju sinni. Mér þykir þetta of mikið vald, sem hugsað er að gefa jafnvægisnefnd, og ég tel, að hér eigi að skjóta inn í, að úr jafnvægissjóði megi veita með samþykki ríkisstj. lán o. s. frv., og skilmálar láns eigi líka að fá samþykki ríkisstjórnar.

Í 13. gr. kemur þetta sama fyrir. Þar er sagt: „Eigi má veita eftirgjöf á skuld, sem er eign jafnvægissjóðs, nema samþykki Alþingis komi til." Þar er það að vísu bundið með samþykki Alþingis, en ég tel eðlilegt, að ríkisstj. sé með í ráðum og þess vegna komi þarna inn, að heimilt sé að gera þetta með samþykki ríkisstjórnar og Alþingis. Hér er líka um það að ræða, að lán þau, sem gefa á eftir, eiga að bætast upp að hálfu með sérstöku framlagi ríkissjóðs. Þetta er vitanlega tryggingarákvæði, til þess að sjóðurinn tapi ekki að fullu þeim lánum, sem oft þurfa vitanlega við þessa starfsemi að vera áhættusöm lán, og ég skal ekki lasta þetta. Það er lagt til af umhyggju fyrir sjóðnum. En ég tel rétt, að þannig sé um hnúta búið, að stjórn ríkisins hafi þar hönd í bagga og hennar samþykki þurfi til.

Enn er þetta sama atriði í 14. gr. Þar stendur: „Nú er langvarandi atvinnuleysi í kaupstað, og er þá heimilt að veita úr jafnvægissjóði fjárhagslega aðstoð til fjölskyldna, sem sækja um slíka aðstoð, til þess að flytjast búferlum í annað sveitarfélag, þar sem þær hafa möguleika til að sjá sér farborða til frambúðar að dómi jafnvægisnefndar, enda sé það álit nefndarinnar og hlutaðeigandi sveitarstjórna, að búferlaflutningurinn stuðli að jafnvægi í byggð landsins."

Án þess að fara nánar út í efni þessarar greinar, held ég, að sjálfsagt sé, að til þess að veita fé til slíkra fólksflutninga þurfi samþykki ríkisstjórnarinnar.

Svo er að lokum síðasta greinin, 15. gr. Hún er á þessa leið: „Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal jafnvægisnefnd kosin í fyrsta sinn á Alþingi því, er samþykkir lögin." Annars er gert ráð fyrir því, að jafnvægisnefnd sé kosin eftir að alþingiskosningar hafa farið fram. Nú skilst mér, að alþingiskosningar séu nærri dyrum og sennilega nær dyrum en þeir hafa gert ráð fyrir, sem sömdu frv. á þeim tíma, sem það var samið, og því tel ég, að þótt lögin öðlist gildi á þessu þingi, sé ekki nauðsynlegt að gera það frávik, sem í greininni er gert ráð fyrir, að kjósa jafnvægisnefndina fyrr en að afstöðnum alþingiskosningum.

Þá finnst mér, að inn í frv. vanti helzt nýja grein, þar sem tekið væri fram um endurskoðun reikninga sjóðsins og að þeir skuli birtir í Stjórnartíðindum. Um þetta er ekkert talað í frv., en af því að þar er á margt minnzt, sem er ekki stórvægilegt á móti þessu, tel ég, að þetta megi ekki vanta. Starfsemi sjóðsins á að fara fram í Framkvæmdabankanum. Nú getur verið spurning, hvort endurskoðendur Framkvæmdabankans eigi að endurskoða reikninga sjóðsins, það væri nokkuð eðlilegt. Enn fremur gæti komið til mála, að endurskoðendur ríkisreikninga önnuðust þá endurskoðun. En þetta tel ég nauðsynlegt að taka fram og fullkomlega viðeigandi.

Hér er um svo þýðingarmikið mál að ræða, sem starfsemi sjóðsins er fyrir almenning í landinu, að nauðsynlegt er, að hann fylgist með því, og víst munu sveitarstjórnir telja sér skylt að gera það, og þá þurfa þær að eiga aðgang að reikningum sjóðsins, og mér finnst sjálfsagt að gera ráð fyrir því, að þeir verði birtir árlega í Stjórnartíðindum eins og er um marga aðra reikninga opinberra stofnana.

Ég þykist nú hafa bent á æði margt, sem rétt er að athuga, áður en frv. er afgreitt hér, og fleira mun einnig orka tvímælis. N., sem fjallaði um undirbúning frv., vann að því í nálega tvö ár, svo að það er ekkert furðulegt, þó að þingmenn þurfi nokkurn tíma til þess að vega og meta það, sem til er lagt í frv. Ég er ekki með því á nokkurn hátt að gera lítið úr því verki, sem n. hefur unnið. Það er frumstætt verk á nýju sviði, og fyrirmyndir eru ekki fyrir

hendi um slíka löggjöf sem þessa eins og margar aðrar. Mér finnst n. hafa lagt fram allmerkilegt frv., þó að ég telji, að rétt sé að gera á því nokkrar breytingar. Og ég vil fyrir mitt leyti leyfa mér að óska þess, að hæstv. forseti fresti þessari umr. og gefi mér og öðrum hv. þm. ráðrúm til þess að semja brtt. við frv., sem komið gætu fram við þessa umr.

Forseti (BSt): Út af ósk hv. þm. S-Þ. (KK) um að fresta umr. vil ég taka fram, að ég, sem sit hér aðeins til bráðabirgða í þessum stól, get að sjálfsögðu ekki tekið ákvörðun um það. Það verður aðalforseti d. að gera.

Forseti (GíslJ): Út af ósk, sem komið hefur fram frá hv. þm. S-Þ. (KK) um að fresta þessari umr. til þess að gefa honum tækifæri til þess að semja brtt., þá er það að sjálfsögðu ekki nema eðlilegt, að orðið sé við þeirri ósk. En ég vildi í tilefni af því mega spyrja hv. form. fjhn., hvort hann sæi sér fært að taka málið til athugunar á ný í n. á þessum degi, þ. e. nú síðdegis. Ég hef hugsað mér, ef mögulegt væri, að þetta mál gæti orðið afgr. úr þessari d. í þessari viku, og mér finnst ekki, að þau atriði, sem hv. þm. S-Þ. hefur bent hér á, séu svo veigamikil, að ekki mætti komast e. t. v. að samkomulagi um það í n. Mér þykir ekki eðlilegt að halda áfram þessari umr. hér, eftir að sú ósk hefur komið fram og þær ábendingar, og vil því gjarnan vita, hvort hv. formaður n. sæi sér ekki fært að taka málið til athugunar nú í nefndinni.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það er óneitanlegt, að athugun fjhn. á þessu máli var næsta lítil, þegar hún afgreiddi það til d., enda áskildu allir nm. sér rétt til að bera fram brtt. eða vera með brtt.

Út af spurningu hæstv. forseta til mín er að segja það, að ég sé ekki neitt því til fyrirstöðu að halda fund í fjhn. í dag.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði þess, eins og hv. þm. S-Þ. (KK) gerði, ég tel það ekki þess vert. Hér er um að ræða eitthvert mesta vandamál þjóðarinnar, en frv., sem á að leysa úr þessu mikla vandamáli, er að mínum dómi eitthvert hið mesta örverpi, sem frá ríkisstj. hefur komið, og er þá mikið sagt. Það er ömurlegt að sjá, þegar miklum vandamálum eru gerð svo léleg skil, og ég öfunda stjórnarflokkana ekki af því að leggja út í kosningar með svo aumt veganesti. Í full þrjú ár hefur ríkisstj. og þeir, sem hún hefur til þess skipað, unnið að þessu máli. Á meðan hefur sífellt sigið á ógæfuhlið í mörgum byggðarlögum landsins, og svo er þetta öll eftirtekjan, þegar tillögur frá hæstv. ríkisstj. sjá loksins dagsins ljós.

Aðalefni frv. er stofnun nefndar, og aðalverkefni nefndarinnar skal vera skýrslusöfnun. Það er að vísu gott og blessað að safna skýrslum, en maður lifir þó ekki á einni saman skýrslugerð. Enn fremur á að stofna sjóð, og úr honum á n. að veita lán. En sjóðsstofnunin er nú lítið meira en formið eitt, því að tekjur hans eru fé, sem Alþ. hefur veitt og mun óhjákvæmilega verða að veita til þessara mála, hvort sem þetta frv. verður samþ. eða ekki. Og til viðbótar á sjóðurinn að fá afhentar kröfur ríkissjóðs vegna greiðslu vanskilaskulda. Um þennan tekjustofn segir svo í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað snertir upphæðir þær, sem heyra undir tölulið 2 og 3, þá er hér um allverulega háar upphæðir að ræða, en engin vissa fyrir því, hvers virði þær megi kallast, því að einhver hluti þessa fjár mun hafa verið látinn af hendi sem hreint áhættufé og sú skoðun þá jafnframt þróazt, að þetta fé sé ekki endurkræft" — enda sagði hv. frsm., að það væri mikill vafi á því, hvers virði þessar kröfur væru.

Þetta er hin eina nýja tekjuöflun, sem frv. gerir ráð fyrir til stuðnings aðþrengdum byggðarlögum. Já, skárri er það nú rausnin.

Þá má ekki gleyma 14. gr., þar sem gert er ráð fyrir fjárhagsaðstoð handa fólki til þess að flýja byggðarlag sitt. Ég ætla nú ekki að líkja þessu við sveitarflutningana, sællar minningar, en það ber vissulega ekki vott um bjartsýni. Það ber vott um lítla bjartsýni á það, að frv. þetta verði til mikillar bjargar fyrir þau byggðarlög, sem nú eru verst stæð. Fyrir þessu þingi liggja mjög merk frv. til þess að ráða bót á vanda þeirra byggðarlaga, sem eiga við atvinnuörðugleika að stríða. Vil ég þá fyrst telja frv. fjögurra þm. Nd. um kaup og útgerð togara og stuðning við sveitarfélög til atvinnuframkvæmda, enn fremur þær till., sem fyrir þessu þingi liggja um stækkun landhelginnar. Þetta eru að vísu aðeins þættir í lausn eins hins mesta vandamáls þjóðarinnar, en líka mjög veigamiklir þættir. Það hefði verið nær að vinda bug að því að afgreiða þessi frv. en að leggja vinnu í þennan samsetning. Verði þau frv. ekki afgreidd á þessu þingi, en þetta frv. látið duga, þá er það sönnun þess, að stjórnarflokkarnir vilja ekki nema sýndaraðgerðir í þessu mikla máli.

Það má kannske segja, að þetta frv. sé meinlaust, en það leysir engan vanda. Og þegar um er að ræða eitt stærsta úrlausnarefni þjóðarinnar, þá þarf vissa tegund af dirfsku til þess að bera fram svo gagnslitlar tillögur.

Umr. frestað.

Á 92. fundi í Ed., 23. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 496, n. 514, 541).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, var 2. umr. um þetta mál frestað í gær samkvæmt ósk eins hv. nm. fjhn., hv. þm. S-Þ. (KK), sem benti á ýmis atriði í frv., er hann taldi að mættu betur fara. Eftir að umr. hafði verið frestað, var boðaður fundur í hv. fjhn., og tók hún þá málið á ný til rækilegrar athugunar, enda hafði ekki gefizt tími til þess á fyrsta fundi n. að ræða málið mjög ýtarlega, og voru þá m. a. tekin til athugunar öll þau atriði, er hv. þm. S-Þ. benti á í ræðu sinni, og með því að fullt samkomulag er í n. um breytingar á frv., sumpart í sambandi við þær ábendingar, sem komu fram frá hv. þm. S-Þ., sé ég ekki ástæðu til þess að

fara neitt nánar út í hans ræðu sérstaklega og skal því aðeins snúa mér að því að lýsa hér þeim breyt., sem fjhn. hefur orðið sammála um og bornar eru fram á þskj. 541.

Fyrsta brtt. er við 2. gr. frv., að í stað orðanna „að ráða hagfróðan mann í þjónustu sína svo og fleiri starfsmenn, ef ríkisstj. samþykkir" í 3. málsgr. komi: að ráða menn í þjónustu sína, eftir því sem nauðsyn krefur og ríkisstj. samþykkir. — Sé ég ekki ástæðu til að ræða þessa brtt. nánar, því að þetta er nánast breyting á orðalagi, án þess að það sé raunverulega nokkur efnisbreyting, og getur ekki orðið neinn ágreiningur um þá brtt.

2. brtt. er við 5. gr. frv., en eins og kunnugt er, ákveður 5. gr. í frv. á þskj. 496, hvaða verkefni það séu, er ætlazt er til að jafnvægisnefndin safni upplýsingum um og láti gera skýrslur um, og er það í 23 atriðum. Ég vil í sambandi við þetta benda á, að í 23. lið stendur: „Um önnur atriði, er jafnvægisnefnd þykir máli skipta í sambandi við jafnvægi í byggð landsins." En þegar n. fór að athuga þetta nánar, gat hún fallizt á þá aths., sem hv. þm. S-Þ. gerði í sambandi við þessa grein, að það væri varla þess að vænta, að hægt væri að telja upp í frv. alveg tæmandi þau atriði, sem kynnu að falla undir þetta verkefni n., og því væri réttara að hafa þetta óbundnara í sjálfum l. og taka þetta í einni stuttri grein sem heild og taka þá upp í meginatriðum 23. liðinn í 5. gr., en sleppa annarri upptalningu, sem þá að sjálfsögðu félli undir heildarákvæðið. Og þess vegna hefur n. orðið sammála um, að greinin orðist þannig: „Jafnvægisnefnd safnar efni til skýrslugerðar og lætur árlega gera skýrslur um þau atriði, sem þykja máli skipta í sambandi við verksvið hennar." Nær þetta ákvæði þá að sjálfsögðu yfir alla þá liði, sem eru felldir í burtu úr 5. gr., þar sem það verður miklu víðtækara en sú upptalning, sem þar er. Þetta er ekki heldur nein efnisbreyting, og ætti ekki að verða neinn ágreiningur um það atriði.

Í 6. gr. í frv. stendur, að opinberar stofnanir skuli, ef jafnvægisnefnd óskar þess, hver á sínu sviði láta henni í té aðstoð og upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til skýrslugerðar samkv. 5. gr. og áætlanagerðar samkv. 7. gr., og er þá hugsað, að þessar stofnanir láti í té sömu aðstoð eða hliðstæða aðstoð og þær hafa látið í té við undirbúning frv., og þurfi því ekki að taka það frekar fram í frv.

Þá er 3. brtt. við 8. gr., að aftan við gr. bætist ný málsgrein., er orðist svo: „Endurskoðendur Framkvæmdabankans annast endurskoðun reikninga jafnvægissjóðs. Skulu reikningarnir birtir árlega í Stjórnartíðindum." N féllst á, að þessi ábending frá hv. þm. S-Þ. væri eðlileg og rétt, og var sammála um, að þetta skyldi tekið upp í frv.

4. brtt. er við 9. gr., að 2. tölul. orðist svo: „Fé það, sem ríkissjóður við gildistöku laga þessara á útistandandi af lánum, er veitt hafa verið samkv. 20. og 23. gr. fjárl. til þess að bæta úr atvinnuörðugleikunum í landinu", — þ. e. a. s., það verði stofnfé sjóðsins. Í þessu er sáralítil breyt. frá því, sem er í frv. Þar er talað um fé það, sem ríkissjóður hefur lánað til þess að bæta úr atvinnuörðugleikunum í landinu, enda hafi lánin ekki verið gefin eftir fyrir gildistöku þessara laga, og er raunverulega ekki mikið um annað hér að ræða en tilfærslu á orðum, en efnisbreyting engin.

Í b-lið þessarar sömu brtt. er, að í staðinn fyrir „gildistöku laga þessara" í 3. tölul. komi: fyrir árslok 1953. — Hér er um allverulega efnisbreytingu að ræða. En n. hafði fengið upplýsingar um, að m. a. mundu heyra undir þessi lán ríkissjóðs ýmis lán, sem hann lánar til hinna einstöku hreppa og sveitarfélaga í landinu og eru aðeins skyndilán, en eru endurgreidd á einu til tveimur árum og oft með skuldajöfnuði, og það væri óeðlilegt að láta þetta fé falla til jafnvægissjóðs. Þess vegna þótti rétt að breyta þessu, að í staðinn fyrir að miða við gildistöku l., verði miðað við árslok 1953, því að öll slík lán, sem hafi verið lánuð eftir þann tíma, kunni ekki að vera komin inn nú, en munu kannske koma inn á næstu árum eða næstu mánuðum, en hins vegar með þau lán, sem þannig hafi verið lánuð fyrir árslok 1953, hafi orðið einhver tregða á endurgreiðslu og þess vegna sé eðlilegra að marka línuna við þau áramót, og hefur einnig orðið fullt samkomulag um þetta atriði.

Við 10. gr. frv. eru einnig gerðar tvær breytingar. Það er 5. brtt., a- og b-liðir. Það er fyrst, að aftan við 2. tölul. komi: í fyrsta skipti árið 1957 — þ. e. hið árlega framlag úr ríkissjóði, 5 millj. kr. Það hefur aldrei verið hugsað, að lögð yrði fram sem tekjur úr ríkissjóði á þessu ári önnur eða meiri upphæð en ákveðin er í 9. gr. frv. Það eru þær 5 millj. kr., sem ákveðnar eru á fjárl. í ár. Og þetta ákvæði er sett inn í frv. vegna þess, að þegar frv. var samið, var engin eða lítil von um, að frv. næði fram að ganga á þessu þingi, þ. e. a. s. yrði að lögum á þessu ári, og þá var eðlilegt, að þetta stæði svo, eins og það stendur í frv. Nú standa ákaflega miklar vonir til þess, að frv. verði að lögum á þessu þingi, og þá er rétt, að það sé tekið fram, að framlag úr ríkissjóði, 5 millj. kr., sé þá í fyrsta sinn 1957, en ekki ætlazt til þess, að það sé tekið á árinu 1956, enda búið að afgreiða fjárlög og búið að ákveða þar 5 millj. kr., sem látnar eru sem stofnfé til sjóðsins. Í þessu er því raunverulega engin efnisbreyting frá því, sem var í frv., heldur aðeins frekar til skýringar.

Þá er brtt. í b-lið, þ. e., að aftan við 1. málsl. 3. tölul. bætist: þó ekki fyrr en 2 árum eftir að skuldin var gjaldkræf eða ríkissjóður innleysti ábyrgðina, enda komi samþykki Alþingis til. — Það þótti einnig rétt að ákveða beint í l., að þessar skuldir yrðu ekki afhentar sjóðnum fyrr en eftir ákveðinn tíma, þ. e. a. s. eftir, að sýnt þótti, að einhver tregða væri á innheimtu beint inn í ríkissjóð. Er hér ekki um verulega efnisbreytingu að ræða, heldur nánari skýringu á málinu. Hins vegar er hér allmikil efnisbreyting, þar sem sett er, að enda komi samþykki Alþingis til. Þykir ekki óeðlilegt, að ef um stórar fjárhæðir er að ræða, sem ríkissjóður á beint að afhenda jafnvægissjóði, þó að í þessu formi sé, liggi fyrir um það skýrsla frá fjmrh. hverju

sinni og Alþ. taki svo ákvarðanir um það, hvort það vill láta þá fjárhæð af hendi eða ekki. Þetta kann að rýra að einhverju leyti tekjur sjóðsins, en hins vegar er það ekki óeðlilegt, að Alþ. hafi um það ákvörðun á hverjum tíma. Um það hefur orðið fullt samkomulag.

Þá er sjötta breytingin, þ. e. við 13. gr., að síðari málsl. falli niður. Hér er raunverulega um mjög mikla efnisbreytingu að ræða. Þar segir, í síðasta málsl., að sé um eftirgjöf að ræða, bæti ríkissjóður jafnvægissjóði eftirgjöfina að hálfu innan árs frá því, að eftirgjöf var veitt. Fjhn. leit svo á, að það væri hvorki viturlegt né rétt að binda svo hendur Alþingis um óákveðinn tíma, kannske langt fram í framtíðina, enda mundi þá þessari grein frv. verða breytt hvort sem væri, ef Alþ. á einhverjum tíma liti svo á, að ekki væri rétt að greiða slíka upphæð út af ríkissjóðnum, svo að það hefði þá kannske ekki eins mikla þýðingu og búizt væri við, og varð því samkomulag um, að þessi grein yrði felld niður. Það má taka það upp að sjálfsögðu á hverju því þingi, sem þyrfti að fjalla um slíkt atriði, hvort ætti að gefa eftir skuldir jafnvægissjóðs, að hve miklu leyti ríkissjóður vildi bæta sjóðnum það tap og á hvern hátt, svo að það þótti ekki rétt að láta standa á samkomulagi um þetta atriði.

Síðasta og sjöunda brtt. er við 14. gr. Á eftir orðinu „kaupstað" í upphafi gr. komi: eða kauptúni. — Það er um, eins og 14. gr. segir, að „nú er langvarandi atvinnuleysi í kaupstað" og á þá að bæta inn í „eða kauptúni" og „er þá heimilt að veita úr jafnvægissjóði" o. s. frv. Um þetta varð enginn ágreiningur, enda engin efnisbreyting í þessari breytingu.

Ég hef þá lýst hér brtt., og er fjhn. einróma sammála um að leggja til, að þær verði samþ. allar, eins og ég hef lýst þeim, og að frv. verði þannig samþ. við þessa umr.

Eins og ég gat um í upphafi, sé ég ekki ástæðu til þess að ræða frekar athugasemdir hv. þm. S-Þ. um málið. Þær voru allar teknar til athugunar og umr. á fundinum með þeim afleiðingum eða árangri, sem ég þegar hef lýst.

Ég vil þá aðeins segja hér nokkur orð í sambandi við ummæli hv. 2. landsk. (BrB) um þetta mál. Hv. 2. landsk. sagði, að hann teldi ekki þess vert að ræða þetta frv., þetta væri eitthvert mesta örverpi, sem sézt hefði, það sé aðalverkefni n. að safna skýrslum, og hann tók þessu máli raunverulega mjög þunglega, lét þó þau orð falla í ræðu sinni síðast, að frv. væri meinlaust, en leysti engan vanda, eins og hann komst að orði. Hann benti enn fremur á, að fyrir *lægi í hv. Nd. frv. á þskj. 136, sem mundi miklu* frekar leysa þann vanda, sem hér liggur fyrir. Hér væri farið svo smátt af stað, og hann lét orð liggja að því, að bæði það verk, sem hefði verið unnið hér af hendi þeirra manna, sem falið var að gera þetta, og árangurinn af þessu væri sáralítils virði.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að benda á, hve stórt spor var stigið í fyrstu, þegar Landsbanki Íslands var stofnaður, en hann var aðeins stofnaður með 10 þús. kr. framlagi úr ríkissjóði, — og hver mundi svo vilja halda því fram, að Landsbankinn hefði enga þýðingu haft í landinu, eftir að hann hefur starfað hér í rúm 70 ár, þó að hann færi smátt af stað? Ég held, að það væri ákaflega erfitt að halda slíku fram. Sama má segja um Fiskveiðasjóð Íslands, fiskimálasjóð, Búnaðarbankann, Útvegsbankann, Iðnaðarbankann og allar þessar stofnanir, sem hafa orðið að byrja smátt, alveg í samræmi við fjárhagslega möguleika þjóðarinnar á þeim tíma, sem þessar stofnanir voru settar upp, en hafa vaxið með verkefnunum á hverju ári og orðið ómetanleg stoð og stytta öllu athafnalífi í þjóðfélaginu. Og ég vildi einnig vænta þess, að jafnvægissjóðurinn, sem þó er ætlað að byrja með 5 millj. kr. öruggu stofnfé, auk þess með nokkru öðru stofnfé, sem vel getur orðið töluvert mikils virði, og auk þess með allmiklu fjárframlagi árlega, geti engu síður orðið þjóðinni til gagns í atvinnumálunum og blessunar og leyst mikinn vanda, þegar árin líða, eins og raun hefur verið á um allar þær stofnanir aðrar, sem ég hef minnzt á. Og það mætti segja mér, að eftir að græn torfa er komin yfir bæði mig sjálfan og hv. 2. landsk. og alla þá þm., sem sitja hér inni, þá geti þjóðin blessað þá menn, sem hafa verið með að stofna þann sjóð, sem hér er verið að ræða um, og þau verkefni, sem hann á að leysa á hverjum tíma.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta *mál nánar. Ég hef enga löngun til þess að fara* í persónulegar deilur við hv. 2. landsk. út af þessu máli, en vildi aðeins láta þessi orð falla út af því, sem hann sagði um málið í heild.

Fjhn. leggur til, eða ég fyrir hennar hönd, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem fram koma á þskj. 541 og ég hef þegar lýst.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég held ég hafi ekki í annað skipti á ævi minni orðið fyrir meiri vonbrigðum en þegar ég sá þetta plagg hér. Tveir þm., annar þekktur fyrir mikinn dugnað í að drífa fram það, *sem honum dettur í hug, hvernig sem* það nú er, og hinn fyrir það að vera sérstaklega athugull og greindur, láta þetta plagg frá sér fara eftir þriggja ára starf, og það, sem í því er, er uppprentun úr manntalsskýrslum, sem hægt er að fá á einum eða tveimur dögum hjá hagstofunni, það er allt og sumt, í staðinn fyrir að hér hefði mátt safna alveg óhemju upplýsingum og gefa óhemju fróðleik um það, sem upplýsir málið og menn þurfa að fá að vita.

Ég skal ekki fara neitt út í sjávarútveginn, en ég skal benda á landbúnaðinn. Þeir hafa tekið hér upp tölu fólksins eftir Hagtíðindunum. Ef *þeir hefðu sömu árin* tekið upp tölu skepnanna í hverjum hreppi og sömu árin tekið upp afurðir skepnanna í hverjum hreppi og út frá því séð, að í sumum hreppum landsins hefur framleiðslan á þessum árum ekki nema tvöfaldazt, en öðrum þrítugfaldazt og allt upp í 50-faldazt, miðað við fólksfjölda, og síðan leitað að orsökunum fyrir því, að í sumum hreppum hefur hún tvöfaldazt, en í öðrum þrítugfaldazt, og byggt á því frv. til að bæta úr því, sem áfátt er, og toga í þá, sem ekki hafa gert meira en tvöfalda framleiðsluna á því árabili, sem hér um

ræðir, sem eru liðug 30 ár, — hefðu þeir gert það og lagt það fyrir og svo á því byggt framkvæmdir, sem ætti að gera, þá hefði getað komið jákvætt út úr frv. En hér sjáum við ekki nokkurn hlut annan en það, að fólkinu hefur sums staðar fækkað og sums staðar fjölgað, punktum — basta. Við sjáum ekki það, að sums staðar, þótt fólkinu hafi fækkað um meira en helming frá því, sem það var áður, hefur framleiðslan orðið í þeim sömu hreppum miklu meiri en helmingi meiri en hún var áður, og ekki heldur af hverju það er. Það sjáum við ekki. Það er ekki leitað að því og því síður að orsökunum til þess.

Það, sem náttúrlega þurfti að gera, var að sjá fyrst og fremst, hvernig fólkinu fækkar, hvernig jarðir hefðu lagzt í eyði, — það er ekki hérna, — og svo hvaða ástæður eru til þess, að sums staðar í sveitum landsins stendur framleiðslan svo að segja á sama stigi og um aldamót, — það kemur ekki meira í hlut mannanna, sem framleiða núna, heldur en manna, sem framleiddu um aldamót, en á öðrum stöðum hefur það þrítugfaldazt og meira, og finna orsakirnar til þess, að þetta er svona, og þegar búið er að finna þær, þá að finna, hvað ætti að gera til að auka framleiðsluna og auka tekjur mannanna, sem eru þannig settir, að þeir standa enn þá nokkurn veginn í sömu sporum og þeir stóðu fyrir 30—40 árum. Nei, nei, nei, 3 ár er setið við það, og þetta er ekki gert, og þó er hægt að fá meginið af þessu á svipaðan hátt og þeir hafa fengið þessar tölur með því að spyrja ýmist skattstofu, hagstofu eða hreppstjórana um tölur, og svo kannske líka þarf að fara í aðra staði, en allar þessar upplýsingar var hægt að fá. Það mátti svo náttúrlega deila um á eftir, hvernig átti að draga ályktanir af því, hvaða orsakir voru til þess, að þarna hafði framleiðslan ekkert aukizt, en á hinum stöðunum svona mikið, um það mátti náttúrlega deila, en það var þeirra verk, eftir að þeir voru búnir að draga upplýsingarnar fram.

Ég var svo undrandi, þegar ég sá, hvernig höndunum var kastað til þess arna, að ég varð orðlaus af því. Ég varð orðlaus af því, að 2 menn í 3 ár skyldu sitja yfir þessu og koma aðeins þessu í verk, og mig hryggir það, að þetta skuli hafa tekizt svona. Ég hefði langhelzt óskað, að þessir menn hefðu nú sýnt rögg af sér og tekið við frv. aftur og unnið að því eins og menn og síðan reynt að leggja það fyrir Alþ. aftur og vitna þá í gögn, sem sýndu, hvernig þessi mismunur er og af hverju hann stafar. Þá var eftir að reyna að finna leiðir til að bæta úr.

Ég geri ráð fyrir, að það sé alveg sama í sjávarþorpunum. Ég þykist vita það, þó að ég hafi ekki rannsakað það að neinu leyti, ég hef rannsakað hitt dálítið, — en ég þykist vita það, að í sjávarþorpunum sé mismunurinn á framleiðsluaukningunni ósköp svipaður. Ég þykist vita það af þeirri vissu, að í sumum þeirra hafa afköst einstaklinganna, sem eftir eru í þeim, margfaldazt við það, sem áður var, meðan á öðrum stöðum standa þau hér um bil í stað. Og hvaða ástæða liggur til þess? Þetta var líka hægt að upplýsa.

Þess vegna geri ég ekki neina till. um þetta hér í Alþ., sem forsetinn þarf að bera upp, en mér finnst nú, að nm. sóma sins vegna ættu að láta frv. daga uppi núna, taka á sig rögg og reyna að vinna að þeim upplýsingum, sem átti að safna, svo að menn geti áttað sig á, af hverju þessi mismunur stafar, sem er til staðar, og tekið málið föstum tökum á næsta þingi. En það er þeirra að gera það, en ég ætla ekki að gera till. um það til forseta, að það sé farið þannig með málið. Mér finnst, að þeir eigi sjálfir að gera það, þegar þeim er bent á, að þeir sjálfsagt geta það, báðir tveir, ef þeir nenna að leggja sig í það.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég er feginn öllum ábendingum, sem koma frá hv. þingmönnum í sambandi við þetta mál, því að hér er um svo merkilegt mál að ræða, að ég vil taka fegins hendi hverri þeirri leiðbeiningu, sem leitt getur að réttu takmarki. En ég held nú, með allri virðingu fyrir hv. 1. þm. N-M. (PZ), að ræða hans leiði ekki mikið að lausn þessa vandamáls, og einkum og sér í lagi vegna þess, að ég veit, að hann talar hér algerlega gegn skoðun sinni á málinu. Við höfum haft allmikla samvinnu við hann, á meðan verið var að leita þeirra upplýsinga, sem þurfti um þetta mál, og hann sem búnaðarmálastjóri gefið okkur mjög merkilegar upplýsingar, eins og hver sá forstjóri, sem við leituðum til, og hv. þm. veit það vel, að þær upplýsingar, sem þar liggja fyrir, eru miklu viðtækari en þær, sem birtar eru í þessari grg., því að það liggja fyrir upplýsingar í heilli bók, sem safnað hefur verið í þessu máli og ekki voru nein tiltök að fara að birta með þessu frv. og heldur engin ástæða til þess að birta með frv. og m. a. margt af því, sem hv. þm. var að tala um og einnig er fengið frá Búnaðarfélagi Íslands og hann hefur sjálfur persónulega unnið að. Þetta vissi hann og þurfti því ekki að belgja sig upp út af því. En frumskilyrði til þess að geta gert nokkuð til þess að halda við jafnvægi í byggð landsins er að sjálfsögðu að vita, hvernig fólksflutningarnir eru og hafa verið. Það er frumskilyrðið, og það er þess vegna, sem við völdum það að birta hér með fylgiskjal frá hagstofunni, sem birt er í þskj., til þess að sýna einmitt, að þetta frumatriði liggur fyrir.

Um hitt, hvaða ástæða liggur fyrir því, að fólksflutningarnir hafa verið, þá hefur verið safnað um það mjög ýtarlegum skýrslum. M. a. get ég upplýst það hér, að höfuðástæðan fyrir því, að fólkið hefur flúið úr sveitunum hér yfir í margbýlið, er í fyrsta lagi vegaleysið í landinu, því að það er alveg sýnilegt, að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja frá bönkunum, hafa lánin, sem veitt eru til sveitanna, verið alveg í hlutfalli við samgöngurnar. Þegar vegir hafa komið í einhverja sveit, hafa fengizt þangað lánin, byggingarlán og lán til ræktunar. Fyrr hafa þau ekki fengizt, enda engin tiltök verið til þess að framkvæma þar neinar verklegar

framkvæmdir, því að það er sýnilegt, að þær sveitirnar, sem hafa bezt vegakerfið, hafa fengið langmest af fénu, bæði sem lánsfé og styrki, bæði í jarðræktarstyrkjum og öðru, húsabyggingastyrkjum, og þar hefur líka margfaldazt framleiðslan á þann hátt, sem hv. þm. var að tala um. Ef við hefðum átt að birta allar þessar tölur, þá hefði að sjálfsögðu, eins og ég sagði, orðið að birta hér með stóra, þykka bók, og til þess var engin ástæða.

Hér er hins vegar mörkuð sú stefna, sem er alveg nauðsynleg, og það er að fá fé til þessara hluta og síðan að þessu sé stjórnað af mönnum, sem geta farið með umboð í nokkurn veginn sama hlutfalli og Alþ. sjálft, og ég held, að það sé ekki rétt að álasa þeim mönnum, sem unnu að þessu, þó að þeir vildu ekki setja meira fé til alls konar rannsókna og skýrslugerðar en gert hefur verið og tillagna og útreikninga og hafa ekki nokkurn fjárhagslegan grundvöll til þess að byggja á. Það hefði verið hægt að starfa að svona merku máli eins og hér er í næstu 10 ár og láta liggja fyrir alls konar skýrslur, sem sumar hverjar væru þá orðnar úreltar, aðrar ekki, og ég efa það mjög, að það hefði verið heppilegra fyrir málið, því að við þekkjum, sem í þessu vorum, þann þunga, sem liggur frá hinum einstöku sveitarfélögum um að fá þegar einhverjar jákvæðar framkvæmdir í þessu máli, ekki eingöngu skýrslugerðir, eins og hv. þm. talaði um, heldur alveg jákvæðar framkvæmdir. Þetta mál útheimtir það, að sjóðstjórnin verður á hverjum tíma að safna þeim skýrslum, sem ég hef minnzt á og talað er um í frv., og eins og verkefni breytast frá ári til árs, þá hlýtur það að breytast einnig frá ári til árs, hverju þarf að snúa sér helzt að, það er alveg sýnilegt. En í þeim svörum, sem komu frá hinum ýmsu aðilum, sem spurðir voru, þá er þó tvennt, sem lögð er megináherzla á, það er annað að fá vegasambönd um hinar dreifðu byggðir landsins, því að það er orðið eitt aðalatriðið. Menn geta ekki lengur byggt framleiðslu sína á flutningum á hestum og verða að nota til þess önnur flutningatæki, en þau geta þeir ekki notað, hvorki bíla, jeppa né jarðvinnsluvélar, nema geta komið þeim í sveitina og úr, og sama er um alla flutninga. Þeir eru dæmdir úr leik, ef þeir geta ekki komið flutningunum með nokkurn veginn sama hraða og nokkurn veginn sama kostnaði og aðrir, og þess vegna er þetta ein af frumkröfunum. Hin frumkrafan, sem fólkið hefur krafizt að fá uppfyllta, er rafmagn. Að báðum þessum verkefnum er að vísu verið að vinna, en ekki á þeim grundvelli að halda við jafnvægi í byggð landsins eingöngu. Það er verið að vinna að þessu miklu frekar kannske, m. a. með rafmagnið, á þeim grundvelli að draga fólkið úr sveitunum í þéttbýli, þar sem verið er að koma rafmagnsveitunum upp, þó að hins vegar sé einnig unnið að því árlega að koma því út um allar byggðir landsins.

Ég tel, að sá kuldi, sem kom fram í ræðu hv. þm., sé engan veginn heppilegur fyrir þetta mál, leysi ekki þann vanda, sem hér er á höndum, og það sé miklu heppilegri sú leið, sem við höfum bent á og mikill meiri hl. Alþingis hefur tekið undir, að marka þessa stefnu með því frv., sem hér liggur fyrir, og halda svo áfram markvisst á þeirri leið, sem hér er byrjað á. Skal ég svo ekki ræða það frekar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 541,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 541,2 (ný 5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 541,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 541,4 samþ. með 10 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 541,5 samþ. með 10 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 541,6 samþ. með 10 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 541,7 samþ. með 10 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Ed., 24. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 551, 556).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hv. fjhn. hefur athugað frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, eftir að það hafði hlotið afgreiðslu við 2. umr. í þessari hv. d. Það hefur komið í ljós, að það þyrfti að samræma nokkur atriði í frv., og auk þess hefur þótt fara betur á að gera nokkrar orðabreytingar á einstöku liðum, og með tilliti til þess hefur hv. n. borið fram á þskj. 556 nokkrar brtt., er ég skal hér gera grein fyrir.

Fyrsta brtt. er við 4. gr., að fyrri málsl. 4. gr. orðist svo: „Jafnvægisnefnd lætur gera áætlanir samkvæmt 7. gr.“ o. s. frv.

Í frv., eins og það liggur nú fyrir, er sagt: „Hlutverk jafnvægisnefndarinnar er að safna gögnum og gera skýrslur og áætlanir samkv. 5. og 7. gr.“ En við breytinguna, sem gerð var á 5. gr. við 2. umr., er þetta efni tekið nú upp í 5. gr. frv., og er því ekki rétt að tvítaka það í frv., en hins vegar þarf að standa áfram, að jafnvægisnefndin láti gera áætlanir samkvæmt 7. gr. frv. Þetta má skoða meira sem leiðréttingu en sem nokkra efnisbreytingu.

2. brtt. er við 11. gr. Í stað orðanna „enda hafi hlutaðeigandi sveitarstjórn sótt“ komi: enda sé það aðalreglan, að hlutaðeigandi sveitarstjórn hafi sótt. — Hér er gerð sú breyting, að það sé ekki ófrávíkjanlegt að veita lán, nema því aðeins að sveitarstjórnin hafi sótt, heldur sé það aðalreglan og að hér geti verið um eins konar tilvik að ræða, þar sem sjálfsagt sé að veita aðstoð, þótt sveitarstjórn hafi ekki sjálf sótt um það eða mælt með því. Geri ég ekki ráð

fyrir, að þessi breyting valdi neinum ágreiningi í sambandi við afgreiðslu málsins.

Þá er 3. brtt., við 12. gr., að á eftir fyrri málslið komi nýr málsl., er orðist svo: „Heimilt er fyrri eiganda að innleysa forgangseignarhluta, hvenær sem hann óskar þess innan 10 ára frá afhendingu hans, gegn því að greiða það fé, sem lagt hefur verið fram, ásamt vöxtum þeim, sem í upphafi hefur verið samið um.“ Það kom greinilega fram, jafnvel á fyrsta stigi málsins, þegar það var rætt í fjhn., að það þætti óheppilegt, að sjóðurinn fengi forgangseignarhluta í fyrirtæki skilyrðislaust og ekki væri hægt að greiða hann út aftur, og hefur n. fallizt á, að það sé rétt að bæta þessu ákvæði inn í l., en taldi þó rétt, að það væri takmarkað við a. m. k. 10 ár, þar sem óeðlilegt væri, að slíkt ákvæði hengi jafnan yfir takmarkalausan tíma.

Engin af þessum brtt. breytir neinu verulegu í sambandi við frv. og tilgang þess, og vænti ég, að hv. alþm. fallist á að greiða þeim atkv. og afgreiða málið þannig úr deildinni.

ATKVGR.
Brtt. 556,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 556,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 556,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv og afgr. til Nd.

Á 95. fundi í Nd., 26. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 564).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 564, er komið frá Ed. Ég leyfði mér þar að flytja fyrir því stutta framsöguræðu, sem hefur nú verið prentuð í víðlesnasta blaði landsins. Ég leyfi mér að vísa til þess, sem ég þar sagði. Það var raunar ekki mikið annað eða meira en felst í greinum frv. og grg., sem frv. fylgdi. Ég tel, að ég stofni til óþarfa málalenginga með að endurtaka það hér, veit hins vegar, að komi fram gagnrýni á frv., mun hv. annar aðalhöfundur frv., hv. þm. N-Þ. (GíslG), gera nánari grein fyrir málinu, sem hann raunar kannske hvort eð er mun gera, frá sjónarmiði þeirra manna, sem að frv. hafa unnið og eru höfundar þess.

Ég endurtek svo það, sem ég sagði, að ég tel, að þetta sé merkismál, sem með tímanum geti orðið undirstaða að miklum og gagnlegum framkvæmdum í landinu, og leyfi mér að vona, að það muni fá greiðan gang gegnum þingið og að því að lokinni þessari umr. verði vísað til hv. fjhn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. forsrh., að hér er um merkilegt mál að ræða, en hins vegar er það, að ég lít svo á, að þetta frv. sé einkar ómerkilegt. Ég verð að segja það, að ég hafði búizt við allt öðru af þeirri nefnd, sem hefur haft mál þetta til meðferðar svo lengi sem raun ber vitni, heldur en því, sem fram kemur í þessu frv., því að það er vissulega rétt, að hér er um þannig mál að ræða, að það er full þörf á því að snúast við því af fullri alvöru og koma með raunhæfar till., sem mættu verða til þess að draga nokkuð úr því misvægi í byggð landsins, sem mjög hefur verið rætt um að undanförnu.

Í grg. þessa frv. er frá því skýrt, að samþykkt hafi verið á Alþingi 4. febr. 1953 þáltill. um það, að skipuð skuli nefnd til þess að undirbúa heildaráætlun um framkvæmdir, sem gætu miðað að því að viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Í grg. frv. er jafnframt sagt frá því, að þann 29. júní 1954, eða um það bil 17 mánuðum síðar, hafi verið skipuð nefnd samkv. þessari þáltill. til þess að taka að sér þetta verkefni, sem Alþ. hafði gert ákvörðun um. Það er því augljóst mál, að hæstv. ríkisstj. hefur tekið þessa samþykkt Alþ. og þetta mál ekki ýkja alvarlegum tökum strax í upphafi, þegar hún hefur látið það bíða nokkuð á annað ár að snúast þannig við ákvörðun Alþingis, að menn yrðu settir til þess að vinna það verk, sem Alþ. hafði lagt til, að unnið yrði. Alþingi hafði svo aftur, eins og kemur fram í grg. frv., ítrekað samþykkt sína á s. l. ári, 11. maí 1955, þar sem gerð var hér samþykkt um það, að undirbúnar yrðu ákveðnar framkvæmdir til atvinnuaukningar í þeim landshlutum, þar sem mest hefur dregið úr byggðinni að undanförnu. Það er því sem sagt nokkuð komið fram yfir 3 ár frá því, að Alþ. gerði samþykkt um þetta mál, og þar til þetta litla frv. er nú lagt fram hér á Alþingi. Ég álít, að þessar staðreyndir, sem hér koma fram hjá þeim, sem þetta frv. hafa samið, sýni mjög greinilega það sinnuleysi, sem um þetta mál hefur ríkt hjá ríkisstj. og hjá þeim flokkum báðum, sem að ríkisstj. standa, og það er því kannske ekki nema eðlilegt, að þeir tveir menn, sem ríkisstj. loksins skipaði, hvor úr sínum stjórnarflokki, hafi unnið að málinu á þann hátt, sem frv. þeirra ber vott um, af fullkomnu áhugaleysi um að víkjast við þessum vanda á nokkurn raunhæfan hátt og því hafi farið eins og fór um það efni, sem frá n. kom.

Eins og þetta frv. liggur hér fyrir, er efni þess fyrst og fremst tvennt. Fyrsti kafli frv. er um jafnvægisnefnd, og þar er talið upp í 23 liðum, hvað þessi jafnvægisnefnd skuli gera, og lýtur það næstum allt að alls konar upplýsingastarfsemi eða skýrslugerð, sem henni er ætlað að vinna að. Ed. hefur nú litið þannig á þennan helming frv., sem snýr að þessu merkilega verkefni, að hún hefur fellt niður meginhlutann af þessum kafla, eða alla þessa 23 liði, og talið, að réttast væri að telja þetta ekki upp á þann hátt, sem nm. leggja til, en slíkt hlyti að verða framkvæmdarefni á hverjum tíma, að hvaða rannsóknum nefndin kann að vilja vinna.

Síðari helmingur frv., II. kaflinn, fjallar svo um jafnvægissjóð, en þar er gert ráð fyrir því, að myndaður verði sjóður, sem hægt á að vera að nota til áhrifa í þessu efni, til styrkveitinga og lánveitinga til þeirra aðila, sem hefja ein-

hverjar framkvæmdir, sem gætu unnið að því að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Ef sæmilega hefði verið gengið frá þessum síðari kafla um jafnvægissjóð, hefði mátt segja það, að nokkurt gagn væri í frv., ef það hefði raunverulega verið myndaður sjóður og honum tryggt fé, sem hefði verið til þess fær að styrkja og efla atvinnuframkvæmdir í þeim landshlutum, þar sem atvinna hefur verið og er ónóg. En það er síður en svo því að heilsa í þessum kafla. Stofnfé þessa jafnvægissjóðs er í aðalatriðum það, að hann á að eignast fjármuni, sem á undanförnum árum hafa verið veittir út sem atvinnubótafé til hreppsfélaga og bæjarfélaga. Vitanlega er þetta stofnfé sáralítils virði, eins og n. verður að viðurkenna í þessu frv., því að um það fé, sem á undanförnum árum hefur verið veitt út sem atvinnubótafé, þó að í lánsformi hafi verið, er öllum ljóst, að til þess eru litlar líkur, að það fé skili sér aftur og verði því nokkurn tíma nokkur raunhæfur peningur til útlána á nýjan leik. Hér hefur skiljanlega fyrst og fremst verið um það að ræða, að þessu litla fé, sem veitt hefur verið til atvinnubóta á undanförnum árum, hefur verið veitt til þannig fyrirtækja og stofnana, að þau eru yfirleitt ekki fær um að endurgreiða þetta fé, enda hafa veð fyrir þessum lánum verið tekin þannig, að þau hafa verið orðin miklu lakari en svo, að nokkur lánsstofnun vildi líta við slíkum veðum.

Það mun vera mjög algengt, að þessi atvinnubótalán hafi verið veitt út á báta og mannvirki og út á 8. eða 10. veðrétt í slíkum eignum. Hér er því vitanlega aðeins um blekkingu að ræða að telja þetta sem stofnfé þessa sjóðs. Hér getur ekki verið um handbært fé að ræða fyrir þá nefnd, sem á að stjórna þessum sjóði.

Þá er einnig minnzt á það, að stofnfé þessa jafnvægissjóðs eigi að vera vanskilaskuldir, sem ýmis sveitarfélög hafa komizt í við ríkissjóð og eru orðin skuldug ríkissjóði vegna þess, að ríkið hefur þurft að leggja út þær greiðslur fyrir viðkomandi sveitarfélög vegna getuleysis þeirra. En eins og kunnugt er, stendur ríkissjóður í allmiklum ríkisábyrgðarlánum til bæjar- og sveitarfélaga, og nokkuð hefur orðið að falla á ríkissjóð af þeim lánum á undanförnum árum. T. d. má nefna það, að nærri allar mótorrafstöðvar í landinu, sem byggðar hafa verið þannig, að lán hefur verið tekið til þeirra með ríkisábyrgð, hafa ekki getað borgað vexti og afborganir, og hafa því þær greiðslur fallið á ríkissjóð. Ríkissjóður hleður upp þessum eignakröfum, ef eignakröfur skyldi kalla, á viðkomandi sveitarfélög, og nú á að segja við jafnvægissjóð: Ja, þessar fjárkröfur, sem ríkið getur ekki á neinn hátt innheimt og hefur ekki getað gert sér neinn pening úr, megið þið nú eiga, og nú skuluð þið rétta við atvinnulífið í þeim landshlutum, þar sem skortur er á atvinnutækjum, með þessum peningum.

Það er því alveg augljóst samkv. þessu frv., að þessum sjóði er ekki fengið neitt stofnfé, ekki nema alveg falskar ávísanir. En hvað er þá að segja um tekjurnar, sem þessi sjóður á að fá? Jú, í fyrsta lagi á hann að fá vaxtatekjur af þessum líka eignum, sem hafa nú skilað sér á þennan hátt, eins og allir vita. Og svo á hann að fá í öðru lagi árlegt framlag úr ríkissjóði, 5 millj. kr., eða jafnháa upphæð og veitt hefur verið í mörg undanfarin ár til atvinnubótaframkvæmda, sem öllum hefur þótt að væri allsendis ónóg og gæti ekkert í þessum efnum leyst. Það á þó ekki að fella það niður, það á þó að halda því við áfram að láta ganga til þessa sjóðs 5 millj. kr. á ári, eða jafnmikið og hefur verið veitt á hverjum fjárlögum undanfarin fimm ár líklega til atvinnubótalána.

Þetta eru nú tekjurnar, og með þessu á svo jafnvægissjóður að leysa þetta mikla vandamál, sem hér hefur verið rætt manna á milli og hér í þingsölunum ár eftir ár.

Það er alveg augljóst, að eins og þetta frv. liggur fyrir, þá er sú n., sem þetta frv. hefur samið, að skjótast algerlega undan því mikla verkefni, sem hún átti að reyna að finna einhverja lausn á. Um það getur ekki verið að villast. Og frá n. kemur heldur ekkert í þá átt, að hún skilgreini á neinn hátt, í hverju þetta vandamál er í raun og veru fólgið og hvaða ráð ættu að vera tiltækilegust til þess að leysa vandann. Það er sem sagt viðurkennt af öllum, að á undanförnum árum hefur þróunin verið sú, að a. m. k. í þremur landsfjórðungum, á Vestfjörðum, Norðurlandi og á Austfjörðum, hefur fólki farið fækkandi. Fólk hefur leitað þaðan jafnt og þétt, einkum hingað til Suðvesturlandsins, fyrst og fremst af þeim ástæðum, að atvinnutekjur í þessum landsfjórðungum hafa verið ófullnægjandi, allmiklu lægri og ótryggari en þær hafa verið hér suðvestanlands. Í þessu hefur vandinn legið. Og hvað hefur komið til, að þessum málum hefur verið svona háttað?

Það, sem hefur áorkað í þessum efnum alveg stórkostlega, er það, að á undanförnum árum hafa verið hér á Suðvesturlandi mjög stórfelldar atvinnuframkvæmdir á vegum erlends aðila, hernámsyfirvaldanna hér, framkvæmdir, sem hafa þýtt um og yfir 300 millj. á hverju ári, sem unnið hefur verið fyrir hér á Suðvesturlandi. Vitanlega hafa þessar framkvæmdir haft stórmikið að segja í þá átt að gera eftirspurn eftir vinnuafli mjög mikla hér um slóðir og gera það mjög algengt fyrirbæri hér, að vinnuafl hefur verið yfirborgað. Og það var alveg auðskilið mál, að ef svo átti lengi til að ganga, að svona lagaðar framkvæmdir stæðu hér yfir á suðvesturhorni landsins, þá yrði annað tveggja að efna til mjög stórfelldra atvinnuframkvæmda í öðrum landshlutum eða fólk hlyti að dragast hingað að þessum miklu atvinnuframkvæmdum. Auk þess hefur svo margt annað komið til. Því verður ekki heldur neitað, að þessir þrír landsfjórðungar, sem verst hafa orðið úti, hafa á ýmsan hátt orðið fyrir meiri atvinnuáföllum á undanförnum árum en t. d. Suðvesturlandið, sem einkum hefur dregið til sín fólkið. Það getur enginn neitað því, að Norðurlandið hefur orðið fyrir stórfelldum atvinnuáföllum, með því að sumarsíldveiði þar hefur brugðizt að mestu leyti. Og þar er ekki aðeins um einn bæ að ræða, heldur Norðurlandið svo að segja

allt. Fyrir þessu áfalli hafa einnig orðið útgerðarbæirnir á Vestfjörðum margir, sem mikið gerðu sér úr síldveiðinni, og einnig á Austurlandi. Þetta hefur á engan hátt náð eins tilfinnanlega til Suðvesturlandsins, þó að það hafi vitanlega ekki að öllu leyti farið varhluta af þessu. Við þetta má einnig bæta því, að sjálft ríkið hefur haldið uppi á undanförnum árum ýmsum atvinnuframkvæmdum hér á Suðvesturlandi, sem eru miklum mun stórfelldari en það, sem ríkið hefur gert í atvinnulegum efnum við hina þrjá landsfjórðungana, sem einkum hafa verið í atvinnulegum vanda.

Þá vil ég einnig minna á eitt atriði, sem tvímælalaust hefur verkað mjög sterkt á þessa hluti, en það eru þær ráðstafanir, sem hér voru gerðar snemma á árinu 1952, þegar ráðizt var í það að færa út landhelgislínuna mjög myndarlega, einkum hér við Suðvesturlandið. Það komu þá strax upp raddir Austfirðinga og Vestfirðinga þess efnis, að það væri alveg augljóst mál, að með svona gífurlega mikilli útfærslu á landhelginni og friðun fiskimiða við Faxaflóa og Breiðafjörð og hér við Suður- og Suðvesturlandið hlyti þetta landshornið að eiga von á allverulega bættri aðstöðu til útgerðar á næstu árum. Og ekkert var nema gott um það að segja, og allir fögnuðu því, en Austfirðingar og Vestfirðingar sögðu: Hins vegar er útfærslan á landhelgislínunni hjá okkur nær engin. Við getum sáralítið sem ekkert hagnazt á þessu. — Og þeir sættu sig allir við það, sem gert var, í fullu trausti þess, eins og margsinnis var tekið fram, að þeirra óskum í þessum efnum yrði einnig mætt, áður en langur tími liði, að landhelgin yrði einnig færð út þar. En nú eru senn liðin 4 ár, síðan landhelgin var færð út hér. Austfirðingar og Vestfirðingar hafa á hverju ári óskað eftir því af umboðsmönnum sínum hér á Alþ., að þeir ynnu að því, að staðið yrði við það, sem þeir töldu að þeim hefði beinlínis verið lofað, að landhelgin yrði einnig stækkuð fyrir þeirra landshlutum. En þó að allir alþm. af Austurlandi og allir frá Vestfjörðum og allir nú í seinni tíð líka frá Norðurlandi hafi flutt hér á Alþ. tillögur um að færa út landhelgislínuna fyrir þessum landshlutum og stækka friðunarsvæðið, hafa slíkar till. ekki fengizt samþykktar.

Þessar aðgerðir hafa óhjákvæmilega leitt til þess, að það hefur verið miklu örðugra innbyrðis í landinu að halda uppi eðlilegri bátaútgerð fyrir Austurlandi og Vestfjörðum en t. d. hér fyrir Suðvesturlandi. Þetta eru staðreyndir, sem allir þekkja, sem eitthvað eru kunnugir þessum málum, og það er því höfuðnauðsyn, ef á að reyna að skapa aukið jafnvægi í þessum efnum, að þora að stíga það skref að færa út landhelgina fyrir þessum landshlutum, eins og óskað hefur verið eftir.

Ég hef nú minnzt með örfáum orðum á nokkrar orsakirnar, sem til þess liggja, að fólkið hefur verið að flytjast úr þessum 3 landsfjórðungum hingað til Suðvesturlandsins. Og þá gefur vitanlega auga leið, að ekki þarf að liggja ýkja lengi yfir því, hvað það er, sem þarf að gera til þess að skapa hér aukið jafnvægi. Það, sem fyrst og fremst ætti að gera, er ekki að láta einhverja tvo menn, skipaða af stjórnarflokkunum, hanga yfir því í yfir 3 ár að safna einhverjum manntalsskýrslum og leggja svo frá sér frv. eins og það, sem hér liggur fyrir. Það þarf að færa út landhelgina fyrir Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum. Það er eitt þýðingarmesta skrefið, sem þarf að stíga. Það er grundvallaratriði, sem þarf að framkvæma, ef á að vera hægt að halda uppi bátaútgerð úr þessum landshlutum að einhverju leyti til samræmis við það, sem hægt er og gert er hér við Suðvesturland.

Þá er einnig vitað mál, að það verður að stuðla að því með allfjárfrekum framkvæmdum að koma upp atvinnutækjum í þessum vanræktu landshlutum, til þess að hægt sé að skapa þar óslitna eða samfellda vinnu allt árið. Reynslan af togaraútgerð í öllum þessum landshlutum hefur sannað, að togaraútgerðin getur leyst þetta verkefni, og þau rök, sem hér voru áður færð fram gegn því að efla togaraútgerð í þessum landshlutum, eru nú fullkomlega fallin. Því var sem sé haldið fram, að ekki væri hægt að gera út togara, svo að sæmilegt mætti teljast, á Íslandi nema frá Reykjavík og Hafnarfirði. En reynslan hefur nú sýnt, að það er hægt að gera út togara frá Akureyri, frá Siglufirði, frá Austfjörðum og frá Ísafirði fullkomlega til jafns við það, sem tekst að gera út togara héðan frá Reykjavík. Og togararnir geta lagt upp afla sinn í þessum landshlutum og komið þar upp mikilli og samfelldri fiskvinnslu og breytt atvinnuleysistímabili í mikið atvinnutímabil á þessum stöðum. En til þess þarf að ráðast í að kaupa togara fyrir þessa staði, og ef sinna á hinum smærri stöðum í þessum landsfjórðungum, þá verður einnig að leggja nokkurt fjármagn í það að gera hafnarskilyrði og móttökuskilyrði öll þannig úr garði á þessum stöðum, að þeir geti tekið við jafnmiklum fiski og berst í einu frá togurum.

Hér hefur legið fyrir Alþ. frv. um það einmitt að bregðast á réttan hátt við þessum efnum, að efna til framkvæmda, þannig að keyptir yrðu allmargir nýir togarar, sem sérstaklega yrði ráðstafað í þessa landshluta, og að hafizt yrði handa um ríkisútgerð á togurum til atvinnujöfnunar fyrir þá staði, sem verða að teljast of litlir til þess að geta annazt rekstur slíkra skipa sjálfir. Í því frv. er einnig gert ráð fyrir því að verja þó nokkru fjármagni til þess að bæta úr skilyrðum þessara staða til þess að vinna slíkan fiskafla. Það eru svona till., sem jafnvægisnefndin hefði átt að koma með, en ekki frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, sem er hreint háðungarfrv. í jafnalvarlegu máli og þetta mál í rauninni er.

En það er að vísu margt fleira, sem grípur inn í þetta mál, heldur en það, sem ég hef nú minnzt á. Það eru mörg önnur atriði, sem vert hefði verið að benda á og gera till. um, þegar átti að snúast gegn þeim mikla vanda að bjarga við afkomu þessara byggðarlaga og draga nokkuð úr fólksstraumnum hingað til Reykjavíkur. Það er sem sagt orðið þannig, að það eru fjöldamörg atriði, sem gera það að verkum, að það er orðið miklu óhægra um vik að búa úti á landi en hér í Reykjavík. Það er miklu erfiðara að annast ýmsar framkvæmdir þaðan en héðan

frá Reykjavík, eins og ýmsum málum er skipað.

Eitt af því er það, að sú skipan hefur verið látin viðgangast í mörg ár, að öllum gjaldeyri landsmanna er úthlutað frá skrifstofu hér suður í Reykjavík. Verzlunarmenn á Austurlandi, Vesturlandi og Norðurlandi hafa hvað eftir annað bent á, að það er illmögulegt fyrir þá að annast nokkra innflutningsverzlun, ef þeir eiga að liggja yfir gjaldeyrisnefnd, sem hefur skrifstofu hér suður í Reykjavík, ef þeir þurfa daglega að sækja öll leyfi og alla fyrirgreiðslu til einnar nefndar, sem stödd er hér. Á það hefur verið bent hér áður, að það er full ástæða til þess að taka upp þá skipan, að sú gjaldeyrisnefnd, sem er hér í Reykjavík, verði nokkurs konar yfirgjaldeyrisnefnd, en a. m. k. á einum stað í hverjum landsfjórðungi, t. d. á einum stað á Vestfjörðum og a. m. k. einum stað á Norðurlandi og á einum stað á Austurlandi, væru einnig gjaldeyrisnefndir, sem íbúar þessara landshluta gætu snúið sér beint til og fengið sín gjalderyis- og innflutningsleyfi hjá, eftir því sem þessum undirnefndum hefur verið skammtaður gjaldeyrir af höfuðnefndinni hér fyrir sunnan. Það er vitanlega ekkert á móti því, að gjaldeyrisnefndin hér ákveði það á þriggja eða fjögurra mánaða fresti, að til Vestfjarða verði veittar 5 eða 10 millj. í gjaldeyri fyrir næsta þriggja mánaða tímabil, til Norðurlandsins skuli veittar 10 millj. kr. í gjaldeyri til næstu þriggja mánaða og til Austurlandsins einhver tiltekin upphæð, eftir því sem hóflegt þykir fyrir þessi umdæmi, og svo séu undirnefndir, eins og ég sagði, sem íbúar viðkomandi héraðs geta leitað beint til, og þá gætu þeir tekið í þjónustu sína á eðlilegan hátt sinn þátt af innflutningsverzlun landsmanna. En núna, með því skipulagi, sem nú ríkir, er öll landsbyggðin beinlínis einokuð undir ákveðna nefnd hér í Reykjavík. Þessum aðstöðumun þarf að breyta.

Svipað er að segja um þetta hjá bönkum landsins. Það er vitanlega með öllu óhæft, að það skipulag skuli vera á, að gjaldeyrir skuli ekki vera seldur nema á einum stað í landinu, nema aðeins hjá tveimur bönkum hér við Austurstræti í Reykjavík. Vitanlega er full ástæða til þess, að öll útibú gjaldeyrisbankanna geti afgreitt gjaldeyri eftir réttum gjaldeyrisleyfum og að menn þar í sínu heimabyggðarlagi geti snúið sér til þeirra og keypt sinn gjaldeyri. En núna er þessu þannig fyrir komið, að takist manni úti á landi að fá gjaldeyrisleyfi, þá verður hann með öllum þeim þrautum, sem því fylgja nú, að sækja það hingað suður, þá verður hann svo að fá sér umboðsmann hér í Reykjavík til þess að geta tekið hér út gjaldeyrinn. Hér verða allar innheimtuafgreiðslur að fara fram. Þessum aðstöðumun á líka að breyta.

En svona aðstöðumunur er í ýmsum greinum, sem auðvelt væri að kippa í lag, ef fullur vilji væri fyrir hendi. Ég hef hér áður minnzt á, að það er vitanlega allsendis óeðlilegt, að menn austur á landi, sem þurfa að sækja um lán til að byggja sér íbúðarhús, skuli verða að láta ganga frá þessum litlu lánum, sem þeir hafa getað fengið, hér suður í Reykjavík. Þeir verða að tiltína öll gögn, alla pappíra, teikningar og hvað eina af þessum húsum sínum, senda þetta til skrifstofu suður í Reykjavík, sem allajafna hefur eitthvað við þessi gögn að athuga, segir, að eitthvað sé ekki rétt útfyllt, ekki nægilega nákvæmlega, ekki á rétt eyðublöð, og þannig er mönnum úti á landi torveldað þetta svo, að það er talið af þeim almennt óvinnandi vegur að komast í gegnum þetta, ef ekki er hægt að ná í einhvern þm. eða einhvern annan umboðsmann til þess að standa í þessu og stússa í þessu við skrifstofu hér suður í Reykjavík.

Vitanlega á að vera hægt að afgreiða svona hluti a. m. k. í einum eða tveimur stöðum í hverjum landsfjórðungi, og mundi það vitanlega gera mönnum hagræði í þessum efnum á þeim stöðum.

Þannig er margt fleira, sem hefur verið minnzt á og er alláhrifamikið í aðstöðumun. Það væri líka full ástæða til þess, að ríkisvaldið gerði samninga við aðalskipafélögin í landinu um það, að þau tækju upp beinar siglingar erlendis frá a. m. k. á einn stað í hverjum landsfjórðungi. En nú er þessu þannig fyrir komið, að vilji maður kaupa sjálfur vöru beint erlendis frá, þá er óhjákvæmilegt, að hún verði flutt upp til Reykjavíkur með milliinnflutningi, en beinar skipsferðir með vörur frá útlöndum í þessa þrjá fjórðunga er ekki orðið um að ræða. Hér er vitanlega um mjög stórfelldan aðstöðumun að ræða, sem hægt er að lagfæra.

Þessi jafnvægisnefnd virðist ekki hafa komið auga á neitt af þessu, hún bendir ekki á neitt af þessu. Hún virðist enn vera á því stigi að sjá það eitt, að það þurfi að reyna að búa til skýrslur, það þurfi að reyna að telja saman, hvað íbúunum fækki mikið á hverju ári. Það er það lengsta, sem þeir hafa komizt.

Það er óhætt að slá því föstu, að það vandamál, að íbúunum skuli jafnt og þétt fækka í þremur landsfjórðungum, en fólkið hrúgast hingað til Suðvesturlands og þá fyrst og fremst til Reykjavíkur, eins og allir landsmenn vita að hefur verið á undanförnum árum og hefur farið stórvaxandi, — það vandamál verður ekki leyst með sliku frv. sem því, sem hér liggur fyrir. Hér þurfa að koma til beinar ákvarðanir um allstórtækar aðgerðir. Það eru aðgerðir eins og þær, sem ég hef nú nefnt, eins og t. d. útfærsla landhelginnar fyrir þessum þremur landsfjórðungum, sem eru aðkallandi, ef þar á að geta dafnað eðlileg bátaútgerð. Það eru aðgerðir eins og þær að keyptir verði allmargir nýir togarar, hafin verði ríkisútgerð togara með það sérstaklega fyrir augum að geta haldið við jafnri og stöðugri atvinnu á þeim stöðum, þar sem atvinnan hefur verið ótrygg að undanförnu. Það eru slíkar beinar aðgerðir, fastar samþykktir Alþingis, sem hafa eitthvað að segja í þessum efnum, en ekki frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, og það er rétt að horfast í augu við það, að þetta verður ekki gert nema með allmiklum fjármunum. Margir togarar verða ekki keyptir, nema efnt verði til lántöku, og það ætti að vera fullkomlega fært að fá þau lán. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að það er hægt að fá lán til togarakaupa. Það er ekki langt síðan ég sá hér hjá einu tryggingarfélagi í Reykjavík skeyti frá

erlendu, stóru tryggingarfélagi, þar sem það býðst til þess að lána 85% af andvirði tíu togara af þeirri gerð, sem við látum nú byggja fyrir okkur. Ég er líka alveg viss um, að það er hægt að fá svona lán á fleiri en einum stað, en það þarf sem sagt að vera vilji fyrir hendi, til þess að í slíkar framkvæmdir sé ráðizt.

Ég held, að eins og þetta frv. liggur hér fyrir, væri eðlilegast að láta það sofna, því að ég álít, að þetta sé ekki aðeins þeim mönnum, sem hafa samið þetta frv., til háðungar, heldur væri það líka Alþingi öllu til mikillar háðungar að bregðast þannig við þessu vandasama og alvarlega máli að samþykkja frv. eins og þetta. Hins vegar er vitanlega hægt að gera á þessu frv. breytingar. Það er auðvelt verk að koma hér fram með breytingar á þessu frv. Og Alþ. getur hæglega, hvort sem það vill í sambandi við þetta frv. eða samhliða þessu frv., samþ. þær till., þau frv., sem hér liggja fyrir til lausnar á þessu vandamáli, ef það virkilega vill snúast gegn þeim vanda, sem hér er um að ræða. Það er auðvelt að gera það, og það væri vitanlega mannsbragur að því að snúast þannig við vandanum.

Þetta mál er nú hér til 1. umr. og það gengur að sjálfsögðu til n., og gefst þá tími til þess síðar að sýna hér brtt., eftir því sem ástæður þykja til, þegar málið hefur einnig skýrzt nokkuð við frekari umræður.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þar sem ég hef verið nokkuð riðinn við undirbúning þessa frv., tel ég rétt að fara um það nokkrum orðum þegar á þessu stigi málsins til viðbótar því, sem hæstv. forsrh. hefur þegar um það sagt. Hins vegar mun ég ekki á þessu stigi svara mikið því, sem fram kom hjá hv. 11. landsk. (LJós) sem gagnrýni á þetta frv., enda hygg ég, að mjög mikið af því, sem hann sagði í sinni ræðu, hafi verið á misskilningi byggt, misskilningi á því hlutverki, sem ætlað var þeim mönnum, er staðið hafa að undirbúningi þessa frv.

Eins og fram er tekið í grg. frv., eins og það var lagt fyrir hv. Ed. á þskj. 496, var tveim nafngreindum mönnum með bréfi ríkisstj., dags. 29. júní 1954, falið að vinna að undirbúningi og semja heildaráætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa vegna erfiðra samgangna og skorts á raforku og atvinnutækjum. Ég vil skjóta því hér inn í, að það er náttúrlega ekki rétt, að að undirbúningi þessa frv. hafi verið starfað í þrjú ár, eins og sjá má á þeirri dagsetningu, sem ég nú hef lesið.

Nokkur hluti þess verkefnis, sem um getur í erindisbréfinu, hefur þegar verið leystur af hendi. Það hefur verið unnið að undirbúningi áætlunar þeirrar, sem þar er nefnd, með söfnun margs konar gagna, sem nauðsynleg eru til þess að gera slíka áætlun, og þannig má telja, að lagður hafi verið nokkur grundvöllur að gerð áætlunarinnar.

Við söfnun og athugun þessara gagna hafa þeir, sem að því unnu, hins vegar komizt að þeirri niðurstöðu, að gerð sjálfrar heildaráætlunarinnar sé verk, sem vinna verði smátt og smátt á alllöngum tíma. Að þessu er nánar vikið í grg. frv., sem ég vænti að hv. dm. hafi lesið eða muni kynna sér á meðan málið er til meðferðar. Gerð slíkrar áætlunar sem fjallað var um í þál. frá því í febrúarmánuði 1953 er meira og vandasamara verk en ýmsir kunna að hyggja í fljótu bragði, enda hefur sambærilegt starf aldrei áður verið unnið hér á landi. Það verður ekki unnið sem ígripastarf af tveim mönnum, sem mörgu öðru hafa að sinna.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir nú á þskj. 564, eru gerðar till. um, á hvern hátt vinna skuli þetta verk, sbr. I. kafla frv. Þar verða m. a. sérfróðir menn að leggja hönd að verki, og það hlýtur að hafa mikinn kostnað í för með sér. Segja má, að þeir, sem að þessum undirbúningi hafa unnið, hefðu getað farið fram á það við ríkisstj. að leggja fram fé í þessu skyni, stofna til skrifstofu og mannahalds og rannsóknarferða um landið undir stjórn þessara tveggja manna. Þetta hefur raunar ekki verið gert, það var talið réttara að þreifa sig áfram og gera sér fulla grein fyrir verkefninu, hafa bréfasambönd við sveitarstjórnir o. s. frv., áður en stofnað væri til mikilla útgjalda í þessu skyni.

Hitt voru þeir, sem að þessu unnu, jafnframt sammála um, að þótt gerð formlegrar heildaráætlunar samkvæmt þál. frá 4. febr. 1953 verði að bíða enn um sinn, þá sé samt aðkallandi að hefja skipulagða starfsemi í því skyni að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og sjá fyrir einhverju fastákveðnu fjármagni í því skyni. Þess vegna var það lagt til við ríkisstj. með bréfi, dags. 3. jan. s. l., að þá þegar yrði lagt fram nokkurt fé til stofnunar framkvæmdasjóðs í þessu skyni, og síðan heimilaði Alþ. ríkisstj. að verja 5 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1955 til stofnunar sjóðsins, svo sem hv. þm. er kunnugt. Það var eftir till. þeirra manna, sem unnið hafa að undirbúningi þessa frv., sem hér liggur fyrir.

Að þessu lúta ákvæði II. kafla frv. um jafnvægissjóð og starfsemi hans, sem ætla má að geti hafizt innan skamms tíma. Í frv. er gert ráð fyrir, að jafnvægisnefnd, kosin af Alþ., sem vinnur að gerð heildaráætlunarinnar á nokkrum árum, verði jafnframt stjórn jafnvægissjóðsins og veiti úr honum lán til framkvæmda, þar sem þeirra er brýnust þörf til að koma í veg fyrir fólksfækkun í einstökum hreppum eða byggðarlögum.

Ég viðurkenni fúslega, að frv. það, sem hér liggur fyrir, er fljótt á litið ekki stórt í sniðum og að með því er hvorki gefin ávísun á mikið fjármagn né stórkostlegar framkvæmdir á skömmum tíma. Jafnvægissjóður sá, sem hér er lagt til að stofnaður verði, verður þess naumast megnugur að greiða í stórum stíl fyrir t. d. framkvæmd 10 ára áætlunarinnar um rafvæðingu dreifbýlisins, enda hefur þegar verið sett um hana sérstök löggjöf, sem þarf að endurskoða út af fyrir sig með tilliti til fjárframlaga, en í sambandi við undirbúning þessa frv. hefur einnig verið aflað nokkurra gagna um það mál, sem fyrir hendi eru nú.

Eigi mun jafnvægissjóður heldur, sá sem stofnaður er samkvæmt þessu frv., verða þess megnugur að veita fjármagn til stórfelldrar endurnýjunar eða aukningar togaraflotans, eins og

hér var verið að ræða um áðan, enda hefur Alþ. haft það mál sérstaklega til meðferðar og mun áreiðanlega hafa á næstunni, þótt eigi komi þar til beinlínis aðgerðir jafnvægisnefndar.

Það eru hin mörgu og margvíslegu og aðkallandi, í sumra augum smáu, en þó nauðsynjamál fjölmargra einstakra byggðarlaga, sem ætlazt er til að jafnvægisnefndin sinni, eftir því sem hún hefur tök á. Frv. er byggt á þeirri skoðun, að mikilsvert sé, hvað sem öðru líður, að til sé sá aðili á vegum ríkisvaldsins, sem alveg sérstaklega hafi á hendi það afmarkaða hlutverk að vinna að jafnvægi í byggð landsins og gera sér grein fyrir þeim úrræðum, stærri og smærri, sem tiltækileg eru eða kunna að vera á hverjum tíma og á hverjum stað, og að standa í stöðugu sambandi við þá, sem heima eiga í þeim byggðarlögum, sem í hlut eiga, eða fyrirsvarsmenn þeirra.

Það er skoðun þeirra, sem að þessu frv. unnu, að mestu máli skipti í þessu sambandi að koma á slíkri skipulagðri starfsemi og sjá henni fyrir einhverjum möguleikum til að bera árangur þegar í byrjun. Þótt ekki sé hratt af stað farið, getur það og verður vonandi upphaf að öðru meira.

Það væri freistandi í þessu sambandi að skýra hér í hv. d. frá ýmsu því, er komið hefur í ljós af þeim gögnum, er aflað hefur verið, og vikið er að í grg. frv. á þskj. 496, bls. 4—5 í þskj. Það mun ég þó ekki gera nema að litlu leyti, enda hafa þeir, sem að þessu hafa unnið, ekki tekið ákvörðun enn um birtingu þeirra gagna, sem hér er um að ræða, að öðru leyti en fram kemur í grg.

Ég vil þó leyfa mér að fara nokkrum orðum um hina merkilegu skýrslu, sem hv. 11. landsk. virtist nú að vísu ekki telja sérlega merkilega, en ég vil telja það, um fólksfjölgun og fólksfækkun í einstökum byggðarlögum, en þessi skýrsla er birt í grg. á þskj. 496, bls. 10—15, eða raunar 10—17. Þetta er eiginlega skýrsla um fólksflutningana í landinu á síðustu 4—5 áratugum, og mér vitanlega hefur slík skýrsla ekki áður legið fyrir hv. Alþ., og ég hygg, að hún hafi ekki áður verið gerð. Ég vil, um leið og ég minnist á þessa skýrslu um fólksflutningana, leyfa mér að leiðrétta tvær prentvillur, sem hafa komizt inn í grg., á bls. 13, þar sem reiknuð er út fækkun eða fjölgun fólks í kaupstöðum og hreppum og sýslum á tímabilinu 1910—1953. Í þessum dálki stendur víða mínus fyrir framan hundraðshlutatöluna, sem þýðir það, að fólkinu hafi fækkað. Á tveim stöðum á þessari bls. stendur mínus, þar sem hann ekki á að vera, það er í fyrsta lagi við Hofsós, þar sem má skilja svo, að fólki hafi fækkað um 106.2%, það er ekki rétt, heldur er það fjölgun. Sama er að segja um Dalvíkurhrepp, litlu neðar á síðunni, þar á ekki að vera mínus framan við töluna í síðasta dálki.

Eins og menn sjá, er skýrslan byggð á manntölum 1910, 1920, 1930, 1940 og 1953, og útreikningarnir eru gerðir af hagstofunni, eftir beiðni þeirra, sem að þessu frv. hafa unnið, og þeirra fyrirsögn.

Árið 1910 var íbúatala landsins rúmlega 85 þús. Árið 1953, þ. e. a. s. 43 árum síðar, var íbúatalan rúmlega 152 þús. Íbúum landsins fjölgaði á þessum 43 árum um nálega 79%. Það er meðalfjölgun í landinu á þessum tíma.

Árið 1910 voru íbúar Reykjavíkurkaupstaðar 11600. Samkvæmt meðalfjölguninni hefðu þeir þá átt að vera 20—21 þús. árið 1953, en voru þá nálega 60 þús., enda er fjölgunin 416%.

Tökum svo t. d. Rangárvallasýslu, sem þó er í sjálfum Sunnlendingafjórðungi. Þar var fólksfjöldinn 4024 árið 1910. Samkvæmt meðalfjölguninni hefði hann átt að vera 7200 árið 1953, en var rétt um 3000, fækkunin var 25.4% í stað 79% fjölgunar. — Eða Skagafjarðarsýslu, þar var fólksfjöldinn 3863 árið 1910. Samkvæmt meðalfjölguninni hefði hann átt að vera um 6900 árið 1953, en var 2751. Fækkunin var 28.8% í stað 79% fjölgunar. — Eða Dalasýslu, þar var fólksfjöldinn 2021 árið 1910. Samkvæmt meðalfjölguninni hefði hann átt að vera um 3600 árið 1953, en var 1176. Fækkunin var þar 41.8% í stað 79% fjölgunar. — Eða að lokum Norður-Ísafjarðarsýslu. Þar var fólksfjöldinn 3962 árið 1910. Samkvæmt meðalfjölguninni hefði hann átt að vera um 7000 árið 1953, en var 1882. Fækkunin var á þessum 43 árum 52.5% í stað 79% fjölgunar, sem var meðalfjölgunin í landinu.

Skýrslan á bls. 10—15 í grg. á þskj. 496, sem ég hef áður vikið að, segir víða svipaða sögu. Samkv. henni nemur fólksfækkunin í 28 hreppum í ýmsum landshlutum meira en 50% af fólkstölunni, þegar hún var hæst á tímabilinu, sem skýrslurnar taka til. Ég get ekki stillt mig um að lofa hv. þd. að heyra, hver fækkunin er í þessum 28 hreppum og hverjir þeir eru.

Það er í fyrsta lagi Fróðárhreppur á Snæfellsnesi, fólksfækkun 68.3%, Helgafellssveit í sömu sýslu 55.1%, Skógarstrandarhreppur í sömu sýslu 52%, Hörðudalshreppur í Dalasýslu 50.3%, Haukadalshreppur í sömu sýslu 51.2%, Skarðshreppur í sömu sýslu 59.6%, Flateyjarhreppur í Barðastrandarsýslu 55.2%, Rauðasandshreppur í sömu sýslu 59.6%, Ketildalahreppur í sömu sýslu 61%, Auðkúluhreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu 72.8%, og þessu næst koma svo nokkrir hreppar í Norður-Ísafjarðarsýslu, Ögurhreppur 63.7%, Reykjarfjarðarhreppur 55.6%, Nauteyrarhreppur 61.5%, Snæfjallahreppur 77.6%, Grunnavíkurhreppur 72.6%. Sléttuhreppur er í eyði, fullkomin 100%. Þá er það Hrófbergshreppur í Strandasýslu, fækkunin er 59.4%, Engihlíðarhreppur í Austur-Húnavatnssýslu 59.2%, Vindhælishreppur í sömu sýslu 53.8%, Skefilsstaðahreppur í Skagafjarðarsýslu 57.9%, Fjallahreppur í Norður-Þingeyjarsýslu 53.1%, Sauðaneshreppur í sömu sýslu 60.6%, Loðmundarfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu 79.2%, Mjóafjarðarhreppur í Suður-Múlasýslu 51.9%, Helgustaðahreppur í sömu sýslu 55.9%, Bæjarhreppur í Austur-Skaftafellssýslu 55.3%, Mýrahreppur í sömu sýslu 51.6% og Grafningshreppur í Árnessýslu 50.5%.

Þetta er fólksfækkunin á 43 árum. Það skal fram tekið, eins og ég gerði áðan, að þarna er þó ekki alls staðar miðað við töluna 1910, því að í einstaka hreppi fjölgaði enn eftir það, en þar sem um fækkun er að ræða, er miðað við hæstu íbúatölu, sem áður var á tímabilinu 1910—1953.

Það eru til ýmsar fleiri skýrslur, sem gerðar hafa verið að tilhlutun þeirra, sem unnið hafa að undirbúningi þessa frv. Þessi skýrsla var prentuð í grg. frv. sér í lagi vegna þess, að hún er auðlesin og auðskilin, en í skjölum þeim, sem á bak við þetta mál standa, eru ýmsar aðrar skýrslur, sem eru e. t. v. í sjálfu sér ekki ómerkari en þessi.

En niðurstaðan af því, sem ég hef verið að lesa, er í meginatriðum þessi: Í 11 kaupstöðum og í 19 hreppum er fólksfjölgunin meiri en sem nemur meðalfjölguninni, þ. e. a. s. meiri en 79% á þessum 43 árum. Í örfáum sveitarfélögum hefur orðið minni fjölgun, þ. e. a. s. minni en 79%. Í öllum hinum, þ. e. a. s. í 184 sveitarfélögum, eða því sem næst, hefur fækkað í stað þess að fjölga. Á sama tíma sem þjóðinni fjölgaði um 79%, hefur í öllum þessum sveitarfélögum fólkinu farið fækkandi. Og í 28 hreppum er fækkunin, eins og ég sagði áðan, yfir 50% í stað þess að þar fjölgaði um 79%, eins og þjóðinni í heild hefur fjölgað á sama tíma.

Það getur verið, að þessar tölur, sem ég hef lesið, séu ekki alveg nákvæmar, sumar þeirra eru í flýti reiknaðar, en það munar ekki neinu, sem máli skiptir.

Þetta er svipmynd, dregin í fáum nokkuð skýrum dráttum, af fólksflutningunum í landinu síðustu 40—50 árin. Þær breytingar, sem orðið hafa á árunum 1954—1956, þ. e. síðan skýrslan var gerð, eru hér ekki með, en munu hafa orðið nokkuð til sömu áttar.

Þessi mynd sýnir þá þróun til ójafnvægis, sem orðið hefur í byggð landsins, og hún var líka fyrsta skýrslan, sem þeir menn létu gera, sem unnið hafa að þessu máli.

Í þessari stuttu ræðu ætla ég ekki að tala um orsakir fólksflutninganna. Um þær hefur mikið verið rætt, og um þær er líka margs konar fróðleikur í gögnum þeim, er aflað hefur verið, gögnum, sem jafnvægisnefndin, sem frv. gerir ráð fyrir, fær væntanlega í sínar hendur, þegar hún tekur til starfa.

Ég ætla ekki að halda því fram, að allar þær breytingar, sem orðið hafa á búsetu þjóðarinnar og koma fram í þessari skýrslu, séu henni til óþurftar eða einstaklingum til tjóns. Það dettur sjálfsagt engum í hug að halda því fram, að skipulag byggðar á Íslandi hefði um aldur og ævi átt að vera eins og það var í lok landnámsaldar eða eins og það var t. d. um það leyti, sem Alþingi var endurreist. En ég vil um þetta efni aðeins segja þetta: Sú þjóð, sem á land, verður að byggja það, annars er hætt við, að illa fari. Til þess liggja ýmsar ástæður.

Í árslok 1952 voru eyðijarðir hér á landi samkvæmt skýrslum landnámsstjóra nálega 1000 að tölu, byggðar jarðir nálega 5600, búendur í sveitum nálega þúsundi fleiri, eða rúmlega 6600. Samkvæmt þessum skýrslum, sem ég nú nefndi, virðist búendatalan vera mjög svipuð nú og hún hefur verið að jafnaði síðustu 250 árin, og frá 1932—1952 hefur búendum fjölgað um 300. Síðan nýbýlalöggjöfin var sett fyrir 20 árum, hafa verið reist um 900 nýbýli víðs vegar um landið, eða fast að því eins mörg og eyðijarðirnar nú eru. Hins vegar eru nokkur þeirra reist á eyðijörðum. En heimilin í sveitunum eru miklu fólksfærri nú en þau áður voru, og má segja, að það sé ekki óeðlilegt á þeim jörðum, þar sem komnar eru til sögunnar vélar og vinnusparandi verkfæri, sem ekki voru áður til.

Það verður því að gera sér fulla grein fyrir því, að ef fólki á að fjölga í sveitunum, ef sú íbúatala, sem þar er nú, ætti t. d. að hækka hlutfallslega við íbúatölu landsins á næstu áratugum, þá verður heimilunum í sveitunum að fjölga mjög mikið. En hvernig? Það er umhugsunarefni, sem engin sveitarstjórn getur komizt hjá að velta fyrir sér um þessar mundir og hver sá maður verður að reyna að kryfja til mergjar, sem vill vinna að vexti og viðgangi sveitabyggðar hér á landi.

En þegar rætt er um fólksflutningana, þá er alveg jafnhliða full ástæða til að gefa sérstakan gaum að þeirri byggð, sem myndazt hefur og um skeið hefur farið heldur vaxandi í kauptúnum eða þorpum víðs vegar um landið. Kauptúnin eða þorpin, flest við sjóinn, flest að íbúatölu milli 300 og 700 eða þar um bil, eru nú um 50 talsins. Ég vil benda á, að þorpin eru á ýmsan hátt til þess fallin, hvert í sínu byggðarlagi, að hefta að einhverju leyti fólksstrauminn úr byggðarlögunum. Þessu hefur of lítill gaumur verið gefinn hingað til og kauptúna- eða þorpabyggðinni e. t. v. varla verið sinnt svo sem skyldi í sambandi við varðveizlu byggðarinnar.

Þeir, sem virða fyrir sér landsbyggðina, — og þegar ég tala um landsbyggðina, á ég við allt landið, allt, sem byggt er af landinu, — virðast oft ekki sjá nema tvenns konar byggð í landinu: annars vegar sveitirnar, hins vegar stóru kaupstaðina með þeirra malbikuðu götum og alþjóðlega sniði. En til er hin þriðja tegund byggðar á Íslandi, kauptúnin, fiskiþorpin 50, þau telja nú samtals nálægt 20 þús. íbúa, sem að vísu er ekki nema 12—13% af þjóðinni, en þessa byggð þarf áreiðanlega mjög að efla, um leið og unnið er að eflingu sveitanna, ef stuðla skal að jafnvægi á komandi árum. Það er kunnugra manna mál, að þessi byggð, þ. e. þorpin, sjávarþorpin, leggi um þessar mundir til kjarnann að uppvaxandi sjómannastétt í landinu.

Ýmsir kunna að segja, að tilhlýðilegt væri við umr. um þetta frv. að rekja nokkuð efni þeirra 106 bréfa, sem borizt hafa frá sveitarstjórnum sem svör við bréfi því, er 184 sveitarstjórnum var ritað hinn 15. júní s. l. og prentað er á bls. 56 í grg. frv. á þskj. 496. Það mun þó ekki gert að þessu sinni og þá m. a. af ástæðum, sem ég hef fyrr nefnt í þessari ræðu. Auk þess eru enn eftir um 80 sveitarstjórnir, sem ekki hafa svarað bréfinu eða svör a. m. k. ekki borizt á ákvörðunarstað enn þá. Má og vera, að einhver bréf til sveitarstjórna eða frá þeim hafi misfarizt. Ætla má, að enn eigi mörg svör eftir að berast, og því varla tímabært að vinna úr svörunum allsherjar niðurstöður til birtingar að svo stöddu, en það verður að sjálfsögðu eitt af verkum væntanlegrar jafnvægisnefndar samkvæmt þessu frv. að vinna úr þeim svörum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vildi mega vænta þess, af því að þetta mál er nú fyrir skömmu fram lagt á þingi og hefur því ekki

verið hér lengi til athugunar, að hv. þm. gerðu sér sérstakt far um að kynna sér málið, þó að tími þeirra sé að sjálfsögðu mjög takmarkaður, hvers eðlis það er og þær till., sem lagðar hafa verið fram í þessu frv., sem hér liggur fyrir, og að menn reyndu þá jafnframt, eftir því sem þeir hafa tíma og tækifæri til á þessum stutta tíma, að gera sér grein fyrir, hvers eðlis það undirbúningsverk muni vera, sem unnið hefur verið og nokkuð er reynt að lýsa, eftir því sem gert verður í stuttu máli, í sjálfri grg. á bls. 4—5. Vera má, að ef hv. þm. hefðu tíma til þess að kynna sér þetta mál á þennan hátt, sem ég hef nefnt, yrðu ekki aftur fluttar um þetta frv. slíkar ræður sem hv. 11. landsk. flutti hér áðan í deildinni.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja um eitt atriði þessa frv., áður en það fer til n., og ég geri það í því skyni, að ég vil mega vænta þess, að hv. n. athugi það nánar en mér virðist að komi fram í frv., og þetta er ákvæði 9. gr.

Um málið í heild ætla ég ekki að fjölyrða núna, að sumu leyti bregður það upp heldur ömurlegri mynd af okkar þjóðlífi. Ég er þeirrar skoðunar, að ef mikill hluti þjóðarinnar, máske langmestur hluti hennar, flytur úr sveitum landsins að sjónum, þá sé öryggi þjóðarinnar í framtíðinni ekki nægilegt, hvorki til framfara né afkomu. Ég veit vel, að sveitastörfin eru ekki þess eðlis, með þeirri aðstöðu, sem verið hefur hér hjá okkur, að þau gefi skjótfenginn gróða, sízt af öllu stórfelldan gróða, en þjóðinni eru þau áreiðanlega gagnleg og veita henni öryggi og geta búið henni meiri þroska og öruggari framfarir en við flest önnur störf.

En að svona er komið, að fækkað hefur í sveitum landsins, stafar fyrst og fremst af einni ástæðu, sem er alveg gildandi, og það heldur áfram að fækka og vera svo, unz þar er breytt til, en það er, að fólkið þarf að hafa sambærilega aðbúð og sambærileg kjör við það, sem tíðkast annars staðar með þjóðinni. Ef séð er fyrir því, að fólkið úti um byggðir landsins, úti um sveitirnar, hefur sambærilega aðbúð við það, sem tíðkast í fjölmenni, og kjör þess eru sambærileg við það, sem er þar, þá verður fólkið kyrrt. Verði hins vegar haldið áfram á þeirri braut, sem verið hefur nú um skeið, að meginfjármagn þjóðarinnar er dregið saman á tiltölulega lítinn blett, eins og er hér á Suðvesturlandi, fyrst og fremst við Faxaflóa, og látið starfa þar, þá heldur fólkið áfram að flytjast þangað og starfa þar. Hitt er svo annað mál, hvað örugg framtíð þjóðarinnar er, ef þannig heldur áfram.

Ég ætla ekki að fara að ræða einstakar greinar þessa frv. Ég vil strax taka það fram við hæstv. forseta, að hann þarf ekki að óttast, að ég geri þær að umtalsefni, nema aðeins sérstaklega eitt atriði í 9. gr., þar sem talað er um stofnfé jafnvægissjóðs. Það er undir 1. lið talað um 5 millj. samkv. 22. gr. fjárl. fyrir yfirstandandi ár, í öðru lagi er talað um fé það, sem ríkissjóður við gildistöku laga þessara á útistandandi af lánum, er veitt hafa verið samkv. 20. og 22. gr. fjárl. til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu, og 3. liður inneignir ríkissjóðs hjá lántakendum ríkisábyrgðarlána vegna afborgana og vaxta, sem ríkissjóður hefur greitt af þessum lánum síðustu 10 árin, fyrir árslok 1953. Svo er sagt í seinustu málsgr., að kröfur ríkissjóðs vegna lána og greiðslu vanskilaskulda samkvæmt þessari gr. skuli afhentar jafnvægissjóði til eignar, um leið og hann tekur til starfa. Stjórn jafnvægissjóðsins er heimilt að semja við skuldunauta um greiðslur lána, og má þá, ef ástæður þykja til, sbr. 1. gr., taka tillit til greiðslugetu þeirra.

Á þeirri tíð, sem þessi lán hafa verið veitt og Alþ. hefur tekið ákvörðun um það, hefur það vitaskuld verið gert með venjulegum hætti, þannig að ríkisstj. hefur átt að annast framkvæmd þessara atriða, framkvæmd lánveitinganna eða ábyrgðarinnar. Ríkisstj. hefur átt að meta tryggingar, þegar um þær hefur verið að ræða, fyrir þessum lánum eða ábyrgð, sem ríkið hefur gengið í, og gagnvart Alþ. hefur ríkisstj. þarna verið aðili. Alþ. hefur þess vegna haft aðgang að ríkisstj. um hvað eina, er þessum lánveitingum hefur viðkomið eða ábyrgðum. Nú er ætlazt til, að þessir fjármunir, sem svo er ástatt um sem segir í gr., verði afhentir stjórn þessa sjóðs, og stjórn sjóðsins gerist þá aðili, kemur þar í stað ríkisstj., sem á að annast innheimtu og fara með þessi mál eftir því, er henni þykir henta og þykir rétt.

Ég efast ekkert um, að slík ráðstöfun sem þessi sé lögleg, ef Alþ. lögfestir nú þessa skipan, þótt gersamlega sé breytt frá því, sem áður var. En nokkur breyting kann það að verða gagnvart þessum skuldunautum og önnur aðstaða þeirra út af þessum lántökum eða ábyrgðum en áður var.

Maður hefur rétt til þess að álíta, að þeir menn, sem fá þessar fjárreiður í hendur, það sem á að vera eign þessa sjóðs, freistist til, sérstaklega ef þeir eru peningaþurfi, að ganga allnærri þeim, sem eiga að standa skil á þessum kröfum sjóðnum til handa, og getur þá viljað til, að það verði þeim, sem eiga að standa skil á þessum fjármunum, nokkuð erfitt að annast greiðslur þeirra, og maður hefur allmikla ástæðu til þess að ætla, að viðhorf þeirra út af þessum málum gagnvart stjórn þessa sjóðs verði þó nokkuð annað og jafnvel erfiðara en ef ríkisstj. ætti þarna hlut að máli. Jafnvel það, að ríkisstj. hefur látið úti þessa peninga eða ábyrgðir og metið allar aðstæður, þegar það gerðist, getur orðið til þess, að hún mundi líta nokkuð öðrum augum á möguleika þessara manna, sem þessar skuldagreiðslur eiga að annast, heldur en menn, sem allt í einu koma inn í þetta og eignast þessar kröfur.

Ég treysti mér ekki án þess að rannsaka það, og það er talsvert verk, að segja fyrir fram til um það, hvernig ástatt kann að vera um ýmsar þessar kröfur. En vel get ég búizt við, að þannig sé því háttað um sumar þeirra, að það sé lítils virði og ekki þess vert að gera mikið til þess að innheimta það. Enn getur svo verið ástatt um sumar þessar kröfur, að það standi þannig á um þær, að það liggi mjög fjarri að gera hina minnstu tilraun til þess að innheimta.

Í því sambandi má t. d. minnast á þá fjármuni, sem gengið hafa til þess að bæta úr atvinnuskorti, þar sem hann hefur verið. Og enn geta verið aðrar ástæður, sem ég treysti mér ekki fyrir fram án sérstakrar rannsóknar til að segja um, sem sízt séu betri gagnvart þeim, sem á að greiða þessar skuldir, en þessi atriði, sem ég hef nú minnzt á.

Ég hefði mjög gjarnan viljað biðja hv. n. — það er fjhn. vafalaust, sem fær þetta mál — einmitt að athuga þetta mjög gaumgæfilega, því að það getur verið mjög þýðingarmikið fyrir þá aðila, sem hér eiga hlut að máli.

Ég skal svo ekki fjölyrða um málið meira.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Frv. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins er nú komið til afgreiðslu í þessari hv. d. Það er ekki vonum fyrr, að slíkt blað sé sýnt hér, því að lengi að undanförnu hafa liðsmenn ríkisstj. haft uppi allmiklar orðræður um það, hversu nauðsynlega þyrfti að gera ráðstafanir til þess að koma á jafnvægi í byggð landsins. N. var sett í málið samkvæmt till., sem samþ. var fyrir þremur árum hér á Alþ. Einhvern veginn mun það hafa vafizt fyrir ríkisstj. í rúmlega eitt ár að skipa þá n., en að lokum gerði hún það fyrir hartnær tveimur árum, og hefur sú n. setið á rökstólum síðan, og eru undan hennar rifjum runnin þau gögn, sem hér liggja fyrir nú.

Það var mjög virðingarvert af hv. þm. N-Þ., sem er annar aðalhöfundur þessa frv., að láta þess getið í ræðu sinni um málið, að frv. væri ekki stórt í sniðum. N. hefur sem sagt einbeitt sér að því að sanna þann hlut, sem reyndar allir landsmenn vissu áður, að þróunin í fólksflutningum á Íslandi stefnir til ójafnvægis í byggðinni. Fólk dregst saman á fáa staði, aðallega í höfuðstaðinn, en fækkar að sama skapi eða þó nokkru örar í flestum byggðum landsins á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi. Það er alveg rétt. N. hefur tekizt að sanna þetta alveg tvímælalaust, eða réttar sagt, hún hefur fengið Hagstofu Íslands til þess að sanna þetta, og fyrir þetta á n. allt þakklæti skilið.

Það eru í minni höfð orð eins hv. þm. Ed., sem gaf nm. í jafnvægisnefndinni, Gíslunum tveim, þá sérstöku einkunn í ræðu sinni um málið í Ed., að að þessu máli hefðu staðið tveir þm., annar greindur og hinn duglegur. *(Gripið fram í:* Var það ekki góð einkunn?) Jú, það var góð einkunn, og hún hefur ekki verið dregin í efa, mér vitanlega. Auk þess kunna þeir að hafa ýmsar fleiri dyggðir, en manni liggur við að álykta sem svo, þegar maður lítur yfir eftirtekjuna af þeirra störfum, að sá duglegi muni einkum hafa notað greindina og lagt hana fram í n., en sá greindi muni þá frekar hafa lagt til dugnaðinn, og samvinnan virðist hafa verið ágæt í nefndinni.

Til þess að bæta úr öllu því, sem hv. þm. N-Þ. hefur hér eftirminnilega lýst að skeð hafi í sambandi við þróunina í byggð landsins, leyfa þeir sér að leggja til, að 5 millj. kr., sem áætlaðar hafa verið og samþ. á fjárl. yfirstandandi árs til jafnvægis í byggð landsins, verði til þess notaðar.

Í öðru lagi leggja þeir til, að þær lánveitingar, sem farið hafa fram úr ríkissjóði á undanförnum árum til atvinnubóta og flestir telja að séu með öllu óinnheimtanlegar og meira að segja hv. 1. þm. Árn. (JörB) lét í ljós mikinn ugg um hér í ræðustóli, næst á undan mér, að einhverjum kynni nú kannske að detta í hug að fara að heimta inn og taldi það vera ákaflega alvarlegt mál.

Og í þriðja lagi eiga að vera tekjurnar til þess að jafna byggð landsins vextirnir af þessum sömu óinnheimtanlegu skuldum og þar með upp talið.

Maður hefði nú haldið, að hér væri ekki gengið lengra en svo, að ríkisstj., sem setti þessa n. á laggirnar, gæti á þetta fallizt, en svo er nú ekki aldeilis. Hinn eini raunverulegi tekjustofn þessa árs, þ. e. a. s. 5 millj. kr., sem samkvæmt fjárl. eru veittar til jafnvægis í byggð landsins, reynast ekki fáanlegar til handa jafnvægisnefndinni. Því hagar sem sagt þannig til, að menn búast við því, að þegar á fyrri hluta þessa árs fari fram kosningar til Alþingis, og ráðh. hafa þess vegna talið, að þeim veitti ekkert af að hafa þessa aura sjálfum til úthlutunar fyrir kosningarnar. Þess vegna hefur þessi tekjustofninn fyrir þetta ár verið dreginn út úr frv., og eins og það liggur nú fyrir, þá stendur ekkert af tekjustofninum annað en óinnheimtanlegu skuldirnar og óinnheimtanlegu vextirnir af þeim.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að kjósa eigi fimm manna nefnd, jafnvægisnefnd, og eigi hún að hafa stjórn þessa virðulega sjóðs á hendi, enn fremur eigi sú nefnd að safna skýrslum og gögnum varðandi mál þetta. Nú vildi ég spyrja: Hverjum dettur í hug, að samþykkt á slíku frv. mundi einhverju breyta um jafnvægið í byggð landsins? Ég vil ekki einu sinni ætla þeim nm. það, að þeir láti sér detta slíkt í hug. Sannleikurinn er sá, að í frv. vantar algerlega ákvæði, sem gætu komið af stað einhverjum ráðstöfunum í þjóðfélaginu, sem gerðu það að verkum, að frv. yrði eitthvað annað en pappír í skjalasafn ríkisins.

Ég leyfi mér að benda á það, sem hv. 11. landsk. þm. (LJós) hefur raunar rétt áðan bent hér á úr þessum ræðustóli, að fyrir þessu þingi liggi frv., sem ekki fást afgreidd, en mundu verka verulega til jafnvægis á byggð landsins, þ. e. frv. um að tryggja atvinnu úti um landsbyggðina, þar sem hana kann að vanta, með því að ríkið geri út togara og láti þá leggja upp afla sinn þar, sem atvinnuskortur er í hinum ýmsu byggðarlögum. Enn fremur er það stórkostlegt mál fyrir hinar dreifðu byggðir, sem aðallega hafa lífsframfæri sitt af fiskveiðum, að friðunarsvæðin úti fyrir hjá þeim verði stækkuð, svo að möguleikar séu á betri afla á vélbáta og smærri skip. Ekkert af þessu hefur fengizt afgreitt hér á Alþ., og meira að segja leyfir hv. þm. N-Þ., sem er hér aðalformælandi málsins, sér að óska alveg sérstaklega eftir því, að um þetta mál verði ekki haldnar slíkar ræður, þar sem minnzt sé á einhverja raunhæfa hluti til þess að koma á jafnvægi í byggð landsins, og það sýnir reyndar betur en flest annað, að hann hefur ekki lagt sína rómuðu dyggð mjög fram til þess að koma fram þeim hlutum, sem raunverulega gætu orkað til jafnvægis í byggð landsins.

Nefndin virðist hafa átt við ýmsa örðugleika að etja í starfi sínu. Ég leyfi mér, til þess að finna þeim orðum mínum stað, m. a. að vitna í kafla úr grg. þeirri, sem hún leggur fram fyrir frv. og prentuð er á bls. 4 í hinu upprunalega frv., þskj. 496. Þar segir á einum stað:

„Í erindisbréfinu var okkur sérstaklega falið að hafa samráð við Fiskifélag Íslands, Búnaðarfélag Íslands og Landssamband iðnaðarmanna, eftir því sem ástæður þykja til. Þegar á fyrsta fundi var ákveðið að skrifa þessum aðilum og í bréfi, sem þeim var ritað 13. júlí 1954, m. a. leitað álits þeirra um nánari skilgreiningu á landshlutunum samkvæmt þál. 4. febr. 1953. Ekki bárust nein ákveðin svör um það atriði."

Það er ekki von, að nefndin hafi komizt langt í störfum sínum, úr því að enginn vildi skilgreina fyrir hana landshlutana. Þetta mál er algerlega óupplýst enn þá, og er þess að vænta, að nefndin upplýsi það, hvort nokkur hefur getað ráðið bót á þessu hjá henni. En allt frv. ber það fyllilega með sér, að hún virðist eiga margar gátur óráðnar enn þá. Enda þótt hún sé komin að þeirri niðurstöðu, að jafnvægi skorti í byggð landsins, þá á hún eftir að komast að því, að einhverjar ráðstafanir til atvinnujöfnunar og til aðstöðujöfnunar fólksins í landinu væru fullt eins líklegar til þess að gera gagn og svona blöð, sem hún hefur látið frá sér fara.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Árn. (JörB) ræddi nokkuð um 9. gr. frv. á þskj. 564, gat þess að vísu, að hann mundi ekki við þessa umr. fara að ræða einstakar greinar, en hér er um nokkuð stórt atriði að ræða í málinu, og mér finnst eðlilegt, að á það sé minnzt.

Ég vil aðeins leyfa mér að skýra það í sambandi við þessa gr., að það, sem fyrir þeim mönnum vakti, sem undirbjuggu þetta frv., var einfaldlega aðeins það, að það, sem kynni að vera innheimtanlegt af þessum atvinnuaukningarlánum, sem þarna er um að ræða og ýmis a. m. k. eru fyllilega tryggð, og ástæða þætti til að innheimta, rynni í jafnvægissjóðinn, í stað þess að það mundi ella verða innheimt af ríkissjóði og renna til ríkissjóðs. Það er það, sem í þessu felst, og skýrir það nokkuð gr. Hins vegar má vel vera, að ástæða væri til þess að orða gr. eitthvað öðruvísi en þarna er gert. Ég tók eftir því, að hv. Ed. breytti orðalaginu frá því, sem það var í frv. upphaflega, og ég hef satt að segja ekki borið nákvæmlega saman orðalag þessarar gr. á þskj. 564 og þskj. 496, en það er vel, að sú hv. n., sem fær málið til meðferðar, athugi þetta, sem hv. 1. þm. Árn. hér hefur drepið á. En ég vildi aðeins á þessu stigi málsins skýra þann tilgang, sem liggur á bak við ákvæði gr. Hann var aðeins sá, að það, sem kynni að verða innheimt af þessum lánum, gengi til jafnvægissjóðsins og til stuðnings starfsemi hans í stað þess að ganga til ríkissjóðs.

Mér virtist ræða hv. 9. landsk. þm. (KGuðj), sem hér var flutt áðan, mjög glögg bending í þá átt, að ástæða hafi verið fyrir mig að beina þeim tilmælum til hv. þm. að kynna sér vel málið eins og það liggur fyrir á þskj. 496 og grg. þess, því að ég heyrði það glögglega á ræðu hans, alveg eins og ég heyrði á ræðu hv. 11. landsk. þm. (LJós), að þeir hafa ekki sett sig inn í málið. Þeir eru að tala um hluti, sem að vísu má gjarnan tala um á Alþingi og hefur oft verið talað um, en þeir eru eiginlega ekki að tala um það, sem liggur fyrir á dagskránni núna í sambandi við þetta sérstaka mál, ekki nema að litlu leyti. Og þess vegna er ekki heldur ástæða til þess að svara því mikið. Ég er ekkert að lá honum þetta, því að hann hefur haft mjög skamman tíma til þess að athuga málið, mjög skamman tíma, og honum er vorkunn og öðrum hv. þm., þó að þeir hafi ekki sett sig nákvæmlega inn í það.

Eitt af því, sem hann var að tala um og fannst eitthvað hlálegt, var það, að leitað hefði verið eftir umsögnum hjá Búnaðarfélagi Íslands, Fiskifélagi Íslands og Landssambandi iðnaðarmanna um þetta mál í heild. Það var nú beinlínis fyrir lagt, að svo skyldi gert, á hv. Alþingi, en sérstaklega fannst honum það eitthvað undarlegt, að leitað hefði verið álits þeirra um nánari skilgreiningu á landshlutum samkvæmt þál. 4. febr. 1953. Ég skal játa það, að þetta er mjög stuttlega orðað í grg. og ekki nákvæmlega útskýrt, hvað við sé átt með þessu, enda hefur hv. þm. enn þá ekki tekizt að átta sig á því, en tekst það væntanlega, ef hann fær til þess tíma. En í þál. frá 4. febr. 1953, sem starfað hefur verið eftir, segir svo, með leyfi hæstv. forseta, að ríkisstj. sé falið að vinna að undirbúningi og semja heildaráætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa sökum erfiðra samgangna og skorts á raforku og atvinnutækjum. Það, sem gera skyldi samkvæmt fyrirmælum Alþingis, var að semja heildaráætlun um framkvæmdir. Hvar? Í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa sökum erfiðra samgangna og skorts á raforku og atvinnutækjum.

Nú virtist okkur, að það kynni að vera, að ekki væri talið alveg liggja í augum uppi, hverjir þessir landshlutar væru, sem erfiðasta aðstöðuna hefðu, og þess vegna var leitað álits þessara aðila um það, eða þeir beðnir að láta uppi álit sitt á því, hvaða landshlutar það væru, sem við erfiðasta aðstöðu byggju. Og það sýndi sig, að þetta var ekki alveg einfalt mál, því að enginn þessara aðila svaraði þessari spurningu. Enginn þessara aðila var við því búinn á þeim tíma að segja til um, hvaða skilning hann vildi láta leggja í þessi orð ályktunar Alþingis, hvaða landshlutar ættu við erfiðasta aðstöðu að búa. (*Gripið fram í.*) Mér vitanlega hefur þetta ekki enn verið upplýst, og ég væri mjög þakklátur fyrir mitt leyti, ef hv. 9. landsk. þm. vildi upplýsa mig um það hér og hv. deild, hvaða landshlutar þetta eru að hans dómi. Hann gerir það væntanlega og þá svo glöggt, að menn þurfi ekki að vera í neinum vafa um það lengur, ef menn hafa verið það. Þá nefnir hann þessa landshluta, þegar hann hefur þá á reiðum höndum, sem við erfiðasta aðstöðu búa og af þeim orsökum, sem tilgreint er í þál.

Þetta er skýringin á þessu atriði, sem hv. þm. hafði ekki áttað sig á enn þá, hvernig stæði á í grg.

Ég vil svo aðeins minna á það, sem auðvitað

skiptir ekki neinu höfuðmáli í þessu sambandi, en af því að það hefur verið rætt um það hér, vil ég aðeins minna á það og vekja athygli á því, að þeim, sem unnið hafa að undirbúningi þessa frv., var aldrei falið að gera till. um fjáröflun til einhverra ákveðinna framkvæmda. Þeim var aldrei falið það. Þetta þarf að sjálfsögðu að gera. Ef ráðizt er í framkvæmdir, þarf að gera till. og ákvarðanir um fjáröflunarleiðir, en út af fyrir sig var þeim ekki falið að gera það. Það, sem þeim var falið að gera, var að undirbúa áætlun um framkvæmdir í þessum margnefndu landshlutum, sem hv. 9. landsk. þm. á svo erfitt með að átta sig á, og þetta hefur þegar verið gert að nokkru leyti, eins og ég sagði í öndverðu. Það hefur verið látin fara fram allmikill undirbúningur, sem því miður er ekki hægt að skýra frá hér öllu nákvæmar en gert er þarna í grg., og í raun og veru er skýrslan, sem gerð hefur verið á bls. 10—15, að nokkru svar við þeirri spurningu, sem ég var að tala hér um áðan um landshlutana, þó ekki að öllu leyti, ef til vill vegna þeirrar nánari skilgreiningar, sem sett var í ályktun Alþingis á sínum tíma. En það varð niðurstaðan, að slík heildaráætlun, svo að að verulegu gagni yrði, um framkvæmdir í þessum landshlutum, og þá að sjálfsögðu einnig um kostnað við þessar framkvæmdir, þótt ekki væri um fjáröflunarleiðir að ræða, yrði ekki gerð nema á mörgum árum og að sjálfsögðu með aðstoð sérfræðinga og töluverðum vinnukrafti, sem þá hins vegar hlyti að hafa í för með sér mikinn kostnað fyrir ríkissjóð. Hv. þm. vita skil á því, hvað það kostar að láta gera hluti, sem eru eitthvað í ætt við það að semja heildaráætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, þar sem fólksfækkun hefur orðið. Hv. þm. kannast við það, hvað það er að gera eitthvað í þá átt, þó að, eins og ég sagði áðan, slík vinna hafi í raun og veru aldrei verið framkvæmd hér á landi. Slík áætlun hefur aldrei verið gerð. En það hafa verið gerðar minni áætlanir, og það hefur verið framkvæmd ýmis vinna í nefndum, sem er mjög svipuð þessu, og hv. þm. vita það vel, að til þess að gera það þarf mikla starfskrafta, og það kostar mikið fé.

Það var af þeim, sem að þessu máli standa, talið réttara að athuga þetta mál betur, hvernig að því skyldi vinna, og gera ekki till. um neinn verulegan kostnað í því sambandi, fyrr en það lægi fyrir. En hitt er jafnvægisnefnd ætlað, þeirri, sem væntanlega verður stofnuð samkvæmt þessu frv., að framkvæma þetta verk til fullnustu, byggt á því verki, sem þegar hefur verið unnið, og áframhaldandi starfi, sem hún væntanlega vinnur við önnur og betri starfsskilyrði og þá auðvitað með miklu meiri kostnaði en þessir tveir menn hafa lagt í þann tíma, sem málið hefur verið í þeirra höndum.

Hér er af hv. þm. verið að ræða um verk, sem þessum mönnum, sem að þessu frv. hafa unnið, hefur aldrei, hvorki af Alþingi né af ríkisstj., verið falið að vinna, þ. e. að afla fjár. Segja má, að þeir hafi í raun og veru farið út fyrir verksvið sitt með því að gera till. um jafnvægissjóð og fjárframlög til hans, en það stendur í beinu sambandi við þá aðalhugsun frv., að koma þurfi upp einhverri stofnun, sem stöðugt starfi að því verkefni að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Hv. 9. landsk. þm. hafði líka misskilið dálítið ákvæðin um það fjármagn, sem sjóðnum er ætlað að fá til meðferðar. Það er eins og ég sagði: Hér er ekki um mikið fjármagn að ræða, en það er þó dálítið meira en hv. þm. virtist álíta. Í frv. er gert ráð fyrir árlegu framlagi úr ríkissjóði, 5 millj. kr. Þetta er nýtt fé. Það er ekkert um það í frv., að það atvinnuaukningarfé, sem hefur verið í fjárlögum, eigi að renna í þennan sjóð. Það er ekkert um það, að atvinnuaukningarfé skuli ekki tekið inn á fjárlög áfram, þó að þetta fé sé ætlað jafnvægissjóði. Þetta eru sérstakar tekjur, sem honum eru ætlaðar, og er náttúrlega það fé, sem starfsemin að þessu leyti fyrst og fremst byggist á. En stofnféð eru þessar 5 millj. kr., sem sjóðnum eru ætlaðar samkvæmt heimild Alþingis á fjárlögum í vetur, og auk þess það, sem kann að hafast upp úr atvinnuaukningarlánum þeim, sem útistandandi eru, en enginn veit auðvitað, hvað verður, en gera má ráð fyrir að verði eitthvað, og sömuleiðis það, sem jafnvægissjóður kann að hafa upp úr því, að þeir, sem ekki hafa greitt af ríkisábyrgðarlánum vexti eða afborganir, geri það nú.

Ég held, að ég láti þetta nægja til frekari skýringar þessu máli og til þess að reyna að koma í veg fyrir þann misskilning um eðli þessa máls, sem mér virðist koma fram sérstaklega hjá hv. 9. landsk. þm. og reyndar áðan hjá 11. landsk. þm. og stafar auðvitað af því, eins og ég sagði áðan, að þeir hafa ekki haft nægilegt ráðrúm til þess að kynna sér málið.

Forseti (SB): Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að venjulegur fundartími er að verða liðinn. Hins vegar var ætlunin að reyna að ljúka 1. umr. um þetta mál, þannig að því yrði komið til nefndar. Ég vænti, að þeir hv. þm., sem taka til máls hér eftir, stilli ræðulengd sinni svo í hóf, að unnt verði að koma málinu til n. nú á þessum fundi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja hér við þessa umr. Það var einkum í tilefni af því, að hv. þm. N-Þ. (GíslG) hefur margsinnis endurtekið það hér, að það, sem ég sagði hér um þetta mál og einnig hv. 9. landsk. þm. (KGuðj), væri á misskilningi byggt, við hefðum sýnilega ekki kynnt okkur þetta frv., líklega ekki unnizt tími til að lesa þetta mál og þar af leiðandi ekki skilið, hvað hafi verið raunverulega verkefni þeirrar nefndar, sem þetta frv. samdi. Hann tók þetta nú reyndar mjög vel upp við okkur og sagði, að okkur væri vorkunn, því að við hefðum víst ekki haft nægilega langan tíma til þess að geta áttað okkur á þessu verkefni. Ég verð hins vegar að snúa þessu við og segja það, að mér þyki, eftir að hafa athugað frv. nokkrum sinnum og einnig eftir að ég hlustaði á ræðu hans, að mér hefði fundizt það vera vorkunnarlaust af honum að vera búinn að glöggva sig á því nú, eftir að hafa starfað í þessari nefnd í nærri tvö ár, að vita, hvaða verkefni það voru, sem þessari n. voru falin. En það sýnist mér alveg augljóst

mál, að hann hafi engan veginn áttað sig á því enn, hvað honum var falið að gera.

Í grg. frv. segir á þessa leið:

„Með bréfi ríkisstj., dags. 29. júní 1954, var undirrituðum „með skírskotun til þál., sem samþ. var á Alþ. hinn 4. febr. 1953, um undirbúning heildaráætlunar í þeim tilgangi að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins" — falið að „vinna að undirbúningi og semja heildaráætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa sökum erfiðra samgangna og skorts á raforku og atvinnutækjum samkvæmt því, sem lagt er til í þál."

Þetta var verkefnið. Hvar er heildaráætlunin um framkvæmdir, sem geti miðað að því að draga úr þessu misræmi í byggð landsins? Hvar er heildaráætlunin? Hvar er sjálft verkefnið, sem þeim var falið? Það var einmitt þetta, sem ég margendurtók í minni ræðu og einnig hv. 9. landsk. þm. Við finnum það að þessu frv., að það vantar alveg áætlunina um það, hvað á að gera. Það er ekki það, sem þarf að gera, að ákveða það enn einu sinni að setja niður nýja jafnvægisnefnd. Hún er þegar búin að hanga yfir þessu ómerkilega starfi sínu í nærri tvö ár. Það er ekki það, sem vantar. Það vantar till. um það, hvaða áætlun á að leggjast um verklegar framkvæmdir til þess að draga úr þessu misræmi í byggð landsins. Áætlunarframkvæmdir hefðu verið t. d. þær að láta kaupa 10 togara og dreifa þeim á þessi svæði og skapa þannig aukna vinnu, aukna framleiðslu, og það hefði miðað að því að stöðva flótta fólksins úr þessum landshlutum hingað til Reykjavíkur. Það er því ekki ég og hv. 9. landsk. þm., sem höfum misskilið neitt í þessu efni, ekki á nokkurn hátt. Við kunnum að lesa mælt mál og sjáum alveg og vissum það reyndar áður, hvað hafði verið lagt fyrir n. En sá hv. nm. úr jafnvægisnefndinni, sem samið hefur þetta frv., hv. þm. N-Þ., sem hér hefur talað um það, annaðhvort virðist ekki skilja, hvaða verkefni honum var falið, eða hann grípur þá nauðvörn að látast ekki skilja það nú, þegar hann sér, að allt er í óefni komið.

Það var auðvitað mjög greinilegt, að hv. þm. var hér í mikilli nauðvörn. Þegar á það var einnig bent, að þetta frv. gerði sáralitla lausn á þeim vanda að benda á fjármuni handa jafnvægisnefnd til þess að geta eitthvað aðhafzt í þessum efnum, þá bendir hann á það, að raunverulega hafi n. aldrei verið falið það verkefni að benda á tekjuleiðir. En samt er helmingurinn af frv., eins og ég gat um í minni ræðu, um það, hvaða tekjur þessi sjóður skuli hafa. Ég deildi því ekki á n. fyrir að hafa ekki komið með einhverjar till., heldur fyrir það, að till. eru svo mjóar og aumingjalegar, að þær gagna ekkert. Þær geta engu um þokað. Að benda á það sem tekjustofn, að þessi sjóður skuli fá vextina af þeim lánum, sem veitt hafa verið í atvinnubótaskyni á undanförnum árum, vextina, sem aldrei hafa fengizt borgaðir, hafa reynzt óinnheimtanlegir, — ávísanir á slíkt fé geta vitanlega aldrei gert neitt gagn í sambandi við að leysa jafnfjárfrekar ráðstafanir og hér um ræðir.

Svo upplýsir hv. þm. úr þessari makalausu jafnvægisnefnd, að enn þá hafi þeir ekki komizt að raun um það og hann hafi t. d. ekki enn þá áttað sig á því, hvaða landshluta sé hér eiginlega um að ræða, sem séu í þessum vanda, að þaðan flýi fólk og það þurfi eitthvað fyrir þá að gera. Það er svo sem ekki við miklu að búast af n. eftir tveggja ára starf, að hún komi með nokkrar raunhæfar till. um það, hvernig eigi að bregðast við vandanum, þegar hún veit alls ekki um það, hvar vandinn er. Hún hefur ekki glöggvað sig á því enn þá. Hún veit ekki, hvaða landshlutar þetta eru. Hún er enn að leita. Hún skrifaði einhverjum, þeir svöruðu henni ekki, og af hverju hafa þessir aðilar ekki svarað? Ja, það er alveg augljóst fyrir mér, af hverju þeir hafa ekki svarað. Þeir hafa talið, að þetta væri það minnsta, sem hver einn og einasti alþm. hefði átt að vita, a. m. k. þm., sem eru fulltrúar þeirra byggðarlaga, sem hér eiga einkum hlut að máli, eins og þessir jafnvægisnefndarmenn báðir eru, annar frá Norður-Þingeyjarsýslu og hinn frá Barðastrandarsýslu, þeir hefðu átt að vita það. Ég held t. d., að ef n. hefði beint þessum spurningum til mín, hefði ég ekki svarað þeim, ekki vegna þess, að það hefði ekki verið auðvelt verk að svara því, heldur vegna þess, að ég hefði litið svo á, að þessir menn væru bara að tefja tímann og leika sér að hlutunum, því að þetta hlytu þeir að vita, og ég efast ekkert um það, að hv. þm. N-Þ. veit mætavel, hvaða landshlutar það eru, sem hér er um að ræða. Og að bera því svo við, að störf þessarar margumtöluðu jafnvægisnefndar hafi verið svona léleg allan þennan tíma af því, að hún hafi ekki ráðið yfir starfskröftum og af því að hún hafi verið peningalaus, það eru aldeilis ásakanir á hæstv. ríkisstj. Hefur hún neitað n. um nauðsynlegt aðkallandi starfslið? Hefur n. beðið um það, og hefur hún fengið nei? Hefur hún ekki getað fengið nauðsynlega fjármuni til þess að geta unnið sitt verk? Hver hefur neitað henni? Alþingi hefur þó gert samþykkt um, að þessi athugun skyldi framkvæmd. Og Alþingi hefur gert ráð fyrir því, að kostnaðurinn af þessum störfum yrði greiddur.

Nei, það ber hér allt að sama brunni, n. hefur vanrækt það verk, sem hún átti að vinna, en svo er hlaupið til og flutt þetta frv., svo mjóslegið sem það er. Og af hverju er það flutt núna? Það er vitanlega reynt að gusa þessu núna út, af því að það eru kosningar að skella yfir. Menn þurfa að fá að segja: Ja, mikið stendur nú til í sambandi við lausn á þessum erfiðleikum. Mikið stendur til, það á að setja niður nefnd. Hún á að athuga í 23 liðum, eins og hér var talið upp, ýmislegt, safna skýrslum á skýrslur ofan. Það á að mynda sjóð, hann á reyndar að vera tómur. Og ýmislegt stendur nú til. Nýja nefndin skal „nokk" leysa þetta. — Og það á vitanlega að fitja upp á því, annað eins held ég maður hafi nú séð, að reyna að láta kjósa út á þetta a. m. k. einu sinni, vita, hvort það gæti ekki heppnazt. Nei, það hefði verið miklu sæmra, jafnvel þó að kosningar væru fram undan, að þessi n. hefði haldið áfram að vinna eða réttara sagt byrjað einu sinni á því að vinna að því verkefni, sem henni var beinlínis falið að vinna að, semja þessa áætlun um, hvað gera þyrfti í atvinnulegum efn-

um fyrir þessa staði, og leggja fram sínar till. um það, hvað þyrfti að gera. En hins vegar er, eins og ég hef sagt hér áður, hægt að hjálpa nefndinni og stjórnarflokkunum með því að leggja hér fram á þessu þingi till. um það, hvað gera þarf. Og það væri líka hægt fyrir stjórnarflokkana að velja sum þau frv., sem hér liggja fyrir, og samþykkja þau, og þá væri eitthvað að gert í þessum efnum. Og það mun svo verða athugað hér við síðari umr. þessa máls að gefa meðal annars nm. úr jafnvægisnefnd kost á því að greiða hér atkvæði um raunhæfar ráðstafanir til atvinnujöfnunar í landinu í staðinn fyrir plagg eins og þetta.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Mér heyrist á hæstv. forseta, að hann telji, að þessu máli liggi mikið á, og hefði verið ánægjulegt að heyra það um ýmis þýðingarmikil mál, sem legið hafa fyrir Alþ. frá þingbyrjun, að áhugi væri fyrir því, að þau yrðu afgreidd, en flest liggja þau nú í dyngjum í nefndum enn, þrátt fyrir það að þingið sé búið að sitja upp undir 6 mánuði.

Ég held nú samt, að einna minnst gerði til, þó að þetta frv. yrði ekki afgr. núna fyrir þinglokin. Ég held áreiðanlega, að það geri hvorki til né frá um strauminn úr sveitunum og landshlutunum, sem hafa búið við atvinnuleysi á undanförnum árum, hvort þetta frv. verður gert að lögum á Alþ. eða ekki. Straumurinn verður jafnstríður eftir sem áður úr byggðunum. Það er ekkert lausnarorð gefið við þessu mikla vandamáli með samþykkt þessa frv. Það er rétt, sem sagt var í hv. Ed., að það er langeðlilegast, að þetta frv. verði sent aftur til n., því að það er ekki um neitt. Og þar var raunar kveðið svo að orði, að þegar höfundarnir væru búnir að átta sig á innihaldsleysi málsins, væri eðlilegast, að þeir óskuðu sjálfir eftir að fá málið til sín aftur, og það held ég að væri það réttasta. Innihaldsleysi frv. er svo átakanlegt, að menn eiga ekki orð yfir það, einkanlega þegar búið er að átta sig á því, að tveir mætir menn hafa verið í launaðri nefnd í tvö ár við að setja þetta saman. Það má vera, að menn hafi gert sér háar vonir um það, hvað út úr þessu kæmi, þegar nefndin skilaði störfum, og að af því stafi vonbrigðin, en það er nú svona, að menn líkja þessu frv. helzt við vinsæla smábarnalesbók, sem gefin var út fyrir nokkuð löngu. Hennar sterka hlið var ekki það, að það væri mikið efni í henni, en börnum féll hún vel í geð. Hún var barnaleg og við þeirra hæfi. Það var bók, sem hét „Litla, gula hænan". Og þetta frv. er nú almennt af þm. kallað „Litla, gula hænan", og e. t. v. verður það í framtíðinni kallað „Jafnvægishænan", því að í hverri einustu grein frv. er talað um jafnvægi. Það á að skipa 5 manna jafnvægisnefnd, og það er sagt um, hvað jafnvægisnefndin eigi að halda oft fundi og hvað hlutverk jafnvægisnefndar sé og svo hvað mörgum tegundum af skýrslum jafnvægisnefnd eigi að safna, og svo á jafnvægisnefnd, ef hún telur þörf til þess, að láta gera margar áætlanir, og svo á að stofna jafnvægissjóð, sem eins og hefur verið tekið hérna fram greinilega og greinilegast af öllu kemur fram í frv., verður alltaf tómur sjóður. Hann á að byggjast upp aðallega af óinnheimtanlegum skuldum, og á þeim fjárhagsgrundvelli á að byggja jafnvægisviðreisnarstarfið í landinu. Nei, ef hefði verið nokkur snefill af alvöru í því að koma fjárhagslegum grundvelli undir einhverjar aðgerðir í þessum málum, hefði vitanlega átt að byggja á einhverjum traustum tekjustofnum, ætla t. d. 10% eða 15% af brennivínstekjum ríkisins til þess að byggja aðgerðirnar á, eða tóbakstekjunum eða einhverjum svoleiðis, en ekki grípa til óinnheimtanlegra skulda, sem vitanlega koma aldrei í þennan jafnvægiskassa, sem hér er talað um.

Ég tók eftir því, að hv. jafnvægisnefndarfulltrúi þessarar d., hv. þm. N-Þ., vék að því, að kauptúnin hefðu mjög þýðingarmiklu hlutverki að gegna í þjóðfélaginu og þeim hefði verið lítið sinnt og þeim lítil aðstoð veitt og úr þessu þyrfti að bæta. Þó lítur út fyrir einmitt, eins og frv. kemur frá jafnvægisnefndinni, að einmitt kauptúnin hafi gleymzt, því að í 14. gr. frv., eins og það kom frá þeim, er sagt:

„Nú er langvarandi atvinnuleysi í kaupstað, og er þá heimilt að veita úr jafnvægissjóði fjárhagslega aðstoð til fjölskyldna, sem sækja um slíka aðstoð, til þess að flytjast búferlum í annað sveitarfélag, þar sem þær hafa möguleika til að sjá sér farborða til frambúðar, að dómi jafnvægisnefndar, enda sé það álit nefndarinnar og hlutaðeigandi sveitarstjórna, að búferlaflutningurinn stuðli að jafnvægi í byggð landsins."

Þeir duttu ofan í þetta gat í hv. Ed. og fundu það út einmitt, að þessir menn, sem sérstaklega báru hag kauptúnanna fyrir brjósti, hefðu einmitt gleymt kauptúnunum, og þar var þess vegna ráðin bót á þessu gati í frv. og bætt við, að það mætti veita úr jafnvægissjóði peninga til búferlaflutninga í önnur sveitarfélög, ef langvarandi atvinnuleysi ætti sér stað í kaupstað eða kauptúni. Þá fyrst komu kauptúnin með til þess að njóta greiðslna úr jafnvægissjóði til burtflutnings. Þetta er það langskemmtilegasta í þessu frv., það er líka lokakaflinn, þegar spenningurinn á að vera sem hæstur í þessari góðu bók, í „Litlu, gulu hænunni". Það er alveg komið að því, að hún ætli að fara að verpa. Já, ég verð að segja það, að það með mörgu öðru sýnir, að það er ástæða til þess, að höfundarnir fái málið til sín aftur, að þeir eru ekki enn þá búnir að finna það út, hvaða landshlutar séu þannig settir, að þeir hafi mesta þörf fyrir jafnvægið sjálft. Það verður að koma jafnvægi að eiginlega í hverri setningu, þegar maður talar um þetta mál, því að þannig er frv. að öllu leyti uppbyggt. Hefði þeim nú ekki nægt að vita eitthvað um það, hvar væri þörf eða bara hvar væri mikil þörf fyrir aðstoð til þess að halda fólkinu kyrru í viðkomandi byggðarlögum? Það hefði verið létt af þeim anzi miklum vanda, ef þeir hefðu bara getað látið sér nægja vitneskju um, hvar væri þörf eða allmikil þörf til aðstoðar við atvinnulífið. Þeir urðu að fá það frá einhverri stofnun upplýst, hvar væri mesta þörfin. Og úr því að engin stofnun gat sagt þeim ákveðið: Þörfin er mest þarna í þessum landshluta, — þá vaða þeir enn þá í villu og svima um þetta

atriði og þá vantar grundvöllinn fyrir öllu saman. Og svo líður ár og svo líður annað ár, og þá eru raunar liðin 3 ár frá því að hæstv. ríkisstj. fékk þetta verkefni í hendur. Og fólkið heldur áfram að flytja sig, af því að þessa vitneskju vantar. Það vantar skýrslu um þetta annaðhvort frá Búnaðarfélaginu eða Fiskifélaginu eða Landssambandi iðnaðarmanna. Og þetta stendur í þeim, að geta svarað þessu. Ja, þetta hefur vissulega átt að vera vísindaleg úrlausn, en af því að það fást ekki svör við svona þýðingarmiklum grundvallaratriðum, þá veit enginn um það, hvar þeir landshlutar eru, sem þurfti að hjálpa til aukins jafnvægis, og við það situr. Og þá er gripið til þess að semja frv., sem að vísu heitir: Frv. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en er ekki um neinar slíkar ráðstafanir. Og þegar hv. þm., eins og hv. 11. landsk. og hv. 9. landsk., hafa einmitt farið að tala um ráðstafanir, sem gætu stuðlað að jafnvægi í byggð landsins, þá segir höfundurinn: Um þetta á ekkert að tala í sambandi við þetta frv. Það er ekkert um það. Það eru hlutir, sem jafnvel menn eru nú búnir að átta sig á að megi þó tala um, en það er ekkert viðkomandi þessu frv. Að fara að tala um togarakaup út um landsbyggðina og verksmiðjur, bætta hafnaraðstöðu og annað þess konar, nei, það fellur ekki inn í rammann um frv., sem á að vera um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Óviðkomandi hlutir. Nei, frv. þetta er bara um það, hvað eigi að vera margir menn í jafnvægisnefnd og hvað hún eigi að halda oft fundi og hvaða skýrslum hún eigi að safna og hvaða spurningar hún eigi að leggja fyrir aðrar ríkisstofnanir og svo hvernig eigi að koma fyrir jafnvægissjóði, sem ætlaðar séu milljónir og milljónatugir af fé, aðeins þegar séð er fyrir því, að féð sé óinnheimtanlegt. Það eru sem sé vanskilaskuldir, sem eiga að vera tekjustofninn.

Það virðist svo sem þm. úr Barðastrandarsýslu og þm. úr Norður-Þingeyjarsýslu, sem hafa svo Vestfjarðalandshlutann og Norðurlandið á milli sín og Austfirðina til hinnar handarinnar, hefðu nú mátt án mikilla rannsókna renna grun í það, hvaða landssvæði þar mundu vera, sem þeir áttu að bera fram till. um að hjálpa. Og það er líka búið að bregða upp af því mynd hér, að það er auðvitað 300 milljóna innspýtingin á ári í atvinnulífið hér á Suðvesturlandinu frá erlendum aðilum, sem á sinn drjúga þátt í að skapa jafnvægisleysið. Og annaðhvort þurfti að taka á því eins og maður að ákveða að dreifa þessu fjármagni yfir til hinna landshlutanna eða þá að taka meira af fjármagninu úr framleiðslu- og atvinnulífinu innanlands, sem allt er sogað hingað til Reykjavíkur, að taka þá þeim mun meira af því og dreifa því út til hinna landshlutanna, eða þá að láta bókstaflega vera að burðast með neinar sýndartill. um þetta mál.

Orsakirnar til jafnvægisleysisins að öðru leyti blasa svo við, eins og bent hefur verið hér á, einmitt þýðingarmestu atriðin; síldarleysið norðanlands og í utgerðarbæjunum vestanlands hefur lamað atvinnulífið þar og þrjózka og hugleysi núverandi hæstv. ríkisstj. í landhelgismálunum veldur því, að vélbátaútgerðin er lömuð í þessum landshlutum og hefur verið svo öll þessi jafnvægisár síðan þáltill. 1953 var samþ. og lengur þó. Það var auðvitað ekkert annað fyrir hendi en að leggja til, að friðunarlínan yrði færð út norðanlands, austan og vestan, til þess að sams konar fyrirgreiðsla væri gefin þar atvinnulífinu og reynslan er búin að sýna að atvinnulífið fékk hér suðvestanlands við lokun flóasvæðanna hér, Faxaflóa og Breiðafjarðar, og enginn getur þannig nú efazt um að er aðgerð, sem getur gerbreytt aðstöðu vélbátaútgerðar. Þeir hefðu getað komizt nokkuð létt út af sínu verki að því er snertir lausn vissra þátta þess, þessir hv. nm., ef þeir hefðu bara viljað gera svo vel að mæla með þáltill. og frv., sem lágu hér fyrir þinginu, eða fást til að greiða fyrir afgreiðslu þeirra í nefndum, sem þeir hafa sjálfir setið í og legið á þessum málum, auðvitað í þjónustu þeirrar stjórnar, sem vildi ekki, að þessar lagfæringar næðu fram að ganga. En það hafa þeir látið vera að gera. Það á sjálfsagt að verða verkefni þessarar stofnunar, sem á að setja á fót, 5 manna jafnvægisnefndarinnar, sem á að vera fast embætti, kosin sífellt á hverju kjörtímabili og á að hafa í sinni þjónustu fagfróðan mann og fleiri starfsmenn, ef ríkisstj. fæst til að samþ. það. Og auðvitað þarf ekki að spyrja að því, að til þess að fullkomna og tryggja betur jafnvægið á auðvitað þessi nýja jafnvægisstofnun að vera hér innan um allt annað embættisbákn í Reykjavík. Það dettur engum í hug annað. Nei, þetta frv. er slík háðung, að það ætti að stinga því sem beinasta leið ofan í bréfakörfurnar hér á Alþ., því að slík mál sem atvinnuleysismálin og fólksflóttinn úr þremur landshlutum eru ekkert fíflskapar- eða alvöruleysismál og átti ekki skilið þá meðferð, sem það mál hefur nú fengið eftir þriggja ára þrauk og basl þessara jafnvægisnefndarmanna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 564, 604).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 604. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það hefur ekki unnizt tími til þess að halda fund í fjhn. um þetta mál í dag sökum margvíslegra annarra anna þingsins, og liggur því ekki fyrir enn þá neitt nál. Það hefur verið útbýtt brtt. í málinu, þar sem blandað er inn í þetta mál öðrum mjög mikilvægum málum og óskyldum, og er það mín skoðun, að það að taka upp umr. um það núna að fella þær inn í þetta mál sé sama sem af ásetningi að reyna að koma þessu máli fyrir kattarnef á þessu þingi. Eins og nú er komið, þegar við erum á næstsíðasta degi þingsins, tel ég allt annað en að samþykkja þetta frv. óbreytt eða með sáralitlum breytingum sama sem að stefna málinu í voða. Ég fyrir mitt leyti legg mikla áherzlu á, að málið nái fram að ganga, og hef gert ráðstafanir til þess fyrir mína hönd og

hv. þm. A-Húnv. (JPálm) eftir viðræður okkar í dag að gefa út nál. um það og leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. En eins og ég segi, þá er ekki enn vitað um það, hvaða afstöðu aðrir nm. kunna að hafa til slíkra till., þar sem tími hefur ekki unnizt til fundar í fjhn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) tók fram, hefur ekki unnizt tími til að halda fund í fjhn. í dag, vegna þess að fundir hafa verið tíðir og staðið lengi, bæði í Sþ. og deildinni, en hins vegar er ákveðinn fundur í fjhn. í fyrramálið, og mun þá þetta mál verða tekið fyrir. Vil ég fara fram á, að umr. verði frestað, þar til n. hefur haft tækifæri til að athuga málið og skila áliti.

Forseti (SB): Ég vil benda hv. þdm. á það, að fundartími er mjög takmarkaður, en eins og hv. þd. er kunnugt, lagði hæstv. forsrh. áherzlu á það, þegar hann lagði þetta mál fyrir, að því yrði lokið á þessu þingi. Ég hef þess vegna tekið málið á dagskrá í kvöld, enda þótt hv. fjhn. hafi ekki, a. m. k. ekki allri, gefizt tími til þess að afgreiða málið. Ég óttast það, að tóm gefist naumast til þess á morgun að ljúka afgreiðslu málsins, ef ekki verður hægt að ljúka 2. umr. í kvöld.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns leyfa mér að taka undir þá ósk form. fjhn. þessarar d., að málinu verði frestað, þar sem það hefur ekki enn þá verið tekið fyrir í fjhn. En þar sem forseti hefur ekki séð sér fært að verða við þeim tilmælum, þá verð ég þrátt fyrir alla þá annmarka, sem kunna að vera á tíma þessa þings, að leyfa mér að mæla fyrir þeim brtt., sem ég ásamt þrem öðrum þm. hef lagt hér fram varðandi þetta mál. *(Forseti:* Ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á, að hv. d. hefur aðeins tíma til kl. hálf tíu, þannig að ég vil beina þeim tilmælum til hans að ljúka framsögu sinni fyrir þessum till., ef hann treystir sér til, að sjálfsögðu án þess að fresta ræðu sinni, en það þýðir auðvitað það, að málið verður ekki afgreitt í kvöld og ef til vill ekki á morgun.)

Í sambandi við þessa úrslitakosti forseta verð ég að lýsa því yfir, að mér nægja alls ekki þær mínútur, sem eftir eru til kl. hálf tíu, til minnar framsöguræðu, *og ítreka enn ósk mína* um, að málinu verði frestað. — Þar sem svör fást ekki við því, leyfi ég mér að byrja ræðu mína, enda þótt það sé vonlaust, að henni geti verið lokið á þessum ákveðna tíma.

Málið, sem hér liggur fyrir, er um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Við 1. umr. þess var að því vikið, að málið er undirbúið af nefnd, sem setið hefur á rökstólum fram undir tvö ár, en ástæðan til þess, að sú nefnd varð til, var samþykkt á till., sem gerð var hér á þingi fyrir þremur árum.

Jafnvægisfrv. sem slíkt gerir ráð fyrir, að ríkisvaldið eigi að stuðla að því, að þeirri óheillavænlegu og öru þróun, sem átt hefur sér stað að undanförnu, þannig að fólk hefur flutzt mjög úr þremur landsfjórðungum yfir til Suðvesturlands, geti að einhverju leyti lokið eða a. m. k. dregið úr þeim öra fólksstraumi, sem í þessa átt hefur legið að undanförnu. Þær ráðstafanir, sem gera á samkvæmt frv., eru einkum þær að kjósa hér nefnd, jafnvægisnefnd fimm manna, sem á jafnframt að stjórna sjóði, jafnvægissjóði. Tekjur þess sjóðs eru ætlaðar vextir af skuldum, sem ríkið á útistandandi og út hafa verið lánaðar á undanförnum árum til atvinnubóta, en allir ræðumenn hafa yfirleitt reiknað með, að ekki væru innheimtanlegar nema þá að mjög óverulegu leyti og vextir ekki heldur af þeim. Skuldirnar sjálfar eiga einnig að verða tekjustofn í jafnvægissjóð, en á þessu ári á sjóðurinn eða sjóðsstjórnin ekki að hafa yfir öðrum tekjum til úthlutunar í þessu skyni að ráða. Þegar frv. var upphaflega lagt fram, var þó gert ráð fyrir, að væntanleg jafnvægisnefnd ráðstafaði og úthlutaði þeim 5 millj. kr., *sem fjárlög yfirstandandi* árs gera ráð fyrir að varið verði í þessu skyni. En við þá meðferð, sem málið hefur þegar fengið í Alþingi, er nú búið að draga undan þessa 5 millj. kr. greiðslu, og verða þá væntanlega ekki til ráðstöfunar neinir teljandi fjármunir í þessu skyni fyrr en á næsta ári, og er mér það þess vegna fullkomin ráðgáta, hvers vegna þeir, sem stjórna vinnubrögðum hér á hv. Alþ., leggja á það slíkt ofurkapp að fá frv. samþykkt einmitt nú, þar sem sýnilegt er, að sú jafnvægisnefnd, sem á að kjósa, mundi engan veginn geta sinnt því hlutverki, sem henni er samkvæmt l. ætlað, á þessu ári. Það er sannarlega engin ástæða til að brjóta allar þingvenjur til þess að koma slíku máli í gegn, sem í reyndinni yrði fullkomlega haldlaust og gagnslaust á þessu ári. Enn fremur er frv. þannig úr garði gert, að jafnvel þegar það gæti komið til fullra framkvæmda, einhvern tíma væntanlega á árinu 1957, vegna þess að þá hefðu fallið til í jafnvægissjóð þær tekjur, sem honum eru ætlaðar, eru þær ráðstafanir, sem gera á, allsendis ófullnægjandi til þess að sinna að nokkru því að skapa jafnvægi í byggð landsins. Ein helzta ráðstöfunin, sem gera á í þessu sambandi, er sú, að það á að veita jafnvægisnefndinni rétt til þess að greiða fargjöld fyrir það fólk, sem flytur burt úr þorpum eða kaupstöðum, þar sem lítið er um atvinnu. Ekki verður sú ráðstöfun neitt sérstaklega líkleg til þess að valda straumhvörfum í þessum málum. Það er hins vegar augsýnilegt, að til þess að eitthvert jafnvægi geti komizt á í byggð landsins, þarf fyrst og fremst ráðstafanir, sem tryggja fólki stöðuga atvinnu í sínu heimahéraði, og það þarf að tryggja landsmönnum yfirleitt, að þeir njóti eitthvað svipaðrar aðstöðu til þess að nota þegnréttindi þau, sem þjóðfélagsborgararnir eiga, en svo er alls ekki eins og nú háttar. Það, sem ég og hv. 11. landsk. þm., hv. 3. landsk. þm. og hv. 4. landsk. þm. leggjum til að gert verði til þess að koma á raunverulega einhverjum aðgerðum, sem verkað gætu í þá átt, sem annars er látið í veðri vaka að tilgangurinn sé með frv., er, að við leggjum til á þskj. 604, að gerðar verði breyt. á frv. í þá átt, að inn í það séu teknir tveir nýir kaflar, annar, sem fjallar sérstaklega um ráðstafanir til atvinnujöfnunar, og hinn, sem fjallar sérstaklega um ráðstafanir til aðstöðujöfnunar. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 99. fundi í Nd., 28. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 564, n. 656, 657 og 658, 604).

Frsm. 2. minni hl. (Karl Guðjónsson) [frh.]: Herra forseti. Ég skal að sjálfsögðu reyna að stytta mitt mál svo sem frekast má verða, þar sem mjög er að eindagast þingtíminn, en þegar síðast var frestað umr. um málið, hafði það ekki komið til afgreiðslu í n., en hins vegar lágu fyrir brtt., sem ég var hér að ræða.

Þær brtt. eru í tveimur köflum, og er annar kaflinn um ráðstafanir til atvinnujöfnunar. Ég skal geta þess, að hann er raunar í fjórum liðum, þar sem fyrsti liðurinn fjallar um það, að stækka skuli friðunarsvæðin á ákveðnum stöðum umhverfis landið, og er þar um að ræða mál, sem þingheimi er kunnugt, og mun ég ekki fara mjög ýtarlega út í það. En það er alkunna, að þm. hafa yfirleitt gert á mörgum undanförnum þingum tillögur um það, að friðunarsvæðin yrðu stækkuð víðs vegar úti fyrir ströndum landsins, og ber víst flestum saman um, að það geti haft veruleg áhrif á atvinnumöguleika þeirra byggðarlaga, sem þar eiga helzt í hlut. Annar liður þessa kafla fjallar um togarakaup ríkisins, og er það mál einnig kunnugt hér og hefur verið rætt hér í þessari hv. d. ekki alls fyrir löngu, en sama máli gegnir einnig um sérstaka togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar og þátttöku ríkisins í togaraútgerð með bæjarfélögum eða sveitarfélögum. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að ríkið útvegi lán og endurláni það bæjar- eða sveitarfélögum og þeim lánum megi verja til atvinnuaukningar, þar sem aðstaða er ekki nægilega góð til þess að taka á móti fiskafurðum og þar sem líklegt er, að hægt sé að auka framleiðsluna með slíkum ráðstöfunum. En hinn kaflinn, sem ég ásamt samflutningsmönnum mínum að þessari till. legg til að tekinn verði upp í frv., er nokkrar ráðstafanir til aðstöðujöfnunar, og vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um það, þar sem það er ekki þess háttar mál, að það hafi legið hér fyrir þingi áður, a. m. k. ekki nú alveg nýlega.

Það kannast flestir við það, að ýmislegt af þeim þegnréttindum, sem Íslendingar eiga að njóta, er ekki hægt að komast í neina snertingu við, nema viðkomandi einstaklingur komi til höfuðstaðarins og sæki þar rétt sinn eða a. m. k. fái til þess einhvern sérstakan mann að reka erindi sín hér í höfuðborginni. Við þetta skapast að sjálfsögðu aðstöðumunur, sem gerir það að verkum, að fólk leitar eftir því að sitja við kjötkatlana, en þurfa ekki að sækja allt um langan veg eða í gegnum umboðsmenn. Ég nefni þar til, að úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fer hvergi fram nema í Reykjavík. Sá, sem vill sækja um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, verður að útvega sér eyðublað í Reykjavík, hann verður að senda umsóknina til Reykjavíkur, og ef hann er í náðinni og fær leyfi, fær jákvætt svar við þessari umsókn sinni, þá verður hann einnig að koma til Reykjavíkur til þess að sækja gjaldeyrinn, til þess að leysa hann út þar í öðrum hvorum gjaldeyrisbankanum. Þennan aðstöðumun væri ákaflega auðvelt að jafna með því að taka upp þá hætti, að útibú gjaldeyrisbankanna afgreiddu þessi leyfi, en að innflutningsskrifstofan sæi fyrir því, að í öllum kaupstöðum landsins væri hægt að fá úthlutun.

Það hefur verið töluverð ásókn í það af hálfu ríkisvaldsins að undanförnu að neyða bæjarréttindum eða kaupstaðarréttindum upp á sveitarfélög án tillits til þess, hvort þau sjálf óskuðu eftir því eða ekki. Það væri ekki nema sanngjarnt, að slíkum ráðstöfunum af hálfu ríkisvaldsins fylgdu líka nokkrar skyldur, t. d. þær, að á slíkum stað, þ. e. a. s. í kaupstöðunum, skyldi vera umboð frá innflutningsskrifstofunni, sem úthlutaði leyfum eftir kvótareglu, sem þá yrði sett af aðalskrifstofunni í Reykjavík.

Nýlega var sett á fót heilt lánakerfi til íbúðarhúsabygginga. Það eru víst flestir hv alþm., sem kannast við, hvernig það verkar með tilliti til aðstöðu manna. Það er víst ekki óalgengt, að sá, sem sækir eftir lánum úr því kerfi hingað til Reykjavíkur, hafi ekki fyllt út einhvern lið á því eyðublaði, sem tilskilið var, og fái eyðublaðið endursent, þurfi jafnvel að senda það nokkrum sinnum, áður en afgreiðsla geti fengizt á láninu, og að lokum verður hann að útvega sér einhvern trúverðugan mann í höfuðborginni til þess að taka á móti þessu láni. Það væri þó fátt auðveldara en að láta banka og sparisjóði landsins annast afgreiðslu á þessum lánum, jafnvel þótt úthlutunin færi fram í Reykjavík.

Þá er það alkunna, að vörusendingar til landsins koma nær allar til Reykjavíkur og er umskipað þar, og ríkissjóður hefur sjálfur í förum með ærnum tilkostnaði skip, sem dreifa vörunum frá Reykjavík út um alla landsbyggðina. Nú er það svo, að sumar hafnir landsins liggja beinna við siglingum erlendis frá en Reykjavíkurhöfn, og væri það ekki úr vegi, að ríkið leitaði samninga við stærstu skipafélögin um að koma upp sérstökum afskipunarhöfnum, þó að ekki væri ýkja mörgum, en nokkrum, utan Faxaflóasvæðisins, svo að það þurfi ekki að endurtaka sig ár frá ári, að skipin sigli með vörurnar t. d. fram hjá Austurlandi, fram hjá Vestmannaeyjum, um margra mílna veg í öfuga átt við ákvörðunarstað varningsins, og ríkið síðan að gera út frá Reykjavík allmargar fleytur með mjög óhagstæðri rekstrarafkomu til þess að koma þessu á þá staði, sem millilandaskipin sigldu fram hjá með þennan varning. Það er vert, að hv. alþm. fái tækifæri til þess að greiða atkv. um það, hvort þeir vilja halda gamla skipulaginu á þessu, að allt komi fyrst til Reykjavíkur og síðan verði því á ríkisins kostnað að verulegu leyti skipað í lítil skip, sem flytja það um langan veg með tapi fyrir ríkissjóð á ákvörðunarstaði. Ég vænti þess, að þegar hugir hv. þingmanna eru sérstaklega innstilltir á það að huga að jafnvægi í byggð landsins, verði það hollt mörgum þingmanni að ná einhverju uppgjöri um það með sjálfum sér, hvort hann vill, að öll aðstaða til lána úr hinum almenna húsnæðismálasjóði og annað það, sem um getur í till. þeim, sem ég er hér að ræða, skuli vera bundin við Reykjavík og Reykjavík

eina eða hvort það skuli dreifa þessari aðstöðu út um byggðina, þannig að hún verði sem jöfnust fyrir menn, hvar sem þeir búa.

Frsm. 1. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Á fundi fjhn. í morgun var þetta mál afgreitt með nokkuð mismunandi afstöðu, en mín afstaða var þar, eins og fram kemur í nál., sem að vísu er ekki enn búið að útbýta, sú, að ég legg eindregið til, að þetta frv. verði samþ. núna óbreytt, og það er vegna þess, að ég tel það forsendur fyrir því, að frv. geti fengið afgreiðslu nú á þessu þingi, eins og tíma þingsins er komið. Að þessu leyti er meðnm. minn, Jón Pálmason, hv. þm. A-Húnv., mér sammála, en gat ekki mætt á fundinum í morgun, þar sem hann þurfti að hverfa heim frá þingstörfum í gær.

Ég tel málið þannig vaxið, að með því að afgreiða það nú í því formi, sem það er, og það er á þann eina hátt hægt að tryggja því afgreiðslu, geti þegar hafizt mikilvægt starf, sem inna á af höndum samkv. þessu frv. Hins vegar er ég á þeirri skoðun, að ýmsar breytingar væri æskilegt að gera á því, en það ætti að vinnast nægur tími til þess á næsta þingi og að fenginni reynslu, sem þá hefði skapazt, að gera þær nauðsynlegu breytingar, sem gera þyrfti, og málið er ekki þess eðlis, að neitt tapist við að afgreiða það nú, en það vinnst við það, að jafnvægisnefnd getur hafið starfsemi sína og þess vegna getur komið fyrr að liði sú aðstoð við hinar dreifðu byggðir landsins, sem ætla má að veitt verði samkv. þessu frv.

Þetta er sjónarmið okkar hv. þm. A-Húnv., sem liggja til grundvallar því, að við leggjum eindregið til, að frv. verði samþ. núna óbreytt.

Frsm. 3. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur verið frá skýrt, var fundur í fjhn. nú í morgun til að athuga þetta frv. Að vísu gátu aðeins þrír nm. mætt á fundinum. Einn nm., hv. þm. A-Húnv. (JPálm), er utanbæjar, og annar nm., hv. 1. landsk. þm. (GÞG), hafði forföll. En það kom fram í n., að sjónarmiðin voru nokkuð mismunandi, og koma þrjú nál., sem eru í prentun og væntanleg innan skamms.

Afstaða mín í n. var sú, að ég vil mæla með, að frv. verði samþ., en áskildi mér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. við frv.

Það er merkilegt mál, sem er hreyft í þessu frv., og er leitt, að tími þingsins hefur verið takmarkaður til að athuga þetta mál, vegna þess, hve skammt er liðið síðan frv. var lagt fyrir þingið, málið vel þess vert, að það hefði verið betur athugað en hægt hefur verið að gera á þessum stutta tíma.

Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH), sem talaði hér síðast, leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, og ræddi hann um það, að vafasamt væri, að frv. næði fram að ganga, ef gerðar yrðu á því breytingar. En ég lít svo á, að það sé ekki hægt fyrir þessa hv. d. að afsala sér rétti til að gera einhverjar breyt. á frv., ef menn telja það heppilegt, þrátt fyrir það að frv. sé seint fram komið. Nokkrar breyt. voru gerðar á því í hv. Ed., og getur verið þrátt fyrir það ástæða til að gera einhverjar breyt. á frv. hér.

Það eru ýmsar merkilegar upplýsingar, sem fylgja þessu frv. í grg. frá höfundum þess. Þar eru t. d. skýrslur um fólksfjölda hér á landi frá 1910 til 1953, og er þar sundurliðuð fólkstala í kaupstöðum og öllum hreppum og reiknað út í hundraðstölum, hverjar breytingarnar hafa orðið. Þessi skýrsla sýnir það, sem reyndar var vitað áður og öllum kunnugt, að á undanförnum árum og áratugum hafa orðið geysilega miklir fólksflutningar í landinu. Yfirleitt hefur þetta orðið þannig, að fólkinu hefur fækkað mjög í sveitum landsins, en fjölgað í kaupstöðum og þó sérstaklega hér í Reykjavík og á svæðinu við Faxaflóa. Mér telst svo til, að í um það bil 30 hreppum hafi fólksfækkunin numið meira en 50%. En það er vitanlega fleira, sem gerzt hefur jafnhliða og hlaut að fylgja með eða í kjölfar þessara fólksflutninga, en um það eru ekki skýrslur í grg. frv., en það er eignatilfærslan, sem orðið hefur í landinu á þessum tíma. Það fólk, sem hefur flutt sig milli landshluta, hefur vitanlega farið með fjármuni sína með sér, og ef gerðar væru skýrslur um það, hvernig þessi fjármunaflutningur hefur verið í þjóðfélaginu, mundi koma í ljós, að það er gífurlega mikið fé, sem hefur verið flutt frá hinum dreifðu byggðum víðs vegar um landið til kaupstaðanna og þéttbýlisins, einkum hér á suðvesturhorni landsins. Við höfum fyrir augum dæmin úr sveitunum. Bændur selja fasteignir sínar og bú og flytja burt með andvirði þessara eigna sinna til þess að byggja sér hús eða kaupa hús á öðrum stöðum, þar sem þeir taka sér bólfestu, en viðtakendur, þeir sem kaupa jarðirnar og búin í sveitunum, þurfa síðan oft að bera þunga skuldabagga vegna þessara viðskipta, sem eru þeim oft fjötur um fót við búreksturinn. En þetta á sér stað víðar en í sveitunum. Einnig úr kauptúnunum víða um land hefur orðið slíkur tilflutningur á fólki og fjármunum, og í mörgum tilfellum hefur gróði af atvinnurekstri á þeim stöðum verið fluttur burt úr viðkomandi byggðarlagi.

Áður var það svo, meðan verzlunin var í höndum útlendinga, að þá fór verzlunarágóðinn héðan af landi burt, út til Kaupmannahafnar. En þó að verzlunin sé nú innlend orðin að mestu, hefur ekki með öllu tekið fyrir flutning verzlunargróða úr einstökum byggðarlögum til annarra hér innanlands. Það eru mörg dæmi þess, að menn, sem hafa haft ýmiss konar atvinnurekstur í kauptúnum víða um land, hafa tekið sig upp þaðan, selt eignir sínar og farið með þann hagnað, sem þeir hafa haft, bæði af verzlun og öðrum atvinnurekstri, hingað til Reykjavíkur og annarra staða, þar sem byggðin er nú þéttust. En þó að þess megi finna mörg dæmi um einstaka atvinnurekendur eða hlutafélög fárra manna, þá gegnir hér allt öðru máli um önnur fyrirtæki á þessum stöðum, þ. e. samvinnufélögin. Samvinnufélögin hafa nú víða um land mikinn meiri hluta af viðskiptunum í sínum höndum, og samkv. lögum er tryggt, að ágóðinn af þeim rekstri, sem myndast hjá þessum félögum, verður ekki burt fluttur úr viðkomandi héraði.

Í lögum um samvinnufélög frá 1937 er svo ákveðið, að við félagsslit skuli sameignarsjóðir samvinnufélags ávaxtaðir á félagssvæðinu, þar til nýtt félag eða félög með sama markmiði rísa þar upp aftur, og fá þau þá þetta fé til umráða. Félagsmenn í samvinnufélögum geta þannig ekki skipt á milli sín eignum félagsins, þó að félaginu sé slitið, eins og tíðkast í öðrum félögum. Þeir geta aðeins tekið út úr félögunum sínar séreignir, sínar innstæður þar í stofnsjóðum eða viðskiptareikningum, en sameiginlegum eignum félagsins er ekki heimilt að skipta milli félagsmanna. Þetta hefur vitanlega geysilega mikla þýðingu fyrir þau héruð, þar sem samvinnufélögin hafa náð öruggastri fótfestu, og er því m. a. af þessari ástæðu mjög þýðingarmikið, að slíkur félagsskapur eflist sem víðast um landið.

Í II. kafla þessa frv., sem hér liggur fyrir, eru ákvæði um jafnvægissjóð, ákvæði í 9. gr. um stofnfé hans og í 10. gr. um tekjur hans, og síðan í sama kafla um lán, sem heimilt er að veita úr þessum sjóði til ýmiss konar framkvæmda. Þar segir í 11. gr., að úr jafnvægissjóði megi veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi jafnvægisnefndar séu til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, svo sem skipum og vélum, enda sé það aðalreglan, að hlutaðeigandi sveitarstjórn hafi sótt um lánið eða mælt með því.

Ég tel, að rétt sé að gera nokkra breytingu á þessari grein. Ég tel, að það eigi að samþykkja viðbót við gr., sem feli það í sér, að það sé nokkurn veginn öruggt, að það fé, sem kann að verða lánað í því skyni að koma upp atvinnufyrirtækjum eða kaupa atvinnutæki á ýmsum stöðum, þar sem mikil þörf er fyrir slíkt, verði ekki flutt burt aftur úr þessum byggðarlögum. Ég hef því gert brtt., sem við flytjum þrír nm. úr fjhn., þ. e. þeir hv. 1. landsk. (GÞG) og hv. 9. landsk. þm. (KGuðj) ásamt mér, að það bætist ný mgr. við 11. gr., sem verði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú eru lán veitt úr sjóðnum til annarra aðila en sveitarstjórna, og skulu þá félög, er starfa eftir þeim reglum samkv. lögum eða samþykktum, að öruggt er, að þau flytji ekki eignir sínar burt úr byggðarlaginu við félagsslit, hafa forgangsrétt að slíkum lánum."

Eins og hv. þdm. sjá af þessu, leggjum við ekki til, að slík félög hafi forgangsrétt fram yfir sveitarfélög, en að sveitarfélögunum slepptum hafi slík félög forgangsrétt að lánunum. Ég hef áður minnt á það, að slík ákvæði eru í lögum um samvinnufélög, en vel gæti það komið fyrir, að félög hefðu hliðstæð ákvæði örugglega í sínum samþykktum og störfuðu þannig, þó að þau væru ekki að öllu leyti byggð á grundvelli samvinnulaganna. Ég tel nauðsynlegt, að það sé tryggt þegar í upphafi, að þessari reglu verði fylgt við lánveitingarnar, og þess vegna leggjum við nú fram brtt. um þetta.

Það liggur í augum uppi, að það væri takmarkað gagn af því, þó að einstakir atvinnurekendur fengju aðstoð hjá jafnvægissjóði til að kaupa ný atvinnutæki eða koma upp atvinnufyrirtækjum á stöðum, þar sem vöntun er á slíku, ef það er ekki tryggt, að þessi aðstoð verði meira en stundarfyrirbrigði fyrir þá staði, sem þar er um að ræða. En eins og við vitum, er það algengt, að einstaklingar hætta við atvinnurekstur og selja eignir sínar og fara með þær til annarra staða, og er þeim þetta að sjálfsögðu frjálst, en þá getur það valdið vandræðum á þeim stöðum, þar sem þessi atvinnufyrirtæki voru áður, er eigendur þeirra hverfa burt með þær eignir, sem þar hafa myndazt vegna atvinnurekstrarins. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en það hefur ekki unnizt tími til að fá þessa brtt. prentaða, og verð ég því að afhenda hæstv. forseta hana skriflega og óska þess, að afbrigða verði leitað og till. síðan látin koma undir atkvæði deildarmanna.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 666) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. V-Húnv. (SkG), að hér er um mál að ræða, sem hefði verið þess virði að geta haft betra tóm til þess að ræða það í einstökum atriðum. Hefði ég haft mikla löngun til að geta haft lengri tíma til að ræða ýmsa þætti þess, ekki hvað sízt vegna þess, að ég hef hér ásamt nokkrum hv. þm. Sjálfstfl. lagt fram bæði á síðasta þingi og nú á þessu þingi sérstakt frv. í þessari hv. d. um ráðstafanir til atvinnujöfnunar. Mörg atriði þess frv. eru nátengd því hlutverki, sem þessari nýju stofnun er ætlað að vinna að, þótt þar beri nokkuð í milli. Þar sem brýna nauðsyn ber til þess að reyna að hraða þessu máli, ef það á að geta orðið að lögum, þá ætla ég ekki að fara að lengja hér tímann með því að fara að ræða þetta, en ég vildi aðeins, vegna þess að hér eru komnar fram nokkrar brtt. við málið, taka það fram, að það hefði vitanlega verið æskilegt að koma hér fram ýmsum breytingum og það jafnvel öðrum breytingum en till. eru þegar komnar fram um. Hefði ég talið mjög æskilegt, að hefði verið hægt að afgreiða nú t. d. í sambandi við þetta frv. heimildir í sambandi við togarakaup og útgerð togara, sem er ákaflega mikilvægt atriði og er eitt af þeim atriðum, sem tekin eru til meðferðar í okkar frv. Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir, að ef á að verða auðið að samþykkja eða afgreiða frá þessu þingi frv. þetta um jafnvægi í byggð landsins, er ekki hægt að samþykkja við það brtt. nú. Það er sama og að ákveða, að frv. nái ekki fram að ganga. Af þessum sökum hef ég ekki viljað flytja þessa né aðrar brtt. og tel enda, að það skipti ekki meginmáli, vegna þess að þótt slíkar brtt. kynnu að verða samþ., gerir það, eins og ég sagði, það að verkum, að frv. næði ekki fram að ganga, og það hefði því út af fyrir sig ekkert gildi, og enn fremur vegna þess, að enda þótt hér sé aðeins um spor að ræða í þá átt, sem við teljum að stefna beri með þessu frv., þá er það þó spor í rétta átt, og ber vissulega að reyna að stuðla að því, að sérhverjar ráðstafanir, sem að gagni mættu koma,

gætu tekið gildi sem fyrst, og það er ekkert, sem hindrar það, að auðið væri á næsta Alþingi að taka þetta til rækilegri athugunar, enda kunni að liggja þá fyrir nánari till. af hálfu þeirrar jafnvægisnefndar, sem kjósa á samkv. þessu frv. Er það því sýnilegt, að það eru skynsamlegustu vinnubrögð málsins, ef menn á annað borð vilja stuðla að einhverjum raunhæfum ráðstöfunum í þessa átt, að frv. verði nú í þetta sinn afgr. óbreytt, og þar sem það liggur því ljóst fyrir, að afgreiðsla þess nú er því eingöngu möguleg, að engar brtt. verði samþ., mun ég fyrir mitt leyti hvorki bera fram brtt. né greiða atkv. með neinni þeirri brtt., sem hér verður flutt, enda þótt þær kynnu, miðað við aðrar aðstæður, að vera til bóta.

Ég vil aðeins taka það fram að lokum út af till. þeirri, sem hv. þm. V-Húnv. talaði hér fyrir, að það er að sjálfsögðu rétt, að það er nauðsynlegt að tryggja, að þessi lán verði áfram í því byggðarlagi, sem þau eru veitt til, en það er auðvitað hægt að tryggja með öðru móti en því að ákveða, að þau skuli fyrir fram ganga til vissra aðila. Það er hægt að ákveða, eins og gert hefur verið, að lánin falli í gjalddaga, ef atvinnutæki eru seld burt, þannig að þessa till. út af fyrir sig álít ég ekki heppilega eins og hún er formuð.

Ég ætla svo ekki að lengja umr., til þess að atkvgr. megi fram fara, og vænti þess, að frv. verði samþ. óbreytt.

Forseti (SB): Ég vildi aðeins vekja athygli hv. þm. á því, að ef ekki tekst að hafa atkvgr. við 2. umr. nú fyrir hádegi, eru ákaflega litlar líkur til þess, að það sé hægt að afgreiða þetta mál. Það er einn hv. þm. á mælendaskrá, og í trausti þess, að hann tali aðeins örstutt, þá veiti ég honum hér með orðið.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég var því miður sökum annarra skyldustarfa fjarverandi á fundi hv. fjhn., sem haldinn var í morgun, svo að ég tók ekki þátt í afgreiðslu n. á málinu. Ég hef þó gerzt aðili á þessum fundi að þeirri brtt., sem lýst hefur verið af formanni fjhn. og flutt er af okkur þremur í n., honum, hv. 9. landsk. þm. og mér. Þá till. þarf ég því ekki að ræða, þar sem hann hefur gert grein fyrir henni, en nokkur orð vildi ég segja um málið í heild, þar sem mér gafst ekki tilefni til þess að láta það koma fram í nefndinni.

Mér finnst málið sjálft vera merkilegra og eiga skilið ýtarlegra frv. en það, sem lagt hefur verið fyrir hv. Alþ. af höfundum þess. Hér er sannarlega um mikilsvert mál að ræða. Til þess ber brýna nauðsyn að gera ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Sú öfugþróun hefur átt sér stað í efnahagsmálum þjóðarinnar, einkum hina síðustu tvo áratugi, að miðpunktur atvinnulífsins hefur um of færzt til Suðvesturlands. Þyngdarpunkturinn í atvinnulífi þjóðarinnar hefur raskazt og flutzt um of *til höfuðstaðarins og hins nánasta nágrennis* hans, þannig að hinir aðrir landshlutar hafa orðið útundan og atvinnuskilyrði og lífskjör þar af þeim sökum orðið rýrari en heppilegt er fyrir heildarþróun þjóðarbúskaparins og fyrir heilbrigt þjóðlíf í landinu. Það er því vissulega vel til fallið að fela góðum mönnum, greindum og duglegum að rannsaka þetta mál og leggja till. fyrir hið háa Alþingi, en ég hefði kosið, að þessar till. hefðu orðið rækilegri en þetta frv. ber vitni um. Að vísu er ýmislegt gott og ýmislegt nýtt í þessu frv., en það má segja, að það nýja í frv. sé ekki gott og hið góða í frv. sé ekki nýtt, svo að þetta frv. mun afar litlum tímamótum valda, því miður.

Kjarni frv. er í raun og veru sá, að skipa skuli nefnd til þess, eins og segir í 1. gr. frv., að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa, í því skyni að draga úr fólksflækkun í þeim landshlutum. Annar aðalhluti frv. er síðan það, að *stofna skuli sjóð, sem sjá skuli* fyrir stofnfé á ákveðinn hátt. Ég skal ekki draga í efa, að þörf sé á rannsóknarstörfum, áætlunargerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda úti um hinar dreifðu byggðir landsins. Í því sambandi vil ég aðeins minna á það, sem ekki hefur enn komið fram í þessum umræðum, að Alþ. hefur nú nýlega, eða árið 1953, samþ. löggjöf, þ. e. lögin um Framkvæmdabanka Íslands, þar sem einmitt er gert ráð fyrir því, að Framkvæmdabankinn skuli hafa með höndum að ýmsu leyti skyld störf því, sem hér er um að ræða, og í raun og veru á víðari grundvelli en hér er um að ræða.

Með löggjöfinni um Framkvæmdabankann var viðurkennt, að nauðsynlegt og eðlilegt væri, að höfð yrði nokkurs konar heildarstjórn á peningamálunum og fjárfestingunni, og jafnframt var sú breyting gerð síðar á framkvæmdabankalögunum, að Framkvæmdabankanum var falið að annast gerð þjóðhagsreikninga og þjóðhagsspádóma. Framkvæmdabankinn hefur komið á fót sérstakri *hagdeild*, sem einmitt hefur það verkefni með höndum að annast þjóðhagsreikningana og gera áætlanir fram í tímann um fjárfestingu á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins og í hinum ýmsu landshlutum.

Í löggjöfinni um Framkvæmdabankann segir í 7. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Bankinn á að vera ríkisstj. til ráðuneytis í fjárfestingarmálum.“ Enn fremur segir, að hann eigi að annast rannsóknir í sambandi við fjárfestingarþörf atvinnuveganna og greiða fyrir gagnlegum nýjungum í framkvæmdum og atvinnurekstri og í síðasta lagi að greiða fyrir atvinnuframkvæmdum á þeim stöðum, er skortir framleiðslutæki, en hafa skilyrði til framleiðslu. M. ö. o.: Framkvæmdabankanum er sérstaklega falið að vera til ráðuneytis í fjárfestingarmálum, annast rannsóknir í sambandi við fjárfestingarþörf atvinnuveganna og að greiða fyrir atvinnuframkvæmdum á þeim stöðum, er skortir framleiðslutæki, en hafa skilyrði til framleiðslu. Síðar var sú skylda lögð á Framkvæmdabankann að annast þjóðhagsskýrslugerð, einmitt til þess að auðvelda bankanum og öðrum bönkum að sinna þessu hlutverki. Hér er það hins vegar gert að höfuðtilgangi jafnvægisnefndar að stuðla að

jafnvægi í byggð landsins með rannsóknum, áætlunargerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í landshlutum, sem við erfiða aðstöðu búa. Ég sé því ekki betur en að hlutverk jafnvægisnefndar sé í grundvallaratriðum það sama sem Alþingi fól Framkvæmdabankanum fyrir skömmu að annast, svo að hér er því um tvíverknað að ræða.

Mér þykir það sérstaklega athyglisvert, að það skuli einkum vera Sjálfstfl., sem gerzt hefur forsvarsaðili þessa máls hér, þó að höfundarnir séu að vísu úr stjórnarflokkunum báðum, þar sem ég fæ ekki betur séð en hér sé gert ráð fyrir að koma á fót nefnd, sem hlýtur að verða allmikið nefndarbákn, til þess að annast störf, sem opinberri stofnun þegar er skylt að framkvæma. Hefði sannarlega verið æskilegra, að með einhverjum hætti hefðu a. m. k. verið athuguð lagaákvæðin um Framkvæmdabankann um þessi efni, áður en gengið var frá þessu frv., og það verk þarf að gera.

Af grg. þessa frv. sýnist mér, — ég hef að vísu ekki lesið hvert einasta orð hennar, en hef litið yfir hana, og af henni virðist mér mega draga þá ályktun, að höfundar frv. hafi alls ekki gert sér grein fyrir því, að Framkvæmdabanka Íslands hefur verið falið að annast störf, sem eru algerlega hliðstæð þeim, sem jafnvægisnefndin á að annast samkv. frv. Sú skýrslugerð, sem n. mundi efna til, auðvitað með miklum kostnaði, er þegar í höndum Framkvæmdabankans, og mér finnst það vera undarlegur áhugi fyrir sparnaði í opinberum rekstri og undarleg andstaða við nefndir og nefndabákn að þurfa nú að koma upp nýrri nefnd til þess að annast það, sem opinber stofnun á þegar að gera og hefur starfskrafta til að gera, starfskrafta, sem mjög ólíklegt er að mundu verða látnir hætta störfum, jafnvel þó að þetta frv. næði fram að ganga. Auk þess má á það minna, að starfandi er þingkjörin mþn., þ. e. atvinnumálanefndin, sem hefur með höndum að ýmsu leyti skyld verkefni og hér er gert ráð fyrir að þessi jafnvægisnefnd taki að sér. Það eru því sannarlega ekki nefndir, sem hefur skort til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og ekki heldur embættisbákn í Reykjavík. Það, sem hefur skort, er fjármagn úr Reykjavík og út um hinar dreifðu byggðir landsins. Það hefur skort vilja til þess að stuðla að framkvæmdum úti um hinar dreifðu byggðir, en það verður ekki gert með því að setja eina n. á fætur annarri, allra sízt til þess að vinna að störfum, sem opinber stofnun þegar hefur í hendi sinni. (Gripið fram í.) Það er starfandi við hann sérstök hagdeild, sem er að ganga frá þjóðhagsreikningum fyrir s. l. ár, og verulegur hluti þeirra hefur þegar verið birtur. Á borðum flestra þm. núna liggur nýjasta skýrslan frá Framkvæmdabankanum: Úr þjóðarbúskapnum, með mjög ýtarlegu yfirliti yfir efnahagsmál ársins 1954 og mjög ýtarlegri grein um framtíð landbúnaðarins fram til 1960. Og þetta eru fyrstu niðurstöðurnar, sem birtar hafa verið af þeim miklu rannsóknum, sem Framkvæmdabankinn undir bankastjórn dr. Benjamíns Eiríkssonar hefur nú með höndum, og skýrslurnar allar munu verða birtar á sínum tíma, þegar endanlega hefur verið frá þeim gengið. (*Forseti:* Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að fundartími sá, sem hv. þd. var ætlaður nú, er liðinn, og hv. þm. hefur þannig náð þeim tilgangi sínum að hindra atkvgr. um málið að svo vöxnu máli.) Ég skal ljúka máli mínu á örfáum mínútum.

Til þess að stytta mál mitt og ljúka því á örfáum mínútum, vildi ég aðeins láta þess getið, að ég tel það fé, sem jafnvægissjóði er ætlað í 9. gr., of lítið, til þess að hinn mikli tilgangur frv. geti náðst, en þar er gert ráð fyrir aðeins 5 millj. kr. framlagi á einu ári og enn fremur að jafnvægissjóður skuli fá ýmis útistandandi lán, sem verður að telja mjög hæpið stofnfé til jafnmikilvægra framkvæmda og hér er um að ræða.

Varðandi þær brtt., sem útbýtt hefur verið frá nokkrum hv. þm. á þskj. 604, vil ég segja, að ég er alveg sérstaklega fylgjandi brtt. um, að inn í þetta frv. verði tekin ákvæði um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar og jafnframt hin önnur ákvæði í d-lið brtt. um þátttöku ríkisins í togaraútgerðum bæjar- og sveitarfélaga og um ráðstafanir til aðstöðujöfnunar og um togarasmíðar innanlands og aukningu togaraflotans. Hins vegar finnst mér nokkrum vafa gegna um það, hvort æskilegt sé formsins vegna að taka inn í þetta frv. lagaákvæði um stækkun friðunarsvæða. Ákvæðin um friðunarsvæðin hafa verið reglugerðarákvæði, sett samkv. lögum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, svo að hér mundu í fyrsta skipti verða sett lög um þessi efni. En þó að ég dragi í efa, að heppilegt sé, að þessi ákvæði komi inn í þetta frv., felst í því að sjálfsögðu engin afstaða til efnisinnihalds þessara brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 604,a—c felld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BergS, EggÞ, EOl, EirÞ, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós.

nei: MJ, ÓTh, PÞ, SÁ, SkG, StgrSt, BÓ, EystJ, GíslG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JörB, KJJ, SB.

EmJ greiddi ekki atkv.

8 þm. (PO, SG, ÁB, EI, GTh, JPálm, JS, JR) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hér liggja fyrir margar brtt. við þetta frv. Það er vitað, að þinglausnir verða í dag og það eftir skamman tíma. Það er vitað, að ef brtt. verða samþ. við þetta frv., er það sama og að koma málinu fyrir kattarnef. Ég mun þess vegna greiða atkv. á móti sérhverri brtt. fram borinni, án hliðsjónar af því, hvort það mál, sem þar er um að ræða, er út af fyrir sig þess virði að vera samþykkt eða ekki. Ég segi þess vegna nei við þessari brtt. og öllum öðrum brtt. við frv. frá þessu sjónarmiði.

Skúli Guðmundsson: Ég tel mikla þörf á því að stækka friðunarsvæðin. Hins vegar hefur d.

og fjhn. hennar haft svo skamman tíma til að athuga þetta frv., að ég tel mig ekki geta dæmt um það, hvort þetta sé hæfilegt, sem þarna eru gerðar till. um, og tel því, að það mál eigi að taka upp sérstaklega, og segi þess vegna nei við brtt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Með tilvísun til dagskrártillögu á þskj. 271 segi ég nei.

Gísli Guðmundsson: Með tilvísun til aths. hv. þm. V-Húnv. segi ég nei.

Sigurður Bjarnason: Ég segi nei með tilvísun til greinargerðar hæstv. forsrh.

Brtt. 604,d—g felld með 16:10 atkv.
— 604,h—n (6 nýjar gr., verða 8.—13. gr.) samþ. með 18:7 atkv.
— 604,o—t (5 nýjar gr., verða 14.—18. gr.) samþ. með 19:4 atkv.
— 604,u—z felld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KGuðj, LJós, SG, BergS, EggÞ, EOl, EirÞ, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV.
nei: JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, SÁ, SkG, StgrSt, BÓ, EystJ, GíslG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, **SB.**
7 þm. (JPálm, JS, JR, PO, ÁB, EI, GTh) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Sigurður Bjarnason: Ég segi nei með tilvísun til greinargerðar hæstv. forsrh. við þá brtt., sem nafnakall fór fram um í upphafi fundarins.

Brtt. 604,þ—bb felld með 13:11 atkv.
8.—10. gr. (verða 19.—21. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 666 samþ. með 19:8 atkv.
11. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
12.—15. gr. (verða 23.—26. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SG, SkG, StgrSt, ÁB, BergS, EggÞ, EOl, EirÞ, EmJ, EystJ, GilsG, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HV, HelgJ, IngJ, JóhH, JörB, KGuðj, KJJ, LJós, SB.
nei: BÓ.
5 þm. (EI, GTh, JPálm, JS, JR) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það er sýnilegt, að hér hefur verið af ráðnum hug stöðvaður framgangur þessa máls með því að blanda inn í það gersamlega óskyldum málum, sem auðvitað hljóta að leiða til átaka um málið í hv. Ed. og þar með útiloka allar vonir um, að það nái samþykki. Ég vil samt sem áður, þrátt fyrir þessar brtt., gjalda frv. jákvæði, enda þótt ég sé ósamþykkur sumu því, sem hefur verið fellt inn í það, og þá aðeins til að sýna þann einlæga stuðning, sem við sjálfstæðismenn veitum þessu frv., og við mundum hafa gert tilraunir til þess að fella niður þau óskyldu mál, sem hafa nú verið felld inn í frv., ef til þess hefði gefizt tækifæri á venjulegan þinglegan hátt í hv. Ed. Ég segi þess vegna með þessum rökstuðningi já.

Einar Olgeirsson: Um leið og ég vil lýsa ánægju minni yfir þeim breytingum, sem fram hafa komizt á frv. nú, þá vil ég leyfa mér að ætla, að stuðningur Framsfl. við þessar brtt. hafi verið gerður í því skyni, að hægt sé að koma frv. í gegn á Alþingi, og sá einlægi stuðningur, sem hæstv. forsrh. lýsti yfir að Sjálfstfl. vildi veita þessu frv., þessi samanlagði stuðningur beggja fyrrverandi stjórnarflokka komi nú fram í því, að þingi verði haldið áfram, þangað til þessu frv. er lokið. Það er enginn, sem bindur okkur til þess að slíta þingi fyrr en búið er að samþykkja þetta frv., og um leið og ég skora á hæstv. ríkisstj. að sjá um, að svo verði gert, segi ég já við þessu.

Sigurður Bjarnason: Ég segi já með tilvísun til greinargerðar hæstv. forsrh.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdómur.

Á 2. fundi í Nd., 11. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm [20. mál] (þmfrv., A. 20).

Á 6. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til að setja á stofn verðlagsnefnd, sem skylt sé að setja verðlagsákvæði á vörur og þjónustu, sem máli skiptir fyrir verðlag í landinu. Í þessari verðlagsnefnd eiga samkvæmt frv. að eiga sæti fimm menn, forstöðumenn innflutningsskrifstofunnar, sem nú fara með verðlagsvald á því sviði, sem verðlagsákvæði nú gilda, enn fremur tveir fulltrúar frá neytendasamtökunum, þ. e. Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, og síðan hagstofustjóri.

Þessi samsetning nefndarinnar er þannig hugsuð, að um þetta skuli áfram fjalla þeir menn, sem við þetta hafa fengizt um langan aldur og telja má að hafi sérþekkingu á því sviði, sem hér er um að ræða, einkum sökum reynslu sinnar, þar sem eru núverandi forstöðumenn innflutningsskrifstofunnar, auk þess sem þeir eru í nánum tengslum, annar við samtök kaupmanna og hinn við samtök samvinnufélaganna í landinu. Hins vegar er sjálfsagt, að fulltrúar neytenda, sem eiga mikið undir því, að verðlag sé réttlátlega og skynsamlega ákveðið, hafi einnig sitt orð að segja

í verðlagsnefndinni, og það á að vera hlutur fulltrúa Alþýðusambandsins og fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hvorugur aðilinn á þó að hafa úrslitavald um verðlagsákvarðanir, og er því gert ráð fyrir því, að hagstofustjóri sem hlutlaus oddamaður taki sæti í verðlagsnefndinni, og er hér um að ræða hliðstæða skipun þeirri, sem nú gildir um verðlag landbúnaðarafurða, ef ágreiningur verður í verðlagsnefnd. Hefur sú skipan þótt gefast vel á því sviði og enginn mér vitanlega brugðið hagstofustjóra um, að hann hafi ekki gegnt því oddvitahlutverki, sem honum þar er falið, af mestu samvizkusemi.

Ef þetta frv. yrði samþ., yrði tekin upp aftur hér á landi í grundvallaratriðum sama tilhögun og utanþingsstjórnin, sem fór hér með völd á árunum 1943—44, kom á í ársbyrjun 1943 fyrir forgöngu þáverandi viðskiptamálaráðherra, Björns Ólafssonar.

Verðlagseftirlit var — að frátöldu nokkru eftirliti, sem var í fyrri heimsstyrjöldinni — tekið hér upp fyrst að ráði 1938. Síðan var það smáaukið til 1943, og mátti heita, að það væri þá orðið nær algert, og var það nær algert í 7—8 ár, en var skyndilega afnumið að mestu á árinu 1951.

Nú eru aðeins mjög fáar vörutegundir háðar verðlagsákvæðum. Þær eru þessar helztar: skófatnaður, rafmagnsvírar, helztu byggingarvörur, svo sem sement, steypustyrktarjárn, miðstöðvarkatlar, fittings, linoleum, rúðugler og timbur, málningarvörur, hjólbarðar og slöngur, innflutt húsgögn, saumavélar, þvottavindur og rullur, rafmagnstæki, sjónaukar og því um líkt, skotvopn, vélar og verkfæri og sólaleður til skósmíða.

Þessar vörur einar eru nú háðar verðlagsákvörðun forstöðumanna innflutningsskrifstofunnar. Enn fremur eru nokkrar vörur háðar verðlagsákvæðum í heildsölu, ef þær eru framleiddar innanlands, þar á meðal er kex, stangarsápa, þvottaduft, ullardúkar, gólfdreglar, kápur, karlmannaföt, rafmagnstæki, barnavagnar og kerrur, og enn er haldið í gildi ákvæðum um hámarksverð á benzíni og olíum, smjörlíki, blautsápu í heildsölu, brauði, nýjum fiski, fiskfarsi, kjötfarsi og pylsum og rafmagnstækjum frá Raftækjaverksmiðjunni h/f. Nokkrar tegundir þjónustu eru og háðar samþykki verðlagsskrifstofunnar, þ. e. a. s. fargjöld, flutningsgjöld á sjó og út- og uppskipun.

Að öllu öðru leyti en því, sem ég nú hef nefnt, er verðlag og álagning frjáls hjá þeim, sem hafa vörur til sölu.

Það var ein af höfuðröksemdunum, þegar verðlagseftirlit var yfirleitt afnumið árið 1951, að við það sparaðist talsvert fé fyrir ríkissjóð. Á árinu 1952 bar ég því fram fyrirspurn hér á Alþingi um það, hver kostnaðurinn væri við verðlagseftirlitið þá og hversu mikið hann hefði lækkað við afnám verðlagsákvæðanna, sem fram fór á árinu 1951. Í ljós kom, að kostnaðurinn var 1952, eftir að verðlagsákvæðin höfðu verið afnumin að langmestu leyti, aðeins 135 þús. kr. lægri en hann hafði verið, meðan allar vörur og öll þjónusta var háð verðlagsákvæðum. Þá var gert ráð fyrir um það bil ½ millj. kr. kostnaði við verðgæzluna, þrátt fyrir það að nær öll verðlagsákvæði hefðu verið felld úr gildi. Það, sem ríkissjóður sparaði við afnám verðlagsákvæðanna, var aðeins 135 þús. kr., ef miðað er við árið 1952. Er það auðvitað smávægileg upphæð í samanburði við það, sem það hefur kostað allan almenning, að verðlagsákvæðin voru afnumin.

Segja má, að tvær grundvallarstefnur í efnahagsmálum séu hugsanlegar: Í fyrsta lagi sú stefna að byggja á algeru frjálsræði varðandi framleiðslu og viðskipti og treysta samkeppninni til þess að sjá um, að það sé framleitt, flutt inn og út, sem hagkvæmast sé, og að verðlag verði þá eins lágt og fært sé. Hins vegar er svo hitt sjónarmiðið, að hið opinbera hafi meiri eða minni stjórn á framleiðslunni, á fjárfestingunni, á inn- og útflutningnum og þá um leið eftirlit með verðlaginu. Í orði lýsa margir yfir fylgi sínu við fyrrnefndu stefnuna, við stefnu hins algera viðskiptafrelsis, og ekki skal ég andmæla því, að í orði hafi sú stefna marga mikla og góða kosti, ef hún væri framkvæmanleg út í æsar. Þó er það þannig, að í reynd treystir sér engin nágrannaþjóð til þess að framfylgja þessari stefnu út í æsar og sízt við Íslendingar þrátt fyrir allar yfirlýsingar ráðamanna þar að lútandi.

Í hverju kemur þetta fram hér hjá okkur? Í hverju kemur það fram, að hér er ekki fylgt boðskapnum um algert viðskiptafrelsi? Hér er ekki fylgt á borði því, sem haft er á orði.

Ég skal nefna um það nokkur dæmi. Gengi krónunnar er lögboðið. Þýðingarmesta verðið, sem myndast í efnahagskerfinu, verð á erlendum gjaldeyri, þ. e. gengi íslenzku krónunnar, fær ekki að myndast á frjálsum markaði með framboði og eftirspurn á hinum erlenda gjaldeyri. Það er lögboðið, meira að segja, af þessari stofnun, af hinu háa Alþingi. Meðan gengið er ekki frjálst, getur efnahagskerfið auðvitað ekki talið mótast af algerlega frjálsum viðskiptum.

Ég skal nefna annað dæmi. Vextir í landinu, annað þýðingarmesta verðið, sem um er að ræða í efnahagskerfinu, myndast ekki heldur á frjálsum markaði, myndast ekki heldur sem niðurstaða af framboði og eftirspurn eftir fjármagni. Vextirnir eru ákveðnir af hinu opinbera, af bönkunum, sem hér eru allir opinber eign.

Ég skal nefna fleiri dæmi. Heilar atvinnugreinar eru hér á landi raunverulega verndaðar með innflutningsbanni á samkeppnisafurðum, og á það auðvitað fyrst og fremst við landbúnaðinn, en einnig við um ýmsar tegundir iðnaðar. Á sviði landbúnaðarframleiðslunnar ríkir hér auðvitað ekki frjáls samkeppni, ríkja auðvitað ekki frjáls viðskipti, því að á innlendum markaði er ekki um að ræða neinar erlendar vörur. Það má ekki bjóða fram á innlendum markaði erlendar vörur til þess að keppa við íslenzkar landbúnaðarvörur. Verðlag landbúnaðarafurðanna er enn

fremur ákveðið eftir föstum reglum, en ákveðst ekki á frjálsum markaði í frjálsri samkeppni.

Það má halda áfram. Útflutningur er ekki frjáls. Hann er í höndum einkasölufyrirtækja, og meira að segja innflutningurinn, sem viðskiptafrelsið er þó aðallega talið eiga að ná til, er langt frá því að vera frjáls. Einn þriðji innflutningsins var á s. l. ári háður opinberum leyfisveitingum, og einn sjötti hluti hans er í höndum aðila, sem hafa einkarétt til þess innflutnings, þ. e. a. s. til innflutnings á bátagjaldeyrisvörunum. Þær mega ekki aðrir flytja inn en þeir, sem fengið hafa til þess lögverndaða eða reglugerðarverndaða aðstöðu, og verður innflutningur á þeim vörum auðvitað ekki talinn frjáls. Það er ekki grundvallarsjónarmið frjálsrar samkeppni í frjálsum viðskiptum, sem þar er um að ræða, heldur þvert á móti stefnan sú að láta vissa aðila í þjóðfélaginu hagnast á vissum innflutningi.

Helmingur innflutningsins er að nafninu til á frílista, en samt má ekki kaupa verulegan hluta þeirrar vöru, sem á frílistanum er, nema frá vissum löndum, nema frá vöruskiptalöndunum. Það vita allir, hversu fjarri því fer, að innflutningurinn á þeim vörum, sem kaupa má frá dollaralöndum eða löndum í gjaldeyrisbandalagi Evrópu, sé raunverulegu frjáls. Að vísu er þar ekki um að ræða leyfakerfi, en það er um að ræða kerfi, sem jafngildir innflutningshömlum, þar eð bankarnir eru ekki skyldugir til þess og telja það ekki skyldu sína að afhenda þeim gjaldeyri, sem óska eftir honum til kaupa á vörum, sem eru á frílista. Meðan bönkunum er ekki skylt að sinna yfirfærslubeiðnum fyrir þeim vörum, sem eru á frílista, verður verzlunin auðvitað ekki talin frjáls. Allir, sem til þessara mála þekkja, vita, hversu innflytjendur þurfa lengi að bíða eftir yfirfærslum í bönkunum fyrir fjölmargar af þeim vörutegundum, sem eru á frílista. Þetta á meira að segja við um ýmsar þær vörutegundir, sem þó er heimilað að kaupa frá vöruskiptalöndunum. Meira að segja á því sviði er innflutningurinn takmarkaður, bankarnir sinna ekki umsvifalaust yfirfærslubeiðnum fyrir vöruskiptavörur, þótt á frílista séu.

Ég orðlengi þetta því ekki frekar. Það er af þessu augljóst, hversu víðs fjarri því fer, að íslenzka efnahagskerfið sé grundvallað á kenningunum um frjáls viðskipti, um frjálsa samkeppni, um alfrjálst einkaframtak. Það er því ekki heldur von, að í íslenzku efnahagskerfi gæti neinna þeirra miklu og góðu kosta, sem það kerfi getur sannarlega haft í för með sér.

Sannleikurinn er sá, að íslenzkt efnahagskerfi er bundið í alla enda og kanta og fjarri því að eiga skilið að vera kennt við frjálst hagkerfi. Meira að segja innflutningsverzlunin er háð alls konar hömlum, nema að einu leyti. Verðlagið á langflestum innfluttum vörum er frjálst. Álagningin af hálfu milliliðanna á þessum vörum er frjáls, hún er algerlega ótakmörkuð.

Í þessu kemur í raun og veru fram kjarninn í stefnu ríkisstj. Henni er ekki svo mjög sárt um, þó að verzlunarfrelsi, þó að athafnafrelsi, þó að frjáls samkeppni sé skert. Það er ekki grundvallarreglan um frjáls viðskipti, sem henni er sérlega annt um. Þá grundvallarreglu má skerða og skemma á alla enda og kanta á öllum mögulegum sviðum, eins og sýnir sig í upptalningunni áðan. En eitt verður að vera frjálst. Við einu má ekki hrófla, og það er frelsi milliliðanna til þess að skammta sér sjálfir sinn hlut, sérstaklega að því er snertir verzlun með innfluttar vörur. Það er rétt að taka það skýrt fram, þannig að engum misskilningi valdi, að það er skoðun mín, að ef innflutningsverzlunin væri raunverulega frjáls og raunverulega heilbrigð samkeppni í verzlun og framleiðslu innanlands, þá væri verðlagseftirlit óþarft, nema þá sem heimild til þess að taka í taumana gegn misnotkun á einkasöluaðstöðu og okri. Ef innflutningur til landsins væri raunverulega algerlega ótakmarkaður, eins og kenningin um frjáls viðskipti krefst, ef innflutningurinn væri algerlega frjáls, þá er verðlagseftirlit óþarft, nema í því skyni, sem ég lýsti áðan. En treystir nokkur maður sér til þess að halda því fram um íslenzka innflutningsverzlun nú í dag, að hún sé frjáls, að innflutningur til landsins sé ótakmarkaður og algerlega frjáls? Auðvitað ekki. Það sjá allir, sem málið virða fyrir sér, að innflutningurinn er bæði takmarkaður og ófrjáls. Og það er þessi staðreynd, að innflutningurinn er takmarkaður og ófrjáls, sem gerir verðlagseftirlit nauðsynlegt.

Þessi staðreynd var viðurkennd í þeirri grg., sem tveir af trúnaðarmönnum ríkisstj., hagfræðingarnir *Benjamín Eiríksson* og Ólafur Björnsson, sömdu fyrir gengislækkunarfrv. 1951 og segja má að innihaldi grundvallarröksemdirnar fyrir þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið í efnahagsmálunum undanfarin ár. Þar er viðurkennt, að ef tekin væri upp leið hins svokallaða frjálsa gjaldeyris, sem í raun og veru jafngilti því, að því er segir í ritgerðinni, að koma á tvöföldu gengi á krónuna, mundi það leiða til þess, að í landinu myndaðist tvöfalt verðlag, sem mundi gera verðlagseftirlit óhjákvæmilegt. Þetta er skýrt tekið fram í raun og veru á fleiri en einum stað í ritgerðinni. Við höfum núna það, sem þeir kölluðu frjálsan gjaldeyri, í bátagjaldeyriskerfinu. Með bátagjaldeyriskerfinu er í raun og veru skapað tvenns konar verðlag í landinu, annars vegar á bátagjaldeyrisvörunum og hins vegar á þeim vörum, sem fluttar eru inn samkvæmt frílista eða samkvæmt leyfum. Og þetta, hin raunverulega tvenns konar verðskráning á krónunni og hið tvenns konar verðlag innanlands, gerir auðvitað verðlagseftirlit eðlilegt og nauðsynlegt. Það var þessum tveimur sérfróðu trúnaðarmönnum ríkisstj. þegar ljóst á árinu 1950, enda segja þeir í áliti sínu á bls. 33, með leyfi hæstv. forseta:

„Hin tvö gengi og tvenns konar verðlag innanlands mundu gera nauðsynlegt að halda mjög strangri eftirliti með verðlagi og dreifingu allra innfluttra vara. Sterk öfl mundu

reyna að hækka álagningu og verðlag á vörum, sem fluttar væru inn fyrir ódýrari gjaldeyrinn, til samræmis við verðlag á þeim vörum, sem fluttar væru inn fyrir frjálsa gjaldeyrinn. Með því móti væri skapaður jarðvegur fyrir margs konar brask og óheilbrigða verzlunarhætti."

Hér sáu hinir vísu menn nákvæmlega fyrir, hvað mundi gerast, ef tekið væri upp það, sem þeir kölluðu stefnu frjáls gjaldeyris, að einhverju leyti, en hefur hlotið í reynd nafnið bátagjaldeyriskerfi. Það ætti að eðlilegum hætti að kalla á eftirlit með verðlagi innanlands, því að ella mundi skapast jarðvegur fyrir margs konar brask og óheilbrigða verzlunarhætti. Hér sáu sérfræðingar ríkisstj. alveg rétt. Afleiðing af bátagjaldeyriskerfinu og hinu tvenns konar verðlagi í landinu, sem af því hlýzt, hefur orðið tilhneiging til þess að hækka álagningu og verðlag á vörunum, sem fluttar eru inn fyrir frjálsa gjaldeyrinn, og leyfavörunum til móts við það verðlag, sem bátagjaldeyrisvörurnar skapa.

En ríkisstj. hefur alls ekki farið eftir bendingum þessara manna frá 1950. Hún tekur nefnilega aðeins þær bendingar sinna sérfræðinga, sem henni hentar að taka, en lætur hinar sem vind um eyrun þjóta, ef þær eru ekki í samræmi við þá hagsmuni, sem ríkisstj. telur mikilsverðast að vernda. Þetta hefur einmitt komið á daginn. Það hefur orðið mikil tilhneiging til þess að þrýsta verðlagi upp á við og álagningu til samræmis við álagninguna á bátagjaldeyrisvörunum, sem er sérstaklega há, vegna þess að frá upphafi hefur það verið siður, þar sem verðlagið á bátagjaldeyrisvörunum var fyrst gefið frjálst, að leggja á allt kostnaðarverð bátagjaldeyrisvörunnar, þ. e. a. s. bátagjaldeyrisálagið líka. Það hefur gert þessar vörur sérstaklega eftirsóknarverðar í viðskiptum og álagningu og þar af leiðandi teygt álagningu á frjálsu gjaldeyrisvörunum mjög sterklega upp á við.

Á fyrri hluta þessa árs varð nokkur hækkun á tímakaupi verkalýðsfélaga, 11—12% hækkun á tímakaupi Dagsbrúnarmanna. Um það hafa orðið miklar umræður, að hversu miklu leyti þessi verðhækkun hafi gert nauðsynlegar hækkanir á verðlagi í landinu. Auðvitað hlaut verðlag á margs konar þjónustu og mörgum vörum að hækka sem bein og óhjákvæmileg afleiðing af þessari kauphækkun fjölmennra vinnuþegastétta. Við því hlutu allir að búast, og það var fulkomlega eðlilegt. En þær hækkanir áttu engan veginn að þurfa að verða svo miklar, að kauphækkunin yrði gleypt algerlega með þeim. Reynslan hefur hins vegar orðið sú, að ýmsir aðilar og þá væntanlega fyrst og fremst þeir, sem hæstv. fjmrh. kallaði í ræðu sinni hér í þessum stól í gær verðbólgubraskara, hafa notað þessa kauphækkun láglaunastéttanna sem tilefni til þess að færa sig mjög upp á skaftið og hækka verðlag og álagningu sína mjög verulega.

Ég skal ekki eyða tíma þingmanna í að nefna mörg dæmi um þetta. Ég skal aðeins geta þess, að þeir riðu á vaðið í þessum efnum, sem lítilsigldastir voru eða hitt þó heldur, en það voru olíufélögin, því að fyrsta verðhækkunin, sem tilkynnt var opinberlega, eftir að samizt hafði um kauphækkun verkamanna, var einmitt frá olíufélögunum, forrikustu félögum, sem starfa í þessu landi, og einhverjum mestu gróðafélögum, sem hér hafa nokkurn tíma starfað. Daginn eftir að samningar höfðu tekizt tilkynntu olíufélögin verðhækkun á þýðingarmikilli þjónustu um 38%. Og hvað húsbændurnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það: þetta var tekið sem fordæmi hjá fjöldamörgum, og nú rak hver verðhækkunartilkynningin aðra, og flestar voru þær hærri en hægt var með nokkurri skynsemi að grundvalla eða rökstyðja með 11—12% hækkun á Dagsbrúnarkaupi. Tvö dæmi skal ég nefna önnur, sitt úr hvorri áttinni, annað að því er snertir opinberan aðila, þ. e. sjálfa ríkisstjórnina, þar sem daggjald á sjúkrahúsum hefur nýlega verið hækkað um 20%, og annan opinberan aðila, Reykjavíkurbæ, sem fyrir skömmu hefur hækkað verð á möl og sandi um 57%. Fjöldamörg slík dæmi mætti nefna og er hægt að nefna, ef ástæða þykir til.

Í þessu sambandi er og sérstaklega mikilsvert að minnast á eftirfarandi: Í þeim samningum, sem gerðir voru í lok verkfallsins 1952, skuldbundu viðskiptaaðilar, verzlunarráðið og Samband íslenzkra samvinnufélaga, sig til að halda álagningu fastri, lækka hana jafnvel á sumum tegundum, en halda henni fastri á vissum mikilvægum vörutegundum um óákveðinn tíma, og átti þetta að vera eins konar framlag þessara voldugu milliliðasamtaka til þess að styðja þá stefnu, sem þá varð ofan á, að leitast við að þrýsta verðlaginu niður á við og halda því niðri.

Þannig var farið að um tveggja til þriggja ára skeið, að álagningu á vissar vörur, svokallaðar samningsvörur, var haldið óbreyttri.

Þessu samkomulagi var af hálfu þessara aðila sagt upp í sumar, að því er mér er tjáð. Þá tilkynntu þessir aðilar, að þeir teldu sig ekki lengur bundna við að halda álagningunni á þessum svokölluðu samningsvörum í þeirri hundraðstölu, sem hún hafði verið ákveðin eftir desemberverkfallið 1952. Nú væri auðvitað mjög fróðlegt að fá að kynnast því nákvæmlega, hversu mikið þessir milliliðir hafa hækkað sína álagningu í framhaldi af 11—12% kauphækkun láglaunamanna á s. l. vori.

Því miður er ekki alls kostar auðvelt að fá um þetta upplýsingar. Opinberar skrifstofur eru í þessum efnum lokuð bók. Það þarf að semja um það langa lengi, það þarf að heyja um það margra vikna harðvítugt verkfall með tugmilljóna tjóni fyrir þjóðarbúið og þá auðvitað fyrst og fremst fyrir þær stéttir sjálfar, sem standa í verkfallinu, til þess að fá viðurkennda ákveðna hlutfallstöluhækkun á kaupi. En svo þegar aðrar stéttir skammta sér kauphækkun og gera það án nokkurs verkfalls, gera það einfaldlega með því að skrifa eitt bréf, senda frá sér eina tilkynningu, þá er það ekki einu sinni þannig, að það gerist svo auðveldlega, að það gerist með einu pennastriki,

ef svo mætti segja, heldur gerist það líka á þann hátt, að maður fær ekki að vita, hversu miklu hækkunin nemur, þannig að óyggjandi sé. Það er launungarmál. Er hægt að hugsa sér öllu ljósara dæmi um aðstöðumun stéttanna í þessu þjóðfélagi, um aðstöðu verkalýðsstéttarinnar annars vegar og t. d. milliliðastéttarinnar hins vegar? Verkalýðsstéttin verður að heyja dýra baráttu, jafnvel berjast við sult, til þess að fá viðurkennda nokkra hækkun á kaupi sínu. Milliliðastéttin skrifar eitt bréf til þess að skammta sér hækkun á sínu kaupi og neitar að segja frá því, hvað hækkunin sé mikil. Það á að vera hennar leyndarmál.

Ég hef reynt að grennslast fyrir um það að því er snertir nokkra ákveðna vöruflokka, hversu mikið álagning á þeim mun hafa hækkað nú á s. l. sumri, eftir að samkomulaginu frá 1952 var sagt upp. Ég vil ekki nefna um þetta ákveðnar tölur, á þessu stigi málsins a. m. k., til þess eru upplýsingarnar ekki nógu áreiðanlegar. En þó, eftir því sem ég hef komizt næst eru staðreyndirnar þær, að smákaupmenn munu enn sem komið er a. m. k. mjög lítið, kannske ekkert, hafa hækkað sína álagningu. Hins vegar munu heildsalar hafa hækkað álagningu sína talsvert verulega, og mun óhætt að segja, að álagning í heildsölu á ýmsum mikilvægum vörum, svo sem t. d. vefnaðarvörum, hafi á s. l. sumri hækkað um ekki minna en 30%. Sé þessi tala vefengd, þá ættu ríkisstj. og yfirvöld að hafa góða aðstöðu til þess að fá úr því skorið, hvort þessi staðhæfing sé röng, og sanna það þá, að hún sé röng, með tölum, því að ríkisvaldið á auðvitað betri aðgang að trúnaðarmönnum, sem vita hið sanna um þetta efni, og milliliðunum sjálfum, heldur en einstaklingar. En ef það er svo, að álagning t. d. á vefnaðarvöru — og hið sama held ég að eigi við um fjölmargar aðrar vörutegundir — hafi nú á s. l. sumri hækkað um u. þ. b. 30%, þá er lítill vandi að bera það saman við þá 11—12% hækkun, sem verkamenn börðust fyrir í löngu og erfiðu verkfalli, og gera sér grein fyrir því, hvort sú kauphækkun, sem verkamenn þá knúðu fram, geti verið nægilegur rökstuðningur fyrir 30% hækkun á álagningu heildsalanna.

Verzlunarráðið mun nú vera að fara fram á hækkun á þeim álagningarreglum, sem gilda um þær vörur, sem eru undir verðlagsákvæðum. Ég veit ekki, hvað sú hækkunarbeiðni nemur miklu, en fróðlegt væri að fá um það skýrar upplýsingar, um hversu mikla hækkun þeir milliliðir, sem þar eiga hlut að máli, biðja. Mér kæmi það sannarlega mjög á óvart, ef sú hækkun væri hliðstæð þeirri hækkun, sem verkamönnum tókst að knýja fram og var talin eftir. Mér segir svo hugur um, að beiðnin frá þeim sé allmiklu hærri.

Í þessu sambandi verður ekki hjá því komizt að geta þess, að það er mjög miður, að þeirri reglu skuli ekki hafa verið haldið af hálfu hins opinbera, af hálfu viðskmrh. og af hálfu verðgæzlustjóra, að birta reglulega skýrslur um hæð álagningar á hina mikilvægustu vöruflokka, eins og gert var fyrst eftir að verðlagseftirlitið var lagt niður. Þá var sú regla tekin upp að skýra almenningi frá álagningunni og bera hana saman við álagninguna eins og hún var meðan verðlagsákvæði voru í gildi. Að slíkri skýrslugerð hefur undanfarið kveðið minna og minna. Það er nú komið rúmt ár, að því er ég held, síðan slík skýrsla hefur verið birt. Fyrst var hún þó birt á 3—4 mánaða fresti, nú er komið meira en ár síðan skýrsla var birt. Og enginn veit, hvenær von kann að vera á næstu skýrslu um þessi efni, kannske kemur hún aldrei. Þetta ber óneitanlega vott um, að hér telji einhverjir aðilar þægilegra, að sem minnst sé um talað opinberlega. Ég vil beina til hæstv. ríkisstj. þeim eindregnu tilmælum, að þessari reglu verði haldið áfram og að sem allra fyrst verði birt skýrsla um raunverulega álagningu á helztu vörum, sem fluttar eru til landsins og verzlað með innanlands.

Á eitt atriði vil ég minnast í sambandi við nauðsyn á því að taka upp aftur algert verðlagseftirlit. Það er á allra vitorði, nema ef til vill hæstv. ríkisstj., að meira kveður nú að smygli til landsins en nokkurn tíma áður. Smyglið til landsins er nú orðið að alvarlegu meini í þjóðfélaginu, og það er stundað svo að segja algerlega blygðunarlaust. Þeir, sem það stunda, virðast vera öruggir um sinn hag, svo óttalausir, að blygðunarleysi þeirra er næstum furðulegt. Mér er sagt, að svo að segja í hverri búð hér í miðbænum í Reykjavík og þá vafalaust einnig úti á landi sé til varningur, sem ekki hafi verið leyfður til innflutnings í 3—4 ár. Í búðunum er til nýr varningur, sem innflutningur er bannaður á, og þessar vörutegundir munu ekki vera ein, heldur fleiri. Þess er skemmst að minnast, að uppskátt varð um gífurlegt smygl úr einu af millilandaskipunum, sem sigla frá Ameríku. Þar er ekki um að ræða einn smápakka, einn kassa, heldur marga kassa, sem fundust svo að segja af tilviljun í lest skipsins. Hér er alveg auðséð, að um er að ræða skipulagt smygl og það í mjög stórum stíl. Allur almenningur telur, að til séu hér búðir í Reykjavík, sem að mjög verulegu leyti verzli með smyglaðar vörur. Almenningur er orðinn þessu svo vanur, að hann er meira að segja hættur að henda gaman að þessu, telur þetta eins og allt að því sjálfsagðan hlut, vegna þess að þetta er orðið svo gamalt og hefur viðgengizt svo lengi, án þess að nokkur hafi við þessu hróflað. Meðan verðlagseftirlit var hér með öllum innfluttum vörum, hafði verðlagseftirlit og verðlagseftirlitsmennirnir gífurlega mikla þýðingu einmitt í því sambandi að koma upp um smygl og þá um leið til þess að hindra það, en eftir að allt verðlag var gefið frjálst og öllu eftirliti með verðlagi á einstökum vörum var hætt, hefur þetta eftirlit með smyglvarningnum fallið niður.

Ég er ekki í nokkrum vafa um, að upptaka algers verðlagseftirlits á ný er brýn nauðsyn einnig út frá þessu sjónarmiði. Það tekst ekki að uppræta hér smyglið að fullu, fyrr en tek-

inn hefur verið upp sá siður að fylgjast með verðlagi yfirleitt á öllum vörum, sem eru til sölu í búðunum. Þá er von til þess eins og áður, að upp komist um það, hvaða varningur er smyglaður.

Í þessum efnum ber því í raun og veru allt að sama brunni. Í raun og veru hníga öll rök að því, að aftur verði nú tekið upp verðlagseftirlit. Þeir, sem mæltu gegn verðlagseftirlitinu 1951 í þeirri von, ef til vill í þeirri trú, að það mundi takast að gera innflutninginn takmarkaðan og frjálsan, hljóta nú eftir fjögur ár að hafa séð, að hvorugt hefur tekizt. Innflutningurinn er hvorki ótakmarkaður né heldur frjáls. Einu skynsamlegu rökin fyrir því að hafa ekkert verðlagseftirlit eru þau, að innflutningurinn sé hvort tveggja ótakmarkaður og algerlega frjáls, þannig að um fullkomlega frjálsa og heilbrigða samkeppni geti verið að ræða. En samkeppnin er ekki frjáls, hún getur ekki verið frjáls eða heilbrigð, þegar innflutningurinn er jafntakmarkaður og nú á sér stað og jafnófrjáls og nú á sér stað.

Ástandið í innflutningsverzluninni, ófrelsið þar, takmarkanirnar þar, höftin þar, er því skýr og sterk rök fyrir nauðsyn þess að koma aftur á algeru verðlagseftirliti. Það er núna um að ræða sömu rökin og voru fyrir hendi 1943, þegar verðlagseftirlitið var gert algert. Þá var það gert vegna þess, að talið var augljóst, að innflutningurinn yrði að vera takmarkaður, yrði að vera ófrjáls, þá að vísu af styrjaldarástæðum. Þá var verðlagseftirlitið talið sjálfsagt. Nú er reynslan búin að sýna í fjögur ár, að heildarstefna ríkisstjórnarinnar er þannig, að innflutningurinn getur hvorki verið ótakmarkaður né frjáls, og þá er verðlagseftirlit nú jafnnauðsynlegt og það var 1943.

Aðalatriðið er þó ef til vill ekki þetta, sem ég nú hef nefnt. Aðalatriðið er þó ef til vill það, hversu brýna nauðsyn ber nú til þess að hamla gegn öllum óþörfum verðhækkunum.

Það játa allir, sem af einhverri ábyrgðartilfinningu hugsa um íslenzk efnahagsmál, að hið hækkandi verðlag, sem er nú eitt af höfuðvandamálunum í íslenzku efnahagslífi, stefnir gengi gjaldmiðilsins í hættu. Hið hækkandi verðlag eyðileggur trú manna á framtíð gjaldeyrisins og á framtíð efnahagskerfisins yfirleitt. Hvað er þá sjálfsagðara en að gera allt, sem hugsanlegt er, til þess að sporna gegn þessum verðhækkunum, til að koma í veg fyrir þær verðhækkanir, sem eru óþarfar. Með takmarkaðan innflutning, með ófrjálsan innflutning hlýtur að verða tilhneiging til verðhækkana, sem hljóta að teljast óþarfar, og það er einmitt gegn slíkum verðhækkunum, sem verðlagseftirliti hefur alltaf verið ætlað að sporna.

Sumir segja: Verðlagseftirlit er gagnslaust í þessu skyni. Það getur ekki komið í veg fyrir þessar verðhækkanir. — Þá sömu, sem segja þetta, má spyrja aftur: Var verðlagseftirlitið gagnslaust 1943 og allt til 1951, þegar það var afnumið? Vilja þeir sömu menn sem bera ábyrgð á verðlagseftirlitinu frá 1943—51 nú allt í einu halda því fram, að það hafi verið gagnslaust allan þann tíma?

Ekki hygg ég, að það verði sagt með neinu viti eða með neinni sanngirni. Og ef það gerði gagn á árunum 1943—51, af því að innflutningurinn var takmarkaður, af því að hann var ófrjáls, hví skyldi það ekki eins geta gert gagn núna, þegar aðstæðurnar eru að mörgu leyti alveg eins, að innflutningurinn er hvort tveggja takmarkaður og ófrjáls?

Kjarni málsins nú er því í raun og veru sá, að þetta mál er eins konar prófsteinn á hæstv. ríkisstj., á hv. þingmeirihluta, það er prófsteinn á það, hvort megi sín meira hjá hæstv. ríkisstj. baráttan gegn verðhækkununum, þ. e. a. s. umhyggjan fyrir gjaldmiðlinum, eða þá umhyggjan fyrir hagnaðarmöguleikum verðbólgubraskaranna, sem hæstv. fjmrh. nefndi svo í ræðu sinni í gær. Þeir, sem bera sanna umhyggju fyrir gjaldmiðlinum, berjast auðvitað gegn öllum óþörfum verðhækkunum. Til þess er verðlagseftirlit auðvitað eitt tækið. Þeir, sem berjast fyrir hagsmunum milliliðanna, þeir af þeim, sem eiga skilið nafngift fjármálaráðherrans: verðbólgubraskarar, berjast gegn því, að heilbrigðu verðlagseftirliti sé komið á. Hinir, sem ekki taka meira í sinn hlut en hóflegt verði að teljast, þurfa ekkert að óttast heilbrigt verðlagseftirlit, sízt af öllu framkvæmt af slíkri stjórn sem nú situr. Einu mennirnir, sem þurfa að óttast það, eru sú stétt manna, sem fjmrh. í gær kallaði verðbólgubraskara. Þetta mál er prófsteinn á það, hvor umhyggja hæstv. ríkisstj. er sterkari, umhyggjan fyrir gjaldmiðlinum eða umhyggjan fyrir verðbólgubröskurunum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. frsm. hefur rætt allmargt í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, og er það ekki nema eðlilegt, eins og málin horfa við. Það, sem hér liggur fyrir í sambandi við þetta frv. um breyt. á l. um verðlag, er raunverulega að fara að breyta þeirri stefnu, sem ríkt hefur undanfarinn hálfan áratug, og með þeim breytingum, sem hér er lagt til að gera þarna á, er raunverulega verið að byrja að snerta við heilu kerfi, sem var verið að reyna að skapa hér á þessum undanfarna rúmum hálfa áratug. Við skulum gera okkur ljóst, að þessar till. um verðlagsákvörðun eru raunverulega aðeins einn liður í því að kollvarpa því fjármálakerfi, sem hér hefur verið byggt upp undanfarið og hefur gengið undir dóm reynslunnar og ekki staðizt þann dóm.

Hv. flm. ræddi um allmarga þætti í verðmynduninni nú, sem hann réttilega sannaði að hefðu komið hart niður á almenningi og orðið til mikils ágóða fyrir auðmenn og braskara. Það mætti nefna fleiri dæmi, sem heyra undir þetta sama.

Húsaleigan og verðhækkun húsnæðis hér í Reykjavík og nágrenni er ef til vill eitt allra gleggsta dæmið um þetta. Eins og áður hefur verið sýnt fram á, hefur húsnæði hér í Reykjavík á þessum síðustu tíu árum og sérstaklega

þó síðan húsaleigulögin voru afnumin 1950 víða tífaldazt, á sama tíma sem kaupgjald hefur aðeins tvöfaldazt.

Við skulum þess vegna gera okkur ljóst, að þegar við erum að ræða um þessi mál, þá erum við að ræða um, hvort öll sú stefna, sem rekin hefur verið undanfarin 5—8 ár, getur haldið áfram eða hvort eigi að gerbreyta þarna um. Og það er þannig, sem við verðum að leggja fram spurninguna í sambandi við þetta. Öll þessi kenning um frjálsa verðmyndun, sem komið var hér fram með, byrjaði raunverulega í sambandi við Marshallsamninginn, var undirgengizt þá af hálfu ríkisstjórnarinnar, þegar hún lofaði því að skrá krónuna með réttu gengi, og síðan sérstaklega framkvæmd 1950 og á næsta ári þar á eftir, þegar því var lýst yfir með nýju lögunum um fjárhagsráð, að stefna ætti að frjálsri verzlun, frjálsum innflutningi, frjálsri verðmyndun, frjálsum viðskiptum, — öll þessi stefna hefur beðið skipbrot. Það er það, sem við stöndum frammi fyrir í dag. Og hv. frsm., 1. landsk., nefndi hér mörg skýr og góð dæmi þess.

Sannleikurinn er, að öll þessi hagfræðikenning um frjálsa verðmyndun hefur aðeins að nokkru leyti verið framkvæmd hér. Og þar sem hún hefur verið framkvæmd, hefur það verið til bölvunar fyrir alþýðuna, svo sem greinilegast hefur komið í ljós í sambandi við þá gífurlegu hækkun, sem orðið hefur á húsaleigunni. Þar sem hún hins vegar hefur ekki verið framkvæmd, hefur það verið vegna þess, að valdhafarnir í þjóðfélaginu, einokunarauðvaldið í þjóðfélaginu hefur álitið það óþægilegt fyrir sig að framkvæma frjálsa verðmyndun, og þess vegna hefur skapazt það ástand, að það er aðeins hagræðing á frjálsri verðmyndun, hagræðing í þágu einokunarauðvaldsins, sem við höfum lifað hér. Við skulum þess vegna gera okkur ljóst, að að svo miklu leyti sem þetta hefur verið reynt, hefur það mistekizt, og að dómurinn yfir þessari stefnu er fallinn, þó að hún hafi aldrei verið nema ófullkomlega framkvæmd. Við þekkjum framkvæmdina. Við þekkjum hana á því, að hún hefur leitt til einhverrar mestu spillingar, sem nokkurn tíma hefur skapazt í okkar þjóðlífi, til helmingaskiptanna svokölluðu, til misnotaðra pólitískra sérréttinda, sem sköpuð hafa verið, til hlutdrægni í lánveitingum og hvers konar leyfum. Í staðinn fyrir að skapa eitthvert frelsi og einhvern heiðarleika á þessu sviði, hefur það leitt til ófrelsis og til spillingar og til einokunar. Þetta hefur orðið eins og dula yfir þetta allt saman.

Hins vegar vil ég segja það, að ég hef ekki trú á, meira að segja þó að þessi frjálsa verðmyndun hefði verið reynd hér á Íslandi án þessara miklu galla, sem verið hafa á hennar framkvæmd, og miklu takmarkana, að hún hefði tekizt. Þó að sú stefna hefði verið framkvæmd, sem hefði verið rökrétta í þessu, að öll gengisskráning hefði verið gefin frjáls, allur innflutningur og allur útflutningur hefði verið gefinn frjáls, m. ö. o. allt íslenzkt hagkerfi innlimað í hagkerfi Bandaríkjanna og Bretlands, þá held ég, að þetta hefði samt ekki flutt okkur neina blessun, heldur þvert á móti, og það af þeirri einföldu ástæðu, að þessar hagfræðikenningar um frjálsa verðmyndun, frjáls viðskipti, eiga alls ekki við íslenzkt þjóðskipulag og þess þarfir.

Það er hugsanlegt að láta þessar hagfræðikenningar um frjálsa verðmyndun haldast, þó með vissum takmörkunum, stórslysalaust í gömlum, stöðnuðum auðvaldsþjóðfélögum, eins og t. d. hagkerfi Bandaríkjanna. Í gömlum, stórum, ríkum, stöðnuðum auðvaldsþjóðfélögum er hugsanlegt — og er það þó gert með vissum takmörkunum af þeirra hálfu — að láta það haldast. En ef ætlað er að beita þessari frjálsu verðmyndun, ætlað að láta það vera komið undir því, hvað hver einstaklingur fyrir sitt leyti vill gera, í hverju hann vill festa sitt fé og annað slíkt, hvernig fer þá um land, sem verið er að byggja upp, um ungt þjóðfélag, sem er að skapa þessi verðmæti? Ég held, að ef það á að reyna frjálsa verðmyndunaraðferð í slíku þjóðfélagi, á því skeiði, sem okkar þjóðfélag er, þá hljóti það alltaf að mistakast. Íslenzkt þjóðfélag er svo ungt, það er svo mikið, sem okkar þjóð á ógert, að okkar þjóð sem heild hlýtur alltaf að vilja leggja í svo marga hluti, sem einstaklingurinn, þegar hann á að ráða, hver út af fyrir sig, mundi ekki leggja í og mundi ekki verða kleift. Við þurfum að byggja hér raforkuver, við þurfum að byggja hér og koma upp stórum togaraflota, við þurfum að byggja vélbáta, við þurfum að byggja fiskiðjuver, við þurfum að búa til fjöldann allan af slíkum fyrirtækjum, sem einstaklingum sem slíkum er ofvaxið. Það þýðir, að sparnaður eins einstaklings út af fyrir sig og aurarnir, sem hann hefur afgangs frá sínum daglegu þörfum, honum dettur út af fyrir sig varla í hug að setja það í þetta. Hann ætlast til þess, að þetta sjái þjóðarheildin um, þetta geri ríkið, þetta geri bæirnir, þetta geri það opinbera. Þess vegna verður það svo í þjóðfélagi eins og okkar, að það opinbera verður að gera þessa hluti, og þá þýðir það um leið, að þegar það opinbera ætlar að fullnægja því, sem fólkið gerir kröfu til í þessu efni og þjóðfélaginu vegna þess þróunar er lífsnauðsyn á, þá verður þjóðfélagið sjálft að taka í sínar hendur stjórnina á þessum fjármálum, þessum efnahagsmálum einstaklinganna sem heildarinnar. Það er óhjákvæmilegt. M. ö. o.: Það verður í þágu þjóðfélagsins sem heildar og þar með líka einstaklinganna að stjórna þróun þjóðfélagsins. Hún getur ekki og fær ekki að fara þær brautir, sem þjóðinni sem heild er þörf á, ef hver einstaklingur út af fyrir sig og hin svokallaða frjálsa verðmyndun, frjáls viðskipti og allt saman slíkt er látið ráða.

Af hverju er kannske hugsanlegt að gera þetta að nokkru leyti í gömlum, stöðnuðum þjóðfélögum, auðvaldsþjóðfélögum, við skulum segja t. d. Bandaríkjunum? Jú, þar er um að ræða ákaflega fámenna auðmannastétt, þannig að t. d. persónuleg eyðsla þeirrar auðmannastéttar er alltaf hverfandi lítill hluti af þeim

gífurlega gróða, sem þessi auðmannastétt hefur, sem hún tekur af almenningi. Það er nú svo margt, sem vantar í okkar hagfræði, en mér þætti gaman að fá að vita það, hvað stór hluti af þeim gróða, sem kemur til íslenzkrar auðmannastéttar, fer í hennar persónulegu eyðslu og hvað mikið fer í nýja fjárfestingu í hennar fyrirtækjum, nýjum fyrirtækjum. Við höfum stóra, fjölmenna, ríka auðmannastétt, og ég gæti trúað, að hún væri hlutfallslega með eyðslusömustu yfirstéttum Evrópu og að hún hirti minna um að leggja í þau fyrirtæki, sem þjóðfélaginu er þörf á að lagt sé í, til þess að þjóðfélagið fái staðizt. Ég er hræddur um, að íslenzk auðmannastétt muni ekki sjálf þróa okkar atvinnulíf á þann hátt, sem því er þörf á, en hugsi því meir um sína persónulegu eyðslu og það, sem hún festir fé sitt í, sé til munaðar eða þæginda. Hins vegar byggir lögmálið um frjálsa verðmyndun í auðvaldsþjóðfélagi á því, að raunverulega sjái auðmannastéttin um að festa fé í nýjum fyrirtækjum og sjái þannig um að þróa auðvaldsskipulagið áfram og efla þess framfarir.

Hver hefur líka orðið afleiðingin af þessari svokölluðu frjálsu verðmyndun og þar með á vissan hátt frjálsu fjárfestingu auðmannastéttarinnar hvað snertir okkar undirstöðuatvinnuvegi á þessum árum? Það hefur verið fest fé í miklu hér á Íslandi á þessum undanförnu árum. En hvar er fjárfestingin síðustu 7 ár í því, sem raunverulega allar þjóðartekjur Íslendinga fyrst og fremst byggjast á, í togurunum? Hvar er fjárfesting íslenzkrar auðmannastéttar og fjárfesting þeirra, sem hafa fengið að ráða þessi ár, í því, sem er undirstaðan undir öllum þeim afköstum, sem íslenzkur þjóðarbúskapur hefur? Það hefur ekki verið keyptur einn einasti nýr togari í 7 ár, og þó hlýtur mönnum að vera ljóst, að þegar við tölum um íslenzka þjóðarframleiðslu, íslenzkan þjóðarauð og íslenzkar þjóðartekjur og þar með möguleika á innflutningi og öðru slíku, þá eru það þó fyrst og fremst togararnir, sem skapa þær. Og þegar fjmrh. var hér t. d. í gær að tala um þá tiltölulega góðu afkomu, sem almennt væri fyrir íslenzka þjóð, þá hugsaði hann ekki út í, á hverju það byggist. Það byggist á því, að þau framleiðslutæki, sem við höfum, og þá fyrst og fremst togararnir, til þess að nota við okkar ríku fiskimið, eru svo afkastarík, að þar afkastar hver sjómaður, sem á þeim vinnur, sjö sinnum meira en sá sjómaður þeirra þjóðar, sem næst kemst okkur í heiminum um afköst. Og hvernig hefur svo sú frjálsa fjárfesting reynzt þjóðinni í því að tryggja, að fé væri fest einmitt í þessum fyrirtækjum, sem þjóðarbúinu var nauðsynlegast? Allan þennan tíma hefur ekki aðeins verið ekki hirt um að kaupa togara, lengi var staðið á móti því að byggja eða kaupa nýja vélbáta, þó að nú hafi verið látið undan á því sviði, og alltaf tregðazt við að koma upp þeim hraðfrystihúsum, sem brýn nauðsyn var á.

M. ö. o.: Það, sem gerzt hefur hér á þessum undanförnum árum, er, að það hefur verið gerð misheppnuð tilraun til þess að yfirfæra á okkar þjóðarbúskap erlendar hagfræðikenningar, sem ekki áttu við hér, og jafnvel þó að þær hefðu verið framkvæmdar, hefðu aldrei getað orðið okkur til blessunar, en eins framkvæmdar og þær hafa verið og eins hagræddar valdhöfunum í hag hafa orðið okkur til stórbölvunar og hafa staðið í vegi fyrir þróuninni í okkar þjóðarbúskap.

Það er ekki hægt í ungu þjóðfélagi eins og því íslenzka að gera það tvennt í senn: að ætla að byggja upp atvinnulífið með fjölskrúðugum og góðum og stórvirkum atvinnutækjum, byggja hús yfir fólkið í landinu, skapa þannig varanleg verðmæti og að leyfa hverjum einasta manni að eyða eins og hann vill. Það er ekki hægt að gera þetta tvennt í senn. En þetta er það, sem auðmannastéttin í Reykjavík heimtaði af sínum flokkum og sinni stjórn, að það væri leyft að flytja inn allt, sem huginn girntist, það væri selt hér á frjálsum markaði, menn gætu valið hér úr því, menn mættu festa fé sitt í hvers konar eyðslu og óhófi sem vera skyldi, þetta skyldi allt vera frjálst, verzlunin frjáls, fjárfestingin frjáls, og þetta hefur svo gengið út yfir sjálfa þróun atvinnulífsins.

Ég held, að við verðum að gera okkur ljóst, að þessi stefna, öll þessi frjálsa verðmyndunarstefna og frjálsa viðskiptastefna, hefur beðið skipbrot, og það er það, sem við stöndum frammi fyrir. Þarna verður algerlega að breyta til, og þetta litla frv., sem hér liggur fyrir, ætti raunverulega aðeins að vera byrjunin á þeirri stefnubreytingu, sem miðaði að því að tryggja, að þjóðin hagnýtti sér sinn auð, sitt vinnuafl og sitt fjármagn til þess skipulagt og vitandi vits að efla sitt atvinnulíf og auka það og auka þannig líka fyrir framtíðina möguleikann til meiri neyzlu og til betri lífskjara.

Frelsið, viðskiptafrelsið, verðmyndunarfrelsið, sem boðað var fyrir okkur, sérstaklega eftir kosningarnar 1949, hefur á þeim sviðum, þar sem það hefur verið notað, aðeins orðið frelsi fyrir auðinn, frelsi fyrir sérréttindafólkið, frelsi fyrir braskið, en á þeim sviðum, þar sem stjórnarherrarnir hafa haft hag af einokuninni, hefur þeirri einokun verið haldið áfram. Frelsinu hefur verið hagrætt í þágu einokunarherranna. Að svo miklu leyti sem það hefur verið til, þá hefur það verið frelsi fyrir peningana og eigendur þeirra, enda er það e. t. v. eitt greinilegasta dæmið um þróunina í þeim málum, að fyrir 10 árum voru peningar ódýrir hér í Reykjavík, þá var frekar auðvelt að fá peninga að láni til þess að byggja hús, leggja í fyrirtæki og annað slíkt, það var auðvelt, það voru lágir vextir, en nú eru peningar dýrir, jafnvel vextir bankanna hafa verið hækkaðir þannig, að það hefur orðið að breyta lögunum um okur, svo að bankarnir yrðu ekki sekir um okur, og þó hefur mikið af verzlunarviðskiptunum um peningana farið fram utan bankanna, þannig, að um beint okur hefur verið að ræða. M. ö. o.: Peningarnir hafa orðið dýrari á þessum árum, þeir hafa hækkað

í verði. Peningavaldið og vald þeirra, sem peningana hafa, hefur farið vaxandi.

Það, sem verður að gerast í þessum efnum, er, að hér verður algerlega að breyta um stefnu. Þetta fyrirkomulag, sem reynt hefur verið að koma á á undanförnum 5—8 árum, verður að hverfa. Það verður hvað snertir þetta, sem hér liggur fyrir, viðvíkjandi verðlaginu, að taka upp skipulagða baráttu fyrir réttu verðlagi, og hér í þessu frv. er auðsjáanlega meiningin að heimila þeirri n., sem um það ætti að fjalla, allviðtæk afskipti af farmgjöldum með skipum, og það vita allir, sem þekkja til með verzlun, að það er ekkert smáræði, sem grætt hefur verið á því sviði á undanförnum árum; afskipti af bankavöxtuunm og allri bankaálagningunni, og það er vitanlegt, að það er heldur ekkert smáræði, sem bankarnir hafa tekið til sín af verzlunarálagningunni á almenning; afskipti af heildsalaálagningunni, sem er í þessu tilfelli ein sú þyngsta. En það er engum efa bundið, að það þarf líka að halda áfram þeirri stefnu, sem hér er lagt til, á öðrum sviðum, á sviðum eins og með húsaleigu, þar sem verðhækkanir hafa verið hvað ægilegastar og eru svo ægilegar þann dag í dag, að ég veit persónulega um dæmi aðeins hér í sumar í Reykjavík, að þriggja herbergja íbúðir, sem síðasta vetur voru leigðar á 1500 kr. og það í húsum frá því fyrir stríð, húsum, þar sem þriggja herbergja íbúðir kostuðu 150 kr. árið 1945, hafa verið hækkaðar upp í 2000 kr. Það er þess vegna engum efa bundið, að það verður alvarlega á öllum sviðum verðmyndunarinnar að skerast í leikinn, og samþykkt frv. eins og þessa ætti aðeins að vera upphafið að slíku.

Nú þætti mér ákaflega fróðlegt, sérstaklega ef hæstv. fjmrh. væri hér, að heyra hans skoðun á þessu frv. Hæstv. fjmrh. hefur þann hátt á stundum, þegar hann talar í útvarp, að tala allrösklega, eins og hans er vandi, og ekki hvað sízt um verðmyndunar- og verðbólgumál. Það væri nú mjög æskilegt að fá alveg sérstaklega að vita afstöðu Framsfl. til þessa frv., sem hér liggur fyrir, og hvort Framsfl. fyrir sitt leyti vill vinna að því að hverfa burt frá þessu gjaldþrotaskipulagi hinnar svokölluðu frjálsu verðmyndunar og taka upp með einum eða öðrum hætti það fyrirkomulag, að almenningur geti haft úrslitaáhrif á verðlagsmyndunina í landinu með beinum afskiptum af hálfu þess opinbera.

Hæstv. fjmrh. hefur hvað eftir annað sagt, að hann vilji vinna að því að lækka verðlagið, og hann hefur talað mjög borginmannlega í garð verkalýðssamtakanna í sambandi við það. Nú þætti mér gaman að heyra, hvort hæstv. fjmrh. vill samþ. þetta frv., hvort Framsfl. vill samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir, hvort hann vill máske líka vinna að því að lækka verðlagið á þeim sviðum, þar sem það hefur orðið hvað tilfinnanlegast. Kannske hann vildi meira að segja lækka húsaleiguna niður í það, sem hún er í vísitölunni? Húsaleigan er í vísitölunni sem stendur 400 kr. á mánuði og þá gengið út frá 4—5 manna fjölskyldu, fjölskyldu, sem þarf a. m. k. alltaf sín þrjú herbergi. Í vísitölunni er reiknað með, að það eigi að kosta 400 kr. á mánuði. Máske hæstv. fjmrh. vildi gera einhverjar tillögur til þess að geta lækkað húsaleiguna hér? Það er ekki farið að gefa okkur neina skýrslu enn þá um hina miklu húsnæðislöggjöf ríkisstj., sem á síðasta Alþ. var tilkynnt að ætti að marka tímamót í þeim efnum, né um hennar framkvæmd. Það er hins vegar frekar lítið farið að bóla á þeim tímamótum og þeirri breytingu, sem þá var lofað. Ég er hræddur um, að frjálsa verðmyndunin, frjálsu viðskiptin og allt frelsi ætli að reynast heldur lélega á þeim sviðum.

Hæstv. fjmrh. sagði hér í umr. um fjárl. í gær, að nú væri búið að taka af verkamönnum alla þá kauphækkun, sem þeir hefðu fengið í vor, það væri búið að taka hana alla saman af þeim. Ég er nú ekki sammála hæstv. fjmrh. um þetta. Þó að ég vilji ekki gera lítið úr þeim hækkunum, sem orðið hafa á verðlagi, hafa þær ekki megnað enn sem komið er að ræna verkamenn öllu því, sem þeir áunnu sér í vor.

Við skulum nú hins vegar segja, að fjmrh. segði satt, við skulum hins vegar setja dæmið þannig upp, að hæstv. fjmrh. segði satt, að það væri búið að taka af verkamönnum allt, sem þeir höfðu áunnið sér í vor. Hvað leiðir þar af? Það leiðir eðlilega þar af, að það er komið sama ástand í hugum verkamanna og var fyrir verkfallið, og hv. þm. vita ósköp vel, hvaða ástand það var. Þá var það ástand í þeirra hugum, að það yrði að hækka kaupið, en það voru vissir menn, sem sögðu, að það væri miklu betra að lækka verðlagið. M. ö. o.: Ef hæstv. fjmrh. hefur haft rétt að mæla, að það væri búið að taka af verkamönnum allt, sem þeir höfðu áunnið sér í vor, þá væri nú komið aftur að því ástandi, að annaðhvort yrðu verkamenn aftur að hækka kaupið og leggja þá út í stórkostlega deilu eða þeir, sem hafa vald yfir verðlaginu í landinu, yrðu að gera svo vel að sýna, að þeir lækkuðu verðlagið. Ég vil minna menn á, svo að ég fari nú að áminna menn um að halda sér við lög, að verkamönnum er í vinnulöggjöfinni bannað að gera verkföll til annars en að hækka kaup. Ég vil minna hv. þm. á það og hæstv. ríkisstj.

Það má vel vera, að fyrir áeggjanir ríkisstj. og meiri hluta þings fari verkamenn að fara út í það að gera verkföll til þess að fyrirskipa, hvernig lög skuli vera eða kannske hvers konar ríkisstj. skuli vera og hvernig skuli fara með framkvæmdavaldið, en það er bannað í vinnulöggjöfinni og tekið greinilega fram, að þetta megi ekki. Það að ætla að knýja Alþingi til þess að setja löggjöf um að lækka verðlag, ef Alþingi fyrir fram væri ekki á þeirri skoðun, varðar við lög eftir vinnulöggjöfinni.

Það, sem var gert 1952, var raunverulega allt saman lögbrot út frá vinnulöggjöfinni; það vita menn ósköp vel. Hins vegar er það alveg rétt, að þegar farið er að gera það hvað eftir annað, þegar verkamenn hafa knúið fram kauphækkanir eftir þessum einu leiðum, sem

þeim er leyfilegt samkvæmt vinnulöggjöfinni, og þeir sjá þetta tekið af sér, þá er eðlilegt, ekki sízt ef ríkisstj. og meiri hluti Alþingis hvað eftir annað eggjar þá til þess, að þeir fari að taka upp á því að fara að setja lög með verkföllum. En það er engan veginn heppilegt. Hæstv. fjmrh. sagði hér í umr. í gær t. d., að atvinnuleysistryggingar væru alveg ágætt fyrirkomulag. Þetta er fyrsta orðið, sem hæstv. fjmrh. segir um atvinnuleysistryggingar hér á þinginu. Þær hafa legið fyrir til umræðu í áratug, og hann hefur aldrei tekið til máls um þær. Nú þegar búið er að standa verkfall í sex vikur, sem endar m. a. með því, að atvinnuleysistryggingar eru settar í gegn, þá er þetta orðið ágætt. Það var bara hægt að gera þetta áður en verkfallið varð.

Ef hæstv. fjmrh. hefði haft rétt að mæla um það, að fyrir tilstilli ríkisstj. og hennar bandamanna í þjóðfélaginu væri búið að taka af verkamönnum allt, sem þeir áunnu sér í vor, lægi nú fyrir eitt af tvennu, annaðhvort, að verkamenn hefji nýja kauphækkunarbaráttu eða að Alþingi sýni sig í því að lækka verðlagið. Nú hefur Framsóknarflokkurinn sitt tækifæri, ef hann meinar eitthvað með þessu, og nú gætir hæstv. fjmrh. þess mjög vel að vera hvergi nærri, þegar þetta frv. er rætt, og trúað gæti ég, ef að vanda lætur, að þetta frv. færi til fjhn., ég veit ekki, hvort er búið að kjósa formann í fjhn., en ef hann verður eitthvað svipað og undanfarin ár, gæti ég trúað, að fjhn. lægi nokkuð fast á og sæi um, að engu yrði ungað út, og svo yrði líklega skammazt á eftir, ef það yrðu ný verkföll, og sagt, að það sé ósköp ljótt að vilja ekki fara verðlækkunarleiðina, sem sé, það kemur að því, að menn fari að þreytast á svona skollaleik.

Hins vegar vil ég taka fram út af ummælum, sem hvað eftir annað hafa komið fram viðvíkjandi kauphækkunum og að þær leiði til verðlagshækkana, að það út af fyrir sig er bábilja. Það er hægt að framkvæma kauphækkanir án þess, að það leiði til verðlagshækkana. Það er hægt, svo framarlega sem kauphækkanir eru látnar ganga út yfir þann gróða, sem auðmannastéttin sem heild hefur af vinnuaflinu. Sá gróði skiptist í marga staði. Hluti af honum fer til atvinnurekendanna, hluti af honum fer til bankanna, hluti til skipafélaganna, hluti til ýmissa slíkra aðila, sem skipta á milli sín þeim gróða, sem skapast í þjóðfélaginu.

Það er engin almenn ástæða til þess, þó að verkamenn hækki kaup sitt í þjóðfélagi, þar sem gróðamyndun á annað borð á sér stað, að það leiði til verðlagshækkana. En það þýðir, ef kauphækkun fer fram, án þess að það leiði til verðlagshækkunar, að þá minnkar það gróða auðmannastéttarinnar, og gerir hún það upp sín á milli innbyrðis, hvernig sú gróðaminnkun skiptist, hvort t. d. vextirnir að einhverju leyti eru lækkaðir, hvort skipafarmgjöld að einhverju leyti eru lækkuð eða hvort beinlínis gróðamyndun sjálfrar atvinnurekendastéttarinnar verði minni. Út af fyrir sig er ekki nein bein ástæða til þess í þjóðfélagi, þar sem gróðamyndun á sér stað, að kauphækkun verkamanna leiði til verðlagslækkana. Hins vegar ef þeir menn hafa völdin í þjóðfélaginu, sem hafa hag af því að hækka verðlagið, skilur maður þetta. Og það, sem hér hefur gerzt undanfarið, er einfaldlega það, að sú auðmannaklíka, sem ræður þjóðfélaginu, hefur haft þann hátt á í fyrsta lagi að einoka að miklu leyti til sín lánin út úr bönkunum, síðan að festa það fé, sem þeir fá að láni hjá bönkunum, í fyrirtækjum, sem að hennar áliti gefa góðan arð, síðan, jafnóðum og verkamenn að einhverju leyti bæta sinn hag, á að nota það m. a. sem átyllu til þess að hækka allt verðlag, og jafnvel þótt engar kauphækkanir fari fram, á að hækka verðlagið samt, fella þannig raunverulegt gildi peninganna í landinu, láta lánin, sem þeir hafa fengið hjá bönkunum, rýrna að verðgildi, en láta eignirnar, sem þeir hafa sett peningana í, vaxa að verðgildi, féfletta þannig smátt og smátt þjóðfélagið meira og meira. Þetta er sá skollaleikur, sem auðmannastéttin hefur verið að leika hér á undanförnum árum. Þess vegna hefur hagur þessara sérréttindastétta verið sá að láta verðlag alltaf hækka. Og það heldur auðsjáanlega áfram.

Það er engum efa bundið, að það, sem gerðist í sumar með þessar almennu verðhækkanir þá, sem olíuhringarnir, eins og hv. 1. landsk. gat um, byrjuðu á, var beinlínis eins og það væri komið beint úr herbúðum ríkisstj. skipun um það: Hækkið nú verðlagið, til þess að það sjáist, að verkamenn græða ekki á því að hækka kaup. — Og nú þegar er svo farið að tala um og boðað í aðalblaði ríkisstj., Morgunblaðinu, hvað eftir annað, að að öllum líkindum verði gengið að falla á eftir, og við vitum, hverjir hafa hagsmuni af því. M. ö. o.: Sú auðmannastétt, sem valdið hefur í þjóðfélaginu, notar sér sína aðstöðu til þess að græða á því að minnka í sífellu verðgildi krónunnar, sú sama auðmannastétt, sem hefur getað sölsað undir sig fyrst og fremst lánin úr bönkunum. Ég held þess vegna, að spurningin um, hvað gera skuli í þessum málum, verði spurningin um þau pólitísku völd í landinu. Það verður spurningin um það, hvort þessi auðmannastétt á að halda þessum tökum áfram á ríkisvaldinu og geta notað það á þennan hátt. Við skulum alveg einfaldlega haga spurningunni þannig. Þetta einokunarvald, sem hefur frelsi á þeim sviðum, þar sem það er samfara þess hagsmunum, og einokun á þeim sviðum, þar sem það er samfara þess hagsmunum, verður að tapa ríkisvaldinu út úr sínum höndum.

Hv. 1. landsk. sagði hér um þetta mál, að það væri prófsteinn á það, hvort meiri hluti Alþ. vildi nú standa á móti verðlagsbröskurunum m. a. Ég held, að afstaðan til þessa frv. og þar með afstaðan til þeirrar stefnu, sem ríkt hefur í þessum málum undanfarin ár, verði fyrst og fremst prófsteinn á Framsfl. Það er vitað, að innsti hringur Sjálfstfl. vill þá stefnu, sem ég var að lýsa hér áðan og hv. 1. landsk. var að lýsa líka. Spurningin, sem

liggur fyrir, er þess vegna um það, hvort Framsfl. vill samstarf um mál eins og þetta, um stefnu eins og felst í þessu máli, eða hvort hann vill það ekki, hvort Framsfl. og fyrst og fremst hæstv. fjmrh. er reiðubúinn til þess að hætta við að reyna þessa undarlegu og gölluðu framkvæmd á kenningunum um frjálsa verðmyndun, þessa afskræmdu framkvæmd, sem reynd hefur verið í íslenzku þjóðfélagi sérstaklega síðustu fimm árin.

Ég held, að afstaðan til þessa frv. sé líka prófsteinn á það samstarf og þá samstarfsmöguleika, sem hér komu til umræðu í gær í sambandi við umr. um fjárlögin, um samstarf milli Framsfl. og Alþfl. Framsfl. fær tilefnið til þess að sýna það í sambandi við þetta frv., hvað hann vill í þessum efnum. Sósfl. er fyrir sitt leyti reiðubúinn til þess að fylgja þessu frv. Ég sé á frv. eða brtt., sem Þjóðvfl. hefur lagt fyrir í sambandi við annað mál, að hann er þar með till., sem ganga raunverulega enn lengra en þessar viðvíkjandi verðlagsákvörðunum, þannig að ég efast ekki um, að hann sé reiðubúinn til samstarfs um þessi mál. Það liggur þess vegna fyrir sem staðreynd, að milli Alþfl., Sósfl. og Þjóðvfl. er möguleiki til samstarfs um að breyta frá þeirri stefnu, sem ríkt hefur undanfarið, og taka upp þá stefnu, sem þetta frv. er auðsjáanlega einn liður í. Og það hefur komið fram frá Framsfl. till., sem bendir til þess, að hann, Framsfl., eða a. m. k. ákveðnir menn í honum séu reiðubúnir til samstarfs um róttækar till. í verðlagsmálunum.

Á þinginu 1948—49 flutti Hermann Jónasson o. fl. frv. til laga um verðlagseftirlit og verðlagsdóm, mjög róttækt og harðvítugt frv. í garð allra þeirra, sem hv. 1. landsk. mundi kalla verðlagsbraskara. Þar lagði sjálfur formaður Framsfl. til, að verðlagsnefndin, sem um leið réði verðlagsstjóra, væri skipuð þannig, að bæði Alþýðusamband Íslands, Stéttarsamband bænda, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Kvenfélagasamband Íslands ættu þar hvert sinn fulltrúa. Og það voru einnig mjög ströng fyrirmæli viðvíkjandi verðlagsdómi. Þetta frv. komst þá nokkuð áleiðis. Þetta var rétt fyrir kosningar. Eftir kosningar voru nokkur atriði úr þessu frv. tekin upp, en þó allmiklu mildara allt í garð verðlagsbraskara eftir kosningar, og nokkru síðar var svo að miklu leyti afnumið eða úr lagi fært það, sem eftir var af því. Hins vegar var greinilegt hjá formanni Framsfl., að hugur fylgdi máli í þessum efnum. M. ö. o.: Vinstri hlutinn í Framsókn virtist ákveðinn í að vilja samvinnu um þessi mál. Ég býst við, að hægri höndin hafi vitað, hvað sú vinstri gerði fyrir kosningar, þó að sú hægri hafi ráðið gerðunum eftir kosningarnar. En ég gæti trúað, að eftir reynsluna af hægri stefnunni þessi síðustu fimm ár ættu vinstri framsóknarmenn að vera reiðubúnir til þess að taka upp samstarf um þessi mál. Það er þess vegna mjög leitt, að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera við þessar umr. og geta nú sagt sína skoðun á þessu og rætt hér við okkur þm. um reynsluna af þeirri pólitík, sem hann alveg sérstaklega stendur ábyrgur fyrir.

Höfuðatriðið í sambandi við öll þessi mál verður sjálft valdaspursmálið, það verður það, hvernig ríkisstj. er skipuð og hvaða pólitík hún framkvæmir. Það, sem hefur ráðið því, hvernig farið hefur undanfarin ár, er það, að það er einokunarvald auðmannastéttarinnar, sem hefur mótað verðmyndunarpólitíkina, látið það vera eða kallað það frjálst, sem samræmist hennar hagsmunum að hafa að einhverju leyti frjálst, látið það vera einokað, sem samsvaraði hagsmunum einokunarstéttarinnar að hafa einokað. Gegn þessu valdi verður alþýðan og þeir, sem telja sig fulltrúa hennar, að taka höndum saman. Það er ekki hægt öðruvísi að breyta um þetta. Um leið er ekki heldur hægt án þess að breyta þannig um að fara að þróa aftur undirstöðuatvinnuvegina íslenzku, að það verði fé til þess að efla þá atvinnuvegi, sem okkar útflutningsframleiðsla, okkar heildarframleiðslulíf byggist á, en þróun þeirra atvinnuvega hefur svo að segja verið stöðvuð að meira eða minna leyti undanfarin 7 ár. Þetta tvennt kemur til með að fara saman, að alþýðustéttirnar skapi samtök með sér til að breyta um stjórnarstefnu, tryggja áhrif almennings á verðmyndunina í landinu og tryggja um leið, að fjármagnið, sem í landinu skapast eða ríkið og þjóðin vill taka að láni, sé fyrst og fremst hagnýtt til þess að efla stórum okkar atvinnuvegi, byggja þannig upp undirstöðuna að öllum þjóðarbúskapnum og skapa þannig á grundvelli slíkrar aukinnar framleiðslu batnandi lífsmöguleika fyrir fólkið.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv., sem síðast talaði, notaði aðallega sinn tíma í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, til þess að hefja áróður fyrir vinstri samvinnu. Ég skal ekki við þessar umræður blanda mér í það mál og mun lofa kommúnistum í friði í gegnum Alþýðusambandið að reyna að mynda stjórn með hinum flokkunum, sem vafalaust fá mikla ánægju af slíkri samvinnu.

En áður en ég sný mér að nokkrum atriðum í ræðu hv. frsm., vildi ég gjarnan spyrja þá tvo hv. ræðumenn, sem hér hafa talað um verðlagsokur og okurbraskara: Hvar eru kaupfélögin, hvar koma kaupfélögin inn í þetta mál, meðan verðlagsbraskararnir, sem þeir tala mikið um, eru að sökkva þjóðinni í óbilgjörnum og ástæðulausum verðhækkunum? Hvar eru kaupfélögin til þess að halda verðlaginu í skefjum í landinu? Þessir hv. ræðumenn hafa þó jafnan viðurkennt, að kaupfélögin væru sá aðili í landinu, sem seldi sínar vörur með sanngjörnu verði. Og ég trúi því ekki, að þessir hv. þm. hafi nú allt í einu skipt um skoðun í þessu efni. Hér getur ekki verið nema um tvennt að ræða, annaðhvort hafa kaupfélögin brugðizt algerlega skyldu sinni í þessum efnum eða hitt, að þau sinni skyldu sinni og selji vörurnar með sanngjörnu verði, eins og þessir tveir hv. þm. hafa alltaf haldið fram að

kaupfélögin gerðu. En ef kaupfélögin gera það, sem ég efast ekki um, þá gera kaupmannaverzlanirnar það líka, vegna þess að þær selja sínar vörur með sama verði og kaupfélögin yfirleitt, stundum lægra. Að vísu getur munað hjá báðum aðilum einhverju. En yfirleitt er enginn mismunur á verðlagi hjá þessum tveimur höfuðaðilum í verzluninni. Ef þetta er rétt, þá er talið um vöruokrið, sem þessir hv. þm. hafa haft í frammi, ekki annað en pólitískur áróður, sem styðst við lítil sannindi.

Hv. frsm. gat þess í upphafi ræðu sinnar, að ég hefði átt þátt í því að setja á fullkomið verðlagseftirlit í byrjun stríðsins, eða 1942. Það er rétt, að ég átti þátt í því að setja þá á verðlagseftirlit. Og ég tel, að verðlagseftirlit í ófriði sé nauðsynlegt og eðlilegt. Þess vegna var það verðlagseftirlit, sem var sett á þá, bæði nauðsynlegt og eðlilegt, en það sannar ekki, að verðlagseftirlit sé alltaf nauðsynlegt og eðlilegt, hvernig sem tímarnir breytast.

Ég átti einnig hlut að því, að þessu verðlagseftirliti var létt af, það var afnumið, þegar stríðinu var lokið og aðstæður voru svo breyttar, að verðlagseftirlit að mínu áliti átti ekki lengur heima. Sama skoðun hefur yfirleitt komið fram í flestum löndum, sem settu á hjá sér verðlagseftirlit í stríðinu og hafa numið það burt eftir stríðið, eftir að verzlunin fór að komast í frjálsara horf.

Hv. flm. þessa frv. segja, að þeir hafi oftar en einu sinni borið fram frv. um að hverfa frá stefnu álagningarfrelsisins. Það er alveg rétt, þeir hafa borið þetta fram hvað eftir annað, en það hefur engan hljómgrunn fengið hér í Alþ. Er því ástæða til að spyrja: Hver er þá aðalástæðan fyrir því, að slíkt frv. er borið fram nú eins og það, sem hér liggur fyrir?

Aðalatriðið, sem hér er um að ræða, er það, hvort framboð á vörum sé svo mikið og svo óbundið, að það fullnægi eftirspurninni, svo að frjáls verðlagsgrundvöllur geti myndazt. Þetta er í rauninni aðalatriði málsins. Í grg. taka hv. flm. fram, að það sé nauðsynlegt að setja þetta verðlagseftirlit á vegna þess, að svo margar vörur séu á bundnum lista, eða réttara sagt margar vörur, sem eru háðar innflutningsleyfum, af þeim vörum, sem eru fluttar til landsins. Og þeir vilja halda því fram, að þær vörur, sem eru háðar innflutningsleyfum, séu af svo skornum skammti, að nauðsynlegt hljóti að vera að hafa með þeim verðlagseftirlit. Nú hafa þessir hv. þm. sýnilega ekkert rannsakað þetta mál. Þeir hafa ekkert rannsakað, hversu mikið er til af þeim vörum, sem eru enn þá háðar innflutningsleyfum og þar af leiðandi eftir þeirra umsögn takmarkaðar.

Þeir segja, að 33% af þeim gjaldeyri, sem var seldur s. l. ár, hafi verið fyrir vörum, sem voru háðar leyfisveitingum. Þetta má rétt vera. Hv. frsm. las upp langan lista, sem sýndi, að mikill hluti af þessum vörum, sem enn þá eru háðar innflutningsleyfum, er einnig háður verðlagsákvæðum. Ég veit ekki, hvort hann hefur gert sér grein fyrir, hvað þetta nemur miklu. Einn stærsti vöruflokkurinn í innflutningnum eru byggingarvörur. Þessar vörur eru svo að segja allar háðar verðlagseftirliti. Skófatnaður, sem er stór liður, er líka háður verðlagseftirliti. Hjólbarðar og slöngur, rafmagnstæki, alls konar vélar er allt saman háð verðlagseftirliti. Ég gæti trúað því samkv. lauslegri áætlun, að hér sé um 150—200 millj. kr. innflutning að ræða, sem er háður verðlagseftirliti. Þessir hv. þm. koma þó hér fram með frv. og segja: Það er nauðsynlegt að setja á verðlagseftirlit vegna þeirra vara, sem eru háðar leyfum. Það þarf að hafa eftirlit með verði þeirra. — En það er og hefur verið gert. Þar að auki er verðlagseftirlit á lið eins og olíum og benzíni, eins og hv. frsm. tók fram. Sá liður er 1953 samkv. innflutningsskýrslum yfir 300 millj. kr.

Vörur, sem eru háðar leyfum, eru m. a. skip, flugvélar, bifreiðar og mótorvélar. Yfirleitt er óþarfi að beita verðlagsákvæðum við innflutning slíkra tækja. Leyfisveitingar 1954 á þessum liðum eru 80 millj. kr.

Þá kem ég að frílistavörunum og bátagjaldeyrisvörunum. Ég fullyrði, að af þeim vörum, sem eru á frílista, sé nú svo mikið úrval og svo miklar birgðir í landinu, að ekki sé um neina þurrð að ræða þar á neinu sviði, svo að fullkomin samkeppni getur komið þar til greina. Með bátalistana er það þannig, að sá markaður er nú svo „mettur", eins og sakir standa, að ekkert er farið að selja af þeim gjaldeyri fyrir árið 1955. Hann er allur óseldur, vegna þess að hann hefur ekki selzt örar en þetta. Getur þá hver maður sagt sér, að þær vörur, sem eru fluttar inn á þeim lista, þurfa ekki verðlagsákvæða við, vegna þess að þar er fullkomlega frjáls verðlagsmyndun.

Það er nú ekki nýtt, að hv. þingmenn Alþfl. vilji hafa innflutningshöft og verðlagseftirlit. Þeir hafa alltaf viljað hafa þetta. Það hefur alltaf verið þeirra stefna. En eins og við vitum, var svartamarkaðsbraskið í hámarki, þegar Alþfl. hafði þessi mál með höndum í ríkisstjórninni og hafði yfirstjórn þessara mála. Þá voru allar vörur háðar verðlagseftirliti. En verðlagseftirlitið var þá bara ekki raunhæft, vegna þess að vörurnar fóru á svarta markaðinn og voru seldar bak við borðið vegna vöruþurrðarinnar á miklu hærra verði. Þessu var ekki hægt að breyta með verðlagsákvæðum, enda sýndi það sig, að verðlagsákvæðin voru oft og tíðum svo bjálfalega ákveðin, að þau buðu svarta markaðnum heim. Ég fullyrði, að í fjöldamörgum greinum hafa neytendur í landinu aldrei þurft að þola eins óhagstæð viðskipti og þá. Slíkt fylgir þeim ráðstöfunum. Svartur markaður fylgir höftum og alls konar ófrelsi. Það er niðurlægjandi ástand, hvenær sem þetta gerir vart við sig. Það er einnig niðurlægjandi ástand, sem hv. frsm. gat líka um, en það er vörusmygl, sem nú á sér stað hér í landi. Það er alveg rétt fram tekið hjá honum, að enginn vafi er á því, að vörusmygl á sér stað í stórum stíl hér. Og það sem verra er, þessar vörur eru seldar í verzlunum um allt land, jafnvel þó að almenningur viti, að um smyglvörur er að ræða, sem hvorki hefur verið greiddur af tollur né bátagjaldeyrir.

Að sjálfsögðu kemur engum til hugar nema hv. frsm., að verðlagseftirlit geti komið í veg fyrir smygl. Ég held, að engin þjóð í heiminum hafi látið sér koma til hugar, að hún gæti hindrað smygl með verðlagseftirliti. Smygl á sér stað víða í heiminum á ýmsum vörutegundum og hefur til þessa verið næsta óþekkt fyrirbrigði hér á landi. En nú síðustu tvö árin a. m. k. hefur borið svo mikið á því, að það hefur verið alveg óverjandi, hversu tollyfirvöldin hafa lokað augunum fyrir þessum ólöglega innflutningi.

Hv. frsm. gat um hækkunina, sem hefur orðið á verðlagi í landinu, og vildi halda því fram, að bæði í iðnaði og verzlun hafi verðhækkunin af völdum verzlunarstéttarinnar og iðnrekenda verið meiri en ástæða var til. Þegar rætt er um þetta mál og þessar stéttir ásakaðar fyrir að notfæra sér óeðlilega kauphækkunina síðustu, þá er venjulega ekki skýrt frá um leið, hver hin raunverulega kauphækkun hafi verið mikil, sem þessar stéttir hafa orðið að þola. Það er verið að tala um 12—13% hækkun, sem síðasta verkfall hafi valdið. En það er alls ekki aðalatriðið, sem hér er um að ræða.

Í iðnaðinum hafa tvær verðhækkanir átt sér stað á skömmum tíma. Það var umsamin verðhækkun á vinnulaunum fyrir áramótin síðustu, í nóvember, sem gekk í gildi 1. desember. Sú verðhækkun var um 10% á allri vinnu í iðnaðinum. Verkfallið í marz og apríl olli síðan vinnulaunahækkun í iðnaðinum, sem nam 10—11%. Á þessum skamma tíma hefur því iðnaðurinn orðið að taka kauphækkun í sínum rekstri.

En það er fróðlegt að athuga um leið, að frá því 1949 og þangað til í nóv. 1954 varð engin grunnkaupshækkun. En það eru ekki einungis kauphækkanirnar í iðnaðinum sjálfum, sem iðnaðurinn þarf að standa undir, hann þarf að standa undir alls konar hækkunum, sem fljóta í kjölfar almennrar kauphækkunar. Það er t. d. flutningur, viðgerðir og viðhald, sölukostnaður, skrifstofukostnaður og margt fleira. Þegar rætt er um, að það sé ekki sanngjarnt að leggja á verðlagið meira en þau 12—13%, sem verkfallið síðasta olli, þá er það algerlega rangt, það er blekking og annað ekki.

Ef við komum svo að verzluninni, þá gat hv. frsm. þess, að verzlunin hefði nú sagt upp því samkomulagi, sem gert var 1952 um álagningu á vissum vörutegundum, m. a. á matvörum, kaffi og nokkrum vefnaðarvörutegundum.

Þetta samkomulag var gert með því fororði, að engar kauphækkanir yrðu á því tímabili, sem álagning gilti, þessi álagning var frá 4 til 6% á matvörur, kaffi og sykur. Ég fullyrði, að hvergi nokkurs staðar í heiminum eru þessar vörur í heildsölu seldar með svo lágri álagningu. Á þær vefnaðarvörutegundir, sem um er að ræða, var álagningin 10%. Nú er spurningin: Hvað hefur kauphækkunin orðið í verzluninni? Síðasta kauphækkun, sem kom eftir verkfallið, er talin vera 10—15%, en sú kauphækkun, sem hefur orðið frá því að áðurnefndur samningur var gerður í verkfallinu 1952, eða frá 1952 til 1955, er talin 30%. Hún er talin 30%, kauphækkunin í verzluninni, svo að það er alls ekki rétt að vera að halda því fram, að verzlunin hafi orðið að þola aðeins 10—15% kauphækkun.

Hv. frsm. sagði, að sér hefði gengið illa að fá upplýsingar um, hver álagningin væri nú á kornvörum og kaffi, sem samningurinn gilti um. Ég held, að þetta sé ekkert leyndarmál. Eftir því sem ég veit bezt, var álagningin áður 4—6% eftir vörutegundum. Nú mun hún vera frá 5 til 7% á matvörunum. Á þeim vörum, sem álagningin var 10%, er hún nú 12—15%. En hvernig sem á þetta er litið, með samanburði á venjulegri álagningu í öðrum löndum, þá telst þetta mjög lág álagning.

Ég vil þá endurtaka það, að ég tel, að það sé enginn grundvöllur eins og sakir standa fyrir því að taka upp verðlagseftirlit, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er sýnilegt, að þeir menn, sem standa að frv., byggja það á röngum forsendum. Ég efast ekki um, að þeir muni gera það óviljandi, en ekki af ráðnum hug. En það sýnir þá líka, að þeir hafa ekki athugað málið niður í kjölinn, því að ef þeir hefðu gert það, þá mundu þeir komast að því, að það er alls ekki rétt, sem hv. frsm. heldur fram, að frjáls verðlagsmyndun geti ekki þrifizt eins og nú er hér á landi.

Grundvöllurinn undir frjálsa verðlagsmyndun er, eins og ég tók fram í byrjun, framboðið á vörum. Hér eru miklar birgðir og mikið framboð á öllum þeim vörum, sem eru á frílista og á bátalista. Og um þær vörur, sem eru bundnar innflutningsleyfum, er það að segja, að mikill hluti þeirra er háður verðlagsákvæðum.

Hv. frsm. gat þess, að þeir, sem verzluðu heiðarlega og settu heilbrigt verð á vörur sínar, þyrftu ekki að óttast það, sem hann kallaði heilbrigt verðlagseftirlit. En mér er þá spurn: Hvað er heilbrigt verðlagseftirlit í augum hv. frsm.? Hann var einn af þeim, sem á stríðsárunum ákváðu álagninguna á vörunum, og þegar hann fór úr verðlagsráðinu, var svo komið, að hvorki kaupfélög né kaupmenn í landinu treystu sér til þess að halda áfram verzluninni á þeim grundvelli, sem þessi hv. þm. hafði þá lagt sem þátttakandi í verðlagsráðinu og hafði mikil áhrif á sem greindur og framgjarn maður. Ef það er svona verðlagseftirlit, sem hann hefur í huga, þá held ég, að margir muni taka undir þá gömlu setningu, að þeir séu hræddir við sporin, sem öll liggja inn á við.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil byrja á því að leiðrétta síðustu ummæli hv. þm. Hann sagði, að þegar ég hafi farið úr verðlagsráði, sem ég átti sæti í 1943—46, hafi verðlagsákvæði verið orðin svo lág, að hvorki kaupmenn né kaupfélög hafi viljað við þau una, og þeim hafi því orðið að breyta, að því er manni skildist á ummælum hans,

tafarlaust eftir að ég fór úr ráðinu, en ég fór úr því um leið og ég tók sæti á Alþingi 1946, um haustið, eða rétt þar á eftir.

Þetta er rangt hjá hv. þm. Ég skal fúslega viðurkenna, að ég átti, að því er ég tel, góðan þátt í því að halda verðlagsákvæðum niðri, beitti mér af alefli í þeim efnum þau ár, sem ég átti sæti í verðlagsráðinu, 1943—46. Hitt er svo aftur á móti misminni hjá hv. þm., að ástæða hafi þótt til þess að breyta öllum verðlagsákvæðum, um leið og ég vék úr ráðinu, því að mér vitanlega stóðu þau ákvæði, sem voru þegar ég fór úr ráðinu, óbreytt í meira en ár, næstum tvö ár eftir að ég fór úr ráðinu, að mjög verulegu leyti. Það var ekki fyrr en næstum tveim árum seinna, sem veruleg breyting var gerð á þeim álagningarstigum, sem komust á á þeim tíma, sem ég átti sæti í verðlagsráðinu.

Þetta vildi ég aðeins leiðrétta, því að ég hygg, að þarna hafi hv. þm. aðeins misminnt. Annars fannst mér vera athyglisverðast af því, sem hv. þm. sagði, það, sem hann sagði um smyglið, hversu hressilega hann staðfesti ummæli mín um það, að í landinu ætti sér stað núna óverjandi smygl. Einhverjir kynnu kannske að leggja litið upp úr því, þótt andstæðingar ríkisstj. hér á Alþingi standi í ræðustól og haldi því fram, að ósvífin lögbrot séu hér framin ár eftir ár, án þess að ríkisvaldið hreyfi hönd eða fót til þess að sporna við þeim. En það er ekki hægt að skella skollaeyrum við því, þegar einn af áhrifamestu stuðningsmönnum ríkisstj., sem einmitt hefur sérstaka þekkingu á því sviði, sem hér er um að ræða, stendur í sama stólnum og tekur undir þessi ummæli, enda eru þau tvímælalaust rétt.

Smyglið er orðið slíkur smánarblettur á íslenzka þjóðfélaginu og íslenzku innflutningsmálunum, að það má ekki lengur við svo búið standa. Það verður að grípa til gagngerðra og róttækra ráðstafana til þess að kveða þennan ósóma niður. Í raun og veru er það almenningur, sem borgar þann gífurlega gróða, sem hlýtur að renna í vasa smyglaranna í þessu landi. Smygl er á kostnað almennings, og þegar ríkisvaldið lætur það eins og vind um eyrun þjóta eða vill engin afskipti af því hafa, engar ráðstafanir gera til þess að kveða það niður, þá er ríkisvaldið í raun og veru að leggja þungbærar byrðar og ósæmilegar byrðar á almenning í landinu. Þessi ummæli hv. 3. þm. Reykv. getur hæstv. ríkisstj. vissulega ekki látið sér eins og vind um eyru þjóta.

Hv. þm. sagði, að frv. okkar Alþýðuflokksmannanna væri að því leyti á röngum forsendum reist, að það væri nóg framboð á öllum vörum nema þeim, sem væru háðar leyfisveitingum, en á þeim væri þegar verðlagseftirlit, eins og raunar ég hafði tekið fram í framsöguræðu minni. En kjarninn í hans röksemdafærslu var þessi: Það er nóg framboð á öllum vörum, sem eru á frílista og á bátalista, og þess vegna er heilbrigð samkeppni í verzluninni með þessar vörur og þess vegna engin ástæða til verðlagseftirlits.

Ég er dálitið hissa á því, að hv. þm., svo gerkunnugur þessu máli sem hann er, skuli beita þessari röksemdafærslu. Ég spyr hann aftur á móti: Er honum ekki kunnugt um biðraðirnar í bönkunum fyrir yfirfærslu ekki aðeins á þeim frjálsu gjaldeyrisvörum, sem flytja á inn frá dollarasvæðinu og EPU-löndunum, heldur einnig frá vöruskiptalöndunum? Það er rétt, að innflutningur er tiltölulega frjálsastur á bátagjaldeyrisvörunum, og það má segja, að það sé ömurlegur dómur um viðskiptastefnu ríkisstj., að einmitt á þeim vöruflokkunum skuli innflutningur vera tiltölulega frjálsastur, sem stjórnin sjálf hefur talið óþarfasta, því að þegar hún setti bátagjaldeyrislistann, þá sagði hún: Við setjum einvörðungu á þennan lista vörur, sem telja má tiltölulega óþarfar og almenningur á að geta neitað sér um. Þess vegna er verjandi að selja þessar vörur með 25—60% álagi innanlands. Svo vill svo til, að þetta eru þær vörurnar, sem innflutningur er tiltölulega frjálsastur á. Hv. þm. hlýtur að vita það, að innflutningur á öðrum vörum er mjög verulega takmarkaður á mörgum sviðum, og þannig stendur á bunkunum, sem menn hafa heyrt um að liggi á borðum millibankanefndarinnar af óafgreiddum yfirfærslubeiðnum. Mér er sagt, að þær komist ekki fyrir á einu borði, varla tveimur, það þurfi mörg borð undir þessar óafgreiddu yfirfærslubeiðnir.

Nefna má eitt dæmi, sem alkunnast er og viðfrægast, þ. e. bílainnflutninginn. Maður á helzt von á því að heyra, að hann sé nú frjáls. Það átti að gera bílainnflutninginn frjálsan á s. l. vori. Það voru ýmsir, sem höfðu trú á því, að það væri hægt af fjárhagsástæðum. Hér voru fluttar till. um það, sem mikið var af gumað, að gera hann frjálsan. Hann var með mjög litlum takmörkunum í nokkra mánuði, en hefur nú verið algerlega bannaður aftur, og þetta er einmitt dæmið um viðskiptastefnu ríkisstj. Þannig er hlaupið úr einu horninu í annað, úr einni vitleysunni í aðra. Nokkra mánuði er innflutningurinn á þýðingarmiklum vörum algerlega frjáls. Hver sem vill kaupir, þótt hann hafi kannske takmarkaða þörf fyrir, en nokkrum mánuðum seinna er innflutningurinn orðinn algerlega bannaður á sömu vörunni. Annað eins og þetta ýtir auðvitað undir óheilbrigða verzlunarhætti og hvers konar brask. Bílarnir eru ekki eina dæmið um þetta, þó að þeir séu gleggsta dæmið.

Hv. þm. sagði enn fremur, að lönd, sem settu á hjá sér verðlagseftirlit á stríðsárunum, hafi nú yfirleitt afnumið þetta verðlagseftirlit og eins hafi Ísland átt að fara að og eigi að halda fast við þá stefnu.

Það er alveg rétt, að í nágrannalöndunum flestum hefur tekizt að draga úr eða jafnvel leggja alveg niður eftirlit með verðlaginu í einstökum atriðum. En á það ber að leggja sérstaka áherzlu, að alls staðar hefur þetta siglt í kjölfar þess, að verzlunin hafi verið gefin raunverulega frjáls. Hér var farið öfugt að 1951. Verðlagseftirlitið var fyrst afnumið, og svo átti að reyna að gefa verzlunina frjálsa. Þannig hefur hvergi, mér vitanlega, verið farið

að. Afnám verðlagseftirlits hefur alls staðar komið alllöngum tíma eftir, að reynslan var búin að sýna, að stefna viðskiptafrelsisins heppnaðist. Hún hefur heppnazt á Norðurlöndum. Hún hefur heppnazt í Bretlandi og Þýzkalandi að mjög verulegu leyti. Hún hefur misheppnazt hér. Það er mergurinn málsins. Það hefur ekki tekizt að gera verzlunina frjálsa hér, eins og hefur tekizt í nágrannalöndunum. Um orsakirnar ræði ég ekki frekar en ég gerði í framsöguræðu minni. Það vita allir, og það hlýtur hv. þm. einnig að játa, það er honum án efa kunnugt, að Ísland er það ríki í Greiðslubandalagi Evrópu, sem í minnstum mæli hefur tekizt að koma á hjá sér frjálsri verzlun, er langneðst á listanum yfir framkvæmd verzlunarfrelsis. Ríkisstj. hefur alltaf haft sínar afsakanir á reiðum höndum, afsakað sig með öllu mögulegu, sumpart með réttu og sumpart með röngu, en staðreyndin er þessi og þetta er viðurkennt í alþjóðlegum skýrslum. Það er þetta, sem er ástæðan til þess, að það liggja rök til þess að hafa verðlagseftirlit hér, þótt þau rök séu ekki fyrir hendi annars staðar, þar sem stefna viðskiptafrelsisins hefur heppnazt. Þetta er auðvitað kjarni málsins, eins og við erum raunar alveg sammála um.

Þá sagði hv. þm., að Alþfl. hefði alltaf viljað hafa verðlagseftirlit og innflutningshöft, það væri, að því er mér skildist, eins konar trúarsetning hjá Alþfl. Þessu hef ég og margir aðrir forsvarsmenn Alþfl. oft andmælt eindregið. Alþfl. telur hvorki höft og jafnvel ekki verðlagseftirlit nokkra nauðsyn í sjálfu sér og undir öllum kringumstæðum. Höftin sérstaklega telur Alþfl. margítrekað í hans almennu stefnuyfirlýsingu vera neyðarúrræði, sem að vísu getur stundum verið óhjákvæmilegt að beita og geti verið skárra að beita en öðrum ráðstöfunum, sem til greina komi. Alþfl. gerði sér ljóst, að það þarf að uppfylla mjög mörg skilyrði til þess, að hægt sé að komast hjá opinberri stjórn á innflutningsmálunum og fjárfestingunni, og þau skilyrði eru sjaldan eða næstum aldrei fyrir hendi. Það var alveg rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði í sinni ræðu áðan, að þau eru einmitt ekki fyrir hendi hjá okkur Íslendingum og öðrum þjóðum, sem svipað stendur á fyrir, þjóðum með mjög mikil og ónotuð framleiðsluskilyrði. Slíkum þjóðum er einmitt sérstök nauðsyn á því að hafa stjórn á sínum framkvæmdum, sinni fjárfestingu og sínum inn- og útflutningi. Það hefur aldrei verið skoðun Alþfl., að höft bæri að hafa haftanna vegna og ekki heldur verðlagseftirlit verðlagseftirlitsins vegna, heldur geta þetta verið nauðsynleg, kannske óhjákvæmileg tæki til þess að ná öðrum markmiðum, sem ekki verður náð með öðrum hætti.

Þá sagði hv. þm., að ástand innflutningsmálanna hefði aldrei verið ömurlegra en þegar Alþfl. hefði farið með þessi mál, hans ráðherra farið með yfirstjórn viðskiptamálanna, eins og hv. þm. orðaði það.

Hér er um að ræða algera missögn, sem varla getur verið óviljandi. Hv. þm. hlýtur að vera kunnugt um það, a. m. k. minnast þess, þegar hann er minntur á það, að yfirstjórn fjárhagsráðs var í höndum allrar ríkisstjórnarinnar, en ekki í höndum viðskmrh., á þeim árum sem Emil Jónsson var viðskmrh., 1947—49. Það var eitt atriði stjórnarsamningsins, að öll mál, sem snertu viðskiptaráð, skyldu afgreidd á ráðherrafundum og af ríkisstj. allri. Það er því algerlega rangt og ómaklegt, þegar gerð er tilraun til þess, eins og raunar oft er gert, að skella allri skuldinni um það ófremdarástand, sem var í viðskiptamálunum á þessum árum, á viðskmrh. Alþýðuflokksins. Hér var um að ræða stefnu, sem öll stjórnin bar ábyrgð á og taldi óhjákvæmilegt að framfylgja til þess að forða öðru verra.

Hv. þm. sagði og, að verðlagsákvæðin, sem í gildi voru 1949—51, hafi stundum verið svo bjálfaleg, að þau hafi í raun og veru kallað á svartamarkaðsverzlun. Í því sambandi vildi ég aðeins minna á, að þetta er mjög harður dómur um þá menn, sem fjölluðu um setningu verðlagsákvæðanna, en þeir voru allan þennan tíma fimm og þar af alltaf tveir sjálfstæðismenn, flokksbræður hv. þm., og tveir framsóknarmenn. Núverandi stjórnarflokkar áttu alltaf fjóra menn af fimm í þeim nefndum eða ráðum, sem settu verðlagsákvæðin. Það er því heldur kuldaleg kveðja, finnst mér, til þeirra, ég held óhætt sé að segja ágætu embættismanna, sem um þessi mál fjölluðu, þegar sagt er, að þeirra ákvarðanir hafi sumpart verið bjálfalegar.

Hv. þm. sagði, að sú kauphækkun, sem kaupmenn og iðnrekendur hefðu orðið að greiða, væri meiri en 10—15%, sú kauphækkun hefði á þá skollið nú snemma á þessu ári eftir lok verkfallsins, sú kauphækkun, sem þeir hafi orðið að bera frá því í árslok 1952, hafi numið allt að 30%.

Ég efast ekki um, að hv. þm. viti, hvað hann er að segja, og hafi gert athuganir á þessum efnum. En gerum ráð fyrir því, að þessu sé nú þannig varið, og auðvitað er eðlilegt, að iðnrekendur og kaupmenn hækki sína álagningu sem svarar hækkun á beinum kostnaði, svo sem kaupgreiðslum. En nú hafa kaupmenn auðvitað margan annan kostnað en kaupgreiðslurnar, og ekki er um það vitað, að á nokkru öðru sviði hafi kostnaður hækkað um jafnháa hlutfallstölu og hér er nefnd, þ. e. um 30%. Fjölmargir kostnaðarliðir hljóta að hafa staðið algerlega óbreyttir á þessum árum, auk þess sem þessi kauphækkunartala hlýtur að vera alveg í hámarki. En það vakti athygli mína, að hv. þm. andmælti ekki þeirri staðhæfingu minni, að heildsalar mundu á s. l. sumri yfirleitt hafa hækkað álagningu sína á hinar þýðingarmestu vörur um a. m. k. 30%, svo að jafnvel þó að tekin sé sú hæsta tala, sem hv. þm. nefnir um kauphækkunina, 30%, er samt sem áður álagningarhækkun kaupmanna meiri en svarar til þessarar kauphækkunar, því að margir kostnaðarliðir hljóta að hafa staðið óbreyttir. Raunar hef ég hugboð um, að í mörgum tilfellum sé álagningarhækkunin meiri en 30%. Ég vildi aðeins vera öruggur um að nefna ekki hærri tölu en þá, sem

nokkurn veginn mætti telja fullvíst, að væri ekki of há. Þær álagningarhækkunartölur, sem hv. þm. sjálfur nefndi, voru raunar allar saman hærri en 30%, og það hygg ég vera rétt. Hann nefndi að vísu ekki hæstu tölurnar, sem eru hækkun úr 9—10% álagningu á ýmsum samningsvörunum í vefnaðarvöruflokknum í 12—15%, sem er 30—50% hækkun. Mörg dæmi munu vera um það, að álagningin hafi hækkað úr 9—10% í 15—20%. Einstök dæmi eru auðvitað um hærri álagningu, sem ekki má þó leggja allt of mikið upp úr.

Ég tel því hv. þm. sjálfan hafa staðfest það, sem ég flutti fram sem eina höfuðröksemd í mínu máli, að það hefur verið tilhneiging til þess af hálfu milliliðanna, sérstaklega heildsalanna, að hækka sína álagningu um talsvert meira en hægt er að rökstyðja með orðinni kauphækkun. Ef þessi tilhneiging er fyrir hendi, ef t. d. óskir verzlunarráðsins núna um hækkaða álagningu á þeim vörum, sem álagningin er takmörkuð á undir ákvæðum, eru um miklu meiri hækkun en svarar til kauphækkunarinnar, á auðvitað að synja því. En jafnframt eru þessi tilmæli vísbending um það, hvað þessar stéttir gera, þar sem þær eru algerlega frjálsar. Þar benda þessar óskir og ummæli hv. þm. óneitanlega til þess, að álagningarhækkunin, sem þegar er orðin eða sumpart er að verða, sé a. m. k. 30%, sem er tvímælalaust meira en kauphækkanirnar gefa tilefni til. Þetta tel ég vera eina af sterkustu röksemdunum fyrir því, að full ástæða sé til þess að koma á verðlagseftirliti til þess að þrýsta álagningunni aftur niður og sporna þannig gegn ónauðsynlegum og óþörfum verðhækkunum.

Einar Olgeirsson: Hv. 3. þm. Reykv. kom fram með þá spurningu, hvar kaupfélögin kæmu inn, þegar verið var að ræða um þá hækkun, sem hefði orðið á verðlagi í sumar.

Ég tók eftir því, að hv. 1. landsk. þm. sagði í sinni skýru framsöguræðu, að kaupfélög og kaupmenn, smásölukaupmenn, hefðu ekki hækkað sína álagningu í sumar, og það mun vera rétt. Hins vegar liggur fyrir, að heildsalar hafa hækkað sína álagningu og það um 30%, eins og rætt hefur verið hérna. Það er gefið, að kaupfélögin geta ekki skapað verðlagið í landinu. Það eru margir aðrir aðilar, sem þar koma inn í. Það er aðeins síðasti þátturinn í verðlagsmynduninni, sem þau geta haft nokkur áhrif á. Þau verða að kaupa sínar vörur af heildsölum eða S. Í. S., þau verða að láta flytja sínar vörur með skipum, sem taka mjög há farmgjöld, þau verða að þola greiðslur, sem bankarnir taka sína háu skatta af, — m. ö. o. er verðmyndunin að miklu leyti orðin áður en kemur til smásöluálagningarinnar.

Ef ætti að fara nánar út í þá hluti, mætti líka kannske fara að athuga, hvernig þeir kaupmenn og heildsalar, sem hafa notið sérréttinda hjá bönkunum á undanförnum árum, fengið milljónir og tugi milljóna að láni frá bönkunum, hafa farið með það fé og varið sínum innkaupum í sambandi við það. A. m. k. ef á að fara að tala um þá, sem fá ekki nein lán hjá bönkunum og enga þá aðstöðu, sem þarf til þess að geta keypt inn beint, mætti máske taka allt það mál fyrir til rækilegrar rannsóknar.

Ég held, af því að hv. 3. þm. Reykv. minntist á, að það væru nógar birgðir af ýmsum vörum hérna fyrirliggjandi í Reykjavík núna, að það væri fyllilega rannsóknaratriði fyrir þjóðfélagið, hvort við Íslendingar höfum efni á því að láta verja fé þjóðarinnar, fé bankanna til þess að kaupa inn á þann hátt, sem að miklu leyti hefur verið gert og kemur fram í þeim birgðum, sem nú liggja fyrir í einstökum vörutegundum, birgðum, sem ég býst við að mundu fylla allmörg hús, ef þær væru komnar saman á einn stað, og eru orðnar meira eða minna óseljanlegar, þannig að jafnvel sterk og rík fyrirtæki, sem talin hafa verið, eiga fullerfitt með að standa undir slíkum birgðum. Sannleikurinn er sá, að það, sem munar máske litlu fyrir mjög ríkt þjóðfélag, stórt milljónaþjóðfélag, að kaupa inn og kaupa inn og kasta þessu á markaðinn seinna meir með útsölum, getur verið óþægilega dýrt fyrir litla þjóð eins og Íslendinga. Við skulum bara taka tízkuvörur eins og t. d. skófatnaðinn eða annað slíkt. Það er þannig í bænum í dag, að það er ómögulegt að fá sumt af nauðsynlegasta skófatnaði, en það eru miklar birgðir til af skófatnaði, sem við skulum segja að a. m. k. kvenfólk yfirleitt lítur ekki við. Það var eitt af því, sem talið var til ágætis þessari frjálsu verðmyndun af hálfu hæstv. viðskmrh. í umræðum um okurstarfsemi og ýmislegt fleira á s. l. vori, að nokkur verzlunarfyrirtæki, sem annars hefðu verið talin allefnileg, væru að fara á hausinn undanfarið. Frá hans sjónarmiði hafði það verið galli á þjóðfélaginu.

Ég held, að okkur sé óhætt að taka þetta allt saman til endurskoðunar og að við mættum fá skýrslu um það, hvað hefur farið í súginn m. a. af fé bankanna í sambandi við allar þessar afskræmdu tilraunir til frjálsrar verðmyndunar, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum.

Svo vildi ég aðeins minna hv. 3. þm. Reykv. á, þar sem hann talaði um svartamarkað og það ófremdarástand, sem hefði verið í sambandi við svartamarkað hér á árunum, að það er varasamt að tala sérstaklega djarft úr hópi stjórnarliðsins um svartan markað. Svartur markaður hefur aldrei verið neitt líkur því á Íslandi og hann er í dag. Hann er bara á öðrum tegundum þjónustu en þeirri, sem hann var á fyrir 6—7 árum. Svartur markaður á peningum í dag er ægilegur og viðurkenndur, og sjálfur hv. 3. þm. Reykv. er að rannsaka það fyrirbrigði. Svartur markaður á húsnæði er himinhrópandi í dag, alveg himinhrópandi. Á brýnustu nauðsyn almennings, húsnæðinu, er slíkur svartur markaður, að hann hefur aldrei þekkzt svipaður, þannig að það reynir enginn opinber aðili að halda lögum á því sviði. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 7. og 8. fundi í Nd., 20. og 21. okt., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., 24. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Olgeirsson [frh.]: Ég var víst að svara hv. 3. þm. Reykv., ef ég man rétt, og hann hafði verið að spyrja meðal annars, hvar kaupfélögin kæmu inn til þess að hafa eftirlit viðvíkjandi verðlaginu, og ég hafði verið að upplýsa hann um það og hafði endurtekið þá yfirlýsingu, sem hv. 1. landsk. gaf hér, að kaupfélögin hér í Reykjavík og smákaupmenn hér hefðu ekki hækkað sína álagningu. Heildsalarnir höfðu hækkað sína álagningu um 30%. Það lá fyrir og var staðfest. En smásalarnir, þ. e. kaupfélagið og smákaupmennirnir, höfðu ekki hækkað sína álagningu.

Ég hafði verið að ræða í þessu sambandi nokkuð við hann um aðstöðu kaupfélaganna, t. d. ekki síst kaupfélagsins hér í Reykjavík, til að heyja baráttu til að stjórna verðmyndun hérna, og ég hef aflað mér ofur lítilla upplýsinga í þeim málum síðan, sem mér þykir fróðlegt að leggja fyrir Alþingi.

Það var upplýst, að það hefði orðið allmikil hækkun hjá heildsölunum á þeirra álagningu, sem sé 30%, og um það var verið að deila, hvernig það væri allt saman til komið og hvort það væri réttlátt. Og ég minntist nokkuð í því, sem ég sagði, á aðstöðumuninn fyrir t. d. kaupfélagið að berjast fyrir því að reyna að halda verðlaginu niðri, samanborið við þá aðstöðu, sem heildsölunum væri gefin.

Ég skal upplýsa það t. d. hvað lánin snertir, að á árinu 1953 aukast útlán bankanna þriggja til verzlunarinnar um 74 millj. kr., á árinu 1954 um 42 millj. kr., og það hefur ekkert af allri þessari lánaaukningu farið til dæmis til kaupfélagsins hér í Reykjavík, en það hefur vafalaust þorrinn af því runnið til heildsalanna. Ég skal ekki segja, hvað smákaupmenn fá mikið lán, ég efast um, að það sé sérstaklega mikið. En það er eflaust, að sömu heildsalarnir sem fá 74 millj. kr. í aukningu á lánum á árinu 1953, eru þeir, sem taka síðan til að hækka álagninguna hjá sér um 30%. En þeim, sem í smáverzluninni eiga að reyna að vinna eitthvað að því að halda niðri verðlaginu eða halda því í skefjum, eru engin lán veitt. Ég ætla, ef hv. heildsalar þessarar deildar ætla að fara að gera þessi mál þannig að sérstaklega miklu umtalsefni, að óska eftir því, að það verði þá farið að rannsaka, hvaða aðilar það eru, sem fá lánin í bönkunum, og það yrði lagt fyrir hér á Alþ., svo að við sjáum það.

Svo talaði hv. 3. þm. Reykv. um, að það væri nú ekki aldeilis svartur markaður í vörunum núna, það væri eitthvað annað. Ég var að því kominn að minna hann á, hvers konar svartur markaður væri kominn í staðinn fyrir svarta markaðinn í vörunum, sem einu sinni hefði verið, að nú væri svartur markaður á peningum, þannig að hann væri sjálfur í sérstakri nefnd til þess að rannsaka, hve víðtækur hann væri, og ég var að minna hann á um leið, hvernig svarti markaðurinn væri í húsnæðinu, þannig að það væru þverbrotin öll þau lagaákvæði, sem nú eru í gildi viðvíkjandi því, hvaða verð eigi að taka fyrir húsnæðið, og yfirvöldin gera enga tilraun til þess að láta lögin vera í gildi viðvíkjandi þessu. Hverjum er þessi svarti markaður að kenna? Hann er þeim að kenna, sem afnámu húsaleigulögin, en bönnuðu samtímis mönnum einu sinni að byggja yfir sig, og síðan hafa verið að gera bæði einstaklingum og heildarsamtökum erfiðara og erfiðara að byggja nauðsynleg íbúðarhús. Hvergi á Norðurlöndum hafa húsaleigulög verið afnumin. Alls staðar hefur þetta verið látið haldast til þess að reyna að halda í hemilinn á verðlaginu og til þess að reyna að hindra, að verðið á útflutningsframleiðslunni þurfi að vera allt of hátt. Það er skiljanlegt, að ef húsaleiga hækkar mjög mikið, þá þýðir það, að verkamenn hljóta að hækka sitt kaup á eftir, og það, að verkamenn síðan hækka sitt kaup, lendir auðvitað á útflutningsframleiðslunni, eins og gefur að skilja, og það er það, sem vissir aðilar, sem koma hér oft, kvarta yfir. Hvað hafa þeir sjálfir svo gert hvað húsnæðismálin snertir í þessum efnum?

Ég hef sýnt fram á það hér og hv. 3. þm. Reykv. hefur ekki reynt að mótmæla því, að fyrir tíu árum var þriggja herbergja íbúð í Reykjavík leigð á 150 kr. Nú í vor kostaði hún 1500 kr. Nú eru jafnvel slíkar íbúðir leigðar á 2000 kr., í gömlum húsum, byggðum fyrir stríð. Það var óhugsandi að gera þetta án þeirra laga, sem Sjálfstfl. og Framsfl. settu hér í gegnum þingið um afnám á húsaleigulögunum. Hvað hefur þetta þýtt? Það hefur þýtt það, að þar sem verkamannakaupið var t. d. 1946, Dagsbrúnarmannskaupið hér í Reykjavík, kr. 8.03 á tímann, þá er það núna 16 kr. rúmar. Sem sé: húsaleigan hefur tífaldazt fyrir tilstilli stjórnarflokkanna. Kaup verkamannsins hefur tvöfaldazt. Svo eru til í þessu þjóðfélagi og það í stjórnarstólunum menn, sem leyfa sér að halda því fram, að það sé kauphækkun verkamanna, sem veldur dýrtíðinni. Sömu mennirnir sem skipuleggja dýrtíðina, sömu mennirnir sem kipptu burt öllum hömlum á dýrtíðinni og virðast síðan æsa braskarana í þjóðfélaginu út í það að auka dýrtíðina sem mest og lána þeim peninga þjóðarinnar, til þess að þeir geti unnið að því að auka dýrtíðina sem mest, koma og leyfa sér svo að halda því fram, að það sé kauphækkun verkamanna, sem valdi dýrtíðinni, þegar húsaleigan er tífölduð, á sama tíma sem kaup verkamanna er tvöfaldað. Það er skiljanlegt, að það fari að verða hálferfitt fyrir slíka menn að standa fyrir sínu máli hér á Alþingi.

Ég held yfirleitt, fyrst það er farið að ræða svona mikið verðmyndunina í sambandi við þessi mál, að það væri nauðsynlegt, að við gerðum ráðstafanir til þess að rannsaka, hve

mikið það er, sem milliliðirnir taka í sinn hluta af þeim þjóðartekjum, sem myndaðar eru á Íslandi, hve mikið það er, þegar verðmyndun er að eiga sér stað hér, sem rennur til í fyrsta lagi skipafélaganna. Við höfum tekið eftir því, að það hefur ekki verið nokkur skapaður hlutur, sem hefur verið eins arðbær á undanförnum árum og að eiga skipafélög og eiga flutningaskip, — ég tek fram, að það eru flutningaskipafélög, — enda er það svo, að flutningaskipunum hefur fjölgað á undanförnum árum, og er það út af fyrir sig gott, á sama tíma sem togurunum hefur fækkað. Ég held það mætti nú rannsaka það, hvernig stendur á því, að fjármagnið skuli streyma svona ört í flutningaskipin og þau félög, sem hafa með þau að gera. Það mundi þá ef til vill koma í ljós, að það væri nokkuð mikil gróðamyndun þar, og þeir, sem eru að reyna að kenna verkamönnum um vöxt dýrtíðarinnar, ættu að taka fyrir rannsóknirnar á því atriði.

Við skulum þá í öðru lagi athuga, hve mikið það er, sem fer til bankanna. Við vitum, að gróði bankanna á ári er ekki minni en milli 40 og 50 millj. kr., sem sé margfaldur við það, sem allt tapið er á togurunum, sem mest er talað um. Og við skulum alveg gera okkur ljóst, að þetta er eitt af því, sem ræður verðmynduninni í þjóðfélaginu, og eitt af því, sem ræður því, hvernig auðurinn skiptist.

Sama máli gegnir viðvíkjandi olíufélögunum, viðvíkjandi vátryggingarfélögunum, viðvíkjandi heildsölunum, eða — svo að við tökum aðra hluti — húsbyggingarfélögunum og þeim aðilum, sem gera að gróðavegi að byggja íbúðarhús og selja þau alldýrt eða að leigja þau út. Það væri líka gott í þessu sambandi að framkvæma rannsókn á verðmynduninni á lóðunum t. d. hér í Reykjavík og hve mikið fé það er, sem runnið hefur í hrein braskverðmæti í sambandi við lóðirnar.

Ég held, að þegar menn eru að tala svona mikið um þessi mál og hlut verkamanna í því að auka dýrtíðina, veitti ekki af, að það væri rannsakað og það alveg ofan í kjölinn, hvernig er um alla þessa milliliði og hvað mikið af því þjóðarverðmæti, sem skapað er með vinnu verkalýðs á hverju ári, rennur til þeirra.

Nú vil ég taka eitt fram í þessu sambandi, og það er, að hæstv. ríkisstj. hefur sjálf með sinni pólitík, ekki sízt í húsnæðismálunum, mjög mikil áhrif um það, hvaða kröfur verkamenn verða að gera til kaups. Eitt af því, sem alveg sérstaklega veldur því, að verkamenn hafa á undanförnum árum orðið að gera kröfur í þessum efnum, er hækkunin á húsnæðinu, ekki aðeins vegna þess, að menn verði að leigja svo miklu dýrara en fyrr, eins og ég gat um áðan, heldur líka vegna annars. Verkamannastéttin gerir í vaxandi mæli kröfur til þess að eignast sínar íbúðir, og það hefur sýnt sig, að það er erfiðara og erfiðara fyrir menn að fá þak yfir höfuðið öðruvísi en að eignast íbúðirnar sjálfir, koma sér upp þaki sjálfir. Á sínum tíma var reynt að vinna að þessu með lögunum um verkamannabústaðina. Löggjöfin upp á síðkastið hefur ekki verið þeim sérstaklega hliðholl. Verkamenn hafa farið inn á aðrar leiðir til að reyna að bæta þarna úr sínum brýnustu nauðþurftum, en þetta hefur verið gert þeim erfiðara og erfiðara. Baráttan hjá verkamönnum fyrir því að fá að eignast íbúð og þá um leið að borga þá íbúð hefur af hálfu stjórnarvaldanna verið gerð þeim æ erfiðari. Hún hefur verið gerð þeim erfiðari á tvennan hátt. Hún hefur annars vegar verið gerð þeim erfiðari með því, að þeim hefur verið neitað um lán til þess að byggja, og í öðru lagi hafa peningarnir verið gerðir miklu dýrari, vextirnir hafa verið hækkaðir. Hafi þeir hins vegar fengið lán, þá er það venjulega til svo skamms tíma, að þeir verða að borga þessar íbúðir upp á tiltölulega skömmum tíma. Þetta þýðir hins vegar allt saman, að verkamaðurinn, sem verður að borga sína íbúð niður kannske á 10—20 árum, verður eðlilega að gera meiri kröfur viðvíkjandi kaupgjaldi en svo framarlega sem hann gæti alltaf fengið sér tryggðar íbúðir, þannig að hann þyrfti ekki að borga fyrir þær nema það sem samsvaraði 10% af sínu kaupi. Nú er það svo, að hjá fjöldanum af verkamönnum fer helmingurinn af kaupi Dagsbrúnarmanns, sem vinnur átta tíma á dag, í að borga húsnæði. En hver hefur nú verið afstaða hv. 3. þm. Reykv., sem hér var að tala til okkar í þessu máli, áður fyrr og það meðan hann var ráðherra? Meðan hann var ráðherra, lagði hann einmitt fyrir hönd Sjálfstfl. það sérstaklega fyrir bankana að lána ekki til íbúðarhúsabygginga, sem sé að reyna að koma í veg fyrir það, að verkamenn gætu fengið lán til íbúðarhúsabygginga. Það er glöggt, hvernig núverandi stjórnarflokkar einmitt hvað lánin snertir hafa hagað sér í þessum málum.

Ég hef hér fyrir mér og það frá ekki lélegri heimild frá sjónarmiði stjórnarflokkanna en Framkvæmdabanka Íslands, í riti hans Úr þjóðarbúskapnum, samanburð á því, hvernig ríkisstj. með sinni stjórn á bankapólitíkinni hefur farið að annars vegar gagnvart heildsölunum með að veita þeim lán og hins vegar gagnvart þeim, sem eru að byggja íbúðarhús, með að veita þeim lán. Það stendur í þessari skýrslu Framkvæmdabankans, að á árinu 1953, svo að ég taki það ár eitt, sé aukningin á útlánum Landsbankans, Útvegsbankans og Búnaðarbankans til verzlunarinnar 74.6 millj. kr. Á sama tíma, á árinu 1953, er aukning á lánum til íbúðarhúsabygginga 3.4 millj. kr. Það er það, sem lánin til íbúðarhúsabygginganna jukust, á sama tíma sem verzlunin fékk 74.6 millj. kr. Á árinu 1953 var hins vegar það, sem Framkvæmdabankinn hér kallar fjármögnun, þ. e. framlag einstaklinganna og heildanna til íbúðarhúsabygginga í sveitum og bæjum, alls 129 millj. kr., viðhaldið á því 26 millj. kr., kostnaðurinn 155 millj. kr., á þessu sama ári sem þeir fá frá þessum bönkum 3.4 millj. kr. til þessa. M. ö. o.: Mönnunum, sem eru að reyna að byggja yfir höfuðið á sér, er svo að segja neitað um lán af þessum bönkum. Þó að þeir

byggi fyrir 155 millj. kr. eða haldi við sínum húsum, þá eru lánin aðeins aukin um 3.4 millj. kr. En verzlunin fær 74 millj. kr. til viðbótar fyrri lánum á sama ári. Þannig er fjármagnið veitt út úr bönkunum til heildsalanna, á sama tíma sem einn aðalheildsalinn og Sjálfstæðisflokkurinn bannar að lána til íbúðarhúsabygginga. Svo er komið hér ár eftir ár og sagt við menn, að þessir flokkar hafi alveg sérstaka umhyggju fyrir því að gera mönnum kleift að eignast sjálfir íbúð. Sjálfstfl. meira að segja segir: Hver einasti maður á að eiga sína eigin íbúð. — En þetta er framkvæmdin á hlutunum.

Ég þarf ekki að minna á í þessu sambandi, hvernig farið hefur verið að á öðrum sviðum, hvernig bæjunum hefur verið gert ómögulegt á sama tíma að byggja í staðinn fyrir þær heilsuspillandi íbúðir, sem versna ár frá ári, og hvernig haldið er í við byggingu verkamannabústaðanna og hvernig svo núna seinast í sumar voru smáíbúðalánin afnumin, án þess raunverulega að nokkuð kæmi í staðinn.

Ég held þess vegna, að í þeim umræðum, sem hér hafa orðið í sambandi við þetta mál um verðmyndunina, orsakirnar til hennar og annað slíkt, sé ástæða til þess að rannsaka allmiklu betur en gert hefur verið einmitt þann gífurlega þátt, sem hinir svokölluðu milliliðir og þá fyrst og fremst stórlaxarnir hér í Reykjavík og þær stofnanir, sem ríkisstj. sjálf getur raunverulega stjórnað, hafa átt í því að auka dýrtíðina og hrifsa til sín í vaxandi mæli ávöxtinn af þeirri vinnu, sem verkalýðurinn skapar.

En svo að síðustu út af þeim ummælum, sem hvað eftir annað hafa fallið í þessum málum um, að verkamennirnir megi ekki hækka sitt kaup, vil ég leyfa mér að spyrja þessa menn, sem alltaf eru að tala um, að þeir, sem geti ráðið því, hvernig verkfallsvopninu sé beitt, ættu ekki að beita því til kauphækkunar, hvernig þeir ætlist til, að við beitum því. Í vinnulöggjöfinni er alveg skýrt fyrir mælt, að það sé til kauphækkana og annarra slíkra kjarabóta, sem verkamenn hafa rétt til að beita því. Þar segir í 17. gr., 2. tölulið, með leyfi hæstv. forseta:

„Óheimilt er að hefja vinnustöðvun, ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir, þar sem stjórnarvöldin eru aðili sem atvinnurekandi. Gildandi lög um opinbera starfsmenn haldast óbreytt þrátt fyrir þetta ákvæði."

Því er hvað eftir annað haldið fram, að verkamenn ættu að beita sínum samtökum til þess að knýja fram, að ákveðið verð sé lækkað á ákveðnum hlutum eða breytt sé um viðvíkjandi stjórnarstefnu jafnvel í vissum greinum, og þetta sé það, sem fyrst og fremst ætti að nota verkfallsréttinn til. Þetta ætti m. ö. o. að þýða það í fyrsta lagi, að verkamenn ættu með verkfallsvopninu að ákveða t. d. farmgjöld skipanna á ákveðnum vörutegundum, að þeir ættu að ákveða vaxtafót bankanna á ákveðnum lánum, að þeir ættu að ákveða, hve mikið bankarnir gera að því að lána út til t. d. íbúðarhúsabygginga verkamanna og til hvað langs tíma, að það séu gerð verkföll til þess að ákveða, að nú skuli lánaðar út svona og svona stórar fúlgur, og það sé ekki látin nein vinna fara fram hér í þjóðfélaginu, fyrr en bankarnir séu búnir að fallast á það, að svona mikið skuli nú lána og gegn svona vöxtum, að verkamennirnir geri verkföll til þess að ákveða, hvort heildsalarnir skuli t. d. fá að leggja á vöruna eða t. d. hvort öll verzlunin skuli aðeins fara fram í gegnum ríkið eða í gegnum Samband íslenzkra samvinnufélaga, sem væri kannske ódýrara, vegna þess að það sé ætlazt til, að verkamennirnir ákveði, hvernig verðið skuli myndast, og að verkamenn eigi þá að gera verkfall til þess að ákveða, hver skuli vera húsaleigan, og þá væntanlega líka, að verkfallsnefndirnar, jafnvel verkfallsverðirnir, eigi kannske að taka að sér að sjá um framkvæmdir á þeim ákvörðunum, sem settar væru samkv. slíku um, hver húsaleigan skyldi vera. M. ö. o.: Allt, sem stjórnarvöldin vanrækja að gera, eiga verkamenn að sjá um að gera með verkföllum. Það virðist vera kenning þessara manna, sem prédika, að verkamennirnir eigi að stjórna verðmynduninni í þjóðfélaginu, en þeir megi bara ekki gera það eina, sem lögin heimila þeim, að hækka sitt kaup.

Ég vil gjarnan fá umræður um svona mál á grundvelli, þar sem hægt er að ræða við menn af viti. Meina menn þetta? Meina menn þá ef til vill, að verkamenn eigi t. d. að gera verkfall til þess að setja núverandi ríkisstjórn af og koma á ríkisstj., þar sem hugsað sé almennilega um hag almennings í sambandi við allar verðlagsmyndanir í þjóðfélaginu? Á verkamannastéttin að fara að taka það að sér með verkföllum að stjórna verðlagsmynduninni í þjóðfélaginu? Það sjá allir menn, sem hugsa um þetta, að það er eins og hver önnur vitleysa að halda þessu fram, nema það sé ætlazt til þess, að við, sem gætum kannske haft áhrif þarna á, færum að beita verkfallsvopninu sem beinu hápólitísku vopni til þess að steypa ríkisstjórn og setja aðra, því að öðruvísi væri ómögulegt að hafa áhrif á þessar verðlagsmyndanir. Í þjóðfélagi, þar sem ríkið sjálft er farið að vera raunverulega aðalaðilinn í öllum verðmyndunum í þjóðfélaginu og sá, sem hefur mest áhrif á um það, yrði það að vera þannig. Þess vegna er þetta eins og hver önnur bábilja, og það er sérstaklega bábilja af þeim sömu mönnum sem sjálfir hafa með afskiptum ríkisins, eins og þegar þeir afnema húsaleigulögin, orðið til þess að skapa alveg gífurlega dýrtíð á hinum ýmsu sviðum. Ef við ætlum að fara að ræða þessi mál, þá skulum við sem sé ræða þessi mál í fullri alvöru og ekki bara eins og reynt er í vissum blöðum að þyrla upp ryki og blekkja almenning með áróðri á

móti þeim aðferðum verkamanna, sem þeim eru einum svo að segja heimilaðar með vinnulöggjöfinni, að hækka sitt kaup.

Ég vildi svo að síðustu viðvíkjandi þessu frv. benda á, að það væri máske rétt fyrir n., sem það fer til, að athuga nokkuð um skipun nefndarinnar sjálfrar. Að ólöstuðum öllum þeim mönnum, sem lagt er til að þarna séu í, vil ég aðeins minna á það, að t. d. í frv. því, sem form. Framsfl. flutti 1948—49, voru þeir aðilar, sem skipuðu þá n., sem bæði réð verðlagsstjóra og átti að hafa mikil völd í verðlagsmálum, Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Kvenfélagasamband Íslands og stjórn Stéttarsambands bænda. Og ég tek eftir, að t. d. í tillögum, sem þm. Þjóðvfl. hafa flutt hér, leggja þeir til, að jafnvel alþýðusamtökin sjálf útnefndu alveg mennina í þetta. Ég gæti trúað a. m. k., að ef ætti að setja það meira yfir á ábyrgð almennings í landinu að hafa eftirlit með verðlaginu, af því að ríkisstj. gefist upp á að gera slíkt, þá mætti það gjarnan endurskoðast, hvort ekki væri rétt, að samtökin hefðu þar heldur meiri áhrif en gert er ráð fyrir í þessari 1. gr.

Ég vil svo, eins og ég hef áður tekið fram, mæla með þessu frv. og vonast til þess í sambandi við umræðurnar um það, að hægt verði almennt að ræða nokkru meira verðlagsmálin og gera upp sakirnar í þeim efnum.

Lúðvík Jósefsson: Hér hafa nú farið fram allmiklar umræður um þetta frv. og um verðlagsmálin nokkuð almennt. Það hefur sérstaklega vakið athygli mína, að hæstv. ríkisstj. leiðir þessar umræður um verðlagsmálin algerlega hjá sér. Við þessar umræður hefur ekki verið viðskmrh., ekki fjmrh., sem þó allajafna talar býsna mikið um verðlagsmálin í landinu, og ekki dómsmrh., sem nýlega hefur verið að halda fyrirlestur í einu fjölmennu félagi hér í bænum um áhrif milliliðanna í dýrtíðarmálunum. Það er ómögulegt annað en að vekja athygli á því, að þegar verðlagsmálin eru rædd hér á Alþingi og ráðstafanir í þá átt, hvernig megi koma í veg fyrir hækkandi verðlag, aukna dýrtíð, skuli ríkisstj. haga sér þannig, að hún vill ekki vera viðstödd slíkar umræður á Alþingi. En það er þetta, sem liggur nú fyrir sem staðreynd í sambandi við þetta mál.

Hins er svo að minnast, að í sífellu talar hæstv. ríkisstj. um verðlagsmálin, um dýrtíðarmálin sem aðalvandamálin, sem hún eigi við að stríða í þjóðfélaginu. En það hefur líka komið í ljós, að þegar ríkisstj. talar um dýrtíðarmál, um verðlagsmál, virðist hún einvörðungu eiga við kaupgjald vinnandi fólks. Öll hæstv. ríkisstj. tekur eftir því, að þegar verkafólk hækkar kaup sitt að nokkru, muni það vera stórhættulegt fyrir verðlagsmálin í landinu, fyrir afkomu atvinnuveganna og fyrir afkomu þjóðarbúsins. Og hún tekur þá greinilega þátt í deilum á milli verkamanna og atvinnurekenda í sambandi við breytingu á launakjörum. En hinn þátturinn, sem er orsökin að því, að verkamenn krefjast launabreytinga, hækkandi verðlag á lífsnauðsynjum og þjónustu í landinu, það er mál, sem ríkisstj. virðist ekki telja sér koma við og hún vill leiða hjá sér í lengstu lög.

Þær staðreyndir, að síðan síðasta verkfall gekk yfir, hafa stórfelldar verðlagsbreytingar verið ákveðnar í landinu, stórfelldar verðhækkanir tilkynntar af ýmsum aðilum, sem ráða miklu um verðlagsmálin, hefur ríkisstj. látið eins og vind um eyrun þjóta, þetta væri henni óviðkomandi mál. Hún hefur ekki, svo að vitað sé, á neinn hátt reynt að reisa rönd við því, að þessar verðhækkanir næðu fram að ganga. Og þegar frv. kemur nú hér fram á Alþ. um að taka þó upp það skipulag, sem hér var í gildi á tímabili um verðlageftirlit og verðlagsdóm, þá sinnir hún ekki slíkum málum, — þetta er henni með öllu óviðkomandi.

Það er ómögulegt annað en að hv. alþm. veiti þessu athygli, og það getur ekki heldur farið fram hjá vinnandi fólki í landinu, hver er tilgangurinn í raun og veru hjá þeim, sem þannig vilja fara með ákvörðun verðlagsmála, að láta verðlagningu millilíða og annarra slíkra aðila alveg eftirlitslausa, en hins vegar standa í sífelldu stríði við vinnandi fólk um kaupgjald þess.

Í þessum umræðum hefur nokkuð verið minnzt á það, og þá einkum af hv. 3. þm. Reykv., sem hér hefur helzt haldið uppi umræðum frá hálfu ríkisstjórnarinnar, að ekki væri þörf á því að hafa sérstakt verðlagseftirlit vegna þess, að nægilegt vöruframboð ætti að tryggja sanngjarnt verðlag á hverjum tíma, eða sem sagt að hin frjálsa verðmyndun ætti að sjá fyrir þessu.

Þessi mál hafa nú verið rædd hér nokkuð, og mér þykir alveg einsýnt, að niðurstaða af þeim umræðum hefur glögglega leitt í ljós, að hér á landi eru nú ekki kringumstæður til þess að leyfa frjálsa verðmyndun, enda er það líka ljóst, að séraðstæður hér á Íslandi eru þess eðlis, að í mjög mörgum tilfellum verður mjög erfitt, að frjáls verðmyndun geti yfirleitt nokkurn tíma átt sér stað hér, og er þar fyrst og fremst um að ræða fámenni þjóðarinnar. Einstök dæmi mætti nefna um þetta, sem sanna miklu meira en viðkomandi dæmi sjálft táknar.

Jafnvel þó að innflutningur á sumum vörutegundum sé næsta frjáls, þá er það svo, að verzlunarmálunum er þannig háttað hér, að eitt fyrirtæki eða tvö hafa nær alla sölu á viðkomandi vöruflokki, og þetta á sér eðlilega stað vegna fámennisins, sem hér er um að ræða. En þegar aðeins einn aðili eða tveir ráða yfir öllum innflutningi og hafa einir með alla sölu á viðkomandi vörutegund að gera, þá er líka alveg augljóst mál, að ekki getur verið um neina frjálsa verðmyndun að ræða. Þessi eini aðili ræður einn verðlaginu, eða þá, ef um tvo aðila er að ræða, eins og í ýmsum tilfellum er, þá koma þeir sér hreinlega saman um þann ágóða, sem þeir eiga að skammta sér.

Umr. frestað.

Á 10., 11., 12. og 24. fundi í Nd., 25., 27. og 28. okt., 25. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 28. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Landkynning og ferðamál.

Á 2. fundi í Nd., 11. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um landkynningu og ferðamál [22. mál] (þmfrv., A. 22).

Á 6. og 7. fundi í Nd., 18. og 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., 21. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. er um landkynningu og ferðamál og var lagt fyrir síðasta Alþ. Því var þá vísað til samgmn., og skilaði hún áliti í tvennu lagi, þannig að meiri hl. lagði til, að málinu yrði vísað til stjórnarinnar, en minni hl. mælti með samþykkt frv. — Það er rétt að rifja hér upp í stórum dráttum, hvert er efni þessa máls og tilgangurinn með flutningi þess.

Meginefni frv. er að koma nýrri skipun á þessi þýðingarmiklu mál, landkynningu og ferðamál. Fyrir nokkrum árum eða áratugum voru miklar deilur um það bæði hér á landi og eins annars staðar í nágrannalöndum, hvort það væri rétt að gera landið eða löndin að ferðamannalöndum og reyna að auka ferðamannastraum. Hér á landi voru sumir þeirrar skoðunar, að þetta mundi leiða til aukinna erlendra áhrifa og gæti stefnt í háska þjóðerni okkar og jafnvel sjálfstæði, það væri lítt samboðið Íslendingseðlinu að eiga að þjóna útlendum ferðamönnum í stórum stíl, þeim sem hingað kynnu að koma sér til skemmtunar og upplyftingar.

Ég las nýlega grg. um þróun þessara mála í Noregi, þar sem teknar voru til meðferðar þessar sömu mótbárur, sem þar voru uppi fyrir 50 árum gegn því að gera Noreg að ferðamannalandi. Og í þessari grg. er skýrt frá því, að þessar gömlu mótbárur séu nú með öllu niður kveðnar, og ég ætla, að svo muni einnig reyndin vera orðin eða verða á næstunni hér. Það er sú gerbreyting orðin á nú á síðustu áratugum í þessu nágrannalandi okkar, að ferðamannastraumur þangað hefur stóraukizt og fyrirgreiðsla og móttaka erlendra ferðamanna er orðin þýðingarmikill atvinnuvegur og liður í þjóðarbúskap Norðmanna. Ég býst við, að það fari eins og hér og að menn komist að niðurstöðu um, að það sé ekki aðeins skaðlaust fyrir Ísland að kynna það og auka hingað straum erlendra ferðamanna, heldur sé það stórfellt og þýðingarmikið mál bæði menningarlega og viðskiptalega, og það sé gersamlega ástæðulaust að óttast um menningu okkar, tungu og þjóðerni, þótt við förum að eins og margar aðrar þjóðir og reynum að kynna landið og greiða fyrir ferðamönnum, sem hingað vilja koma.

Það, sem hér veldur mestu um, hversu tiltölulega lítið er um komu erlendra ferðamanna hingað, er auðvitað gistihúsaskorturinn. Og vissulega er það varhugavert að örva menn mjög til ferðalaga hingað, meðan Íslendingar geta ekki tekið á móti gestum sómasamlega. Þetta þarf að haldast í hendur, annars vegar umbætur hér innanlands, fyrst og fremst í gistihúsamálunum, og hins vegar landkynningin út á við. Nú er það megintilgangurinn með þessu frv. að reyna að koma nýrri skipun á þessi mál og nýrri hreyfingu, þannig að verulegar umbætur fáist bæði inn á við og út á við.

Með þessu frv. er svo ákveðið í 1. gr., að stofna skuli ferðamannaráð Íslands. Það á að vera skipað sjö mönnum, tveir þeirra kosnir af Alþ., en fimm þeirra tilnefndir af sérstökum fyrirtækjum og félögum, sem ætla má að hafi einna mestan áhuga og jafnvel beinna hagsmuna að gæta í auknum ferðamannastraumi. Að sjálfsögðu er ætlazt til þess og beint ákveðið í 8. gr. frv., að ríkisstj. hafi yfirstjórn ferðamálaráðs, yfirstjórn landkynningar og ferðamála yfirleitt.

Margar þjóðir hafa glímt við það, hvernig eigi að hafa skipan þessara mála, svo að sem beztur árangur náist. Ég ætla, að í meginatriðum sé þetta með tvennum hætti. Í sumum löndum, t. d. Ítalíu, Spáni og nokkrum öðrum, er sú skipan höfð, að sérstakt ráðuneyti hefur verið stofnað til að hafa yfirstjórn þessara mála. Í öðrum löndum Evrópu, og þau eru miklu fleiri, er skipunin hins vegar sú, að ráð eða stofnun, hálfopinber og í sambandi við aðila, sem hafa mestan áhuga og hagsmuni í þessum málum, hafi yfirstjórn þessara mála.

Að athuguðu máli töldum við flm. þessa frv. réttara að fara síðar nefndu leiðina, ekki að stofna a. m. k. að svo stöddu sérstakt ráðuneyti í þessu skyni, heldur að stofna þetta ferðamálaráð, þar sem fyrst og fremst tilnefna fulltrúa þeir aðilar, sem áhuga og hagsmuna hafa að gæta, en Alþ. og ríkisstj. hafi þar verulega afskipti af, og æðsta ráð í málunum séu að sjálfsögðu í höndum ríkisvaldsins.

Þessir aðilar, sem hér er gert ráð fyrir að tilnefni í ráðið, eru Eimskipafélag Íslands, og er það vegna þess, að Eimskipafélagið hefur með höndum að langsamlega mestu leyti flutning farþega og ferðamanna að landinu og frá sjóleiðis. Að vísu eru fleiri aðilar, sem stunda siglingar, en farþegaflutningurinn er að langsamlega mestu leyti í höndum þessa félags, og af þeirri ástæðu leggjum við til, að Eimskipafélag Íslands tilnefni einn mann. Annar aðili

er félag sérleyfishafa, þ. e. þeirra, sem annast rekstur langferðabíla á innanlandsleiðum, og vegna þess, hve þeir eru hér stór aðili, þótti rétt að gefa þeim samtökum kost á að tilnefna mann. Þriðji aðilinn er svo Ferðafélag Íslands og Ferðamálafélag Reykjavíkur. Ferðafélag Íslands hefur starfað hér í rúman aldarfjórðung. Það hefur að vísu ekki þann tilgang að örva erlenda ferðamenn til að koma til landsins, heldur fyrst og fremst að greiða fyrir ferðum íslenzkra manna um landið, að kynna íslenzku þjóðinni sjálfri fegurð landsins og náttúru þess. Á þessu sviði hefur Ferðafélag Íslands unnið stórmerkilegt starf. Hér er hins vegar nýstofnað ferðamálafélag í Reykjavík, sem hefur það hlutverk að bæta aðstöðu til móttöku erlendra ferðamanna og greiða fyrir þeim málum í hvívetna. Þetta er félag áhugamanna, hliðstætt þeim, sem eru starfandi í öllum okkar nágrannalöndum. Hér er gert ráð fyrir, að þessi tvö félög komi sér saman um tilnefningu eins manns. Fjórði aðilinn er svo samband veitinga- og gistihúsaeigenda, en í þeim efnum þarf, eins og ég gat um, ef til vill stærsta átakið á næstu árum og áratugum, þ. e. a. s. að bæta úr gistihúsaskortinum. Í fimmta lagi eru svo flugfélögin tvö, Flugfélag Íslands og Loftleiðir, en þessi íslenzku flugfélög annast að langsamlega mestu leyti flutning farþega loftleiðis til landsins og frá því, og er því ætlazt til, að þau sameiginlega tilnefni einn mann í ráðið.

Meginhugsunin með skipun þessa sjö manna ferðamálaráðs er sem sagt þessi: Um leið og Alþ. tilnefnir tvo menn, séu þessir aðilar, sem mest fjalla um málin og mestra hagsmuna hafa þar að gæta, fengnir til að leggja til menn í ráðið, og er þá þess að vænta, að þar verði lifandi og vakandi áhugi fyrir starfinu.

Í 3. gr. frv. segir um hlutverk ferðamálaráðs, og skal ég aðeins rekja það hér í stórum dráttum. Það er fyrst gert ráð fyrir, að ráðið hafi umsjón og eftirlit með öllu, sem lýtur að ferðamálum. Það er skylda þess að bæta ástand þessara mála í hvívetna. Það á að annast kynningu lands og þjóðar á erlendum vettvangi, að sjálfsögðu í samráði við þau rn., sem hér koma helzt til greina, en það er fyrst og fremst utanrrn., sem um leið hefur yfirstjórn allra sendiráðanna, í öðru lagi viðskmrn. og í þriðja lagi samgmrn. Í 3. tölul. þessarar greinar segir, að ráðið skuli gera áætlanir og tillögur um skipan gistihúsamála í landinu. Það er einkum um það, hvar sé mest nauðsyn á nýjum gistihúsum og með hverjum hætti þeim verði komið upp. Í 4. tölul. þessarar sömu greinar, 3. gr., er gert ráð fyrir, að ráðið hafi eftirlit með hvers konar starfsemi varðandi þjónustu og fyrirgreiðslu ferðamanna, eftirlit með aðbúð og umgengni á gisti- og veitingastöðum o. s. frv. Í 5. tölul. segir, að ráðið hafi eftirlit með bifreiðaakstri og bifreiðakosti, sem ætlaður er til aksturs erlendra ferðamanna; í 6. lið, að ferðamálaráðið skuli efna til námskeiða fyrir túlka og veita þeim starfsréttindi að loknu tilskildu prófi; í sjöunda lið, að ráðið taki við stjórn og rekstri ferðaskrifstofu ríkisins. Í áttunda tölulið er svo almennt ákvæði um, að ferðamálaráðið skuli vera til ráðuneytis Alþingi og ríkisstj. um öll þau mál, sem að framan greinir, og bera fram tillögur um þær framkvæmdir og umbætur, sem ráðið telur nauðsynlegar á hverjum tíma.

Nú vil ég taka fram, að ef við ætlum að skipa þessum málum í samræmi við það, sem tíðkast í flestum löndum Evrópu, ætti ríkið ekki að reka sjálft ferðaskrifstofu með svipuðum hætti og verið hefur. Í flestum Evrópulöndum er skipunin sú, að ferðaskrifstofur eru reknar af einstaklingum eða einkafyrirtækjum, en ekki af opinberum aðila. Hins vegar, eins og ég gat um áðan, er það ríkisvaldið, annaðhvort með sérstöku ráðuneyti eða sérstakri stofnun, sem hefur eftirlit með þessum málum almennt. Hér hefur hins vegar verið sá háttur á hafður, að ferðaskrifstofa ríkisins hefur starfað sem opinbert fyrirtæki, sem ríkisfyrirtæki í nærri tvo áratugi. Hún var stofnuð með lögum frá 1936. Ég skal ekki gera starfsemi hennar að umtalsefni hér. Að ýmsu leyti má vafalaust segja, að hún hafi starfað vel og sýnt áhuga í starfi sínu, en þó brestur mjög á, að hún hafi gegnt því hlutverki, sem hún hefði þurft að gegna í þessum efnum. En að vissu leyti stafar það af því skipulagi, sem hér hefur ríkt í þessum málum. Ferðaskrifstofa ríkisins hefur, auk þess að eiga að hafa forgöngu og fyrirgreiðslu í þessum málum almennt, um leið verið einokunarstofnun, þannig að hún hefur haft einkarétt samkvæmt lögum til móttöku erlendra ferðamanna. Slík skipun, eins og ég gat um, tíðkast hvergi í okkar nágrannalöndum, hvorki á Norðurlöndum né í Vestur-Evrópu.

Með þessu frv. er hins vegar gengið það til samkomulags við þá aðila, sem leggja áherzlu á að halda ferðaskrifstofu ríkisins við, að hún skuli starfa áfram og gegna ýmsum verkefnum, sem þarna eru upp talin í sjöunda tölulið 3. gr., m. a. að skipuleggja ódýrar orlofsferðir og orlofsdvalir, gera sér far um að semja um afslátt á dvalarkostnaði og fargjöldum með farartækjum ríkisins og einkafyrirtækja fyrir hópferðir, sem farnar eru fyrir orlofsfé, hún skuli leita samvinnu við stéttarfélög launþega, til þess að orlofslöggjöfin geti komið að sem beztum notum. Þetta er í samræmi við núgildandi ákvæði um hlutverk ferðaskrifstofunnar í þessu efni.

Það má segja, að þetta frv. fari fram á tvær breytingar varðandi starfsemi ferðaskrifstofunnar. Önnur er sú, að ferðamálaráð, hin nýja yfirstjórn þessara mála, skuli um leið taka við yfirstjórn ferðaskrifstofunnar, og í öðru lagi, að ferðaskrifstofan verði svipt þeirri einokunaraðstöðu, sem hún hefur haft, þannig að rekstur ferðaskrifstofa verði gefinn frjáls, þó þannig, að til þess þurfi leyfi ferðamálaráðs að setja á stofn skrifstofu.

Ég er sannfærður um það og við allir flm., að ef á að gera verulegt gagn í þessum málum, að gera ferðamannastrauminn hingað að atvinnugrein og móttöku þeirra að atvinnugrein og tekjulind, eins og er orðinn þýðingarmikill

þáttur í þjóðarbúskap ýmissa annarra þjóða, þá verður að hafa þennan atvinnurekstur sem frjálsastan, en ekki undir einokun ríkisins.

Varðandi ferðaskrifstofur er gert ráð fyrir í 5. gr. þessa frv., að hver sá, sem óskar að reka ferðaskrifstofu fyrir almenning, skuli sækja um leyfi til ráðherra, að í umsókn skuli hann gera grein fyrir hæfni sinni o. s. frv., og að leitað skuli umsagna ferðamálaráðs, áður en ráðh. veitir slíkt leyfi.

Það er vel kunnugt, að flestir þeir aðilar, sem bera skyn á þessi mál og hafa eitthvað um þau fjallað, eru sammála um það, að ein mesta nauðsyn í þessum málum sé að aflétta þeirri einokun, sem hér hefur verið, og eftir því sem ég hef kynnt mér það, þá veit ég þess allmörg dæmi, að erlendar ferðaskrifstofur, sem óskað hafa að greiða fyrir ferðamannahópum hingað, hafa hætt við það af þeirri ástæðu, að þær hafa ekki haft sérstakan áhuga til viðskipta við slíka einokunarstofnun, og í mörgum tilfellum hafa hópar manna hætt við slíkar ferðir vegna þess, að þeir aðilar, sem þeir höfðu haft samband við, höfðu ekki leyfi til þess að veita fyrirgreiðslu hér og urðu að vísa á þessa ríkisstofnun.

Í sannleika sagt ætla ég, að þeir menn, sem mest hafa um þessi mál fjallað á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu yfirleitt, verði flestir undrandi yfir því, að hér í þessu lýðfrjálsa landi, Íslandi, skuli ríkja slík einokun í þessum efnum.

Hitt er svo annað mál, að ferðaskrifstofa ríkisins hefur í umsögn sinni til samgmn. á s. l. þingi lagt eindregið til, að hún fengi að halda þessari einokun, og vil ég segja, að það er ekkert undrunarefni, það er mannlegt. Ég veit þess engin dæmi, að einokunarstofnanir hafi sjálfar óskað þess, að þær væru lagðar niður.

Á síðasta þingi leitaði samgmn. eftir umsögn þriggja aðila, og eru umsagnir þeirra birtar hér með grg. þessa frv. Samband veitinga- og gistihúsaeigenda segist hafa kynnt sér þetta frv. og mælir eindregið með samþykkt þess, telur brýna nauðsyn, að landkynning og ferðamál komi til umræðu á hæstv. Alþingi, þar sem þau mál séu til lítils sóma landi voru og þjóð eins og nú háttar. Í öllum löndum heims, segir Samband veitinga- og gistihúsaeigenda, sem á annað borð vilja snúa sínu rétta andliti að umheiminum, eru ferða- og landkynningarmál nú mjög á dagskrá og margt gert til umbóta, sem meðfylgjandi frv. ætlast til að verði að lögum í landinu.

Ferðamálafélag Reykjavíkur mælir einnig í sinni umsögn eindregið með samþykkt þessa frv., og það er einróma álit stjórnar félagsins, að hér á landi séu svo miklir möguleikar til að gera móttöku erlendra ferðamanna að sérstakri atvinnugrein, sem jafnframt veitir miklum erlendum gjaldeyri inn í landið, ef rétt er á málum þessum haldið, að lagasetning slík sem þessi sé bæði þörf og nauðsynleg. Telur stjórn Ferðamálafélagsins því, að umrætt frv. sé rétt spor í þá átt, að svo megi verða.

Ferðaskrifstofan Orlof sendi sína umsögn, sem einnig er birt þar, og leggur á það áherzlu, að þessi atvinnuvegur sé gerður frjáls, og færir fyrir því rök, sem eru greind í umsögninni.

Ég ætla, að ekki sé þörf á þessu stigi að hafa öllu fleiri orð um meginefni þessa frv. og tilgang. Ég vænti þess, að hv. þdm. fallist á, að landkynning og ferðamál sé þýðingarmikið mál fyrir okkur Íslendinga og að að því beri að stefna að auka og örva ferðamannastrauminn og bæta aðbúnað ferðamanna.

Það má geta þess í þessu sambandi, að í Noregi, sem ég hef einna ýtarlegastar upplýsingar frá, er slík þróun í þessum málum, að 1946 voru það um 190 þús. erlendra ferðamanna, sem þangað komu. En svo vel hefur verið unnið að þessum málum, landkynningar- og ferðamálum, að í fyrra, átta árum síðar, hefur tala erlendra ferðamanna rúmlega fjórfaldazt, er komin upp í 807 þúsundir. Það virðast allir sammála um það þar í landi, að allir aðilar eigi að leggjast á eitt á frjálsum grundvelli til þess að örva þetta, og Norðmenn telja sér þetta þýðingarmikinn atvinnuveg, sem þeir fá mikinn gjaldeyri af, telja það meðal sinna þýðingarmiklu atvinnuvega, sem jafnist í rauninni þjóðhagslega og gjaldeyrislega á við útflutningsatvinnuvegina.

Á síðasta eða næstsíðasta ári var talið, að Norðmenn hefðu í gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum sem svaraði 500 millj. króna.

Á því er enginn vafi, að Íslendingar geta miklu áorkað í þessu efni til aukinna viðskipta og um auknar gjaldeyristekjur með réttum vinnubrögðum.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri að sinni, en vænti þess, að málið fái góðar undirtektir og skilning á hv. Alþingi, og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Emil Jónsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur nú fyrir um landkynningu og ferðamál, virðist vera samhljóða, eða nokkuð samhljóða a. m. k., frv. um sama efni, sem lagt var hér fram á síðasta þingi, en fékk þá ekki afgreiðslu. Málinu var þá vísað til samgmn. þessarar d., en n. varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Tveir nm. lögðu til, að málið yrði samþykkt, en þrír nm. lögðu til, að frv. yrði vísað til ríkisstj., og þess sérstaklega getið, að til þess væri ætlazt, að ríkisstj. undirbyggi ráðstafanir til þess að bæta úr hinum tilfinnanlega gistihúsaskorti, sem nú er í landinu. M. ö. o.: Nefndin taldi ekki þá nýskipan mála, sem í þessu frv. felst, skera úr um það, að betur væri hægt að vinna að framgangi þessa máls en áður, en taldi, að gistihúsavandræðin í þessu landi væru það, sem öllu máli skipti, og úr því bæri raunverulega fyrst að bæta, áður en hægt væri að gera nokkuð annað, því að sannleikurinn er sá, eftir því sem nefndin taldi, og var hún held ég öll á því máli, þó að hún væri skipt í afgreiðslu þessa sérstaka máls, að gistihúsaskorturinn væri það, sem hefði staðið fyrir þrifum allri aukningu ferðamannaflutnings til landsins.

Það eru allir, held ég, sem um þessi mál hafa fjallað, eða a. m. k. flestir, sammála um, að það væri æskilegt, að við gætum aukið ferðamannastrauminn til landsins. Það væri atvinnu-

vegur, sem flestar þjóðir, sem á því eiga kost, nota sér, og getur gefið viðkomandi þjóð allmiklar tekjur, ef þar er rétt á haldið. Því var hér lýst áðan af 1. flm. þessa frv., hvernig Norðmenn hafa getað margfaldað sínar tekjur af ferðamönnum á undanförnum árum, og sömu sögu má áreiðanlega segja frá fjölmörgum öðrum löndum, sem hafa haft auknar tekjur ár frá ári af komu ferðamanna til síns lands. En það er ekki hægt að bjóða ferðamönnum upp á að koma hingað né annað, nema því aðeins að það sé hægt að veita þeim þá fyrirgreiðslu, sem þeir óska eftir, og þá náttúrlega fyrst og fremst þá fyrirgreiðslu, að þeir geti fengið eitthvert þak yfir höfuðið og að séð sé fyrir þeirra daglegu þörfum að öðru leyti. Á þetta hefur skort svo hjá okkur, að það hefur ekki verið hægt að fara út í það af þeim krafti, sem æskilegt hefði verið, að auglýsa ferðir til landsins og reyna á þann hátt að draga ferðamenn hingað.

Efni þessa frv., sem hér liggur fyrir, er aðallega það, að þar er lagt til, að ferðaskrifstofa ríkisins í sínu núverandi formi verði lögð niður og að sú starfsemi, sem hún hefur innt af höndum undanfarna tvo áratugi, verði gefin frjáls. Í öðru lagi er lagt til, að hér verði stofnað ferðamálaráð, skipað eins og í frv. segir, og framkvæmdastjóri, sem vinnur að daglegum störfum fyrir þetta ferðamálaráð. Auk þessa er svo, að því er mér sýnist, aðeins eitt atriði, sem máli skiptir umfram það, sem nú er í lögum, og það er, að ríkissjóður skuli leggja til ferðamálasjóðs um 500 þús. kr. á ári. — Þetta eru, að því er ég hef getað séð, þau nýmæli, sem í frv. felast. Ég skal nú fara um þau hvert um sig nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi er þar lagt til, — ég tek það fyrst, þó að þess sé getið síðast í frv., það breytir engu, í hvaða röð það er tekið, en ég tek það fyrst vegna þess, að mér finnst það einna veigamesta atriðið, — að ferðaskrifstofa ríkisins sé lögð niður í því formi, sem hún hefur áður starfað. Að vísu er gert ráð fyrir þeim möguleika, að hún geti haldið áfram að starfa ásamt öðrum hliðstæðum stofnunum og undir stjórn ferðamálaráðs, en starfsemi hennar, eins og hún hefur verið að undanförnu, er felld niður. Ferðaskrifstofa ríkisins er stofnuð með lögum frá 1. febr. 1936, og hún hefur þess vegna starfað nærri 20 ár. Það vantar aðeins nokkra mánuði á, að hún sé 20 ára. Ég ætla, að það orki ekki tvímælis, að hún hefur á þessu tímabili innt af höndum mjög merkilegt starf á því sviði, sem henni var ætlað að vinna. Hún hefur haft með höndum þá landkynningu, sem gerð hefur verið fyrir þjóð okkar. Að vísu eru náttúrlega starfandi líka hér bæði Eimskipafélag Íslands og önnur skipafélög og flugfélögin, sem hafa með höndum auglýsingar fyrir sínar ferðir, en almenna auglýsingastarfsemi og landkynningu erlendis hefur ferðaskrifstofa ríkisins verið svo að segja ein um, og hún hefur getað gert þetta ríkinu miklu kostnaðarminna en hægt er á annan hátt, vegna þess að hún hefur haft af sinni almennu starfsemi það miklar tekjur, að þær hafa getað borið uppi verulegan hluta af kostnaði við landkynningarstarfsemina. Ef aðstaða ferðaskrifstofunnar til þeirrar starfsemi, sem hún nú rekur og hefur rekið, væri skert, þá mundu um leið minnka hennar tekjumöguleikar og þar með um leið verða að aukast fjárframlög úr ríkissjóði til landkynningar, ef ekki ætti úr henni að vera dregið, enda kemur það hér greinilega fram, þar sem í frv. er gert ráð fyrir, að föst fjárveiting, 500 þús. kr. á ári, skuli veitt í þessu skyni, og er það, að ég ætla, drjúgum meiri fjárhæð en ferðaskrifstofunni hefur verið veitt á undanförnum árum.

Ferðaskrifstofan hefur auk þessarar landkynningarstarfsemi haft með höndum ýmiss konar aðra starfsemi, hún hefur tekið á móti erlendum ferðamönnum og veitt þeim fyrirgreiðslu og haft tekjur af. Hún hefur annazt minjagripasölu hér og haft tekjur af. Hún hefur séð um hópferðir innanlands, bæði erlendra manna og innlendra, og haft, að ég ætla, einnig af því nokkrar tekjur til þess að standa undir sínum kostnaði. Fyrir þessa starfsemi alla hefur skrifstofunni tekizt að inna af höndum þá landkynningarstarfsemi erlendis, sem ég áður minntist á, ríkissjóði kostnaðarminna en ella mundi verið hafa, ef þessarar starfsemi hefði ekki notið. Auk þess hefur ferðaskrifstofan séð um orlofsferðir innanlands fyrir það fólk íslenzkt, sem hefur viljað ferðast um landið og nota sitt orlof til ferða innanlands, og á þann hátt veitt mikilsverða þjónustu. Ég tel, að ferðaskrifstofa ríkisins hafi á þessum umliðnu árum ekki á neinn hátt í starfi sínu sýnt það, að það beri að leggja hana niður í því formi, sem hún hefur verið rekin. Ég álít þvert á móti, að hún hafi innt sitt starf svo vel af hendi, að það bæri frekar að styðja hana í því en að draga úr þeim möguleikum, sem hún hefur til starfa.

Annað atriði frv. og þriðja, sem ég minntist á, var um stofnun ferðamálaráðs og ráðningu framkvæmdastjóra til daglegra starfa. Það má vel vera, að það væri æskilegt að fá þessa aðila alla, sem nefndir eru, virka í því starfi að fá hingað ferðamenn og greiða fyrir þeim, en ég hygg, að það mætti vel gera á annan hátt en með því að fella niður starf ferðaskrifstofunnar.

Framlögin úr ríkissjóði, sem voru fjórða atriðið, sem mér finnst hér máli skipta, er náttúrlega góðra gjalda vert að hækka, en ef ríkissjóður vill breyta til og hækka þau frá því, sem nú er, þá er það vissulega hægt og fá þar með aukna landkynningu, þó að þeirri skipun þessara mála, sem verið hefur, yrði haldið.

Ég tel þess vegna, að það sé ekkert það unnið með þessu frv., sem skeri úr um að auka ferðamannastraum til landsins, og sumt af því, sem þar er fram sett, eins og að fella ferðaskrifstofuna niður, tel ég til hins verra. Ferðaskrifstofan hefur á þessu 20 ára tímabili, sem hún hefur starfað, aflað sér margra og þýðingarmikilla sambanda erlendis. Hún hefur fengið reynslu í starfi, og að hætta við þetta allt saman tel ég að verki heldur á annan veg en frv. gerir ráð fyrir. Það er nú einu sinni svona, að okkar land er ekki það stórt, að það þoli margskiptingu þessarar starfsemi. Við skulum segja, að hér kæmu fimm eða sex eða sjö skrifstofur,

sem allar tækju að sér fyrirgreiðslu ferðamanna, þá er það gefið, að hver ein þeirra getur ekki haft þær tekjur, að hún geti haft um hönd neitt þvílíkt þá starfsemi sem ferðaskrifstofa ríkisins nú getur með þeirri aðstöðu, sem hún hefur. Það var hér minnzt á, að hún hefði einkaaðstöðu, og það hefur hún að verulegu leyti, en þó hefur hún það nú ekki til fulls, því að við hlið hennar starfar hér í landi önnur ferðaskrifstofa, sem einnig veitir þjónustu og fyrirgreiðslu á ýmsan hátt, svo að um einkaaðstöðu ferðaskrifstofunnar í þessu efni er ekki lengur að ræða, enda má vera, að það sé ekkert óeðlilegt, að þessi einkaaðstaða sé ekki fyrir hendi, ef aðeins þessi starfsemi er ekki bútuð niður í svo marga og svo smáa parta, að enginn geti starfað á þann hátt, sem æskilegast væri.

Ég skal ekki á þessu stigi málsins fara miklu lengra út í að ræða frv. Ég er alveg sama sinnis og ég var í fyrra, þegar ég hafði framsögu fyrir þeim hluta samgmn., sem var andvígur frv., en það var meiri hluti nefndarinnar. Ég tel, að það sé ekki með frv. stigið neitt það spor, sem úr skeri til þess að bæta neitt í þessum efnum. Það, sem vantar, og það, sem fyrst og fremst vantar, er aukning gistihúsa, til þess að hægt sé að bjóða ferðamönnum, sem til landsins koma, upp á þá aðbúð, sem þeir eru vanir við og þeir þurfa að hafa og eiga að hafa. Á meðan það er ekki hægt, tel ég það vera tómt mál að tala um þá aukningu ferðamannastraums til landsins, sem ýmsir hafa gert og talið að fært væri að gera.

Gistihúsaskorturinn er svo tilfinnanlegur, að hér er að sumarlagi oft og tíðum ekki hægt að sinna þörfum innlendra manna, hvað þá heldur að það sé hægt að bæta útlendum við. Það, sem þess vegna þarf að gera, er á einhvern hátt að bæta úr þeim skorti, annaðhvort með framtaki einstaklinga eða ríkisins eða bæði ríkis og einstaklinga, sem gætu unnið saman að lausn þess máls.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta frv. Ég mun ekki hafa neitt á móti því, eins og gefur að skilja, að frv. fari til nefndar og verði þar athugað. Ég teldi rétt, að þá yrði einnig prentuð sú umsögn ferðaskrifstofunnar, sem samgmn. barst í fyrra um þetta mál, en flm. frv. af einhverjum ástæðum hafa ekki prentað hér með sem fskj., þó að þeir hafi prentað með þrjú önnur, er bárust, því að í því bréfi ferðaskrifstofunnar, sem var mjög ýtarlegt, var gerð nákvæm og skýr grein fyrir ýmsum þáttum þessa máls, sem ég tel að hv. alþm. ættu allir að fá að kynnast. Þess vegna teldi ég það rétt, að með því nál., sem væntanlega um þetta kemur frá n., yrði annaðhvort prentuð sú umsögn ferðaskrifstofunnar, sem barst n. í fyrra, eða þá að önnur ný væri fengin, þar sem ferðaskrifstofan gerði grein fyrir starfsemi sinni og þeim rökum, sem hún hefði fram að flytja gegn frumvarpinu.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ferðaskrifstofa ríkisins hefur alltaf verið fósturbarn og óskabarn Alþfl., enda barði sá flokkur frv. gegnum Alþingi 1936 með mikilli hörku og þrátt fyrir mikla andspyrnu úr ýmsum áttum. Þeir hafa ekki til þessa dags getað sýnt fram á, að þetta hafi verið farsæl ráðstöfun, en þó hafa þeir ekki til þessa dags viljað fallast á, að nokkuð rangt hefði verið gert af þeim, þegar þetta frv. var samþykkt. Þetta er nú kannske mannlegt og skiljanlegt frá þeirra sjónarmiði, en ég hygg, að ekki séu allir á sama máli og þeir um þetta efni og sérstaklega ekki þeir aðilar erlendis, sem hafa ferðamál með höndum. Ég man eftir því, að þegar ferðaskrifstofan var fyrst sett á stofn, litu erlend ferðafélög yfirleitt á skrifstofuna með afar mikilli tortryggni og það sérstaklega vegna þess, að þetta var nýskipan, sem hér var sett á stofn, er hvergi átti sér fordæmi annars staðar en í Rússlandi. Þessa andúð hefur að vísu smátt og smátt lægt, vegna þess að ekki var um annað að gera fyrir hin erlendu félög, ef þau vildu nokkurt samband hafa hér á landi, en að setja sig í samband við ferðaskrifstofuna. Menn skulu ekki skilja orð mín svo, að ég sé að hallmæla ferðaskrifstofunni út af fyrir sig í þessu efni, því að með þeirri aðstöðu, sem hún hefur, — ég álít, að hún hafi heldur slæma aðstöðu sem ríkisfyrirtæki, — hefur hún verið mjög sæmilega rekin og af samvizkusemi og reynzt að mörgu leyti til bóta. En það er ekki sama og segja, að þetta málefni væri ekki miklu betur komið, ef það hefði verið frjálst og hefði aldrei verið keyrt í þessa fjötra 1936. Síðasti ófriður hefur að vísu lægt mikið andúðina gegn skrifstofunni af þeirri einföldu ástæðu, að meðan ófriðurinn stóð yfir, var ekki um komur erlendra ferðamanna til landsins að ræða. Ég geri ráð fyrir því, að ferðamannastraumurinn sé fyrst að hefjast núna og aukist á næstu árum, ekki sízt ef eitthvað verður gert til þess að greiða fyrir erlendum ferðamönnum og útrýma þeirri andúð og tortryggni, sem erlendir ferðaaðilar hafa gegn ríkisrekstri í þessari atvinnugrein.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að ef sú skipun kæmist á, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., mundi það verða til stórmikilla bóta fyrir þennan atvinnuveg, ef atvinnuveg skyldi kalla hjá okkur eins og nú standa sakir. Ég hygg líka, að ef þessu fyrirkomulagi væri breytt, gæti orðið auðveldara fyrir okkur að leysa þann hnút, sem nú hindrar það, að hægt sé að reka hér atvinnuveg, sem við köllum ferðamannamóttöku. Ég er ekki frá því, að sá hnútur verði fyrr leystur, ef breytt verði um skipun á þessum málum.

Ferðaskrifstofan hefur nú ein alla forustu í því að koma upp þessum atvinnuvegi. En eins og ég sagði, eru ýmsir annmarkar fyrir hana á því hlutverki, enda hefur það sýnt sig á þessu nærfellt 20 ára tímabili, sem hún hefur starfað, að ákaflega lítil framför hefur orðið í þessum efnum.

Hv. 5. landsk. (EmJ) sagði, að ferðaskrifstofan hefði unnið mjög mikið að því að auglýsa landið, hún hefði verið ein um það um langan tíma að auglýsa landið. Það er rétt, hún hefur auglýst landið að vissu leyti, þó ekki mjög mikið, en eftir efnum og ástæðum. En hitt er eðlilegt, að aðrir hafi ekki gert það, því að enginn hefur haft heimild til þess að reka þessa starfsemi, og við

því er ekki að búast, að menn leggi stórfé í að auglýsa landið sem ferðamannaland, þegar þeir mega hvergi koma þar nálægt. Ég er ekki frá því, ef menn hefðu haft heimild til þess að reka þennan atvinnuveg, að þá hefðu ýmsir fleiri en ferðaskrifstofa ríkisins lagt í það að auglýsa landið sem ferðamannaland. Fyrir þann tíma, sem ferðaskrifstofan tók til starfa, voru gefnar hér út ferðalýsingar um Ísland, sem taka enn mjög fram þeim ferðalýsingum, sem ferðaskrifstofan hefur gefið út, og þessar ferðalýsingar voru gefnar út af einstökum mönnum.

Ég nefni þetta sem dæmi um það, að vafalaust mundu verða margir til þess að auglýsa landið, ef atvinnuvegurinn væri ekki í höndum ríkisstofnunar.

Hv. 5. landsk. gat þess líka, að hér væri önnur stofnun, sem keppti við ferðaskrifstofu ríkisins. Þetta er að vísu ekki nema hálfur sannleikur, vegna þess að þessi stofnun eða fyrirtæki, sem mun heita Orlof, má ekki taka á móti erlendum ferðamönnum. Þess vegna getur hún ekki keppt við ferðaskrifstofuna á hennar vettvangi. Hér er enginn aðili í landinu, sem getur gefið erlendum ferðaaðilum samkeppnistilboð við ferðaskrifstofuna í móttöku ferðamannahópa hér á landi. Ferðaskrifstofan Orlof hefur hins vegar það virðingarverða starf að koma Íslendingum til útlanda, því að það má hún samkvæmt lögunum. Hv. þm. Alþýðuflokksins hafa gleymt að setja undir þann leka, að nokkrir Íslendingar mættu gera sér að atvinnuvegi að koma löndum sínum út fyrir landsteinana, þeim til skemmtunar og andlegrar uppbyggingar.

En það, sem mér þykir leiðast í þessu máli öllu, er, að við í þessu lýðfrjálsa landi, eins og frsm. komst að orði, skulum vera einir vestrænna þjóða, sem hafa ríkiseinokun á móttöku ferðamanna.

Þetta er mikill blettur á því fagra landi, sem við byggjum, og það er mikill blettur í augum þeirra, sem við þurfum að skipta við í sambandi við móttöku ferðamanna. Þess vegna tel ég, að mesta nauðsynin til þess að koma þessum málum í rétt horf sé að afnema þessa ríkiseinokun á móttöku erlendra ferðamanna og gefa útlendingum frjálsræði til að semja við þá aðila hér, sem kynnu að verða löggiltir af íslenzkum yfirvöldum til þess að taka á móti þeim. Og ég sé ekki, að hv. Alþýðuflokkur, sem er höfundur þessara laga, þurfi að setja niður, þó að hann yrði því sammála, að þessari einokun yrði aflétt.

Emil Jónsson: Herra forseti. Það eru bara örfá orð, sem ég vildi segja út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Reykv. (BÓ). Hann sagði í sinni ræðu, og það var raunar aðeins eitt, sem hann lagði mesta áherzlu á, það var það, hve leitt honum þætti, að hér væri ríkiseinokun, eins og hann kallaði það, á þessum störfum. Hann taldi það mikinn blett á okkar lýðfrjálsu þjóð, að þetta skyldi vera svona, og taldi, að Alþfl. mundi hreint ekkert setja niður við það, þó að þetta ástand yrði afnumið, þó að flokkurinn hefði átt í því mestan þátt í upphafi.

Ég man enn þær umr., sem fóru fram um þetta mál 1935, þegar verið var að gera þetta að lögum. Það voru fleiri en við Alþýðuflokksmenn, sem stóðu að því, þó að ég á engan hátt vilji skjóta mér eða mínum flokki undan þeirri ábyrgð, sem því kann að hafa fylgt að hafa verið með að setja þessi lög. Ég tel, að þau hafi komið að því gagni og verið það börf fyrir okkur, að flokkurinn sé alls ekki ámælisverður fyrir að hafa að þeim málum staðið. En hvað viðvíkur leiðindum við það að hafa ríkiseinokun á þessu, þá sagði nú hv. ræðumaður, hv. 3. þm. Reykv., að erlendir aðilar hefðu að vísu í upphafi ekki verið ánægðir með þetta, en andúðin hefði með tímanum orðið minni og minni, og mér skildist, að hún væri nú orðin harla lítil, eftir því sem hann sagði. En hvaða erlendir aðilar voru það, sem voru óánægðir, og hvaða innlendir aðilar eru það, sem hafa verið óánægðir með ferðaskrifstofuna? Það eru bæði utanlands og innan ferðamannaskrifstofur, það eru hinar erlendu ferðaskrifstofur og þeirra innlendu umboðsmenn. Það eru yfirleitt þeir, sem hafa misst spón úr sínum aski við það, að þessi lög voru á sínum tíma sett. Almenningurinn, bæði utanlands og innan, veit ég ekki til að nokkurn tíma hafi undan lögunum kvartað. Ég veit að minnsta kosti ekki til þess.

Hann sagði, hv. þm., að áður en lögin um ferðaskrifstofu hefðu komið í gildi, hefði landið verið auglýst erlendis og enn væru til pésar eða blöð með upplýsingum um landið, sem tækju því langt fram, sem nú hefði verið gert af ferðaskrifstofunni. Ég skal ekkert deila við hann um þetta, en ég veit bara það, að auglýsingar þær, sem ferðaskrifstofan hefur deilt út í tugum þúsunda eintaka, hafa komið að ákaflega miklu gagni. Hins vegar er mér ókunnugt um, hvað áður hefur verið gert í því, ég skal játa það, og skal þess vegna engan samanburð á því gera, en ég tel ótrúlegt, að það hafi verið álíka mikið eða meira en ferðaskrifstofan hefur gert síðan hún tók til starfa.

Það mætti fara út í ýmislegt fleira. Ég minnist frá umr. 1935 ýmissa atriða, sem fram komu við þær umr., eins og t. d. þess, hvernig hinar erlendu ferðamannaskrifstofur þá tóku gjald af þeim fáu útlendingum, sem til landsins komu, hvað þær hópferðir kostuðu og hvað þær hefðu þurft að kosta, ef á þeim málum hefði verið tekið með meiri sanngirni en þá var gert að áliti þeirra manna, sem um þetta fjölluðu þá.

Ég tel sem sagt, að andúðin gegn ferðaskrifstofunni hafi fyrst og fremst komið frá erlendum ferðamannaskrifstofum og innanlands frá umboðsmönnum þeirra, en að allur almenningur, bæði innanlands og utan, hafi verið ánægður með þá fyrirgreiðslu, sem ferðaskrifstofa ríkisins hefur veitt.

Það er annað að hafa margar ferðaskrifstofur starfandi í stóru landi en hér hjá okkur. Starfsemin hér er ekki komin lengra en það, að ef hún verður bútuð í marga smáa parta, eins og ég sagði áðan, þá er ekki líklegt, að hver einstakur aðili, sem við þessi mál fæst, geti veitt þá fyrirgreiðslu og þá þjónustu, sem nauðsynlegt er að þeir gefi. Ef hér getur

risið upp og á eftir að rísa upp fjöldi af ferðaskrifstofum, sem gera það að atvinnu sinni að veita erlendum mönnum fyrirgreiðslu, þá er ákaflega hætt við því, að eitt af tvennu verði að ske, annaðhvort að sú þjónusta, sem þær veita, verði minni og ófullkomnari en hún ætti að vera eða að þær þurfi að taka fyrir hana hærra gjald og því geri hana óvinsælli en vera þyrfti, ef starfsemin væri á einni eða fáum höndum.

Þetta finnst mér vera aðalatriðið í málinu, og þetta er það, sem úr sker, og þetta skilja nú þeir erlendu aðilar, sem viðskipti hafa við okkar skrifstofu.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. 5. landsk. (EmJ) spurðist fyrir um það, hvaða innlendir aðilar væru óánægðir með það skipulag, sem nú er á þessum málum. Hann virtist ekki hafa orðið var sjálfur við slíka óánægju og svaraði sér sjálfur, að það mundu vera innlendar ferðaskrifstofur og umboðsmenn erlendra ferðaskrifstofa.

Nú er það svo, að eindregins fylgis með þessu frv. og andúð og óánægju gegn núverandi skipulagi hefur orðið vart m. a. frá Sambandi gistihúsa- og veitingahúsaeigenda, sem eru þó ekki þeir aðilar, sem hv. þm. nefndi, og enn fremur frá hinu nýja félagi áhugamanna um þessi mál, Ferðamálafélaginu. Ég býst ekki við, að hv. þm. við athugun vilji væna þessa aðila um það, að þeir hafi einhverra hagsmuna að gæta sem umboðsmenn fyrir erlendar ferðaskrifstofur.

Þeir menn, sem fást við gistihúsarekstur og veitingahúsarekstur, vita auðvitað ákaflega vel, hversu ferðamálin og landkynningin eru þýðingarmikil, ekki einungis fyrir þá sjálfa, heldur fyrir landið. Og Ferðamálafélagið, sem er samtök áhugamanna hér, hliðstætt því, sem er í nágrannalöndum, telur núverandi skipulag á þessum málum algerlega óhafandi.

Það er þess vegna mikill misskilningur, ef menn halda, að engir séu óánægðir með núverandi skipun aðrir en innlendar ferðaskrifstofur, sem vilja fá athafnafrelsi, og umboðsmenn erlendra ferðaskrifstofa.

Hv. 5. landsk. sagði, að aðalefni þessa frv. væri að leggja ferðaskrifstofuna niður. Þetta er misskilningur, því að samkv. frv. á ferðaskrifstofan að starfa áfram. Hann orðaði það *einnig þannig síðar í sinni ræðu, að hún yrði* lögð niður í sínu núverandi formi. Ef til vill telur hv. þm. það að leggja ferðaskrifstofuna niður, ef hún er svipt einokunaraðstöðunni, en í frv. er einmitt gert ráð fyrir, að ferðaskrifstofan starfi áfram og í verulegum atriðum að þeim sömu verkefnum og hún hefur unnið þegar, en hins vegar þær tvær breytingar, sem ég gat um, annars vegar, að fleiri fái heimild til þess að starfa að þessum málum, og að ferðaskrifstofan verði sett undir hið nýja ferðamálaráð.

Nú er það svo, að um mörg atriði í þessu frv. virðast menn sammála, bæði hv. 5. landsk. og forstjóri ferðaskrifstofunnar, sem skrifaði ýtarlegt álit um málið í fyrra. Forstjóri ferðaskrifstofunnar virtist út af fyrir sig vera ánægður með það, að stofnaður verði ferðamálasjóður samkv. frv., en ríkissjóður á eftir því að leggja fram hálfa milljón á ári, auk þess sem ferðamálaráð á að gera till. um fjáröflun að öðru leyti til sjóðsins, og þessi sjóður á að standa undir kostnaði við þessi mál, landkynningu, og veita lán til gistihúsbygginga og annarrar fyrirgreiðslu og bættrar aðstöðu. Enn fremur virtist á umsögn forstjóra ferðaskrifstofunnar, að hann hefði ekki við það að athuga, að stofnað væri ferðamálaráð og þar tengdir saman til sameiginlegra átaka þeir aðilar, sem mestra hagsmuna hafa að gæta og mestan áhuga á þessum málum.

Það, sem andstaðan snýst um, og þar miðar allt að einum punkti hjá hv. 5. landsk. og forstjóra ferðaskrifstofunnar, er einkarétturinn og aftur einkarétturinn. Þessari einokunaraðstöðu, sem ferðaskrifstofunni er tryggð til þess að taka á móti erlendum ferðamönnum, á að halda, hvað sem það kostar. Nú hef ég ekki heyrt rök, sem a. m. k. mér þykja frambærileg fyrir því, að skipan þessara mála þurfi endilega að vera allt önnur hér á okkar landi en annars staðar á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu. Í öllum þessum löndum er starfsemi ferðaskrifstofa frjáls, og það þykir bæði æskilegt og nauðsynlegt að hafa hana frjálsa. Í sumum þessara landa hafa t. d. samherjar hv. 5. landsk., sósíaldemókratar, haft árum saman meiri hluta á þingum og farið með stjórn landanna. Það virðist aldrei hafa hvarflað að þeim að taka upp þennan hátt eftir hinni íslenzku fyrirmynd, að einoka starfsemi ferðaskrifstofu og landkynningar. Það hafa þeir ekki gert í Danmörku, ekki í Noregi, ekki í Svíþjóð, ekki í Englandi á valdatímum sósíaldemókrata þar. Það virðist því vera einhver sérstök grein af sósíaldemókratíinu hér uppi á Íslandi, sem krefst þess, að þetta skuli vera með allt öðrum hætti hér en annars staðar. Og eftir því sem ég hef rætt við erlenda menn um þessi mál, sem ég skal viðurkenna að ekki er ýkjamikið, þá hefur mér alls staðar heyrzt á mönnum, að þeir telji þetta mjög óeðlilegt skipulag, að ein ríkisskrifstofa hafi einokun í þessu efni.

Það eru rök að vísu, ef rök skyldi kalla, gegn þessu frv. og með einokuninni, sem hv. 5. landsk. orðaði hér, að það væri hættulegt, að starfsemin væri bútuð niður í marga smáa parta, þannig að enginn ynni af fullum krafti að þessum málum. Þetta eru auðvitað hin sígildu rök ríkisrekstrar- og þjóðnýtingarmanna, að það megi ekki nema einn aðili komast að neins konar atvinnurekstri eða viðskiptum, en við höfum nú mörg dæmi þess, að hvort tveggja hefur sýnt sig. Við höfum dæmi þessa í nokkur ár til dæmis. Ég nefni það vegna þess, að þessi sami hv. þm. hafði töluvert með þau mál að gera sem ráðherra, að ríkið rak hér og hafði einokun á fólksflutningum, bæði norður í land og hér milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Og það voru vitanlega þau rök, að ríkið yrði að sjá um þetta, það væri hættulegt að fara að skipta þessu niður og að fleiri aðilar kæmust þar að. Þetta hefur nú samt sem áður verið gert. Niðurstaðan er sú, að ég ætla, að almenningur telji þjónustuna alveg jafngóða eða jafnvel betri

við sig. En ríkissjóður hefur verið losaður við milljónahalla af þessum atvinnurekstri.

Ég býst við, að fari alveg eins þegar að því kemur, að einokun ferðaskrifstofunnar verður aflétt, því að það er bara tímaspursmál, hvenær að því kemur. Þegar að því kemur, munu menn sjá, að hér blómgast atvinnuvegur og fyrirgreiðsla í þessum málum, sem hefur mikla þýðingu fyrir alla íslenzku þjóðina. Þá munu rísa upp margir nýir aðilar, sem vinna að þessum málum, og ferðamannastraumur hingað mun vaxa í stórum stíl og allur aðbúnaður stórbatna, til þess að þetta geti, eins og í okkar nágrannalöndum, t. d. þá fyrst og fremst Noregi, orðið þýðingarmikil atvinnugrein og lyftistöng fyrir íslenzku þjóðina í heild.

Ég hef ekki og vil ekki kasta neinni rýrð á ferðaskrifstofuna eða forstöðumann hennar, sem vafalaust er samvizkusamur maður og reynir sitt bezta í þessum efnum. En hinu er ekki að neita, að framfarirnar í þessum efnum hafa ekki verið neitt svipaðar hjá okkur og í öðrum löndum, þar sem hið frjálsa skipulag hefur ríkt. Við vitum, og það viðurkenna allir, að skipan þessara mála er í hinum megnasta ólestri hjá okkur, fyrst og fremst gistihúsamálin, en enn fremur landkynningarmálin, þannig að hér er þörf stórfelldra umbóta. Og ég vil ekki segja, að það sé á neinn hátt ferðaskrifstofunni eða hennar forstjóra að kenna, að svo hefur til tekizt. Ég vil segja, að það er sumpart skipulaginu að kenna og sumpart of litlum skilningi ýmissa ráðamanna þjóðfélagsins á þessum málum. En reynslan í þessu er sú, að eftir að hafa prófað þessa skipan einokunarinnar í nærri tvo áratugi, eru málin í þessu ófremdarástandi. Hvers vegna þá ekki, ef menn viðurkenna nauðsynina á umbótum í þessu, að ganga hreint til verks og reyna að skapa hér nýja forustu? Það er eitt aðalefni þessa frv. að tengja saman og laða til samstarfs alla þá aðila, sem helzt hafa um þessi mál að fjalla, hafa áhuga og hagsmuna að gæta, laða þá til samstarfs í ferðamálaráðinu, sem hafi forgöngu um verulegar og raunhæfar umbætur í þessum málum.

Ég ætla, að það þurfi ekki að ræða þetta mál frá minni hendi frekar við þessa umr. Við flm. birtum með frv. okkar umsagnir þriggja aðila, sem leitað var til í fyrra. Hv. 5. landsk. spurði, hvers vegna við birtum ekki fjórðu umsögnina, frá ferðaskrifstofunni. Það er miklar upplýsingar úr þeirri skýrslu að fá. Það er allt að því heil bók. Og þó að ekki væri önnur ástæða en sparnaðarástæða, þá vildum við ekki fara að láta prenta heila bók sem fskj. með þessu frv. En ég vil bæta því við, að ég held, að árlega hafi forstjóri ferðaskrifstofunnar sent þingmönnum fjölritaða skýrslu um störf ferðaskrifstofunnar, og í þessari skýrslu, sem hv. þm. minntist á, er flest það sama og áður hefur komið fram í þessum fjölrituðu skýrslum.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Það var eitt atriði í ræðu hv. 5. landsk. (EmJ), sem ég vildi gjarnan víkja að, og það var, að hann sagðist muna vel eftir því, að staðið hefði hörð deila á sínum tíma, einkanlega um það leyti sem lögin um ferðaskrifstofu ríkisins voru í þinginu, um það, hversu hátt gjald hafi verið tekið af erlendum ferðamönnum, sem hingað komu, sérstaklega með skemmtiskipum, því að það voru stærstu hóparnir. Hið háa gjald var fyrir þær skemmtiferðir, sem þeir höfðu hér í landinu. Þetta var alveg rétt. Það var tekið hátt gjald af þessum ferðamönnum. En það gjald var ekki tekið af innlendum aðilum, heldur af skipafélögunum sjálfum. Ég vil leiðrétta þetta, ekki sízt vegna þess, að ferðaskrifstofa ríkisins hefur tekið á móti nokkrum erlendum ferðamannaskipum síðan ófriðurinn hætti, og ég veit ekki til, að ferðaskrifstofan hafi haft nokkur áhrif í þá átt að lækka þetta verð, sem erlendu skemmtiferðaskipin eða skemmtiferðafélögin taka af farþegum sínum. Ég er ekki að segja ferðaskrifstofunni þetta til lasts, vegna þess að hún ræður ekkert við þetta. Henni kemur þetta í raun og veru ekkert við, vegna þess, eins og það var skýrt á sínum tíma, að félögin taka þetta fyrir ýmsa þjónustu aðra en þá að aka viðkomandi farþegum til Geysis og Gullfoss eða til Þingvalla.

Ég vil svo aðeins að endingu taka það fram, sem tekið var hér að vísu fram af framsögumanni frv., að hv. 5. landsk. getur ekki bent á nein gild rök fyrir því, að ríkisfyrirtæki eins og ferðaskrifstofan geti unnið að nokkru leyti betur að þeim málum en gert yrði með frjálsu skipulagi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. samgmn., á þskj. 542, var útbýtt 24. marz, og nefndaráliti frá meiri hl. samgmn., á þskj. 563, var útbýtt 26. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Varnarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna.

Á 2. fundi í Nd., 11. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og afnám l. um lagagildi hans [24. mál] (þmfrv., A. 24).

Á 6., 8., 13., 18., 19., 20., 66., 70. og 71. fundi í Nd., 18., 21. og 31. okt., 14., 15. og 17. nóv., 10., 14. og 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 17. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Við þm. Sósfl. í þessari hv. d. flytjum þetta frv. um uppsögn hernámssamningsins enn einu sinni. Við höfum flutt það á hverju þingi síðan sá samningur var gerður og leggjum það nú enn einu sinni fram til þess að vita, hvort skoðanir

þeirra þm., sem gerðu þennan samning í upphafi kunna nokkuð að hafa breytzt, því að nú er svo komið, að raunverulega eru allar þær forsendur, sem þeir hv. þm. byggðu á, sem þennan samning gerðu, og ekki voru sannar, þegar þær voru gerðar, algerlega farnar. Það er rétt fyrir okkur að rifja það upp, þegar við ræðum jafnt þetta mál, hernámssamninginn, eins og aðra þá samninga, sem á síðustu 10 árum hafa verið gerðir í svipaða átt og hafa verið spor af þessum samningi, að allir þessir samningar og öll þau lög, sem hafa verið samþykkt um þá, hafa verið gerðir og lögin samþykkt undir þeim áhrifum hér á Alþingi, að ýmist hefur verið beitt ósannindum til að blekkja þm. eða ofbeldi til þess að neyða þá.

Árið 1946, þegar Keflavíkursamningurinn var gerður, var því lýst yfir, að það væri ekki þarna um að ræða, að það væri byrjandi herstöð, heldur var því lýst yfir, að nú væri verið að reka ameríska herinn burt af Íslandi. Þessum ósannindum var beitt og um leið hinu, að Bandaríkjastjórn lýsti því yfir, að hún mundi ekki fara með sinn her af landi burt, nema því aðeins að þessi samningur væri gerður. 1949, þegar innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið var samþykkt, var því lýst yfir af forsvarsmönnum þeirrar samþykktar, að aldrei mundu verða herstöðvar á Íslandi á friðartímum, og því til stuðnings lagðar fram yfirlýsingar frá hálfu utanríkisráðherra Bandaríkjanna sama efnis. En ekki var Atlantshafssamningurinn fyrr gerður en farið var fram á það, aðeins tveim árum síðar, að Íslendingar leyfðu Norður-Atlantshafsbandalaginu og þá sérstaklega her Bandaríkjastjórnar að setjast hér að og koma hér upp herstöðvum á friðartímum.

Það var alltaf sami skrípaleikurinn, sem leikinn var. Það var alltaf sagt ósatt, bæði við Alþingi og íslenzku þjóðina, þegar verið var að gera þessa hluti. Það, sem verið var að framkvæma, var hernaðaráætlun, sem Bandaríkjastjórn hafði gert gegn Íslandi um að ná herstöðvum á Íslandi til 99 ára. Upphaflega, fyrir 11 árum, fór Bandaríkjastjórn svo klaufalega að, að hún kom upp um þennan tilgang sinn. Þá fór hún fram á það 1. okt. 1945 að fá hér þrjár tilteknar herstöðvar á Íslandi, fá þær raunverulega afhentar sér sem amerískt land til sinna yfirráða í 99 ár. Þá var íslenzka þjóðin nýlega búin að stofna sitt lýðveldi, og þá neitaði hún þessu, Alþingi neitaði því einum rómi, og sú ríkisstj., sem þá sat, neitaði þessu einum rómi og hlaut fylgi allrar þjóðar fyrir. En Bandaríkjastjórn, Bandaríkjaúðvaldið hélt áfram að vinna að þessu, og þess vegna tók það upp þá aðferð, sem síðan hefur verið beitt, að reyna að ná því í áföngum, sem því tókst ekki að ná í einu áhlaupi þá, og á þessu 10½ ári, sem síðan er liðið, hefur því tekizt að komast þetta langt, fyrst að fá Keflavíkursamninginn samþykktan, síðan að véla og kúga Ísland inn í Atlantshafsbandalagið og svo að lokum að knýja fram herstöðvarnar hérna 1951.

Við verðum að muna það, að við Íslendingar eigum fyrst og fremst einn fjandmann og það eru Bandaríki Norður-Ameríku og þeirra auðvald, og þetta er það eina ríki, sem hefur sýnt sig í því gagnvart okkur nú á síðustu 10 árum að reyna að leggja okkar land undir sitt og situr nú með her í þessu landi, sem það hefur knúið hér inn undir fölskum forsendum og ætlar sér að reyna að láta sitja hér áfram. Þetta er þeim mönnum ljóst, sem muna enn þá 10 ár aftur í tímann og tillögur Bandaríkjastjórnar þá. Og nú vil ég leyfa mér að beina þeirri fsp. til þeirra þm., ef einhverjir eru hér inni, sem samþykktu þennan samning 1951 undir þeim forsendum, sem þeir lýstu yfir þá, — nú vil ég leyfa mér að beina þeirri fsp. til þeirra: Ef þeir sjálfir hafa trúað einhverju af því, sem þeir sögðu þá, hvernig ætla þeir þá að standa við að láta þennan samning nú standa áfram? 1951 lýsti meiri hluti Alþingis, sem samþykkti þennan samning, því yfir, að það væri slík ófriðarhætta í heiminum, að þess vegna yrði Ísland að kalla Bandaríkjaher inn í landið og fela honum að verja landið. Nú vil ég spyrja þessa hv. þm.: Hvar er ófriður í heiminum nú sem stendur? Þeir vitnuðu þá í ófrið í Kóreu. Milli hvaða ríkja í veröldinni er ófriður sem stendur? Ég skora á þessa fulltrúa Norður-Atlantshafsbandalagsins hér að standa upp og nefna mér það. Og ég vil spyrja þá, ef þeir álíta, að það sé ekki það, sem kallast má friður, ríkjandi í heiminum núna, hvaða kringumstæður þurfi til þess, að þessum samningi sé sagt upp, ef þeir meintu það, sem þeir sögðu 1951, að honum væri komið á vegna þess, að það væri ófriður á milli vissra ríkja í heiminum.

Í hálfa aðra öld hefur gengið á sífelldum styrjöldum í heiminum. Það er óvenju friðsamlegt í veröldinni núna, að það skuli ekki vera stríð einhvers staðar úti í álfum á milli einhverra tveggja ríkja. Hvenær ætla þessir menn, sem samþykktu þennan samning, að kalla herinn burt af Íslandi, ef þeir treysta sér ekki til þess nú? Ég held, að það sé bezt fyrir þessa þm., sem standa á móti því að samþykkja þetta mál, að koma fram fyrir þjóðina með yfirlýsinguna um það, að þeir hafi verið með því 1945 að veita Bandaríkjunum herstöðvar til 99 ára og þeir séu með því enn. Ef þeir treysta sér ekki til þess að samþykkja þetta frv. nú, þá munu þeir ekki treysta sér til þess næstu öld, og ég skora á þá, ef þeir hafa einhverja manndáð í sér, að koma hér upp og verja sína afstöðu. Þeir sviku þennan samning yfir þjóðina utan þingsalanna. Þeir kúskuðu hann í gegn hér á Alþingi, eftir að þeir höfðu gert hann, án þess að þora að verja hann. Nú eiga þeir um tvo kosti að velja: annaðhvort að segja nú þessum samningi upp, vegna þess að friðsamlega horfi í veröldinni, eða þá að þeir lýsi því yfir, að þeir hafi alltaf ætlazt til þess, að Bandaríkjaher kæmi til þessa lands, yrði hér jafnt á friðartímum sem ófriðartímum og fengi hér sínar herstöðvar til 99 ára. Hitt skal ég viðurkenna, að það er barizt í heiminum með vopnum á nokkrum stöðum. En á hvaða stöðum er það? Það er barizt í Malajalöndum. Og hverjir eru það, sem berjast þar? Það er innfædd alþýða landsins, sem berst við her brezku nýlendukúgaranna, sömu mannanna sem eru að reyna

að kúga Ísland og hafa áður tekið Ísland herskildi. Það er barizt í Kenya, þar sem svartir bændur, sem hafa verið rændir sínum jörðum, eru að berjast við her brezkra níðinga, sem hefur verið sendur inn á þá til þess að drepa niður þá bændur, sem eru að reyna að verja sínar jarðir, til þess að setja þjóðina hundruðum þúsunda saman í fangabúðir og meðhöndla hana svipað og Hitler gerði á sínum tíma með þjóðir Evrópu. Og það er barizt í Norður-Afríku í Marokkó og Algier, þar sem þær þjóðir, sem þau lönd eiga, berjast fyrir sínu frelsi á móti Frökkum, sem hafa rænt þeirra landi. M. ö. o.: Það er á þrem stöðum háð barátta. Og við hvaða ríki er sú barátta háð? Sú barátta er háð við ríkin England, Frakkland, m. ö. o. tvö ríki Atlantshafsbandalagsins. Á einu stöðunum, þar sem barizt er innan ríkja í heiminum núna, er barizt við heri Norður-Atlantshafsbandalagsins, heri Frakklands og Englands, sem eru að halda niðri þjóðum, sem eru að berjast fyrir sínu frelsi, þjóðum, sem við Íslendingar höfum samúð með og við óskum að megi losa sig við þá ræningja, sem eru í þeirra löndum og hafa setið þar síðustu áratugina, eins og við höfum sjálfir losnað við þá ræningja, sem sátu hér öldum saman, og munum losna við þá ræningja, sem sitja hér nú.

Það er þess vegna vert fyrir okkur að muna það, að einu ríkin, sem beita þjóðir heimsins ofbeldi í dag, þannig að þær verða að verja sig með vopnum, eru bandamenn Íslands, Englendingar og Frakkar. Það eru herir Norður-Atlantshafsbandalagsins, sem þarna eru notaðir á móti þjóðum, sem eru að berjast fyrir sínu frelsi. Þess vegna held ég það sé nauðsynlegt, að þeir, sem gerðu þennan samning 1951, að óþörfu þá og undir ósönnum forsendum, segi til þess nú, hvort þeir hafi látið blekkjast til þess þá og verið í góðri trú eða hvort þeir hafi gert það vitandi vits að svíkja þennan samning yfir þjóðina og ætli sér að halda áfram að láta þennan samning vera í gildi, þó að allar forsendur, sem þeir sjálfir höfðu í sínum huga fyrir honum, séu fallnar.

Þetta er hvað snertir sjálf tildrög þessa samnings og hvernig honum var komið á. Um hitt ætla ég ekki að fjölyrða. Það höfum við tekið fyrir hér undir svo mörgum kringumstæðum, að ég ætla aðeins að minna á það. Áhrif herstöðvanna á Íslandi þessi tæp sex ár, sem herstöðvarnar hafa nú verið hér, hafa sýnt okkur til fullnustu, hvernig mundi verða umhorfs hér, ef þeir stjórnmálaflokkar, sem að þessum samningi standa, halda áfram að halda þessum samningi við næstu öld, eins og þeim virðist ríkast í huga. Við sjáum spillinguna, sem þessar herstöðvar valda íslenzku þjóðlífi, og það er bezt, að þeir menn, sem tala hér hæst annars um hættuna, sem okkar þjóðerni stafar af öllum mögulegum útlendum áhrifum, geri sér það ljóst, að mesta hættan stafar af þessum herstöðvum og öllu því, sem stendur í sambandi við þær. Við skulum í öðru lagi gera okkur ljóst og muna það, að sú efnahagslega ringulreið, sem á sér stað hér á landi núna og vissir stjórnmálaflokkar öðru hverju kvarta yfir, á ekki sízt rætur sínar að rekja til herstöðvanna og þeirra áhrifa, sem þær hafa út um allt.

Ég vil benda þeim mönnum á, sem tala um og hafa einhvern áhuga á því, að við þurfum að byggja upp okkar atvinnuvegi, hvernig horfi um slíkt, ef látið er haldast áfram eins og nú er, að íslenzkt vinnuafl sé meira og meira raunverulega togað inn í þessar herstöðvar. Ég veit, að það er hægt að lesa upp skýrslur, að það séu færri í ár en voru í fyrra. En hvað verður, þegar kosningar verða búnar, þegar Njarðvíkurhöfn og annað slíkt byrjar, þegar ný alda flæðir yfir landið af kröfum Bandaríkjanna um fleiri stöðvar?

Okkar þjóð var alin upp við heiðarlega og erfiða vinnu, og það hefur mótað alla hennar siðferðiskennd, alla hennar afstöðu og allt hennar mat. Það, sem er að gerast í sambandi við herstöðvarnar og áhrifin frá þeim, er, að siðferðisleg spilling, fyrst og fremst í sambandi við peningamálin, er að síast inn í þjóðfélagið. Öllu því, sem við höfum verið stoltastir af fram að þessu, öllu okkar mati á manngildinu er hætta búin. Ég hef áður og við sósíalistar minnt þá þm., sem að þessum samningi stóðu, á ábyrgðina, sem á þeim hvílir, og ég hef nú reynt að rifja nokkuð af því upp og sérstaklega með tilliti til alþjóðlega ástandsins lagt enn einu sinni þá spurningu fyrir þá, hvort þeir þori sjálfir að standa við það, sem þeir lýstu yfir 1951, að það væri aðeins meiningin, að þetta væri á ófriðartímum. Þeir standa frammi fyrir því, þeir flokkar, sem að þessu stóðu, að gera sig ómerka alls þess, sem þeir hafa sagt um þessi mál, ef þeir ekki samþykkja annaðhvort þetta frv. eða þær till., sem fara í sömu átt. Ég veit hins vegar, að það eru sterk öfl, sem halda í þessa menn og þessa flokka. Þeim er ekki sjálfrátt, þeim er stjórnað sem stendur frá Washington í krafti áhrifavalds, sem útlend stjórn hefur fengið á Íslandi, og í krafti valds, sem erlend auðmannastétt hefur náð hér vegna þeirra efnahagslegu tengsla, sem sköpuð hafa verið á undanförnum árum á milli Íslands og Bandaríkjanna. Hins vegar er gefið, að íslenzka þjóðin mun ekki hætta að berjast fyrir því að losa sig undan þessu fargi, og sú barátta á fyrir höndum að eflast. Þeir þm., sem stóðu að þessu máli upphaflega, hafa hins vegar nú tækfæri til þess að gera yfirbót, að sýna, að þeir hafi 1951 aðeins farið villir vegar og verið blekktir, en vilji nú standa við það, sem þeir álitu forsendur þá, standa við það að segja upp þessum hernámssamningi, þegar ekkert stríð er lengur á milli þjóða í heiminum, og það er sjaldgæft á þessari síðustu öld, að svo sé.

Hitt dettur engum manni í hug að taka trúanlegt, enda mundi þá líta nokkuð öðruvísi út um þessi mál, ef það ættu að vera herstöðvar á Íslandi, á meðan menn héldu áfram að vígbúast í heiminum. Vígbúnaður hefur átt sér stað nokkuð margar aldir, og ef á að vitna í, að það eigi sér stað enn þá vígbúnaður hjá ýmsum ríkjum í veröldinni og þess vegna verði að vera herstöðvar á Íslandi, þá játa þessir menn þar með, að þeir ætli sér að hafa herstöðvar á Íslandi að eilífu. Hitt er svo aftur rétt fyrir

þá að athuga betur, hvort það sé ekki nær, ef Ísland vilji fara að ræða alþjóðamálin þannig, að taka þá til athugunar þær yfirlýsingar, sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna hefur gefið út nýlega, og það var utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem fullvissaði Ísland um það 1949, að þess mundi ekki verða krafizt af Íslendingum, þegar þeir gengu í Atlantshafsbandalagið, að hér yrðu herstöðvar á friðartímum. Nú lýsir utanríkisráðherra Bandaríkjanna því yfir, að hann hafi þrisvar sinnum á einu ári hótað að beita kjarnorkusprengjum og hleypa þannig heiminum í bál. Og meðan slíkir vitlausir menn ráða ríkjum í því landi, sem stjórnar her hér á Íslandi, fer a. m. k. að vera vissara að hafa ekki neina menn hér á Íslandi, sem heyra undir þeirra lögsögn og hlýða þeirra skipunum, og vísa þeim brjálæðingum burt héðan. Það er bezt, að þeir menn, sem höfðu ábyrgðina á því að kalla bandaríska herinn inn hingað 1951 og ætla sér að halda honum hér áfram nú, geri sér fyllilega grein fyrir, hver þeirra ábyrgð er. Þess vegna höfum við nú gefið þeim kost á með flutningi þessa frv. að segja þessum samningi upp, að segja honum upp afdráttarlaust og ákveðið, og ég vil leyfa mér að vona, a. m. k. er það bezt fyrir þá sjálfa, að þeir átti sig á því í tíma, hvaða villur þeir hafa gert, og taki nú þátt í að leiðrétta þær.

Ég vil svo leyfa mér að óska þess að lokinni þessari umr., að þessu frv. sé vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Nd., 20. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Tollskrá o. fl. (frv. SB o. fl.).

Á 3. fundi í Nd., 12. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. l. nr. 90 1954, um tollskrá o. fl. [28. mál] (þmfrv., A. 28).

Á 5. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þetta frv. fer fram á, að felldir séu niður innflutningstollar af hljóðfærum. Það hefur háð undanfarin ár töluvert tónlist og tónmenningu Íslendinga, hversu háir tollar eru af hljóðfærum, og er full þörf að gera þar endurbót á til þess að örva slíkan innflutning.

Það má benda á, að skólabækur og aðrar bækur, sem inn eru fluttar, eru tollfrjálsar, og í rauninni ætti það sama að gilda um hljóðfæri. Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, náði þá ekki afgreiðslu, en er nú flutt að nýju af fjórum þdm. Ég vænti þess, að frv. fái góðar undirtektir á Alþ. Hér er um mikilsvert menningarmál að ræða, frv., sem snertir tónmenningu þjóðarinnar, og vil ég leggja til, að því sé vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 13:5 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Hvíldartími togaraháseta (frv. GJóh o. fl.).

Á 3. fundi í Nd., 12. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum [30. mál] (þmfrv., A. 30).

Á 5., 6. og 8. fundi í Nd., 14., 18. og 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur nú fyrir til 1. umr. og er á þskj. 30, er flutt af þm. Sósfl. í tíunda sinn hér í hv. deild. Rökin fyrir frv. þessu hafa margoft verið sett fram, bæði í ræðu og riti, utan þings og innan, og nú síðast í allýtarlegri meðfylgjandi grg., sem er að mestu óbreytt frá því, sem áður hefur verið. Í grg. er saga málsins að nokkru rakin, frá því að frv. var fyrst flutt hér á Alþingi.

Ég mun nú í stuttu máli draga saman það helzta, sem grg. bendir á úr sögu málsins á Alþ. og utan þess.

Á sumarþinginu 1942 var frv. fyrst flutt. Flm. þess var þá einn af þm. Sósfl., þáverandi 2. landsk., Ísleifur Högnason. Sjútvn. fékk frv. til meðferðar, en nefndin sá sér þá ekki fært að afgreiða málið, og dagaði frv. uppi í þinginu.

Næst var frv. flutt á þinginu 1946 af tveimur þm. Sósfl., þeim Hermanni Guðmundssyni og Sigurði Guðnasyni. Aftur fékk sjútvn. málið til meðferðar. Þá tók nefndin málið til umr. á fundi sínum fyrir atbeina fulltrúa Sósfl. í n. Nefndin tvíklofnaði um málið, fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl. lögðu til, að frv. yrði fellt, fulltrúi Alþfl. taldi sig ekki tilbúinn til að taka afstöðu til málsins, en fulltrúi Sósfl. studdi frv. og lagði til, að það yrði samþykkt. En það merkilega gerðist þrátt fyrir þetta, að d. láðist að afgreiða frv., og enn dagaði málið uppi á því þingi.

Á þinginu 1947 fluttu sömu þm. frv. í þriðja

sinn, en þá höfðu yfir 400 starfandi togarasjómenn samþykkt áskorun um að samþykkja frv. Sams konar áskoranir höfðu þá borizt frá þingi Alþýðusambands Íslands árið 1946 og áskoranir frá fjölda verkalýðsfélaga víðs vegar um allt landið. Andstæðingar frv. á Alþingi virðast hafa verið í töluverðum vanda staddir. Þeim hefur ekki fundizt það vera sérlega heppilegt að ganga beint á móti málinu og þar með á móti eindregnum vilja sjómannanna sjálfra og samþykkt Alþýðusambandsins og verkalýðsfélaganna. Það varð að finna út einhverja krókaleið. Fulltrúar Sjálfstfl. og Framsóknar í sjútvn. fundu leiðina. Nú lögðu þeir til, að frv. yrði vísað til ríkisstj. gegn loforði hennar um að athuga málið sjálf eða skipa nefnd til að athuga það. Fulltrúi Alþfl. í n. lýsti sig sammála þessari afgreiðslu. Fulltrúi Sósfl. var einn nm. fylgjandi frv. og lagði til, að það yrði samþykkt. Málinu var svo vísað til ríkisstj. í marzmánuði 1948.

Þremur mánuðum síðar skipaði þáverandi fors.- og félmrh., Stefán Jóh. Stefánsson, sex manna nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um hvíldartíma háseta á togurum. Tveir nm. voru skipaðir án tilnefningar, tveir tilnefndir af Sjómannafélagi Reykjavíkur og Sjómannafélagi Hafnarfjarðar og tveir af samtökum togaraeigenda.

Þm. Sósfl. voru á móti slíkri meðferð málsins. Þeir bentu á, að störf n. yrðu til einskis annars en að tefja framgang þess um ófyrirsjáanlegan tíma, enda kom það á daginn. Í rúmt ár var nefndin að velta málinu fyrir sér, og að lokum klofnaði nefndin í þrennt. Fulltrúar sjómanna lögðu að sjálfsögðu til, að lögboðin yrði 12 klst. hvíld á togurunum. Fulltrúar útgerðarmanna lögðu hins vegar til, að frv. um slíka lögfestingu yrði fellt, en stjórnskipuðu fulltrúarnir virðast enga skoðun hafa látið uppi í málinu, a. m. k. ekki opinberlega. Hlutverk sitt í nefndinni töldu þeir hafa verið og hefði átt að vera að bera sáttarorð á milli fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna, það hefðu þeir gert, en án árangurs.

Eftir að n. hafði lokið störfum haustið 1949, var frv. enn flutt snemma á næsta þingi. Meiri hluti sjútvn. lagði þá til, að málið yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá þess efnis, að eðlilegt væri, að sjómenn semdu sjálfir við útgerðarmenn um kjör sín. Meiri hluti Nd. samþykkti þessa afgreiðslu málsins.

Nú gerist það, að sjómenn tóku málið í sínar hendur, og eftir margra vikna verkfall tókst þeim að fá í gegn 12 klst. hvíld á saltfisksveiðum, en gömlu vökulögin giltu eftir sem áður varðandi ísfisksveiðar. Í fimmta sinn fluttu sósíalistar frv. þetta á Alþ. 1950 og í sjötta sinn 1951, alltaf gegn sömu andstöðu meiri hlutans á Alþingi. En togarasjómenn voru ákveðnir í því að halda baráttunni áfram, og eftir langvarandi verkfall unnu sjómenn sigur í málinu. 12 klst. lágmarkshvíld háseta var tryggð með samningum við togaraeigendur á öllum veiðum togaranna. Sjómenn tryggðu sér því rétt til 12 klst. hvíldar á sólarhring þrátt fyrir andstöðu Alþingis gegn þessu mikla hagsmunamáli togarasjómanna. Það hafði alltaf verið á valdi Alþingis að verða við þessari sjálfsögðu kröfu og forða þar með þjóðfélaginu frá tveim langvarandi vinnustöðvunum á togaraflotanum, sem kostuðu þjóðina milljónatugi í erlendum gjaldeyri.

Í núgildandi kjarasamningum togarasjómanna er, eins og áður hefur verið bent á, tryggður réttur til 12 klst. hvíldar á sólarhring. Þrátt fyrir það þótt svo sé, er engin trygging fyrir því, að ekki verði reynt að breyta þessu ákvæði togarasjómönnum í óhag og málið enn á ný gert þar með að hörðu deilumáli með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir báða aðila og þjóðina í heild. Fyrir þá hættu á Alþingi að girða og samræma núgildandi togaravökulög við það, sem er í núgildandi togarasamningum. Það verður að teljast furðulegt af hv. Alþingi að hafa ekki fyrir löngu fallizt á jafnsjálfsagða kröfu og sjálfsagðan rétt og þann að tryggja þeirri stétt manna, sem mest leggur á sig af flestum, ef ekki öllum stéttum þjóðfélagsins, 12 klst. hvíld á sólarhring, þegar það er þá jafnframt haft í huga, að flestar starfsstéttir þjóðfélagsins vinna ekki meira en frá 7 klst. og upp í 8 klst. Það er óhrekjandi staðreynd, að togarasjómönnum er það mjög mikið áhugamál að fá lögfesta 12 klst. hvíld á sólarhring. Verður ekki séð, að nein frambærileg rök mæli á móti því, að Alþ. verði við þessari sjálfsögðu kröfu og ósk togarasjómannanna, heldur hið gagnstæða.

Í sambandi við þetta mál er ekki úr vegi að benda á þá staðreynd, að íslenzkir sjómenn afkasta sjö sinnum meira en nokkrir aðrir sjómenn í heiminum. Þessum mönnum, sem þannig skara fram úr öllu því, sem annars staðar þekkist, hefur Alþingi Íslendinga neitað um að samþykkja löggjöf, sem tryggði þeim viðunandi hvíld við störf sín á hafi úti. Slík afstaða er með öllu óskiljanleg. Svo langt hefur verið gengið í andstöðunni á móti málinu, að meiri hluti þeirrar nefndar, sem frv. hefur verið vísað til, sjútvn., hefur mörg undanfarin þing ekki fengizt til að ræða málið á fundum í nefndinni og því síður fengizt til að skila nokkru nál. Ég verð að segja það í fullri alvöru, að slík afgreiðsla á máli eins og þessu er í alla staði óforsvaranleg, og það væri þá miklu nær, ef hv. alþm. eru á móti frumvarpinu, að fella það þá strax frá því að fara í nefnd, heldur en að samþykkja það með þeim ásetningi, að það fáist ekki afgreitt frá nefndinni.

Sósfl. hefur haldið baráttunni áfram fyrir málinu á Alþ., og hann mun halda henni áfram, þar til yfir lýkur, í fullu trausti þess, að réttur og góður málstaður sigri ætíð að lokum.

Í sjöunda sinn fluttu þm. Sósfl. frv. á Alþingi 1952, í áttunda sinn 1953 og í níunda sinn 1954, en alltaf hefur farið á sömu leið sem fyrr, Alþingi hefur ekki fengizt til þess að samþykkja frv.

Nú er frv. þetta flutt hér í hv. d. í tíunda sinn. Alþingi gefst því enn á ný tækifæri til þess að sýna, hvers það metur störf þeirra manna, sem vinna hin erfiðustu og lífshættulegustu störf á höfum úti.

Það er eindregin ósk okkar, sem erum flm. að þessu frv., að það fái nú á þessu þingi fljóta

og góða afgreiðslu og að frv. verði samþ. sem lög. Með því bætti Alþ. að nokkru fyrir margra ára andstöðu og óvild í garð togarasjómanna í þessu mikla hagsmuna- og menningarmáli þeirra.

Að lokum vil ég aðeins benda á, að nú nýverið áttu samtök sjómanna hér í Reykjavík 40 ára afmæli. Það væri því vel við eigandi, að hv. Alþ. sýndi samtökum togarasjómanna í Reykjavík og annars staðar þá velvild og skilning að færa þeim sem afmælisgjöf löggjöf um 12 tíma hvíld við allar togveiðar. Ég trúi ekki öðru, fyrr en á reynir, þrátt fyrir það þótt hv. Alþ. hafi sýnt vítavert skilningsleysi og andstöðu við þetta mál, en að það nú á þessum merku tímamótum samtaka sjómanna sjái sér þó fært að samþykkja þetta frv. sem lög og sýni þar með, að það kunni að meta þau miklu þjóðnytjastörf, sem sjómannastéttin vinnur í þágu þjóðfélagsins sem heildar.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn., í fullu trausti þess, að sjútvn. sjái sér nú fært að afgreiða málið og liggi ekki á því eins og undanfarin ár.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. sjútvn., á þskj. 343, var útbýtt 6. febr., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Jafnvægislánadeild við Framkvæmdabankann.

Á 3. fundi í Nd., 12. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um jafnvægislánadeild við Framkvæmdabanka Íslands [31. mál] (þmfrv., A. 31).

Á 6. og 9. fundi í Nd., 18. og 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Nd., 25. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Eiríkur Þorsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 31 flytjum við hv. þm. A-Sk. frv. til laga um jafnvægislánadeild við Framkvæmdabanka Íslands. Ástæðan fyrir því, að við flm. teljum nauðsyn bera til að flytja frv. slíkt og þetta, er, eins og segir í grg. fyrir því, hinn stöðugi straumur fólks og fjármagns til vaxandi bæja við Faxaflóa úr bæjum og þorpum við sjávarsíðuna á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austfjörðum svo og úr sveitum. Nokkur viðleitni af hálfu Alþ. og ríkisstjórnar hefur nú undanfarið átt sér stað til að ráða hér bót á. En þéttbýlið syðra með fjármagni sínu og öðru því, sem það hefur upp á að bjóða, dregur fólkið til sín eins og segull. Jafnvægisleysi færist í aukana, en í víðáttumiklum, frjósömum og fögrum byggðum landsins á sér víðast stað fólksfækkun eða er yfirvofandi.

Í lagafrv. þessu er gert ráð fyrir, að stofna skuli við Framkvæmdabanka Íslands sérstaka lánadeild, er nefnist jafnvægislánadeild. Hlutverk deildarinnar er að veita lán til að auka atvinnurekstur í þeim landshlutum, sem erfiðasta aðstöðu hafa sakir skorts á atvinnutækjum. Gert er ráð fyrir, að jafnvægislánadeild sé undir sérstakri umsjón þriggja manna stjórnar, sem annist lánveitingar úr deildinni. Stjórnina skipa samkv. frv. skrifstofustjórarnir í félmrn., atvmrn. og fjmrn., og er skrifstofustjóri félmrn. formaður stjórnarinnar. Fjár í jafnvægislánadeild er gert ráð fyrir að afla þannig, að ríkissjóður greiði með jöfnum framlögum á næstu fimm árum eftir gildistöku laga þessara 50 millj. kr. sem stofnfé deildarinnar. Til viðbótar því ábyrgist ríkissjóður allt að 100 millj. kr. lán, sem jafnvægislánadeild tekur til starfsemi sinnar. Skulu ríkisstjórnin og Framkvæmdabankinn hafa forgöngu um útvegun lánsfjárins. Gert er ráð fyrir, að jafnvægislánadeild veiti tvenns konar lán: A-lán af lánsfé deildarinnar gegn 1. veðrétti í botnvörpuskipum og iðnaðarfyrirtækjum, sem geta ekki fengið lán úr Fiskveiðasjóði Íslands eða Ræktunarsjóði Íslands, B-lán af stofnfé deildarinnar gegn síðari veðrétti í fiskibátum og skipum, iðnaðarfyrirtækjum og félagsmannvirkjum. Ætlazt er til, að þau lán, sem veitt verða úr jafnvægislánadeild, verði fyrst og fremst miðuð við að bæta úr skorti á atvinnutækjum á þeim stöðum, sem verst eru settir. Verja má 1/10 stofnframlags deildarinnar til að greiða til bráðabirgða rekstrarskuldir atvinnutækja, sem lán er veitt úr henni, þar sem um byrjunarörðugleika er að ræða.

Eins og alþjóð er kunnugt og ég hef áður minnzt á, hafa aðgerðir Alþ. og ríkisstjórnar ekki hrokkið til að halda uppi jöfnu öryggi í atvinnulífi hinna ýmsu byggða landsins. Fjármagnið og notkun þess er um of bundið við höfuðborgina og nágrenni hennar. Árstíðabundið atvinnuleysi veldur brottflutningi fólks úr kauptúnum og sveitum landsins. Unga fólkið, sem leitar þar burt frá heimahögum einu sinni, hverfur ekki heim aftur að jafnaði. Víðs vegar kringum landið hefur mjög dregið úr fiskveiði á bátamiðum fyrir ágang togara eða af öðrum ástæðum. Enn þá hefur ekki verið gerð nein alhliða ráðstöfun, sem vegur hér upp á móti. Í mörgum sjávarþorpum vantar því tilfinnanlega fisk til verkunar í fiskiðjuver, sem komið hefur verið upp með ærnum kostnaði, en eru m. a. af þessum ástæðum rekin með tapi. Samtímis verða heimamenn að leita sér atvinnu í öðrum landshlutum. Hér þarf nýrra aðgerða við. Í mörgum tilfellum verður að skipta um atvinnutæki. Nýjar iðngreinar þurfa að rísa og vera opnar fólkinu og geta tekið við fólksfjölguninni, hver á sínum stað. Blómlegt atvinnulíf skapar öryggi og eykur þrótt einstaklinganna til alhliða framkvæmda og dáða.

Það frv., sem hér liggur fyrir, á að gefa þeim stöðum, sem erfiða aðstöðu hafa, möguleika til

að fá fjármagn til uppbyggingar atvinnutækja. Það á að vera virkur þáttur í að skapa nauðsynlegt jafnvægi í byggð landsins og lífi þjóðarinnar, en það á ekki að vera neitt lokaátak, heldur vakning fyrir nýjum aðgerðum, sem hver fram af annarri á að auka viðnámsþrótt þjóðfélagsins til menningarlegrar og efnahagslegrar uppbyggingar. Í trausti þess vona ég, að hv. Alþ. sé mér sammála um, að afgreiða þurfi málið á þessu þingi. — Að lokinni þessari umr. óska ég svo málinu vísað til fjhn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég get tekið undir þau lokaorð hv. fyrra flm. þessa frv., að mjög æskilegt er og nauðsynlegt, að það Alþ., sem nú situr, samþykki einhverjar sérstakar ráðstafanir í þá átt, sem þetta frv. miðar að. Hitt er annað mál, að ég get ekki alls kostar verið sammála hv. þm. V-Ísf., að þetta frv. út af fyrir sig sé kannske það, sem endilega beri að samþykkja. Þessum málum hefur verið hreyft áður hér á hv. Alþ. Á síðasta þingi lágu fyrir nokkur frv., sem miðuðu í þessa sömu átt, m. a. frv., sem ég flutti hér í hv. Nd. ásamt nokkrum öðrum þm. um ráðstafanir til atvinnujöfnunar og í stórum dráttum var mjög hliðstætt þessu frv., sem hér liggur nú fyrir frá hv. þm. V-Ísf. og hv. þm. A-Sk., þó að þar sé á nokkur munur, sem ég mun lítillega víkja að.

Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. er fram komið hér, vegna þess að ég geri ráð fyrir, að það tákni það, að bæði flm. þess og væntanlega einnig flokksmenn þeirra hér muni hafa áhuga á að afgreiða málið frá Alþ. nú, þótt ekki tækist á síðasta þingi að fá samkomulag um afgreiðslu þess frv., sem ég og nokkrir aðrir þm. fluttum og fjallaði um sama efni, eins og ég áðan gat um. En þar sem þetta frv. gengur svo mjög í sömu átt, ætti að mega vænta þess, að auðið yrði að ná samkomulagi um að afgreiða málið frá Alþ. í viðunandi formi.

Ég tel sérstaka ástæðu til þess að fagna því, að þetta frv. kemur nú fram frá þessum hv. þm. Framsfl., vegna þess að ég geri ráð fyrir, að það megi líta svo á, að hæstv. fjmrh. geti þá fyrir sitt leyti fallizt á, að varið sé úr ríkissjóði því fé, sem hér um ræðir. Það er sama upphæð og gert var ráð fyrir í frv. okkar í fyrra, þó að vísu nokkru lengra árabil en þar var talað um, en upphæðin var þar 10 millj. kr. á ári, sem að hálfu leyti væri óafturkræft framlag, en að hinu leytinu lán. Er það vissulega gleðiefni, ef það eru möguleikar til þess að fá nú samþykki fyrir því, að 10 millj. verði til ráðstöfunar árlega í þessu skyni, hvort sem það yrði í formi þessarar deildar eða þess atvinnujöfnunarsjóðs, sem var um rætt í okkar frv. Það skiptir út af fyrir sig ekki meginmáli.

En ég verð að segja það, að ég skil ekki almennilega, hvaða hugsun liggur að baki því að tengja þessa svokölluðu jafnvægislánadeild við Framkvæmdabanka Íslands, vegna þess að það er gert ráð fyrir að setja sérstaka stjórn yfir deildina og hún sé að engu leyti tengd Framkvæmdabankanum að öðru en því, að í 3. gr. er gert ráð fyrir, að Framkvæmdabankinn hafi ásamt ríkisstjórninni forgöngu um útvegun þess lánsfjár, sem þar um ræðir. Ég hygg a. m. k. nokkurn vafa á því, að Framkvæmdabankinn og bankastjórn hans vildi fara að taka á sig sérstaka ábyrgð og samþykki á reikningum þeirra deilda, sem bankinn hefur ekkert yfir að ráða, eins og gert er ráð fyrir í 8. gr. frv., þar sem sagt er, að bankastjóri og bankaráð Framkvæmdabankans eigi að undirrita reikninga þessarar deildar. En þeir hafa samkvæmt frv. ekki neitt með ráðstöfun á lánsfé deildarinnar að gera. Ég held því, að að mörgu leyti væri heppilegra að tengja þetta ekki við sérstaka bankastofnun, heldur hafa þetta sjálfstæðan sjóð, þar sem um er rætt í 4. gr., að lánsfé því, sem þar um ræðir, 100 millj. kr., skuli varið til þess að lána gegn 1. veðrétti í botnvörpuskipum og iðnaðarfyrirtækjum, sem ekki geta fengið lán úr Fiskveiðasjóði Íslands og Ræktunarsjóði Íslands. Það getur verið, að það sé misskilningur hjá mér, en mér skilst, að í þessu felist, að það sé gert ráð fyrir, að þeir aðilar, sem vegna fjárskorts þessara tilteknu sjóða geta ekki fengið þar lán, skuli geta leitað til þessarar jafnvægislánadeildar. Ég er ákaflega hræddur um, ef þetta er hugsunin í gr., að niðurstaðan yrði sú, að Framkvæmdabankinn og þessir sjóðir, sem veita nú lán til fiskiskipa og frystihúsa og annarra framkvæmda, mundu láta sitja á hakanum þessa staði, ef þeir sjá fram á, að þarna er deild, sem á að taka að sér að lána til framkvæmda á þessum tilteknu stöðum, ef fé sjóðanna hrekkur ekki þar til. Þannig verður ekki sýnt af þessu, hversu miklar hagsbætur sérstaklega þeir staðir, sem hafðir eru í huga með þessu frv., njóta af þessu ákvæði. Það er auðvitað alltaf vinningur að því að fá aukið fjármagn til útlána, það er gagn fyrir alla heildina, og við vitum, að það er auðvitað mjög tilfinnanlegur fjárskortur til kaupa á þeim tækjum, sem hér um ræðir, bæði til þeirra staða, þar sem atvinnuleysi er, og raunar um allt land, þannig að ef þessar 100 millj. fengjust, væri það vissulega vinningur að fá þær inn í þessa lánastarfsemi. En þetta er ég hræddur um að geti orðið nokkur fjötur um fót þeim hugmyndum, sem liggja að baki hjá hv. flm., ef það er um of ávísað á það, að þarna sé sjóður til staðar, ef hinir sjóðirnir leysa ekki sitt hlutverk af hendi. Mér finnst vera miklu nær lagi og í rauninni fullkomlega réttlátt að ætlast til þess, að blátt áfram séu þeir staðir látnir sitja fyrir með lánsfé úr fiskveiðasjóði og öðrum stofnlánasjóðum, þar sem skortur er atvinnutækja til þess að halda uppi fullri atvinnu. Það er ekki annað en réttlætiskrafa og skynsamleg krafa, ef ekki á allt að stefna í þá átt, að fólkið þyrpist saman á mjög takmarkað svæði á landinu, eins og hv. frsm. vék að.

Þá er enn fremur annað atriði í þessu, sem gerir að verkum, að það gæti orðið nokkuð erfitt um vik hvað kjör snertir fyrir þessa aðila að taka umrædd lán, því að það segir svo í næstsíðustu málsgrein, að vextir af A-lánum skuli vera jafnir almennum útlánsvöxtum í bönkum á hverjum tíma. Lánsvextir fiskveiðasjóðs og enn fremur ræktunarsjóðs eru nú

töluvert fyrir neðan hina almennu útlánsvexti banka, vegna þess að þegar talað er um almenna útlánsvexti í banka, er það almennt skilið svo, að þar sé átt við víxilvexti, og þeir eru auðvitað mun hærri en vextir af lánum úr fiskveiðasjóði og öðrum stofnlánasjóðum sjávarútvegs og landbúnaðar eru. Það væru þannig vissulega engin kostakjör að þurfa að taka lán með slíkum vöxtum. Það kann vel að vera, að hv. flm. eigi við einhver önnur vaxtakjör, en það er ekki ljóst af orðalagi greinarinnar annað en að merkingin hljóti að vera sú, að það eigi að vera almennir útlánsvextir, þ. e. a. s. víxilvextir.

Það má kannske segja, að þessar athugasemdir mínar séu ekki höfuðatriði málsins, enda játa ég fúslega, að svo er ekki, þó að það auðvitað skipti miklu máli, ef á að ná ákveðnum tilgangi með tiltekinni lagasetningu, að hún sé þannig úr garði gerð, að það séu líkur til, að þeim tilgangi verði náð. Það mun gefast hér síðar kostur á að ræða annað frv., sem nú liggur fyrir hv. Nd. um sama efni og þetta og er nokkuð samhljóða því frv., sem ég vék hér að áðan að hefði verið flutt í fyrra, og ég álít fyrir mitt leyti, að bæði sé þar um viðtækari ráðstafanir að ræða, og auk þess er það mín skoðun, að það sé líklegra, að þær leiðir, sem þar er bent á, nái þeim tilgangi, sem bæði við flm. þess frv. og flm. þessa frv. stefna að, því að ég hygg, að óhætt sé að fullyrða, að tilgangur okkar sé nákvæmlega sá sami. En um það má auðvitað endalaust einnig deila, hvaða ráðstafanir séu skynsamlegastar í þessu sambandi. Höfuðatriðið er það, að menn reyni að koma sér niður á einhverja ákveðna lausn í sambandi við þetta mikla vandamál. Það er að vísu svo nú, að það má sennilega segja, að það sé almennt góð atvinna um land allt eða hafi verið a. m. k. á þessu sumri, en það breytir ekki þeirri staðreynd, að þetta er vandamál, sem alltaf er við að glíma, vegna þess að möguleikarnir til fjáröflunar og til lífsafkomu eru miklu betri hér á Suðvesturlandi en á öðrum stöðum á landinu, þannig að það er vissulega þörf að gefa þessu máli gaum, þótt það sé kannske í bili ekki svo mjög mikið atvinnuleysi og raunar víða skortur á verkafólki.

Það er nú starfandi nefnd, sem skipuð var eftir till., sem hér var samþykkt á Alþ. fyrir nokkru. Á nefnd þessi að gera áætlun eða tillögur um áætlun í þá átt að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Þær ráðstafanir hljóta auðvitað að verða miklu viðtækari en um er að ræða í þeim frv., sem hér hafa legið fyrir, enda er þetta, eins og hv. flm. þessa frv. gat um í ræðu sinni, auðvitað ekki nema einn þáttur í því stóra vandamáli. Mönnum kann nú kannske ýmsum að sýnast, að eðlilegt sé, að allt þetta bíði þess tíma, að það liggi ljóst fyrir, hvað út úr þeim athugunum kemur. En ég er flm. þessa frv. sammála um það, að ekki sé auðið að bíða þess tíma með ráðstafanir hliðstæðar þeim, sem þetta frv. og það frv., sem ég minntist á áðan, fjalla um. Það hefur verið viðurkennt af hv. Alþ. með því að verja á ári hverju í fjárlögum ákveðinni upphæð til atvinnuaukningar á ýmsum stöðum á landinu. Þetta fé hefur komið að góðum notum, en vegna þess að þetta er veitt frá ári til árs, en ekki fyrir fram neitt ákveðið skipulag á því, verður þetta alls ekki að því gagni sem skyldi, og ekki er hægt að taka þetta mál jafnkerfisbundið til athugunar og þörf væri á. Það þarf að vera til einhver ákveðin stofnun, sem kynnir sér þessi mál til hlítar, hvernig atvinnuástand er víðs vegar um land, og reynir síðan ekki aðeins að úthluta fé eftir umsóknum hverju sinni, heldur að mynda sér skoðun um það, hvaða ráðstafanir væru skynsamlegastar á hverjum stað til þess að bæta úr atvinnuástandinu þar og skapa varanlega atvinnu. Þetta er vandamál, sem ekki aðeins við Íslendingar höfum við að glíma, heldur margar aðrar þjóðir. Það er straumur af fólki úr sveitum og minni þorpum til kaupstaðanna, og það er atvinnuþróunin, sem að ýmsu leyti hefur valdið þessu og hefur gert eðlilegt, að þessi tilflutningur fólks væri nokkur. En það gefur auga leið, að það er mikil vá fyrir dyrum, ef þessir flutningar verða of miklir, þannig að allur þróttur er dreginn úr byggðarlögunum víðs vegar um land vegna þessara fólksflutninga. Það hefur líka lamandi áhrif á þá, sem eftir eru, þegar nágrannar þeirra flytjast á brott, og dregur úr trú þeirra á það, að þeir geti áfram bjargað sér á viðkomandi stað. Þetta vandamál er því þess eðlis, að þess er mikil þörf, að það verði tekið til vandlegrar íhugunar.

Ég fyrir mitt leyti tel það höfuðnauðsyn, að málið verði efnislega afgreitt héðan frá hinu háa Alþ., og ég legg því ekki út af fyrir sig kapp á það, hvort það verður breytingarlaust afgreitt eitthvert eitt eða annað frv. í því efni, heldur að þeim tilgangi verði náð, sem allir þeir stefna að, sem hafa hreyft þessu máli hér. Ég endurtek það, að ég fagna því, að þetta frv. er fram komið, því að það gefur auknar vonir um, að vaxandi áhugi og skilningur sé á þessum málum og að það megi þess vegna gera sér góðar vonir um, að þáð náist um það samkomulag hér að koma upp einhvers konar jafnvægislánadeild eða atvinnujöfnunarsjóði, í hvaða formi sem það verður, til þess að gegna því hlutverki, sem hér er gert ráð fyrir. Tel ég sérstaka ástæðu til að gleðjast yfir því, að flokksmenn hæstv. fjmrh. hafa talið, að það væri hægt að fá því til leiðar komið, að ríkissjóður legði nú fram 10 millj. kr. árlega í þessu skyni.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að vekja með örfáum orðum athygli á skringilegu sjónarspili, sem haft er í frammi hér á hinu háa Alþ. af hálfu stuðningsflokka núverandi hæstv. ríkisstj. Þessar umr. eru einn þátturinn í þessu sjónarspili. Aðrir þættir hafa farið fram á undan, og enn aðrir eiga vafalaust að koma á eftir.

Á síðasta Alþ. báru 4 þm. Sjálfstfl. fram frv. til l. um ráðstafanir til atvinnujöfnunar. Samkvæmt því átti að stofna atvinnujöfnunarsjóð, sem í átti að renna fé úr ríkissjóði og nota síðan til lánveitinga í atvinnujöfnunarskyni, til þess að seðja einhvern hluta af því fjármagns-

hungri, sem vitað er að á sér stað víða úti um landsbyggðina og er staðreynd. Að baki þessa frv. mun varla hafa staðið mikil alvara. Það voru engar alvarlegar tilraunir gerðar hér á Alþ. a. m. k. til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Það var ekki barizt alvarlega eða harkalega fyrir því. Það var lagt fram, haldnar snotrar ræður til þess að mæla fyrir málinu, það var gert mikið úr því á síðum Morgunblaðsins og Ísafoldar, og þar með mun tilganginum hafa verið náð. Málið var áróðursmál fyrst og fremst. Hafi verið háð hörð barátta fyrir því, hefur sú barátta verið háð innan veggja stjórnarráðsins og þá við hinn stuðningsflokk ríkisstj., og virðist Sjálfstfl. hafa beðið ósigur í þeim orustum.

Þetta var einn af fyrri þáttunum í sjónarspilinu, og nú kemur sá þáttur, sem við erum staddir í núna. Hann er í því fólginn, að tveir þm. Framsfl. bera fram frv., sem er í ýmsum atriðum skylt, fjallar um lausn á sama vandamálinu, nema hvað þetta frv. er allt glæsilegra, allt stórtækara. Í hinu fyrra frv. var gert ráð fyrir 5 millj. kr. árlegu framlagi í a. m. k. tvö ár. Hér er gert ráð fyrir 10 millj. kr. stofnframlagi árlega í næstu 5 ár eftir gildistöku laganna og svo auk þess hvorki meira né minna en 100 millj. kr. lánsheimild.

Nú skulum við athuga, hvaða alvara getur staðið að baki flutningi frv. eins og þessa. Alþ. samþ. í fyrra löggjöf um húsnæðismálastjórn, löggjöf, sem ætlað var að reyna að ráða bót á hinu brýnasta vandamáli, sem nú steðjar að í íslenzku þjóðfélagi, húsnæðisskortinum. Í því frv., sem var mjög rækilega undirbúið og stjórnarflokkarnir höfðu velt á milli sín í meira en ár, tekið hafði meira en ár að semja, var gert ráð fyrir að tryggja 100 millj. kr. lánsfé í a. m. k. tvö ár til íbúðabygginga. Ríkisstj. hefur haft meira en hálft ár til að hrinda þessum lögum í framkvæmd, og henni hefur ekki tekizt að útvega, að því er heyrzt hefur, nema rúmlega 1/10 af þessu lánsfé enn, og til skamms tíma voru lánveitingar úr þessum sjóði alls ekki byrjaðar. Mér er sagt, að þær hafi að vísu verið hafnar nokkrum dögum eftir að fsp. var borin fram hér á hinu háa Alþ. um það, hvers vegna lán úr húslánasjóði hafi ekki verið hafin enn þá, þá hafi þeir loksins tekið rögg á sig og veitt nokkur lán, og ber því sannarlega að fagna. Þegar nefnd fsp. kemur á dagskrá hér í þessum sal á morgun, verður vonandi hægt að skýra frá því, að nokkur lán hafi verið veitt úr húslánasjóði. Hitt er vafalaust staðreynd, annars fæst það upplýst endanlega á morgun, að ekki nema lítill hluti þess fjár, sem þó er skylt að tryggja til húsbygginga í landinu samkvæmt gildandi lögum, hefur fengizt tryggður til þessara brýnu þarfa. Samt sem áður er hér lagt fram frv. um það, að nú eigi að tryggja 100 millj. kr. lán handa jafnvægislánadeild til þess að fullnægja fjármagnsskortinum úti um hinar dreifðu byggðir landsins. Ekki er nema von, að manni detti í hug, hvort ekki væri nær fyrir hv. stjórnarflokka að reyna að standa við þau lög, sem þegar eru samþ., áður en sett eru fram frv., sem gera aðrar eins kröfur til lánsfjárútvegunar og standa í gildandi lögum og ekki hefur tekizt að standa við.

Frv. eins og þessi verða því miður ekki tekin alvarlega, þetta frv. ekki frekar en frv. um ráðstafanir til atvinnujöfnunar í fyrra, bæði eru áróðursfrumvörp.

Sök sér væri það, ef stjórnarflokkarnir hefðu í frammi áróður gagnvart stjórnarandstöðunni, sem ætlað væri að setja stjórnarandstöðuna í nokkurn vanda, það mætti segja, að væri eðlilegt. En hitt er fyrst og fremst spaugilegt, að stjórnarflokkarnir skuli þing eftir þing flytja frv., sem þeir hljóta að vita að enginn getur tekið alvarlega og eru áróður og þess vegna aðeins hlægilegur áróður, sem þeir beita hver gagnvart öðrum.

Þetta frv., sem heitir frv. um jafnvægislánadeild við Framkvæmdabanka Íslands, gæti alveg eins vel heitið frv. um jafnvægi í áróðri á milli stjórnarflokkanna, því að það er það. Er að mörgu leyti mjög miður farið, að þingstörfin skuli af hálfu stjórnarflokkanna ekki vera tekin alvarlegar en svo, að borin séu þing eftir þing fram frv., sem fyrst og fremst bera á sér áróðursvip. Það er ekki til þess að auka virðingu fyrir þingmeirihlutanum eða fyrir stjórnarforustunni í þessu landi, að þannig skuli vera farið að.

Hitt er svo öldungis rétt, sem báðir ræðumennirnir, sem talað hafa, hafa bent á, að fjármagnsskorturinn úti um hinar dreifðu byggðir landsins er mjög alvarlegt vandamál. Hann er kannske ekki síður alvarlegt vandamál en húsnæðisskorturinn í kaupstöðunum, og það þarf sannarlega ekki síður á þessu máli að taka en húsnæðisvandanum í kaupstöðunum, en um lausn þess vanda gilda þegar ákveðin lög, sem hæstv. ríkisstj. hefur ekki tekizt að standa við. Þess vegna kynni maður betur við, að þau frv., sem fram væru borin til lausnar á fjármagnsskortinum úti um hinar dreifðu byggðir, bæru á sér svolítið meiri raunveruleikasvip en þessi frv., sem minnzt hefur verið á í umræðunum og ég hef svolítið gert að umtalsefni og því miður verður á þessu stigi a. m. k. að stimpla sem áróðursfrumvörp fyrst og fremst.

Flm. (Eiríkur Þorsteinsson): Herra forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Eyf. (MJ) fyrir ummæli hans um frv. mitt, þótt hann sé mér ekki algerlega sammála. En ég verð að segja það, að enda þótt eitthvað kunni að vera líkt í þessu frv. okkar framsóknarmanna og frv. þeirra félaga um ráðstafanir til atvinnujöfnunar, sem þeir hv. 2. þm. Eyf. og fleiri fluttu hér í fyrra og er komið aftur fram í d. nú í ár, þá tel ég, að ég geti vel við það unað, enda þótt sjálfstæðismenn hafi flutt hitt frv.

Hv. þm. benti á ýmislegt, sem hann taldi að betur hefði mátt fara í frv., t. d. það, að hann sjái ekki ástæðu til að tengja það við Framkvæmdabanka Íslands. Ég sé nú ekki, að það séu neitt veigamikil rök á móti frv., þótt t. d. framkvæmdin á útlánum deildarinnar ætti sér að einhverju leyti stað í Framkvæmdabanka Íslands. Stjórn er ákveðin í frv., þrír ákveðnir menn, sem eru skrifstofustjórar í stjórnarráðs-

deildunum, og málið er ekki komið á það stig, að það sé ekki alveg eftir að ráða fram úr því, hvernig framkvæmdin yrði á þessu, og það yrði þá framkvæmdin að einhverju leyti, sem ætti sér stað í Framkvæmdabanka Íslands. Ég sé ekki, að það séu nein rök á móti frv. út af fyrir sig, þó að þessi starfsemi, þegar hún er hafin, fari fram í Framkvæmdabankanum.

Ég furðaði mig líka á því, að hv. 2. þm. Eyf. virtist hálfhneykslaður á því orðalagi, að lánin eiga að ganga til þeirra staða, sem erfiðasta eiga aðstöðu, því að ég hef litið svo á, að allar slíkar ráðstafanir sem hér um ræðir beri fyrst og fremst að gera fyrir þá. Ég held, að ég hafi skilið það rétt, að hann teldi, að fyrst ætti að fara fram nákvæm rannsókn á því, hvaða staðir þetta væru. Þessar rannsóknir hafa ekki legið fyrir enn frá neinum lögákveðnum aðilum í sambandi við úthlutun á atvinnubótafé, sem útbýtt hefur verið, svo að ég tel, að þetta ákvæði geti staðizt eins og það er í frv. og eins og ég gerði grein fyrir í minni ræðu.

Þá benti hv. 2. þm. Eyf. á það, að frv. þeirra sjálfstæðismanna fæli í sér miklu víðtækari ráðstafanir. Ég sé ekki, að við þurfum að deila um það, að frv. okkar geta bæði verið góð fyrir sig, þó að þau séu að einhverju leyti um skyld málefni.

Ég fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því, að það liggi fyrir rannsókn á atvinnuháttum þjóðarinnar og slíkar ráðstafanir sem hér um ræðir gætu komið sem jafnast og bezt niður; það eru orð í tíma töluð, sem við sjálfsagt þurfum ekki að deila um.

Hvað viðkemur svo aftur ræðu hv. 1. landsk. (GÞG) um sjónarspil í þessu frv. á Alþ. sérstaklega, þá hygg ég, að það sjónarspil sé sízt meira hér í þessu máli en á sér stað í fjöldamörgum öðrum málum. Þá ætti ekki að þurfa að tengja þetta mál neitt sérstaklega við framkvæmd húslánasjóðs. Það er ekki komið á neinn framkvæmdagrundvöll, þó að það sé hér til 1. umr. í hv. d. Ég veit ekki betur en verið sé að leysa húsnæðismálin samkvæmt löggjöf frá síðasta þingi og útlán deildarinnar byrji næstu daga.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég býst við, að það sé alveg rétt hjá hv. þm. V-Ísf. (EirÞ), að þetta frv. Framsfl. sé ekkert meira sjónarspil en margt annað, sem stjórnarflokkarnir koma með. Hins vegar kemst maður ekki hjá því, þegar litið er á fyrirsögnina á þessu frv., að brosa. Þetta jafnvægi, sem þessir blessaðir stjórnarflokkar eru alltaf að tala um, virðist nefnilega aðeins hafa, þegar öllu er á botninn hvolft, þá einu meiningu hjá þeim, að það verði að vera eitthvert jafnvægi á milli þeirra sjálfra.

Hv. 1. landsk. (GÞG) benti hér á, að sjálft frv. mundi vera flutt til þess að skapa jafnvægi á milli stjórnarflokkanna, og það er eins og mér finnist, þegar ég sé þetta frv., að einmitt till. um að koma nú upp einni nýrri deild og það við Framkvæmdabanka Íslands eigi frá hálfu Framsfl. að vera tilraun til þess að skapa ofur lítið jafnvægi í sambandi við stjórnina á bönkunum í landinu núna, að þeir vonuðust e. t. v. eftir því, að það yrðu eitthvað meiri ítök, sem þeir ættu kannske í svona lánadeild, heldur en orðið er nú í stjórnum sumra bankanna. Þeim finnst víst jafnvægið hafa eitthvað raskazt þar upp á síðkastið, og kannske ekki alveg að ástæðulausu.

Mér finnst satt að segja þetta orð: jafnvægislán, orðið, sem þarna er notað, vera ákaflega leiðinlegt orð fyrir stjórnarflokkana sjálfa. Það minnir mann alltaf á, að það eigi nú að sjá um einn hlut, þegar lánað sé út úr bönkum, og það sé, að það haldist jafnvægi á milli stjórnarflokkanna eða það, sem við stjórnarandstæðingar höfum stundum kallað helmingastaðaskipti. Ég gæti bezt trúað, að miklu sannara yrði þetta frv., ef stjórnarflokkarnir gætu yfirleitt komið sér saman um að flytja svona frv., ef þar stæði, að stofna skyldi sérstakan jafnvægislánabanka, sem allt fé úr öðrum bönkum skyldi síðan renna í, fyrir þeim banka skyldu vera tveir bankastjórar, annar útnefndur af Framsfl. og hinn af Sjálfstfl., lán í hvert kjördæmi landsins skyldu annast tveir aðilar, annar máske þingmaður annars þess flokks og hinn frambjóðandi hins flokksins. Ég gæti trúað, að ef maður fengi eitthvað slíkt frv. frá stjórnarflokkunum í sameiningu, mundi það máske helzt nálgast eitthvað það, sem virðist liggja þeirra hjarta næst, a. m. k. þegar að framkvæmdum kemur, og það þyrfti ekki annað en að líta á eða birta þm. listann yfir, hvernig atvinnubótasjóðunum svokölluðu hefur verið úthlutað á síðustu árum, til þess að sjá, út frá hvaða sjónarmiðum það er gert.

Ég held þess vegna, að það væri bezt fyrir hv. stjórnarflokka að fara að hætta öllu þessu tali um jafnvægi. Það minnir of mikið á þeirra eigin jafnvægistilraunir og jafnvægisæfingar í sambandi við fjárlán og fjárútveganir, alla þeirra helmingaskiptapólitík, því að á sama tíma sem mest hefur verið talað um nauðsynina á því að skapa jafnvægi í þróun atvinnulífsins á Íslandi, hefur það jafnvægi, sem var, raskazt meira en nokkru sinni fyrr. Það er alveg auðséð, að allt þetta tal um að bæta að einhverju leyti úr neyðarástandinu, sem ríkir í þrem landsfjórðungum núna, er ekkert nema einber hræsni hjá þessum stjórnarflokkum. Og það heldur áfram að vera hræsni hjá þeim, á meðan þeir skiptast á um að flytja frv. hver um sig þing eftir þing og koma sér síðan saman um að svæfa hvert einasta frv. í n., einmitt sín eigin frv., og fást ekki til þess sjálfir, þó að stjórnarandstaðan bjóði þeim allt fylgi til þess að afgreiða frv. úr nefnd.

Ég held, að það sé nær fyrir menn en að halda áfram þessu sjónarspili, eins og hv. 1. landsk. þm. nefndi það réttilega, að taka til alvarlegrar umr., hvers konar þróun það er, sem er að gerast í þjóðfélaginu, reyna að athuga orsakir hennar, grafast fyrir rætur hennar og ráða þannig við þá hreyfingu, sem er á fjármagninu, vinnuaflinu og þar af leiðandi byggðinni í þjóðfélaginu. Auðvitað er á okkar valdi að ráða við þetta, og það er á valdi þeirra aðila, sem hafa meiri hluta hér á Alþ. og stjórna ríkinu.

Við skulum athuga, hvað það er, sem þarna

kemur til, hvernig stendur á því, að fjármagni skuli svo að segja vera einbeitt að atvinnuframkvæmdum í suðvesturhluta landsins, að þess vegna skuli það litla fjármagn, sem kann að hafa verið í hinum þrem landsfjórðungunum, streyma hingað, að vinnuaflið skuli streyma á eftir og byggðin þannig færast með mannfólkinu hingað á suðvesturkjálka landsins.

Orsökin til þessa er sú, að hreyfingar fjármagnsins eru eftirlitslausar og stjórnlausar af hálfu ríkisins. Þeir menn, sem finnst gróði að því að setja fjármagn fyrst og fremst í atvinnutæki, ráðstafa sínu fjármagni þangað, sem líklegast er að það gefi gróða. Þetta er lögmál kapítalismans, lögmál auðvaldsskipulagsins, og ef þetta lögmál er látið óhindrað, þá þýðir það, að fjármagn þjóðarinnar og þar af leiðandi vinnuafl þjóðarinnar og eftir það byggðin í landinu dregst þangað, sem eigendum fjármagnsins á hverjum tíma þykir hentugast gróðasjónarmiðsins vegna að stofna atvinnutæki.

Nú er það samt svo, að ríkið á alla bankana á Íslandi, og ríkið gæti ráðið yfir þessum hreyfingum fjármagnsins, svo framarlega sem ríkinu væri stjórnað með það fyrir augum að ráða því, hvers konar hreyfing er hjá mannfólkinu í landinu með byggðina.

Bönkum þjóðarinnar er hins vegar stjórnað frá því sjónarmiði, hvernig þeir bankar geti grætt bezt, frá því sjónarmiði, að gróðasjónarmiðið verði að vera þar ráðandi við ráðstöfun fjármagnsins. Ef það kemur til banka maður, sem segir: Ég get ávaxtað fjármagn vel með því að setja það í atvinnutæki á suðvesturhorni landsins, — og svo kemur til hans annar maður, sem segir: Ég er hér með dugandi sjómenn í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu eða annars staðar, sem vilja fá togara til þess að gera út, en ég veit ekki, hvernig það borgar sig, en það er lífsnauðsyn fyrir þetta fólk, — þá segja bankarnir: Það er gróði að því að láta fjármagnið í atvinnutæki eða verzlun eða eitthvað slíkt, sem sett er upp á Suðvesturlandi, en það er ekki gróði að því að láta það til Vestur-Ísafjarðarsýslu eða Strandasýslu — eða eitthvað slíkt.

M. ö. o.: Ef þetta gróðasjónarmið er látið vera það ráðandi sjónarmið við ráðstöfun atvinnutækjanna, ráðstöfun lánsfjárins, þá þýðir þetta, að þessi þróun verður blind og við ráðum ekkert við hana, og það er ekki til neins að koma hér þing eftir þing og segja við okkur í stjórnarandstöðunni hér á Alþ.: Við viljum endilega fá jafnvægi í þróun byggðarinnar á landinu, og það eru hreinustu vandræði, hvernig þetta gengur, — og þora svo ekki að grípa inn í þessa þróun og stjórna henni. Við getum stjórnað þessari þróun. Við getum ráðið þessu. Meiri hluti Alþ. og ríkisstj. getur ráðið þessari þróun. Ríkisstj. getur ráðstafað fjármagninu í landinu þangað, sem hún álítur vera rétt að setja það af þjóðarnauðsyn, en þá verður hún fyrst og fremst að ráðstafa því út frá þjóðarnauðsyninni, en ekki frá gróðasjónarmiðum, m. ö. o., hún verður að brjóta á móti þeim lögmálum kapítalismans, þeim lögmálum auðvaldsskipulagsins að láta fjármagnið sækja í blindni þangað, sem mestur gróði er að því, og veita fjármagninu þangað, sem það er mönnunum, en ekki peningunum nauðsynlegt að það fari.

Það þýðir með öðrum orðum, að þegar við horfum á það ægilega ástand, sem er að skapast og fer sífellt versnandi í þessum þrem landsfjórðungum, þá verðum við að gera okkur ljóst, að það er ríkið sjálft, sem verður að grípa þarna inn í þróunina af fullum krafti og breyta til. Það þýðir um leið, að við verðum að breyta um alla þá atvinnupólitík, sem rekin hefur verið á undanförnum árum. Við verðum að setja strik yfir allt þetta svokallaða frelsi í viðskiptunum, frjálsa hreyfingu fjármagnsins. Við verðum að taka upp skipulagðan þjóðarbúskap um þessa hluti a. m. k. að meira eða minna leyti, gera ráðstafanir af hálfu ríkisins til þess að tryggja, að fé sé varið til þeirra hluta, sem í þessu sambandi þarf að gera, og gera um leið ráðstafanir til þess að sjá svo um, að bönkum þjóðarinnar sé þannig stjórnað, að þeir hafi ekki gróðasjónarmiðið, heldur þjóðarþarfirnar fyrir augum. Þetta hefur verið gert áður hér á Íslandi. Við höfum áður gripið svona inn í þessa þróun. Þetta er ekkert nýtt í hreyfingu fjármagnsins á Íslandi, að það einbeitist að Suðvesturlandi. Frá því að togaraútgerð myndaðist hér á Íslandi, var öll sú togaraútgerð fyrstu 40 árin í Reykjavík og Hafnarfirði, að undanteknum einum eða tveim togurum á Patreksfirði. Öll stórútgerð, öll togaraútgerðin, einbeittist að Suðvesturlandinu og að einum einustu tveim stöðum, því að þar var kapítalið, þar var fjármagnið, og þar voru bankarnir. Það er ekki fyrr en nýsköpunarstjórnin tekur ákvörðun út frá því að skipuleggja þjóðarbúskapinn um það að kaupa allmarga togara til landsins, — og eins og menn muna, var Framsfl. frekar smeykur við slíka ráðstöfun, — og ráðstafa þannig, að svo og svo mikið af þessum togurum skyldi geta lent úti á landi til ákveðinna bæjarfélaga þar og samtaka, sem bæjarfélög og einstaklingar mynduðu. Það þurfti að gera allmiklar ráðstafanir til þess að tryggja þetta. Það þurfti að gera ráðstafanir til þess að láta ekki fjármagnið blint ráða þessu. Það hefði enginn, ekki einn einasti togari af nýsköpunartogurunum farið á þá staði, þar sem nú er risinn upp blómlegur atvinnuvegur, blómleg togaraútgerð eins og á Akureyri og annars staðar, svo framarlega sem það hefði ekki verið gerð sérstök ráðstöfun af ríkinu, af meiri hluta Alþ., til þess að tryggja þetta, og það kostaði enga smáræðis baráttu á móti þeim, sem vilja láta fjármagnið fá að ráða sér sjálft og í blindni. Það kostaði okkur heilt þing hér að berjast fyrir að fá í gegn stofnlánadeild sjávarútvegsins, ákvörðunina um það að verja 100 millj. kr. til þess að lána þeim, sem vildu kaupa togara, m. a. bæjarfélögum, og lána þeim allt upp í 85% af kostnaðarverði togaranna og það með 2½% vöxtum til 20 ára. Það þurfti m. ö. o. að brjóta algerlega í bága við alla þá bankapólitík, sem rekin hafði verið fram að þessu, og það varð að keyra þetta fram hér í þinginu, m. a. gegn harðri andstöðu núverandi hæstv. fjmrh. Framsfl. og Landsbankans, sem þá stóð á bak við hann.

M. ö. o.: Alþingi getur gripið inn í þessi mál

og getur stjórnað þessum málum, og eins og Alþ. á þeim tíma, fyrir 10 árum, tók þá ákvörðun að koma upp togaraútgerð á fjölmörgum stöðum á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi, eins getur Alþ. nú tekið þá ákvörðun að tvöfalda togaraútgerðina, sem þar er. Það er hægt á þessu þingi að taka þá ákvörðun að kaupa 15—20 togara og lána þá til þessara staða, sem þurfa á þessu að halda. Og það er alveg vitanlegt, að togarar, sem kæmu til þessara staða, mundu beinlínis snúa atvinnuþróuninni við. Það mundi ekki þurfa að kvarta sérstaklega yfir atvinnuleysinu á Vestfjörðum, eftir að það væru komnir 5—6 togarar þangað. Það mundi ekki þurfa að horfa upp á þá blómlegu byggð við Húnaflóann, í Strandasýslunni og Austur-Húnavatnssýslunni, eyðast meir og meir, þó að það væri ekki kominn nema einn togari í Húnaflóann, sem legði til skiptis upp í Hólmavík og Höfðakaupstað. Það er hægt að snúa þessum vitlausa straumi við, sem nú er í þjóðfélaginu, svo framarlega sem við vitandi vits stjórnum þessari þróun. Við getum virkjað þennan straum á sama hátt og við virkjum okkar fallvötn. En við verðum að setja stíflur til þess, við verðum að stjórna því, hvernig hreyfing vatnanna verður, þegar við virkjum þau, og eins verðum við að stjórna því, hvernig fjármagnið hreyfist, með þeim ákvæðum eða lögum, sem við samþykkjum hér á Alþingi.

Þetta þurfa þeir góðu menn, sem tala mikið um jafnvægið á milli landsfjórðunga, að reyna að gera sér ljóst. Þeir þurfa að grafast fyrir orsakir hlutanna. Og þegar þeir eru búnir að sjá orsakir þessarar hreyfingar, þá þurfa þeir að brottnema þær orsakir, sem núna valda þessum mannflutningum, og það er auðvelt. Fólk mun sannarlega ekki síður una vel í þeim byggðum, sem lengi hafa verið blómlegar, þeim þrem landsfjórðungum, sem nú stríða við svona harða baráttu, þegar þeir landsfjórðungar væru búnir að fá meira af atvinnutækjum, heldur en það unir sér nú við að flytjast í fjölmennið hingað til suðvesturhluta landsins.

Það, sem þess vegna þarf að gerast, ef við ætlum að ráða bót á þessum málum, er ekki að stofna bara einhverja litla deild í einhverjum litlum banka. Við þurfum að breyta sjálfri fjármálapólitíkinni, sjálfri pólitíkinni, sem ræður efnahagsþróuninni í þjóðfélaginu. Það er auðvelt verk fyrir okkur, ekki sízt í þjóðfélagi, þar sem allir bankarnir eru ríkisbankar.

En því er nú verið að leggja til að skapa nýja deild í þessu efni? Það eru deildir fyrir, sem geta framkvæmt þetta. Það eru bankar fyrir, sem geta framkvæmt þetta. Það er t. d. til banki, sem heitir Landsbanki Íslands, og Landsbanki Íslands hefur meira að segja seðlaútgáfuna léða frá Alþingi, frá ríkinu. Hann hefur allra banka þægilegasta aðstöðu, hann er engin smádeild í nýsköpuðum banka, hann er sá gamli þjóðbanki. Hann hefur meira að segja deild, sem heitir stofnlánadeild sjávarútvegsins og samkv. l. frá Alþingi ber að lána út fé til togarakaupa, til fiskibátakaupa, til fiskiðjuvera, til 15—20 ára með 2½% vöxtum, og það þarf ekki annað af hálfu Alþingis en að taka ákvarðanir um það að sjá um, að þessi l. séu almennilega framkvæmd og þessi stofnlánadeild, sem upphaflega var 100 millj., sé ekki alltaf minnkuð, heldur aukin. Það er enginn vandi að finna nú þegar stofnanir, sem eiga að anna þessu hlutverki og hafa á sínum tíma unnið að þessu hlutverki, þó að þær hafi verið drepnar niður af því fjármálaafturhaldi, sem ástandið hér á Íslandi síðustu 7—8 árin hefur einkennzt af. Ég held þess vegna, að ef einhver alvara fylgir slíkum málum sem þessum, ætti að athuga alvarlega, hvort sú n., t. d. fjhn., sem fær þetta til meðferðar, geri ekki sínar ráðstafanir til þess að breyta þannig um í bankapólitíkinni, að þetta væri hægt.

Þá er eitt atriði, sem rétt er að minnast á. Það er í sambandi við, að Framsfl. leggur til í þessu frv., að það sé tekið 100 millj. kr. lán, og ég vil vonast til þess, að hv. flm. þessa máls geti lýst því yfir, og þarf kannske alls ekki einu sinni að lýsa því yfir, heldur megum við máske ganga út frá því sem sjálfsögðu máli fyrir hans hönd, að auðvitað sé hæstv. fjmrh., sem jafnframt er einn af stjórnendum Framkvæmdabankans, því samþykkur, að þetta lán sé tekið, og efist ekki um, að hægt sé að útvega það, og ég verð að segja, að mér þykir mjög vænt um að heyra slíka yfirlýsingu frá hálfu Framsfl., að einmitt fjmrh. hans skuli vera orðinn svo bjartsýnn í lánveitingamálunum, að hann hiki ekki við að leggja hér fram till. um, að við tökum lán upp á 100 millj. kr. — ég býst við erlendis — til þess að kaupa togara, fiskibáta og annað slíkt handa þeim þremur landsfjórðungum, sem nú eiga við mesta erfiðleika að stríða. Það er mjög gott að fá slíka yfirlýsingu frá hæstv. fjmrh., einmitt með tilliti til þess, að hann var núna nýlega að gefa nokkra yfirlýsingu um, að það væru ein fjögur lán, sem þeir væru nú að reyna að útvega hjá Alþjóðabankanum og hefði nú raunverulega gengið hálftreglega með, og var þó í þessum fjórum lánum, sem hann taldi upp, ekki talið með lán til Sogsvirkjunarinnar að upphæð 120 millj. kr., sem líka þarf að útvegast og það strax.

Það er ákaflega ánægjulegt, að hæstv. fjmrh. og Framsfl. skuli vera orðinn svo bjartsýnn í sambandi við lánveitingamálin, sérstaklega með tilliti til þess, að mér finnst Sjálfstfl. vera orðinn eitthvað bölsýnn með þessa hluti. A. m. k. er það haft eftir einum af hans forustumönnum, hv. 7. þm. Reykv., borgarstjóranum í Reykjavík, að sérfræðingar erlendis álitu fjárfestingu á Íslandi of mikla og of öra, og ég þykist vita nokkurn veginn, hverjir þessir sérfræðingar séu. Ég þykist vita, að það sé von á þessum sérfræðingum hingað til lands nú kannske um þessi mánaðamót eða í byrjun næsta mánaðar og að það séu sérfræðingar frá Alþjóðabankanum. Ég er ákaflega hræddur um, að borgarstjórinn í Reykjavík hafi að einhverju leyti satt að mæla um álit þessara sérfræðinga. Ég er nefnilega hræddur um, að þeir, sem stjórna Alþjóðabankanum, séu haldnir einhverri líkri firru og þeirri, sem t. d. bankastjóri Framkvæmdabankans hefur gengið með og mjög mikið hefur gætt hjá ýmsum hagfræðingum

hér á Íslandi upp á síðkastið, þeirri firru, að við Íslendingar þurfum að taka eitthvert tillit til þess, hvort það sé jafnvægi í okkar viðskiptum hér innanlands, þegar við erum að taka ákvarðanir um okkar fjárfestingu. Það hefur verið reynt undanfarið að knýja okkur til að fylgja þeirri pólitík, að við mættum ekki festa meira fé hér á Íslandi en við með því að hafa verzlun við útlönd frjálsa gætum fengið fólkið til að leggja til hliðar og spara á hverjum tíma.

Ég hef áður komið að því hér og skal ekki ræða lengi um það, að ég álít alla slíka pólitík vitleysu, enda hefur hún algerlega misheppnazt. Við Íslendingar þurfum á mjög örri fjárfestingu að halda, við þurfum að byggja upp okkar atvinnutæki og við þurfum að byggja hús á okkar landi, hús yfir þjóð, sem átti svo að segja engin varanleg hús um síðustu aldamót, og við getum ekki gert þetta með því að halda um leið frjálsri verzlun við útlönd og leyfa þjóðinni að kaupa til landsins á sama tíma hvaða skran sem hugur hennar girnist. Við verðum að hafa stjórn á verzlunarviðskiptunum við útlönd, og við verðum að hafa stjórn á okkar fjárfestingu. Þetta tvennt verður að gera samkv. skipulögðum áætlunum um okkar búskap og hans uppbyggingu. Þegar einn maður er að byggja hús, þegar menn eru að þræla við það núna, t. d. hér í Reykjavík og annars staðar, að koma hér upp þaki yfir höfuðið, þá verður sú fjölskylda að spara, sem vinnur að því, og hún verður að leggja mikið að sér, og hún gerir það. Og þegar þjóðin ætlar að byggja hús yfir höfuðið á sínum þegnum og útvega okkar duglegu verkamönnum góð tæki til þess að vinna með á sjó og landi, þá verðum við að líka að geta sparað við okkur svo og svo mikið, sem okkar auðmannastétt og ýmsir fleiri mundu annars girnast að flytja inn, ef allt væri frjálst. Meðan hins vegar sérfræðingar Alþjóðabankans líta svo á, að Íslandi beri fyrst af öllu að hafa frjáls viðskipti við útlönd, koma þeir alltaf til með að segja, að fjárfesting hér á Íslandi sé of ör og of mikil. M. ö. o.: Ef við Íslendingar ætlum að byggja upp ekki sízt atvinnulífið í þeim þremur landsfjórðungum, sem nú eru í vandræðum, þá verðum við að taka nokkurt tillit til sérfræðinga, sem hugsa ekki um okkar þjóðarbúskap og hans þarfir út frá sjónarmiði okkar Íslendinga. Það þýðir ekki þar með, að við þyrftum ekkert lán til einhverra þeirra hluta, sem við gerum hérna.

Ég er fyrir mitt leyti alveg óhræddur við þá till. hæstv. fjmrh. Framsfl. að taka 100 millj. kr. lán, sem felst í þessu frv., og það erlendis. Ég er alveg óhræddur við það, ef því láni er fyrst og fremst varið til þess að auka okkar atvinnutæki, sem efla okkar útflutning. Ég vonast til þess, að menn skilji, að það er mjög mikill munur á því, hvernig við verjum þeim lánum, sem við fáum erlendis. Ef við verjum lánum, sem við fáum, til að kaupa t. d. togara ásamt hraðfrystihúsum, auka okkar vélbátaflota, þá þýðir það um leið, að við getum tvöfaldað þann útflutning, sem við nú höfum, og við yrðum ekki í neinum vandræðum með markaðinn fyrir það. Það þótti mikið, þegar talað var um það hér á árunum að tryggja 30 þús. tonn af hraðfrystum fiski sem ársframleiðslu. Við erum komnir upp í 50 þús. tonn núna, og við getum framleitt 100 þús. tonn af hraðfrystum fiski án þess að þurfa að vera í nokkrum vandræðum með markaði. Okkur er óhætt að auka flota okkar hvað það snertir. En ef við ætlum að taka lán erlendis, þá verðum við um leið að verja ákveðnum, allmiklum hluta af því láni til þess að koma upp þeim atvinnutækjum, sem auka okkar útflutning.

En ég veit, að Alþjóðabankinn mun ekki vera sérstaklega ginnkeyptur fyrir að lána okkur til að kaupa togara, — eða hvaða reynslu hafa hv. stjórnarfl. af því? Hvernig var með þá 10 togara, sem keyptir voru 1948, eftir að Marshallaðstoðin komst á, einu togarana, sem keyptir voru, eftir að hún var samþykkt? Þeir voru keyptir í trausti þess, að það fengist lán frá Marshallstofnuninni, og Marshallstofnunin neitaði um þau lán. Það varð að taka bráðabirgðalán í Englandi til þess að borga þá. Það hefur alltaf andað köldu frá þeim amerísku sérfræðingum og valdhöfum í bankamálum til okkar togararekstrar, og ég held, að ef við eigum að samþ. þessa till. hæstv. fjmrh. Framsfl. og þeirra flokksmanna hans, sem hér leggja hana fram, um 100 millj. kr. lán erlendis, þá verðum við að horfast í augu við, að við verðum að leita annað en til Alþjóðabankans, og það álít ég líka vera nauðsynlegt. Ég álít nauðsynlegt, að við brjótum alveg af okkur þá einokun, sem Alþjóðabankinn er að reyna að taka á lánveitingum til Íslands. Um það er ég reiðubúinn að ræða við hv. þm. og ráðh. Framsfl., þegar ég er orðinn alveg sannfærður um, að þeir meini fullkomlega að standa við þá till., sem þeir hér hafa flutt.

Hins vegar vil ég lýsa því yfir, að ef þeim þm. Framsfl. er einhver alvara með það, sem þeir koma hér fram með, þá stendur þeim til boða trygging fyrir því að geta komið þessu máli í gegnum þingið. Alþfl. hefur hér áðan og nú Sósfl. tekið afstöðu með því að setja svona mál í gegn. Nú er það Framsóknarflokksins að segja til. Og ef það eru einhverjir aðrir hlutir, sem hann ber fyrir sig í því sambandi eða ber fyrir brjósti, við skulum segja stjórnarsamstarf eða eitthvað þess háttar, sem hann er hræddur um, þá er hann búinn að heyra, að meira að segja Sjálfstfl. virðist nú hafa vissa tilhneigingu til þess að koma þessu í gegn. M. ö. o.: Það er bezt, að það fái að sýna sig núna, hver alvara býr á bak við þetta, það er bezt, að það komi greinilega í ljós, og það mun verða fylgzt með því í fjhn., hvort menn verða með því að afgr. þetta frv., jafnvel eitthvað í breyttu formi, eins og gjarnan mætti vera, og skapa tryggingar fyrir því, að þau lán, sem þarna er lagt til að taka, séu tekin. M. ö. o.: Hafi þm. Framsfl. aðeins meint þetta sem sjónarspil, þá vil ég vara þá við að leggja út í slík sjónarspil hér á Alþingi. Meini þeir það sem alvöru, þá skulum við líka gera alvöru úr því.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég tel nú ekki ástæðu til að gera hér sérstaklega að umtalsefni ræðu þá, sem hv. 2. þm. Reykv. flutti, sú ræða hefur í meginatriðum verið flutt við mörg tækifæri hér á Alþingi og í sambandi við margvísleg mál, þannig að hv. þm. fara að kannast við hana, sérstaklega hina miklu andstöðu hv. 2. þm. Reykv. og andúð hans á því, að það sé talað um orðið jafnvægi, sem fer alveg sérstaklega í taugarnar á honum, og það er raunar skiljanlegt að það geri það, vegna þess að flokksbræður þessa hv. þm. hafa það sem mjög mikið kappsmál sitt að koma í veg fyrir, að það geti orðið nokkurt jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það hafa þeir sýnt að undanförnu, og það er augljóst, að þeir hafa ekki breytt um þá stefnu. Þetta þekkja allir hv. þm., og þetta veit þjóðin í heild, þannig að það kemur engum á óvart.

Það minnir mig dálítið á Cato gamla, er hv. 2. þm. Reykv. fer að tala um Landsbankann, þegar hann minntist á Karþago í gamla daga, að hann sér hvarvetna rautt, þar sem Landsbankinn er annars vegar. Og það má nú kannske segja, að það sé ekki svo merkilegt, þó að hann sjái rautt, en hann sér þar draug fyrir, sem allt illt stafi af, og að öll þessi peningavandamál séu ósköp auðleyst með því að gefa út meiri seðla, það hafi Landsbankinn í sinni hendi, og Alþ. geti skyldað bankann til þess að leggja fram svo og svo mikið í þessu eða hinu skyni. Ég sé ekki ástæðu til að fara um það frekari orðum í þessu sambandi. Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., að það er vitanlega hægt að hafa á það mikil áhrif, hvernig þróun peningamálanna er og hvernig ráðstafað er því lánsfé, sem til reiðu er á hverjum tíma. Það er vitanlega skylt að gera það eftir þeim meginsjónarmiðum, sem ég hygg að við séum sammála um að stefna í þá átt, svo að ég komi nú aftur að þessu hættulega orði, að skapa jafnvægi í landinu, þannig að atvinnumálin geti þróazt með eðlilegu móti og fólk geti búið við svipuð lífskjör, hvar sem það á heima á landinu.

Hv. 1. landsk. þm. ræddi hér mikið um áróðursmál, og það var, að því er virtist, honum ákaflega nýtt að hugsa sér, að það væru flutt mál á þingi sem áróðursmál. Ég hygg nú í sannleika sagt, að meginhluti þeirra mála, sem flutt eru í þingi, sé áróðursmál, þannig að flokkar og menn beita sér fyrir málum, bæði af því, að þeir hafa þá skoðun, að þau mál séu góð og gagnleg, og einnig vegna hins, að þeir álíta, að það sé þjóðinni eða umbjóðendum sínum þóknanlegt, að menn beiti sér fyrir slíkum málum, þannig að flestöll þingmál munu að þessu leyti vera áróðursmál. Og ég er nú anzi hræddur um, að ýmis þau mál, sem bæði hans flokksbræður og ýmsir aðrir hv. stjórnarandstæðingar flytja, mundu þeir kannske ekki flytja, ef þeir hefðu stjórnarábyrgð og ættu að standa andspænis því að þurfa að annast framkvæmd þeirra hugmynda sinna. Það er nú eins og gengur. Hitt atriðið, hvort við flytjum þau frv., sem við höfum lagt hér fram, sem áróðursmál og höfum engan áhuga á því, að þau nái fram að ganga, um það verður auðvitað hver og einn að hafa sína skoðun. Ég fullyrði, að það sé ekki um slíkt að ræða, heldur höfum við fullan vilja og áhuga á því, að þessi mál nái fram að ganga.

Það er á það bent, hvernig standi á því, að þessi mál séu ekki knúin fram, þar sem yfirlýstur sé stuðningur stjórnarandstæðinga við ein eða önnur frv., sem fram koma. Það er auðvitað jafnljóst þessum ágætu mönnum einnig, að það eru engin vinnubrögð í slíku, þegar samstarf er milli tveggja flokka um stjórn landsins, hvað sem slíkir flokkar heita, að þeir fari til skiptis að afgreiða ein og önnur mál með stjórnarandstöðuflokkunum. Auðvitað verða þeir fyrst og fremst að ná samstöðu um þau innbyrðis, ef samstarf á áfram að halda. Og það, sem ég lýsti hér áðan ánægju minni yfir, var einmitt það, að nú lægju frammi frá báðum þessum flokkum hliðstæðar till. í sambandi við þetta vandamál, sem hér er við að stríða og það mætti því mjög mega vænta þess, að það væri hægt að ná um það samkomulagi nú að afgreiða þetta mál í einu eða öðru formi. Og ég tek undir það með hv. 2. þm. Reykv., að það er mjög æskilegt, að hv. fjhn. athugi það til hlítar, og verður áreiðanlega ekkert illa séð, þó að hann reyni að reka á eftir afgreiðslu málsins þar eins og hann getur, síður en svo.

Það er alveg rétt, sem hér var minnzt á áðan, að það hefur því miður ekki verið hægt að fullnægja lánsfjárþörf úr hinum ýmsu sjóðum, sem starfandi eru, bæði fiskveiðasjóði og ræktunarsjóði. En að því hefur verið unnið að afla fjár til þessara sjóða, og verður auðvitað að leggja áherzlu á, að svo mikils fjár verði aflað í því skyni sem auðið er. En enda þótt nóg fé væri til í þeim sjóðum til þess að lána eftir þeim reglum, sem þar um gilda, þá haggar það ekki nauðsyn þess, að til þyrfti að vera sérstök lánsstofnun, sem lánaði eftir nokkuð öðrum sjónarmiðum en þeir sjóðir gera og til viðbótar þeim lánum, sem þaðan eru veitt. Lán þau, sem veitt hafa verið t. d. af atvinnuaukningarfé, eru ekki veitt til þess að koma í stað þessara sjóða, heldur til viðbótar lánum þaðan til aðila, sem eiga við sérstaka fjárhagserfiðleika að stríða. Og það er full þörf á, að einhver slíkur sjóður sé til, hvað sem hann heitir. Um það held ég að við getum verið sammála. Og það er ekki hægt að vænta þess nema að mjög takmörkuðu leyti, að hinar almennu bankastofnanir geti lánað eftir þessu sjónarmiði, og þess vegna nauðsynlegt, að annar aðili geti sinnt því hlutverki.

Ég sé nú ekki þörf á að orðlengja þetta miklu frekar. Það var aðeins eitt, sem ég vildi leiðrétta hjá hv. þm. V-Ísf., sem hann lagði mér í munn, að ég hefði sagt, að það þyrfti fyrst að gera ráðstafanir til þess að rannsaka atvinnuástand, áður en hægt væri að fara að hefja lánveitingar. Það var alls ekki mín meining, heldur benti ég á, að það væri æskilegt, að til væri einhver stofnun, hvort sem hún væri samsett af skrifstofustjórum ráðuneyta eða kjörin af Alþingi, er væri nú kannske eðlilegra, sem varanlega starfaði að því að gera sér grein

fyrir, hvernig efnahagsástand og atvinnutækjaþörf er á einstökum stöðum á landinu, og sú stjórn hefði yfirráð yfir þeim sjóði, sem stofnaður yrði í því skyni, því að það er ekki endilega víst, að það sé þarfast, sem lánsbeiðnir eða lánsumsóknir koma um. Það getur vel verið, að af sérfróðum mönnum væri hægt að benda viðkomandi aðilum á, að það væri kannske eitt og annað, sem væri skynsamlegra fyrir þá að gera á þeim stöðum til þess að tryggja atvinnu, þannig að þetta þarf að vera í fastara formi en verið hefur. Það var mín meining með því, sem ég sagði.

Ég hygg, að misskilningur hv. þm. liggi í því, að ég taldi vera nokkuð varhugavert að tengja þetta um of við sérstaka lánsstofnun, þessi A-lán, og að gera ráð fyrir, að þau ættu að koma í stað lána, sem lánuð yrðu úr öðrum stofnunum, vegna þess að það er mjög hætt við því a. m. k., að það mundi leiða til þess, að viðkomandi sjóðir mundu segja sem svo: Ja, við erum þá losaðir við þær áhyggjur að þurfa að lána á þessa staði. Þarna er til deild, sem tekur það af okkur. — Ef það á jafnframt að vera svo, að þau lán verði lánuð með hærri vöxtum en gildir í stofnlánasjóðunum, sem nú eru, þá eru ákaflega vafasöm, svo að ekki sé meira sagt, fríðindi af því að hafa þessa tilhögun, þannig að þetta atriði þarf auðvitað að takast til endurskoðunar, hver svo sem niðurstaðan að öðru leyti verður í þessu máli.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. fyrri flm. þessa frv., hv. þm. V-Ísf., hefur gert fyrir því svo skýra og skilmerkilega grein, að ég þarf í raun og veru engu við það að bæta. En ég vildi leyfa mér með örfáum orðum að leiðrétta tvö atriði, sem fram komu í ræðu hv. 2. þm. Eyf. og mér virðist vera á misskilningi byggð.

Það kom fram í ræðu hv. 2. þm. Eyf., að hann teldi það mikið álitamál, hvort rétt væri að tengja þessa lánsstofnun við Framkvæmdabanka Íslands, og jafnvel óeðlilegt, þar sem bankastjóri Framkvæmdabankans ætti ekki að annast úthlutun lánanna, að hann undirritaði ársreikninga deildarinnar.

Ég vil vekja athygli á því, að sú skipan, sem hér er lögð til, hefur að nokkru leyti hliðstæðu, þar sem er húsbyggingasjóður, þar sem útlánin fara fram í Landsbanka Íslands í veðdeildinni, en upphæð lánanna og ákvörðun þeirra er tekin af sérstakri stjórn, sem yfir sjóðinn er sett. En þar sem afgreiðsla lánanna fer fram í einum banka, þá er að því leyti eðlilegt, að bankastjóri eða bankastjórn þess banka riti nöfn sín á ársreikninga deildarinnar til samþykkis því, að þeir séu rétt gerðir. Í annan stað vil ég benda á það, að fjármagns til lánadeildarinnar á að afla að verulegu leyti með lántöku, ef til vill erlendri lántöku. Og í 3. gr. frv. segir, að ríkisstj. og Framkvæmdabankinn hafi forgöngu um útvegun lánsfjárins. Að þessu leyti gæti orðið að því allverulegur stuðningur, að Framkvæmdabankinn væri þarna með í ráðum og legði sitt lóð á vogarskálina til þess að fá sem mest fé til deildarinnar.

Þá virtist mér koma fram misskilningur í ræðu hv. 2. þm. Eyf., þar sem segir í 4. gr., að A-lán skuli veitt af lánsfé deildarinnar gegn 1. veðrétti í botnvörpuskipum og iðnaðarfyrirtækjum, sem geta ekki fengið lán úr Fiskveiðasjóði Íslands eða Ræktunarsjóði Íslands. Mér virtist hv. þm. skilja þessa gr. þannig, að hér væri átt við það, að þeir, sem fengju ekki lán úr ræktunarsjóði eða fiskveiðasjóði vegna fjárskorts þeirra sjóða, ættu að leita til þessarar deildar og yrðu þá að hlíta þeim kjörum að fá þar lán með hærri vöxtum en fiskveiðasjóður og ræktunarsjóður veita. Þessi skoðun er á misskilningi byggð. Hér er einungis átt við iðnaðarfyrirtæki, tilvísunarsetningin í greininni vísar til orðsins iðnaðarfyrirtæki, sem lögum samkvæmt falla ekki undir það að geta fengið lán úr ræktunarsjóði eða Fiskveiðasjóði Íslands, t. d. ýmsar félagsframkvæmdir í sveitum, og a. m. k. gagnvart ræktunarsjóði hefur framkvæmdin orðið sú, að hann hefur ekki lánað til ýmissa fyrirtækja, sem lögin heimila þó að sé gert, vegna þess að hann hefur viljað takmarka það fé, sem hann hefur til útlána, við þrengra svið en lögin sjálf heimila honum.

Þetta vildi ég að kæmi fram við þessa umr. málsins, ef það mætti verða til þess að koma í veg fyrir misskilning að þessu leyti.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það voru nokkur orð út af því, sem hv. 2. þm. Eyf. (MJ) sagði hér áðan út af minni ræðu. Hann sagðist hafa heyrt hana áður; og það er vafalaust rétt hjá honum. Það er því leiðara, að hann skuli ekkert hafa af henni lært. Ég er nú allvanur því hér í þingi eins og annars staðar að halda áfram að boða það, sem ég álít rétt, og segja mönnum það, sem nauðsynlegt er að þeir læri, jafnvel þó að menn séu nokkuð tregir við lærdóminn. Ég er jafnvel vanur því hér í þinginu, að það sé tekið heldur verr á þessu en hv. 2. þm. Eyf. gerði, sem gerði það nú af mikilli kurteisi, og að ég sé jafnvel kallaður skýjaglópur og annað slíkt fyrir alls konar kenningar, sem ég sé hér að boða. En mér hefur aldrei brugðizt það, að á endanum hefur þó tekizt að koma annaðhvort þjóðinni eða þinginu eða jafnvel hvoru tveggja í skilning um, að það væri rétt. Og fyrst orðið jafnvægi og hvernig ég tek því fer nú svona mikið í taugarnar á hv. 2. þm. Eyf., þá langar mig til þess að reyna að skýra það ofur lítið betur fyrir honum, hvernig stendur á því, að ég er stundum ofur lítið „irriteraður" yfir þessu orði og þess notkun. Þetta orð hefur verið einna mest notað af hálfu ýmissa þm. Sjálfstfl. og Framsfl. utan af landi um það, hve nauðsynlegt væri að skapa jafnvægi í byggðinni á Íslandi. Svo hefur þetta orð hins vegar verið notað allmikið af þeim hagfræðingum ríkisstj., sem hún álítur vera mjög óskeikula um, hvers konar jafnvægi eigi að vera í þjóðarbúskapnum.

Jafnvægiskenning hagfræðinga ríkisstj. er í stuttu máli sú, að svo framarlega sem fjármagnið, kaupgetan og annað slíkt fái að hreyfa sig nokkurn veginn frjálst í landinu, verzlunin sé nokkurn veginn frjáls og þar með fjárfestingin nokkurn veginn frjáls, þá sé allt saman í lagi,

þá sé jafnvægi í þjóðarbúskapnum, þetta frelsi með tilheyrandi aðgerðum bankanna viðvíkjandi vöxtum á útlánum skapi jafnvægi í þjóðfélaginu. Þessi jafnvægiskenning og tilraunir til þess að framkvæma hana hefur á síðustu 7—8 árum leitt til stöðnunar í okkar þjóðarbúskap og sérstaklega stöðnunar í þeim hluta hans, sem sker úr um þróunina í landinu, m. ö. o. stöðnunar í þróun stórvirkra atvinnutækja við sjávarsíðuna. Þessi jafnvægiskenning eða kenningin um jafnvægið í þjóðarbúskapnum hefur leitt til þessarar stöðnunar. *Hún hefur jafnframt* leitt til annars. Hún hefur leitt til þess, að menn hafa sjálfir, hver einstaklingur, getað ráðið því, hvernig þeir verðu sínum fjármunum út frá því, hvernig þeir álitu að helzt yrði að því gróði. Ég nefndi hér dæmi í gær um útlán bankanna, aukninguna á útlánum til verzlunarinnar á árinu 1953, að það hefðu aukizt útlánin til verzlunarinnar um 74 millj. kr., á sama tíma t. d. sem útlán til húsbygginga hefðu aukizt um 3 millj. kr. rúmar og útlán til togara hefðu verið núll, eins og hefði verið á undanförnum árum, þ. e. til að kaupa *nýja* togara. *Jafnvægiskenningin* í þjóðarbúskapnum, verzluninni og fjármálunum í framkvæmd hefur leitt til þess, að menn hafa sett hlutfallslega meira en áður af sínum tekjum í að kaupa alls konar glysvarning og slíkt og kaupa t. d. bílana, að bankarnir hafa sett sérstaklega mikið fé í að gera heildsölunum mögulegt að birgja sig að birgðum, sem nú eru jafnvel að setja sumar verzlanir á hausinn, m. ö. o. að eyða þjóðarauðnum á ákaflega óhagkvæman hátt, en draga úr því að beina þjóðarauðnum að því, sem nauðsynlegt var til þess að auka hann, sem sé að því að skapa framleiðslutækin, sem notuð væru við sjávarsíðuna til að auka útflutninginn. Hver hefur nú orðið afleiðingin af þessum framkvæmdum á jafnvægiskenningunni í þjóðarbúskapnum? Jú, afleiðingin af þeim hefur einmitt orðið sú að hleypa allri þessari gróðafíkn í þjóðarbúskapinn hér á Suðvesturlandi, framkalla allan þennan straum, fyrst fjármagns, síðan vinnuafls og að lokum byggðarinnar frá landsfjórðungunum þremur hingað til Reykjavíkur. M. ö. o.: Tilraunin til að framkvæma jafnvægið í þjóðarbúskapnum hefur einmitt orðið til þess að raska jafnvæginu milli landsfjórðunganna, þ. e. jafnvæginu í byggð landsins.

Það er von, að maður verði dálítið leiður á að heyra þetta tvennt boðað hér, annars vegar af hagfræðingum stjórnarflokkanna og ríkisstjórninni og hins vegar af þingmönnum stjórnarflokkanna utan af landi: jafnvægið í þjóðarbúskapnum og jafnvægið í byggð landsins. Og það er ekkert undarlegt, þó að maður reyni þess vegna öðru hverju að koma þeim í skilning um, að einmitt þetta tvennt stangist algerlega, ef ætlað sé að halda uppi byggðinni í þeim þrem landsfjórðungum, sem sú hætta vofir nú yfir að eyðist, þá verður að skipuleggja þjóðarbúskapinn, þá verður ríkið að ráðstafa því vitandi vits, í hverju fjármagnið fyrst og fremst er fest. Þegar talað er um t. d., að fjárfesting sé of mikil, þá er það eins og hver önnur vitleysa. Það væri sama og að segja, að sparnaður væri of mikill. Fjárfestingin er raunverulega sá eini ótvíræði þjóðhagslegi sparnaður. Það, að við byggjum ný hús, að við fáum ný atvinnutæki og annað slíkt, er mesti sparnaður, sem þjóðin getur lagt í.

Þá minntist hv. 2. þm. Eyf. á, að ég væri með það ráð, að það þyrfti bara að gefa út seðla og þá væri allt í lagi. Þetta er alrangt hjá honum, og hann tekur sér nú heldur auðveldlega rökleiðslurnar, þegar hann grípur til slíks. Höfuðráðið, sem ég hef bent á og ég hef átt hlut að að *framkvæma*, meðan *ég* hef haft einhver áhrif á, hvernig landinu væri stjórnað, var að auka útflutningsframleiðsluna, vegna þess að aukningin á útflutningsframleiðslunni er grundvöllurinn að öllum þjóðarhag Íslendinga, líka að allri okkar kaupgetu. Og ég vil benda hv. 2. þm. Eyf. á það, að síðustu 7—8 ár, þ. e. frá því 1948, að togararnir voru keyptir inn, hefur ekki verið keyptur einn einasti togari til landsins.

Í dag byggir Ísland meginið af allri sinni útflutningsframleiðslu á því, sem við gerðum, Sósfl., Alþfl. og meiri hluti Sjálfstfl., á meðan við vorum hér í ríkisstj. 1944—47, á þeim stórvirku framkvæmdum, sem þá voru gerðar í sjávarútvegsmálunum. Hann mætti svo athuga hins vegar, hvaða peninga þær stjórnir, sem síðan hafa setið að völdum, hafa haft til umráða og hvernig þær hafa notað þá. Við höfum fengið Marshallfé á þessum árum, yfir 600 millj. kr. Það hafa verið tekjur utan við okkar þjóðarbúskap í sambandi við hernámið, um 500 millj. kr. Um 11 millj. kr. hafa verið eins konar aukatekjur fyrir utan okkar þjóðarbúskap á þessum 7—8 árum. En hvað er til fyrir þær af stórvirkum atvinnutækjum? Það eina, sem gert hefur verið af slíku og ríkisstj. venjulega talar um, er áburðarverksmiðjan, Sogsvirkjunin og Laxárvirkjunin, sem kosta 300 millj. kr., þegar skattarnir til ríkisins eru dregnir frá, og okkar ríkisskuldir hafa á sama tíma aukizt um 300 millj. kr. En meginið af þessum 1100 millj. kr., sem okkur meira eða minna hefur verið gefið eða hafa verið eins konar aukatekjur, hefur farið í súginn. Og það hefur ekki verið haldið áfram að auka sjálfa undirstöðuna í öllum þjóðarbúskapnum. Það er von, að slíkt þjóðlíf sé sjúkt. Það er engin fyrirhyggja með nokkurn skapaðan hlut viðvíkjandi því, hvernig þjóðin eigi að lifa, hvernig hún eigi að borga sína útflutningsframleiðslu. — Þetta er það, sem ég vildi aðeins benda hv. 2. þm. Eyf. á, ef hann mætti nokkuð af því læra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

21. Verðtryggingarsjóður.

Á 5. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um verðtryggingarsjóð [33. mál] (þmfrv., A. 34).

Á 9. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Nd., 25. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég byrja á því að geta þess, að þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 34, er flutt á mína ábyrgð eingöngu. Það hefur ekki verið rætt í mínum flokki, Sjálfstfl., eða á öðrum vettvangi fyrr en nú. Það er flutt sem allsherjarþjóðmál, en hvorki á flokkslegum né stéttarlegum grundvelli.

Ég geri ráð fyrir, að það sé nú orðið öllum hv. þm. ljóst, að okkar fjármálakerfi og efnahagslíf er sjúkt. Sá sjúkdómur hefur verið að grafa um sig í tvo til þrjá áratugi, en aðallega síðustu 15—16 árin, síðan vísitölukerfið og verðlagsuppbótarskrúfan var lögfest í ársbyrjun 1940. Sjúkdómseinkennin eru nú greinilegust í því, að grundvöllur allrar okkar fjármálavelgengni, sjálf framleiðslan í sveitum og við sjó, getur ekki þrifizt nema með opinberri aðstoð í stórum stíl. Birtist hámark þessa raunalega sannleika í því, að okkar arðsamasta framleiðslugrein, togaraútgerðin, getur ekki gengið nema með 2000 kr. styrk á dag fyrir hvert skip. Er og jafnvel talið, að sú upphæð hrökkvi ekki til að tryggja jafnvægi í tekjum og gjöldum. Um orsakir alls þessa skal að svo stöddu ekki mikið rætt umfram það, sem gert er í þeirri grg., sem frv. fylgir. En það er ljóst, að einhverjar breytingar verður að gera, og hætt við, að sá alvarlegi sjúkdómur, sem á þessu sviði blasir við augum, læknist ekki nema með víðtækum skurðaðgerðum. Hverjar þær eiga að vera og hvernig þær eiga að vera, þykir mér hins vegar hætt við, að okkur hér á Alþ. og öðrum gangi ekki sem bezt að verða sammála um. En það er verkefni okkar allra að leita sem gleggstra upplýsinga um ástandið og reyna til hins ýtrasta að sameinast um þær ráðstafanir til úrbóta, er að haldi megi koma. Það kann að þykja nokkuð djarft af mér að ganga fram án félagsskapar við aðra og leggja fyrir þær till., sem felast í þessu frv. En mér þykir alveg eins gott að eiga á hættu að fá allar þær aðfinnslur, sem þessar till. kunna að mæta, eins og hitt, að vera aðgerðalítill áhorfandi að því versnandi ástandi, sem við augum blasir, eins og verið hefur að miklu leyti á undanförnum þingum.

Þetta frv. grundvallast á þremur aðalatriðum, sem hvert um sig er mjög áhrifarikt í fjármálum þjóðarinnar, en eru svo samtvinnuð hvert öðru, að þau verða að fylgjast að mestu leyti að.

Í fyrsta lagi er það að tryggja betur en er, að þeir atvinnuvegir landsins, sem byggjast á framleiðslu beint úr skauti náttúrunnar, landbúnaður og sjávarútvegur, geti starfað og þrifizt áfram hindrunarlaust.

Í öðru lagi að slá því föstu með löggjöf, að gengi íslenzku krónunnar sé ekki lækkað frekar en orðið er.

Í þriðja lagi er svo það, að framfærsluvísitölunni sé haldið í föstum skorðum, svo að hún hætti að valda þeim víxlskrúfugangi til hækkunar, sem verið hefur.

Ég skal nú fara fáeinum orðum um hvert um sig af þessum aðalatriðum, um leið og ég vík að öðrum þeim till., sem í frv. eru.

Velgengni framleiðslunnar fer eftir mörgum atriðum. Eru sum þeirra óviðráðanleg, svo sem veðurfar og veiðimagn. Þar er náttúrufar okkar kalda lands grundvöllurinn, en ekki mannlegar aðgerðir. Annað, svo sem vélatækni, launahæð, vinnutími, veiðitæki og lánsfé, er meira á mannanna valdi. En það, sem úrslitunum veldur, er það, að afurðaverðið sé í fullu samræmi við tilkostnaðinn, þannig að reksturinn geti borið sig. Í því efni erum við komnir í það ástand, að afurðaverðið á erlendum markaði er mjög fjarri því að geta staðið undir framleiðslukostnaðinum. Þess vegna hefur verið stofnað til margvíslegra og stórfelldra ráðstafana, svo sem bátagjaldeyrisskipulagsins fyrir bátaflotann, togarastyrksins fyrir botnvörpuskipaflotann, ríkisframlaga fyrir síldarútveginn og niðurgreiðslu á verði landbúnaðarvara innanlands og nú rætt um gjaldeyrisfríðindi einnig fyrir þær. Allt eru þetta neyðarúrræði, og um annað er ekki að ræða eins og komið er. En hvernig eigi að ákveða framleiðsluverðið, hefur verið og er mikið deilumál. Er og hætt við, að svo verði einnig áfram. Á landbúnaðarvörum er verðið nú ákveðið af sérstöku ráði, og svo hefur verið um skeið. Er vitanlega engin fjarstæða að halda því áfram. En með þetta er þó ríkjandi mjög mikil óánægja á báðar hliðar. Fjöldi bænda telur ekki fært að láta búin bera sig með aðkeyptu vinnuafli með því afurðaverði, sem er, og er auk þess mjög óánægður með það, hve mikill verðmunur er á sumum afurðunum eftir því, hvar á landinu þær eru framleiddar. Neytendurnir telja það aftur á móti rangt að miða við framleiðslukostnað á smábúum, sem eigi hafa yfir að ráða svo fullkominni vélatækni sem völ er á. Báðir hafa nokkuð til síns máls, og enginn gerir svo að öllum líki. Nú legg ég til að taka upp í þessu efni nýja reglu, og hún er sú að miða við raunverulegan framleiðslukostnað á 5 ríkisbúum, sem hafa yfir að ráða hinni fullkomnustu vélatækni, sem þekkist, og eru rekin sem stórbú með aðkeyptu vinnuafli á ágætum jörðum.

Varðandi sjávarútveginn og afurðaverð hans er það kunnugt, að honum hefur verið haldið gangandi síðustu árin með mjög veigamiklum ráðstöfunum, eins og áður er tekið fram, og það frá hálfu hins opinbera. Er þar fyrst að telja bátagjaldeyrisfyrirkomulagið, sem hefur í för með sér verðhækkun á innfluttum vörum um marga tugi milljóna, í öðru lagi margra milljóna króna framlög til síldarútgerðarinnar á undangengnum veiðileysisárum og í þriðja lagi framlagið til togaranna, sem tekið er með háum skatti á innfluttar bifreiðar. Allt þetta sýnir og sannar, að útgerðin er að öðrum þræði rekin á ábyrgð ríkisins, eins og var á meðan fisk-

ábyrgðin var í gildi. Þær till., sem hér eru fluttar, eru því meira um formshlið málsins að þessu leyti en aðalefni þess. Og það, sem skiptir miklu máli í því efni, er að fá fastan grundvöll til að miða afurðaverðið við. Mundi með því komið í veg fyrir þær þrálátu deilur, sem um það eru, hvert framleiðsluverðið sé. Eru þær að vísu eðlilegar að því leyti, að það er misjafnt, og kemur þar margt til. Mér finnst eðlilegast að miða í þessu efni við þann félagslega rekstur, sem mest eftirlit er væntanlega með, en það eru bæjarútgerðir kaupstaðanna. Með því að taka meðaltal af útkomu þeirra allra er fenginn mælikvarði frá fleiri landshlutum og því líkur til, að grundvöllur geti verið réttur. Yrði í því efni að byggja á heilbrigðu eftirliti með þeim rekstri og óvefengjanlegri endurskoðun á reikningum þeirra fyrirtækja, sem um er að ræða. Ef svo færi, að þessi grundvöllur kæmi út með miklu hærra afurðaverð en mönnum þætti í bili eðlilegt, þá er tvennt til. Annaðhvort er þá það, að það afurðaverð, sem reiknað hefur verið með, sé lægra en sanngjarnt er, miðað við tilkostnað, eða að þau opinberu fyrirtæki séu illa starfrækt, sem lagt er til að nota sem mælikvarða. Væri því til að dreifa, hafa valdamenn landsins það í hendi sinni að breyta til um þann rekstur og færa hann í hagfelldara horf.

Þá er það hitt aðalatriðið, sem ég vék að í upphafi, sem er gengi krónunnar.

Það hefur oft verið mikið deilumál, hvort rétt væri að breyta gengi íslenzku krónunnar. Hefur niðurstaðan orðið sú, að gengið hefur verið lækkað hvað eftir annað og er nú ekki hærra en það, að nú kostar sá gjaldeyrir okkar aðalviðskiptaþjóða, sem áður kostaði eina krónu íslenzka, frá kr. 2.30 upp í 4.35 eftir því, frá hvaða landi gjaldeyririnn er. Þetta þýðir þeim mun hærra innkaupsverð á aðfluttum vörum og að sama skapi hærra verð í íslenzkum krónum fyrir seldar afurðir. Gengið hefur verið lækkað til að leiðrétta óeðlilegt hlutfall milli framleiðslu og vinnu og bjarga þar með útflutningsframleiðslunni. Þetta hefur tekizt, en aðeins í bili, því að launin og síðan allur annar tilkostnaður, sem byggist á vinnu, hefur á fáum árum elt hið lækkaða gengi og framleiðslan þá um leið komizt í sama vanda og áður var. Því er þó eigi að neita, að spilið hefur orðið því örðugra sem þessi leið er oftar farin, og eins og nú er, liggja þau vandamál fyrir, hvað á að gera. Öll sú verðhækkun, sem stafar af lækkuðu gengi og hækkuðum launum, hefur gert og gerir allar framkvæmdir í landinu þeim mun dýrari og örðugri viðfangs, og þar með fylgir nauðsyn á samsvarandi hækkun á lánsfé. Eins og nú horfir, virðist mér, að flestir forstöðumenn okkar peningastofnana, þeir hagfræðingar, sem láta til sín heyra, og ýmsir fleiri telji það hið mesta mein í okkar fjármálum, að fjárfestingin sé of mikil, en orðið fjárfesting hefur á síðustu árum verið notað um allar byggingar í kaupstöðum og sveitum, allar ræktunarframkvæmdir, skipakaup, bílakaup og yfirleitt kaup á öllum stærri vélum, svo og um samgöngubætur og raforkuframkvæmdir o. fl.

Það er vitanlega staðreynd, að fjárfesting síðari ára er óvenjulega mikil. Framfarahugur þjóðarinnar er mikill og lofsverður. Allar framkvæmdir kosta nú margfalt við það, sem var fyrir nokkrum árum, og svo kemur annað til, sem er þungt á metunum og verkar ef til vill meira en flesta grunar, en það er, að landsfólkið yfirleitt er á flótta frá voðanum. Sá voði er það, að allar nytsamlegar framkvæmdir og allt, sem girnilegt er að kaupa, verði dýrara að ári en í ár og því dýrara sem lengra líður, að kaupgjald hækki, að gengi krónunnar lækki og allt byggingarefni, vélar og annað hækki. Hræðsla fólksins við þennan voða er byggð á reynslu liðinna ára og er því eðlileg. Margir hugsa sem svo: Ef ég get ekki komið þessu í verk nú í ár, þá er eins víst, að ég geti það aldrei, — a. m. k. verði þessi gæði miklu dýrari, ef kaupin eru dregin. Nú er þessi eðlilega hræðsla meiri en oft áður, og því er kapphlaupið um fjárfestingu svo gífurlegt. Menn sjá „rúllandi" verðhækkun, og það, sem margir óttast mest, er nýtt gengisfall. Menn telja það eðlilega afleiðingu af því, sem búið er að gera og verið er að gera. Ef menn vilja í alvöru minnka fjárfestingu, koma lánamarkaði í eðlilegt horf og draga úr innflutningi ónauðsynlegra vara, þá held ég, að stærsta sporið væri það, ef Alþ. vildi slá því föstu með raunhæfri löggjöf, að óbreytt gengi okkar krónu skuli vera tryggt. Þess vegna er það stærsta atriðið í þessu mínu frv., að lagt er til, að þetta sé gert. Vilji menn þetta ekki, þá bera þeir ábyrgð á afleiðingunum. En ef einhverjir vilja tryggja gengið, en telja mínar till. ófullnægjandi eða óheppilegar, þá ber þeim hinum sömu að koma með aðrar, og þá er þingsins alls að vega og meta, hvað heppilegast muni að gera.

Óbreytt framfærsluvísitala er þriðja atriðið, sem ég tel aðalatriðið sem grundvöll fyrir þessu frv., og það er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess, að framfærsluvísitalan haldist óbreytt eða hækki ekki. Þetta er samtvinnað og óaðskiljanlegt við hitt tvennt. Það þýðir lítið að ræða um óbreytt gengi krónunnar og að framleiðslan beri sig, ef vísitalan er alltaf látin hækka og öll hækkun er greidd, hvar sem hún kemur fram.

Þegar vísitölulögin voru sett í ársbyrjun 1940 og þar með ákveðið að greiða verðlagsuppbót á öll laun eftir mánaðarlegri vísitölu, greip sú hugsun mig fast, að þetta væri hið mesta ógæfuspor, sem hlyti að enda með skelfingu. Allt, sem síðan hefur gerzt í þessum málum, hefur styrkt og staðfest þessa sannfæringu. Þess vegna hef ég aldrei greitt atkv. með þessu máli eða framlengingu þeirra ákvæða. En eins og kunnugt er, hef ég í þessu efni verið í vonlausum minni hluta hér á Alþingi og læt það ekkert á mér festa, þó að margir telji mér það til lasts. Annað veifið hafa fylgjendur þessa máls séð sig tilneydda að ákveða nokkrar takmarkanir á greiðslu fullrar verðlagsuppbótar, en nú er verið að setja spilið í fullan gang, næstum eins og það gekk örast. Ráð eru því engin til úrbóta önnur en þau að halda vísitölunni fastri með fullnægjandi niðurgreiðslum. Þær niðurgreiðslur eiga að mínu áliti að koma eingöngu á þær neyzlu-

vörur, sem framleiddar eru í landinu. Það er þjóðinni allri til hags að lifa sem mest á innlendri framleiðslu, og það er í alla staði hagfelldara og geðfelldara að greiða niður verð vörunnar, sem notuð er af innlendu fólki, en að verða að bæta við verð á útfluttri framleiðsluvöru. Aðferðin samkv. þessu frv. yrði því sú alkunna kaupfélagsaðferð að greiða út áætlað verð, þegar afurðirnar eru afhentar til sölu, en bæta svo upp í reikningslok til fulls, þegar víst er, hvert framleiðsluverðið er. Að sjálfsögðu ætlast ég svo til, að sú regla gildi áfram, sem nú er, að bankarnir láni út á vörurnar um tíma, þar til framleiðendur fá verðið greitt.

Þá skal ég víkja örfáum orðum að tillögum, sem fram eru settar um stjórn þessa sjóðs. Eins og hv. þingmenn sjá, er ætlazt til, að stjórn verðtryggingarsjóðs sé kosin á Alþingi og skipuð þremur mönnum. Er sú tilhögun byggð á því, að heppilegast sé að draga stjórn þessara stórmála sem mest út frá hinu pólitíska valdi. Mætti gera ráð fyrir, að ef vel tækist með þessa stjórn, þá yrðu mennirnir fastari í sessi en almennt gerist um ríkisstjórnir, sem oftast eru nokkuð skammlífar. Hins vegar mætti líka vel hugsa sér þá aðferð, að stjórn þessa sjóðs væri í höndum einhvers ráðuneytanna, sem yrði þá væntanlega viðskmrn., en til þess er af minni hálfu ætlazt, að ef þetta kerfi yrði á annað borð lögfest, þá væri svo um hnútana búið með nákvæmri reglugerð, að enginn áróður eða heimildir til undanþágu gætu komizt að, heldur yrði að annast framkvæmdirnar eftir föstum reglum. Hitt væri eðlilega jafnvandasamt sem nú, að annast sölu okkar afurða, sem út eru fluttar, og eins söluna innanlands.

Þá kem ég að því meginatriði í þessu máli, með hverjum hætti sjóðurinn ætti að fá það mikla fé, sem hann þarf væntanlega á að halda til að fullnægja sínu verkefni. Þau ákvæði eru í 4. gr. frv., og þykir mér ástæða til að fara um þau nokkrum orðum hvert fyrir sig.

1. liður, sem er 50 millj. kr. framlag árlega úr ríkissjóði, er engin breyting frá því, sem nú er, nema þá helzt til lækkunar. Þetta þýðir, að það, sem ríkissjóður leggur fram til dýrtíðarráðstafana, falli í þennan sjóð. Á fjárlögum þessa árs er sú upphæð tæpar 50 millj. kr., en fer án efa fram úr áætlun. Það er líka lagt til að hækka þessa upphæð í 57 millj. kr. í því fjárlfrv., sem lagt hefur verið fyrir þetta þing og gilda skal árið 1956.

Um 5. lið gr. er að því leyti sama að segja, að sú ein breyting er þar lögð til, að bílaskatturinn til aðstoðar togaraútgerðinni falli í verðtryggingarsjóð, enda á þá sjóðurinn að annast það verkefni, sem þetta fé er nú til ætlað. En mér skilst, að flestir geri ráð fyrir, að þessi skattur hrökkvi skammt framvegis til að bjarga togaraútgerðinni, bæði vegna þess, að það eru takmörk fyrir því, hvað skynsamlegt er að flytja inn mikið af bifreiðum, og af þeim orsökum hljóti tekjur af skattinum að rýrna, og svo er hitt, að með vaxandi framleiðslukostnaði skipanna þarf hærri fjárhæðir til að tryggja hallalausan rekstur. Þetta er líka af því, að ekki eru miklar líkur fyrir hækkandi söluverði afurðanna á erlendum markaði, eftir því sem horfurnar virðast vera.

3. liður 4. gr. er stærsta atriði hennar. Er þar lagt til að taka 10% af öllum launum og kaupgjaldi í landinu til að bjarga gengi krónunnar. Þetta er hugsað þannig, að það séu eigi neinir einstakir starfshópar eða vissar stéttir, sem þetta háa gjald yrði á lagt, heldur allar stéttir, öll þjóðin.

Menn tala stundum um það, þegar rætt er um atvinnurekstur, að það sé mjög undarlegt og óheilbrigt, að þó að fyrirtækin séu rekin með halla, þá geti þó eigendur og forstöðumenn grætt og lifað vel. Þetta er víða til og það er skiljanlegt öllum, sem fylgjast með því, hvernig fyrirkomulagið er. Mér hefur skilizt, að í þessum efnum sé einkum átt við útgerð, iðnað og verzlun. Þessar atvinnugreinar eru, eins og nú er komið, næstum eingöngu reknar af félögum, hlutafélögum og samvinnufélögum. Þess vegna er það, að í öllum þessum félögum eru eigendur og forstöðumenn jafnt sem aðrir starfsmenn á launum hjá fyrirtækinu. Þau laun eru greidd, hvort sem fyrirtækið græðir eða tapar, og það svo lengi sem unnt er að fá lánsfé til að halda félaginu lifandi. Allir þessir menn eru því á launum og verða samkv. minni till. að greiða sinn launaskatt á sama hátt og þeir menn, er vinna hjá ríkinu eða stofnunum þess. Varðandi bændastéttina hefur hennar aðstaða verið öll önnur, því að landbúnaður er yfirleitt ekki rekinn af félögum. En ef það næði fram að ganga að miða afurðaverð sveitanna við það, hvað raunverulegur framleiðslukostnaður afurðanna er á ríkisbúunum, þá er þar með fenginn grundvöllur fyrir því, að allir vinnufærir menn í bændastétt hafi svipaða greiðslu fyrir sína vinnu og almennt tíðkast um verkamenn. Þá eiga þeir líka að greiða sinn launaskatt af þeim tekjum til bjargar gengi krónunnar. Eftir eru þá tiltölulega fáir menn, sem persónulega stunda t. d. verzlun eða iðnað, bifreiðaakstur eða annað án þess að vera í félögum. Um vinnutekjur þessara manna er óvíst og örðugt að vera viss um þær. En til þess er ætlazt, að þeir greiði líka sinn launaskatt, og gert ráð fyrir, að þeir hafi árstekjur eins og Dagsbrúnarverkamaður, sem allt árið hefur vinnu. Ef hægt er að sanna annað á aðra hvora hlið, þá ber að sjálfsögðu að fara eftir því. Um öll slík atriði verður að ákveða nánar í reglugerð auk margs annars. Ég skal taka það fram, að vel mætti hugsa sér að halda bátagjaldeyriskerfinu og hafa launaskattinn lægri. Geta menn gjarnan hugsað um það, að um þetta mætti velja. En ég legg til að fella niður bátagjaldeyrisaðferðina, af því að mér hefur alltaf fundizt hún hið mesta neyðarúrræði. Ég hef líka sterkan grun um, að vegna bátagjaldeyriskerfisins sé flutt inn mjög mikið af vörum, sem ekki er þörf fyrir, en þær séu fluttar inn til að fá álagið fyrir útgerðina og tollana í ríkissjóðinn, auk þess sem verzlanirnar hafa sinn hagnað. Ég held því, að ef menn vilja í alvöru minnka innflutning óþarfrar vöru til

meira jafnvægis og lækka eitthvað af vöruverði, svo að um muni, þá væri stórt spor í áttina, ef unnt væri að afnema bátagjaldeyrisaðferðina.

Af þessu, sem ég hef nú sagt, er augljóst, að till. mín um launaskattinn þýðir ekki nema að sumu leyti hærra framlag þjóðarinnar til þessara mála, heldur kemur þetta þannig út, að launaskatturinn kemur að miklu leyti í stað bátagjaldeyrisins. Auk þess er mér náttúrlega ljóst, að launaskatturinn mundi nokkuð draga úr hinum almenna tekjuskatti til ríkisins. Er það og mikið atriði, að hann væri frádráttarbær, eins og ég legg til.

Um 4. og 5. lið í 4. gr. frv., sem er stimpilgjald á aðgöngumiða að skemmtunum og hækkað álag á ferðagjaldeyri, skal ég eigi fara mörgum orðum, en ég tel eðlilegt og sjálfsagt, að allir þeir landsmenn, sem telja sig hafa ráð á því að vera sífellt að skemmta sér innanlands og utan, borgi meira en er fyrir það til að bjarga vandamálum þjóðfélagsins, en hættan á nýju gengisfalli er alvarlegra vandamál en flest annað. Annars er till. mín um svo háan skatt á ferðagjaldeyri flutt í tvenns konar tilgangi: Í fyrsta lagi til að fá tekjur í verðtryggingarsjóð og í öðru lagi til að draga nokkuð úr skemmtiferðum fólksins til annarra landa. Um undantekningar frá þessari skyldu býst ég við að yrði eitthvað svipað og nú er, en það gæti verið reglugerðarákvæði.

Ég hef nú rætt öll meginatriði þessa frv., og ég hef farið yfir þau hér til frekari skýringa en gert er í grg., sem frv. fylgir. Vil ég svo að lokum leggja áherzlu á það, sem ég vék að í byrjun, að grundvöllur að þessu frv. er þetta þrennt: 1) hallalaus framleiðsla, 2) óbreytt gengi krónunnar, 3) óbreytt og föst vísitala.

Ég vil mega vona, að allir hv. alþm., hvar í flokki eða stétt sem þeir standa, viðurkenni ótvíræða nauðsyn þjóðarinnar á þessu þrennu. Það er aðalatriðið. Hitt er svo annað mál og meira vafasamt, hvort ég hafi hér hitt á heppilegustu leiðirnar til að tryggja þennan grundvöll. Um það er eðlilegt að skoðanir geti verið skiptar. Um aðrar tillögur og ráðstafanir er þó ekki hægt að ræða, fyrr en þær liggja fyrir, og er þá sjálfsagt að hugsa það rækilega, hvað heppilegast muni vera til fullnægjandi árangurs. — Ég legg svo til, að þessu frv. sé að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mér þykir það athyglisvert, að þessi virðulegi máttarstólpi ríkisstj. skyldi hefja mál sitt á því, að efnahagslífið væri sjúkt. En það er satt, íslenzkt efnahagslíf er sjúkt, og það er sannarlega mikils virði að heyra það játað af einum helzta stuðningsmanni þeirrar ríkisstj., sem hér situr nú.

En hvers vegna er þetta athyglisvert? Jú, minnast menn þess ekki, að það átti að lækna efnahagslífið 1950? Fyrir 5 árum fór fram heljarmikil læknisaðgerð, geysistór skurðaðgerð á efnahagslífinu, skurðaðgerð, sem átti að lækna öll mein efnahagslífsins. Ég veit ekki betur en að síðan hafi ríkisstj. með hóp af sérfræðingum alltaf verið önnum kafin við að lækna efnahagslífið og alltaf sagt okkur hér á hinu háa Alþ. og allri alþjóð í lok hvers árs, að nú hafi svo og svo mikið verið læknað á liðnu ári. Maður skyldi halda, að sjúklingnum hafi smám saman farið að líða betur og betur og hann væri löngu orðinn albata. En eftir 5 ár stendur hér einn helzti stuðningsmaður hæstv. ríkisstj., maður, sem hefur mikla reynslu að baki í þeim málum, sem hann gerir að umræðuefni, og segir: Allt efnahagslífið er sjúkt, allt er það helsjúkt. — Þetta er dómur sjálfra stuðningsmanna ríkisstj. um það, hvernig henni hafi tekizt að framkvæma stefnu sína, um læknisaðgerðirnar s. l. 5 ár.

En hitt er svo sannarlega ekki síður athyglisvert, hvað þessi hv. þm. leggur til í því skyni að lækna sjúkdóminn. Mætti maður ekki búast við því, að einn af elztu og virðulegustu forvígismönnum Sjálfstfl. legði til að framkvæma stefnu Sjálfstfl. til þess að leysa þann vanda, sem að steðjar í efnahagslífinu?

Er það stefna Sjálfstfl., sem er að finna í þessu frv.? Stefna Sjálfstfl. er frjáls samkeppni, frjálst einkaframtak. Hvernig ætti frv. að hljóða, hver ætti kjarni þess að vera, ef það væri í samræmi við prentaða og margyfirlýsta stefnu Sjálfstfl., a. m. k. fyrir kosningar? Þá ætti auðvitað efni þess að vera, að gengið skyldi vera frjálst, að útflutningurinn skyldi vera frjáls, að innflutningurinn skyldi vera frjáls, líka innflutningurinn á landbúnaðarvörum, þannig að við gætum valið á milli íslenzks kjöts og dansks kjöts t. d. og íslenzks smjörs og hollenzks smjörs og íslenzkra ost og svissneskra osta. Fjárfestingin ætti að vera frjáls, verðlagið ætti að vera frjálst á öllum vörum, líka á landbúnaðarvörum, myndun vaxtanna ætti að vera frjáls, vaxtahæðin ein ætti að takmarka útlánin, þannig að vextirnir yrðu einfaldlega hækkaðir, þangað til eftirspurnin eftir fjármagni minnkaði svo mikið, að útlánin þyrftu ekki að vera meiri en svaraði til innlaganna í bankana, og þar fram eftir götunum. Söguna rek ég ekki lengur; það kannast allir við framhaldið í einstökum atriðum.

Þetta er ekki innihald þessa frv. og fjarri því. Það er ekkert í því, það er varla setning í því, sem minnir á þessa prentuðu og margyfirlýstu stefnu Sjálfstfl. Af hverju ekki? Hvað ber hér til, að þetta frv. skuli vera jafnóskylt sjálfstæðisstefnunni og raun ber vitni? Ástæðan er auðvitað fyrst og fremst sú, að jafnreyndur búhöldur og flm. þessa frv. sér í hendi sinni, að þetta kerfi er ekki framkvæmanlegt á Íslandi, að þetta kerfi mundi ekki vera Íslandi né Íslendingum til góðs. Hann sér m. ö. o., að Íslendingar geta ekki leitað halds og trausts í sjálfstæðisstefnunni til þess að lækna þann sjúkdóm, sem nú er að ríða íslenzku efnahagslífi að fullu.

En ég er ekki heldur fjarri því, að hann sjái líka, og felst í því engin aðdróttun til hv. þm., að framkvæmd þessa kerfis mundi svipta ýmsa valdamenn í efnahagslífinu þeirri aðstöðu og þeim gróðamöguleikum, sem þeir hafa í skjóli einokunarkerfisins, sem við nú eigum sannarlega við að búa í íslenzku atvinnulífi. Hann sér það auðvitað líka með stuðningi af lífsreynslu sinni, að einmitt í skjóli þess kerfis, sem við búum nú við og er sannkallað einokunarkerfi og

á lítið sem ekkert skylt við frjálst hagkerfi eða frjáls viðskipti, maka ýmsir einokunarpostular krókinn í stórum stíl, og engir eru í raun og veru svarnari fjandmenn frjálsra viðskipta og frjáls hagkerfis en þessir menn. Þess vegna er í raun og veru ekki heldur við því að búast, að tillögur til framkvæmda á algerlega frjálsum viðskiptum komi frá þeim flokki, sem hefur frjáls viðskipti efst á stefnuskrá sinni, meðan margir helztu máttarstólpar hans hagnast einmitt á því að hafa hér ekki frjáls viðskipti, heldur ýmiss konar einokun.

Kjarni þessa frv. er sá, að ákveða skuli útsöluverð landbúnaðar- og sjávarafurða með sérstökum hætti. Alþ. á að velja 3 menn til þess að ákveða útsöluverð landbúnaðar- og sjávarafurða innanlands. Þessum mönnum yrði falið meira vald en nokkrir 3 menn aðrir hafa fram til þessa fengið í þessu landi. Engir 3 ráðherrar hafa í raun og veru verið jafnvaldamiklir og þessir 3 menn mundu verða. En grundvallarhugsun frv. er sú, að gert er ráð fyrir því, að þeir ákveði útsöluverð landbúnaðar- og sjávarafurða lægra en svarar til þess kostnaðarverðs, sem reiknað yrði út á afurðum landbúnaðarins og sjávarútvegsins. En kostnaðarverðið á, eins og hv. frsm. gerði grein fyrir, að miða í landbúnaði við framleiðslukostnað ríkisbúanna og í sjávarútveginum við framleiðslukostnað bæjarrekinna útgerðarfyrirtækja. Það er sem sagt greinileg hugsun hv. þm., að þetta framleiðslukostnaðarverð muni verða hærra en útsöluverðið innanlands á þessum vörum, landbúnaðar- og sjávarafurðum, og útflutningsverðið, þannig að fé þurfi að koma til til þess að greiða þennan mismun. Til þess að greiða hann leggur hv. þm. til, að stofnaður verði verðtryggingarsjóður.

Fram að þessu er hugsun frv. vel athugandi. Í raun og veru er það ekki annað en þetta, sem verið er að gera núna í þjóðfélaginu, ef öllum umbúðum er flett utan af. En mergur málsins er auðvitað sá, hver borga eigi í sjóðinn, alveg eins og mergur málsins í núverandi kerfi er auðvitað sá, af hverjum það fé er heimt, sem nú fer til hinna margvíslegu uppbótagreiðslna.

Kjarni þessa frv. er því raun og veru ekki sú hugmynd að greiða mismun innanlandsverðs og útflutningsverðs annars vegar og einhvers framleiðslukostnaðarverðs hins vegar, því að þetta er raunverulega gert nú, heldur með hverjum hætti það gerir ráð fyrir, að þetta skuli gert, og þar brýtur frv. blað, miðað við það, sem nú á sér stað.

Þótt hv. flm. frv. sé í raun og veru ekki sannur sjálfstæðismaður í þeim skilningi, að hann trúi á hina prentuðu stefnuskrá Sjálfstfl., þá finnst mér tillögur hans um fjáröflun benda til þess, að hann sé sannur sjálfstæðismaður í hinum skilningnum, að hann vill jafnan leggja þyngstu byrðarnar á launamenn landsins. Sannleikurinn er sá, að hvað sem líður öllum stefnuskrám, hefur það verið kjarninn í stefnu Sjálfstfl. alla undanfarna áratugi að leggja ávallt þyngstu byrðarnar af sérhverri nauðsynlegri ráðstöfun á launamennina í landinu, og þessum stefnuskráratriðum er hv. þm. A-Húnv. sannarlega trúr í þessu frv.

Langsamlega mests hluta fjárins í sjóðinn á að afla á þann hátt, að lagður sé 10% skattur á allar launagreiðslur í landinu. Enn fremur er gert ráð fyrir nokkurri annarri tekjuöflun, en hún er smávægileg í samanburði við þær fjárhæðir, sem 10% skattur af öllum launum í landinu mundi nema. Launafólkinu í landinu á m. ö. o. að leggja þá höfuðskyldu á herðar að standa undir lækningunni á þeim sjúkdómi, sem hæstv. ríkisstj. er búin að berjast við árangurslaust s. l. 5 ár. Nú loksins, þegar flm. kemur auga á nauðsyn einnar stórrar aðgerðar, þá skal sú aðgerð vera eingöngu á kostnað launamanna eða svo að segja eingöngu á kostnað þeirra. Árangurslaust leitar maður í frv. að hlut hinna ríku í ráðstöfununum. Árangurslaust leitar maður að ákvæðum um framlag hinna ríku og hinna tekjuháu til lausnar vandamálanna. Hvað skyldu heildsalarnir eiga að leggja af mörkum? Um það er ekki orð í frv. Hvað skyldu stórútgerðarmennirnir eiga að leggja af mörkum? Um það er ekki heldur orð. Hvað skyldu fasteignaeigendurnir eiga að leggja af mörkum? Ekkert orð. Hvað skyldu stóriðjuhöldarnir eiga að taka á sínar herðar? Um það finnst enginn stafur. Hvað skyldu verðbólgubraskararnir, sem hæstv. fjmrh. talaði um við 1. umr. fjárl., eiga að láta af hendi rakna? Ekkert. Og þó! Ef til vill segi ég hér helzt til mikið, að þeir eigi ekkert að leggja af mörkum. Hv. þm. sagði áðan, að ef slíkir menn séu launamenn, þá skuli þeir borga 10% af launum sínum. Það vita allir, hvað þessir heiðursmenn taka í bein laun. Heildsalarnir eru ekki hálaunaðir, eða stórútgerðarmennirnir eða iðjuhöldarnir og þá ekki fasteignaeigendurnir eða verðbólgubraskararnir. Launin eru ekki tekjulind þeirra, heldur gróðinn, heldur hagnaðurinn. En þeir eiga að borga 10% af sínum launum, og ef ekki er hægt að komast að raun um, hvaða laun þeir hafi haft, eins og oft mun vera mjög erfitt um t. d. verðbólgubraskarana, eiga þeir að borga eins og Dagsbrúnarverkamaður. M. ö. o.: Verðbólgubraskarar hæstv. fjmrh. og þeir allir saman eiga að borga eins og Dagsbrúnarverkamaður, hlutur hvers á að vera jafn hlut Dagsbrúnarmannsins nú, þegar á með einu pennastriki að lækna sjúkdóma íslenzks efnahagslífs. Það eru hátt á annað hundrað milljónamæringar hér í Reykjavík. Væri ekki eðlilegt að búast við því, þegar gripið er til stóraðgerða, að sérstakar ráðstafanir væru gerðar til þess, að þeir legðu sanngjarnan hlut af mörkum til slíkra aðgerða? Um það er ekki orð. Ef ekki er hægt að komast að raun um laun þeirra, eiga þeir að borga eins og Dagsbrúnarverkamenn.

Þetta tel ég vera meginágallann á þessu frv. Þetta tel ég vera það, sem gerir frv. og grundvallaratriði þess óviðunandi fyrir launastéttirnar í landinu. Þeirri hugsun frv. að afnema bátagjaldeyriskerfið get ég fagnað og fagna sérstaklega, að fram skuli komin skýr og ótvíræð till. um það frá einum af helztu stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. En á það, sem á að koma í staðinn fyrir bátagjaldeyriskerfið, eins og launaskattinn, get ég ekki fallizt, því að það tel ég vera andstætt hagsmunum launamanna í land-

inu, og launamenn í landinu eru yfirleitt sú stéttin, sem tiltölulega minnst ber úr býtum fyrir sín störf og við minnst öryggi býr af öllum stéttum í þjóðfélaginu, ef þeir eru teknir sem heild.

Ef þetta frv. hefði verið frv. um afnám bátagjaldeyriskerfisins og jafnvel um afnám þeirra annarra ákvæða, sem þarna er um að ræða, og í frv. hefðu verið viðtækar till. um öflun fjár í verðtryggingarsjóð, þar sem gert væri ráð fyrir, að allar stéttir legðu hlutfallslega jafnt til sjóðsins, en þó auðvitað helzt þannig, að þyngstu byrðarnar yrðu lagðar á þá ríku og hina efnaháu, en tiltölulega minnstu byrðarnar á hina tekjulágu og hina snauðu, þá hefði frv. verið mér margfalt meira að skapi en það er. Ef í frv. hefði verið ákvæði um að lækka álagningu, um að draga úr gróðanum í útflutningsverzluninni, draga úr gróðanum í iðnaðinum og í innflutningsverzluninni, að draga úr gróða verktakanna í landinu, þá hefði frv. verið mér meira að skapi en það er. Eins og er, fæ ég ekki betur séð en gert sé ráð fyrir því að leysa þann sjúkdóm, sem nú sannarlega þjáir íslenzkt efnahagslíf, einvörðungu á kostnað launþeganna í landinu, og við slíkt frv. get ég ekki lýst fylgi mínu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni og meiri hl. fjhn., á þskj. 584 og 599, var útbýtt 26. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Olíuverzlun ríkisins.

Á 4. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um olíuverzlun ríkisins [34. mál] (þmfrv., A. 35).

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1 umr.

Flm. (Bergur Sigurbjörnsson): Herra forseti. Það virðist vera nokkuð einróma álit allra landsmanna nú orðið, að efnahagsástand þjóðarinnar sé mjög bágborið og að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar fái ekki starfað styrkja- eða aðstoðarlaust af hálfu ríkisins. Um hitt eru menn ekki jafnsammála, af hverju þessi vandkvæði atvinnuveganna stafi né á hvern hátt væri hægt úr þeim að bæta með raunhæfu móti. Þó virðist það svo, að menn ættu að geta verið á eitt sáttir um það, að ef með einhverju móti tækist að lækka framleiðslukostnað atvinnuveganna, þ. á m. til dæmis sjávarútvegsins, mundi að sjálfsögðu hagur og afkoma þeirrar atvinnugreinar batna til muna. Spurningin er því: Er möguleiki að draga úr þessum kostnaði sjávarútvegsins, og þá, ef svo væri, á hvern hátt? Eru nokkrar leiðir tiltækar í því efni?

Ég þykist viss um, að einhverjir mundu kasta því fram, í spaugi vonandi, að það væri til auðveld leið til að draga úr rekstrarkostnaði útgerðarinnar, það væri ekki annað en að lækka kaup verkamanna og sjómanna, með því móti mundi hagur útgerðarinnar batna til stórra muna og sennilega þyrfti hún engra styrkja við, og þá þyrfti sennilega ekki heldur að halda áfram á þeirri braut að fella gengi krónunnar til aðstoðar útveginum, eins og það er ævinlega kallað.

Að sjálfsögðu er þetta stærðfræðilega rétt. En lengra ná sannindi þessa ekki. Ég hef engan mann heyrt halda því fram í alvöru síðustu árin að afloknum verkföllum, að ástæða hefði nú verið til að lækka kaupið, lækka kaup verkamanna í stað þess að hækka það. Þvert á móti virðist mér allir menn, sérstaklega stjórnmálamenn, hvar í flokki sem þeir hafa staðið, sammála um það, að verkfallið hafi verið óhjákvæmileg nauðvörn verkalýðsins til að reyna að fá kjör sín bætt. Hitt hafa menn svo jafnframt sagt, að til væru að vísu aðrar leiðir til að ná þessu sama marki, en hingað til hefur ekki fengizt nægilegur meiri hluti, ekki hér á Alþ. a. m. k., til að fara þær leiðir.

Ég hygg, að allir ættu að geta verið sammála um, að frumskylda og eitt helzta markmið sérhvers þjóðfélags sé einmitt það, að þegnar þess geti sífellt búið við betri og betri kjör, eftir því sem tímar líða. Það verður að sjálfsögðu ekki gert með því að lækka kaup hinna vinnandi stétta, verkamanna og sjómanna. En ef sú leið er ekki fær og enginn fæst til þess í alvöru að óska eftir því, að sú leið sé farin til þess að bæta kjör sjávarútvegsins núna, er þá nokkur önnur leið hliðstæð fær í þeim efnum?

Ég býst við, að allir gætu fallizt á það að sjálfsögðu, að mögulegt væri að bæta kjör útgerðarinnar, ef hægt væri að draga úr þessum kostnaðarliðum. Og það er í sjálfu sér ekki eðlilegt, að allir séu sammála um það. En þó tel ég ugglaust, að væri þess leitað í þessu þjóðfélagi, hvernig hugur almennings væri í því máli, þá mundi það koma í ljós, að mikill meiri hluti þjóðarinnar teldi þetta ekki aðeins æskilega leið, heldur jafnframt algerlega sjálfsagða. En við vitum það allir, að sérstaklega hin síðari ár hefur vilji og óskir meiri hluta þjóðarinnar lítils mátt sín hér í þingsölunum.

Það hefur ekki farið á milli mála að undanförnu, að ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar væri nú komið í það horf, að einhverra úrbóta þyrfti við á næstunni, ef ekki ætti að leiða til algerra vandræða. Það er öllum ljóst, að verði ekki gerðar einhverjar sérstakar ráðstafanir næstu mánuði, muni a. m. k. togara-

flotinn stöðvast algerlega og jafnvel bátaflotinn líka.

Það er því öllum ljóst, að eitthvað verður að gera, og enn fremur er öllum jafnframt ljóst, að eitthvað verður gert. Spurningin er þá: Hvað er heppilegast, hvað er æskilegast fyrir þetta þjóðfélag, að gert verði? Og er ekki hægt að ná samstæðum meiri hluta á þingi þjóðarinnar fyrir að fara þær leiðir, sem að dómi almennings ættu að öðru jöfnu að vera æskilegastar og heppilegastar, ekki aðeins í bráð, heldur einnig í lengd?

Ég vænti þess, að öllum hv. þm. að minnsta kosti sé einnig ljóst, að í þessum efnum er ekki um að ræða neina fullnaðarlausn með því að benda á eina leið, heldur röð af samvirkum aðgerðum, ef á að takast að afstýra þeim voða, sem fram undan blasir við. En þó að mönnum sé þetta ljóst, þá verður jafnframt að hafa það hugfast, að allar þær ráðstafanir, sú röð samvirkra ráðstafana, sem þarf til að bjarga efnahagslífi landsins, verður að sjálfsögðu ekki farin nema með því að framkvæma eina ráðstöfun eftir aðra til þess að ná þessu marki.

Með tilliti til þess, sem ég hef hér sagt, og í beinu samræmi við það höfum við þm. Þjóðvfl. borið hér fram á þskj. 35 frv. til l. um olíuverzlun ríkisins. Tilgangur þessa frv. er að fá lækkaðan kostnað útgerðarinnar með því að koma breyttu og bættu skipulagi á olíusöluna, koma henni undir yfirstjórn, sem getur haft það í hendi sinni að ákveða olíuverðið í samræmi við hag og afkomu útgerðarinnar og þörf þjóðfélagsins á hverjum tíma.

Það getur engum manni blandazt hugur um það, hve mikilvægt það væri fyrir útveginn, ef það mætti takast með einhverjum ráðum að lækka olíu í verði frá því, sem nú er. Öllum er nokkurn veginn ljóst, hve þýðingarmikill liður olían er í rekstri útgerðarinnar. Til þess að menn geti ofur lítið glöggvað sig á því atriði, vil ég aðeins nefna það, að árið 1953 voru fluttar til landsins ýmsar tegundir af olíum og benzíni fyrir 127 millj. kr. rúmlega að gjaldeyrisverðmæti, en 159 millj. kr. komnar hingað til landsins. Af þessum tölum ætti mönnum að verða nokkuð ljóst, hvað hér er um að ræða og hve geysilega þýðingarmikill liður í starfsemi þjóðfélagsins, fyrst og fremst útgerðarinnar, en einnig annarra atvinnugreina, þessi orkugjafi er.

Nú hafa menn um það nokkra hugmynd, hvað þessi olía muni vaxa að verðmæti hér á innanlandsmarkaði, miðað við það skipulag, sem nú ríkir í þeim efnum. Ekki mun of í lagt að gera ráð fyrir, að olíuverðið tvöfaldist á tímabilinu frá því að hún kemur hingað til lands og þangað til hún er komin til neytenda hér innanlands, en það þýddi það, að árið 1953 hefðu landsmenn keypt olíu fyrir rúmlega 300 millj. kr. á innanlandsmarkaði.

Þegar menn hugleiða svona stórar tölur, sjá þeir jafnframt, að þar getur oltið á talsverðu, hvernig á er haldið, ekki aðeins álagningu, heldur og allri meðferð og starfsemi þeirra fyrirtækja, sem þann atvinnurekstur stunda að selja olíu. Það eitt gæti sparað atvinnuvegum landsins milljónatugi, ef rekstur fyrirtækjanna, sem olíuna selja, væri hafður eins hagkvæmur og einfaldur og frekast mætti. Auk þess sjá allir, að álagning á svona stórar upphæðir hlýtur að geta haft mjög mikilvægar afleiðingar í för með sér eftir því, hvort henni er í hóf stillt eða ekki, eftir því, hvort markmiðið með olíusölunni er að safna sem mestum gróða eða að útvega atvinnuvegunum orkugjafa með sem ódýrustu móti.

Nú er mönnum það ljóst, að hér á landi hefur að undanförnu að minnsta kosti ekki verið gerð alvarleg tilraun til þess að draga úr kostnaði við olíuverzlun eins og unnt væri. Menn þurfa ekki annað en að virða fyrir sér það þrefalda bákn, sem hér hefur verið sett á stofn til að verzla með þessa vöru. Menn þurfa ekki annað en að hugsa til þess, að hér í Reykjavík eru þrjár aðalbækistöðvar, þrjár aðalskrifstofur með stórum hópum starfsmanna, þrjár aðalbirgðastöðvar með fjölda starfsmanna o. s. frv., til þess að gera sér grein fyrir því, að hér mætti verulega draga úr kostnaði, ef það sjónarmið ríkti eitt að útvega atvinnuvegunum þessa vöru með sem hagkvæmustu verði. Ef menn virða svo fyrir sér olíuverzlunina ýtarlegar, sem rekin hefur verið hér á landi á undanförnum árum, sjá menn strax, að það er ekki aðeins í Reykjavík, sem þannig er haldið á málunum, heldur er sama aðferð notuð um allt land. Í öllum kaupstöðum landsins eru útibússkrifstofur, sín frá hverju félagi. Í sömu kaupstöðum eru þrjár aðalbirgðastöðvar, sín frá hverju félagi. Meðfram vegum landsins standa þrír benzíngeymar, víðast hvar hlið við hlið með stuttu millibili. Allir sjá og skilja, að þetta fyrirkomulag hlýtur að hafa mjög aukinn kostnað í för með sér, hækka olíuverðið mjög verulega frá því, sem vera þyrfti, og þar með auka að óþörfu á erfiðleika aðalatvinnuvega landsins.

Það skilja allir, að einu þjóðfélagi er engin blessun að því að festa fjármagn, hvort sem það á það sjálft eða erlendar þjóðir hafa viljað flytja það til landsins, að óþörfu í ýmsum hlutum. Sérstaklega verður það skiljanlegt hjá þjóð, þar sem mikið fjármagnshungur er ríkjandi eins og hér hjá okkur.

Auðvitað sjá allir og skilja, að það mikla fjármagn, sem fest hefur verið í olíuverzlun hér á landi, hefði betur verið komið og þjóðinni til meira gagns í ýmsum öðrum hlutum, en sú hefur raunin ekki á orðið hér, eins og allir sjá. Og hvernig skyldi nú standa á því, að fjármagnið hefur leitað í jafnstórum mæli og svo algerlega að þarflausu í einmitt þessa atvinnugrein í landinu? Það kannast allir við það lögmál, sem hæstv. ríkisstj. hefur þótzt að undanförnu vilja stýra eftir, að þangað leitar fjármagnið fyrst og fremst, sem mests gróða er von.

Það hlýtur því að vera algerlega ljóst, að þegar fjármagnið leitar að nauðsynjalausu, að því er virðist, yfir í eina atvinnugrein sérstaklega, þá getur þar ekkert annað ráðið en mjög

miklir gróðamöguleikar. Það er einnig á allra vitorði, að það er ekki aðeins rekstrarkostnaður við olíuverzlun hér á landi, sem er óhagkvæmur og óæskilegur, heldur og gróðinn af þessari verzlun. Það er allra vitorði, að sá gróði hefur verið mjög mikill, og að sjálfsögðu hlýtur hann að lenda með mjög miklum þunga á atvinnuvegum landsmanna. Í því sambandi er rétt að minnast á tvö dæmi. Fyrir nokkrum árum urðu tvö dagblöð hér í höfuðstaðnum til að birta upplýsingar um það, að eitt olíufélag landsins hefði hagnazt um allháa upphæð eftir ólöglegum leiðum. Mál þetta var talið svo alvarlegt, að því var vísað til dómstóla, og samhljóða niðurstaða dómstólanna varð sú, að þetta umrædda olíufélag hefði ætlað að ná sér í gróða á einum olíufarmi, sem nam nokkuð á aðra millj. króna. Í kosningabaráttunni 1953 varð þetta olíumál eitt helzta deilumál núverandi stjórnarflokka. Af einu aðalmálgagni hæstv. ríkisstjórnar var því svo bætt við í þessu sambandi, að sama olíufélag og uppvíst varð að þessu gróðabralli, sem ég áðan nefndi, hefði leyft sér að taka í álagningu á farmgjöld á einum einasta olíufarmi 700 þús. kr.

Þegar þetta mál komst í hámæli og blaðaskrif urðu um það, brugðu forstöðumenn olíufélagsins, sem um var að ræða, mjög skjótt við og lýstu því yfir, að þetta væri nú ekki meiningin, að vísu hefðu þeir tekið þessar 700 þús. í aukaflutningsgjöld á olíufarminn, en þeir ætluðu að skila þeim aftur. Þeir viðurkenndu sem sagt, að þeir hefðu tekið 700 þús. kr. ofan á flutningsgjald á einum olíufarmi, en af því að farið var að ræða málið, lofuðust þeir til að skila þessari upphæð aftur. Nú var engum ljóst, hvernig unnt var að skila þessari upphæð aftur, þar sem olían var komin til landsins og farið var að selja hana ýmsum viðskiptavinum, enda minnist ég þess ekki að hafa nokkurn tíma séð nokkurs staðar neinar sannanir fyrir því, að þessari upphæð hafi verið skilað réttum aðilum aftur.

En þó að þannig kæmi í dagsins ljós, að ýmislegt óhreint væri í starfsemi eins þeirra félaga, sem hér var um að ræða, var hitt jafnljóst, að það kom aldrei neins staðar fram, að um nokkurn verðmismun væri að ræða á olíu hjá olíufélögunum. Þau voru þar öll undir einum hatti, öll með sama verðið, enda þótt eitt félagið hefði orðið uppvíst að því að ætla að draga sér nær 2 millj. kr. á tveimur olíuförmum. Af þessum sökum tel ég, að menn hafi a. m. k. heimild til að láta sér detta í hug, að ýmislegt geti verið þarna fleira en í ljós hefur komið. Hvað sem um það er annars, hvort hin olíufélögin hafa rekið heiðarleg viðskipti eða ekki, þá má a. m. k. teljast fullvíst, að eina áhugamál þeirra, sem nú fara með olíuverzlun í þessu landi, er að safna gróða. Og það má teljast fullvíst, að þeir nota a. m. k. öll lögleg ráð til þess að ná þeim gróða í sínar hendur.

En þegar maður sér, að driffjöðrin í olíuverzluninni er sú að safna gróða í hendur þeirra félaga, sem með olíuna verzla, þá hlýtur einnig að verða ljóst, að þessi verzlun er ekki rekin með hagsmuni útgerðar eða annarra atvinnuvega landsmanna fyrir augum. Og það er af þeim sökum, að við þm. Þjóðvfl. höfum hér flutt frv. um breytta skipun þessara mála, að við höfum hér flutt frv. um að breyta olíusölunni á þann veg, að framvegis verði hún rekin með hagsmuni atvinnulífsins fyrir augum, en ekki gróðavon þeirra, sem með olíuna verzla.

Í þessu frv. er lagt til, að öll verzlun með olíu, hverju nafni sem nefnist, olíur og benzín, verði tekin í hendur verzlunar, er ríkissjóður eigi. Þá er og gert ráð fyrir því í þessu frv., að ríkisstj. kaupi tvö skip til að flytja til landsins þá olíu, sem landsmenn þarfnast. Er það ekki ákveðið í frv., hvort olíuverzlun sú, sem lagt er til að stofnuð verði, reki þessi skip eða Skipaútgerð ríkisins, heldur ætlazt til, að það verði athugað, hvort hagkvæmara verði talið, og þá verði það látið ráða um framkvæmdina.

Það ætti að vera ljóst, að það er mjög nauðsynlegt fyrir landsmenn að eignast olíuflutningaskip. Á sínum tíma var fyrsta skipafélag landsins, Eimskipafélag Íslands, kallað óskabarn þjóðarinnar. Þá var það talið slík nauðsyn, slík höfuðnauðsyn, að landsmenn ættu sjálfir skip til að flytja vörur til þjóðarinnar, að fyrirtækinu, sem stofnað var til að hrinda þessari draumsýn í framkvæmd, var valið nafnið óskabarn þjóðarinnar. En það verður ekki skýrt, a. m. k. ekki svo að ég skilji, hvernig á því geti staðið, að engum hefur dottið í hug að telja það jafnmikla nauðsyn fyrir þessa þjóð að flytja sjálf olíuna, sem hún notar, til landsins eins og aðrar vörur. Ég fæ ekki séð né skilið, að þar sé nokkur eðlismunur á, heldur sé það eitt og hið sama, þar ríki og gildi sama lögmál og að sá aðili, sem yrði fyrstur til að kaupa og reka slíkt olíuflutningaskip, mætti taka upp nafnið óskabarn þjóðarinnar, ekki sízt þar sem gamla fyrirtækið virðist nú hafa fyrirgert því nafni.

Af verzlunarskýrslum eða skýrslum um gjaldeyrisviðskipti þjóðarinnar er ljóst, að við Íslendingar höfum að undanförnu borgað um 30—40 milljónir í erlendum gjaldeyri á ári fyrir að flytja olíur til landsins. Nú hef ég ekki nákvæmar upplýsingar um, hvað olíuskip af þeirri stærð, sem hér er gert ráð fyrir, 15—20 þús. smálestir, mundi kosta. Heyrt hef ég, að það mætti fá fyrir 60—80 millj. kr. Það er því ljóst, að á nokkrum árum borgum við Íslendingar erlendum skipafélögum mörg olíuflutningaskip. Og ég þarf áreiðanlega að heyra einhver mjög mikilvæg rök flutt fram fyrir þeirri ráðstöfun, áður en ég skil, að hún sé nauðsynleg og sjálfsögð. Hitt finnst mér eðlilegt og sjálfsagt, að við Íslendingar borgum sjálfum okkur skipin, kaupum þau og eignumst þau sjálfir og njótum þess hagnaðar, sem af því er að flytja olíu frá útlöndum og hingað til landsins, en látum ekki erlenda menn og erlend skipafélög græða á okkur áratug eftir áratug.

Í frv. okkar er einnig gert ráð fyrir því, að olíudreifingarkerfi það, sem nú er til hér á landi, þ. e. a. s. eignir núverandi olíufélaga, verði

tekið eignar- eða leigunámi, til þess að olíuverzlun ríkisins geti rekið verzlun með olíu og dreift henni með jafnfullkomnum hætti og nú á sér stað. Er svo ákveðið í frv., að hlutazt skuli um það, að þetta eignarnám komi sem jafnast niður á þeim olíufélögum, sem nú starfa, þannig að ekki verði teknar eignir á matsverði af einu félagi og hinum sagt að hypja sig með sínar eignir í burtu, heldur verði reynt að láta eitt ganga yfir alla, eftir því sem nokkur kostur er.

Það er að sjálfsögðu alveg rétt, að það er mögulegt að mismuna olíufélögunum mjög mikið í þessu efni. Það félag, sem gæti selt sínar eignir á matsverði hér innanlands, yrði miklu betur sett en hin, sem sagt væri að rífa eignirnar upp og selja þær burt úr landi eða á innanlandsmarkaði, því að þá mundi e. t. v. ekki fást matsverð fyrir þær.

Hitt er svo jafnljóst, að nauðsynlegt er einnig að setja fyrirvara um það, að olíuverzlun ríkisins skuli ekki skylt að kaupa hið þrefalda og allt of stóra olíudreifingarkerfi, sem nú hefur verið byggt í landinu að nauðsynjalausu, á fullu matsverði. Þess vegna höfum við flm. sett það ákvæði inn í frv., að olíusala ríkisins skuli aðeins kaupa það af því dreifingarkerfi, sem nú er í landinu, sem nauðsynlegt verði talið til að reka jafnumfangsmikla olíuverzlun og nú er þörf á að reka, kaupa þennan hluta af dreifingarkerfinu á matsverði, en síðan skuli olíuverzlunin eða ríkissjóður gefa olíufélögunum kost á að kaupa afganginn af dreifingarkerfinu á nokkrum hluta þess verðs, sem það yrði metið á, 30%. En jafnframt skuli olíufélögunum eða eigendum tækjanna gefinn kostur á að hafna þessu og selja þá eignir sínar, hvort sem þeir vilja heldur innanlands eða utan. Þetta virðist mér mjög sanngjörn, eðlileg og sjálfsögð ráðstöfun.

Þá er einnig gert ráð fyrir því í frv., að olíuverzlun ríkisins annist olíusölu á sama hátt og nú hefur verið gert, þ. e. a. s. með tilliti til dreifingar, að hún selji olíuna gegnum eigið dreifingarkerfi um allt land. En einnig er gert ráð fyrir, að hún selji olíusamlögum útvegsmanna, kaupfélögum, smásöluverzlunum og ýmsum öðrum aðilum. Einnig eru í frv. ákvæði um að skylda olíuverzlunina til að hafa nægilegan forða að jafnaði í landinu af olíum, svo að atvinnuvegunum þurfi ekki að stafa hætta af því, að það geti orðið olíulaust og rekstur stöðvist af þeim sökum.

Ýmis ákvæði eru fleiri í þessu frv., sem ég tel ekki ástæðu til að rekja ýtarlega að þessu sinni, því að ég vona, að tilefni gefist til þess síðar, þar sem ég treysti því fastlega, að frv. verði ekki svæft í nefnd. En á það eitt vildi ég benda, að megintilgangurinn með þessu frv. er að gera olíusöluna í landinu mun hagkvæmari en nú er og haga henni eftir því, hver þörf atvinnuveganna er, en ekki að hafa hliðsjón eingöngu af gróðamöguleikum í sambandi við hana.

Það er að sjálfsögðu alveg ljóst, að eins og nú standa sakir um afkomu sjávarútvegsins og atvinnuvega landsins yfirleitt, hlýtur megintilgangurinn með frv. í augnablikinu að vera að gera í fyrsta lagi rekstrarkostnað olíuverzlunar sem allra minnstan, en þar að auki að afnema ágóða algerlega, á meðan svo er háttað, að helzti atvinnuvegur og undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar, sjávarútvegur, fær ekki borið sig nema með einhverjum annarlegum ráðstöfunum eins og óæskilegum og óþörfum bílainnflutningi. Hitt er að sjálfsögðu opið og verður að vera á valdi hverrar ríkisstj. að haga verðlagi á olíunni nokkuð eftir því, hvernig efnahagsástand landsins og afkoma atvinnuveganna er hverju sinni. Þess vegna er í frv. líka ákvæði um það, að ríkisstj. skuli ákveða hámarksverð ekki aðeins á þeirri olíu, sem hún selur, heldur og á allri annarri olíu, þ. e. a. s. olíu, sem er seld í gegnum dreifingarkerfi þeirra aðila, sem olíuverzluninni er heimilt að selja í heildsölu.

Ég hygg svo, að fleiri orð ættu að vera óþörf um þetta mál að sinni, en vil vísa til grg. með frv. og þá sérstaklega þess, sem þar er sagt um eðli olíuverzlunar í sjálfu sér, nefnilega það, að olíuverzlun er nokkurs annars eðlis en verzlun með aðrar vörur, þar sem olía er heimsmarkaðsvara, vara, sem breytist ekki eftir tízku eða öðru frá einu ári til annars, vara, sem nokkuð sama er í hvaða landi er keypt, bæði með tilliti til verðs og gæða, og vara, sem engin áhætta fylgir að flytja inn og selja. En þetta er eitt veigamesta atriðið fyrir því, að einmitt slíka vöru beri að taka í hendur ríkisfyrirtækis, ekki síst þar sem það er jafnþýðingarmikil vara fyrir atvinnulíf þjóðarinnar og olían er.

Að svo mæltu vil ég leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Fiskveiðalandhelgi Íslands.

Á 5. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um fiskveiðalandhelgi Íslands [35. mál] (þmfrv., A. 39).

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur áður verið flutt tvisvar sinnum á Alþingi og hefur þá verið skýrt í framsögu og með allýtarlegri grg., en sú grg., lítið sem ekki breytt, fylgir frv. einnig nú.

Efni frv. er í fyrsta lagi það, að landgrunnið

kringum Ísland skuli teljast ná 50 sjómílur út fyrir yztu nes, eyjar og sker í kringum landið, en þar sem 200 metra dýptarlína landgrunnsins nái út fyrir 50 sjómílna línuna, skuli landgrunnið takmarkast af þeirri línu. Ætlunin er, að með þessari grein frv. verði fiskveiðalandhelgi Íslands lögfest og landgrunnið allt látið vera innan fiskveiðalandhelginnar.

Þó að undarlegt kunni að virðast, þá er það þó svo, að nú eru engin lagaákvæði til um fiskveiðalandhelgi Íslands. Ef einhverjir halda, að friðunarákvæðin, sem sett voru með reglugerðinni 19. marz 1952, byggð á lögunum frá 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, séu lagaákvæði um fiskveiðalandhelgi Íslands, þá er það auðvitað misskilningur. Mér virðist, að það sé ekki við það hlítandi, að ekki séu til í lögum skýr og ákveðin lagafyrirmæli um það, hvernig skuli skilgreina hina íslenzku fiskveiðalandhelgi.

Í 2. gr. frv. eru aftur ákvæði um það, á hvern hátt skuli framkvæma löggæzlu innan fiskveiðalandhelginnar, og þar er sett það lágmarksákvæði, að undir öllum kringumstæðum skuli ekki minna en 12 sjómílna belti utan við núverandi friðunarlínu vera ávallt varið af fiskveiðalandhelginni, þ. e. a. s. 16 sjómílna belti utan við yztu eyjar og sker landsins, og á því svæði sé a. m. k. öllum erlendum fiskiskipum bannað að stunda hvers konar veiðar. Hins vegar er það þó gefið á vald ríkisstj. á hverjum tíma að ákveða frekari aðgerðir um gæzlu fiskveiðalandhelginnar en ákveðið er með þessu lágmarksákvæði. — Þetta er í sem skemmstu máli efni frv.

Það kunna að vera til þeir menn, sem telja, að það sé nokkuð djúpt í ár tekið, að Ísland helgi sér landgrunnið allt sem fiskveiðalandhelgi. En þá er því til að svara, að þetta er nokkurn veginn nákvæmlega sama svæði sem Kristján IV. Danakonungur ákvað að lýsa yfir gagnvart öðrum ríkjum sem fiskveiðalandhelgi Íslands á sínum tíma. Síðan fóru Danakonungar smátt og smátt að láta undan ágengni erlendra þjóða að því er snertir fiskveiðalandhelgi Íslands og komust þá lengst, þegar þeir gerðu samninginn við Breta 1901, en honum höfðum við þó manndóm til þess að segja upp og höfum síðar aðeins gert fyrstu byrjunarráðstöfun til þess að kalla eftir okkar fornhelga og sögulega rétti, sem byggist þó fyrst og fremst á lífsnauðsyn þjóðarinnar, og erum komnir það langt að hafa helgað okkur aftur af 48 mílna svæðinu, sem Kristján Danakonungur IV. taldi Íslendingum vera nauðsyn, fjögurra mílna svæði í kringum landið.

Það er álit íslenzkra vísindamanna, íslenzkra fiskifræðinga, að það séu allar líkur til þess, að með vaxandi fiskveiðatækni veiti Íslendingum ekkert af að helga sér landgrunnið allt til eigin nýtingar, því að það megi búast við því innan stundar, að Íslendingar séu með vaxandi fiskveiðatækni færir um það einir að notfæra sér fiskveiðaauðæfin á þessu svæði, ef ekki eigi að vera ofboðið fiskstofninum með ofveiði. Sérstaklega hefur dr. Hermann Einarsson haldið þessari kenningu fram, og enginn fiskifræðingur hefur gerzt til þess að vefengja þá skoðun hans.

Það má spyrja að því, hvers vegna Íslendingar hafi ekki löngu fyrr tekið upp þessa kröfu um að helga sér landgrunnið allt sem fiskveiðalandhelgi, og er þá því til að svara, að sú kenning er tiltölulega ný, mun vera fyrst sett fram í kringum síðustu aldamót, og á þeim grundvelli var því eðlilegt, að Íslendingar gerðu miklu fyrr kröfu um landgrunnið allt undir íslenzka löggæzlu og vildu láta lögfesta það sem fiskveiðalandhelgi Íslands. Hins vegar stöndum við svo einstaklega vel að vígi að standa á sögulegum grundvelli og sögulegum rétti, sem þessi kynslóð má alls ekki láta henda sig að láta sér úr greipum ganga. Á þeim helga sögulega rétti eigum við að standa, einkanlega eftir að fiskveiðatæknin gerir það að opinberri nauðsyn íslenzku þjóðinni að helga sér þetta svæði og öll þau verðmæti, sem á því og í því er að hafa, og helga þau íslenzkri þjóð.

Við megum búast við því, að eins og það leiðir af sjálfu sér, að það er þörf frekari verndunarákvæða gegn ofveiði, eftir að botnvarpan er komin til sögunnar, heldur en áður var, meðan smátækari veiðitæki voru kunn, eins er þörf enn frekari ráðstafana, vegna þess að nú vita menn, að botnvarpan verður kannske innan stundar, þótt hún sé mikilvirkt veiðitæki, úrelt veiðitæki og miklu stórfelldari tæki tekin til notkunar, sérstaklega í sambandi við notkun rafmagns sem hluta af veiðitækni framtíðarinnar. Og þá má búast við, að Íslendingum veiti sízt af að hafa helgað sér landgrunnið allt og skapað sér þannig lagalegan rétt til þess að bægja ásælni annarra þjóða frá auðlindum Íslands á landgrunni þess.

Ég vil vona, að þetta mál hljóti hvorki þau örlög að vera þagað í hel, — það á það ekki skilið af Íslendingum, — og ég vil vænta þess líka, að það verði ekki örlög þess, að það verði deilumál, og til þess tel ég engin rök hníga. Ég mundi því telja einsætt, að Alþingi Íslendinga færi að dæmi þeirra þjóða, sem þegar hafa gert miklar kröfur til landhelgi meðfram ströndum sínum, og þar er af nógum dæmum að taka, svo að Ísland væri svo sem ekki að troða neinar áður ótroðnar brautir, þó að það gerði kröfu til þess að helga sér 50 sjómílna belti í kringum landið. Aðrar þjóðir hafa tekið þar miklu dýpra í ár nú hin síðari árin. Mundi ég því vilja vænta þess, að sú nefnd, sem tekur við málinu, tæki nú rögg á sig og afgreiddi það með tillögu til samþykktar. Ég legg til, að málinu verði vísað til hv. sjútvn. Ég tel rétt að líta á þetta fyrst og fremst sem eitt stærsta grundvallaratriði okkar höfuðatvinnuvegar, sjávarútvegsins, og vil vona, að málið fái þar skjóta og röggsamlega afgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 12. fundi í Nd., 28. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

24. Olíueinkasala.

Á 5. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um olíueinkasölu [37. mál] (þmfrv., A. 41).

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það var fyrir stuttri stundu í þessari hv. d., sem annar þm. mælti fyrir frv. með svipuðu heiti, um olíueinkasölu ríkisins, og mjög svipuðu að efni einnig. Það er þó ekki sök mín eða okkar flm. þessa frv., að það mál hefur birzt í frumvarpsformi svo líkt þessu, því að þetta frv. var samið 1946 og flutt þá í Ed. og hefur síðan verið flutt hér í Nd. í nokkur skipti, ég held einum þrisvar sinnum, af öllum þm. Alþfl. í Nd., og þannig er það flutt óbreytt nú. Það, að einnig er komið fram frv. nú mjög svipað að heiti og efni og uppbyggingu, er einungis sökum þess, að málið hefur fengið einróma fylgi í öðrum stjórnmálaflokki og þeir talið sér nokkurs virði að búa það í sinn búning, sem þá auðvitað hlaut að vera svipaður búningi þeim, sem málinu hafði áður verið valinn.

Efni þessa frv. er í fáum orðum það, að ríkið skuli taka að sér einkasölu á öllum innfluttum olíum. Þá sé ríkinu enn fremur heimilt að leigja, kaupa eða láta byggja skip til að flytja olíur til landsins og til þess að dreifa olíunum um landsbyggðina. Í þriðja lagi er í þessu frv. eignarnáms- eða leigunámsheimild á þeim dreifingarkerfum, sem nú eru til hér á landi, og á öllum þeim mannvirkjum, sem notuð eru nú í þjónustu verzlunarrekstrar með benzín, ljósaolíu, hráolíu og brennsluolíu. Í frv. er heimilað að leggja á þessar olíuvörur, sem einkasalan hafi með höndum að verzla með, frá 10—40%, og þá er gert ráð fyrir að skapist ágóðahluti. Þennan ágóðahlut skal, þegar hann hefur orðið til, eftir að hæfilegur hluti af honum hefur verið lagður í veltufjár- og varasjóði og fyrningar- og byggingarsjóði, geyma til næsta árs og nota það ár til lækkunar á verðlagi þeirra vara, sem olíueinkasalan verzlar með, að svo miklu leyti sem ekki er hægt að verja ágóðanum til verðuppbótar á því sama ári sem ágóðinn varð til. Þannig er ætlunin með þessu frv., að þeim ágóða, sem myndast innan ramma þess álagningarfrelsis, sem lögin heimila, verði skipt upp til þess að lækka verðlagið á olíu og skapa hið rétta verð á næsta ári á eftir.

Nú kunna menn að spyrja: Er nokkur þörf á því að vera að raska þeim háttum um verzlun með olíu, sem hafa ríkt hér á landi og eru nú ríkjandi? Er nokkur þörf á að vera að breyta til í þessum efnum?

Það er fyrsta atriðið í því svari, sem ég vil gefa við þessari spurningu, að olíufélögin þrjú, sem nú verzla með olíu hér, hafa upplýst á undanförnum árum hvert um sig, að það sé unnt hverju þeirra að skapa jafnvel milljónagróða á einum olíufarmi, og hafa þau skipzt á brigslyrðum út af þessum möguleikum hvers um sig og flett ofan af því, sem áður var ekki kunnugt, að það er um stórkostlegan gróða að ræða, jafnvel milljónagróða, sem menn getur varla órað fyrir, á einum einasta olíufarmi. Þetta sýnir okkur, að það er hægt að mata krókinn svo gífurlega á þessari verzlun, án þess að almenningur hafi hugmynd um það, að við slíkt er ekki unandi. Það er ómögulegt að vefengja þessar upplýsingar. Þær voru gefnar af hinum ýtrasta kunnugleika hvers félagsins um afkomu og gróða hins, svo að þar vitnaði kunnugur gegn kunnugum í þessu efni.

Auðvitað á að afnema það skipulag, sem heimilar slíka féflettingaraðstöðu og slíka óhóflega gróðasöfnun. Ég hygg, að það sé ekki hægt á annan hátt betur að fyrirbyggja þetta en með ríkiseinkasölu. Þar lægju öll plögg opinberlega fyrir frá ári til árs, og þetta gæti ekki átt sér stað.

Þá er það í annan stað óviðunandi við núverandi ástand, að þessi félög nota eingöngu erlend skip til þess að flytja olíuna hingað til landsins. Allir þeir, sem vilja, að öll íslenzk verzlun sé á höndum Íslendinga og íslenzkra aðila, hljóta að vilja taka upp eitthvert það skipulag, sem geri mögulegt að fá íslenzk tankskip til þess að flytja alla olíuna til okkar. Það hafa legið fyrir beiðnir frá olíufélögunum hér fyrir Alþingi um kaup á olíuskipum, en þar virðist öfundin út í hvert annað hafa verið svo mikil, að eitt olíufélagið hafi eyðilagt möguleikana fyrir hinum um að kaupa olíuflutningaskip til landsins. Slík hjaðningavíg á milli þeirra, sem bezt hafa matað krókinn á olíuverzluninni, ættu ekki að fá að halda áfram árum saman, og væri bezt, að ríkið skærist í leikinn og fyrirbyggði slíkan hernað á milli gróðafélaganna og keypti olíutankskipin í nafni ríkisins fyrir olíuverzlun sína.

Auk þess er það óviðunandi, að a. m. k. tvö af þessum félögum og sennilega að einhverju leyti öll eru erlend verzlunarfyrirtæki, og þeir, sem vilja, að verzlunin sé íslenzk, geta ekki heldur unað við það til lengdar. Það er enginn aðili til, sem getur tekið af skarið um þetta og gert verzlunina íslenzka nema íslenzka ríkið sjálft. Það hefur enginn mátt til þess að rísa upp gegn þessum hálfútlendu og alútlendu olíuauðhringafélögum nema íslenzka ríkið sjálft, sem getur markað þeim básinn með löggjöf og á að gera það.

Þá er það það fjórða, sem ég tel alveg óviðunandi við núverandi ástand olíuverzlunarmálanna, að það er búið að koma upp þreföldu dreifingarkerfi um allt landið. Þetta dreifing-

arkerfi kostar marga tugi milljóna króna. Það bindur óþarfan mannafla við olíuafgreiðsluna, og það hlýtur að hækka verðlag á olíuvörunum stórkostlega umfram það, sem nokkur þörf er á. Þetta verður að rífa niður með því að heimila leigu- eða eignarnám á þessu þrefalda olíudreifingarkerfi og að upp verði byggt eitt fullkomið dreifingarkerfi, sem hlýtur að kosta miklu minna fé og vera ódýrara að öllum rekstri, bæði um mannafla og annað.

En höfuðnauðsynin til þess kannske að binda endi á það, að milljónatugum sé rakað saman í sambandi við olíuverzlunina á hverju ári, er sú höfuðnauðsyn sjávarútvegsins, sem hér kallar á. Það er ekkert vit í því að láta þrjú olíuauðfélög taka milljónatugi af þrautpíndum sjávarútveginum í of háu olíuverði á hverju ári og þykjast svo, eftir að þessar ræningjahendur eru búnar að fara um féhirzlu sjávarútvegsins, að vera að hjálpa sjávarútveginum aftur með smápeningi, sem fæst gegnum alóþjóðhollan bílainnflutning, sem komið er á rétt í bili, en verður, þegar sú lind þrýtur, að gerast með einhverjum öðrum hætti.

Það er eitt af því fyrsta, sem hægt er að hjálpa útgerðinni með til þess að standa á eigin fótum, að losna við arðrán af hendi erlendra og innlendra olíufélaga og útvega útgerðinni allar olíur, sem hún þarf til sinna nota, á réttu verði. Það er fyrsta og sjálfsagðasta hjálpin, sem íslenzka þjóðfélagið á að veita sínum höfuðatvinnuvegi. Þá gæti strax verulegur hluti af hinum svokölluðu ölmusum, sem sjávarútvegurinn er nú að nafninu til látinn fá, horfið burt. Ég er alveg sannfærður um það, að ef á sama hátt væri útvegað til sjávarútvegsins salt og veiðarfæri og aðrar höfuðnauðsynjar hans með réttu verði og allar þessar vörur teknar út úr hinni venjulegu verzlunarhringiðu, þá væri hægt að gera honum fært að standa á eigin fótum, allra helzt ef sú breyting væri jafnframt gerð á bankapólitíkinni að hafa öll lán í sambandi við rekstur útgerðarinnar og geymslu afurða á lágum vöxtum, eins og allar siðmenntaðar þjóðir gera. Það gera Norðmenn, okkar aðalkeppinautar, þeir hafa vexti af lánum til síns sjávarútvegs í algerum lágmarks- og sérflokki, allt niður í 1½% lán. Og það ætti auðvitað íslenzkur sjávarútvegur að hafa líka, hvað sem liði vöxtum að öðru leyti til miður nauðsynlegra atvinnugreina.

Þetta vil ég segja í sambandi við þetta frv., því að ég tel, að það væri fyrst og fremst hugsað sem liður í aðgerðum til þess að hjálpa íslenzkum sjávarútvegi á hinn eðlilegasta hátt og losa við þá vansæmd, að sjávarútvegurinn sé talinn lifa á ölmusu og styrkjum, sem auðvitað allir milliliðir, ekki aðeins olíugróðafélögin, heldur allir milliliðir fá sína fjármuni og sinn gróða frá. Það er alveg snúið við öllum rökum, þegar verið er að halda því fram, að sjávarútvegurinn njóti styrks frá tóbaksreykingamönnum og frá ríkissjóði í einni og annarri mynd, gegnum bílainnflutninginn meðal annars, því að það er auðvitað sjávarútvegurinn, sem leggur þjóðfélaginu til allt þess rekstrarfé og gefur gróðaaðilunum í þjóðfélaginu alla möguleika til þess að mata krókinn vegna þess, hvernig að honum er búið af íslenzkri löggjöf.

Ég skal svo ljúka þessum orðum mínum með því að segja: Ég hef stundum heyrt það, að Alþýðuflokksmenn hafi kunnað því illa, þegar mál, sem þeir hafa flutt og þráflutt, hafa svo verið tekin upp af öðrum flokkum. En ég tel, að Alþfl. megi vel við það una, hann þurfi ekkert að kveinka sér undan því. Það sýnir, að hann flytur góð mál, sem aðrir flokkar ágirnast, og það er bara formsatriði, hvort þeir vilja tjá stuðning sinn við þessi góðu mál með því að rétta upp höndina með þeim á Alþingi eða með því að breyta eitthvað búnaði þeirra að eigin hætti og eigin geðþótta sínum, og skal það, þegar efni er ekki raskað, á engan hátt átalið af mér eða mínum meðflm. um þetta mál. Ég teldi meginsigur unninn í málinu, ef annaðhvort frv. okkar eða frv. þjóðvarnarmannanna yrði samþ., og vil vona, að svo verði, og tel einsætt, að þessu máli verði vísað til hv. fjhn. Alþingis.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Í tilefni af ummælum í ræðu hv. 3. landsk. þm. (HV), þar sem hann margtók það fram, að frv. okkar þm. Þjóðvarnarflokksins um olíuverzlun ríkisins væri mjög líkt að efni og uppbyggingu og þar væri á engan hátt neinu raskað frá frv. Alþfl. um olíueinkasölu ríkisins og að við þm. Þjóðvfl. hefðum verið að seilast eftir því að taka upp mál, sem Alþfl. væri búinn að þráflytja hér og ætti, vil ég leyfa mér að taka fram örfá atriði.

Í fyrsta lagi vil ég lýsa yfir, að mér þykir leitt, að hv. 3. landsk. þm. skyldi viðhafa þessi ummæli. Þau sýna annað tveggja, að hann hefur ekki lesið frv. okkar þm. Þjóðvfl. eða vill ekki viðurkenna staðreyndir, þó að hann sjái þær svartar á hvítu fyrir framan sig. Þessi frumvörp eru nefnilega bæði að uppbyggingu og ýmsu efni mjög ólík og mjög óskyld.

Út af því atriði, að við höfum verið að hnupla einhverju frá Alþfl., vil ég taka það fram, að fyrsti landsfundur Þjóðvfl., sem haldinn var nokkrum mánuðum eftir að flokkurinn var stofnaður, setti það á stefnuskrá flokksins sem eitt af aðalbaráttumálum hans að taka upp ríkisverzlun með olíu, og okkar frv. er flutt í samræmi við þá stefnulýsingu.

Þegar frv. hv. þingmanna Alþfl. var hér til umr. á fyrsta þingi, sem við þm. Þjóðvfl. sátum, þ. e. á þinginu 1953, lýsti hv. 8. þm. Reykv. því mjög skilmerkilega í umræðum um það frv., að frv. Alþfl. væri að okkar áliti svo gallað, að það væru engin tök að fylgja því án þess að gera á því mjög veigamiklar efnisbreytingar. Ég mun hér í örfáum orðum leitast við að finna þessum orðum stað og sýna fram á, að svona liggur í þessu máli.

Fyrsta athugasemd, sem ég vil gera í þessu sambandi, er það, að hv. 3. landsk. þm. sagði,

að þetta frv. hefði verið flutt hér fyrst á þingi 1946 og síðan óbreytt síðan. Í frv., sem Alþýðuflokksþingmennirnir fluttu 1953, var þó ekki gert ráð fyrir að kaupa olíuflutningaskip. Á því þingi, 1953, fluttum við þm. Þjóðvfl. frv. um kaup á olíuflutningaskipum, og á næsta þingi á eftir tóku þingmenn Alþfl. þetta ákvæði inn í frv. sitt, ef ég man rétt.

Í öðru lagi vil ég taka það fram og játa það, að ég var mjög lengi að átta mig á því, hvernig gæti á því staðið, að frv. hv. þingmanna Alþfl. væri jafnilla úr garði gert og jafnóaðgengilegt og það er. Það tók mig langan tíma að komast að niðurstöðu í því máli. Loks fann ég það þó, og ástæðan var sú, að svo hefur verið kastað höndum til þessa frv., að það er að mestu leyti orðrétt uppskrift á lögum um tóbakseinkasölu ríkisins. Þar er sáralitlu breytt nema nafninu á fyrirtækinu. Það er sett olíueinkasala í staðinn fyrir tóbakseinkasala. Og þó að það að sanna þetta og leiða rök að því kosti mig að vitna í einstakar greinar í frv., sem ég veit að ekki er ætlazt til við þessa umr., þá verð ég þó að gera það.

Það er þá í fyrsta lagi í 7. gr. frv., þar sem ákveðið er, hvernig fara skuli með þær vörur, sem til eru í landinu, þegar einkasalan tekur til starfa. Þar er sagt, að ríkisstj. sé heimilt að taka þessar vörur og hún skuli ákveða með reglugerð, hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Þetta stendur svona í lögunum um tóbakseinkasölu ríkisins, og er það mjög eðlilegt. Þegar þau lög voru sett, var verzlun með tóbak frjáls. Kaupmenn áttu þá miklar birgðir af þessum vörum. En með lögunum um tóbakseinkasölu ríkisins var ákveðið að leggja mjög hátt gjald á tóbak, aukagjald, og þess vegna þurfti að vera ákvæði í lögunum, sem heimilaði ríkisstj. að leggja þetta einkasölugjald á það tóbak, sem tekið væri af þeim verzlunum, sem fyrir voru í landinu. Ef sama ætti að gera hér við þær olíubirgðir, sem fyrir væru í landinu, þegar olíueinkasalan tæki til starfa, þá þyddi það það, að hækka ætti olíuna mjög verulega í verði, leggja á hana einkasöluálag og gera hana að gróðavöru, einkasölugróðavöru, svipað og tóbak og áfengi. Þetta kemur að sjálfsögðu ekki til greina og stangast þar að auki algerlega á við grg. frv. sjálfs, þar sem einmitt er sagt, að þessa ráðstöfun eigi að gera, að setja á stofn olíueinkasölu, til þess að gera olíuna ódýrari.

Í 8. gr. frv. segir, að olíueinkasalan skuli leggja 10—40% á vöruna. Þetta er ekki alveg orðrétt tekið upp úr lögunum um tóbakseinkasölu ríkisins, þar sem allt miðast við einkasölugróða, því að þar stendur nefnilega 10—50% á vörurnar. Hér á að leggja á 10—40%. Ef ég man rétt, er sú álagning, sem nú er heimiluð á olíur, um 4%, svo að hér skýtur nokkuð skökku við. Það virðist þá eftir frv., að það eigi að gera þetta að tekjulind fyrir ríkissjóð, í stað þess að í grg. segir, að það eigi að lækka olíuverðið frá því, sem nú er.

Í þriðja lagi eru fleiri mótsagnir í þessu frv. Í 10. gr. er ákveðið, hvernig skuli ráðstafa þeim ágóða, sem verða kann af olíusölunni. Þar er svo fyrir mælt, að hann skuli alls ekki renna í ríkissjóð, honum skuli varið til þess að gera olíuna ódýrari, lækka olíuverðið. Það er ekkert nema gott um það ákvæði að segja. En í 12. gr. kemur svo ákvæði, sem algerlega stangast á við þetta. Þar stendur nefnilega um olíuvörur, sem fluttar yrðu inn í heimildarleysi og gerðar upptækar, að þær skuli afhendast einkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð. Þá eru flm. allt í einu farnir að gera ráð fyrir því, að ágóði eða tekjur olíuverzlunarinnar renni í ríkissjóð, sem þeir í 10. gr. ákveða að skuli ekki vera.

Hv. 3. landsk. sagði, að þetta frv. væri búið að flytja hér ár eftir ár á þingi síðan 1946. Ég sagði áðan, að það hefði verið mjög kastað til þessa frv. höndunum og það mjög óvandvirknislega unnið og óskilmerkilega. Og hér er til viðbótar eitt atriði, sem sannar það, því að annaðhvort er þetta hér í 13. gr. einhver meinloka eða þá bara hreint og beint prentvilla, sem búin er að standa ár eftir ár, því að þau þrjú ár, sem ég hef séð þessi frv., er 13. gr. alltaf svo orðuð, með leyfi hæstv. forseta:

„Með brot út af málum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.“

Ef það væri alvara að hafa þetta svona, þá dytti manni fyrst í hug, að flutningsmenn litu ekki á þetta eins og frv. að lögum, heldur eins konar allsherjar málaferli, gegn olíufélögunum væntanlega, því að svona hef ég ekki séð neinar frumvarpsgreinar orðaðar, heldur „með mál út af brotum gegn lögum þessum“ o. s. frv., og það er allt annað en „með brot út af málum þessum“.

Mýmörg fleiri atriði eru í þessu frv., sem þannig er ástatt um og sýna, að þetta frv. er allt annars eðlis en frv. það, sem við flytjum. Eitt atriði er t. d. mjög þýðingarmikið í þessu sambandi, en það er það, að í 4. gr. frv. þeirra hv. þm. Alþfl. segir, að heimilt skuli ríkisstj. að taka eignarnámi eða leigunámi hverja þá fasteign eða tæki, sem nú eru notuð hér á landi til verzlunarrekstrar með benzín, ljósaolíu, hráolíu og brennsluolíu. Þetta þýðir það, að því er ég fæ bezt séð, að ríkisstj. sé heimilt, ja, mér skilst helzt að taka allt kerfið eignarnámi. Og ekki sé ég, hvernig það fengi nú bætt reksturinn, svona í svipinn a. m. k., að halda uppi öllu því óhófi, sem þar er, allri þeirri óeðlilegu og óþörfu fjárfestingu, sem þar er. Ekki mundi það létta undir með ríkissjóði að þurfa að kaupa allar þessar eignir á matsverði og þurfa svo e. t. v. ekki að nota nema þriðjunginn af þeim. Þar að auki er ekkert ákvæði um það, að olíufélögin skuli sitja við sama borð í þessu efni. Samkv. þessu frv. væri ríkisstj. — ég skal ekki segja, hvernig það yrði túlkað — e. t. v. heimilt að taka eignir eins olíufélags, en alls ekki skylt að taka neitt af hinum. Menn sjá, hvernig það gæti orðið í framkvæmd, ef nægilega óprúttin ríkisstj. færi með völd og ætti að framkvæma þetta. Þá er

ekkert ákvæði um það, hvernig ríkissjóður skuli borga þær fasteignir, sem hann tæki þannig eignarnámi. Samkv. þessu frv. gætu olíufélögin, sem eignirnar væru teknar af, krafizt þess, að ríkissjóður snaraði summunni út á einum og sama degi. Í okkar frv. er hins vegar gert ráð fyrir því, að ríkissjóður borgaði það, sem hann tæki eignarnámi og teldi sig þurfa, og hitt, sem hann væntanlega keypti fyrir miklu lægra verð, fyrir aðeins 30% af matsverði, með skuldabréfum, sem greiddust með jöfnum afborgunum á 20 árum og ættu með þeirri framkvæmd ekki að þurfa að íþyngja þessari verzlun um of eða gera hana dýrari en nauðsyn væri.

Ég ætla að láta þetta nægja í sambandi við þessi ummæli hv. 3. landsk. þm., sem mér þótti mjög leiðinlegt að hann skyldi viðhafa hér og hann hefði vafalaust getað komizt hjá.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mér finnst, að hv. 8. landsk. hefði ekki þurft að kippast svona hastarlega við, þó að frá þeirri staðreynd væri skýrt, að hann og hv. 8. þm. Reykv. (GilsG) hafi flutt frv., sem sé að efni og búningi mjög svipað því frv., sem Alþýðuflokksmenn hafa flutt þing eftir þing allt frá því 1946. Ég lét í ljós einmitt, að mér stæði nokkurn veginn á sama, hvort þeirra frv. yrði samþ. eða mitt, af því að efni og innihald beggja frv. væri nákvæmlega það sama. Þar með lagði ég blessun mína yfir það, að frv. um olíueinkasölu ríkisins skuli nú ekki liggja fyrir Alþingi í einu eintaki, heldur í tveimur, frumriti og kopíu.

Athugasemdir gerði hann um það, að það bæri vott um, að okkar frv., Alþýðuflokksmannanna, væri illa samið, að það sé líkt gildandi lögum um tóbakseinkasölu ríkisins. Ég hygg einmitt, að það mætti frekar teljast með mjög eðlilegum hætti, að þegar væri samið frv. um olíueinkasölu ríkisins, þá væri einmitt nokkuð litið til þeirra einkasölufrumvarpa, sem áður hefðu verið flutt og Alþingi fallizt á og enn fremur væru búin að fá á sig góða reynslu í framkvæmdinni. Ég sé a. m. k. ekki nokkra ástæðu til og sá ekki, þegar ég samdi þetta frv. upphaflega, að forðast þetta, heldur einmitt að taka öll ákvæði tóbakseinkasölufrumvarpsins inn í frv. um olíueinkasölu ríkisins, af því að það frv. hafði staðizt dóm reynslunnar. Hv. 8. landsk. virðist aftur hafa haft þau vinnubrögð að forðast allt slíkt. Það er þess vegna engin opinberun, að ýmsar greinar um ríkisrekið fyrirtæki, sem á að verzla með olíu, séu ákaflega svipaðar ákvæðunum um ríkisrekið fyrirtæki, sem á að verzla með tóbaksvörur, að öðru leyti en því, að tóbakseinkasala ríkisins á að vera fjáröflunarlind fyrir ríkissjóðinn, en hér er aftur ákvæði um það, að allur sá arður, sem skapast við olíuverzlunina, skuli á næsta ári, að svo miklu leyti sem það er ekki hægt strax á sama ári og gróði skapast, fara til fyrirtækisins sjálfs.

Þá var það það, sem hv. þm. hnaut um, að það væri mótsetning í 10. og 12. gr. — 10. gr. er um það, hvernig eigi að verja ágóða, sem verði af rekstri olíueinkasölunnar, þ. e. a. s. við sölumeðferð þeirra olíuvara, sem fyrirtækið verzlar með, hann eigi að fara til fyrirtækisins sjálfs. Ef olíueinkasalan verður aftur fyrir einhverjum aukatekjum vegna brota á lögunum, þá er sagt, að það sektarfé skuli renna í ríkissjóð. Er nokkur mótsögn á milli þessara greina? Ekki fyrir öðrum en þeim, sem vilja hártoga og snúa út úr og hafa þó ekkert til þess að tylla fæti á. Önnur greinin er um ágóða, sem verði af rekstri fyrirtækisins, hitt er um það, hvert skuli renna þær upphæðir, sem verði til sem sektarfé vegna brota á lögunum.

Að síðustu vildi hv. þm. gera sér mat úr meintri prentvillu, og verði honum það að góðu. Það má vel vera, að það finnist ekki nein prentvilla í hans frv., og skal ég þó játa, að ég taldi það ekki neitt meginefni í sambandi við þetta stóra mál og hef þess vegna ekki farið í neina prentvillulúsaleit í frv. hans. En það, sem máli skiptir hér, er það, að Alþ. á þess enn kost að taka afstöðu til þess, hvort það vill viðhalda því ófremdarástandi, sem nú ríkir í olíuverzlun okkar. Hún er hálf erlend. Það eru þar möguleikar undir núverandi skipulagi til að skapa óstjórnlegan gróða á íslenzkan mælikvarða og draga hann frá íslenzkum grundvallaratvinnuvegi í hendur milliliða. Og þess er kostur núna að taka afstöðu til tveggja frv., sem í öllu meginefni eru um það sama, að ríkið skuli taka að sér einkasölu á öllum olíum, sem fluttar eru til landsins, að ríkið skuli mega taka á leigu eða byggja eða kaupa skip til olíuflutninganna til landsins og að ríkið megi taka eignar- eða leigunámi öll þau mannvirki, sem nú eru starfrækt í sambandi við olíuverzlunina. Það stendur, að það sé heimilt, í frv. okkar. Það stendur á engan hátt, að það sé skylt, og allur sá vefnaður, sem hv. þm. óf út af því, að það væri eins og ætlazt til þess, að öll mannvirki olíufyrirtækjanna skyldu vera tekin eignarnámi, er algerlega út í hött og þau orð eins og upp úr svefni töluð. Einnig það er þess vegna alveg að tilefnislausu.

Ég endurtek það, að ég sé þess engan mun, hvort þessara frv. verður samþykkt. Það yngra er eins og kopía af hinu eldra, og var ekki annars að vænta, þar sem greinilegt er, að hvorir tveggja flokkarnir, sem að þeim standa, vilja hið sama.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 12. fundi í Nd., 28. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 21 febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 41, n. 385).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar, en nál. frá 2. minni hl. fjhn., á þskj. 400, var útbýtt 24 febr.

25. Tollskrá o. fl. (frv. JR og EmJ).

Á 6. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl. [42. mál] (þmfrv., A. 47).

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 12. fundi í Nd., 28. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Efni þessa frv. er það, að heimilt verði að innheimta ekki aðflutningsgjöld af vefnaðargarni úr baðmull og gerviefnum, ef viðtakandi vörunnar rekur dúkaverksmiðju og þess er getið í aðflutningsskýrslu, að garnið verði einungis notað til framleiðslunnar.

Það var snemma á árinu 1947, að stofnað var nýtt fyrirtæki á Akureyri, sem hafði það verkefni með höndum að hefja nýja framleiðslugrein hér á landi. Þessi verksmiðja var stofnuð til þess að vinna dúka úr baðmullargarni og koma þannig upp nýrri atvinnugrein, sem hér hafði ekki tíðkazt áður. En þessi verksmiðja átti strax frá byrjun við allverulega erfiðleika að stríða fjárhagslega og þá fyrst og fremst vegna þess, að aðflutningur til landsins á baðmullardúkum hefur alltaf verið tiltölulega frjáls og litlir tollar á framleiðsluvörum þessarar verksmiðju. Það má benda á það í þessu sambandi, að önnur iðnaðarfyrirtæki hér á landi hafa flestöll einhvers konar vernd fyrir samkeppni erlendra vara hér á mörkuðunum, og má í því sambandi benda á hinn svokallaða bátalista, en á bátalistanum eru fjöldamargar iðnaðarvörur. Þessar vörur, sem eru á bátalista, hafa 25—60% vernd og bæta því mjög mikið aðstöðu þeirra aðila hér á landi, sem á iðnaðarsviðinu keppa við þá innflytjendur, sem flytja inn svipaðar iðnaðarvörur. Margar iðnaðarvörur eru háðar leyfisveitingum og því oft og tíðum mikill hörgull á þeim hér á landi. Það leiðir til þess, að þeir menn, sem hér framleiða svipaðar vörur, hafa að því leyti töluverða vernd. Aftur á móti er það þannig með baðmullardúkana, að á hráefninu er allhár tollur, en á fullunnu vörunni, sem hingað er flutt, er tiltölulega mjög lítill tollur. Það virðist því vera fullkomið sanngirnisatriði og standa til bóta, að heimilt verði að undanþiggja hráefnið, sem þessi vara þarfnast, öllum aðflutningsgjöldum.

Með frv. fylgir álit Iðnaðarmálastofnunar Íslands, þar sem eindregið er mælt með því, að frv. nái fram að ganga. Einnig eru vottorð frá tveimur fyrirtækjum, ágætum fyrirtækjum, sem lýsa því yfir, að framleiðsluvörur nefndrar verksmiðju séu í alla staði prýðilegar og samkeppnisfærar að því er gæði varðar.

Ég óska svo eftir því, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Iðnlánasjóður.

Á 6. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 17. júlí 1946, um iðnlánasjóð [43. mál] (þmfrv., A. 48).

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Frv. samhljóða þessu frv. var flutt á síðasta Alþingi, en náði þá ekki fram að ganga. Efni þessa frv. var rætt hér á hv. Alþ., svo að það er ekki ástæða fyrir mig til þess að lýsa ýtarlega hinum einstöku ákvæðum frv. En ég vildi þó aðeins í stuttu máli drepa á helztu atriðin.

Frv. gerir ráð fyrir því, að framlag ríkissjóðs til iðnlánasjóðs hækki frá því, sem það hefur verið ákveðið í lögum frá 1946, um 300 þús. kr., þ. e. a. s., að framlag ríkissjóðs komi til með að tvöfaldast.

Þess ber nú að gæta, að á fjárlögum yfirstandandi árs var framlag ríkissjóðs til iðnlánasjóðs hækkað um 150 þús. kr. og er því nú 450 þús. kr. Það hefði verið full ástæða til þess að gera ráð fyrir frekari hækkun en í frv. til iðnlánasjóðs, en okkur flm. fannst ekki rétt að taka skrefið stærra en að gera ráð fyrir því, að framlagið tvöfaldaðist.

Þá er einnig gert ráð fyrir því í frv., að sjóðurinn veiti eftirleiðis eingöngu stofnlán til iðnfyrirtækja, þ. e. a. s., að úr sjóðnum verði eingöngu veitt lán til fjárfestingar, til þess að koma upp húsakosti fyrir iðnaðarfyrirtæki, til þess að kaupa stærri vélar og meiri háttar áhöld, en að horfið verði frá því, sem áður var stundum gert, að lána iðnaðarfyrirtækjum rekstrarfé. Flutningsmenn líta svo á, að það sé miklu frekar verkefni bankanna og þá ekki síst Iðnaðarbankans að láta iðnaðarfyrirtækjum í té rekstrarfé.

Þá er í frv. einnig gert ráð fyrir því að lögfesta þá skipun í sambandi við stjórn sjóðsins, sem nú þegar er komin í framkvæmd, að Iðnaðarbanki Íslands í stað Útvegsbankans taki að sér fjárreiður fyrir sjóðinn, og einnig er gert ráð fyrir því, að iðnaðarmálaráðherra í stað atvmrh. verði yfirmaður iðnlánasjóðs.

Það má vel vera, þegar málið verður tekið til athugunar í n., að þá teljist ástæða til þess að gera frekari breytingar á lögunum en lagt er til í þessu frv., og ég geri fastlega ráð fyrir því og óska eftir því sérstaklega, að frv. verði sent til Landssambands iðnaðarmanna og einnig til samtaka iðnrekenda, þar sem það má búast við því, að þessi samtök vilji kynna sér efni

frv. og ef til vill gera á því einhverjar breytingar.

Það hefði vel getað komið til tals og ef til vill verið ástæða til þess að hafa í þessu frv. heimild til þess, að ríkissjóður ábyrgðist lántöku fyrir iðnlánasjóð. Sannleikurinn er sá, að sjóðurinn hefur haft yfir allt of litlu fé að ráða. Um þetta atriði ræddu flm., en komust að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki ástæða til þess á þessu stigi að gera ráð fyrir slíkri ráðstöfun, ekki sízt vegna þess, að það var þá ekki enn þá búið að fá fé til Iðnaðarbankans, en Iðnaðarbankinn fékk heimild Alþ. til þess, að ríkissjóður ábyrgðist lán fyrir Iðnaðarbankann, sem reynt yrði að fá erlendis. Hins vegar er sjálfsagt, ef möguleikar teldust til lántöku fyrir sjóðinn, að slíkrar heimildar yrði aflað hér á hv. Alþingi.

Frá því að iðnlánasjóður tók fyrst til starfa samkv. lögum frá 1935, hefur sjóðurinn verið svo til eina lánsstofnunin í landinu, sem veitt hefur iðju og iðnaði samningsbundin lán til lengri tíma og með tiltölulega hagstæðum vaxtakjörum. Starfsemi sjóðsins hefur því komið mörgum að góðum notum, svo langt sem hún hefur náð. Frá byrjun hefur starfsfé sjóðsins verið allt of lítið, enda hafa þarfir iðnaðarins fyrir aukið lánsfé vaxið á ári hverju.

Hér á landi hefur þróun iðnaðarins verið mjög ör, og af þeirri þróun hefur svo aftur leitt aukna þörf fyrir fjármagnið. Að vísu hefur iðnlánasjóður ekki haft yfir miklu fé að ráða, en þó hefur sú aðstoð, sem hann hefur getað veitt, komið mörgum að góðum notum. Og það er áreiðanlega skref í rétta átt að efla þennan sjóð, sem eins og stendur er eina stofnunin í landinu, sem hefur tekið að sér það verkefni að lána iðnaðarfyrirtækjum lán til langs tíma. — Ég óska svo eftir því, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 12. fundi í Nd., 28. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

27. Jarðræktarlög.

Á 6. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 1955, um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950 [44. mál] (þmfrv., A. 49).

Á 12. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bergur Sigurbjörnsson): Herra forseti. Það er nú í þriðja sinn, sem því máli er hreyft hér á Alþ. af okkur þm. Þjóðvfl. að veita nokkurn styrk til skjólbeltaræktunar í landinu. Í fyrsta skipti, sem við fluttum frv. um þetta mál, fékkst það ekki afgreitt. Á síðasta þingi fluttum við svo brtt. við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögunum, sem lá hér fyrir, þess efnis, að styrkur væri veittur til að rækta skjólbelti eða koma upp skjólbeltum í ræktunarlöndum. Sú brtt. var felld og það meira að segja tvívegis, því að við fluttum fyrst till. um nokkuð háan styrk, og þegar sú till. hafði verið felld, fluttum við aðra till. um lægri styrk til þessarar ræktunar, en sú till. var einnig felld. Þetta eru þá helztu afrek Alþingis Íslendinga í þessu máli fram á þennan dag.

Nú höfum við þm. Þjóðvfl. ráðizt í það að flytja þetta frv. einu sinni enn, í því trausti, að nú mundi blása byrlegar um framkvæmd málsins og afgreiðslu en hingað til.

Þegar þetta frv. var flutt fyrst á þinginu 1953, fylgdi því allýtarleg grg., þar sem skýrt var frá því í megindráttum, hver hagur þjóðarheildinni mundi að því verða, ef hér væri komið upp skjólbeltum í ræktunarlöndum. Þar var frá því greint, að reynslan sýndi, þar sem slíkum skjólbeltum hefði verið komið upp, að uppskeruauki vegna þeirra næmi a. m. k. 25% á ári, og jafnframt var tekið fram, að uppskera yrði, auk þess að vera meiri, miklu árvissari en ella og þó alveg sérstaklega þegar köld sumur gengju yfir.

Nú skal ég láta nægja að vísa til þessarar grg. hér. Hún var prentuð á þskj. 368 á þinginu 1953.

Ég skal játa það, að ég er ekki mikill vísindamaður í þessum efnum, en það eru til menn í þessu landi, sem hafa allmikla reynslu og allmikla þekkingu á þessum málum. Og í sambandi við þetta frv. vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkur ummæli eftir einn slíkan mann, hinn merka ræktunarfrömuð Klemenz Kristjánsson á Sámsstöðum. Í ársriti Skógræktarfélags Íslands fyrir árið 1955, sem er nýlega komið út, segir hann svo um tilraunir sínar með skjólbelti á Sámsstöðum í Fljótshlíð m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Af því að ég hef undanfarin 15 ár átt nokkuð við ræktun skjólbelta, ætla ég hér í fáum orðum að skýra frá reynslu minni, þó að hún leysi ekki allan vanda við þetta mál.“

Síðan greinir hann frá því, á hvern hátt þessari ræktun hafi verið hagað, hve margföld skjólbeltin hafi verið, hvernig land hafi verið undirbúið, hvernig áburður hafi verið notaður, hve mikið, og frá árangrinum, sem hann segir að sé mjög góður og þó mismunandi eftir því, hversu vel sé um skjólbeltin annazt. Síðan segir svo:

„Hvað kosta skjólbelti á hektara? Vert er að gera sér ljósa grein fyrir þessu atriði. Ef rækta á skjólbelti á hverri jörð, t. d. 10—15 hektara, þarf að velja land, sem liggur vel við sól og er gott til ræktunar. Beltin þurfa að

vera þvert á vindátt, sem tíðust er og hörðust á hverjum stað. Ætla má, að tvö belti með 50 metra á milli, 100 metra löng, nægi til þess að veita mikilvægt skjól á hektara. Beltin væru þá höfð 3—5 metra breið, þ. e. þrjár til fimm raðir. Ef tvö belti eru á hektara, eitt fimm raða og annað þriggja raða, mundu fara 800 plötur á hektara, miðað við eins fermetra vaxtarrými. Ef reiknað er með, að hver planta kosti kr. 1.50, yrði plöntukostnaður á hektara kr. 1200.00. Gróðursetningu og jarðvinnslu reikna ég kr. 850.00 á hektara, umhirða og áburður í 10 ár kr. 300.00 á ári. Samtals verður þetta 5050 kr. á hektara auk vaxta af þessari upphæð. Að 10 árum liðnum ætti beltið að vera farið að gera talsvert gagn, og eftir þeim athugunum, sem ég hef gert á mjölsöfnun korntegunda, skilaði skjólbeltið kostnaðarverði sínu í aukinni uppskeru á næstu 5—7 árum. Eftir 17 ár frá gróðursetningu ætti beltið þá að hafa skilað öllum kostnaði við ræktun þess. Kemur þá sem hreinn ágóði sú uppskeruaukning, sem beltunum fylgir á ókomnum árum. Þess skal geta, að vitanlega verður að girða vel það land, sem skýla á með lifandi trjágróðri, því að búfénaður má ekki að neinu ráði ganga um skjólbeltaland fyrstu ár ræktunarinnar.

Áhrif skjóls hafa verið rannsökuð nokkuð á Sámsstöðum síðan 1945 og til þess notað það skjólbelti, sem gróðursett var vorið 1940. Þessum athugunum hefur verið þannig hagað: Byggi, höfrum og vorhveiti hefur verið sáð með sama áburði, sáðtíma og í sams konar jarðveg á skjóllaust land og í skjóli við trjábelti, þrjá metra vestur frá belti. En samanburðurinn er síðan gerður á þúsund korna þyngd kornsins þau fimm sumur, sem þessar athuganir hafa farið fram. Útkoman eða árangurinn hefur þá orðið þessi:"

Árið 1945 er þungi kornanna frá 17—44% meiri á skýlda landinu en því óskýlda. Árið 1946 er hann um 17% meiri, árið 1952 17 til 50% meiri uppskera af skýlda landinu en því óskýlda, 1953 10—29% meiri uppskera af skýldu landi en óskýldu, og árið 1954 er uppskeran frá 10—95% meiri á skýldu landi en óskýldu.

Svo segir Klemenz Kristjánsson einnig:

„Tölurnar sýna, að korntegundir, ræktaðar í skjóli, hafa alltaf verið mjölvisríkari en á skjóllausu landi. Gildir þetta alveg sérstaklega, ef sumrin eru köld, eins og 1945 og 1952. Þá hefur skjólið algerlega bjargað þroskuninni. Árið 1952 nær vorhveitið ekki fullum þroska í skjóli, en það er vegna þess, að þá hafði ég ekki rétt afbrigði, ameriskt hveiti, fremur seinþroska, en hin árin sænskt afbrigði.

Það má áreiðanlega fullyrða, að skjólbelti um kornrækt væri mikil öryggisráðstöfun fyrir þá framleiðslu, og álít ég, að þessar athuganir bendi ótvírætt til þess. Mikill ávinningur væri það, ef hvert býli ætti skýlt svæði, þó ekki væri meira en 1—2 hektarar, til þess að rækta garðjurtir, kartöflur og korn. Því stærri ræktunarsvæði sem skýlt væri með skjólbeltum, þeim mun verðmeiri væri jörðin frá framleiðslusjónarmiði, og kemur fegurðin við beltin í uppbót.

Hér á landi er talsverður árferðismunur. Kartöflur ná ekki góðum vexti í öllum árum. Má ætla, að hér á Suðurlandi láti nærri, að meðaluppskera og betri verði 2—8 ár af hverjum 10. Með því að rækta skjólbelti mundi þetta verða á annan og hagstæðari veg. Uppskeran yrði meiri í skjóli í köldum árum en nú er, og ávinningurinn af ræktun skjólbelta kæmi ræktuninni á traustan grundvöll.

Til þess að koma hreyfingu á þetta nytjamál þyrfti að koma löggjöf varðandi stuðning þjóðfélagsins til þeirra, sem rækta skjólbelti. Þessi stuðningur þyrfti aðallega að vera fólginn í styrk til girðinga og svo til plöntukaupa. Með því að styðja þá menn til átaka, sem vilja koma á aukinni ræktunarmenningu, verði auðsóttari þau verðmæti, sem liggja falin í íslenzkri mold. Skjólbeltarækt verður það framtíðarverk, sem stuðlar að öruggri jarðræktarframleiðslu, en slíks er þörf bæði frá fjárhagslegu og menningarlegu sjónarmiði."

Þetta eru ummæli eins hins merkasta ræktunarfrömuðar hér á landi, Klemenzar Kristjánssonar á Sámsstöðum. Ætla ég, að þau séu eða ættu að vera hv. þingmönnum meira virði en mín orð í þessu efni, þar sem hann er mér meiri fræðimaður um það, sem hér er um að ræða, og sennilega flestum hv. þingmönnum meiri fræðimaður.

Til viðbótar því, sem ég hef nú sagt, skal ég svo aðeins taka þetta fram: Við Íslendingar fengum þá frétt nú nýlega, að danskur maður hefði gefið hlut af eignum sínum til að efla ýmsar merkar nýjungar og ýmis nytjamál á þremur Norðurlöndum. Hann kvað svo á, að Ísland skyldi verða eitt þeirra landa, sem þessa styrks yrðu aðnjótandi, og meira en það, hann óskaði eftir því, að Ísland yrði fyrsta landið, sem styrk fengi úr sjóðnum, ef þess væri nokkur kostur, þ. e. a. s., ef nokkurt það mál fyndist á Íslandi, sem vert gæti talizt að styrkja. Þessi danski Íslandsvinur leitaði til sendiherra okkar, núverandi ambassadors, í Kaupmannahöfn um að taka sæti í sjóðsstjórninni og um það, hvort ekki væri eitthvert það mál á Íslandi, sem væri þess verðugt að hljóta fyrsta styrk úr sjóðnum. Og sendiherra okkar kom það þá helzt í hug, vafalaust eftir ýtarlega umhugsun um málið, að veita styrk til þess að kosta einn Íslending til náms í því að gróðursetja skjólbelti. Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til að geta gert sér grein fyrir svipnum á hinum erlendu mönnum, sem áttu að taka ákvörðun um að veita þennan styrk, þegar sendiherra Íslands og fulltrúi í sjóðsstjórninni sagði þeim, að hér væru fáir eða engir menn með ýtarlega þekkingu á ræktun skjólbelta og skjólbelti væru svo að segja óþekkt fyrirbæri í íslenzkum landbúnaði.

Sigurður Nordal er kurteis maður, og við skulum vona, að hann hafi ekki sagt frá því, hvaða afrek Alþingi Íslendinga hefur unnið í þessu máli. En við skulum þá jafnframt vænta þess, þegar þannig háttar, að hinir erlendu

menn, sem áttu að taka ákvörðun um það, hvort Ísland skyldi teljast verðugt þess að fá þennan styrk, töldu þetta mál nægilega mikils virði til þess, að út á það væri veittur styrkur, að Alþingi sjái sóma sinn í því að gera eitthvað í þessu máli. Það er augljóst, að íslenzkir bændur hafa ekki almennt efni á því að leggja í kostnað, sem er allverulegur, við að koma upp skjólbeltum, þar sem árangurinn af þeim kostnaði og þeirri vinnu, sem í það er lögð, kemur ekki fram fyrr en eftir ein tíu ár. Hér er því allt öðru máli að gegna en með túnrækt. Túnið skilar afurðum þegar á fyrsta ári, getum við sagt, og síðan árlega eftir það, en skjólbeltin þarfnast umönnunar, umhirðu, áburðarkaupa í tíu ár, áður en þau fara að skila nokkrum teljandi árangri í aukinni uppskeru, en síðan verður þessi árangur meiri og öruggari ár frá ári eftir það, og að 17 árum loknum telur Klemenz Kristjánsson að skjólbeltin hafi borgað sig upp og allur ágóði úr því um alla framtíð verði þá hreinn gróði þjóðfélagsins.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, enda ætti það að vera óþarft, og vil leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.
Fellt að vísa frv. til fjhn. með 14:7 atkv.
Frv. vísað til landbn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Atvinnujöfnun.

Á 5. fundi Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um ráðstafanir til atvinnujöfnunar [46. mál] (þmfrv., A. 51).

Á 12. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. var lítið breytt flutt á síðasta þingi, þannig að þess gerist ekki þörf að fara að flytja um það nú langa framsöguræðu. Það var þá rækilega skýrt, hvaða hugsun lægi hér á bak við, og get ég því aðeins látið mér nægja að fylgja því úr hlaði með nokkrum orðum.

Það er þarflaust að eyða mörgum orðum að því að rökstyðja nauðsyn þessa máls. Það var fyrir fáum dögum rætt hér í hv. þd. annað frv., sem gekk í nokkuð svipaða átt og þetta, og var þá almennt rætt um hina miklu nauðsyn þess að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir af löggjafans hálfu til atvinnujöfnunar með það í huga, að reynt yrði að stemma stigu við óeðlilegum flutningum fólks úr ýmsum landshlutum hingað til Suðvesturlandsins, eins og því miður hefur verið í allt of stórum stíl nú síðustu árin.

Það hefur verið viðurkennt hér á hinu háa Alþingi hvað eftir annað, að þessi nauðsyn væri hér fyrir hendi, bæði með því, að árlega hefur í fjárlögum verið veitt fé í því skyni að efla atvinnuvegi víðs vegar um landið, þar sem atvinnuleysis eða atvinnuörðuleika hefur orðið vart, og enn fremur á þann hátt, að Alþingi hefur samþ. þál., þar sem ákveðið var að láta fram fara rækilega athugun á því, hvernig gerðar yrðu heildarráðstafanir til þess að tryggja og viðhalda jafnvægi í byggð landsins.

Af þessum sökum mun ekki gerast þörf að útskýra fyrir hv. þm. þá miklu nauðsyn, sem er fyrir hendi, og get ég því sparað mér fleiri orð um það, en vikið að frv. sjálfu, eins og það liggur fyrir.

Í stuttu máli sagt er tilgangur þessa frv. að koma á föstu skipulagi varðandi ráðstafanir til atvinnujöfnunar. Það er gert ráð fyrir, að sett verði á fót sérstök stjórn eða sérstök nefnd manna, sem hafi tvíþætt hlutverk, annars vegar að kynna sér, hvernig atvinnuástand er í einstökum byggðarlögum, og skapa sér hugmyndir um það, hvað nauðsynlegt væri að gera til úrbóta í þeim efnum, og hins vegar að undangenginni slíkri athugun að framkvæma lánveitingar af því fé, sem til ráðstöfunar verður í atvinnujöfnunarsjóði. Það er gert ráð fyrir, að stofnaður verði sérstakur atvinnujöfnunarsjóður, sem fái sem stofnfé skuldabréf fyrir þeim lánum, sem veitt hafa verið af atvinnuaukningarfé. Það er að vísu rétt að gera sér grein fyrir því, að margir óttast nú, að æði mikil vanhöld verði á því fé, en það hefur þó verið í flestum tilfellum veitt sem lán, og sannast sagt tel ég, að það sé full ástæða til að leitast eftir að fá þetta fé endurgreitt, svo sem kostur er á, til þess að geta varið því aftur til ráðstafana í þessu sambandi. Auk þess er lagt til, að atvinnujöfnunarsjóður fái árlegt framlag eins og það er hverju sinni á fjárlögum, en þó ekki innan við 5 milljónir, og enn fremur að næstu fimm árin verði 5 milljónum á ári varið til sjóðsins til lánveitinga. Í frv. er síðan getið um það, hvernig þessu fé skuli ráðstafað, hvaða sjónarmiðum skuli fylgja um það efni, og sé ég ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum.

Þá er í frv. enn fremur, í 6. gr., ákvæði, sem er mjög mikilvægt, en það er í sambandi við aðstoð til togarakaupa, ef talið yrði af stjórn atvinnujöfnunarsjóðs, að nauðsynlegt væri, að slíkt atvinnutæki yrði fengið til aðstoðar einhverjum byggðarlögum. Þetta er mál, sem margir hafa áhuga á, og það er engum efa bundið, að á mörgum stöðum er togaraútgerð líklegasta leiðin til þess að leysa úr þeim atvinnuörðuleikum, sem við er að stríða, og þykir því sjálfsagt að hafa heimild um þetta efni í slíku frv. sem þessu.

Þá er loks gert ráð fyrir því, að auk þess sem fjárráðstafanir séu gerðar af hálfu stjórnar atvinnujöfnunarsjóðs, sé heimilt að veita því fjármagni, sem til er í öðrum sjóðum, sérstaklega til þeirra staða, þar sem atvinnuleysi

er við að stríða, og að það megi jafnframt, þegar hömlur eru á fjárfestingu, ákveða, að leyfum til fjárfestingar og innflutnings framleiðslutækja sé fyrst og fremst beint til staða, sem við erfiðleika eiga að stríða í þessu sambandi. Í frv. er því gert ráð fyrir mjög víðtækum ráðstöfunum í sambandi við þessi atvinnumál, og ég hygg, að ef þetta mál næði fram að ganga, væri fenginn alltraustur grundvöllur til þess að starfa á að þessum málum. Það er vitanlegt, að það væri full þörf á meira fjármagni en hér er um að ræða, en flutningsmönnum þótti mikilvægara að koma þessu máli á rekspöl en að gera það háar kröfur um fjármagn, að fyrir fram væri sýnt, að ekki væri hægt á slíkt að fallast, auk þess sem þess er að geta, að í frv. er ákvæði um lántökuheimild, ef um verður að ræða jafnstórvirka aðstoð og togarakaup, þannig að telja má, að ef frv. þetta yrði samþ., þá væri töluvert stórt skref stigið í þá átt að leysa vandamál þeirra staða, sem hér um ræðir. Og það er vissulega eitt af mikilvægustu viðfangsefnum Alþingis, miðað við þá þróun, sem nú er í þjóðfélaginu, að leitast við eftir föngum að sporna gegn því, að fólkið hverfi úr byggðunum víðs vegar úti um land og leiti hingað á mjög takmarkað svæði á Suðurlandi og við Faxaflóa.

Ég vil því leyfa mér að vænta þess, að frv. þetta hljóti góðar undirtektir, ekki sízt fyrir þá sök, að það hafa þegar komið fram fleiri till. um þetta efni, sem mjög stefna í svipaða átt, og ætti því að vera möguleiki á því að samræma sjónarmið manna og fá nú á þessu þingi afgreidd lög, sem fela í sér viðunandi lausn á þessum vanda.

Ég vil svo leyfa mér að lokinni þessari umr. að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Þjóðhátíðardagur Íslendinga.

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um þjóðhátíðardag Íslendinga [47. mál] (þmfrv., A. 52).

Á 12. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Frv. samhljóða þessu var flutt á Alþingi 1953, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu þá. Það er vissulega dálítið einkennilegt og gegnir jafnvel furðu, að þjóð, sem er jafnspör á alls konar frídaga og tyllidaga eins og við Íslendingar vissulega erum, skuli ekki hafa gert þjóðhátíðardag sinn, 17. júní, að löghelguðum frídegi.

Menn kunna ef til vill að segja sem svo, að það beri ekki brýna nauðsyn til að lögfesta ákvæði um þjóðhátíðarhald 17. júní, þar sem sá dagur, afmælisdagur Jóns Sigurðssonar og stofndagur lýðveldisins, sé þegar orðinn í framkvæmd slíkur þjóðhátíðar- og þjóðminningardagur án allra lagafyrirmæla. Þetta er að vísu rétt að nokkru leyti, og vantar þó enn allmikið á, að 17. júní sé hátíðlegur haldinn með viðeigandi svip um gervallt land.

Ég hygg, að þess hafi gætt mjög undanfarin ár, að hátíðahöld á þjóðhátíðardaginn séu bundin við kaupstaðina að langmestu leyti, en héraðshátíðir hinna dreifðu byggða séu næsta fátíðar.

Það form hátíðahalda á þjóðhátíðardegi að binda þau nær eingöngu við Reykjavík og aðra kaupstaði tel ég engan veginn heppilegt. Satt að segja er það miður viðkunnanlegt, að hópur ungs fólks, t. d. á Suðurlandi, skuli flykkjast til Reykjavíkur í því skyni að halda þar hátíðlegan þjóðhátíðardaginn, en mér er tjáð, að allvíða sé mjög fátt fólk eftir í sveitum og lítið til hátíðabrigða þennan dag. Að sjálfsögðu er það á allan hátt mennilegra, að þjóðhátíðardagurinn sé haldinn með samkomum sem víðast í héruðum, þar sem sveitarfélög, fleiri eða færri eftir atvikum, gætu sameinazt um að minnast á viðeigandi hátt íslenzkrar frelsisbaráttu og þeirra frumherja hennar, sem við eigum mest að þakka. Færi vel á því, að t. d. forsætisráðuneytið hefði nokkurt frumkvæði um að koma á þessari skipan, hvetti sveitarfélögin til að gangast fyrir hátíðahöldum, virðulegum, en þó hófsamlegum og með þjóðlegum svip.

Þess hefur gætt í vaxandi mæli 17. júní, a. m. k. hér í Reykjavík, að alls konar prang og sölumennska hefur sett leiðinlegan svip á daginn. Slíkt er ótækt, og ber að kveða þann ósið niður. Að sjálfsögðu verður að krefjast þess, að hátíðahöld öll á þjóðhátíðardaginn beri virðulegan og viðeigandi svip. Slíkt verður að vísu seint fulltryggt með löggjöf, ef einstaklingarnir sjá ekki til fulls og skilja, hvað sæmir á slíkum degi, en þó virðist sjálfsagt, m. a. vegna fenginnar reynslu, að hafa um þetta efni ótvíræð ákvæði í lögum.

Um leið og frv. þetta kveður svo á, að 17. júní skuli vera löghelgaður þjóðhátíðardagur Íslendinga og öll vinna bönnuð þann dag, önnur en algerlega óhjákvæmileg störf, þá er bæjar- og sveitarstjórnum gert skylt að hafa forgöngu um hátíðahöld, sem tvær, þrjár eða fleiri sveitir geta að sjálfsögðu sameinazt um, og er sveitarstjórnunum jafnframt lögð sú skylda á herðar að sjá svo um eftir föngum, að dagurinn sé hátíðlegur haldinn á virðulegan hátt.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mál fleiri orð. Ég legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. allshn., á þskj. 631, var útbýtt 28. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

30. Skiptimynt.

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt* [48. mál] (þmfrv., A. 53).

Á 12. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það á þskj. 53, sem ég flyt ásamt hv. 8. landsk. þm., fjallar um dálitla breytingu á íslenzku myntkerfi og myntsláttu. Efni frv. er í stuttu máli það, að hætt verði að slá einseyringa, tvíeyringa, fimmeyringa og tuttugu og fimmeyringa og þessar myntir algerlega lagðar niður; skuli framvegis slegin íslenzk skiptimynt, er gildi sem hér segir: fimm krónur, tvær krónur, eina krónu, fimmtíu aura og tíu aura.

Tilgangur þeirrar breytingar á myntkerfinu, sem hér er lögð til í frv. þessu, er fyrst og fremst sá að draga úr þarflitlum eða þarflausum kostnaði við aurareikning og létta af ríkinu dálitlum kostnaði, sem fylgir því að slá smámynt, sem misst hefur nálega allan kaupmátt og virðist orðin óþörf.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að gildi peninga hefur rýrnað stórlega hina síðustu áratugi, ekki aðeins hér á Íslandi, heldur hefur sú orðið þróunin í ýmsum öðrum löndum. Þar sem svo hefur til tekizt, hafa menn hneigzt æ meir að notkun sléttra tuga og hundraða í öllum viðskiptum. Hefur þess gætt töluvert hér á landi nú hin síðari ár, enda þótt löggjafarvaldið hafi ekki enn þá breytt aurareikningnum til samræmis við þá þróun, en það virðist nú orðin tímabær og eðlileg ráðstöfun.

Í ýmsum öðrum löndum, þar sem verðgildi peninga hefur rýrnað til mikilla muna, hafa verið gerðar breytingar hliðstæðar þeim, sem lagt er til með þessu frv. að gerðar verði á íslenzkri skiptimynt. Smámyntir, sem misst höfðu nálega allan kaupmátt, hafa víða verið lagðar niður. Er nú t. d. mark lægsta slegin mynt í Finnlandi og franki í Frakklandi. Allar smærri myntir hafa verið afnumdar í þessum löndum. Svipað mun hafa gerzt hjá fleiri þjóðum.

Menn kunna að spyrja, hvort nokkurt verulegt hagræði sé því samfara að gera þá breytingu á íslenzku myntkerfi, sem hér er ráðgert, að leggja niður einseyringa, tvíeyringa, fimmeyringa og tuttugu og fimmeyringa og reikna ekki með minni einingum en heilum tug aura. Þar til er því að svara, að sú ráðstöfun mundi spara ótrúlega mikla skriffinnsku og fyrirhöfn, létta töluvert vinnu við skrifstofuhald og bókhald margra fyrirtækja, auk þess sem kostnaður ríkisins við myntsláttu lækkaði sennilega eitthvað.

Ýmis fyrirtæki hafa tekið upp þann hátt, og sum munu hafa viðhaft hann um árabil, að láta reikninga alltaf hlaupa á fimm- eða tíu aurum. Mér er tjáð, að þetta sé gert hjá Eimskipafélagi Íslands, skipaútgerð ríkisins og í sumum deildum bankanna, svo að dæmi séu nefnd. Þetta er vitanlega gert til þess að spara vinnu, og mun enginn viðskiptavinur þessara stofnana hafa gert athugasemdir við þessa tilhögun né talið sér mein að henni. En almenn verður slík regla tæplega fyrr en löggjafarvaldið hefur sett skýlaus ákvæði um þetta efni.

Enn vil ég nefna eitt atriði í þessu sambandi, og snýr það einkum að æskunni. Vegna þess, hve einseyringar, tvíeyringar og fimmeyringar hafa lítið kaupgildi, eru þeir oft meðhöndlaðir eins og algerlega einskis verður hlutur. Það er engan veginn heppilegt, að börn og unglingar venjist á að líta á gjaldgenga peninga sem eitthvert rusl, en svo mun jafnan verða, meðan höfð er í umferð smámynt, sem er að heita má verðlaus. Mér liggur við að segja, að það sé dálítið uppeldisatriði, að slík mynt sé tekin úr umferð.

Helzta mótbára, sem ég get hugsað mér að fram kunni að koma gegn þeirri breytingu, sem hér er lagt til að gerð verði, er vafalítið sú, að brottfall minni myntar en tíeyringa geti valdið nokkrum óþægindum í sambandi við kaup á smávarningi og vörum, sem almenningur kaupir daglega, svo sem mjólk og brauðum. Athugun virðist þó leiða í ljós, að hvorki slík viðskipti né önnur muni á nokkurn hátt torveldast vegna þessara fyrirhuguðu breytinga á myntkerfinu. Þá koma til framkvæmda ákvæði 5. gr. frv. um, að fimm aurar og lægri upphæð falli niður, en upphæð, sem nemur 6—9 aurum, reiknist sem 10 aurar. Mundi það að sjálfsögðu jafna sig upp, miðað við vörukaup heils mánaðar eða heils árs, þannig að hvorki kaupandi né seljandi biði tjón af. Ég skal aðeins nefna eitt dæmi: Húsfreyja kaupir einn daginn vörur í mjólkurbúð fyrir kr. 15.48, hún mundi greiða með kr. 15.50. Næsta dag keypti hún í sömu búðinni mjólk og mjólkurvörur fyrir kr. 18.82; þá greiddi hún kr. 18.80.

Þetta mál, sem ég hef reifað hér stuttlega, er að sjálfsögðu ekkert stórmál, og vitanlega er það ekki flokksmál. Ég er þess fullviss, að það muni fá eðlilega athugun hér á hv. Alþingi, og mér þykir líklegt, að sú verði niðurstaðan, að þessi ráðstöfun, sem lagt er til að gerð verði, muni þykja eðlileg og sjálfsögð.

Ég legg svo til, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

31. Íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum.

Á 10. fundi í Nd., 25. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um rétt manna til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og opinbera aðstoð í því skyni [63. mál] (þmfrv., A. 70).

Á 13. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Í sambandi við þetta frv., sem ég flyt í þriðja skipti hér, vildi ég aðeins segja fyrst nokkur orð almennt viðvíkjandi okkar stefnu í því að leysa húsnæðisvandamálin.

Það er að vísu gífurlegt verkefni, sem fyrir okkur Íslendingum hefur legið og liggur að byggja íbúðarhús, sómasamleg, varanleg íbúðarhús yfir fólkið í okkar landi, meira verkefni en flestar aðrar þjóðir hafa á þessu sviði, vegna þess að þegar við hófumst handa um aldamótin að byggja varanleg hús hér á Íslandi, þá var svo hverfandi lítið til af húsum, sem væru til frambúðar, þannig að það hefur svo að segja orðið að byggja yfir allt landsfólkið, það sem af er þessari öld.

En er það nú það, sem gerir okkur svona erfitt, að við höfum haft svona mikið að vinna viðvíkjandi húsabyggingunum? Ég held, að þetta verkefni hafi ekki verið það erfiðasta fyrir okkur að eiga við. Okkar þjóð er svo dugleg, það er unnið það mikið, hennar tæki, nú upp á síðkastið a. m. k., bæði þau almennu, sem hún notar við framleiðslugreinarnar, eins og sjávarútveginn, og þau, sem hún notar nú við húsabyggingarnar, eru svo afkastamikil, að við erum raunverulega ekki í vandræðum með að vinna stórvirki, og þar að auki erum við í þeirri aðstöðu, að fiskimiðin, sem við fyrst og fremst byggjum okkar auð á, eru svo auðug, að við getum á skömmum tíma ausið upp úr þeim auðlegð, sem nægir okkur til þess að kaupa allt byggingarefni og allt til bygginga frá útlöndum. Það er ekki það, sem hefur verið það erfiðasta fyrir okkur, að verkefnið hafi verið svo stórt að byggja yfir þjóðina. Það, sem hefur gert okkur erfiðast í sambandi við húsnæðismálin, er, að húsbyggingarnar og húsaleigan, það að búa í húsi, hefur í æ ríkara mæli verið gert að braskfyrirtæki, verið gert að féþúfu í staðinn fyrir að tryggja, að byggt væri með það fyrir augum, að þar með kæmu íbúðarhús, sem fólk gæti búið í, á þann ódýrasta hátt, sem hægt væri að byggja.

Ég vildi mega setja hér fram útreikning um, hvað menn ættu að þurfa að borga í húsaleigu á mánuði, ef allt væri með felldu hjá þjóðinni, og ég vil leyfa mér að halda því fram, að hver Íslendingur, hver íslenzk fjölskylda eigi að geta komizt af með að borga 10% af sínum launum í húsaleigu, svo framarlega sem rétt er að farið. Og ég skal færa rök fyrir mínu máli.

Ef við hugsum okkur afstöðu þjóðarbúsins sem einnar heildar í þessu, þá kemur fyrsta spursmálið fyrir okkur, hvað við þurfum að reikna með að byggja mikið á einu ári, margar íbúðir, til þess bæði að útrýma þeim gömlu og heilsuspillandi og til þess að skapa íbúðir handa unga fólkinu, sem er að reisa bú, og handa þeim, sem eru að flytja sig.

Það var reiknað með í fyrra, þegar ríkisstj. lagði fram sitt frv. um húsnæðismálastjórn, að við þyrftum að byggja 900 íbúðir á ári. Ég vil nú jafnvel reikna með hærri íbúðatölu. Við skulum segja, að við reiknum með, að frá 1000 og upp í 1200 íbúðir á ári yrðu að byggjast, og þó veit ég, að ef það mikið væri byggt, þá mundum við á skömmum tíma geta útrýmt öllum þeim lélegu íbúðum, sem nú er búið í, jafnt til bæja og sveita.

Í öðru lagi er spurningin, hvað við eigum að reikna með að það kosti að byggja meðalíbúð. Ríkisstjórnin reiknaði með í sínu húsnæðisfrumvarpi í fyrra 150 þús. kr., vafalaust miðað við þriggja herbergja íbúð að meðaltali. Við skulum segja, að jafnvel þó að við reiknuðum með hærra, þó að við færum upp undir 200 þús. kr. í þessu efni; ef við byggjum á ári 1200 íbúðir, þó að þær kostuðu 200 þús. kr., þá þýðir það 240 milljónir.

Þá þurfum við í öðru lagi að reikna með, hvað við þurfum í viðhald á þeim húsum, sem nú eru fyrir. Þær íbúðir, sem nú eru fyrir í landinu, kosta að brunabótamati 4000 millj. kr., þ. e. 14 milljarða. Ef maður þarf að reikna með viðhaldi af þeim, raunverulega viðhaldi, þá er það ekki hærra en 1%, eða 40 millj. kr. á ári í viðhald á þessum íbúðum. Ef hinum útreikningum mínum væri haldið, að reikna með 1200 íbúðum á 200 þús. kr., þá þýðir þetta til samans 280 millj. kr., sem þjóðin þyrfti að verja á ári til þess að byggja nýjar íbúðir og það þetta margar og þetta dýrar og að viðhalda þeim gömlu.

Þessar 280 millj. kr., og þá reikna ég með miklu hærri tölum en ríkisstj. gerði í fyrra, það er það, sem okkar þjóðarbú þarf að leggja fram á einu ári, til þess að fólk geti búið í húsum í landinu, góðum, varanlegum húsum. Þetta samsvarar um 10% af þjóðartekjunum, og það þýðir, að m. a. hver verkamannafjölskylda ætti að komast af með að greiða 10% af sínum launum í húsaleigu, ef tveim skilyrðum er fullnægt: í fyrsta lagi, ef laun verkamannsins eru í réttu hlutfalli við þjóðartekjurnar, og í öðru lagi, ef ekkert brask og enginn gróði er leyfður í sambandi við íbúðarhúsabyggingar. Og ég vil benda hv. þm. á, að í meiri hlutanum af löndum Evrópu er því svo komið fyrir, að menn borga ekki nema frá 6 upp í 8% af sínum launum í leigu. Og einnig í þeim kapítalistisku löndum Evrópu er stefnt að því af öllum þeim ríkisstj., sem einhverja hugsun hafa um efnahagsmál þjóðarinnar, að tryggja, að menn þurfi almennt ekki að borga meira en í hæsta lagi 10% af sínum launum í húsaleigu á ári. Það er gert bæði með harðvítugri húsaleigulöggjöf og með stórfelldum lánum af hálfu ríkisins. T. d. í Danmörku eru lánskjörin látin vera þannig núna, að menn

geti komizt af með kjör, sem eru allt að því eins góð og þetta, og ég þekki jafnvel sjálfur dæmi til þess, að fólk, gamalt fólk, sem fær sína ellitryggingu þar, ef ég man rétt upp undir 500 danskar kr. á mánuði, borgi tíunda hluta af því í húsaleigu fyrir tvö herbergi og eldhús, 45—50 kr. á mánuði, hvort tveggja danskar.

M. ö. o.: Það er hægt meira að segja fyrir þjóðfélag, sem þyrfti að byggja jafnört og okkar þjóðfélag, að tryggja það, að venjuleg fjölskylda komist af með að greiða 10% af sínum launum í húsaleigu á mánuði, hvort sem maður vill taka það þannig, að viðkomandi væri smátt og smátt á löngum tíma að eignast þetta húsnæði eða hann greiddi þetta í leigu til stofnana, sem ættu það, hvort sem það væri bær eða samvinnufélög eða önnur slík. En það er það skilyrði í þessu, að það komist ekki að brask eða gróði í sambandi við íbúðarhúsabyggingarnar.

Það er um þessa stefnu, sem átökin hafa verið á síðustu þrjátíu árum hér hjá okkur. Um leið og farið er að byggja varanleg íbúðarhús, íbúðarhús úr steini, sem vitanlegt er að geta staðið 100—200 ár, þá liggur það í augum uppi, að ef fjárfesting í slíkum húsum fær að vera einkafyrirtæki manna, sem eiga húsin til að græða á því að leigja þau út, þá er þarna um að ræða ákaflega efnilega fjárfestingu frá sjónarmiði einstakra auðmanna, og það hefur alveg sérstaklega sýnt sig hér í Reykjavík, að á þeim tímum sem það hefur verið tvísýnt að leggja í togara eða sjávarútveg, við skulum segja strax í kreppunni eftir 1920, hefur það verið góður gróðavegur að leggja í það að eignast hús í Reykjavík, leigja þau og græða á því.

Þess vegna kemur snemma upp sú stefna hér að reyna að hrífa þessa starfsemi, það að byggja íbúðarhús, undan valdi þeirra venjulegu gróðaafla í þjóðfélaginu og láta ekki ríkja á sviði íbúðarhúsabyggginganna það venjulega gróðasjónarmið, sem annars einkennir auðvaldsskipulagið. Það er farið að berjast fyrir því, að hið opinbera sjálft geri slíkar ráðstafanir viðvíkjandi byggingu íbúðarhúsa, að það sé tryggt, að menn geti búið í íbúðarhúsunum án þess að vera arðrændir af auðvaldi.

Þegar verkamannabústaðalögin voru sett fyrir 25 árum, er gengið út frá í þeim, að ríkið tryggi, að það sé hægt að fá lánað 85—90% af kostnaðarverði hússins og lánstíminn sé frá 42 upp í 75 ár. Það er enn fremur tryggt, að ríkið veiti og tryggi þessi lán með um 2% vöxtum, og jafnframt tryggt, að þetta sé fyrst og fremst handa verkamönnum og öðrum þeim, sem hafi lágar tekjur. Þar með er farið inn á þá leið, að ríkið hlutist beinlínis til um, að bygging íbúða yfir verkamennina í þjóðfélaginu sé ekki háð gróðalögum kapítalismans. Þessi tilraun bar þá strax allmikinn árangur, og síðan hefur baráttunni verið haldið áfram, farið inn á fleiri svið, inn á það að stofnsetja samvinnubústaðina og svo 1946 inn á það svið að gera bæjarfélögunum kleift að byggja fyrst og fremst yfir þá þegna þjóðfélagsins, sem við verst húsnæði bjuggu og talið var að ekki mundu einu sinni hafa efni á að leggja fram þau 10—15%, sem þurfti til þess að vera þátttakandi í verkamannabústöðunum, enda var þá líka hitt, að almennt gekk hægt með byggingu þeirra bústaða vegna þess, hve fjárframlög voru lítil, að menn hefðu orðið að bíða mjög lengi, ef menn hefðu ætlað að bíða eftir því. Með þeim lagabálki, sem samþykktur var 1946, þar sem löggjöfin um verkamannabústaðina, samvinnubyggingarnar og um útrýmingu heilsuspillandi íbúða var tekin undir eitt, var útbúin sú stærsta löggjöf og felld saman í eitt, sem gerð hafði verið á Íslandi og miðaði að því að tryggja, að hægt væri að byggja yfir íbúa landsins, án þess að þeir yrðu gróðafíkninni í þjóðfélaginu að bráð. Stefnan, sem fólst í allri þessari löggjöf frá byrjun verkamannabústaðanna og þar til lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða voru samþykkt, stefndi að því að útrýma braskinu úr húsnæðismálunum. Síðan var bætt við löggjöfinni um smáíbúðirnar til þess, eftir því sem þá var yfir lýst, að reyna að styðja þannig þá, sem vildu sjálfir leggja í að byggja íbúðir, að þeir gætu fengið aðstoð frá þjóðfélaginu til þess með sérstökum hætti.

Það, sem svo kom til, sérstaklega eftir að öll afskipti Marshall-kerfisins af okkar efnahagsmálum byrja, var, að þess var krafizt af hálfu þeirra, sem réðu stefnunni í efnahagsmálum Íslands, að húsnæðið og bygging íbúðarhúsa yrðu í ríkari og ríkari mæli undirorpin þeim sömu lögmálum sem efnahagsmál þjóðarinnar voru að öðru leyti, að byggingar íbúðarhúsa yrðu á sama hátt gróðafyrirtæki og brask og yrðu að lúta sömu vöxtum og slíku eins og almenn verzlunarviðskipti í þjóðfélaginu. Í staðinn fyrir að reyna að draga byggingar íbúðarhúsanna, a. m. k. yfir almenning, út úr öllu braskinu og losa þær við áhrif gróðaaflanna, var nú stefnt að því að draga byggingar íbúðarhúsanna og þar með húsnæðismálin inn undir braskið á ný og gera braskið þannig alls ráðandi í húsnæðismálunum. Í samræmi við það var einnig af hálfu stjórnarflokkanna tekin sú ákvörðun 1950 að afnema húsaleigulögin og gefa þar með frjálst líka í gömlu íbúðunum að hækka leiguna þar.

Ég álít, að sú stefna, sem tekin var upp 1947 og var framkvæmd af harðvítugum krafti 1950 við afnám húsaleigulaganna og var færð út nú á síðasta þingi, þegar ríkisstjórnin setti sitt frv. um húsnæðismálastjórn, — ég álít, að öll þessi stefna sé skaðleg og hættuleg. Þegar vextirnir eru komnir upp í 7% af lánum til íbúðarhúsabygginga, þegar meira að segja vextir til byggingar verkamanna- og bændabústaða eru komnir upp í 5% og þar í kring, 4½ og 5%, og þegar einkabraskinu er hleypt jafnvel með aðstoð ríkisins inn í íbúðarhúsabyggingarnar, þá hlýtur að fara illa í þjóðfélaginu, enda hefur sézt, að afleiðingin af þessari stefnu ríkisstj. hefur verið sú, að íbúðirnar, eins og ég hef nokkrum sinnum tekið fram hér áður, íbúðir, sem fyrir 10 árum kostuðu í Reykjavík 150 kr. í leigu á mánuði,

kosta nú 1500—2000 kr., eða hafa 10—12-faldazt, á sama tíma sem kaupgjald hefur tvöfaldazt aðeins.

Hvað þýðir það, að verkamaður verði að borga 1500 kr. og jafnvel þar yfir, upp í 2000 kr. á mánuði fyrir þriggja herbergja íbúð? Viðkomandi verkamaður, ef hann vinnur átta tíma á dag, eins og þjóðfélagið ætlast til af honum, og hefur alltaf vinnu, hefur 3300 kr. á mánuði í laun. Það þýðir m. ö. o., að hann verður að borga helminginn af öllum sínum vinnulaunum í húsnæði. Hann verður að borga þetta annaðhvort til húseiganda, sem fær þetta þá til sín, eða þá jafnvel verður hann stundum að borga þetta sjálfur sem húseigandi. Þó að hann sé að brjótast í því með miklum dugnaði að reyna að koma upp húsi yfir sig og borga það niður, þá eru kjörin, sem hann verður oft að búa við, þannig, að hann verður kannske að borga upp á 10—15 árum lán til íbúðarinnar og reikna sér þannig húsaleigu, sem væri eins há og þetta. Og ég skal geta þess um leið, að jafnvel þótt hann væri leigjandi og yrði að borga svona til húseiganda, þá verður máske sá húseigandi oft og tíðum að reikna sjálfum sér svona mikið af slíkri íbúð, vegna þess að hann verði að borga svo ört niður eða verði að borga svo háa vexti eða að öðru leyti hafi svo slæm kjör, að þetta sé þannig knúið fram af þeim öflum, sem ráða verðlaginu í þjóðfélaginu. En við sjáum hins vegar, hvað þetta þýðir, hvernig svo sem það er, hvort sem borgað er til húseiganda, óbeint til banka eða öðruvísi; ef maður verður að láta helminginn af sínum launum í að borga húsaleigu, en gæti, ef engin gróðamyndun ætti sér stað í sambandi við íbúðarhúsabyggingar, komizt af með að borga 10%, þá er eitt af tvennu að gerast: það er verið að ræna hann um stóran hluta af hans launum til ágóða fyrir húseigendur, okrara, banka eða aðra slíka, eða það er verið að láta hann borga upp fyrir komandi kynslóðir á allt of skömmum tíma húsnæði, sem hann hefur sjálfur verið að byggja, og verið þannig að íþyngja þessari kynslóð og hálfdrepa hana með svona kjörum.

Þess vegna er það eðlilega eitt stærsta hagsmunamál alls almennings, að húsaleigumálunum sé komið í það horf, að verkamenn, hvort sem þeir vilja eignast íbúðirnar sjálfir eða leigja hjá öðrum, geti komizt af með það, sem væri eðlilegt fyrir þjóðina, að borga um 10% af sínum launum í húsaleigu, og það mundi vera hægt fyrir þjóðfélagið, ef í fyrsta lagi lánapólitík þjóðfélagsins sjálfs og þar með bankanna væri miðuð við að lána til langs tíma, frá 42—75 ára, — í Danmörku er lánað til frá 50—100 ára út á húsin, — sem sé ef í fyrsta lagi lánapólitík þjóðfélagsins væri í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar og vöxtunum stillt það í hóf, — upphaflega markið þar var 2%, — að menn geti risið undir því. Ég efast satt að segja ekki um, að núverandi kynslóð, sem er að byggja Ísland upp, mundi þykja það leikur að byggja yfir alla þá, sem nú búa í slæmum íbúðum, og yfir alla þá, sem á ári hverju þurfa að bætast í hópinn, ef hún fengi að gera það upp á þær spýtur að hafa lán upp á 2% og lánstíma til 45—75 ára. Henni mundi þykja það leikur. Svo dugleg er okkar þjóð. Það er sem sé eingöngu vegna þess, að þjóðfélaginu er stjórnað vitlaust og stjórnað með hagsmuni auðvalds fyrir augum og brasksjónarmið látin ríkja við byggingar íbúðarhúsa, að það skuli ekki vera hægt að gera það auðveldasta verkið fyrir okkar kynslóð að byggja yfir þjóðina.

Ég álít, að það beri að hverfa alveg frá þeirri stefnu, sem tekin hefur verið upp undanfarið, stefnu þeirra háu vaxta, stefnu þeirra stuttu lána, stefnunni að fá einkabraskið sem víðtækast inn í íbúðarhúsabyggingarnar, og hverfa aftur að þeirri stefnu að tryggja hinar ýmsu myndir þjóðnýts starfs að íbúðarhúsabyggingum. Þess vegna felst í þessu frv. hjá mér, að verkamannabústaðalögin séu aftur sett í fullt gildi eins og þau voru, að öllu leyti, líka hvað snertir hina upphaflegu tekjuöflun til þeirra, tekjuöflun með því, að helmingurinn af tekjum tóbakseinkasölu ríkisins gangi til þeirra, eins og ákveðið var á okkar verstu krepputímum. Og ég efast ekki um, að með þeim ákvörðunum, sem hér er lagt til og eitt sinn voru í gildi, er hægt að setja byggingar verkamannabústaða á fullan kraft, og þannig séu líka lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða sett aftur í fullt gildi og lögin um lánadeild smáíbúða, sem ég veit að fjölmargir nú sakna, þegar húsnæðismálaóstjórnin er tekin við.

Þetta frv. mitt fer þess vegna í stuttu máli fram á, að allt það, sem sett hefur verið í lög á Íslandi um húsnæðismál á undanförnum 30 árum og bezt hefur verið, sé endurnýjað, og það er ekkert annað ákvæði í öllu þessu frv. en það, sem verið hefur í gildi í íslenzkum lögum á einu eða öðru skeiði í þessi 30 ár, það bezta, sem verið hefur. Ég álít, að það eigi að hverfa aftur að þeirri stefnu, að hús séu byggð yfir menn á Íslandi með það fyrir augum, að menn geti búið í húsi, en ekki með hitt fyrir augum, að einhverjir og einhverjir framandi aðilar geti grætt á húsabyggingum, geti grætt á innflutningi byggingarefnis, geti grætt á því að lána fé til íbúðarhúsabygginga, geti grætt á því að byggja íbúðarhús eða geti grætt á því að leigja út hús, — að gróðanum og gróðasjónarmiðinu sé útrýmt í sambandi við húsbyggingarnar. Og ég vil taka það fram, að þó að þeim, sem skammt sjá, kunni að finnast, að þetta sé eingöngu hagsmunasjónarmið verkamannastéttarinnar í þjóðfélaginu og alþýðunnar, þá er hér um meira að ræða. Þetta er stór spurning fyrir allan íslenzkan atvinnurekstur. Ef húsnæði á Íslandi er gert að braski, þá þýðir það, að einn verkamaður verður að borga miklu meira fyrir húsnæði sitt en ella. Það, að hann verður að borga miklu meira fyrir sitt húsnæði, þýðir, ef verkamannasamtökin eru sterk og þeim er stjórnað vel, að hann knýr fram hærra kaup til þess að geta risið undir þessari húsaleigu. Það, að hann knýr fram hærra kaup vegna húsaleigunnar, þýðir hins vegar gagnvart útflutningsatvinnu-

vegunum, að svo miklu leyti sem kaupgjaldið kemur fram sem hækkun á kostnaðinum þar, að útflutningsatvinnuvegurinn á erfiðara.

M. ö. o.: Gróðinn, sem einstakir aðilar taka í sambandi við húsabyggingarnar, lendir að lokum á útflutningsframleiðslunni eða gerir þjóðinni erfiðara fyrir um hana. Þeir menn, sem eitthvað eru að hugsa um, að okkar útflutningsframleiðsla eigi að geta verið samkeppnisfær, og annað slíkt, eins og það er kallað, ættu að skoða það sem sitt verkefni að sjá til þess, að verkamenn geti fengið sitt húsnæði á sanngjörnu verði, á 10% af sínum launum. Það mundi þýða, að fyrir útflutningsframleiðsluna mundi slíkt vafalaust koma í ljós í því, að almennt yrði ekki knúið eins skarpt á um launahækkun, vegna þess að ef húsaleiga væri almennt lækkuð úr því, sem hún er núna, niður í t. d. það að geta verið 10% af launum manna, þá mundu verkamenn skoða það sem launahækkun, sem þeir hefðu fengið.

Atvinnurekendastéttir í þeim löndum Evrópu, sem sérstaklega byggja sína afkomu á útflutningi, skoða það alveg sérstaklega sem sitt verkefni að sjá um, að brýnustu þarfir almennings hækki ekki. Við skulum taka enska auðvaldið í þessu sambandi. Enska auðvaldið hefur t. d. alltaf skoðað það sem eitt af sínum höfuðáhugamálum, að brauð væri ódýrt í Englandi. Og ein hörðustu átökin, sem orðið hafa í enskri pólitík, átökin um korntollinn fyrir 100 árum, stöfuðu beinlínis af því, að atvinnurekendastéttin heimtaði, að tollur á brauðkorni væri afnuminn, til þess að það væri hægt að lækka brauðið til verkamannanna. Atvinnurekendastéttir, eins og t. d. í Danmörku, hafa talið alveg nauðsynlegt fyrir þeirra útflutning, að það yrði séð um, að það væri haldið niðri húsaleigunni, að frumstæðar þarfir manna eins og húsnæði væru ekki nema í sem minnstum mæli gerðar að leiksoppi fyrir gróðann. Þess vegna lifum við það, að allmikill hluti af íbúðarhúsabyggingum í Danmörku er raunverulega þjóðnýttur. Það er gert m. a. vegna þess, að ekki aðeins verkamenn og þeirra flokkur, heldur líka atvinnurekendur sjá það í allríkum mæli, að þetta er þeirra hagur.

Hver er hins vegar afleiðingin af því, sem gerzt hefur hér á Íslandi í pólitík og það sérstaklega afturhaldsins upp á síðkastið í þessum málum? Afleiðingin er sú, að fjármagnið, sem til er á Íslandi, fjármagn einkaaðilanna, flýr úr atvinnurekstri eins og sjávarútveginum og í íbúðarhúsabyggingar til þess að ná miklum og skjótfengnum gróða þar. Það er þess vegna gefið, að það að leyfa yfirleitt, að gróði geti komizt að í sambandi við íbúðarhúsabyggingar, er til tjóns fyrir allan íslenzkan atvinnurekstur, er til tjóns fyrir alla útflutningsframleiðslu Íslendinga, fyrir iðnað Íslendinga. Og svo framarlega sem yfirleitt okkar atvinnurekendastétt hér á Íslandi kynni t. d. að hugsa um undirstöðuna undir sínum eigin atvinnurekstri, þá mundi hún sjá þetta. En hún sér það ekki frekar en hún sá, þegar þurfti að fá tækin handa sjávarútveginum hér um árið. Hún er svo merkilega blind í þessum efnum. Hins vegar eru opnaðar allar gáttir og hefur verið gert í ríkara og ríkara mæli nú upp á síðkastið fyrir gróðahyggjunni, fyrir auðsöfnuninni, og þar með hefur hún nú upp á síðkastið alveg sérstaklega beinzt að húsnæðismálunum. Þarna álít ég sem sé þurfa að verða algera stefnubreytingu. Það verður að taka það upp, að byggt sé með það fyrir augum, að menn geti búið í húsnæði og komizt af með að borga fyrir það, hvort sem þeir teljast eigendur þess eða ekki, í kringum tíunda hluta af sínum launum, en þurfi ekki að standa í þeim þrældómi og undir þeirri kúgun, sem þorri almennings stendur nú, eða lenda í þeim ægilegu vandræðum, sem þeir búa við, sem sjálfir hafa ekki almennilegt húsnæði til að hafast við í.

Ég álít, að hér verði að breyta algerlega um stefnu, það verði að taka upp þjóðnýta stefnu í húsnæðismálunum og hverfa burt frá brask- og gróðastefnunni, sem verið hefur að breiða um sig í ríkara og ríkara mæli upp á síðkastið. Og við sjáum nú eina afleiðinguna af henni í sambandi við húsnæðismálastjórnina eða húsnæðismálaóstjórnina hjá hæstv. ríkisstj., — ég ætla nú ekki sem stendur að fara inn á það mál, framkvæmdina á húsnæðismálalöggjöf síðasta Alþingis, það verður vafalaust tækifæri til þess seinna, — en hitt er ljóst og var ljóst þá, að stefnubreytingar er þörf í þessum málum og hennar róttækrar, og ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að meiri hluti þings geti nú fallizt á þetta frv. mitt. Það er frv. um mál, sem þingheimur hefur á einu eða öðru stigi á síðustu 30 árum samþykkt og leitt í lög og alltaf verið ánægður yfir, þegar hann hefur gert það.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. óska eftir, að málinu verði vísað til 2. umr. og til félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Nd., 1. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 6. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 70, n. 434).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir, frv. á þskj. 70 og nál. um það frv. á þskj. 434, þykir mér rétt að rifja upp í stuttu máli helztu lagasetningu Alþingis á undanförnum áratugum, sem að því miðar að greiða fyrir útvegun fjármagns til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum.

Rétt er þá að geta fyrst veðdeildar Landsbankans, sem stofnuð var með lögum árið 1900. Lög um nýja veðdeildarflokka hafa síðan verið sett oftsinnis. Veðdeildinni hefur að vísu verið ætlað að veita lán út á fasteignir almennt, en aðallega hefur hún þó lánað út á húseignir við

sjávarsíðuna, einkum í Reykjavík. Það er jafnframt alkunna, að starfsemi veðdeildarinnar hefur lengi komið að fremur litlu gagni, þar sem erfitt hefur verið um sölu veðdeildarbréfa nú lengi, en sérstakar ráðstafanir hafa nýlega verið gerðar eða voru gerðar með lögum frá síðasta þingi til þess að efla starfsemi hennar, og kem ég að því síðar.

Nefna mætti í þessu sambandi lögin um ríkisveðbanka Íslands, sem sett voru árið 1931, en þau lög hafa aldrei komið til framkvæmda.

Lög um verkamannabústaði voru fyrst sett árið 1929 og með þeim stofnaður byggingarsjóður verkamanna með framlögum úr ríkissjóði og sveitarsjóðum. Um tíma rann líka hluti af tekjum tóbakseinkasölunnar í þennan byggingarsjóð. Vextir og afborganir af lánum úr byggingarsjóði skyldu samkvæmt lögunum vera samtals 6%, þ. e. a. s. ársgreiðslurnar af 42 ára láni. Með þessum lögum, þ. e. a. s. lögunum um verkamannabústaði, var að því hnigið að veita efnalitlum mönnum við sjávarsíðuna, í kaupstöðum og kauptúnum, lán með hagstæðari kjörum en áður höfðu þekkzt. Síðan hafa þessi lög verið endurskoðuð nokkrum sinnum.

Ég hef athugað það dálítið, hver árangur hefur orðið af lögunum um verkamannabústaði á þeim tíma, sem er nú orðinn hátt á þriðja áratug, sem þau hafa verið í gildi, og skal ég minnast á það síðar.

Lög um byggingarsamvinnufélög voru sett árið 1933. Með þeim var ríkisstj. heimilað að ábyrgjast byggingarlán slíkra félaga eftir nánar tilteknum reglum. Samkv. þessum lögum hefur verið byggt mikið af íbúðum, og í seinni tíð hafa einkum opinberir starfsmenn stofnað með sér byggingarsamvinnufélög og notað sér ríkisábyrgðina. Ábyrgðir ríkissjóðs vegna byggingarsamvinnufélaganna munu hafa numið samtals sem næst 114 millj. kr. árið 1954.

Árið 1946 voru sett lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Aðalstofn þessarar löggjafar frá 1946 var hin eldri lög um verkamannabústaði og byggingarsamvinnufélög, sem felld voru inn í hinn nýja lagabálk með ýmsum breytingum. Þar að auki var svo í lögunum frá 1946 sérstakur kafli um íbúðabyggingar sveitarfélaga og um sérstök vaxtalág eða vaxtalaus ríkislán í því sambandi. Enn fremur var svo bætt við kafla um innflutning og skiptingu byggingarefnis. Árið 1952 var svo þessum lögum frá 1946 breytt á þá leið, að bætt var í þau enn nýjum kafla um lánadeild smáíbúðarhúsa, er veita skyldi lán út á annan veðrétt. Þá var og breytt kjörum á ríkislánum til íbúðabygginga sveitarfélaga á því sama ári. Smáíbúðadeildin tók til starfa árið 1952, og voru veitt úr henni á árunum 1952, 1953 og 1954 og lítils háttar á árinu 1955, samtals, eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um, 1856 lán að upphæð um 41 millj. kr.

Á öndverðu ári 1955, þ. e. á síðasta þingi, voru svo sett lögin um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Með þessum lögum frá síðasta Alþingi er komið á almennu veðlánakerfi, sem svo er nefnt í lögunum, í sambandi við veðdeild Landsbankans og byggist á samkomulagi við bankana. Það nýmæli er, sem kunnugt er, í þessum lögum, að aflað sé fjár til svonefndra B-lána með sölu vísitölubréfa og B-lánin jafnframt veitt með skilyrðum varðandi vísitölubreytingu höfuðstólsins. Með þessum lögum var numinn úr gildi kaflinn um íbúðabyggingar sveitarfélaga í lögunum frá 1946, en í hans stað lögfestur II. kafli hinna nýju laga um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Í þessum kafla nýju laganna um útrýmingu heilsuspillandi íbúða er ákveðið, að ríkissjóður leggi fram allt að 3 millj. kr. ár hvert næstu fimm ár í óafturkræfum framlögum eða lánum til sveitarfélaga til útrýmingar heilsuspillandi íbúða. Ákvæðin frá 1952 um lánadeild smáíbúðarhúsa hafa ekki verið felld niður, en í 4. gr. laganna frá 1955 segir, að eignir smáíbúðadeildarinnar skuli renna í varasjóð hins almenna veðlánakerfis.

Sú löggjöf, sem nú er í gildi varðandi þessi mál, er því í aðalatriðum þessi: Í fyrsta lagi ákvæði um verkamannabústaði og byggingarsjóð verkamanna, í öðru lagi ákvæði um byggingarsamvinnufélög og ríkisábyrgð í því sambandi, í þriðja lagi ákvæði um lánadeild smáíbúðarhúsa, sem þó er raunar hætt starfsemi sinni, a. m. k. nú um sinn, í fjórða lagi ákvæði laga frá síðasta þingi um hið almenna veðlánakerfi og starfsemi húsnæðismálastjórnar, í fimmta lagi ákvæði sömu laga um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, en niður hafa í því sambandi verið felld ákvæðin frá 1946 um íbúðabyggingar sveitarfélaga, og svo í sjötta lagi ákvæði laganna frá 1946 um innflutning og skiptingu byggingarefnis o. fl.

Af því, sem ég nú hef sagt, má sjá, að byggingarlánalöggjöfin frá 1946, sem að allverulegu leyti var byggð á eldri löggjöf, þó með töluverðum breytingum, eins og ég gat um áður, er enn í gildi óbreytt með tveimur undantekningum. Önnur undantekningin er sú, að kaflinn um íbúðabyggingar sveitarfélaga hefur verið felldur niður, en í stað hans lögfestur II. kafli laganna frá 1955 um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Hin er sú, að vextir byggingarsjóðs verkamanna hafa verið hækkaðir úr 2% upp í 3½%, eins og í byggingarsjóði bænda, en þeir vextir, sem nú gilda hjá byggingarsjóði verkamanna, eru hins vegar, að mér skilst, nokkru lægri en ákveðið var með fyrstu verkamannabústaðalögunum 1929. En hækkun þessi á vöxtunum stendur að sjálfsögðu í sambandi við fjármagnsskortinn og hina almennu vaxtahækkun í landinu.

Þess er þá jafnframt að geta, að bætt hefur verið við löggjöfina frá 1946 ákvæðum um smáíbúðadeildina, sem nú er að vísu ekki starfandi, og ákvæðunum um hið almenna veðlánakerfi, sem tók til starfa á árinu sem leið.

Það má ljóst vera af því, sem nú hefur verið rakið, — og ég hef talið það til glöggvunar fyrir hv. deild, að þessi löggjöf væri rifjuð upp í meginatriðum, sem í gildi er, og þróun hennar, — en af því má sem sagt vera ljóst, að

mikið er í gildi af lagaákvæðum um byggingarlán af ýmsu tagi svo og aðrar ráðstafanir, t. d. ríkisábyrgð til þess að greiða fyrir byggingu íbúða í kaupstöðum og kauptúnum.

Um árangur einstakra lagaákvæða og ráðstafanir í þessu sambandi mætti margt ræða, þó að fátt verði hér sagt að þessu sinni. Lögin um verkamannabústaði hafa borið allverulegan árangur, aðallega í kaupstöðum, en það þarf mikils við, til þess að byggingarsjóðurinn geti notið sín að fullu samkvæmt hinum rúmu heimildum laganna. Ég hef athugað það nokkuð, eins og ég sagði áðan, hver lán hafa verið veitt úr byggingarsjóðnum allan tímann, sem sá sjóður hefur verið starfandi, þ. e. a. s. á árunum 1931—55, og samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið um það efni, nema lánin samtals á þessum 24 árum, sem sjóðurinn hefur starfað, 56½ millj. kr., þar af hefur nálega helmingurinn verið lánaður út síðan árið 1950. En ef það er athugað, hvernig þessi starfsemi byggingarsjóðsins hefur komið að haldi í einstökum landshlutum eða á einstökum stöðum, kemur í ljós, að lánin hafa verið veitt til 25 staða samtals. Í þeirri tölu eru flestir kaupstaðirnir, nánar til tekið 12 kaupstaðir af 14, og 13 kauptún af 51 kauptúni, sem nú teljast vera í landinu. Það skortir því allmikið á, að starfsemi byggingarsjóðsins hafi verið almenn í þorpum landsins.

Öllu meiri árangur má ef til vill segja að orðið hafi af lögunum um byggingarsamvinnufélög samkv. því, sem fyrir liggur um ríkisábyrgðir, sem veittar hafa verið samkv. þeim lögum, en þau gefa nokkuð til kynna um það, hve mikið hefur verið byggt, og það virðist vera töluvert meira en byggt hefur verið eftir hinum lögunum. En einnig árangur af starfsemi byggingarsamvinnufélaganna hefur orðið á nokkuð takmörkuðu sviði.

Einna almennastur árangur um land allt mun hafa orðið af starfsemi smáíbúðadeildarinnar þau þrjú ár, sem hún starfaði, 1952—54, svo og í Reykjavík af starfsemi veðdeildar Landsbankans á sínum tíma.

Um árangur af starfsemi hins almenna veðlánakerfis, sem lögfest var í fyrra, er lítið hægt að segja, þar sem það hefur enn ekki starfað nema nokkra mánuði, en samkv. upplýsingum, sem fyrir liggja um það mál, hafa úr hinu almenna veðlánakerfi verið veitt lán til 650 íbúða víðs vegar um land. Þessi tala mun ekki vera alveg ný, en lítið mun hafa verið veitt af lánum síðan hún var reiknuð út.

Það skiptir auðvitað mestu máli að sníða löggjöfina þannig, að af henni verði sem mestur árangur fyrir almenning, að sem mest verði byggt af hæfilega stórum íbúðum, sem fólki með venjulegar tekjur eða minni er mögulegt að standa straum af, og að einstakir landshlutar eða þorp dragist ekki aftur úr í byggingarstarfseminni, eins og oft hefur viljað við brenna. Lög, sem ekki er hægt að framkvæma, getur verið varhugavert að setja. Slík lög geta jafnvel orðið til þess að tefja framþróunina í byggingarmálunum, því að svo getur farið, að menn bindi vonir, sem ekki rætast, við bókstaf þeirra laga.

Um frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 70 frá hv. 2. þm. Reykv., og efni þess frv. vil ég vísa til nál. frá félmn. á þskj. 434. Félmn. hefur gert það að till. sinni, að þetta frv. verði að þessu sinni afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem prentuð er á sama þskj.

Eins og sagt er frá í nál., hefur n. sent tveim aðilum frv. til umsagnar, húsnæðismálastjórn, vegna þess að hún hefur með höndum ásamt Landsbankanum starfsemi hins nýja almenna veðlánakerfis og aðrar ráðstafanir varðandi byggingarmál samkv. lögum frá síðasta þingi, og Landsbankanum, m. a. vegna þess, að í V. kafla frv. eru ákvæði um, að seðlabankanum, sem er deild í Landsbankanum, skuli vera skylt að kaupa bankavaxtabréf veðdeildarinnar eða með öðrum orðum skylt að lána fé til íbúðabygginga.

Ég skal nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa kafla úr umsögnum þessara tveggja aðila um frv. Landsbankinn segir m. a.:

„Meginatriði hins nýja frv. er að skylda seðlabankann til að kaupa bankavaxtabréf veðdeildarinnar, svo að hægt sé að veita hverjum sem er stór lán til íbúðabygginga. Vér vonum, að fáir séu lengur þeirrar skoðunar, að unnt sé að leysa fjárhagsörðugleika þjóðarinnar með takmarkalausum lánveitingum úr seðlabankanum, sem í raun og veru mundi aðeins geta byggzt á aukinni seðlaveltu. Á slíkum tímum sem þessum, þegar bankarnir eru komnir í stórskuldir við útlönd og ofþensla er á öllum sviðum efnahagslífsins, mundu aukin útlán seðlabankans hafa hinar geigvænlegustu afleiðingar."

Þetta er úr umsögn Landsbankans, og eins og hv. þm. heyra, þá lýtur þessi umsögn fyrst og fremst að V. kafla frv., um rétt einstaklinga til veðlána, sem líka einkum snertir Landsbankann, en er jafnframt eitt af meginatriðum frv.

Húsnæðismálastjórn svaraði bréfi nefndarinnar 10. jan. s. l. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 2. des. s. l., sent húsnæðismálastjórn til umsagnar frumvarp til laga um rétt manna til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og opinbera aðstoð í því skyni. Sem svar við þessum tilmælum vill húsnæðismálastjórn taka fram eftirfarandi:

Svo sem kunnugt er, var með lögum nr. 55 1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, stefnt að því að auka fjármagn til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum og leggja grundvöll að því að leysa þetta vandamál til frambúðar. Síðan lög þessi komu til framkvæmda, eru liðnir aðeins nokkrir mánuðir, svo að ekki er þess að vænta að reynsla sé fengin fyrir löggjöf þessari og gildi hennar. Þegar af þessari ástæðu telur húsnæðismálastjórn mjög óhyggilegt að samþykkja frv. það,

sem hér er til umsagnar, en auk þess telur húsnæðismálastjórn, að frumvarp þetta hafi slíka galla efnislega, að ekki sé rétt að lögfesta það.“

Þetta er umsögn húsnæðismálastjórnar til félmn., dags. 10. jan. s. l.

Mér þykir rétt fyrir hönd n. að vekja athygli á því, að í I. kafla frv. eru ákvæði um að verja árlega til íbúða af núverandi tekjum ríkissjóðs upphæð, sem á fjárlögum fyrir árið 1956 er áætluð 24½ millj. kr. Í IV. kafla er ákvæði um, að ríkissjóður leggi fram 30 millj. kr. sem stofnfé smáíbúðadeildar, og sé ég ekki, að í þeim kafla sé gert ráð fyrir lántöku í þessu skyni. Þar sem gert er ráð fyrir, að lögin taki gildi þegar í stað, yrði að líkindum að leggja féð fram á þessu ári, bæði samkv. I. kafla og samkv. IV. kafla, en skylt er að geta þess í þessu sambandi, að frv. var lagt fram á Alþ., áður en fjárlög ársins voru afgreidd. En samkv. því, sem nú er sagt, lítur út fyrir, að Alþ. yrði að samþykkja nýja skatta að upphæð 54½ millj. kr. nú, áður en þessu þingi lýkur, ef frv. næði samþykki. Vera má þó, að hv. flm. hafi hugsað sér, að 30 millj. kr. stofnfé til smáíbúðadeildar skiptist t. d. á tvö ár eða lengri tíma, og mundi það lækka upphæðina, en starfsemi smáíbúðadeildar mundi hins vegar eflaust kalla á meira stofnfé síðar, þar sem ekki virðist gert ráð fyrir lántökum af hennar hálfu, en gert er ráð fyrir í frv. sérstökum ríkislántökum vegna útrýmingar heilsuspillandi íbúða svo og fjárframlögum úr ríkissjóði til greiðslu vaxtamismunar.

Það varð, eins og ég hef áður sagt, niðurstaða heilbr.- og félmn. að leggja til, að frv. yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem er orðuð í samræmi við umsögn húsnæðismálastjórnar, þá er ég áður hef lesið. Þar með er vitanlega ekki sagt, að ekki kunni að vera þörf á umbótum á þeirri byggingarlöggjöf, sem nú gildir. Ég get í þessu sambandi minnt á það t. d., að ég hef flutt ásamt fleiri þm. frv. um sérstakan byggingarsjóð fyrir hina fámennari staði, kauptúnin, og tel, að slíkum byggingarsjóði þurfi að koma upp fyrr eða síðar. Og fleira er það að sjálfsögðu, sem þyrfti að gera. En n. sýnist rétt að fresta lagabreytingum að þessu sinni og bíða þess, að frekari reynsla fáist af löggjöf þeirri, sem sett var á síðasta þingi. Með þetta í huga hefur n. gert till. sína um afgreiðslu frv., en auk þess er það svo, eins og í nál. segir, að hún telur ýmis ákvæði frv. nokkuð vafasöm. Ég hygg t. d., að Alþ. verði að leita til þrautar annarra úrræða, áður en það gefur seðlabankanum fyrirmæli um lánveitingar eins og þær, sem gert er ráð fyrir í V. kafla frv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Heilbr.- og félmn. tók þetta mál til afgreiðslu, meðan ég hafði fengið þingleyfi til að bregða mér vestur á Ísafjörð, og er afleiðingin af því sú, að ég hef ekki tekið afstöðu til þessa máls fyrr og ekki skrifað sérstakt nál. Ég vil því nú við þessa umræðu leyfa mér að lýsa afstöðu minni til málsins, og er hún sú, að ef ég hefði tekið þátt í afgreiðslu málsins í n., þá mundi ég hafa lagt til, að frv. yrði samþykkt.

Það er umfangsmikill lagabálkur, sem hér er um að ræða á þskj. 70, og er það rétt, sem segir í nál. meiri hl., að raunar er mikill hluti frv. samhljóða ákvæðum, sem gilda nú samkv. lögum eða hafa verið í gildi til skamms tíma. En þó eru ærið mörg og stór nýmæli í þessu frv., sem öll mundu vera til bóta á gildandi löggjöf. Hv. frsm. n. neitar því ekki heldur, að full þörf sé á umbótum á lögum um byggingarstarfsemi í landinu, því að samkv. upplýsingum hans kom það glöggt í ljós, að mjög stór vandamál eru óleyst enn þá í kaupstöðum landsins þrátt fyrir starfsemi byggingarfélaga, bæði samvinnubyggingarfélaga og byggingarfélaga verkamannabústaða og starfsemi smáíbúðadeildar, og í kauptúnum landsins er hið óleysta verkefni enn stórkostlegra.

Frsm. n. upplýsti, að aðeins í 12 kauptúnum af 51 hefði verið veitt lán úr byggingarsjóði verkamanna á öllum undanförnum árum, sem sjóðurinn hefur starfað, og nægir það til að sýna, að kauptún eiga í raun og veru eftir að endurbyggja sig og hafa ekki til þessa fengið neina verulega hjálp til þess. Afleiðingin er sú, að fólkið í mörgum kauptúnum landsins býr jafnvel við enn hörmulegra húsnæði en þekkist í stærri bæjunum, og er þar þó mjög ófagra sögu að segja af ástandinu, hver sem kynnir sér það eins og það er, og þá ekki hvað sízt hér í Reykjavík.

Frv. er í sex köflum. Fyrsti kafli er um verkamannabústaði. Þar eru meginatriði þau sömu og í gildandi lögum um verkamannabústaði, en ætlunin er samt að skylda ríkissjóð til að verja fjárupphæðum úr ríkissjóði til íbúðalána samkv. þeim kafla til þess að efla starfsemi byggingarsjóðs verkamanna. Þessa er hin fyllsta þörf, því að byggingarsjóður verkamanna hefur á undanförnum seinustu árum einkanlega verið lamaður af fjárskorti og mjög dregið úr starfsemi hans vegna fjárhagsskorts og vegna þess, hve byggingarkostnaður hefur hækkað hraðfara. Það má lengi um það deila, hvort ríkissjóður hafi efni á því að leggja fram fé til slíkra hluta, en það er nú svona, þar verður vafalaust að velja og hafna, og fé verður fyrst og fremst að vera fyrir hendi til þeirra hluta, sem Alþ. á hverjum tíma telur einna nauðsynlegast. Ég fyrir mitt leyti tel, að þeir málaflokkar séu fáir, sem þörfin sé meiri á því að Alþ. láti hendur standa fram úr ermum um að greiða fyrir en einmitt húsnæðismálin. Ég mundi því telja, að það væri fyllilega réttlætanlegt og tímabært að ætlast til þess af Alþ., eins og húsnæðismálunum er háttað, að auknu fé væri veitt úr ríkissjóði til þess að efla starfsemi verkamannabústaða.

II. kafli frv. er um byggingarsamvinnufélögin. Frsm. lýsti því, að byggingarsamvinnufélögin hefðu haldið uppi allverulegri byggingarstarfsemi á undanförnum árum víðs vegar um landið, og er það rétt. En samt er það nú svo, að starfsemi þeirra mætti gjarnan vera

meiri, og er það fyrst og fremst skortur á lánsfé, sem veldur því, að hún hefur ekki orðið meiri eða víðtækari.

III. kafli í frv. er svo um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, og er þar um að ræða lagasetningu, sem með sérstökum ákvörðunum frá Alþingi var kippt úr gildi og hefur þannig að mjög litlu leyti komið til framkvæmda. Ætlunin var sú, þegar sú löggjöf var sett, að á ákveðnu árabili gerðu bæjarfélög, þar sem væri til heilsuspillandi húsnæði, áætlun um að útrýma því á ákveðnum árafjölda, og fjárframlög samkv. lögunum voru allrífleg til þeirra hluta. Það var aðeins byggt eitthvað hér í Reykjavík samkv. lögunum um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis og í einum eða tveimur kaupstöðum úti á landi, en síðan voru lögin sem sé felld niður með ákvörðun frá Alþ. eða hætt að starfa að byggingarframkvæmdum á grundvelli þeirra, sjálfsagt út frá því sjónarmiði, að fé væri ekki fyrir hendi til þessa, en ekki vegna hins, að þörfin væri ekki viðurkennd að útrýma heilsuspillandi húsnæði í kaupstöðum, því að það verkefni blasir við öllum heilskyggnum mönnum. Samkv. þessu frv. er ætlazt til, að ríkissjóður veiti lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, og tel ég, að það væri fyllilega tímabært að hefja þá starfsemi á ný.

IV. kafli frv. er svo um lánadeild smáíbúða. Þar er ætlunin, að sú starfsemi verði tekin upp aftur og ríkissjóði ætlað að leggja fram 30 millj. kr. sem stofnfé til lánadeildar smáíbúða. Það kann að þykja nokkuð há upphæð, en sannleikurinn er nú sá, að þegar litið er til þess byggingarkostnaðar, sem nú er, þá yrði þetta samt engin stórkostleg starfsemi, sem grundvölluð yrði með 30 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði.

Þá er komið að V. kafla frv., sem er um rétt einstaklinga til veðlána. Þar er gert ráð fyrir tveimur breytingum frá gildandi lögum um veðdeild, og sérstaklega er það þá þessi, að í staðinn fyrir helming af virðingarverði komi helmingur af brunabótamati, það megi lána móti helmingi af brunabótamati húsa úr veðdeild Landsbankans. Hitt atriðið er um það, að seðlabankinn skuli vera skyldaður til að kaupa þau bankavaxtabréf, sem veðdeildin láti mönnum í té í þessu skyni.

Það er einmitt út af þessu síðara atriði, sem Landsbankinn lætur í ljós sína skoðun og mælir sérstaklega gegn frv. á þeim grundvelli, að aukin útlán seðlabankans mundu hafa hinar geigvænlegustu afleiðingar, og ræður því algerlega frá því, að veðdeildin verði lífguð við á þennan hátt, sem lagt er til í frv., og seðlabankanum gert að skyldu að kaupa bankavaxtabréf vegna byggingarlána úr henni. Geigvænlegar afleiðingar mundi þetta hafa í för með sér, og er þá sýnt, að bankastjórarnir, sem skrifa undir umsögnina, þeir Gunnar Viðar og Jón Maríasson, telja þarna bókstaflega háska á ferðum.

Þá er VI. kafli frv. um innflutning byggingarefnis, og er aðalefni hans það, að innflutningur á byggingarefni skuli vera frjáls, svo fremi að innflutningur á nokkrum vörum sé annars frjáls í landinu, sé hins vegar innflutningur vara ekki frjáls, skuli ríkisstj. kveða á um, til hverra nota því byggingarefni skuli verja, sem til landsins sé flutt, og þá vitanlega gert ráð fyrir, að byggingarefni til íbúðarhúsnæðis sé látið ganga fyrir byggingarefni til annarra nota. Þetta sýnist mér vera skynsamleg stefna í þessu, ef á annan hátt þarf illu heilli að takmarka byggingarstarfsemi landsmanna, því að það er þó hin fyrsta nauðsyn að hafa sómasamleg og heilsusamleg húsakynni yfir landslýðinn.

Ég hef þá vikið að efni frv., eins og það er fram sett í þessum sex köflum, og sé ekki, að þau nýmæli, sem þar eru fram borin, séu á neinn hátt háskaleg, get þannig ekki einu sinni tekið undir umsögn landsbankastjóranna um hinar geigvænlegu afleiðingar af því til óheilla, ef þetta frv. væri samþykkt.

Umsögn húsnæðismálastjórnarinnar, sem hér liggur einnig fyrir á fskj., er á þá lund, að það sé liðinn svo stuttur tími, síðan sú löggjöf var sett, að það sé engin reynsla á hana komin, og þess vegna sé bezt að láta reynsluna tala betur en orðið sé, áður en gerð sé breyting á lögum viðvíkjandi þeirri starfsemi.

Það má náttúrlega til sanns vegar færa, að það sé ekki mikil reynsla komin á það, en þó sýnist mér, að ákvæði þessa frv. séu öll til eflingar þeirri starfsemi, og mættu þeir menn, sem í þeim vanda standa, bezt vita, hvort ekki er full þörf á því, að starfsmöguleikar húsnæðismálastjórnarinnar séu rýmkaðir, eftir því sem þeir segja sjálfir um það, hversu þeir séu kaffærðir af lánbeiðnum frá einstaklingum úr öllum áttum, og hafa sagt það við mig og vafalaust fleiri, að það sé hörmung að þurfa að standa í þessu starfi með ekki meira fé en þeim sé ætlað til þessarar lánastarfsemi.

Það er þó einmitt á grundvelli þessarar umsagnar húsnæðismálastjórnarinnar, að mér virðist, sem heilbr.- og félmn. leggur til, að þessu frv. sé vísað frá með rökstuddri dagskrá, og rökstuðningurinn er einmitt sá, sem kemur fram í þessari umsögn húsnæðismálastjórnarinnar, að þar sem rétt þykir, að í ljós komi, hversu þau lög reynast, er sett voru á seinasta Alþingi í því skyni að greiða fyrir byggingu íbúða í kaupstöðum og kauptúnum, telji deildin nýja lagasetningu um þetta efni ekki tímabæra og taki því fyrir næsta mál á dagskrá.

Á þennan hátt á að kistuleggja þetta merka frv., sem þó að öllu leyti grípur á miklu vandamáli, sem allir verða að viðurkenna að er að mestum hluta óleyst enn í dag. Ég held, að það þyrfti að skjóta sterkari stoðum undir rökstuðning fyrir því, að það sé ótímabært að endurbæta löggjöf um byggingarmál á Íslandi, eins og þau mál standa í dag, og ég legg nú til, að frv. verði samþykkt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir að hafa afgreitt þetta frv. Það er gott að vita til þess, að það skuli nú aftur fara að tíðkast sá háttur að afgreiða mál úr nefndum, og ég vil um leið leyfa mér að þakka hv. minni hl. n.,

hv. 3. landsk., fyrir góðan stuðning við málið. Ég vil líka taka það fram, að hv. frsm. meiri hl. í þessu máli, hv. þm. N-Þ., hefur gert hér mjög góða grein fyrir sínum viðhorfum, sem er líka mjög ánægjulegt og æskilegt að menn geri, að menn venji sig á það, þegar menn eru á annarri skoðun, að færa rök fyrir sinni skoðun.

Hann byrjaði á því að geta þess, að verkamannabústaðalögin hefðu verið endurskoðuð á ýmsum tímum, og síðar gat hann hins sama um fleiri af slíkum lögum. Hann sleppti hins vegar að geta um, hvernig sú endurskoðun hefði verið, að sú endurskoðun hefði verið á þann hátt að gera réttinn, sem alþýða manna átti að hafa samkvæmt lögunum, í sífellu rýrari og að lokum vextina hærri.

Það, sem mitt frv. fer fram á, eins og ég hef áður sagt frá, er að breyta til um þessi efni, að endurskoða hin gömlu lög, sem í gildi eru, með það fyrir augum að endurbæta þau, að setja inn í gildandi lög aftur þær umbætur, þau réttindaákvæði, sem í þeim hafa verið á einum eða öðrum tíma frá upphafi vega, m. ö. o. endurskoða þau til þess að bæta þau, í staðinn fyrir að endurskoða þau til þess að rýra þau.

Hv. frsm. meiri hl. minntist ekki á 1. gr. í þessu frv., sem þó felast nokkrar réttarbætur í, réttur Íslendinga til þess að fá að byggja hús og ekki sízt til þess að fá úthlutað lóðum í okkar stóra landi, og það er þó eitt af þeim réttindum, sem a. m. k. í tíð danskra einvaldskonunga þóttu allsjálfsögð hér á Íslandi. Þá var hverjum manni boðið upp á það hér í Rvík að geta fengið útmælda lóð og það allríflega, ef þeir vildu byggja. Nú er það svo, að maður þarf að ganga undir manns hönd til þess að fá þann frumstæða rétt að fá lítinn hluta af sínu eigin ættlandi til þess að mega byggja á því hús yfir sig og sína, þannig að strax í 1. gr. eru vissar réttarbætur, sem hingað til hafa verið álitnar sjálfsagðar út frá réttarmeðvitund manna og voru í gildi, meðan danskt einveldi var á Íslandi. — Svo í köflunum, sem eðlilega eru aðalatriði hér, er það gegnumgangandi, að þar er ekki ein einasta till. flutt fram af minni hálfu, sem ekki hefur verið í lögum áður, þannig að það er eingöngu farið fram á, að alþýða manna nú á þessu herrans ári fái að njóta þeirra réttinda, sem menn hafa á s. l. 25—30 árum eða jafnvel 40 árum fengið að njóta á einum eða öðrum tíma.

Hvað verkamannabústaðina snertir gildir þetta sérstaklega um tekjuöflunina, helminginn af tekjum tóbakseinkasölunnar, sem var í lögum fyrir 24 árum, og vextina. Það eru höfuðbreytingarnar, sem þar eru, auk þess svo að gefa Byggingarfélagi alþýðu aftur rétt til þess að starfa, en með sérstökum lögum var því bannað það.

Hv. þm. N-Þ. minntist á það, að það væri nú ekki rétt gott með þessar tekjur, því að síðan þetta frv. hefði komið fram, hefðu fjárlögin verið afgreidd og þetta mundi vist kosta 24 millj., eins og áætlunin er nú, sem þyrfti þá að renna til verkamannabústaðanna. Ég held, að það yrði ekki skotaskuld úr að klípa 24 millj. út af öllum þeim álögum, sem hafa síðan verið lagðar á almenning, til þess að nota þær til verkamannabústaðanna, og mér þykir það undarleg ráðstöfun, ef það verður ekki slíkur tekjuafgangur bókstaflega á þessu ári, að við getum tekið þessar 24 millj. kr. til verkamannabústaðanna án þess að þurfa að spara á fjárlögunum að öðru leyti, þannig að ég held, að hv. þm. N-Þ. þurfi engar áhyggjur að hafa út af því.

Þá var komið að veðdeildinni og umsögn stjórnar Landsbanka Íslands viðvíkjandi því. Það var gengið svo út frá upphaflega, þegar veðdeildin var sett, í fyrsta lagi, að hún starfaði, í öðru lagi, að bankinn keypti bankavaxtabréfin, og svo var í upphafi, fyrir 30 árum. Það er bara, svo að maður noti gamalt orðtæki, á þessum síðustu og verstu tímum, sem það hefur viðgengizt, að veðdeildin hefur verið lokuð og að veðdeildin hefur ekki keypt bankavaxtabréf. Ég vil færa þetta hvort tveggja í lög aftur, að skylda seðlabankann í þessu efni til þess að vinna visst verk, sem Alþingi leggur honum á herðar. Það er sannarlega ekki ofætlun hans. Ég vil bara minna hv. þm. N-Þ. á það, að seðlabankinn fær að heita má að gjöf eða að láni frá ríkinu 300 millj. kr. sem veltufé, og af þessum 300 millj. kr. tekur ríkið ekki svo mikið sem vexti, og ég efast um, að það sé nokkurt ríki í Norðurálfu, sem lætur sína seðlabanka hafa seðlaútgáfuna án þess að taka vexti af fénu. Seðlabankinn tekur vexti upp í 4 og 5% af því fé, sem hann lánar, en ríkið fær ekkert af því, sem það lánar, þannig að það er sannarlega ekki of mikið, þó að seðlabankinn sé skyldaður til þess að kaupa þarna aftur tryggð veðbréf í húsum, sem byggð eru yfir menn, sem vantar þak yfir höfuðið á sér. Landsbankinn hefur áður verið skyldaður hér á Alþingi til þess að leggja fram og það hærri upphæð en þarna er um að ræða, leggja fram 100 millj. kr. til stofnlánadeildar sjávarútvegsins, og það hefur gefizt vel, og það má sannarlega fara að stjórna með dálítið meiri skörungskap seðlaútgáfunni en gert hefur verið fram að þessu. Hvað veðdeildina snertir er því bara verið að kippa í lag því, sem var skylda Landsbankans, þegar hann var lítill og fátækur banki hér á árunum, og skylda, sem hann vann þá, að lána út á hús og að kaupa bankavaxtabréf, en hann hefur bara lagt niður á þessum síðustu tímum, þegar hann fór að lána gæðingum stjórnarflokkanna svo mikið, að hann átti ekkert eftir handa þeim almenna manni, sem sé eftir að helmingaskiptareglur og annað slíkt fór að verða aðalútlánastefnan og aðalreglan í sambandi við öll útlán.

Hins vegar minntist hv. þm. N-Þ. í sinni gagnrýni á eitt, sem er rétt hjá honum og er yfirsjón hjá mér, þ. e. í sambandi við IV. kaflann um lán til smáíbúða. Þar hefði ég að réttu lagi átt að taka fram, að núverandi eignir hins almenna veðlánakerfis eða húsnæðismálastjórnar ættu að renna til lánadeildar smáíbúðarhúsa. Það hefði verið rétt að skjóta því inn, að núverandi eignir húsnæðismálastjórnar ættu að renna þangað. Eins og menn vita, var það

svo, þegar smáíbúðadeildin var stofnuð, að þá fékk hún nokkurt fé úr ríkissjóði, það skipti meira en milljónatug, og þetta fé var með lögunum um húsnæðismálastjórn látið renna til hins almenna veðlánakerfis, og það ætti náttúrlega, þegar smáíbúðalánadeildin væri stofnuð aftur, að renna til þeirrar deildar, og því mundi ég nú leggja til að bæta þarna inn í, að það fé, sem hið almenna veðlánakerfi á núna, rynni til þessarar smáíbúðalánadeildar.

Hvað snertir framlag ríkisins fram yfir það, sem fengist þannig til smáíbúðadeildarinnar með þessu ákvæði, væri hægt með sérstökum lögum að heimila ríkisstj. að taka lán til slíks. Það er oft gert, þegar lög eru samþykkt, þarf ekki endilega að taka það í sama lagabálk, þó að það sé líka ágætt og þó að ég hafi gert það með aðra kafla. Og um þetta, sem þó er aðeins lítill hlutur í sambandi við þessi lög, mun ég nú sjálfur flytja brtt. við þessa umr., þannig að úr þessum litla efnislega galla í sambandi við IV. kaflann sé líka bætt.

Það, sem hins vegar er sú stóra spurning í sambandi við þetta mál, er, hvort menn vilja hafa þetta húsnæðismálakerfi okkar eins og ég legg til að það sé hér, í því lagi, sem það hefur bezt verið á undanförnum áratugum, taka upp í það þær endurbætur, sem þá hafa verið gerðar. Það er sem sé aðalatriðið í mínum brtt. og um það fer raunverulega atkvgr. um þetta frv. fram eða hvort menn vilja hins vegar halda áfram að rýra þann rétt, sem menn hafa aflað sér á einum eða öðrum tíma á undanförnum áratugum, til þess að þægilegra yrði fyrir þá að byggja hús yfir höfuðið á sér.

Þegar húsnæðismálalöggjöfin var samþykkt á síðasta þingi, var það stórkostlegt spor aftur á bak frá því, sem verið hafði, og það, sem var verst í því sambandi, var, hve háir vextirnir voru settir, vextir upp í 7% og þar yfir, og með slíkum vöxtum er ekki hægt af nokkru viti að leysa húsnæðisvandamálið á Íslandi, þannig að því fyrr sem stofnun, sem byggir á slíkum vöxtum, er lögð niður, því betra.

Það eru beinar ráðstafanir til þess að auka og viðhalda dýrtíðinni í landinu að setja löggjöf eins og þá, sem þá var sett um svo háa vexti til íbúðarhúsabygginga. Þess vegna er um að gera sem allra fyrst að stöðva þann hátt um lán til íbúðarhúsabygginga.

Meðan þjóðin var fátækari en hún er nú, þótti mönnum rétt handa verkamönnum og bændum að setja vexti, sem voru ekki nema 2 og 2½%. Nú er búið að koma vöxtunum upp í 7%, og þeir eru almennt frá 5½ upp í 7%. Slík er afturförin hvað þetta snertir, slík er frekja fjármálavaldsins í landinu að hafa knúið þessa hluti fram. Því er það engin afsökun hjá húsnæðismálastjórn, að löggjöfin hafi ekki fengið að reyna sig. Löggjöfin er sjálf ill, hún er röng. Vextirnir eru reiknaðir allt of háir, lánstíminn allt of stuttur. Þess vegna verður að stöðva þá stefnu, sem farið var inn á á síðasta þingi, er sú löggjöf var samþykkt. Það verður að taka upp þá reglu að fá löng lán og lága vexti, og ég vil minna á, að t. d. í okkar nágrannalöndum eins og Danmörku eru lánin upp í 80—90 ár og vextirnir allt niður í 2%.

M. ö. o.: Það, sem húsnæðismálastjórn og landsbankastjórnin minnast á í sambandi við þessi mál, er gagnrýni, sem ekki hefur við rök að styðjast almennt séð. Þar eru bara þeir aðilar að reyna að halda áfram þeirri stefnu, sem orðið hefur drottnandi upp á síðkastið, að hækka í sífellu vextina og rýra lánsmöguleikana, með þeim afleiðingum, að húsaleigan er orðin ægilegasti dýrtíðarvaldurinn í landinu og þyngsta vandamálið fyrir íslenzkan almenning að glíma við vegna rangrar stefnu í þessum málum.

Hins vegar skal ég með ánægju búa til brtt. um þann litla galla, sem ég þarna minntist á, að það vantaði eina litla lagagrein um að yfirtaka eignir hins almenna veðlánakerfis, ef þá mætti svo verða, að einhverjir af fylgjendum hv. stjórnarflokka mættu við það líta svo á, að efnislegir gallar væru þar með ekki meiri á frv. og þá væri aðeins um það að ræða, hvort menn vildu fylgja umbótum á húsnæðismálalöggjöf eða hvort menn væru fylgjandi því að rýra rétt íslenzkra manna til að byggja hús yfir höfuðið á sér og gera vald peningavaldsins í landinu enn sterkara en það nú er.

Ég mundi, af því að ég er ekki búinn að útbúa slíka brtt., biðja hæstv. forseta að gera nú hlé á þessari umr. og gefa mér þannig tíma til þess að leggja slíka brtt. fram, þegar umr. héldi áfram.

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Nd., 12. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 70, n. 434, 461).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hét því í þeirri ræðu, sem ég hélt hér, þegar þetta mál var síðast á dagskrá, að taka til athugunar að breyta tveim köflum í þessu frv., þ. e. IV. og V. kaflanum, einmitt út frá þeim athugasemdum, sem fram komu frá hálfu meiri hl. n. og frsm. hennar, hv. þm. N-Þ. (GíslG), og því betur sem ég athugaði þetta, þótti mér bezt á því fara að taka það mikið tillit til þeirra athugasemda, sem fram höfðu komið, að ég komst að þeirri niðurstöðu, að það mundi vera bezt, ef það mætti verða málinu til framgangs, að fella burt IV. og V. kafla og taka í staðinn einn kafla, sem ég tek upp í brtt. á þskj. 461.

Röksemdirnar, sem komu fram frá hv. meiri hl. n. gegn mínu frv., voru aðallega tvenns konar: Í fyrsta lagi þær, að húsnæðismálastjórnin og hið almenna veðlánakerfi, sem sett var á stofn í fyrra, hefði haft svo skamman tíma, til þess að raun kæmi á það, að það væri ekki réttlátt að fella það úr gildi nú á fyrsta þingi eftir að það hefði verið sett, og í nál. eru sem fskj. einmitt prentaðar frá húsnæðismálastjórninni þær röksemdir, sem hún hefur fram að færa og fyrst og fremst eru þessar, og á vissan

hátt má, þó að ég og fleiri hafi verið andstæðir ýmsu í því, sem snertir það lagakerfi, sem þá var samþykkt, til sanns vegar færa, að það sé mjög skammur tími fyrir eitt kerfi að fá að reyna sig. Og þó að okkur þyki nú reynslan, það sem af er, engan veginn vera góð, má til sanns vegar færa, að engu að síður sé það stuttur tími. Í öðru lagi kom fram sú höfuðathugasemd frá landsbankastjórninni í því bréfi, sem birt er sem fskj. hjá hv. meiri hl. n., að þeim þætti of langt gengið í V. kafla hjá mér um þær skyldur, sem Landsbankanum væru lagðar á herðar, og á þessu tvennu byggði þess vegna meiri hl. n. aðalathugasemdir sínar við mitt frv.

Nú vil ég hins vegar segja það, að IV. og V. kaflinn í þessu, þó að þeir væru þýðingarmiklir, voru ekki þýðingarmestu till. eða það, sem ég lagði mesta áherzlu á, heldur voru það breytingar í sambandi við I. og III. kaflann. Ég hef þess vegna nú farið inn á þá skoðun að reyna til samkomulags við meiri hl. n. að breyta þannig um IV. og V. kaflann, að hann ætti að geta fallizt á þetta frv., ef það hefur verið aðalatriðið hjá honum að fá breytingar í gegn á IV. og V. kaflanum. Þess vegna tek ég upp að mestu leyti frv. ríkisstj. frá í fyrra um húsnæðismálastjórn og hið almenna veðlánakerfi og flyt það nú sem brtt. við IV. og V. kaflann hjá mér, en felli báða þá kafla niður, sem sé hætti við að leggja til að endurreisa lánadeild smáíbúðarhúsa og hætti við þá skyldu, sem lögð var á herðar Landsbankanum í 44. og 45. gr. Þær breytingar einar, sem ég geri í sambandi við kaflann um húsnæðismálastjórn og hið almenna veðlánakerfi, eru þær í fyrsta lagi að setja þar inn í ákvæði um, hverjir skuli sitja fyrir lánum, þ. e., að barnafjölskyldur og ungt fólk, sem stofnar til hjúskapar, og fólk, sem býr í heilsuspillandi húsnæði, sem ekki væri útrýmt samkvæmt III. kafla þessara laga, — að þessir þrír aðilar skuli sitja fyrir um úthlutun íbúða. Þetta ákvæði var, eins og hv. þm. muna, eitt af gömlu ákvæðunum um smáíbúðalánin, þannig að það er bara tekið upp og látið halda sér í þeim. Það var till. okkar í stjórnarandstöðunni líka í fyrra, þegar lögin um húsnæðismálastjórn voru samþykkt.

Enn fremur legg ég til, að vöxtunum af A-lánunum sé breytt, þannig að það sé fært niður í 4%, því að þau 7%, sem nú eru ætluð í sambandi við húsnæðismálastjórnina, eru allt of háir vextir. Það þýðir ekki fyrir það opinbera að ætla að reyna að gera verulegar breytingar á því vandræðaástandi, sem ríkir í húsnæðismálunum, með því að ætla að innleiða og halda föstum öðrum eins hrottavöxtum og það eru. Og í samræmi við það legg ég á herðar ríkisins að greiða þann mismun, sem af því kynni að hljótast fyrir veðlánakerfið, að vextirnir væru þetta lækkaðir móts við þá vexti, sem greiddir væru af þeim skuldabréfum, sem í té eru látin og seld. Hins vegar felli ég svo burt IV. og V. kaflann.

Þá stendur málið þannig, að mínar brtt. fjalla í fyrsta lagi í sambandi við kaflann um verkamannabústaðina um að lækka þar vextina niður í 2%, eins og var upphaflega og eins og hefur verið lengst af þessa tæpa þrjá áratugi, sem verkamannabústaðalögin eru búin að gilda, tryggja það í 5. gr., að Byggingarfélag alþýðu fái að starfa jafnt og það félag hitt, sem starfandi er, en þó höfuðatriðið, að helmingurinn af tekjum tóbakseinkasölu ríkisins skuli renna til byggingarsjóðs verkamanna, þannig að þar fái verkamannabústaðirnir það fé, sem þeim var ætlað, þegar tóbakseinkasalan var sett á stofn. Þau lagafyrirmæli eru þar með tekin upp aftur nú. Enn fremur held ég svo í sambandi við III. kaflann fast við að endurreisa lögin, sem sett voru 1946 um útrýmingu heilsuspillandi íbúða og felld voru að lokum úr gildi í fyrra eða gerbreytt, svo að ekkert var eftir af þeim, eftir að þau höfðu verið að miklu leyti dauður bókstafur í allmörg ár.

Frá mínu sjónarmiði voru I. og III. kafli og þær breytingar, sem ég þar hef gert á, alltaf höfuðatriðið, og þess vegna hef ég nú reynt að gera það til samkomulags við hv. meiri hl. n., sem fyrst og fremst var að finna að IV. og V. kafla þessarar löggjafar, að vita, hvort hægt væri að fá samkomulag um að afgreiða nú þennan lagabálk með þeim breytingum, sem ég þar með legg til, og með þessum þrem breytingum, sem ég gat um viðvíkjandi kaflanum um húsnæðismálastjórn.

Ég þykist með þessu hafa gengið mjög langt til samkomulags við þá gagnrýni og þær athugasemdir, sem fram hafa komið, bæði frá húsnæðismálastjórn og frá Landsbanka Íslands, og gengið langt til móts við meiri hl. n. í þessu máli, og þætti mér þess vegna vænt um, af því að ég sé nú, að hv. frsm. n. er ekki mættur á þessum fundi af eðlilegum ástæðum, en hafði hins vegar sett sig mjög vel inn í þetta mál og það þess vegna hlotið af hálfu n. meiri undirbúning en nú er því miður vani hér um afgreiðslu mála, og af því að ekki hefur gefizt tími til að ræða þetta mál aftur í n., eftir að þessar brtt. eru fram komnar, að forseti vildi gera svo vel að fresta nú umr. um málið, þannig að n. gæfist kostur að athuga, hvort hún gæti ef til vill fallizt á afgreiðslu þessa máls eftir þær miklu tilslakanir, sem ég hef gert við hennar gagnrýni í brtt. mínum.

Umr. frestað.

Á 86. og 88. fundi í Nd., 13. og 16. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

32. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. KGuðj).

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt [69. mál] (þmfrv., A. 76).

Á 13. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á dagskránni, og raunar það næsta á dagskránni einnig, en það er frv. til laga um breytingu á lögum um útsvör, eru þess eðlis, að þau eru í rauninni sama málið.

Þetta frumvarp, frv. til breyt. á lögum nr. 46 frá 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, er að efni til um það, að atvinnutekjur þær, sem skattþegnar hafa af eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar, skuli undanþegnar skattgreiðslum.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er augljóslega sú, að það virðist vera í hæsta máta ósanngjarnt, að þar, sem vinna er mjög mikil við framleiðslustörf og menn verða að leggja mjög hart að sér, til þess að verðmæti fari ekki forgörðum frá þjóðfélaginu, sé sú kaupgreiðsla, sem þeir fá fyrir það, skattlögð óhóflega mikið til ríkissjóðs eða til bæjar- og sveitarfélaga.

Þetta frv. var flutt hér á síðasta þingi, en fékk þá ekki neina afgreiðslu, eins og raunar mörg önnur frv. stjórnarandstöðunnar, sem hafa verið látin bíða langt fram yfir það, sem hægt er með nokkrum rökum að verja. Við stjórnarandstæðingar hér á þingi teljum okkur eiga fulla kröfu á því, að mál þau, sem við berum fram, séu tekin til afgreiðslu, en þingið skjóti sér ekki endalaust undan því að taka afstöðu til þeirra.

Þetta frv. er hér endurflutt, og eins og tekið er fram í grg. þess, er það nú sýnu brýnna en áður, þar sem greinilegt er, að í sumum verstöðvum landsins rekur að því, að a. m. k. landverkamenn munu um það er lýkur neita að vinna 16 og upp í 20 klst. á hverjum sólarhring að þessari framleiðslu, ef greiðsla sú, sem þeir fá fyrir þetta, fer að meira en hálfu til opinberra aðila og þeir halda ekki einu sinni eftir sem svarar dagvinnukaupi við sín erfiðu verk.

Það má vel vera, að hér á Alþingi og í nánasta umhverfi Alþingis sé litið svo að, að það sé ekki mikil þörf á því að vernda íslenzka þegna fyrir of mikilli vinnu, því að sannast að segja virðist þess nú ekki mikil þörf í þessari stofnun eða nánasta umhverfi hennar. En það breytir ekki því, að víða er ósleitilegar unnið en hér um þessar slóðir, og vel megum við leiða hugann að því, að þar sem menn sitja á sínum viðskiptastólum við skrifborð sín eða í öðrum forstjórasætum og taka góðar tekjur fyrir, þá hafa þeir, sem það gera, velflestir lag á því að láta a. m. k. allt það, sem mætti kalla umframvinnu, ekki koma undir skattlagningu, og er þá aðeins vægt til orða tekið. En margir slíkir munu telja sjálfsagt, að sjómennirnir á vélbátunum, sem verða að standa stundum svo að mánuðum skiptir, oft svo að vikum skiptir, við störf sín langmestan hluta sólarhringsins í sleitulitlu erfiði, eða verkafólkið, sem kemur aflanum í verðmæti í landi og stendur við það, eins og ég hef áður tekið fram, stundum 16—20 klst. á sólarhring, dögum og vikum saman, greiði fyllstu skatta. Vel megum við skilja, að það er ekki síður þörf á því, að slíkir aðilar, sem sýna þessa þjóðhollustu, hafi möguleika til þess, að sá hluti af tekjum þeirra, sem þeir fá fyrir þá vinnu, sem er fram yfir það, sem hóflegt má teljast, sé undanþeginn skatti.

Víðast í menningarþjóðfélögum nútímans tíðkast það, að löggjafinn verndar þegna sína fyrir of mikilli vinnu, bannar yfirvinnu, sums staðar að vissu hámarki, á öðrum stöðum er yfirvinna bönnuð með öllu, þannig að unninn er einungis 7—8 stunda vinnudagur, og allt, sem þar er fram yfir, er bara brot við þjóðfélagið, því að auðvitað er það svo, að öll slík vinna kemur niður á þeim einstaklingum, sem hana framkvæma, með því að þeir eldast um aldur fram eða verða mótstöðuminni fyrir sjúkdómum og hvers kyns kröm.

Auðvitað gildir það sama um okkar þjóðfélag, að æskilegast væri, að íslenzki löggjafinn gæti verndað fólk algerlega gegn óhóflegri vinnu. En ég geri ráð fyrir, að flestir muni sammála um það, að ekki hafi íslenzkt þjóðfélag efni á því um þessar mundir að takmarka vinnu við framleiðslustörfin, a. m. k. ekki við öflun fisks og fiskvinnslu, því að öll takmörkun eins og nú stendur mundi draga úr framleiðslunni, en það er fyrir þjóðfélagið sem heild ákaflega óæskilegt. Það er þess vegna það minnsta, sem þjóðfélagið ætti að sjá sóma sinn í, að láta það fólk, sem sýnir þegnskap við framleiðsluna og leggur mikið að sér, njóta þess í einhverju, og liggur þá langbeinast við, að það fái nokkur fríðindi frá ákvæðum gildandi skattalaga.

Mér er það fullkomlega ljóst, að því lagafrv., sem hér liggur fyrir og hefur inni að halda þau ákvæði, að umframvinna í þjónustu útflutningsframleiðslunnar verði undanþegin skattgreiðslum til ríkisins, kann að vera í einhverju áfátt um orðalag, og víst er um það, að til framkvæmda mundi þurfa að setja reglugerð.

Nú er að sjálfsögðu hægt að gera ráð fyrir því, að þegar slíkt ákvæði eins og þetta frv. hefur inni að halda væri komið í lög, yrði nokkur tilhneiging til þess að ganga öllu lengra í því að færa atvinnutekjur undir skattfrjálsa liðinn en hóflegt mætti telja, og yrði að sjálfsögðu að stemma stigu fyrir því með reglugerðarákvæðum.

Í frv. er talað um framleiðslustörf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar. Með því er að sjálfsögðu fyrst og fremst átt við það, að þar séu undanþegin skatti hin óhjákvæmilegustu framleiðslustörf. Það gæti auðvitað hugsazt, að einhver frystihúsaeigandi, svo að við tökum dæmi, trassaði að láta gera sér umbúðir utan um sinn fisk, þangað til í óefni væri komið, og þyrfti svo að láta vinna í einhverri prentsmiðju yfirvinnu við að prenta merkingar á sínar umbúðir eða eitthvað þess háttar. Það er ekki til þess ætlazt í þessu frv., að slík yfirvinna, sem kynni

að koma fram einhvers staðar allt annars staðar en við framleiðsluvörurnar sjálfar, yrði undanþegin skatti, enda er það vinna, sem allir sjá að hægt væri að framkvæma án þess, að til yfirvinnu kæmi. Með ákvæðum frv. er átt við það, að sú vinna, sem óhjákvæmilegt er að vinna við sjálfa framleiðsluvöruna, verði undanþegin skatti, vegna þess að þjóðfélaginu er alveg brýn nauðsyn, að hún sé unnin þegar aflinn er fáanlegur og þegar fyrir liggur að vinna hann í mikil verðmæti.

Ég vænti þess svo, að þetta frv. fái afgreiðslu á þessu þingi, og ég vil enn fremur undirstrika þau varnaðarorð, sem ég hef áður viðhaft hér, að verði ekki stigið neitt skref í þessa átt, má búast við því, áður en langur tími líður, að til framleiðslutruflana komi, vegna þess að verkalýðssamtökin munu ekki leyfa yfirvinnu, næturvinnu, helgidagavinnu ótakmarkað um langa framtíð, án þess að tryggt verði, að launþegarnir sjálfir hafi verulegan fjárhagsávinning af því að framkvæma hana.

Ég vil leggja til, að þessu frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. fjhn. og til 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Nd., 1. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

33. Útsvör.

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1945, um útsvör [70. mál] (þmfrv., A. 77).

Á 13. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Eins og ég tók fram í framsöguræðu minni fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, er það frv., sem hér liggur fyrir, í rauninni sama málið, aðeins svolítið önnur hlið á því, og mun ég þess vegna ekki flytja neina sérstaka framsöguræðu fyrir því.

Þetta frv., sem er um breyt. á lögum nr. 66 frá 1945, um útsvör, er efnislega á þá leið, að atvinnutekjur, sem útsvarsþegn aflar sér með eftir-, nætur- eða helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar, skuli undanþegin útsvarsálagningu. Vitna ég um rök málsins til framsögu minnar fyrir málinu, sem var hér á dagskrá næst á undan.

Ég legg til, að þessu máli verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Nd., 1. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

34. Verkalýðsskóli.

Á 13. fundi í Nd., 31. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um verkalýðsskóla [74. mál] (þmfrv., A. 81).

Á 14. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., var lagt fram á seinasta þingi að efni til nálega samhljóða þessu, en að formi til nokkuð á annan veg. Þá var gert ráð fyrir því, að stofnaður yrði skóli verkalýðssamtakanna og yrði hann einn af skólum gagnfræðastigsins. Nú er í þessu frv. gert ráð fyrir því, að skólinn falli ekki inn í hið íslenzka skólakerfi, enda ekki hugsaður sem prófskóli, og væri þá staða hans meðal íslenzkra skóla áþekkust því, sem er um bændaskólana, sjómannaskólann og aðra skóla, sem honum eru að eðli og hlutverki skyldastir, þ. e. skóla hinna ýmsu atvinnustétta.

Þeir skólar í nágrannalöndum okkar, sem gegna því hlutverki, sem skóla hinna íslenzku verkalýðssamtaka er ætlað að rækja samkv. þessu frv., eru flestir eða allir að mestu leyti starfræktir á líkum grundvelli og lýðháskólarnir á Norðurlöndum, að öðru leyti en því, að þeirra hlutverk er þó fyrst og fremst að sérmennta trúnaðarmenn verkalýðshreyfingarinnar í þeim ábyrgðarmiklu störfum, sem þeim er ætlað að rækja.

Norðurlandaþjóðirnar eru einna lengst komnar allra menningarþjóða í því að sérmennta trúnaðarmenn verkalýðshreyfingarinnar í hennar eigin skólum. Danir hafa um langa hríð átt tvo skóla til að gegna þessu hlutverki, í Hróarskeldu og í Esbjerg. Esbjergskólinn lagðist að vísu niður um nokkur ár eftir stríðið, vegna þess að Þjóðverjar höfðu hernumið hann og eyðilagt nálega byggingar hans og kennsluaðstöðu, svo að ekki var hafizt handa um starfrækslu hans, fyrr en reistur hafði verið frá grunni myndarlegur heimavistarskóli, sem tók til starfa á þessu ári, s. l. vor. Það er skóli, sem tekur 120 nemendur í heimavist og er að öllu leyti búinn út á nýtízku hátt, þannig að hann getur innt af hendi bóklega og verklega kennslu í öllum þeim fræðum, sem verkalýðshreyfingin vill leggja höfuðáherzlu á, og þykir

vera hin glæsilegasta menningar- og menntastofnun verkalýðsins. Á sama hátt er í ráði hjá Dönum að endurbyggja hinn myndarlega skóla sinn í Hróarskeldu alveg á næstu árum, og það verður þeirra næsta verkefni, en fullráðið er, að þriðji verkalýðsskólinn verði reistur í Danmörku innan fárra ára, að meginstofni til kostaður af danska ríkinu eins og aðrir skólar, en gert einnig ráð fyrir miklum fjárframlögum af hendi verkalýðshreyfingarinnar bæði til stofnkostnaðar og til rekstrarins, til þess að þarna sé aðeins reiknað með sams konar kostnaðarhlutföllum af hendi ríkisins og til annarra skóla.

Í þessu frv. er alveg á sama hátt gert ráð fyrir því, að íslenzka ríkið kosti skólann ekki að öllu leyti, eins og það þó gerir bæði um sjómannaskóla og iðnskóla og bændaskólana báða, heldur sé ríkisins hlutur að kostnaði til, bæði um stofnkostnað og rekstrarkostnað, áþekkastur framlögum ríkisins til skóla gagnfræðastigsins. Þar er sveitarfélögunum ætlað að bera verulegan hluta af kostnaðinum, en í þessu frv. er ætlunin, að verkalýðshreyfingin leggi fram svipað fjármagn og sveitarfélögin leggja fram til skóla gagnfræðastigsins. Þessi skólastofnun er því ekki hugsuð sem nein steikt gæs, sem fljúgi í munn verkalýðssamtakanna, heldur er þeim ætlað að taka á sig allverulegar byrðar og enda ráða að mestu leyti starfrækslu stofnunarinnar.

Sama er að segja um Norðmenn. Þeir hafa sinn verkalýðsskóla, Svíar eiga tvo og Finnar eiga einnig sinn verkalýðsskóla og eru nú í óða önn að ganga frá byggingu annars skóla. Þetta eru allt saman skólastofnanir, sem kosta milljónir króna hjá þessum þjóðum, og er hvorki til sparað af ríki né verkalýðssamtökum að búa þá sem bezt úr garði.

Ég sé, að nokkrir þingmenn Framsfl. hafa nú á þessu þingi flutt till. um, að skipuð verði nefnd til þess að rannsaka, með hvaða hætti verði bezt fyrir komið nauðsynlegri fræðslu í fræðum verkalýðssamtakanna, þannig að sú fræðsla verði óhlutdræg, eins og að orði er komizt. Og sérstaklega er vikið að því, hvort ekki mundi tiltækilegt, að Háskóli Íslands tæki að sér slíka fræðslu. Í grg. þessa frv. er að því vikið, að þess séu dæmi í þjóðfélögum, sem sízt eru kennd við sósíalisma, að jafnvel háskólar þeirra landa og ríkja kosti skóla í sambandi við háskólana, þar sem verkalýðsfræði séu kennd og rædd. Þannig er það t. d. í Ameríku. Má vera, að fyrir þingmönnum Framsfl. vaki að fara heldur hina amerísku leið í þessu efni sem ýmsum öðrum, og gæti það út af fyrir sig verið ágætt, að Háskóla Íslands væri gert að skyldu og honum gert mögulegt að hafa námskeið fyrir trúnaðarmenn verkalýðshreyfingarinnar í verkalýðsfræðum. Þó hygg ég, að það gæti ekki verið einhlítt. Ég held, að það verði á allan hátt að teljast eðlilegt, að verkalýðssamtökin íslenzku hafi eigin fræðslu- og menntastofnanir, eins og þau hafa í okkar nágrannalöndum, og það verði að álítast, að það sé þjóðhagsleg nauðsyn, að þau hafi slíkar menntastofnanir, til þess að hver sá maður, sem vandasömum störfum gegnir fyrir þjóðfélagið í verkalýðssamtökunum, sé undir það búinn og til þess fær að gera það af fullri þekkingu.

Ég hygg, að framsóknarmenn mundu setja upp undrunarsvip, ef það væri talið óeðlilegt, að samvinnuhreyfingin hefði eigin skóla, og ef það væri orðfært, að þeirra fræðsla gegnum slíkan skóla, sem samvinnuhreyfingin réði yfir, væri ekki örugglega óhlutdræg og þess vegna væri betra að hafa þetta í höndum einhverrar annarrar stofnunar, utan og ofan við samvinnuhreyfinguna sjálfa, eins og t. d. háskólann.

Alveg á sama hátt er þetta með verkalýðshreyfinguna. Ég held, að það sé óumdeilanlegt, að sú fræðsla, sem veitt er í verkalýðsfræðum, eigi að vera veitt í menntastofnunum, sem verkalýðshreyfingin hafi sjálf veg og vanda af og beri ábyrgð á. Hvað svo sem þjóðfélagið vill gera að öðru leyti til þess að tryggja góða og örugga fræðslu í þessum málum, eins og í gegnum háskólann, þá hef ég, eins og ég áðan sagði, ekkert á móti því og hygg ekki, að samvinnumenn í landinu hefðu neitt á móti því, þótt samvinnufræðum væri einnig ætlað nokkurt rúm í Háskóla Íslands eða í tengslum við hann.

Ég tel á sama hátt og það er eðlilegt og nauðsynlegt, að landbúnaðurinn eigi sína skóla, að samvinnumenn eigi sinn skóla, að verzlunarstéttin eigi sinn skóla, að iðnaðarstéttin eigi sína skóla, eins sé höfuðnauðsyn, að fjölmennasta stétt þjóðfélagsins, verkalýðsstéttin, eigi sinn skóla, og ég sé ekki nokkra minnstu ástæðu til þess, að þjóðfélagið eigi ekki á sama hátt að kosta þá stofnun verkalýðsstéttarinnar eins og menntastofnanir hinna annarra vinnustétta í landinu.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Það er sannað mál, að verkalýðsfræðsla í skólaformi er talin höfuðnauðsyn, hvort sem við lítum til Ameríku eða til nágrannalanda okkar, og þessari fræðslu er fundið form í skólastofnunum, ýmist sem verkalýðshreyfingin sjálf ræður yfir eða með því að tengja þessa fræðslu háskólastarfinu. Við hvorugt eigum við að búa á Íslandi, og verður að bæta úr þessu, fyrst og fremst með því að koma upp skóla, sem verkalýðshreyfingin sjálf tæki þátt í að móta og koma á fót, og í annan stað þá einnig, að Háskóli Íslands veitti þar framhaldsfræðslu, því að það er vissulega nauðsynlegt, að verkalýðsstéttin eigi vel menntuðu fólki á að skipa til þess að standa fyrir sínum víðtæku hagsmuna- og menningarmálum.

Ég vil vænta þess, að þessu frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14:6 atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. og meiri hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 587 og 593, var útbýtt 27. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

35. Félagsheimili.

Á 15. fundi í Nd., 7. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili [83. mál] (þmfrv., A. 90).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Flm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umræðu á þskj. 90, er nú flutt í þriðja sinn, og er efni þess hv. alþm. þess vegna kunnugt, enda er hér ekki um stórfellda breytingu frá gildandi lögum að ræða.

Í fáum orðum sagt felur frv. þetta einungis í sér þau nýmæli, að verkalýðsfélögum verði bætt inn í upptalningu þeirra ágætu félaga, er nú njóta opinberrar aðstoðar til þess að koma sér upp félagsheimili.

Það ber alloft á því í ræðum og riti margra ábyrgðarmestu manna þjóðfélagsins, að barátta verkalýðshreyfingarinnar sé um of einhæf og markist of mikið af kaupgjaldsbaráttunni einni saman. Aðstöðu minnar vegna sem meðlimur þessara samtaka er ég ef til vill ekki dómbær um þá hluti, en reynslu þykist ég hafa af því, að einmitt hin önnur baráttumál verkalýðsins, eins og hvers konar félagslegar umbætur, séu þau atriði, er almennastur áhugi fylgir. Fjárhagsleg afkoma launafólks er að sjálfsögðu viðkvæmt mál í þess hópi eins og annarra stétta þjóðfélagsins, en samt sem áður er venjulega litið á baráttuna fyrir bættri fjárhagslegri afkomu sem dægurmálabaráttu sem einn lið í framþróunarbraut fólksins sjálfs. Það vekur því innilegri ánægju í röðum þessara merku samtaka, hvort mögulegt reynist að tryggja aðrar ytri aðstæður með lagasetningu á löggjafarsamkomu þjóðarinnar, heldur en bein kaupgjaldshækkun, sem vitað er og bezt er að vera hreinskilinn um, að náð er aftur af ríkisvaldinu eftir ýmsum a. m. k. vafasömum leiðum. Þessi kaupgjaldsbarátta launþeganna fyrir hærri launum og hins vegar barátta fyrir viðhaldi fenginna launa eða kaupmætti þeirra s. l. fimm til sex ár hefur markazt um of af því að halda fengnum réttindum, halda þeim launum, sem fengin voru í kjaramálunum.

En þetta er sú hlið málanna, sem ekki er vettvangur til að ræða nú, en sýnir á ljósan hátt, að öflug meinsemd grípur um sig í þjóðfélagslíkamanum. Fyrir þetta varnarstríð sitt hafa verkalýðssamtökin fengið héðan frá Alþingi og í málgögnum hv. stjórnarflokka margar óþvegnar ásakanir, allt að því um tilræði við efnahagslega afkomu þjóðarinnar. Þessum ásökunum hafa svo stundum fylgt ákveðnar ábendingar um, að verkalýðssamtökin eigi að snúa sér að öðrum og mikilvægari verkefnum.

Við minnumst þess einnig, að stærsti stjórnmálaflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, hefur haldið því mjög á lofti, að hann væri flokkur allra stétta, og efast ég ekki um, að eitthvað af hans atkvæðamagni kunni einmitt að vera til komið á þeim forsendum.

Með hliðsjón af þessum tveim atriðum mætti því ætla, að sú örlitla lagabreyting, sem í þessu frv. er farið fram á, næði fram að ganga. Hér er ekki verið að auka útgjöld ríkisins með því að gera okkur síður samkeppnisfæra um afurðasölu t. d., eins og stundum heyrist, aðeins örlítil viðurkenning á rétti verkalýðsfélaga til jafns við önnur þau virðingarverðu félög, sem þegar eru í núgildandi lögum um félagsheimili frá 5. júní 1947.

Það er hægt að færa fram skriflegar sannanir fyrir því, að fátæk verkalýðsfélög í hinum strjálbýlli stöðum landsins geta ekki haldið uppi eðlilegri starfsemi sinni sökum húsnæðisskorts, og það er einmitt til þessara verkalýðsfélaga, sem frv. mínu er ætlað að ná. Hin fjárhagslega sterkari félög meðal íslenzkrar alþýðu munu nú þegar flest hafa tryggt sér húsnæði.

Frv. þessu var á þinginu 1953 vísað frá með rökstuddri dagskrá, eftir að hv. heilbr.- og félmn. hafði klofnað um málið. Meiri hl. studdi hina rökstuddu dagskrá, lét m. a. að því liggja, að erfitt yrði að synja m. a. stéttarfélögum iðnaðarmanna og verzlunarmanna um sömu réttindi. Ég vil endurtaka nú fyrri röksemdir mínar um, að á milli 80 og 90% iðnaðarmanna eru þegar innan alþýðusamtakanna, Alþýðusambands Íslands, og verzlunarmenn munu nú þegar vera farnir að undirbúa inngöngu sína í þessi samtök.

Varðandi hið menningarlega gildi um störf verkalýðsfélaganna vil ég aðeins skírskota til hv. alþm. þar um og hef þá í huga aðstæðurnar á fyrsta tug þessarar aldar og svo það, sem nú blasir við í aðbúð og kjörum vinnandi fólks í landinu.

Ég læt þetta nægja sem framsögu fyrir þessu máli mínu nú og vonast jafnframt til þess, að frv. megi nú ná fram að ganga.

Ég vildi svo óska þess að lokum, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 90, n. 592).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. um félagsheimili hefur legið fyrir tveim síðustu þingum og ekki fengið afgreiðslu, en í því er aðeins sú breyting frá gildandi lögum, að inn í upptalningu í 1. gr. hefur verið tekið orðið „verkalýðsfélög". Frv. hefur legið hjá heilbr.- og félmn. síðan í þingbyrjun nálega, en nú fyrir nokkrum dögum fékkst samkomulag um afgreiðslu málsins með þeirri breytingu einni, að inn í upptalningu 1. gr. bættist orðið „búnaðarfélög", og mætti þá vænta þess, að málið færi hraðbyri í gegnum þingið og fengi

sína afgreiðslu. Málið er smávægilegt, en það væri nokkur ánægja fyrir verkalýðsfélögin að vera metin þess að mega þó nefnast með öðrum menningarfélögum.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir afgreiðslu þessa máls, þó að nokkuð seint sé, og eins og hv. frsm. hefur þegar getið um, er hér um smávægilega breytingu að ræða, en gæti orðið nokkur vísir að því, að verkalýðsfélögin yrðu viðurkennd í þessum byggingarmálum eins og önnur menningarfélög. Og þó að áliðið sé nú þessa þings og við því búizt, að innan skamms muni því slitið, þá vænti ég þess, að þar sem n. mælir nú með frv. einróma eftir tveggja þinga umr. áður, megi málið nú sigla hraðbyri í gegnum þingið, eins og hv. frsm. gat um.

ATKVGR.
Brtt. 592 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 611).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 101. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3 umr. þar.
Á 104. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (GíslJ): Ég vil í sambandi við þetta mál leyfa mér að benda hv. d. á, að á þskj. 389 er samþ. í þessari hv. d. ágreiningslaust rökstudd dagskrá frá hv. fjhn. um, að lögin, sem hér eru til umr. nú, nr. 77 5. júní 1947, verði endurskoðuð á næsta ári, og í trausti þess var því máli, sem þá var til umr., sem var 45. mál þingsins, vísað frá ágreiningslaust í þessari deild. — Þetta þykir mér rétt að láta koma fram, áður en málið er til 1. umr. hér.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki ræða efni málsins. Það er hv. dm. öllum kunnugt. Þetta mál var afgr. með fullu samkomulagi í hv. Nd. og er eitt af þeim málum, sem gert var ráð fyrir að mætti ljúka hér á þessu þingi. Ég vil því, um leið og ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr., leyfa mér að bera undir hæstv. forseta, hvort hann vill ekki fyrir sitt leyti fallast á, að það gangi nefndarlaust í gegnum deildina, ef menn greiða atkv. gegn því, ef upp verður borið, að málinu verði vísað til nefndar. Það var um málið fullkomið samkomulag í hv. Nd., og er það eitt af þeim málum, sem gert var ráð fyrir að ljúka mætti á þinginu.
Viðvíkjandi endurskoðun á lögunum vil ég segja það, að það er einmitt ágætt, áður en sú endurskoðun fer fram, að fyrir liggi þingvilji um, hvort þessu atriði skuli bætt inn í lögin, sem hér er um að ræða.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv.

Forseti (GíslJ): Það hefur komið fram ósk um að láta málið ekki ganga til nefndar. Ég get að sjálfsögðu ekki fallizt á það, með tilvísun til þeirrar rökstuddu dagskrár, sem ég las hér upp áðan, og m. a. í þeim gögnum kemur greinilega fram, hversu félagsheimilasjóðurinn skuldar mikið fé. Þess vegna vildi ég leggja til, að málið yrði sent til hv. fjhn., sem hefur öll þessi gögn í höndunum og þekkir þetta mál bezt, bæði af fundarhöldum og einnig af samræðum við þjóðleikhússtjóra, íþróttafulltrúa og aðra aðila. Hins vegar gerir hv. d. út um það, hvort hún sendir málið til nefndar eða til hvaða n. það verður sent.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég get alls ekki fallizt á þá uppástungu hæstv. forseta, að þessu máli verði vísað til fjhn. Málið var alls ekki í fjhn. í hv. Nd., og það er venja, að mál séu í sömu nefndum í báðum deildum. En ef á að fara að vísa málinu til fjhn., vildi ég spyrjast fyrir, bæði hjá hv. d. og hæstv. forseta, hvaða tíma fjhn. á að hafa til þess að athuga þetta mál.

Forseti (GíslJ): Út af ummælum hv. 1. þm. Eyf. (BSt) vil ég benda á, að það er ekkert nýtt atriði, að mál fái athugun í annarri nefnd í Ed. en í Nd. Vil ég m. a. benda á, að hér var afgreitt mál í sambandi við raforkuframkvæmdir, sem var í fjhn. Nd., en hér í iðnn. þessarar hv. d. Það er út af fyrir sig ekki neitt nýtt atriði.
Ég hef einnig skýrt frá því, hvers vegna ég tel rétt, að málið fari til fjhn., og ef ekki koma aðrar till. upp um það, þá ber ég það upp.

Frv. vísað til heilbr.- og félmn. með 9:3 atkv.

Á 107. fundi Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 611, n. 660 og 665).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

36. Orlof.

Á 15. fundi í Nd., 7. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 26. febr. 1943, um orlof [84. mál] (þmfrv., A. 91).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Með lögunum um orlof, sem samþ. voru á Alþ.

1943, var náð merkum áfanga í réttindabaráttu íslenzkrar alþýðu. Lögin voru þá nýmæli og í fyrsta sinn ákveðið með lögum, að verkafólk skyldi fá rétt til sumarleyfis líkt og aðrar stéttir þjóðfélagsins. En þó að lögin væru óneitanlega mikils virði á sínum tíma, eru þau engan veginn fullnægjandi lengur, og hafa þingmenn Alþfl. og Sósfl. hvorir í sínu lagi flutt frumvörp um endurbætur á orlofslöggjöfinni þing eftir þing, án þess að Alþ. hafi viljað fallast á þær endurbætur með því að staðfesta þessi frumvörp sem lög.

Nú hefur orðið samkomulag um það, að frv. verði flutt af þingmönnum Sósfl. og Alþfl. sameiginlega, og þykja það bæði skynsamlegri og eðlilegri vinnubrögð, einkum með tilliti til þess, að þær umbætur, sem hafa fengizt á orlofi verkafólks á undanförnum árum, hafa verið unnar í sameiginlegri baráttu í verkalýðshreyfingunni.

Í verkfallinu haustið 1952 náðist sú breyting fram um aukinn orlofsrétt, að orlofsfé skyldi hækka úr 4%, sem það er ákveðið í lögunum, í 5%, eða úr 12 virkum dögum í 15 virka daga. Og á s. l. vetri var orlofsféð hækkað með samningum milli atvinnurekenda og stéttarfélaga úr 5% í 6% og er nú þannig samkvæmt samningum atvinnurekenda og stéttarfélaganna 6% af launum eða 18 virkir dagar. En lögin sjálf um orlof standa óbreytt, og þar er orlofið miðað við 4% af launum, eða 12 virkir dagar, og er þannig gildandi lagaákvæði orðið algerlega í ósamræmi við þann orlofsrétt, sem félagsbundið verkafólk á Íslandi nýtur. Hins vegar hefur við þetta skapazt ósamræmi, þannig að ófélagsbundið verkafólk nýtur ekki annars orlofsréttar en þess, sem í lögunum er ákveðinn, og fær þannig aðeins 4% af launum sínum í orlof, þegar félagsbundinn maður, sem ef til vill vinnur sama starf, fær 2% meira eða þriðjungi hærra orlof.

Ég hygg líka, að þegar Ísland gefur skýrslu á alþjóðavettvangi um félagsleg réttindi, sem hér séu veitt að lögum, hljóti að vera tilgreint aðeins, að hér sé greitt 4% í orlof af launum verkafólks, en rangt er það þó engu að síður, þó að svo yrði að orða það í skýrslum út á við. Hróður landsins er þó meiri. Atvinnurekendur og verkamenn hafa sem sé komið þessum réttindum upp í 6%, sem nálgast mjög það, sem nágrannaþjóðir okkar hafa ákveðið með lögum hjá sér, og er Ísland, stéttarsamtökunum fyrir að þakka og atvinnurekendum, þannig ekki eins langt aftur úr og íslenzk löggjöf bendir til.

Ég skal nú aðeins drepa á þær fjórar breytingar, sem í þessu lagafrumvarpi felast frá gildandi lögum um orlof.

Fyrsta breytingin er sú, að lágmarkstími orlofs lengist úr 12 virkum dögum í 18 virka daga, eða sem svari 6% af kaupi í staðinn fyrir 4%. Þetta er mjög svo eðlilegt, þó að við miðum ekki við aðrar þjóðir, heldur tökum einungis tillit til þess, sem um er að ræða hjá okkur sjálfum. Aðrar stéttir þjóðfélagsins njóta mjög margar 18 daga orlofs og sumar lengra orlofs, en sjálfsagt er auðvitað, að verkalýðsstéttin fylgi með öðrum stéttum um þessi þjóðfélagsréttindi. Áður hef ég vikið að því, að orlofsréttur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er heldur fyllri en hér er farið fram á í frv. og þegar hefur verið staðfest af atvinnurekendum.

Önnur breyting er sú, að orlofsrétturinn nái einnig óskertur til hlutarsjómanna, þ. e. a. s., að þeir fái undir öllum kringumstæðum 6% orlof eins og annað verkafólk. Orlofslögin, eins og þau eru nú, eru fremur óljós um orlofsrétt sjómanna, og hafa sumir litið þannig á, að hlutarsjómenn njóti ekki samkv. ákvæðum þeirra nema hálfs orlofsréttar, eigi ekki að fá nema 2% orlof, ef þeir séu hluttakendur í útgerðinni að einhverju leyti, þ. e. a. s. sem hlutarsjómenn. Flutningsmenn þessa frv. telja sjómenn rangindum beitta með þessari túlkun á gildandi orlofslögum og vilja hefja það yfir öll tvímæli, að þeir eigi að njóta sama orlofsréttar og annað verkafólk, þ. e. a. s. 6% af hlutartekjum þeirra eins og öðru kaupi.

Þriðja breytingin, sem frv. gerir ráð fyrir, er sú, að orlof er nú ekki greitt af eftirvinnu og nætur- og helgidagavinnu, nema af þeirri upphæð, sem nú kæmi af þess konar vinnu miðað við dagvinnukaup. Við teljum, að það sé réttlátt, að það sé borgað 6% orlofsfé af öllum vinnulaunum, hvort sem það er vegna dagvinnu, eftirvinnu eða næturvinnu, og skírskotum til þeirra raka, að því meir sem menn leggi á sig, því sjálfsagðara sé, að því fylgi aukinn orlofsréttur. Og skiljanlegt er, að óhæfilega langur vinnudagur þreytir fólk vitanlega meira, og þá er auðvitað eðlilegt, að umbun sé veitt fyrir slíka óvenjulega áreynslu við störf fyrir þjóðina, því sé umbunað með auknum orlofsrétti, því að slík vinna er þó ekki unnin nema því aðeins, að atvinnurekendur telji sér mikla þörf á.

Fjórða meginbreytingin í frv. frá gildandi lögum er um fyrningu á orlofsrétti. Nú er þannig ákveðið í orlofslögunum, að kröfur á hendur vinnuveitendum falli úr gildi vegna fyrningar, ef þær eru ekki viðurkenndar eða lögsókn hafin út af þeim fyrir lok næsta orlofsárs, eftir að kröfurnar stofnuðust. Vegna þessa ákvæðis hefur margur verkamaðurinn misst niður sinn orlofsrétt. Það má segja að vísu, að það sé fyrir sinnuleysi og að verkamaðurinn hafi ekki gert sér nógu ljóst, hversu fljótt þessi réttur hans fyrntist. En við teljum eðlilegt, að orlofsrétturinn fyrnist ekki á skemmri tíma en vinnulaun fyrnast, en vinnulaun fyrnast á fjórum árum, og teljum við það fráleitt, að orlofsrétturinn fyrnist og verði ókræfur á skemmri tíma. Það er því lagt til í frv., að orlofsrétturinn fyrnist á fjórum árum.

Eins og ég hef vikið að, hafa breytingarnar á orlofslögunum á undanförnum árum verið þáttur í átökum milli atvinnurekenda og verkalýðssamtaka, og er ekki að efa, að það hefði ef til vill verið auðveldara að leysa þær deilur á skemmri tíma en þær hafa staðið, ef þessi mál hefðu ekki þurft að blandast inn í deilurnar, og þau hefðu ekki þurft að blandast inn í þessar deilur, ef hv. Alþ. hefði viljað á hverjum tíma staðfesta með lögum það, sem atvinnurekendur og verkalýðssamtök hafa komið sér

saman um að því er þennan rétt snertir, og einkanlega ef Alþ. hefði viljað fylgjast með því, sem gerðist í nágrannalöndum okkar um aukinn orlofsrétt verkafólki til handa. Þá hefði verið hægt að leysa þessi mál friðsamlega og átakalaust. Og nú teljum við eins hóflega í sakir farið og unnt sé, þegar í frv. er einungis farið fram á, að Alþ. staðfesti með lögum það, sem atvinnurekendur og verkamenn hafa komið sér saman um. Það kostar engan aðila þjóðfélagsins nokkur útgjöld og er hins vegar að okkar áliti ósæmilegt af Alþingi að vera með lög, sem eru í ósamræmi við það, sem samizt hefur um á milli aðila. Hins vegar er að því aukin trygging fyrir hið vinnandi fólk, að þessi réttur fólksins sem annar sé bundinn í lögum.

Við flm. álítum, að það sé sjálfsagt, að þessu máli verði að umr. lokinni vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 589, var útbýtt 27. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Sömu laun kvenna og karla.

Á 16. fundi í Nd., 8. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um sömu laun kvenna og karla [93. mál] (þmfrv., A. 104).

Á 17., 18. og 19. fundi í Nd., 11., 14. og 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Í þessu frv., sem áður hefur verið flutt á Alþingi, en er nú flutt af hv. 7. landsk. og mér, segir svo í 1. gr., að svo hjá bæjar- og sveitarfélögum sem hjá íslenzka ríkinu skuli konum greidd sömu laun og körlum við öll störf, embætti og sýslanir, sem þær gegna hjá hinu opinbera.

Í 2. gr. frv. eru sett skýr ákvæði um það, að sömu reglur skuli gilda fyrir konur sem karla, þegar starfsfólk er fært milli launaflokka í þjónustu hins opinbera.

Í 3. gr. frumvarpsins segir, að við skrifstofustörf og afgreiðslustörf, þ. e. a. s. í þjónustu viðskiptalífsins, skuli konum greitt sama kaup og körlum.

Og í 4. gr., sem tekur til hins mikla fjölda á hinum almenna vinnumarkaði, segir, að fyrir öll störf í hraðfrystihúsum og við hvers konar iðju og iðnað skuli greitt sama kaup, hvort sem vinnan sé unnin af karli eða konu. Er ætlunin, að við gildistöku þessara laga skuli þessi lagaákvæði framkvæmast þannig, að sérákvæði í samningum milli stéttarfélaga og atvinnurekenda um lægri kaupgjaldsákvæði til handa konum skuli þá falla úr gildi.

Þegar ég var enn ungur, las ég fyrirlestur eftir einn af merkustu klerkum landsins, séra Ólaf Ólafsson. Í þessum fyrirlestri, sem mun hafa verið haldinn hér í Reykjavík nokkru fyrir seinustu aldamót, ræddi hann um réttindamismun konunnar og karlmannsins í íslenzku þjóðfélagi. Hann lét þar meðal annars ræðast við gáfaða stúlku og móður hennar, og stúlkan spurði um það, hvernig á því stæði, að þegar væri skammtað, fengi hún hálfa köku, þegar bróðir hennar fengi heila köku. Góður matur fyrir börn, nýbakaðar kökur. En það var þá algengt, að telpukrakkarnir fengju hálfan skammt á móts við piltana og kvenfólkið hálfan skammt á móti karlmönnunum, vinnumönnunum. Þá var það líka í lögum, að dæturnar skyldu fá hálfan arf eftir foreldra sína móti fullum arfi bræðranna. Þá var það líka svo, að stúlkur, hversu gáfaðar sem þær voru, áttu ekki aðgang að íslenzkum skólum, sem íslenzka ríkið kostaði, höfðu þar ekki námsrétt. Svo nokkrum áratugum síðar, þegar það hafði verið lögfest, að stúlkur mættu ganga í íslenzka skóla, sem kostaðir voru af ríkisfé, var það lengi svo, að þær máttu ekki ganga undir próf í þeim sama skóla sem þær höfðu lokið námi við. Auðvitað höfðu konur á þessum tíma ekki kosningarrétt og því síður kjörgengi, hvorki til sveitarstjórnar né til Alþingis, og allt þetta þótti góð latína í hinu íslenzka þjóðfélagi. Þetta fannst öllum eiga að vera svona, af því að það hafði alltaf verið svona. Og hvert var nú svarið hjá móðurinni, þegar dóttirin spurði hana um þetta, hvernig á því stæði, að hún fengi ekki nema hálfa köku, þegar bróðir hennar fengi heila? „Það er af því, elskan mín," sagði móðirin, „að þú ert stulka, en hann er piltur." Og það var skýringin á öllu málinu.

Nú segið þið, hv. alþingismenn: Það er nú ekki til neins að vitna í þetta, því að þetta er úr liðinni tíð og svona gengur það nú ekki til lengur. Konur hafa fengið rétt til að ganga í íslenzka skóla og mega nú ganga undir próf eins og piltar, sanna þekkingu sína. Þær hafa líka fengið kosningarrétt og kjörgengi, og þeim er ekki lengur skammtað hálft kaup á við karlmenn, svo slæmt er það ekki. — Og þetta er allt saman rétt. En samt sem áður er það svo, að við fjöldamörg störf, hvort sem þau eru unnin hjá ríkinu eða bæjar- og sveitarfélögum, hjá opinberum atvinnurekanda, eða hjá einstökum atvinnurekanda, er verulegur kaupmismunur, sem ekki verður skýrður með neinu öðru en því, að það sé og skuli greitt lægra kaup konu en karli án tillits til þess, hvort hún skilar sama vinnuverðmæti og karlmaðurinn, enda er það svo, að það virðist vera nokkuð algild regla, að kvenmannskaupið sé frá 25 og upp í 40% lægra en kaup karla.

Við þurfum ekki að fara út fyrir veggi Alþingis til þess að verða þessa mismunar varir. Það er víst fjarri því, að konurnar, sem vinna hér niðri í fatageymslunni, vinni þar fyrir sama

kaupi og fúslega mundi verða greitt fyrir sama starf, ef það væri karlmaður, sem rétti okkur frakka og yfirhöfn yfir borð. Og alveg eins er það auðvitað utan við veggi alþingishússins, því að Alþingi fer eftir hefðbundnum venjum og siðum, og það, sem tíðkast utan veggja alþingishússins, þykir vera í sínum fulla rétti hér innan veggja líka. Dálítill ruglingur hefur þó komizt á þessa gömlu venju við það, að endrum og eins hefur það komið fyrir, að kona hefur setið á þingbekk, og þá hefur ekki þótt hæfa annað en að borga henni sama kaup og þingfréttaritara og alþingismönnum.

Þannig er það líka í einstökum tilfellum hjá ríkinu, að þess eru dæmi, að í vel launuðum embættum, t. d. læknisembættum, hefur komið fyrir, að kona hefur tekið embættispróf og farið í slík embætti, og þá hefur íslenzka ríkið látið sér sæma að greiða kvenlækni sama kaup og karlmanni, sem gegndi læknisembættinu á undan henni, og er það auðvitað ríkinu til sóma, en ekki til vansa. En þetta eru hinar hreinu undantekningar, sem þó eru í algeru ósamræmi við hina algildu reglu.

Eins og okkur er augljóst mál, að þeir menn, sem beittu sér á móti því, að konur fengju rétt til náms í skólum og að þær fengju kjörgengi og kosningarrétt, hefðu helzt viljað, að um það sæist enginn stafur í Alþingistíðindum, og hefðu helzt viljað, að þeir hefðu aldrei beitt sér á móti þessum mannréttindum, sem nú þykja sjálfsögð, eins er ég sannfærður um, að sú tíð kemur, að þeir menn á Alþingi nú, sem annaðhvort láta sig hafa það að mæla gegn þessum mannréttindum, sem hér er farið fram á, algerum launajöfnuði kvenna og karla, annaðhvort með því að mæla gegn því eða með því að rétta upp putana á móti því eða með því að reyna að taka þátt í því að þegja það í hel, munu síðar helzt óska þess, að þeir hefðu ekki valið sér þetta hlutskiptið, heldur stutt að því, að þessar leifar gamals ranglætis yrðu afnumdar.

Ég skal draga hér fram nokkur skýr dæmi þess, hvað enn vantar á, að menn séu búnir að vaxa sig frá hinum gamla vana og hinum gömlu fordómum á þessu sviði, með því að rifja upp, að hjá opinberum aðilum, ríkisstofnunum og bæjar- og sveitarfélögum, er konum yfirleitt haldið frá hinum betur launuðu stöðum og störfum og þær eru alls ekki fluttar milli launaflokka eftir sömu reglum og karlmenn. Þannig er það í nálega hvaða ríkisstofnun sem við komum, að þar eru konur, sem jafnvel eru búnar að vera í þjónustu þessarar stofnunar í 20—30 ár, þær eru enn í þeim launaflokkum, þar sem lægst launuðu karlmennirnir eru. Þurfum við ekki að fara nema hringinn hérna í kringum Austurvöll, í þær stofnanir, sem þar eru, til þess að geta sannfært okkur sjálfir um það á þeirri göngu.

Þegar við lítum á, hvernig þessu er háttað í iðnaðinum og við alls konar iðjustarfsemi, sem er þess eðlis, að kvenmaðurinn innir af hendi sízt minna verk eða verk, sem minna er um vert en þó að karlmenn stæðu í þeirra sporum, þá er það niðurstaðan, að þar er kvenfólkið yfirleitt með um 30% lægra kaup en karlmenn. Og á hinum almenna vinnumarkaði, þar sem ófaglærðar verkakonur og ófaglærðir verkamenn ganga að störfum, er munurinn að vísu íviðminni. Hér í Reykjavík er kaup verkakonunnar 24% lægra en kaup verkamanna. Það er kr. 7.70 í grunn hjá kvenfólkinu, en kr. 10.17 í grunn hjá karlmönnum. Og að viðbættri vísitölu er mismunurinn milli karls og konu dálítið á fimmtu krónu á hverja unna klukkustund. Röksemdin er í langflestum tilfellum þessi ein, sem Ólafur Ólafsson gat um: Þær eru konur, þeir eru karlmenn. Sé það stúlka, þá er það af því, að hún er stúlka, en drengirnir, sem vinna við hliðina á henni, eru piltar. Og þá er það ósköp eðlilegt, eins og móðirin sagði, að áliti flestra enn í dag.

Og þá skulum við líta á eitt svið þjóðlífsins, það er viðskiptalífið, og leiða hugann að því, hvernig hagað sé launum og störfum í skrifstofunum og í verzlunarbúðunum. Þar eru piltar og stúlkur að starfi, og störfin eru þess eðlis, að hver maður getur fljótlega gengið úr skugga um það, að allar líkur benda til, að stúlka rétti svipað magn af vöru fram yfir búðarborðið og karlmaður, og skrifstofustörfin eru líka þess eðlis, að allar líkur benda til, að konur með sömu menntun og þekkingu og karlmenn inni þar af hendi jafnverðmætt starf. Og þá skyldi maður ætla auðvitað, að kaupið væri hið sama við slík störf. En þótt undarlegt sé, þá er þar meiri kaupmismunur milli kvenna og karla en nokkurs staðar annars staðar í þjóðfélaginu og ákvæði um það, sem atvinnurekendur standa fast á og hafa knúið inn í samninga við stéttarfélög verzlunarmanna, að í hæst launuðu flokkunum skuli alls ekki vera neinar konur, þau störf skuli eingöngu vera unnin af karlmönnum. Ég skal taka hér nokkur atriði upp úr samningunum, sem nú eru í gildi og um þetta fjalla. Þar segir, að fyrsta flokks fulltrúi, aðalbókari, fulltrúar annars flokks og bréfritarar fyrsta flokks svo og sölustjórar og aðalgjaldkerar skuli vera í hæsta launaflokki eingöngu karlar, þ. e. a. s., starfsfólkið í fjórum efstu launaflokkunum skuli eingöngu vera karlar. Það er fyrst þegar komið er niður í b-lið fjórða flokks, sem fjallar um laun aðstoðarfólks á skrifstofum, að gert er ráð fyrir bæði konum og körlum í sama launaflokki. Þetta er engin þjóðsaga. Þetta er úr hinu daglega lífi núna á árinu 1955 samkv. nýgerðum samningi atvinnurekenda og verzlunarmanna hér í Reykjavík.

Röksemdin þarna getur ekki verið önnur en eingöngu að menn séu þrælbundnir á klafa vanans og hafi ekki opin augu fyrir því, hvert gildi starfsins er, sem konur inna þarna af hendi, auðvitað nákvæmlega með sama árangri og karlmenn.

Í búðunum er þetta alveg eins. Þar geta konur komizt það hæst að vera annars flokks deildarstjórar samkv. samningunum. Og að því er launin snertir, fá stúlkur, sem eru með sérfræðipróf í viðskiptum frá Verzlunarskóla Íslands, en þar hafa þær orðið að stunda fjögurra ára sérfræðinám, lægra kaup en piltar, sem aldrei hafa í verzlunarskóla komið. Þar eru réttindi prófsins ekki einu sinni virt, ekki einu sinni

lagt neitt upp úr gildi þekkingarinnar, staðgóðrar þekkingar og sérmenntunar, og það virðist mér þó vera það allra harðasta, því að ríkið hefur viðurkennt um þá, sem hafa lokið embættisprófi, að þar skuli greidd sömu embættislaun til kvenna og karla, en á þessu sviði er það ekki komið í gildi enn þá. Mér finnst, að þessu verði að breyta, og ég trúi því aldrei, að til sé nokkur maður á Alþingi Íslendinga, sem vill standa gegn því, að þessu verði breytt, og samt hef ég þreifað á því ár eftir ár, síðan þetta frv. var fyrst flutt árið 1947.

Er þetta nú kannske einhver sérkredda úr mér og okkur flm., að það eigi að vinna að því að útrýma kaupmismun kvenna og karla? Nei, það er fjarri því. Hin alþjóðlega verkalýðshreyfing leggur á það höfuðáherzlu, að þessum launamismun sé útrýmt, og hefur barizt fyrir því árum saman, og íslenzka verkalýðshreyfingin hefur átt í striði við nálega hverja samningagerð við atvinnurekendur um að reyna að minnka kaupmismuninn milli kvenna og karla, þoka því úr því að vera helmingsmunur áður og upp í það, að það eru nú 24% mismunur. Við erum enn þá aðeins á miðri leið, og það er áreiðanlegt, að það tekur mörg ár, kannske áratugi enn þá, ef á að leysa það í baráttu milli verkalýðssamtaka og atvinnurekenda á samningagrundvellinum. Svo hart standa atvinnurekendur á móti því, að þetta réttlætismál nái fram að ganga. Á s. l. sumri voru hvorki meira né minna en háð tvö verkföll af verkakonum til þess að reyna að minnka bilið örlitið milli kvennakaups og karlakaups, og það megum við því vita alveg fyrir víst, að verkakonurnar una ekki lengur þessum skiptum og eru búnar að fá augun opin fyrir því sjálfar, að þær eru beittar rangindum, sem ekki verður við unað, og eru því einráðnar í því að knýja fast á í samningum og fylgja þeim þá auðvitað eftir með vinnustöðvunum, þegar atvinnurekendur fást ekki til að verða einu sinni við smávægilegum umbótakröfum á þessu sviði. Það má því sannarlega búast við því, að á næstunni verði ekki hvað sízt hætta á vinnustöðvun og verkföllum út af þessu ranglæti, ef atvinnurekendurnir láta ekki verulega undan síga í þessum efnum. En þá er til önnur leið til þess að komast hjá þessu, firra atvinnulífið óþægindum af þessu og ganga til móts við verkakonur í þessum efnum og kvenfólk yfirleitt, af því að það er alls staðar meira og minna ranglæti að því er snertir launagreiðslur, og lögfesta réttlætið á Alþingi. Og það er einasta leiðin, sem sæmir íslenzkri þjóð, og einasta leiðin, sem sæmir Alþingi Íslendinga, nákvæmlega á sama hátt og Alþingi Íslendinga lét sér sæma að verða einna fyrst allra þjóðþinga til þess að veita konum atkvæðisrétt og kjörgengisrétt og veita konum rétt til þess að stunda nám í íslenzkum skólum og fá tekin gild þau próf, sem þær tóku þar, eftir að þær fengu þann rétt.

En eru nokkrir fleiri aðilar, sem mark er á takandi, sem tala og láta heyra til sín í þessu máli, sem íslenzka ríkið mætti taka tillit til? Jú, þar vil ég nefna sérstaklega tvo aðila. Það er í fyrsta lagi Alþjóðavinnumálastofnunin, sem Ísland er aðili að. Hún hefur fyrir mörgum árum gert samþykkt á sínum þingum, þar sem íslenzkir fulltrúar hafa verið, og ekki, svo að mér sé kunnugt um, greitt mótatkvæði, heldur hreint og beint tekið þátt í að afgreiða þessar ályktanir um sömu laun kvenna og karla fyrir sama vinnuverðmæti. Þessi samþykkt hefur legið ár eftir ár hér hjá íslenzku ríkisstjórninni, og íslenzka ríkisstj. hefur ekki getað fullgilt hana, af því að hér er ekki launajafnrétti milli kvenna og karla, og ríkisstj. gerir sér það ljóst. Þessa jafnlaunasamþykkt kvenna og karla frá Alþjóðavinnumálastofnuninni er ekki hægt að fullgilda hér, fyrr en annað hvort hefur gerzt, að samningar hafa náðst milli verkalýðssamtaka og atvinnurekendasamtaka um sömu laun kvenna og karla eða að Alþingi Íslendinga hafi lögfest sömu laun til handa konum og körlum við öll störf hjá hinu opinbera og hjá einkaatvinnurekstrinum. Þó eru a. m. k. þrettán þjóðir búnar að fullgilda þessa samþykkt, og væri því ekkert einsdæmi, þó að Ísland gerði það einnig og hagaði málinu svo, að það væri hægt.

Þá eru Sameinuðu þjóðirnar sjálfar. Þær byggja í sínum grundvallaratriðum á því, að afmáður skuli allur mannréttindamismunur milli karla og kvenna, milli fólks af ólíkum litarhætti og með tilliti til þjóðerna. Sameinuðu þjóðirnar hljóta því að leggja fast að öllum þátttakendum sínum, öllum meðlimaríkjum, að afmá slíkan mismun, þar sem hann fyrirfinnst, og hafa þingað um launamál kvenna á þingum sínum. Einkanlega voru þar framarlega í fylkingu frú Roosevelt og núverandi ambassador Dana á Íslandi, frú Bodil Begtrup, sem störfuðu í nefndum um þessi mál og fengu fram samþykktir um það, að Sameinuðu þjóðirnar skyldu beita sér fyrir launajafnrétti kvenna og karla.

Ég geri ráð fyrir því, að íslenzka ríkisstj. vilji taka tillit til bæði Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna í þessu efni og taki það a. m. k. sem fullkomna bendingu um, að straumur tímans stefnir óðfluga í þá átt, að þetta gamla og hróplega misrétti verði afnumið.

Fleiri orð skal ég ekki hafa um þetta mál að sinni. Mér er ljóst, að það er eitt af þeim málum, þar sem rökum verður ekki við komið, svo að þingmenn skynji. Það virðist hingað til hafa verið frosið fyrir skilningarvitin á þeim, að því er þetta snertir, og er vonandi, að góð og mikil hláka fari í hönd, svo að það ástand breytist.

Ég vil leggja til, að þetta mál fari til hv. heilbr.- og félmn., þegar umræðunni lýkur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 588, var útbýtt 27. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

38. Bifreiðalög (frv. SkG).

Á 11. fundi í Sþ., 9. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941 [94. mál] (þmfrv., A. 105).

Á 17. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Umferðaslys eru mjög tíð hér á landi á síðari tímum. Með vaxandi umferð og stórauknum ferðahraða hefur slysunum fjölgað mjög. Flest eru þessi slys í sambandi við akstur bifreiða. Dauðaslysin eru mörg, og fjöldi manna verður fyrir meiri eða minni líkamsmeiðslum í bifreiðaslysum, þó að þeir hljóti þar ekki bráðan bana. Skemmdir á ökutækjum og öðrum verðmætum af völdum bifreiðaárekstra eru einnig gífurlega miklar, og fara þar miklir fjármunir forgörðum á hverju ári.

Ýmsar orsakir liggja til hinna tíðu bifreiðaslysa. Vegirnir eru ekki svo góðir sem skyldi, en bifreiðaumferðin mjög vaxandi, og veldur þetta erfiðleikum og aukinni slysahættu. En mörg slysin og oft þau mestu stafa af kæruleysi ökumanna, ekki síst af óafsakanlega hröðum akstri. Þess má geta, að gangandi fólk á vegum og götum fer oft ógætilega, þar sem bifreiðaumferð er mikil, og verður fyrir slysum af þeim sökum.

Vegna þess, hve bifreiðaslysin eru tíð og valda miklu tjóni, er þess vissulega þörf, að tekið sé til alvarlegrar íhugunar, hvort ekki sé unnt að gera einhverjar ráðstafanir, sem orðið gætu til þess að fækka þeim. Breytingar á lögum og reglum, einkum að því er snertir viðurlög, þegar um vítaverðan akstur er að ræða, gætu vafalaust orðið til þess, að ökumenn sýndu meiri varkárni en þeir gera nú margir hverjir, og í því frv. á þskj. 105, sem ég flyt hér, er lagt til, að slíkar breytingar verði gerðar á bifreiðalögunum.

Þegar alvarleg bifreiðaslys ber að höndum, þar sem fólk verður fyrir meiðslum eða týnir lífi, fer fram lögregluransókn á orsökum þeirra, og síðan ganga dómar um málin. En þó að ökumenn valdi fjárhagslegu tjóni, án þess að um meiðsli á fólki sé að ræða, er mér sagt, að þeir komist oft hjá afskiptum lögreglunnar af árekstrunum. Er þá látið nægja, að þeir, sem skemmdunum valda, tilkynni það tryggingarfélaginu, sem hefur bifreið þeirra í tryggingu, en félagið greiðir síðan bætur til þeirra, er fyrir skaðanum verða.

Í 1. tölulið 1. gr. frv. er lagt til, að nýtt ákvæði verði sett inn í 36. gr. bifreiðalaganna um það, að tryggingarfélagi sé ekki heimilt að borga skaðabótakröfu, nema lögregluransókn hafi farið fram á því slysi eða tjóni, sem krafan er gerð út af. Líkur eru til, að ökumenn fari gætilegar, ef þeir vita, að þeir geta ekki sloppið við lögregluransókn á skaða, sem þeir valda. Löggæzlan mundi þá einnig hafa fullkomið yfirlit um það tjón, sem hver einstakur ökumaður veldur, en slíkar upplýsingar þurfa að vera til, svo að unnt sé að gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart þeim, sem valda síendurteknu tjóni með ógætilegum akstri.

Í 36. gr. bifreiðalaganna eru ákvæði um það, að tryggingarfélag hafi endurkröfurétt á tryggingartaka, hafi hann valdið tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Nú er mér sagt, að tryggingarfélögin, sem taka bifreiðar í tryggingu, hafi ekki notað þennan rétt, fylgi ekki þeirri reglu að krefja ökumenn um endurgreiðslu á tjóni, sem þeir valda og tryggingarfélögin þurfa að borga. Ég legg til í 2. tölulið 1. gr. frv., að á þessu ákvæði verði gerð sú breyting, að félögunum sé skylt að krefjast endurgreiðslu hjá tryggingartaka á a. m. k. 30% þeirra skaðabótaupphæða, sem þau hafa þurft að greiða, en eftir sem áður stendur það óhaggað, þó að þetta verði samþykkt, að tryggingarfélögin hafa heimild til þess að krefja tryggingartaka um endurgreiðslu á öllum skaðabótunum.

Það getur vitanlega verið álitamál, hvort á að fyrirskipa félögunum á þennan hátt að krefja um endurgreiðslu á öllum skaðabótunum eða þá hve miklum hluta, en ég hef þarna í frvgr. sett ákvæðið þannig, að skylt væri að krefja um eigi minna en 30% af tjóninu.

Að því er stefnt með þessu ákvæði frv., að ökumenn, sem valda tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, eins og í lagagr. stendur, verði sjálfir fyrir fjárútlátum í því sambandi, því að vafalaust yrði það þeim hvöt til að gæta meiri varúðar við aksturinn.

2. gr. frv. er um breytingu á lagaákvæðum um ökuleyfissviptingu. Í lögunum, eins og þau nú eru, 39. gr., 1. mgr., segir, að bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis eða neytir áfengis við bifreiðarakstur, skuli sviptur ökuleyfi sínu um ákveðinn tíma, þó eigi skemur en þrjá mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða. Þó er tekið fram í þessari sömu mgr., að ef sérstakar málsbætur séu fyrir hendi og kærði hafi ekki áður orðið sekur um sams konar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðarstjóri, þurfi ekki auk refsingar að beita ökuleyfissviptingu.

Ég legg til í 2. gr. frv., að bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis eða neytir áfengis við bifreiðarakstur, skuli sviptur ökuleyfi sínu að fullu. Mörg hörmuleg slys hafa orðið vegna bifreiðaraksturs ölvaðra manna. Ber því brýna nauðsyn til að gera ráðstafanir, er verða mættu til þess að koma í veg fyrir akstur drukkinna manna. Engin ástæða er til og engum til hags, að vægt sé tekið á afbroti þeirra, er aka bifreið undir áhrifum áfengis. Miklar líkur eru til þess, að slíkum brotum muni fækka, ef tekið er í lög að svipta þá ökumannsrétti að fullu, sem verða uppvísir að því að aka bifreið undir áhrifum áfengis. Mönnum er þá ljóst, að ef þeir gera sig seka um slíkt, eiga þeir ekki afturkvæmt í ökumannssæti. Þetta ætti öðru fremur að verða þeim aðvörun og hvöt til að vanda framferði sitt í þessum efnum.

Það skal tekið fram, að þetta er það atriði frv., sem ég legg mesta áherzlu á að nái fram að ganga.

Í 2. gr. frv. er einnig ákvæði um breytingar á lagagreininni að því er snertir ökuleyfissviptingu af öðrum ástæðum en vegna ölvunar. Í lagagreininni, eins og hún nú er, segir, að ökuleyfissviptingu megi beita, hafi kærður orðið sekur um mjög vítaverðan akstur eða ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins og öðru framferði kærða sem bifreiðarstjóra varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi. Ég legg til, að sú breyting verði á þessu gerð, að í staðinn fyrir heimild til að svipta slíkan mann ökuleyfi skuli svipta hann ökuleyfinu um ákveðinn tíma, er ekki sé skemmri en eitt ár, eða fyrir fullt og allt, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur eða telja verður, eins og nú stendur í lögunum, að það sé varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi.

Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess, að í 2. mgr. 39. gr. laganna er ákvæði um það, að hafi maður verið sviptur ökuleyfi eða réttindum til að fá það í lengri tíma en þrjú ár, þá getur dómsmrh., er þrjú ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfið á ný eða rétturinn til að öðlast það, enda séu færðar sönnur fyrir því, að viðkomandi hafi verið bindindismaður um neyzlu áfengis, frá því er hann var sviptur ökuleyfinu. Ég tel, að það geti orkað tvímælis, hvort þessi heimild fyrir dómsmrh. á að standa áfram, en hef þó ekki í þessu frv. lagt til, að hún verði niður felld. Verður þá, þó að mitt frv. verði samþykkt, eftir sem áður, að þessu óbreyttu, sú heimild til, að dómsmrh. geti að þremur árum liðnum veitt eða ákveðið að veita manni ökuréttindi, sem af honum hafa verið tekin, enda, eins og segir í lögunum, verða þá að liggja fyrir sönnur fyrir því, að viðkomandi hafi verið bindindismaður, frá því er hann var sviptur ökuleyfinu.

Ég tel, eins og ég sagði áðan, að það geti verið álitamál, hvort það á að standa, og mætti athuga það nánar, en eins og lögin eru nú, þá er þó ekki heimilt að endurreisa mann á þennan hátt nema einu sinni, þó að þetta verði látið standa óbreytt.

Það má vel vera, að á fleira mætti benda eða fleiri breytingar gera á bifreiðalögunum heldur en þær, sem ég ber hér fram tillögur um, sem gætu orðið til þess að fækka slysum og orðið mönnum hvöt til þess að fara gætilegar. Er það að sjálfsögðu vel þegið, ef einhverjir hv. þingmenn koma auga á slíkt og bera fram tillögur um það, og eins vænti ég, að hv. n., sem fær málið, taki til athugunar, hvort ástæða væri til að gera fleiri breytingar, sem stefndu í sömu átt.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég tel það mjög að vonum, að fram komi hér frv. til að reyna að bæta það uggvænlega ástand, sem er í umferðarmálum hér, og sívaxandi fjölda slysa. Rétt er þó, að það komi fram nú þegar, að starfandi er n. sérfróðra manna undir forsæti lögreglustjórans í Reykjavík til þess að endurskoða umferðarlögin og semja nýtt frv. um þau efni, en þau lög fjalla að meginefni til um þann vanda, sem hér um ræðir. Og ég tel nauðsynlegt, að sú n., sem fær þetta frv. til athugunar, hafi samráð við þá menn, sem nú vinna að endurskoðun umferðarlaganna. Vonir standa til þess, að þeirri endurskoðun geti orðið lokið seint á þessu ári, þannig að ef þinghald verður eftir áramót, eins og ég geri ráð fyrir að menn búist við, þó að ekkert sé ákveðið um það á þessu stigi, þá muni vera hægt á síðari hluta þingsins að leggja fram heildartillögur um þessi efni.

Hitt er svo matsatriði, hvort menn telja rétt að samþykkja einstakar breytingar, áður en vandamálið allt verður tekið upp til ákvörðunar. Ég hef ekki sjálfur gert upp hug minn um það, en efast þó um, að slíkt sé til bóta. En það verður verkefni n., sem fær þetta til meðferðar hér í þinginu, að hugleiða það frekar, bæði með hliðsjón af því, hvort menn telja, að verulegar umbætur muni fást við það frv., sem hér liggur fyrir, og aðrar hugmyndir, sem upp kunna að vakna í sambandi við það, og eins hve snemma menn telja að þessari heildarendurskoðun, sem ég gat um, verði lokið, því að vitanlega getur hún dregizt svo úr hömlu, að óverjandi sé að láta vera einstakar umbætur í millitíðinni.

Um einstök atriði þessa frv. skal ég ekki ræða að svo stöddu. Rétt er að taka það fram, að nú orðið er það orðin föst venja, er óhætt að segja, að ökuleyfissvipting vegna ölvunar við akstur stendur aldrei skemur en sex mánuði. Hæstiréttur hefur tekið upp þessa venju, og ég hygg, að það sé óbrigðult, að því sé fylgt af héraðsdómurum að dæma a. m. k. í jafnlanga ökuleyfissviptingu. Hins vegar ef slys verður af, þá er ökuleyfissviptingin lengri og eftir atvikum nokkur ár og stundum ævilangt, ef um alvarlegt slys er að ræða. Og það er rétt, að það komi einnig fram, að á síðari árum er alveg horfið frá því, sem var lengi venja áður fyrr, að menn væru náðaðir af ökuleyfissviptingu. Það er umdeilanlegt eftir lögum, hvort slík náðun muni vera heimil eða ekki. En hvað sem þeirri deilu líður, þá er óhætt að segja, að nú um margra ára bil eru þess engin dæmi, að slík náðun eigi sér stað. Þess vegna er af hálfu framkvæmdavaldsins aldrei hvikað frá ökuleyfissviptingarákvæðunum, nema því aðeins að þau taki til lengri tíma en þriggja ára. Það er aldrei, ekki í einu einasta tilfelli, sem nú um margra ára bil hefur verið stytt eða felld niður ökuleyfissvipting, sem er skemur en þrjú ár. Það verður að segja eins og er, að þetta kemur í einstaka tilfellum nokkuð hart niður. Það er ákaflega títt, að heimilisfeður, heilsulausir, sem ekki geta unnið fyrir sér með öðrum hætti en akstri, koma og sækja ákaflega fast á um að fá ökuleyfissviptingu felldа niður eða stytta úr þremur árum, en því hefur undantekningarlaust verið neitað. Og mitt mat er, að slíkur þrýstingur sé svo mikill á að beita öllum undantekningaheimildum, að mjög varhugavert sé að láta nokkrar undantekningar eiga sér stað. Ef menn ætlast til þess, að meginreglan sé sú, að menn séu sviptir ökuleyfi, annaðhvort ákveðið árabil eða ævilangt, þá er um að gera að veita enga undanþáguheimild,

því að ef undanþáguheimildin er, þá koma svo mörg tilfelli, þar sem mannlega séð vegna bágra ástæðna er ómögulegt að standa á móti því að veita undanþáguna, að áður en varir er þarna komin nokkuð títt notuð heimild, sem verður erfiðara og erfiðara að standa á móti að beitt verði, ef menn vilja ekki að algert handahóf ráði. Þess vegna er rétt, að það komi hér fram, að venjan er sú, að þó að menn hafi verið sviptir ökuleyfi ævilangt, þá er notuð heimildin til að stytta það ofan í þrjú ár, ef ekki mæla sérstakar ástæður í gegn. Ef sérstakar ástæður mæla í gegn, eins og t. d. sönnuð er ölvun, þá er óheimilt að nota undanþáguna. En ef sem sagt ekkert sérstakt liggur fyrir og maðurinn hefur meðmæli flekklausra manna til þess að fá ökuleyfið á ný, þá er venja, að það sé gert, en aldrei fyrr en hann er búinn að vera ökuleyfislaus í þrjú ár.

Ef menn ætlast til að gera þessi ákvæði mun strangari en verið hefur, þá mundi ég telja, eins og fram kom í ræðu hv. flm., að mjög væri til álita að fella niður þessa undanþáguheimild ráðuneytisins, vegna þess að ég er sannfærður um, að það er ekki hægt vegna þess ákafa og þeirra bágu ástæðna, sem oft eru fyrir hendi, að komast hjá því að nota slíka heimild í mjög mörgum tilfellum.

Hitt er svo annað mál, hvort þessi ströngu ákvæði koma að fullu haldi. Því miður lítur út fyrir, að ákvæðin, eins og þau eru, hafi ekki haft tilætlaðan árangur, því að ætíð kemur fram í ískyggilega mörgum tilfellum, að menn aka ölvaðir eða undir áhrifum áfengis. En keppikeflið hlýtur að verða að fá menn til að taka það sem sjálfsagðan hlut, að ef þeir hafa smakkað áfengi, hversu lítið sem er, þá snerti þeir ekki við bíl. Dómgreindin er þá ætíð meira eða minna úr sögunni, og hættan af því að aka bíl og við að aka bíl er svo mikil, að lágmarkskrafa hlýtur að verða, að menn séu með sjálfum sér, þegar þeir fara með það aflmikla og góða, en því miður oft mjög hættulega tæki.

Hvernig þessu marki verður bezt náð, er auðvitað umdeilanlegt. Það er rétt, að frá því sé skýrt, að athuganir hafa sýnt, að hér á landi er gengið eftir því mun ríkar en víðast eða alls staðar annars staðar, að menn séu ekki drukknir við akstur. Ég hygg, að lögreglan hér stöðvi nú orðið bifreiðar hlutfallslega mun oftar en tíðkanlegt er annars staðar til þess að rannsaka, hvort menn eru með ölvunaráhrifum eða hvort allt er í lagi að þessu leyti, og það er ákaflega mikilsvert einmitt, að almenningur átti sig á því, allir, að þeir megi búast við því hvenær sem er að verða stöðvaðir og verða fyrir þeim óþægindum, sem leiðir af því, ef þeir eru staðnir að því að aka bíl undir ölvunaráhrifum, hvort sem nokkurt slys verður eða ekki. Ég hef verið því mjög sammála og hvatt lögreglustjórann hér til þess að fara stranglega með þetta. Hann hefur nýlega kynnt sér framkvæmdina erlendis, bæði á Norðurlöndum og í Þýzkalandi, var með öðrum fulltrúa í þessari undirbúningsnefnd umferðarlöggjafarinnar á þriggja vikna ferðalagi til þess að athuga framkvæmd og löggjöf í þessum efnum, og þeir staðreyndu það, að eftirlitið hjá okkur er nú þegar strangara en annars staðar er. En eins og ég segi: betur má, ef duga skal.

Eitt af því, sem lögreglustjóra og mér hefur komið saman um að mundi verða til bóta, væri, ef gefin yrðu alveg skýlaus fyrirmæli um, að tekið skyldi ökuskírteini af manni, strax og hann er kærður fyrir þess háttar brot. Nú er þetta aðeins heimild og komið undir mati lögreglumanna hverju sinni, hvort henni skuli beitt eða ekki. Hins vegar geta liðið nokkrir mánuðir, frá því að kæra kemur fram, þangað til dómur gengur, og maður haft ökuskírteini þann tíma. Það er auðvitað ekki gert, menn eru ekki látnir halda því, ef um mjög alvarlegt brot er að ræða, en það er sem sagt meira undir mati komið. — Það er álit okkar og mun verða tekið til strangrar fyrirskipunar nú, að rétt sé að taka ökuleyfið eða ökuskírteinið af mönnum undantekningarlaust og láta þá vera ökuskírteinislausa þangað til dómur gengur. Segja má, að eftir almennum reglum sé það kannske nokkuð harðhent, en eins og ástandið er í þessum efnum, vonast ég til, að það sæti þó ekki gagnrýni, heldur þyki rétt ráðstöfun.

Þá hefur einnig verið um það talað, að rétt væri að birta nöfn þeirra, sem sekir eru í þessum efnum, og kem ég þá að efni, sem reynslan sýnir að er vandmeðfarið hér á landi. Það er sem sé um, að hve miklu leyti eigi að birta dóma, sem felldir eru yfir þeim mönnum, sem dæmdir eru fyrir lögbrot, og þá ef til vill einnig skýra frá, þegar kærur koma fram á þá.

Það hlýtur auðvitað mjög að vera undir mati komið hverju sinni, hvenær tímabært er og að hve miklu leyti fært er að segja frá kærum á hendur mönnum, áður en dómur gengur, og meginreglan verður að vera sú, að í þeim efnum eigi að fara mjög varlega, vegna þess að með því að skýra frá slíkum kærum, áður en dómur er genginn, kann að vera, að óorð falli á saklausan mann, sem hann alls ekki eigi skilið, vegna þess að að lokum sannist, að hann sé sýkn, eða a. m. k. komi alls ekki nægar sannanir fyrir sekt hans. Auk þess getur það beint verið hættulegt og varhugavert fyrir rannsókn máls, að jafnóðum sé skýrt frá öllu því, sem lögregla eða dómari verður var um þessi efni.

Varðandi aftur á móti dóma, sem ganga í þessum efnum, þá er um þá að segja, að það er opinbert mál og það er auðvitað alls ekki á valdi dómsmálastjórnarinnar og ekki heldur dómaranna að þegja um slíkt. Allir þeir, sem vilja fá vitneskju um dóma í opinberum málum, eiga rétt á því að kynna sér dómana. Þess vegna er það á valdi blaðanna, sem eru aðalfréttaþjónustan hér á landi, — útvarpið kemur eðli málsins samkvæmt síður til greina í slíkum efnum, — en það er fyrst og fremst á valdi blaðanna, að hve miklu leyti þagað er um þessi efni. Og ég verð að segja það sem mína skoðun, að ég tel, að of mikið sé að því gert hér að láta undir höfuð leggjast að segja frá dómum. Að vísu koma hér hin persónulegu, mannlegu sjónarmið til greina, að aðstandendur koma bæði til dómara og blaða og biðja þá eins og guð sér til hjálpar að koma í veg fyrir, að frá slíkum

dómum sé sagt, og oft og tíðum er það svo, að persónuleg meðkenning með þeim, sem í ógæfu hefur ratað, hlýtur að stuðla að því, að menn vilja heldur, að um þetta sé þagað, en að það sé haft í hámæli.

Hins vegar verður að játa, að einn aðaltilgangur réttarfarsins er sá, að það liggi opið fyrir, að ef brot er framið, þá fylgi því ákveðin refsing. Og hin almennu áhrif refsingarinnar hverfa auðvitað meira og minna og heldur meira en minna, ef því er nokkurn veginn fylgt, að þögn sé um þá dóma og þau afbrot, sem framin eru. Ég tel þess vegna, að sú þagnarvenja, sem í þessum efnum er hér, nema í sumum stórbrotum og svo ef einhver telur, að hægt sé að ná sér niðri sérstaklega á manni eða aðstandendum hans með því að skýra frá broti, — ég tel, að allt þetta hátterni sé mjög varhugavert og að blöðin ættu að taka til alvarlegrar íhugunar, hvort ekki væri rétt að hafa um þetta almennari frásagnir en tíðkanlegar eru og þá auðvitað frásagnir með þeim hætti, að engar undantekningar eigi sér stað, að sagt sé frá brotum alveg án tillits til þess, hver í hlut á, því að það eru þessar eilífu undantekningar, hin persónulegu tillit, sem svo erfitt er að komast hjá í okkar litla þjóðfélagi og gera erfiðara að fylgja almennum reglum, sem hvarvetna annars staðar er talið sjálfsagt að fylgja.

En hvað sem því líður varðandi brot, hvort æskilegt sé, að meira sé frá þeim sagt en tíðkanlegt hefur verið, þá er ekkert slíkt í sambandi við áfengisneyzlu við bifreiðarakstur eða ölvun í sambandi við bifreiðarakstur, sem gerir það á nokkurn hátt verjanlegt, að um það sé þagað, eða menn á nokkurn hátt geti haft almennt samúð með þeim, sem þetta fremja. Auðvitað vitum við það, að fjöldi manna hér smakkar vín, drekkur meira og minna. Menn greinir á um það, hvort slíkt sé verjanlegt eða verjanlegt ekki, þetta er landssiður. En hvað viðhorf manna til vínd rykkju varðar, þá er ósköp einföld ákvörðun fyrir hvern og einn mann að taka, að í fyrsta lagi auðvitað þarf hann ekki að drekka vín, ef hann vill það ekki sjálfur, og enn síður þarf hann að aka bíl, eftir að hann hefur drukkið vín, þannig að það minnsta, sem krafizt er af þeim, sem drykkju iðka, er, að þeir láti vera að aka bíl, þegar þannig er fyrir þeim komið. Og ég er alveg sannfærður um, að áhrifaríkara til þess að fá menn til að láta af drykkjuskap við bílakstur er, að nöfn þeirra, jafnóðum og dómar ganga um þá, séu undantekningarlaust birt, heldur en þó að lengdur sé fresturinn, sem þeir séu sviptir ökuleyfi. Og í því tilfelli vil ég benda á, að í ýmsum tilfellum getur staðið þannig á, að menn hrærist til meðaumkunar með manni og segi, að of hart sé, miðað við tiltölulega lítið brot, að svipta hann t. d. ökuleyfi ævilangt, við skulum segja mann, sem hefur verið berklaveikur og getur ekki stundað neina aðra atvinnu en að aka bíl, en fjölmörg slík tilfelli hafa komið undir mína ákvörðun sem dómsmrh. Í þeim tilfellum eru menn settir í ákaflega mikinn vanda. Ef því væri hins vegar fylgt alveg fast og stöðugt, að um leið og dómur gengur í þessum efnum, þá væru nöfn þeirra birt í öllum dagblöðum, dagblöðin kæmu sér saman um að birta það undantekningarlaust, þá er ég sannfærður um, að það mundi verða afdrifaríkasta og áhrifamesta ráðstöfunin, sem hægt væri að gera til þess að draga úr þessum ófögnuði. Um þetta þarf enga löggjöf, heldur nægir, að eitt blað taki sig fram um að birta þetta, æskilegast, að það væri tekið upp af öllum blöðunum að gera það, til þess að sýnt væri, að ekki væri um að ræða eltingarleik við neina einstaka, heldur væri þetta tekið sem sjálfsögð þjónusta og aðvörun til þeirra manna, sem þarna eiga hlut að. Og ég er viss um, að þetta mundi mjög herða á almenningsálitinu og þeir yrðu mun færri en nú er, sem vildu leggja sig í það, að almenningi yrði kunnugt um þessa hegðun þeirra, sem menn eru sem betur fer að fá meir og meir opin augu fyrir að er með öllu óverjanleg.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það er mjög mikilsvert mál, sem hér er til umræðu og hreyft hefur verið með þessu frv. hv. þm. V-Húnv. Ég tel þann tilgang, sem að baki frv. liggur, tvímælalaust vera heilbrigðan og merg málsins í frv. vera til bóta. Ég er einnig sammála kjarnanum í því, sem hæstv. dómsmrh. sagði um nauðsyn á því að gera ráðstafanir til þess að sporna við hinum sívaxandi umferðarslysum og að koma í veg fyrir, að menn aki bifreiðum undir áhrifum áfengis. Ég vil sérstaklega taka undir þau ummæli hans, að það yrði án efa mjög árangursrík ráðstöfun í þessu skyni, líklega sú árangursríkasta, sem völ er á, að taka það upp sem fasta reglu að skýra opinberlega frá öllum, sem brotlegir gerast við lagaákvæði um þessi efni.

Það, sem kom mér til að kveðja mér hljóðs og segja örfá orð, var að skjóta fram athugasemdum um atriði, sem ef til vill mætti gera til viðbótar þeim breyt., sem stungið er upp á í frv.

Ákvæði frv. eru í raun og veru þrenns konar: í fyrsta lagi, að tryggingarfélagi skuli ekki skylt að greiða skaðabótakröfu, nema lögregluransókn hafi áður farið fram, í öðru lagi, að tryggingarfélagi skuli skylt að innheimta eigi minna en 30% af því tjóni, sem valdið hefur verið af ásetningi eða vítaverðu gáleysi, og svo í þriðja lagi, að svipta skuli ökuleyfi að fullu þann mann, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis. Það er sérstaklega um fyrri atriðin tvö, sem mig langaði til að bæta fáeinum orðum við það, sem sagt hefur verið um þau.

Þessi ákvæði, ef samþykkt yrðu, mundu án efa gera skipti manna við tryggingarfélögin með nokkuð öðrum hætti en verið hefur og að ýmsu leyti erfiðari. Þau mundu getað torveldað mönnum, sem verða fyrir tjóni af völdum annarra, að ná rétti sínum gagnvart þeim, sem tjóninu veldur, eða fulltrúa hans, sem er tryggingarfélag, og sömuleiðis mundi að sjálfsögðu samþykkt síðara ákvæðisins hafa í för með sér, að tryggingarfélögin mundu fá stórauknar tekjur eða réttara sagt, sem kemur í sama stað niður, stórminnkuð útgjöld, þar sem þau mundu alltaf fá greitt eigi minna en 30% af tjónum, sem valdið hefur verið af ásetningi eða vítaverðu gáleysi,

og ætti þá að sjálfsögðu að gera ráðstafanir til þess um leið, að iðgjöld tryggingarfélaganna lækkuðu. Þau mundu hafa heimild til þess nú samkvæmt núgildandi lögum að innheimta bætur fyrir allt tjón, sem valdið er af ásetningi eða vítaverðu gáleysi. Samkeppni tryggingarfélaganna mun hins vegar hafa valdið því, að þau hafa gert of lítið að þessu. Það er algerlega rétt hjá hv. flm., að félögin hafa gert allt of lítið að því að láta þá, sem valdið hafa tjóni af ásetningi eða vítaverðu gáleysi, standa ábyrga fyrir gerðum sínum, og veldur því auðvitað samkeppni þeirra á milli, sem svo hefur auðvitað haft í för með sér, að iðgjöldin hafa verið hærri en eðlilegt væri og vera þyrfti. Í kjölfar þessarar breytingar ætti að sjálfsögðu að eðlilegum hætti að fylgja veruleg lækkun á iðgjöldunum. En það, sem ég vildi sérstaklega benda á í þessu sambandi, er, að mér er nokkuð til efs, að það eitt sé fullnæging alls réttlætis á þessu sviði að gera tryggingarfélögunum skylt að innheimta vissan lágmarkshluta hjá þeim, sem veldur tjóni af ásetningi eða vítaverðu gáleysi. Sannleikurinn mun nefnilega vera sá, og það held ég að öllum sé fullkunnugt um, sem lengi hafa átt bifreiðar eða stundað akstur, að sá, sem verður fyrir tjóni, sem annar maður veldur af ásetningi eða vítaverðu gáleysi, verður ávallt fyrir meira eða minna tjóni í raun og veru, fær aldrei bætt að fullu það tjón, sem hann verður fyrir af hálfu annars aðila. Þær reglur, sem tryggingarfélögin fylgja í þessum efnum og eiga sér án efa stoð í lögum, eru þær að kosta viðgerðina á ökutækinu, sem fyrir skemmdunum varð. Aftur á móti er nær aldrei beitt almennum réttarreglum um skaðabætur eða miskabætur, og það er mjög erfitt að fá slíkar bætur tildæmdar. Það hafa bifreiðarstjórar tjáð mér, sem verða fyrir tjóni, missa t. d. sitt ökutæki úr umferð í langan tíma, vegna þess að á það hefur verið ekið af öðrum aðila, að þær bætur, sem dómstólar dæma þeim til handa vegna atvinnumissis, séu mjög litlar, dómstólarnir eru mjög varkárir, ef til vill mætti segja íhaldssamir á þessu sviði, því að þeir hafa ekki aðrar réttarreglur við að styðjast í þessum efnum en hinar almennu réttarreglur um skaðabætur eða miskabætur. Spurningin er, hvort ekki væri full ástæða til að kveða sérstaklega strangt á um skaðabætur einmitt í bifreiðalögunum, þegar valdið er tjóni af ásetningi eða vítaverðu gáleysi, hvort á ekki beinlínis í bifreiðalögunum að heimila eða skylda þann, sem slíku tjóni veldur, til þess að greiða þeim, sem hann veldur tjóninu hjá, mjög ríflegar skaðabætur, ekki aðeins til þess að kosta viðgerð á ökutækinu, heldur einnig skaðabætur, þó að ekki sé um atvinnutæki að ræða, sem notað sé í atvinnuskyni, og mjög ríflegar bætur fyrir tekjumissi, ef um er að ræða tæki, sem notað er í atvinnuskyni.

Ég gat þess áðan, að þeir, sem stunda akstur, teldu þær bætur, sem þeim væru almennt tildæmdar vegna atvinnumissis, vera mjög lágar. Einkaaðili, sem ekur einkabifreið og verður fyrir því, að ekið er á bifreið hans af vítaverðu gáleysi, og missir hana þar af leiðandi úr notkun í viku til hálfan mánuð, — tjónið þarf ekki að vera mjög verulegt til þess, að um það sé að ræða, — fær samkv. þeim reglum og þeim réttarvenjum, sem gilt hafa, tjónið aðeins bætt á þann hátt, að kostuð er viðgerð á bifreiðinni, en bifreiðin verður næstum aldrei jafngóð eftir. Tryggingarfélögin eða hinn aðilinn telja sér ekki skylt að gera meira en kosta viðgerðina. Menn hafa því í fyrsta lagi eign sína skemmda og í öðru lagi hafa misst afnot hennar og eiga mjög torvelt með að fá nokkrar bætur fyrir það. Krafizt er mjög strangra sönnunargagna um það, að menn hafi orðið fyrir beinu fjárhagstjóni við að missa bifreiðina. Menn geta að vísu fengið endurgreidda reikninga, ef þeir hafa þurft að kaupa sér bifreið á stöð þann tíma, sem þeir hafa ekki haft eigin bifreið til afnota, en það gera menn nú ekki alltaf. Menn hafa ýmis óþægindi af því, menn þurfa oft að ganga og hafa af því óþægindi, kannske ýmsan óbeinan kostnað, og fyrir það eru engin tök að fá nokkrar bætur. Þetta er óeðlilegt og spurning, hvort ekki væri ástæða til þess að taka upp í bifreiðalögin ákvæði til þess að bæta úr þessu. Það hefði tvöfalda þýðingu. Það hefði annars vegar þá þýðingu að rétta hlut þeirra manna, sem nú og undanfarið hafa orðið fyrir tjóni án þess að geta fengið það bætt nema þá með óhæfilega miklum málarekstri, sem menn oft og einatt hliðra sér hjá eða nenna ekki að standa í, og hins vegar mundi það án efa geta haft þýðingu í þá átt að gera menn varkárari við akstur, ef menn ættu von á því að þurfa ekki aðeins að bæta beint tjón, sem þeir valda með ásetningi eða vítaverðu gáleysi, heldur einnig að þurfa að borga þeim aðilanum, sem þeir valda tjóninu hjá, allríflegar skaðabætur.

Þessum athugasemdum vildi ég aðeins skjóta fram, ef hv. nefnd, sem fær þetta mál til athugunar, vildi einnig taka þessa hlið málsins til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 105, n. 516).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég get að mestu leyti skírskotað til nál. um þetta mál. Þess er getið, hver afstaða n. er til málsins. Meiri hl. telur, að rétt sé, að breytingar séu gerðar á lögunum, þó að ætla megi, að það verði fljótlega gert enn rækilegar síðar. Hins vegar þótti okkur máske um of einskorðað eftir frv. um þau atriði, sem það fjallar um, og hyggilegra væri að hafa það með dálítið öðrum hætti, eins og brtt. n. ber með sér.

Meiri hl. n. leizt, að það væri ekki nauðsynlegt, að undir hvaða kringumstæðum sem væru færi fram lögregluransókn, þó að t. d. smáárekstur yrði, sem litlu varðaði, bæði um verðmæti og skemmdir, væri of viðamikið að láta lögregluransókn fara fram undir slíkum kringumstæðum, en ef um meiri háttar slys væri að ræða,

skyldi ætíð fara fram lögreglurannsókn. Að því lýtur 1. brtt. n. við frv.

Hið sama má segja um 2. brtt., staflið b, að til þess að íhugun fari fram með venjulegum hætti, sé réttara, að það sé metið, hvað miklu tjóni slysið hefur valdið. Með því móti ætti að vera nokkurn veginn öruggt, að sú niðurstaða, sem fengin er um slysið, verði við hóf og sanngjörn niðurstaða fengin.

Um annan lið brtt., tölul. 2, er það að segja, að þannig getur borið að, þó að maður hafi neytt áfengis, að hann eigi enga sök á t. d. bilaárekstri og hans neyzla á áfenginu verði svo lítilvæg, að engu máli skipti upp á öryggi af hans hálfu í umferðinni. Annar maður gæti verið valdur að slysinu að öllu leyti. En ef það sannaðist á hendur manninum, að hann hefði neytt áfengis, hvað lítið sem væri, eftir frv., þá ætti hann að tapa ökuréttindum ævilangt. Þetta leizt okkur að ekki væri réttmætt undir svona kringumstæðum. Okkur dettur ekki í hug að mæla slíku bót, að menn, sem fara með ökutæki, neyti áfengis, þegar þeir eru við akstur. Það er mjög fjarri því, en við teljum hyggilegra upp á framkvæmd slíkrar löggjafar, að það sé ekki frá fyrstu tíð þannig einstrengingslega tekið, að menn skoði það óréttmæta niðurstöðu, sem fengin væri eftir löggjöfinni. En ef slíkt endurtæki sig eða ætti sér stað oftar hjá sama manni, að það vitnaðist, að hann hefði neytt áfengis og væri þó við akstur, þá álítum við, að sé rétt, að hann tapi réttindum sínum til fulls. Ef manninum yrði slíkt á, þá gæti það gefið bendingu um, að hann væri ekki nógu varkár og ekki nógu vel á verði um að láta vera að neyta áfengisins undir slíkum kringumstæðum, og það viljum við á engan hátt ýta undir, ef menn teldu sér slíkt leyfilegt, því að auðvitað ætti það aldrei að eiga sér stað. En við teljum, að löggjöf í svipuðum búningi sé vænlegri til þess bæði að ganga fram og að eftir henni verði farið í framkvæmdinni heldur en það sé tekið svo einstrengingslega, að mönnum finnist, að það sé ekki skynsamlega farið að.

Með þessum breytingum leggur meiri hl. n. til að frv. verði samþykkt, en ég vil geta þess, að fylgi hv. 4. landsk. þm. (GJóh) er fyrst og fremst bundið við 2. tölul. í brtt.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið.

Skúli Guðmundsson: Það er nú langt liðið, síðan ég lagði fram þetta frv. hér í hv. d., og hefur dregizt nokkuð lengi að fá afgreiðslu á því frá hv. allshn. Ég get fallizt á brtt. meiri hl. n. á þskj. 516 við 1. gr. frv. Ég tel að vísu fjárhæðina, sem þeir hafa sett í tölul. a, nokkuð háa, en geri ekki ágreining um það. En öðru máli gegnir um brtt. þeirra við 2. gr. frv.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis eða neytir áfengis við bifreiðarakstur, skuli sviptur ökuleyfi sínu að fullu. Meiri hl. vill breyta þessu þannig, að sá, sem gerir sig sekan um slíkt, skuli sviptur ökuleyfi um ákveðinn tíma, þó eigi skemur en eitt ár, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða. Ég er ekki ánægður með þessa brtt. Það er svo alvarlegt afbrot að aka bifreið undir áhrifum áfengis eða neyta áfengis við akstur, að sjálfsagt er að taka hart á slíku. Og ef þau ákvæði verða sett í lög, að hver sá, er gerir sig sekan um slíkan verknað, verði sviptur ökuleyfi sínu að fullu, þá má fastlega vænta þess, að slík afbrot verði miklu fátíðari en þau eru nú og að bifreiðaslysum fækki.

Ég vil enn fremur benda á, að þó að frvgr. verði samþ. óbreytt, þá stendur í lögunum heimild fyrir dómsmrh. til þess að veita manni, sem hefur verið sviptur ökuleyfi eða réttindum til að fá það í lengri tíma en 3 ár, ökuleyfið á ný, eftir að 3 ár eru liðin frá sviptingunni, enda séu færðar sönnur fyrir því, að viðkomandi hafi verið bindindismaður um neyzlu áfengis, frá því að hann var sviptur ökuleyfinu. Slíkt leyfi má þó aðeins veita einu sinni sama manni. Þessi ákvæði eru í 39. gr. bifreiðalaganna, og er þannig ekki útilokað, þó að frv. mitt yrði samþ. óbreytt, að maður, sem í eitt skipti gerði sig sekan um að aka bifreið undir áhrifum áfengis eða neyta áfengis við bifreiðarakstur, gæti fengið slíka endurreisn einu sinni, ef hann hefði verið bindindismaður ákveðinn tíma.

Af nál. kemur fram, að tveir hv. nm. telja ekki rétt að afgreiða frv. nú og vitna til þess, að mþn. sé að athuga bifreiðalögin og álits hennar megi vænta fyrir næsta þing. Jafnvel þótt svo væri, að álit þessarar n. kæmi áður en langt líður, sem ég skal nú ekkert um segja, þá lít ég svo á, að hér sé svo alvarlegt mál á ferðinni, bifreiðaslysin eru það mörg og stór, að ég tel ekki rétt að fresta því að gera ráðstafanir, sem verða mættu til þess, að þessum hörmulegu slysum fækkaði. Vænti ég þess, að meiri hl. hv. d. geti á það fallizt, að rétt sé að gera slíkar ráðstafanir með því að samþykkja þetta frv.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Hv. flm. gat þess í ræðu sinni, að talsverður dráttur hefði orðið á því í n. að afgr. frv. Það er rétt, það varð talsverður dráttur á því af þeirri einföldu ástæðu, að n. þurfti talsverðan tíma til þess að gera það upp við sig, hvort hún teldi ástæðu til, eins og sakir standa, að fylgja þeim till., sem þarna voru bornar fram, eða svipuðum till. í öðru formi. Það varð þó niðurstaða hjá n. að afgr. frv. á þann hátt, sem nú er fram komið.

Það er að sjálfsögðu ekki um það deilt, að nauðsynlegt sé að ganga eins vel lagalega frá þessum málum og unnt er til þess að forðast slys og önnur óhöpp, sem nú eru orðin mjög tíð. Við erum allir á sama máli um það. Hitt er svo annað, að menn eru ekki alveg sammála um, hvern veg beri að fara í því efni og hvaða leiðir séu heppilegastar til þess að ná þeim árangri, sem menn stefna að.

Ástæðan fyrir því, að hv. þm. Siglf. og ég höfum ekki getað átt samleið með meiri hl. n. um að bera fram þær till., sem hér liggja fyrir, er sú, að stjórnskipuð nefnd vinnur að því að endurskoða þessi lög í heild, og við teljum ekki þrátt fyrir þá brýnu nauðsyn, sem telja má á því, að breytingar verði gerðar á lögunum í því skyni að koma í veg fyrir slys og önnur óhöpp, unnið við að fara að breyta lögunum nú til bráðabirgða og að það séu ýmsar heimildir í lögum,

sem vel megi notast við, ef framkvæmdar eru, þangað til þessi endurskoðun kemur fram, sem nú er verið að vinna að. Þess vegna leggjum við ekki til, að þessar till. verði samþ., teljum heppilegra, að lögin í heild verði endurskoðuð og þá einnig þessi hlið málsins, þannig að það verði gert með hliðsjón til málsins í heild og af mönnum, sem hafa aflað sér staðgóðrar þekkingar á málinu.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Þetta skulu vera aðeins örfá orð. — Út af því, sem hv. flm. frv., þm. V-Húnv. (SkG), sagði, vil ég benda á, að refsing fyrir það, ef manni verður á að neyta áfengis og hann snertir á stjórn ökutækis, er til muna þyngd frá því, sem er, þó að ekki sé hann sviptur ökuleyfi ævilangt. Og ég er í dálitlum vafa um, hvort það er rétt, að löggjöfin sé þannig, ef það eru smávægilegar sakir, að ekki sé um nein réttindi að ræða manninum til handa nema í gegnum náðun. Hvað lítilvægt sem það er, sem hann hefur brotið af sér, hefur hann til fulls tapað sínum réttindum, nema því aðeins að ráðherra leggi til, að hann verði náðaður síðar meir, þegar hann hefur eftir hæfilegan tíma sætt refsingu fyrir brotið, og þá getur hann öðlazt réttindin. Þetta er ég í nokkrum vafa um, sérstaklega ef það er mjög smávægilegt. Þá held ég að sé betra, að löggjöfin sé þannig, að innan tiltekins tíma, ef honum verður ekki neitt á, því að auðvitað er það undanskilið, öðlist hann réttindi, en ef um ítrekað brot er að ræða, tapi hann þeim, eins og hér er lagt til. En vitaskuld, ef sérstakar málsbætur eru, þá stendur áfram í lögunum þetta ákvæði, að ráðherra getur náðað manninn, svo að það breytir ekki því. En ég held, að einmitt upp á lagastaf og framkvæmd laganna sé hyggilegra að hafa þetta form á því en óheyrilega mikinn strangleik, sem ætlazt er þá til að ráðherra ráði bót á. Ég hef heldur vantrú á slíku. Mér finnst, að það sé alls ekki rétt að hafa það fyrirkomulag.

Hv. 3. þm. Reykv. gerði hér grein fyrir afstöðu sinni og hv. þm. Siglf. um það, að þeir teldu, að það hafði verið réttara að bíða með þetta, þar til endurskoðun þessarar löggjafar liggur fyrir. Þetta er vitaskuld matsatriði og ekki margt um að segja, en ég vil aðeins benda honum á, að við þessa endurskoðun fást nú sérfróðir menn, sem mikinn kunnugleika hafa, og þó að Alþingi gerði þessa smábreytingu nú á lögunum, þá er ekki eins og það raski á nokkurn hátt þeirra starfi eða hindri þá í að leggja það eitt til, sem þeir telja bezt og farsælast, og út frá því göngum við. En þar sem þessi lagabreyting, sem hér um ræðir, er þó í verulegum atriðum nokkur breyting frá því, sem er, og ætla má, að betur verði gætt í framkvæmdinni, að komið verði í veg fyrir slys, og þeir, sem eftirlit eiga að hafa í þeim efnum, geta haft í því starfi sínu talsverðan stuðning af þessari lagabreytingu, þá teljum við rétt að gera þessa litlu breytingu, og það hindrar vitaskuld á engan hátt þingið síðar meir í að gera þessu máli langtum betri skil, þegar endurskoðun löggjafarinnar liggur fyrir. En mér finnst fyrir mitt leyti, og þannig litur meiri hl. n. á, að það horfi svo alvarlega í þessum efnum, að Alþingi megi ekki láta neins ófreistað að ráða bót á umferðarmálunum og reyna að koma í veg fyrir slysin, eins og þau mál ganga fyrir sig nú. Af þeim ástæðum er það, að við leggjum þetta til, meiri hl., eins og vafalaust hefur vakað fyrir hv. flm. þessa máls, að reyna að ráða bót á þeim ófarnaði, sem í þessum málum er.

ATKVGR.
Brtt. 516,1 samþ. með 15:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JPálm, JS, JörB, PÞ, SG, SkG, ÁB, EmJ, EystJ, GilsG, GíslG, GJóh, HV, HelgJ, SB.
nei: KGuðj, KJJ.
LJós, MJ, BÓ greiddu ekki atkv.
15 þm. (JR, ÓTh, PO, SÁ, StgrSt, BergS, EggÞ, EI, EOl, EirÞ, GTh, GÞG, HÁ, IngJ, JóhH) fjarstaddir.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14:4 atkv.
Brtt. 516,2 samþ. með 12:6 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16:3 atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Á 95. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 572).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 96. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 98. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Kvikmyndastofnun ríkisins.

Á 18. fundi í Nd., 14. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um kvikmyndastofnun ríkisins [98. mál] (þmfrv., A. 112).

Á 19. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ásamt hv. 1. landsk. og hv. 7. landsk. flyt ég frv. á þskj. 112 um kvikmyndastofnun ríkisins. Í

þessu frv. eru nokkur nýmæli, m. a. þau, að allur innflutningur kvikmynda til landsins skuli vera á hendi ríkisins og vera annar meginþáttur í starfsemi kvikmyndastofnunar ríkisins. Aðrir meginþættir stofnunarinnar eiga að vera þessir: Að keppa að því að gera kvikmyndir að sem almennustu og þjóðlegustu menningartæki, hliðstæðu útvarpi og skólum, og í þessu skyni er kvikmyndastofnuninni ætlað í fyrsta lagi að reka kvikmyndahús sem víðast um landið, en halda uppi ferðasýningum kvikmynda, þar sem ekki eru skilyrði fyrir rekstri fastra kvikmyndahúsa; að sjá skólum landsins fyrir fræðslukvikmyndum og aðstoða þá við sýningar slíkra mynda; í þriðja lagi að vanda sem bezt val þeirra erlendu kvikmynda, sem fluttar eru inn í landið, með tilliti til þess að bægja burt siðspillandi og óþjóðhollum og menningarsnauðum kvikmyndum og velja kvikmyndirnar út frá listrænum og menningarlegum sjónarmiðum; í fjórða lagi að láta gera íslenzka texta, þ. á m. talmálstexta, við erlendar kvikmyndir, eftir því sem föng eru á; í fimmta lagi að efla innlenda kvikmyndagerð og gera íslenzkar kvikmyndir. Enn fremur er samkvæmt þessari sömu grein, 4. gr. í frv., kvikmyndastofnuninni heimilað að styrkja leiklist og hljómlist og aðrar slíkar listgreinar.

Við heyrum mjög oft talað um það, að kvikmyndir flytji hingað siðspillandi áhrif og að æskan sé í hættu vegna siðspillandi áhrifa kvikmyndahúsanna. Þetta er sjálfsagt ástæðan til þess, að þegar um það er að ræða að skattleggja kvikmyndasýningar, eru flestir sammála um, að það sé sjálfsagður hlutur að skattleggja þetta sem mest, og ár eftir ár voru svo fluttar till. hér um það af ríkisvaldinu að hækka hlutfallslega skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum. Seinasta skref í því efni var að leggja 200% álag á þennan kvikmyndaskatt, og virtist þá vera komið inn á svipaða braut og að gera þetta að verulegum tekjustofni fyrir ríkið, líkt og áfengi og tóbak. Virtist vera litið á þetta sem svipaðan ófögnuð og verstu nautnalyf, sem alls staðar þykir heldur vont að verði almenningsneyzla.

Spurningin er, hvort það er það ákjósanlegasta fyrir menningarþjóðfélag að þrælskattleggja starfsemi kvikmyndahúsa, gera það svo dýrt, að almenningur geti ekki átt aðgang að því, og líta á þetta sem andlegt eiturlyf, eða hvort það á að gera gangskör að því, að menningargildi þeirra kvikmynda, sem fluttar eru inn í landið, aukist. Ég er eindregið þeirrar skoðunar og minir meðflutningsmenn að þessu frv., að kvikmyndin sé ein af mestu uppgötvunum mannsandans og hafi menningargildi líkt og þegar prentlistin fannst, ef réttilega er á haldið, og það eigi því að taka þetta tæki úr þjónustu auðsöfnunar og búa svo um hnútana, að menningargildi hinna fegurstu kvikmynda nái til þjóðarinnar almennt og að hinum siðspillandi kvikmyndum sé bægt frá. Því er ekki að neita, að kvikmyndahúsin hér á landi og víðast hvar annars staðar hafa verið rekin með gróðasjónarmið fyrir augum, og þá skal engan undra það, þó að eigendur kvikmyndahúsanna leggi mest kapp á að flytja þær kvikmyndir inn, sem fá almennasta aðsókn, sem gefa þeim mesta gróðamöguleika, og þá eru það oft kvikmyndir, sem höfða til hinna lægstu hvata, og af því er allt talið sprottið um siðspillingu kvikmyndanna. En væri hægt að tryggja, að einungis væru sýndar þær kvikmyndir, sem gerðar hafa verið af mestu skáldverkum heims, meistaraverkum mannsandans, og kvikmyndir, sem sýna fólki hið fegursta, sem heimurinn á í sínum fórum, væri gildi kvikmyndahúsanna orðið allt annað. Það þarf því áreiðanlega ekki að vera eins og það er nú, að menn yfirleitt hatist við kvikmyndir og kvikmyndahús og reyni að bægja börnum sínum frá því að sækja þau. Það væri hægt að halda þannig á spilunum, að það þætti hinn þýðingarmesti þáttur í uppeldi hvers ungs manns og ungrar stúlku, að þau jafnvel færu sem oftast í kvikmyndahús.

Við flm. frv. hugsum okkur, að ríkið eigi að reka kvikmyndastofnun ríkisins, hún eigi að heyra beint undir menntamálastjórnina eins og skólar og útvarp og fyrsti þátturinn í hlutverki hennar sé að sjá um innflutning allra kvikmynda og velja þær eingöngu, eins og ég áðan sagði, út frá listrænum og menningarlegum sjónarmiðum. Ef hún flytti eitthvað inn af því kvikmyndarusli, sem nú setur meginsvip sinn á rekstur þessara stofnana, þá væri auðvitað sjálfsagt að leigja þær hærra verði til þess að draga úr notkun þeirra, en kvikmyndir með miklu menningargildi verði leigðar út ódýrar til þess að greiða fyrir sýningu þeirra og halda þeim fastar að fólkinu. Þessi stofnun á enn fremur að reka öll kvikmyndahús landsins. Hún ætti að telja það sitt aðalhlutverk að beita kvikmyndinni sem menningartæki í þjónustu allrar þjóðarinnar. Þessi stofnun ætti ekki að láta sér það nægja að reka aðeins kvikmyndahús í fjölmennustu kaupstöðum landsins, þar sem bezt eru skilyrði fyrir auðfenginn gróða af slíkri starfsemi, heldur ætti hún ekki hvað sízt að sjá um það, að fólkið úti um hinar dreifðu byggðir ætti jafngóðan aðgang að fögrum og göfgandi og fræðandi kvikmyndum og fólkið hér í miðbænum í Reykjavík. Og er þá eitt af hlutverkum þessarar stofnunar hugsað það að koma upp og starfrækja kvikmyndahús úti um allt land. Halli kynni að verða á slíkum kvikmyndahúsum, en fénu væri þó ekkert illa varið, þó að eitthvað væri tekið af gróðanum við kvikmyndahúsareksturinn í kaupstöðunum til þess að jafna menningarlega aðstöðu fólksins.

Það er líka eitt af grundvallaratriðum þeirrar hugmyndar, sem hér er borin fram, að rekstrarhagnaði þeim, sem skapast við kvikmyndarekstur ríkisins, skuli einungis varið til eflingar menningarstarfsemi þeirrar, sem stofnuninni er ætlað að hafa með höndum. Að því á t. d. að stefna að gera kvikmyndina að sem almennustu og þjóðlegustu menningartæki. Við teljum, að við merkar erlendar kvikmyndir eigi að gera íslenzka, ekki aðeins lesmálstexta, heldur einnig talmálstexta, áður en þær byrja hringferð sína út um byggðir landsins.

Það getur varla verið sársaukalaust því fólki, sem metur íslenzka tungu ofar öllum öðrum andlegum verðmætum, að sjá hér ekkert orð á móður-

málinu í fylgd með kvikmyndum, sem æskulýður landsins tileinkar sér með opnum hug og áfergju og hrifni á hverjum degi og stundum oft á dag meira að segja. Ég er hræddur um, að við yrðum stúrnir yfir því, ef prédikað væri á ensku eða hvaða erlendri tungu sem væri í kirkjunni. Og við mundum óttast, að þetta hefði spillandi áhrif á okkar tungu, væri henni hættulegt. En hvað þá um kvikmyndahúsin? Þar situr fólk hundruðum og þúsundum saman hvern dag, ekki bara á sunnudögum, og yfirleitt fólk, sem er í mótun. Það er af allt öðrum aldursflokkum en í kirkjunum. Það er fólk í mótun. Og þar sér það fyrir sér erlenda lesmálstexta og heyrir erlendar tungur, sjaldan eða aldrei íslenzkt orð með kvikmynd. Skal ég viðurkenna að fullu það gildi, sem felst í því fyrir aukna tungumálakunnáttu Íslendinga, að þetta er svona. En við það, að íslenzku vantar með þessum hinum beztu kvikmyndum, fer líka mikið af menningarlegu gildi hinna beztu þeirra fyrir ofan garð og neðan hjá unga fólkinu, og það fólk, sem ekki hefur tungumálakunnáttu, missir alveg af menningarlegu gildi hinna beztu kvikmynda.

Nei, við eigum í raun og veru ekki að sætta okkur við annað en að allar, a. m. k. beztu kvikmyndir, sem hér eru sýndar, verði sýndar með íslenzkum lesmáls- og talmálstextum. En það eru litlar eða engar líkur til, að þessi breyting verði, meðan einstaklingar reka kvikmyndahúsin. Það væri varla hægt að grípa svo inn í rekstur þeirra að skipa þeim að leggja í þennan mikla kostnað, og við vitum því, að það verður ekki gert, meðan kvikmyndahúsin eru í einstaklingsrekstri.

Eins og ég hef rétt vikið að, teljum við það eiga að vera eitt verkefna kvikmyndastofnunar ríkisins að efla innlenda kvikmyndagerð. Við teljum, að hún eigi sjálf að gera íslenzkar kvikmyndir. Sérstaklega mætti hugsa sér gerð fréttakvikmynda af merkisatburðum líðandi stundar, almennar fræðslukvikmyndir, bæði fyrir skólana og til almennrar alþýðufræðslu, kvikmyndir úr sögu þjóðarinnar, myndir úr atvinnulífinu, menningarlífinu o. s. frv. En ekki nóg með það: við teljum einnig, að kvikmyndastofnunin ætti að hafa forgöngu um kvikmyndun öndvegisskáldverka íslenzkra bókmennta að fornu og nýju. Við viljum ekki una því, að kvikmyndir af slíkum íslenzkum skáldverkum séu gerðar hingað og þangað úti í heimi við allt önnur skilyrði en þessir atburðir gerðust og þessi skáldverk sköpuðust. Til dæmis þegar Fjalla-Eyvindur, leikrit Jóhanns Sigurjónssonar, var kvikmyndað, var það gert norður á Lapplandi, en ekki á Íslandi, enda kom enginn íslenzkur aðili nálægt þeirri kvikmyndagerð, og hún er því ekki íslenzk í sinni gerð sem kvikmynd. Það er aðeins skáldverkið, sem er íslenzkt, en fært í erlendan búning.

Hér er sem sé um að ræða, að við teljum, að það eigi að verja verulegum hluta af fé kvikmyndastofnunarinnar til þess að gera kvikmyndirnar sjálfar íslenzkari. Auk þess er stofnuninni ætlað að kippa kvikmyndinni úr þjónustu auðsöfnunar og ómenningar og í þjónustu menningarstarfa. Fyrir utan þessa meginþætti í starfsemi stofnunarinnar teljum við flm., að það sé sjálfsagt, að íslenzk hljómlist og íslenzkur söngur verði eins og mögulega er hægt að koma því við látinn fylgja íslenzkum kvikmyndum, hvort sem það væru frétta- og fræðslukvikmyndir eða kvikmyndir um íslenzk skáldverk. Skapast þá í senn nýr möguleiki fyrir hina íslenzku hæfileika á þessu sviði til að spreyta sig á og íslenzk tónlist færi út um víða veröld ásamt kvikmyndinni, og gæti ég ekki ímyndað mér betri landkynningu en það hvort tveggja, ef Íslendingar tækju þetta föstum tökum.

Stjórn þessarar stofnunar höfum við hugsað okkur í höndum fimm manna kvikmyndaráðs, sem kosið væri af sameinuðu Alþingi að loknum almenum alþingiskosningum, og að öll yfirstjórn stofnunarinnar væri á hverjum tíma í höndum menntmrh. og fræðslumálastjórnarinnar.

Það væri hægt að ræða langt mál eiginlega um hvert atriði, sem kvikmyndastofnuninni er ætlað að rækja, en ég tel þess ekki þörf. Ég tel, að í grg. sé nokkuð vikið að þessum meginþáttum starfseminnar og að menn geri sér ljóst, að hér væri um það að ræða að taka kvikmyndahúsin, sem nú eru til, leigunámi eða eignarnámi og setja allan kvikmyndarekstur og allan kvikmyndainnflutning undir íslenzka ríkið, undir menntamálastjórnina.

Ég veit ósköp vel, að af góðum og gildum ástæðum mundi rísa andstaða gegn þessu máli í framkvæmd, og af því að það hefur verið hikað svo lengi við að gera þetta, þá er það dýrt auðvitað að þurfa að taka núverandi kvikmyndahús, sem í einkarekstri eru, eignarnámi, greiða sanngjarnt andvirði þeirra. En þegar frv. var flutt í fyrsta sinn, voru hér bara tvö kvikmyndahús í Reykjavík, Nýja-Bíó og Gamla-Bíó, annað í eigu útlendings, hitt í eigu íslenzkra manna. Nú eru þau orðin sjö eða átta, og því lengra sem líður, án þess að aðhafzt sé í þessu máli, verður umfangsmeira og erfiðara fyrir ríkið að yfirtaka kvikmyndareksturinn. En hann er ekki í höndum réttra aðila, eins og hann er, og val kvikmynda ekki heldur, og af því leiðir, að kvikmyndin er ekki sá þáttur í menningarlífi Íslendinga, sem hún auðveldlega gæti verið. Það er ekki nægilegt fyrir menn að segja gegn máli eins og þessu, að þeir séu á móti ríkisrekstri. Hér á ríkisrekstrinum við, og menn eiga að gera upp á milli þess, hvort ríkisreksturinn innir af hendi betri og jafnari þjónustu fyrir þjóðina en einstaklingsrekstur getur gert. Í þessu tilfelli er hægt að ná tvennu, sem einstaklingsrekstrinn getur ekki náð, þ. e. vali kvikmyndanna út frá menningarlegum sjónarmiðum, — hinir hljóta að líta á það frá fjárhagslegu hliðinni, einkaeigendur kvikmyndahúsanna, — og svo í annan stað, að öll þjóðin geti orðið aðnjótandi kvikmynda sem menningartækis, og það hygg ég að væri kannske nokkuð þýðingarmikið til þess að jafna dálítið metin milli dreifbýlis og þéttbýlis, sem sé gæti fallið undir talið um jafnvægi í byggð landsins, og ætti kannske, ef það væri þingnefnd, að vísa þessu máli til jafnvægisnefndarinnar. En hvaða þingnefnd sem færi með málið, væri líkleg til þess að vísa því aftur til jafnvægisnefndarinnar, og veit ég þá, að sú n. mundi áreiðanlega ýta fast á, að þetta mál yrði samþ. á Al-

þingi. Það er einn þátturinn í flóttanum utan úr dreifbýlinu, að þar vantar aðstöðu til samkvæmis og menningarlegra skemmtana.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri og legg til, að frv. verði vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til menntmn. með 16:2 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Síldarverksmiðjur ríkisins.

Á 19. fundi Nd., 15. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 1955, um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins [99. mál] (þmfrv., A. 114).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Samkv. lögum um síldarverksmiðjur ríkisins eru þessar verksmiðjur undanþegnar aukaútsvari til bæjar- og sveitarfélaga. Í stað þess er ákveðið í lögunum, að verksmiðjurnar skuli greiða svokallað framleiðslugjald af útfluttum vörum til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs, og nemur þetta gjald hálfum af hundraði, þó með þeim takmörkunum, að það megi ekki fara fram úr tilteknum hluta álagðra útsvara. Nú síðustu árin hefur verið mjög lítil vinnsla í verksmiðjum, af því að síldarafli hefur verið mjög lítill og tiltölulega meira saltað af síldinni en áður. Þær tekjur, sem hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög hafa haft af framleiðslugjaldinu, hafa því nú í seinni tíð orðið miklu minni en gert hafði verið ráð fyrir á þeim stöðum, þar sem síldarvinnsla hafði verið, er ákvæði laganna voru sett, og hefur þetta komið hart niður. Því var það, að á síðasta Alþ. voru sett sérstök lög um það, að framleiðslugjald það, sem síldarverksmiðjurnar greiða til Siglufjarðarbæjar, skyldi ekki fara niður fyrir 100 þús. kr. á ári, enda þótt framleiðslan væri minni en sem því svarar. Með setningu þessara laga var litið á þörf Siglufjarðarbæjar, en hann taldi sig hafa orðið mjög hart úti í þessu efni, þar sem framleiðslugjaldið hafði orðið mjög lítið síðustu árin, en á þeim tíma, sem síldarverksmiðjulögin voru sett, var þarna um verulegan tekjustofn að ræða, sem bæjarstjórnin að sjálfsögðu reiknaði með, en það liggur í augum uppi, hversu óþægilegt það er fyrir bæjarstjórn eða sveitarstjórn, að þessi tekjustofn skuli hafa rýrnað svo mjög og að ekki skuli vera hægt að reikna með neinni ákveðinni upphæð sem lágmarki, þegar fjárhagsáætlun er gerð.

Alþ. féllst á sjónarmið Siglufjarðarbæjar í fyrra, og því voru þessi lög sett. Nú hefur hreppsnefndin á Raufarhöfn snúið sér til mín varðandi þetta mál þar á staðnum, og ég hef því leyft mér að flytja frv. á þskj. 114 þess efnis, að framleiðslugjald verksmiðjunnar á Raufarhöfn til Raufarhafnarhrepps fari ekki niður fyrir 50 þús. kr. á ári.

Þetta frv. er í raun og veru alveg hliðstætt frv., sem samþ. var í fyrra varðandi Siglufjörð, og efnislega eins að öðru leyti en því, að hér er ekki farið fram á nema 50 þús. kr. lágmark, í staðinn fyrir að þar var gert ráð fyrir, að gjaldið færi ekki niður fyrir 100 þús. kr.

Til frekari rökstuðnings þessu máli, að því er varðar Raufarhöfn, vil ég leyfa mér að vísa til grg., sem fylgir frv., en á henni geta hv. þingmenn séð, hversu mikil breyting hefur orðið á framleiðslugjaldi verksmiðjunnar á Raufarhöfn í seinni tíð, og farið nærri um það, hvaða afleiðingar það hefur fyrir hreppsfélagið, þegar þessi tekjustofn hefur rýrnað svo mjög. Á þessum stað eru möguleikar til álagningar útsvara fremur takmarkaðir, en hreppsnefndin hefur nú síðustu árin vegna þess, hve framleiðslugjaldið hefur rýrnað, orðið að hækka útsvörin meira en eðlilegt hefur verið að gera.

Á Raufarhöfn er mikil þörf framkvæmda af hálfu hreppsins, sem ekki verður komizt hjá, og stafa þær framkvæmdir að töluverðu leyti einmitt af tilveru síldarverksmiðjunnar þarna og starfrækslu, þannig að það er í sjálfu sér mjög eðlilegt, að síldarverksmiðjur ríkisins beri allverulegan hluta af útgjöldum hreppsins, enda viðurkennt af Alþ. á sínum tíma með þeirri lagasetningu, sem ég hef áður drepið á.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að á sama hátt sem hv. deild og hv. Alþ. leit með skilningi og velvild á þörf Siglufjarðarbæjar í þessu máli í fyrra, þá verði nú einnig litið með skilningi á þörf þess hreppsfélags, sem hér á hlut að máli. Að öðru leyti er ég reiðubúinn til að gefa þeirri hv. n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, frekari upplýsingar um málið eða afla þeirra, ef þess er óskað.

Ég vil svo leyfa mér að leggja það til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn., en í þeirri n. ætla ég að sams konar frv. hafi verið til meðferðar á síðasta þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Togaraútgerð o. fl.

Á 25. fundi í Nd., 28. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um kaup og útgerð togara og stuðning við sveitarfélög til atvinnuframkvæmda [112. mál] (þmfrv., A. 136).

Á 40. fundi í Nd., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Forseti (SB): Við þessa útvarpsumræðu fær hver þingflokkur samkvæmt 54. gr. þingskapa 45 mínútur til umráða. Samkomulag hefur orðið um milli flokka að skipta ræðutímanum í tvær umferðir, 25 mínútur í fyrri umferð og 20 mínútur í síðari umferð. Röð flokkanna við báðar umferðirnar verður þessi: Fyrst er Alþýðuflokkur, annar Sameiningarflokkur alþýðu, Sósíalistaflokkur, þriðji Þjóðvarnarflokkur Íslands, fjórði Framsóknarflokkur og síðast Sjálfstæðisflokkur. Ræðumenn flokkanna verða þessir: Af hálfu *Alþýðuflokksins* Hannibal Valdimarsson, 3. landsk. þm., og Emil Jónsson, 5. landsk. þm. Af hálfu Sameiningarflokks alþýðu, Sósíalistaflokksins Karl Guðjónsson, 9. landsk. þm., og Gunnar Jóhannsson, 4. landsk. þm. Af hálfu Þjóðvarnarflokks Íslands Gils Guðmundsson, 8. þm. Reykv., og Bergur Sigurbjörnsson, 8. landsk. þm. Af hálfu Framsóknarflokksins Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf., Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M., og Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ. Af hálfu Sjálfstæðisflokksins Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf., og Bjarni Benediktsson dóms- og menntamálaráðherra.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Ekkert er þjóðfélaginu eins dýrt og láta fólk ganga atvinnulaust. Það er því ein af frumskyldum þeirra, sem löndum og lýðum ráða, að koma í veg fyrir atvinnuskort. Ef t. d. 1000 manns ganga atvinnulausir í 4 mánuði, kostar það þjóðfélagið ekki minna en a. m. k. 15—16 millj. kr. í töpuðum vinnuverðmætum. Og sennilega teldist það ekki almennt eða óvenjulegt atvinnuleysi, þó að í allt fyndust allt að 3000 manns í öllum bæjum og kauptúnum Vestfjarða, Norðurlands og Austurlands, sem væru atvinnulausir í 4 mánuði ársins. En samt hlytist af því beint framleiðslutap fyrir þjóðfélagið, sem næmi a. m. k. 45—50 millj. kr., og slík saga endurtekur sig því miður hjá okkur á ári hverju.

Auk fjárhagslega tjónsins getur ekki heldur dapurlegri sjón en að sjá efnilegt og vinnufúst fólk á bezta aldri með fullt vinnuþrek eigra um atvinnulaust og sjá enga möguleika til þess að sjá sér og sínum farborða. Þetta fólk þjáist af tærandi ótta við afleiðingar atvinnuskortsins. Atvinnuleysið dregur vissulega dug úr fólki og lamar þrótt þess. Atvinnuleysið er bæði persónulegt og þjóðfélagslegt eyðingarafl. Ekkert er ungu kynslóðinni heldur hættulegra en atvinnuleysi, enda gengur það glæpi næst að synja ungu fólki um að fá að beita kröftum sínum, synja því um að fá að vinna fyrir sér og vinna þjóð sinni gagn. Það er sennilega eitt af því fáa, sem ekki er deilt um hér á landi, að atvinnuleysi sé böl, sem þjóðfélaginu beri skylda til að fyrirbyggja með öllum ráðum.

En er þá nokkurt atvinnuleysi hér á landi um þessar mundir? Vissulega er það svo, því miður. Enginn má láta það villa sér sýn, þó að hér í Reykjavík og nágrenni hennar sé völ nægra verkefna fyrir alla þá, sem vilja vinna. Í þremur landsfjórðungum er það meira og minna algengt, að fólk gangi atvinnulaust mánuðum saman á hverju ári, sums staðar allt að því hálft árið. Þetta ástand er einna alvarlegast í bæjum og sjóþorpum, sem byggt hafa afkomu sína á síldveiðum og síldariðnaði, og enginn getur sakað fólkið á þessum stöðum um það, þó að síldin veiðist ekki og þó að dýrmæt atvinnutæki notist þannig ekki heldur ár eftir ár, en vissulega er bölið og tjónið jafntilfinnanlegt fyrir því. Litlu betra er ástandið þar, sem þorskveiðar hafa brugðizt árum saman á grunnmiðum og stór skip hefur vantað til að sækja afla á fjarlægari fiskimið. Það léttir ekki böl atvinnuleysingjanna, þó að ef til vill megi segja, að þetta sé í flestum tilfellum afleiðing þess, að erlendir veiðiþjófar hafa fengið að skarka svo nálægt ströndum landsins, að grunnmiðin mega heita eyðilögð. Það er léleg raunabót, þó að menn viti, að úr þessu hefði ef til vill mátt bæta með því, að stjórnarvöldin hefðu þorað að bægja veiðiþjófunum frá og rýmka friðunarsvæðin við strendur landsins, eftir að reynslan hafði staðfest, að hjá því yrði ekki komizt, ef vel ætti að gæta hagsmuna Íslendinga. Staðreyndin er samt sú, að þetta hefur ekki verið gert. Forsrh. og ríkisstj. hafa sagt eins og danski karlinn, sem sagði: Jeg tör ikke for Anne. — Þeir þora ekki að leysa lífsnauðsyn íslenzkra þegna fyrir brezkum ofríkismönnum, sem þá hins vegar langar til að selja óunninn fisk sér til einhvers hugsanlegs ábata annað slagið, en þjóðinni þó áreiðanlega bæði til tjóns og vanvirðu. Og þar við situr. Þar með er fólkið í þessum landshlutum látið eiga sig með sitt atvinnuleysi. Í það er í mesta lagi slett einhverri smáfúlgu af atvinnubótafé. En málið er stærra en svo, að það verði leyst á þann hátt.

Þetta frv., sem hér er til umr., bendir á allt aðrar leiðir, og skal ég nú gera nokkra grein fyrir efni þess og flutningi. Málið er flutt af fjórum þm., sínum úr hverjum stjórnmálaflokki, nefnilega hv. 9. landsk., Karli Guðjónssyni, hv. þm. V-Ísf., Eiríki Þorsteinssyni, hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundssyni, og mér. Frv. er, eins og segir í upphafi grg., að mestu leyti sniðið eftir fjórum lagafrv., sem fram komu á seinasta þingi og öll fjölluðu um togaraútgerð og lausn alvarlegra atvinnuvandamála. Öll miðuðu þessi frv. að því að auka framleiðslu sjávarafurða og vinna bug á atvinnuleysi því, sem landlægt er á vissum tíma árs víðs vegar á landinu. Efniviður sá, sem frv. er byggt á í sinni núverandi mynd, er þá í fyrsta lagi frv. til laga um smíði togara innanlands og aukningu togaraflotans. Það var þá flutt af fjórum þm. Sósfl. í Nd. Alþingis. Í öðru lagi er hér um að ræða frv. til laga um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar, flutt af mér og hv. þm. V-Ísf., Eiríki Þorsteinssyni. Það frv. hafði ég þá flutt þrisvar sinnum áður, fyrst í Ed., en síðan alltaf í Nd. Þriðja frv., sem hér um ræðir, er frv. til laga um útgerð togara til þess að koma á og við-

halda jafnvægi í byggð landsins, flutt af þremur þm. Framsfl. Þá er það fjórða frv., frv. til laga um stuðning við bæjar- og sveitarfélög til atvinnuframkvæmda, flutt af þremur þm. Sósfl., einnig flutt í Nd.

Nú varð það að ráði, að ekki skyldi þetta mál flutt af þessum þm. hvert í sínu lagi, heldur skyldu þau felld saman í eina löggjöf og þm. fjögurra flokka sameinast til flutnings á frv. Samtals hafa þessir flokkar öflugan meiri hl. á þingi, eða 31 þm., svo að með þessum samflutningi málsins ætti að vera miklu vænlegra en áður um framgang þess. Um nokkur önnur mál var þessi háttur einnig upp tekinn í byrjun þessa þings, að sameina þm. fleiri flokka um flutning meiri háttar mála. Má þar til nefna frv. um þriggja vikna orlof. Er vonandi, að þessi vinnubrögð leiði til þess, að þessi mál bæði verði nú afgreidd sem lög.

Þetta frv. er í fjórum köflum. I. kaflinn er um það, að ríkisstj. skuli leita eftir samningum við íslenzkar skipasmíðastöðvar um smíði þriggja togara af fullkomnustu gerð. Á því sviði hefur ísinn þegar verið brotinn um smíði stálskipa. Eitt skip hefur þegar verið smíðað. Það er dráttarbáturinn Magni, sem jafnframt er ísbrjótur í bókstaflegri merkingu, og nú er annað stálskip í smíðum, nefnilega björgunarskúta Norðurlands. Báðar þessar tilraunir þykja hafa tekizt með ágætum. Auðvitað á ríkisvaldið að hlúa að þessum nýgræðingi í íslenzkum iðnaði með því að fá honum í hendur sístækkandi verkefni til þess að glíma við. Og að sjálfsögðu á að stefna að því, að stálbátar, sem nú eru mjög að ryðja sér til rúms, og togarar okkar verði yfirleitt smíðaðir hér heima. Með þessu mundu skapast atvinnuskilyrði fyrir margar iðngreinar, svo sem skipaverkfræðinga, skipasmiði, rafvirkja, pípulagningarmenn, vélsmiði, húsgagnasmiði, málara og fleiri iðnstéttir.

Þá er einnig lagt til í I. kafla frv., að ríkisstj. skuli kaupa erlendis 12 fullkomna togara, og skuli við það miðað, að smíði þessara 15 skipa verði lokið á árunum 1957, 1958 og 1959. Í þessu skyni er ríkisstj. heimilað að taka allt að 100 millj. kr. lán. 10 af þessum 15 skipum er ríkisstjórninni heimilað samkvæmt frv. að selja samvinnufélögum, bæjar- eða sveitarfélögum, hlutafélögum eða einstaklingum eða hverjum öðrum lögformlegum aðila, sem slíkan atvinnurekstur vill annast.

II. kafli frv. er um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar. Þar segir, að ríkið sjálft skuli eiga og gera út ekki færri en 5 þeirra togara, sem um ræðir í I. kaflanum, og skuli þessir togarar fyrst og fremst afla hráefnis fyrir hraðfrystihús og önnur fiskiðjuver, sem illa eru hagnýtt vegna hráefnisskorts. Í þessum frv.-kafla segir enn fremur, að það skuli vera höfuðmarkmið þessarar togaraútgerðar ríkisins að jafna atvinnu í kaupstöðum og kauptúnum landsins með þeim hætti, að togararnir leggi þar einkum afla á land, sem atvinnuleysi geri vart við sig og mest sé þörf aukinnar vinnu hverju sinni. Einnig er heimilað að taka tillit til þess við ákvörðun staða, sem ríkistogari á að leggja afla sinn upp á, að illa hagnýtt fiskiðjuver fái aukið hráefni til vinnslu. Þarna er sem sé hugsað um þetta tvennt, að bæta fyrst og fremst úr atvinnuþörf fólksins, að hagnýta vinnuafl þess við framleiðslustörf í þágu þjóðfélagsins, og hins vegar að bæta hag atvinnurekenda, taka tillit til réttar fjármagnsins í atvinnurekstrinum með ríkisaðstoð um öflun hráefnis til vinnslunnar.

Ég minnist þess, þegar ég flutti frv. um ríkisrekstur togara til atvinnujöfnunar í fyrsta sinn, það var fyrir nokkrum árum, að fyndinn andstæðingur kallaði þetta hugmynd um flökkutogara. Það fannst mér vera ágætt nafn. En ég benti þá á, að slíkir flakkarar kæmu a. m. k. ekki betlandi um björg, heldur færandi hendi, berandi björg í bú þeirra, sem sætu annars auðum höndum og ættu þess ekki kost að vinna sér og sínum og þjóðfélaginu gagn. Þetta væru því þarfir og góðir flakkarar, sem menn ættu að taka vel á móti. Nú gera menn ekki heldur lengur að gamni sínu um ríkisrekna togara til atvinnujöfnunar. Það er orðin sannfæring fólksins víða um land, þar sem atvinnuleysið er árlegur óheillagestur, að honum verði ekki bægt frá dyrum með neinu öðru fremur en einmitt ríkisreknum togurum, sem leggi afla sinn á land ýmist á Austfjarða-, Vestfjarða- eða Norðurlandshöfnum o. s. frv., aðeins með tilliti til þess, hvar atvinnuþörfin sé mest og brýnust á hverjum tíma.

Þegar ég starfaði í atvinnumálanefnd ríkisins, kynntist ég þessu viðhorfi fólksins víða um land mjög vel, og það merkilega er, að fyrir þessu máli hefur engan áróður þurft að hafa í frammi. Það hefur mælt með sér sjálft. Hið vinnandi fólk hefur krafizt þess þráfaldlega, að þetta mál kæmi til framkvæmda. Nú fyrir nokkrum dögum gerði verkalýðsfélag Hólmavíkur t. d. svo hljóðandi samþykkt um atvinnuúrræði í því kauptúni og annars staðar, þar sem líkt stæði á:

„Almennur fundur í verkalýðsfélagi Hólmavíkur, haldinn 8. febrúar 1956, leyfir sér að skora á Alþingi og ríkisstj. að láta nú þegar koma til framkvæmda raunhæfar aðgerðir til jafnvægis í byggð landsins, t. d. með öflun hráefna til frystihúsa og annarra fiskiðjuvera, sem í ýmsum kauptúnum og kaupstöðum er varla hægt að starfrækja sökum hráefnaskorts. Í því sambandi vill fundurinn benda á frv. til laga nr. 136, flutt af Hannibal Valdimarssyni, Karli Guðjónssyni, Eiríki Þorsteinssyni og Gils Guðmundssyni, en frv. þetta virðist að verulegu leyti leysa þessi mikilsverðu mál, ef að lögum yrði."

Þessi ályktun talar skýru máli, og það er óyggjandi staðreynd, að meðan ekki fæst fram rýmkun á landhelginni, verður ekki ráðin bót á atvinnuleysi kauptúnanna í Strandasýslu og við austanverðan Húnaflóa með öðru móti fremur en einmitt aðfluttu hráefni til vinnslu á þessum stöðum. Þess vegna krefjast menn þess, að þetta frv. verði samþykkt og látið koma til framkvæmda.

Alveg sama er að segja um Vestfirðina alla. Með aumingjaskapnum í landhelgismálunum er búið að lama alla vélbátaútgerð í þessum landshluta og svo að segja ganga af henni dauðri.

Þar er því ekki um neitt annað að ræða fyrst um sinn en aukna togaraútgerð, enda eru þar úti fyrir einhver allra beztu togaramið í heimi. Áframhaldandi aðgerðarleysi og sinnuleysi ríkisvaldsins leggur þennan landsfjórðung blátt áfram í auðn á nokkrum áratugum, ef ekkert verður að gert, og væntanlega er þó ekki ætlunin að bíða eftir því, að svo fari.

Nú skal ég taka það fram, til þess að þeir, sem aldrei mega heyra ríkisrekstur nefndan, þurfi ekki af þeim sökum að snúast gegn málinu, að mér er rekstrarformið sjálft algert aukaatriði. Verði einstaklingsrekstri eða félagsrekstri í einhverri mynd við komið til þess að leysa þetta vandamál jafnvel, þá er mér það vitanlega jafnkært. Afnám atvinnuleysisins er aðalatriðið og kjarni málsins. En sé fordómalaust litið á málið, þá er augljóst, að sá hreyfanleiki, sem nauðsynlegur er á atvinnutækjunum til þess að ná þessu marki, verður aðeins tryggður með ríkisreknum togurum, og þess vegna og vegna þess eins er lagt til, að rekstrarformið ríkisrekstur verði viðhaft í þessu tilfelli. Sú aðalmótbára, að með ríkisrekstri nokkurra togara taki ríkið á sig verulega fjárhagslega áhættu, er fyllilega svaraverð, því að það er auðvitað hverju orði sannara. En því er þó fyrst til að svara, að enginn þarf að gera því skóna, að atvinnuleysisvandamálið verði nokkurn tíma leyst án mikils tilkostnaðar af hendi hins opinbera. Í annan stað ber ríkið bæði verulegan tilkostnað og áhættu af einstaklingsútgerð togara, eins og nú standa sakir. Ríkið annaðist í upphafi togarakaupin, lagði sjálft fram fé eða útvegaði það, gekk í ábyrgðir vegna nýju togaranna, og eins og á hefur verið bent af öðrum, eru þeir skattar, sem á voru lagðir á síðasta ári til að létta halla af togaraútgerð, jafnt teknir af íbúum þeirra staða, sem eiga togara og hafa fengið af þeim atvinnubót, eins og af hinum, sem ekki hafa fengið neina slíka aðstoð. Hins vegar ræður ríkið engu um það, hvernig rekstri þessara togara er hagað né hvar þeir leggi afla sinn á land. Í þriðja lagi geta svo töp fimm ríkisrekinna togara aldrei orðið nema lítill brothluti þeirra upphæða, sem atvinnuleysið tortímir og glatar, eins og ég sýndi fram á í upphafi máls míns. Að síðustu er svo þess að gæta, að sá tilkostnaður, sem fram er lagður til þess að útrýma atvinnuleysi, skilar sér auðvitað að nokkru aftur, bæði í bættum efnahag einstaklinga, í bættri rekstrarafkomu margra þýðingarmikilla atvinnufyrirtækja og í aukningu framleiðslu og gjaldeyristekna þjóðarinnar allrar.

III. kafli frv. er um það, að ríkisstj. skuli heimilað að verja allt að 5 millj. kr. til hlutabréfakaupa í félögum, sem stofnuð kunni að verða með þátttöku tveggja eða fleiri sveitarfélaga í þeim tilgangi að reka togaraútgerð. Þarna er ætlunin að opna möguleika til samvinnu milli sveitarfélaga og ríkisins til þess að útrýma atvinnuleysi á ákveðnum stöðum. Þessi samvinna er þannig hugsuð í aðalatriðum, að stofna skuli hlutafélög um togaraútgerð. Síðan skal safna hlutafé í heimahéraði, og þegar tekizt hefur að safna hlutafé, sem nemur a. m. k. 10% af áætluðum stofnkostnaði útgerðarinnar, hefur einnig skapazt réttur til 10% hlutafjárframlags frá ríkinu. Sé þessi leið farin, skal ríkisstj. enn fremur vera heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs allt að 80% af stofnkostnaði slíkra útgerðarhlutafélaga. Samkv. frv. er þannig hægt að velja um leiðir eftir því, hvers menn óska um það, hvaða kafli frv. eigi að koma til framkvæmda.

Þá skal aðeins vikið að efni IV. kafla frv., sem er um stuðning ríkisins við bæjar- og sveitarfélög til ýmiss konar atvinnuframkvæmda. Þar er ríkisstj. heimilað að taka 50 millj. kr. lán, sem síðan verði endurlánað bæjar- og sveitarfélögum til atvinnuframkvæmda og framleiðsluaukningar. Þessu fé mega sveitarfélögin verja til byggingar eða endurbóta á hraðfrystihúsum, fiskimjölsverksmiðjum, lýsisvinnslustöðvum, þurrkhúsum og til annarra fiskvinnslustöðva. Einnig má verja þessu fé til að bæta aðstöðu við afgreiðslu fiskiskipa eða til þess með einhverjum hætti að auðvelda hagnýtingu sjávarafla. Hér er því um það að ræða að skapa aðstöðu til að notfæra togaraafla til atvinnubóta, og er það auðvitað geysiþýðingarmikið atriði í sambandi við öflun sjálfs skipastólsins.

Þetta er þá í stuttu máli aðalefni þess frumvarpsbálks, sem hér er til umræðu. Það getur engum dulizt, að þetta er einmitt hið mikla mál hinna dreifðu byggða. Ekkert annað mál liggur fyrir þessu þingi, sem fólkið á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum leggur t. d. meiri áherzlu á að fá samþykkt en einmitt þetta, nema þá vera skyldi tillögurnar um rýmkun friðunarsvæðanna.

Þá er þess og að geta, að þetta frv. er að verulegu leyti byggt á atvinnumálasamþykktum, sem gerðar voru einróma á seinasta Alþýðusambandsþingi, og er víst, að samþykkt þessa máls mundi af verkalýðsfélaganna hendi verða tekið með mikilli velþóknun. En á sama hátt verða alþýðufólki um allt land það mikil og sár vonbrigði, ef stórmál eins og þetta verður svæft eða drepið einnig á þessu þingi. Færi svo, mundi alþýðufólk þúsundum saman missa trúna á, að nokkur alvara sé í öllu skrafinu um jafnvægi í byggð landsins, og óefað mundi það herða á fólksflóttanum til Suðvesturlandsins. Þetta er veigamikill þáttur í því að skapa aukið jafnvægi í byggð landsins og ætti því auðvitað að samþykkjast af öllum þeim, sem taka sér það mjög í munn.

Nú kynni einhver að segja sem svo: Er nokkurt vit í því að vera að fjölga togurum, þegar hvert einasta skip þarf a. m. k. 6 þús. kr. styrk á dag? Við þessu er fyrst því að svara, að án togara getum við alls ekki verið, og í annan stað minnir þessi taprekstur togaranna, sem meira en hálf þjóðin lifir þó á, hvað sem hver segir, einungis á það, að aðstöðu þeirra verður að bæta. Þeir verða að eiga eigin hraðfrystihús, saltfiskverkunarstöðvar og herzlustöðvar, og þeir verða að fá útgerðarnauðsynjar sínar á réttu verði. Það er á þann hátt, sem leysa þarf vanda togaraútgerðarinnar, svo að ekki sé þúsundataprekstur á þeim á hverjum

degi, og sleppa síðan öllum styrkjum til þeirra niður.

En höfum við þá ekki nógu marga togara fyrir? Er nokkur þörf á því að vera að fjölga þeim? Veit nokkur maður um, spyr ég, bæ eða byggðarlag, sem að skaðlausu fyrir atvinnulíf sitt gæti misst af togara og þeirri atvinnu, sem hann skapar í byggðarlaginu? Ég held, að enginn bendi á slíkan stað. En vantar þá nokkurs staðar togara? Jú, Vestfjarðasvæðið, sem bezt allra landshluta liggur við togaraútgerð, vantar a. m. k. þrjá togara, ef vel ætti að vera. Strandasvæðið og Húnaflóahafnir vantar togara. Sauðárkróki, Ólafsfirði og Húsavík er eitt skip alls ófullnægjandi. Mætti ekki minna vera en að hver þessara bæja styddist við útgerð eins togara. Neskaupstaður, sem er á stærð við hvern þessara bæja, hefur tvo togara auk mikils vélbátaflota og telur það vera sízt of mikið fyrir sig. Norðausturlandið vantar tilfinnanlega togara, og Austfjarðakauptúnin, sem nú hafa einn togara í samlögum, þyrftu nauðsynlega að fá 1—2 togara í viðbót. Þarna hefur strax verið bent á ákveðna staði, sem strax þyrftu að fá níu togara. Þá eru einir sex eftir til endurnýjunar og viðbótar annars staðar eftir 7 eða 8 ára hlé, síðan seinustu togararnir voru keyptir til landsins.

En eru þetta þá ekki draumórar einir, að hægt sé að verja 160 millj. kr. til kaupa á nýjum togurum og til atvinnubóta í landi? „Hvað er milljónin nú á dögum, góði minn," sagði fjármálamaðurinn í blaðaviðtali í vetur, og hvað eru þá 160 millj.? Það er um hálfs árs gjaldeyristekjur af Keflavíkurflugvelli, og til hvers skyldi þeim vera betur varið en einmitt í þessu skyni? Og þá er þess að gæta, að þetta framkvæmdaátak á að gerast á þremur árum. Það er því aðeins um 50—60 millj. að ræða á ári til þess að stíga þetta merkilega spor til atvinnujöfnunar í landinu og draga úr hinum óheillavænlegu þjóðflutningum til Suðvesturlandsins. Við höfum áður lyft miklu stærra taki og búum að því enn. Fyrir 10 árum voru keyptir 33 nýir togarar í einu og skömmu síðar bætt 10 togurum við. Það var stórátak, og þetta, sem hér er rætt um, er smámunir einir í samanburði við það.

Nei, nú duga engar úrtölur. Við megum ekki draga svo lengi að endurnýja togaraflotann, að það verði að gerast allt í einu eða á fáum árum. Hitt er miklu viturlegra, að gera sér ljóst, að við þurfum að eiga um 50 togara, getum ekki búizt við hærri meðalaldri en 25 árum, og verðum því að kaupa a. m. k. tvo togara á hverju ári aðeins til þess að halda í horfinu. Hér hefur því mikið verið vanrækt. Eiginlega skuldum við alla þessa 15 togara eðlilegu viðhaldi flotans á síðustu 7—8 árum. Stærra er nú þetta átak ekki, þegar alls er gætt. Jafnframt þessu kallar víða að stækkun hraðfrystihúsa, bygging annarra fiskvinnslustöðva, bætt afgreiðsluskilyrði og hafnaraðstaða í útgerðarbæjum og kauptúnum. Þetta á að gera, og þetta getum við gert. Þetta þurfum við líka að gera, því að okkur skortir tilfinnanlega erlendan gjaldeyri og notum illa vinnuafl þjóðarinnar. Þess vegna treystir Alþýðuflokkurinn því, að þetta frv. fái nú óskiptan stuðning allra þeirra þingflokka, sem þátt hafa tekið í flutningi málsins, og þar með ætti því að vera örugglega borgið.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að þetta frv. verði samþykkt, og vil þar næst mæla með því, að frv., þegar umr. lýkur, verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hv. 3. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, hefur gert hér svo ýtarlega grein fyrir efni frv. okkar fjórmenninganna um kaup og útgerð togara og stuðning við sveitarfélög til atvinnuframkvæmda, að ég get látið nægja örstutta upprifjun á aðalefni þess.

Frv. gerir ráð fyrir, að ríkið láti smíða 15 togara, þar af 3 innanlands. Það heimilar ríkisstj. að selja 10 þessara skipa einstaklingum, útgerðarfélögum eða bæjarfélögum, en mælir svo fyrir, að minnst fimm skipanna verði gerð út á vegum ríkisins til atvinnujöfnunar, þannig að aflinn verði hverju sinni lagður þar á land til vinnslu, sem ella væri hætta á atvinnuleysi. Enn fremur gerir frv. ráð fyrir því, að ríkið greiði götu bæjar- eða sveitarfélaga til þess að eignast veiðiskip þessi, með því að ríkissjóður geti, þegar svo þykir henta, verið meðeigandi í togara ásamt bæjar- eða sveitarfélögum, tveimur eða fleirum. Og að lokum, þótt ekki sé minnst vert um þann þátt málsins, er lagt til, að ríkið hafi forgöngu um lántöku, allt að 50 millj. kr., sem endurlánaðar verði bæjar- og sveitarfélögum til atvinnuframkvæmda og framleiðsluaukningar, svo sem til byggingar eða endurbóta á hraðfrystihúsum, fiskimjölsverksmiðjum, lýsisvinnslustöðvum eða til mannvirkja, sem bæta aðstöðu til afgreiðslu fiskiskipa eða með öðrum hætti auðvelda hagnýtingu sjávarafurða.

Mál þetta teljum við sósíalistar eitt hið allra mikilvægasta, sem fyrir þessu þingi liggur, og því höfum við óskað eftir, að þessi umræða fari fram í áheyrn alþjóðar. En við því hefur raunar verið þrjózkazt síðan fyrir áramót.

Ekki verður sagt, að efnisþættir málsins séu nýir af nálinni hér á þingi. Allir hafa þeir sézt hér áður, þótt það sé fyrst nú, sem þeir liggja frammi í einu frv. Í fyrra voru á ferðinni 4 frv. um þetta efni, eins og frummælandi hefur rakið. En þeir virðulegu hofmenn, sem hér stjórna vinnubrögðum, sáu ekki ástæðu til þess að afgreiða neitt þeirra. Öll komust þau til nefnda, en ekki heldur lengra, og verður þó ekki annað séð en að efni þeirra sé fyrir líf og afkomu fjölda fólks fullt eins mikilvægt og t. d. ákvörðunin um það, að Kópavogsbyggð skyldi fremur heita kaupstaður en hreppur. En til þess að koma þeirri nafnbreytingu á vakti þingið um nætur í fyrra, á meðan þessi mál dagaði uppi.

Nú höfum við flm. þessa frv. talið rétt, að athugun allra þessara málsþátta fylgist að og löggjöf um þá verði felld í eitt.

Það væri ekki með neinum ólíkindum, þótt nokkrar efasemdir vöknuðu hjá einhverjum mönnum, sem hugleiða það, að lagt skuli til á Alþ., að togaraflotinn verði aukinn og einhverjar vonir bundnar við sjávarútveginn. Máske verður líka spurt: Eru ekki togararnir ómagar, sem sjúga daglega 5000 kr. rekstrarstyrk hver um sig

undan blóðugum nöglum okkar fátæku þjóðar? Og er ekki sjávarútvegurinn sem slíkur vonlausastur af öllu vonlausu hjá þessari þjóð? Ekki ber því að neita, að þeir, sem telja, að hin æðstu sannindi sé helzt að finna í ríkisbókhaldinu og á skattaframtölum, munu geta fundið jákvæð svör við þessum spurningum. En sum sannindi bókhaldsins í okkar þjóðfélagi standast ærið illa fyrir dómstóli hinna köldu staðreynda og engin þó verr en ómegðarúrskurðurinn um útveginn.

Ef horft er fram hjá sleggjudómum og bókhaldsgöldrum, en litið af raunsæi á málefni togaraútvegsins, gildi hans og þróun, þá blasir það við, að togaraútgerðin er afkastamesta og að ýmsu leyti bezta útgerð Íslendinga þjóðhagslega séð. Má í því sambandi benda á, að útvegur þessi nýtur minni fyrirgreiðslu af hálfu ríkisins en öll önnur útgerð. Bátagjaldeyrir hefur ekki verið lagður á afurðir honum til styrktar.

Þá liggur það í augum uppi, að Íslendingar eru sífellt að sækja á fjarlægari fiskimið, og bendir allt til, að nauðsyn þess að auka veiðarnar á fjarlægu miðunum, t. d. við Grænland, muni fara vaxandi. En engin íslenzk fiskiskip eru vel til slíkra veiða fallin nema togararnir, og eru þó flestir þeir togarar, sem nú eru í eigu Íslendinga, að nokkru vanbúnir til mjög langsóttra veiða. Það er því augljóst, að hinir ágætu nýsköpunartogarar — en þeir elztu eru nú 9 ára gamlir — ganga úr sér og úreldast, og endurnýjun flotans kallar að á næstu árum. Þar að auki er núverandi togarafloti of lítill. Á árunum fyrir síðustu heimsstyrjöld voru jafnan gerðir út hérlendis fram undir 40 togarar, 36—37 togarar á árunum 1934—39, og hafði togaraflotinn þá hrörnað um skeið. Þótt þeir 33 togarar, sem kaup voru fest á á nýsköpunarárunum, ættu fyrst og fremst að bæta upp langvarandi skort á endurnýjun skipastólsins, var ekki reiknað með, að gömlu togararnir hyrfu jafnskjótt úr sögunni og raun hefur á orðið. Nú munu aðeins 2 þeirra reknir. Ólíklegt er, að þeir verði þannig gerðir út í framtíðinni, að afla þeirra gæti að nokkru ráði í heildarframleiðslunni. Auk togaranna frá tíð nýsköpunarstjórnarinnar hefur ríkissjóður látið smíða 10 togara, svo að í eigu landsmanna voru 43 nýlegir togarar, þar til á s. l. vetri, að 2 þeirra fórust, og hefur enn ekki verið fyllt í þau skörð, svo að af nútíma togveiðiskipum er nú aðeins til 41.

En þegar þess er gætt, að möguleikarnir til þess að hagnýta þau verðmæti, sem togararnir færa á land, eru margfaldir við það, sem áður var, þegar eingöngu varð að flytja fiskinn út ísvarinn eða salta hann, sést ljóslega, að það er hagfelldara nú en áður að leggja kapp á aukna togaraútgerð. Er það fyrst og fremst vegna tilkomu frystihúsanna, og einnig á skreiðarverkunin sinn þátt í því.

Þess verður þó þráfaldlega vart, að valdhafar þjóðfélagsins, bæði í stjórnarráði og bönkum, líta á útveginn frá bókhaldssjónarmiðinu, og í samræmi við það bera samskipti þeirra við hann svipmót af framkomu hins harðdræga húsbónda, sem fyrr á tímum kúgaði sveitarómagann til að skila búinu öllu því gagni, sem verða mátti, samtímis því sem niðursetningurinn var rækilega á það minntur, að verðleikar hans væru harla litlir, og honum svo illa skammtaður viðurgerningur, að tilveran varð sultur og seyra. Til að sannfærast um, að hér er rétt frá greint, geta menn t. d. flett upp í riti Framkvæmdabankans og lesið sér til um þróun þá, sem er að gerast í útlánastarfsemi bankanna. Þar er svo frá greint um árið 1954, að lánveitingar til landbúnaðarins jukust um 61 millj. kr., lán til verzlunar jukust um 42 millj. kr., lán til iðnaðar jukust um 13 millj., en lán til útgerðarinnar minnkuðu um 9 millj. kr.

En þótt stjórnarvöldin líti ekki stórum augum á útveginn, þá breytir það ekki þeirri staðreynd, að sjávarafli er alltaf nokkuð yfir 90% útflutningsverðmætanna, enda verða allar aðrar atvinnugreinar landsins að nærast á þeim gjaldeyri, sem útgerðin skapar. Þrátt fyrir lánsfjársveltuna og þrátt fyrir það, að margsinnis hefur komið til meiri og minni framleiðslutruflana, af því að þjóðfélagsleg aðstaða útvegsins hefur verið gerð svo ótraust sem raun ber vitni, hefur útgerðin í heild samt skilað vaxandi árangri ár frá ári að undanförnu. Aflabrestur í einstökum verstöðvum og á einstökum fisktegundum breytir ekki þeirri heildarútkomu. Aflamagnið síðustu 4 ár sýnir t. d. 23% aukningu á því tímabili. Það er því mjög villandi að telja fiskveiðarnar þjóðhagslega ótrygga atvinnugrein; þvert á móti reynast þær vera traustari þjóðarbúinu en flest sú starfsemi, sem nú fer fram á þurru, þrátt fyrir allt. Heildarafli síðustu ára er þessi: 1952 veiddust 332 þús. lestir af fiski. Næsta ár veiddust 337 þús. lestir. 1954 var aflinn kominn upp í 388 þús. lestir. Og á s. l. ári nam hann 409 þús. lestum. Á togara hefur að undanförnu veiðzt um helmingur aflamagnsins, en með því að bátaflotinn hefur vaxið og togaraflotinn minnkað nú um skeið, er afli togaranna nú nokkru minni en bátanna, eða 43% af heildaraflamagninu 1955, en var 54% af aflanum 1952.

Þess má geta, að á s. l. ári urðu þær einar breytingar á skrá um íslenzk botnvörpuskip, að 7 voru strikuð út af henni. Voru það 2 hinna nýju togara, er fórust, og 5 eldri togarar, sem seldir voru úr landi sem brotajárn. Þrátt fyrir mikla aukningu bátaflotans og nýtt flutningaskip rýrnaði skipastóllinn í heild á árinu 1955 um meira en 1000 rúmlestir, og er öll rýrnunin á togaraflotanum.

Af því, sem hér hefur verið drepið á, má glöggt marka, að áhugi stjórnarvaldanna beinist ekki að því að efla útveginn og sízt togaraútgerð. Og hið sama verður einnig upp á teningnum, ef litið er á stóru skattana, sem lagðir voru á fyrir rúmum mánuði undir því yfirskini, að þannig ætti að „bjarga" útgerðinni. Sannleikurinn um þá er sá, að þeir eru á lagðir til þess að fá útgerðarmenn, sem eru álíka skammsýnir og stjórnarherrarnir sjálfir, til þess að þegja í bili og mögla ekki, þótt t. d. olíusalar og útflutningseinokarar liggi þungt á herðum útvegsins. En ráðstafanirnar sem slíkar bjarga engu,

heldur þvert á móti koma þær atvinnugrein þessari í koll, eins og öllum þeim aðilum öðrum, sem eiga afkomu sína tengda eðlilegri framleiðslu.

Þeir, sem efast um, að æskilegt sé að auka togaraflotann, hafa það vissulega til síns máls, að aukningin er ekki einhlítt framfaraspor, nema henni fylgi bættir stjórnarhættir, þannig að ríkið kappkosti að byggja upp framleiðslukerfi, sem verði undirstaða að bættum efnahag, ekki einasta ríkissjóðs, heldur og miklu fremur fólksins, sem að framleiðslunni vinnur.

Það, sem hingað til hefur hindrað lagasetningu um aukningu togaraflotans, er ofríki og afturhaldssemi ríkisstj., sem setið hefur og enn lafir á stóli, nú mörkuð feigðinni. Einmitt nú, þegar fantatök hennar á liðsmönnunum eru tekin að daprast, er vert að kanna það, hvort manngrein einstakra þm. getur ekki þokað máli þessu áleiðis, meðan óráðið er, hverjir verða stuðningsmenn og hverjir andstæðingar næstu stjórnar, enda er þetta mál svo vaxið, að árangur þess kemur ekki fram þann dag, sem lög eru samþykkt, og er það ekki nýlunda, þótt ný skip sigli hér að landi, sem hreppt hefur aðra ríkisstj. en þá, sem sat, þegar smíðaákvörðunin var tekin. Og það er til huggunar, að nú er þó ekki mikil hætta á versnandi stjórnarfari.

Hvað sem líða kann rekstrarstyrkjum og efasemdum, sem þeir valda hinum varfærnustu mönnum, þá er aukning togaraflotans þjóðhagslegt velferðarmál, sem of lengi hefur dregizt. Þm. Sósfl. hafa á þingum margra undanfarinna ára barizt fyrir og flutt hvert frv. á fætur öðru um, að togarasmíðum á vegum Íslendinga væri haldið áfram, og allt frá 1953 höfum við lagt áherzlu á, að hluti af þessari nýsmíði færi fram hér innanlands, enda höfðu þá skapazt hér aðstæður til slíkra smíða, og eru nú stálskipasmíðar þegar hafnar hér, svo sem kunnugt er. Dráttarbátur Reykjavíkurhafnar, Magni hinn nýi, og björgunarskúta Norðurlands, sem nú er að því komin að hlaupa af stokkum, sýna, að íslenzkt handbragð í þessari iðn þarf ekki að vanmeta.

Það er líka sannast mála, að endurnýjun og aukning fiskiskipastólsins verður á næstu árum að vera verk íslenzkra handa og hugvits. Við verðum að skipa öndvegi sem fiskveiða- og fiskiðnaðarþjóð. Við verðum ekki einasta að tileinka okkur á hverjum tíma hinar beztu tæknínýjungar, sem fram koma hjá öðrum þjóðum, heldur verðum við og að nota eigin reynslu til stöðugra endurbóta á gerð og búnaði fiskiskipa og veiðarfæra. En það er augljóst mál, að á þetta mun jafnan skorta, meðan fiskiflotinn, bátar og togarar, kemur í hendur sjómannanna sem fjarlægir gripir, góðir eða lélegir eftir því, hvort lánið er hagstætt eða rangsnúið hverju sinni, en ekki nema að litlu leyti ávöxtur lífsreynslu þeirra, sem skipin nýta.

Hér er því ekki einungis um sjávarútvegsmál að ræða, heldur mundi einnig verða blásið hér lífi í hinn unga skipasmíðaiðnað, sem áreiðanlega á eftir að vinna hér stórvirki, ef hann fær að glíma við verkefni, sem honum eru samboðin, en svo mundi verða, ef að þessu ráði yrði horfið. Í nánustu framtíð er líklegt, að togarafloti landsmanna verði eitthvað yfir 50 skip. Óvarlegt er að reikna meðalendingu skipanna mikið yfir 25 ár. Endurnýjunarþörfin verður því 2 skip á ári, og ætti það að vera fast verkefni innlendra skipasmiða.

Og það eru raunar fleiri þjóðfélagsvandamál, sem yrðu auðveldari viðfangs, ef horfið yrði að því einfalda ráði að auka togaraflotann. Ársafli eins togara, sem sæmilega er rekinn, skapar um 12 millj. kr. gjaldeyrisverðmæti, sé hann fullverkaður og seldur þannig úr landi. Allir kannast við það, að í blöðum og bankastjóraræðum hefur mikið kvein verið að undanförnu af því tilefni, að gjaldeyrisaðstaða bankanna versnaði nokkuð á s. l. ári. Ekki var raunverulegur gjaldeyrishalli þó uggvænlegri en svo, að 3—4 togarar hefðu getað sléttað hann. Enginn þeirra, sem þessi mál ræða fjálglegast með tilheyrandi sparnaðarráðleggingum til handa alþýðu manna, virðist láta sér detta það í hug, að hægt sé að bregðast við þessum vanda með framleiðsluaukningu. Enginn þeirra sér neitt óeðlilegt við það, þótt viðhald togaraflotans sé með öllu vanrækt, þannig að ekkert skip er enn komið í skörð þeirra, sem týnd eru. Enginn þeirra virðist heldur telja það annað en sjálfsagt, þótt togarar liggi ónotaðir hálfu og heilu árin, af því að ríkið, sem er hinn raunverulegi eigandi allra skipanna, er að velta því fyrir sér, hver eigi að vera hinn skráði eigandi einhvers þeirra. Togararnir Askur, Vilborg Herjólfsdóttir og nú síðast Keflvíkingur hafa allir fengið að kasta mæðinni af þessum orsökum. Síðasttalda skipið er nú þessa dagana að ljúka ellefta mánuðinum í hvíldinni, og hávertíð er gengin í garð, en það er ekkert fararsnið á Keflvíkingi.

Það þótti fávísleg spurningin hjá karlinum, sem sagði: Ljósker, hvaða ker er það? En ríkisstj. gæti spurt: Vertíð, hvaða tíð er það? Slíkur er sljóleiki hennar gagnvart undirstöðuatvinnuvegi þessa þjóðfélags.

Hóflausar frátafir ágætra skipa frá sjósókn vegna bókhaldsörðugleika í landi eru auðvitað fráleitar með öllu og verri meðferð á almannaeign en svo, að slíkt megi þola. Höfum við því hinir sömu þm. og þetta mál flytjum, að undanteknum hv. þm. V-Ísf., Eiríki Þorsteinssyni, einnig flutt frv., sem skyldar ríkisstj., ef að lögum yrði, til að knýja eigendur ónotaðra togara til að gera þá út, eða ef það ekki tekst, að gera þá út sjálf til veiða á reikning ríkissjóðs.

Vinnuafl landsmanna er engan veginn fullnýtt, og margháttuð vandamál skapast einmitt af því, að enginn jöfnuður er á atvinnunni. Þess eru mörg dæmi, að menn neyðast til þess að yfirgefa eignir sínar, hús og óðul, af því að atvinnumöguleikarnir í heimahéraði þeirra eru látnir ónotaðir, og verða menn þá að flytja sig þangað, sem atvinna er fáanleg, en neyðast þá oft til að gefa allt, sem þeim kann að hafa áskotnazt á hálfri ævi, til þess að komast þar í okurdýrt húsaskjól, en ofurselja auk þess möguleika síðari ævihelmingsins fyrir skuld og vaxtaþunga sömu íbúðar. En hinir, sem engar eignir eiga eða geta ekki komið þeim í neitt verð, eiga

vart annars kost en að láta sér nægja ófullnægjandi húsnæði.

Þjóðfélaginu skapast af þessu sá vandi meðal annars, að byggingarframkvæmdir draga til sín mestan hlutann af fjárfestingunni, en framleiðslutækin taka ekki eðlilegri þróun og framleiðslan vex ekki að því skapi, sem efni gætu staðið til.

Með löggjöf slíkri sem þetta frv. miðar að væri hægt að tryggja stórlega bætta afkomu fólks í fjölmörgum kaupstöðum og kauptúnum, þar sem nú er óvissa og deyfð í atvinnulífi, og leysa þannig í senn þann vanda, sem þjóðfélaginu er á herðar lagður, og þau vandræði, sem einstaklingar hreppa í miklum og ótímabærum fólksstraumi, sem nú á sér stað frá þrem landsfjórðungum til Suðvesturlands og einkum til Reykjavíkur.

En hvað hafa stjórnarflokkarnir svo aðhafzt til að jafna kjör landsmanna, á meðan þeir hafa sofið á þessum málum? Eða hafa þeir ekki komið auga á nauðsyn þess að gera einhverjar ráðstafanir til að tryggja atvinnuöryggi fólksins utan Reykjavíkur og nágrennis.

Jú, þeir hafa séð nauðsynina. En í stað þess að samþykkja aukningu togaraflotans og atvinnujöfnun, byggða á aukinni framleiðslu, hafa þeir haft uppi óraunhæft hjal um jafnvægi í byggð landsins. Til framkvæmda og skipulagningar á jafnvæginu skipuðu stjórnarflokkarnir svokallaða jafnvægisnefnd fyrir þremur árum. Áhugi þeirrar nefndar, ef einhver væri, virðist þó einkum hafa beinzt að hinu innra jafnvægi stjórnarflokkanna. Tveir menn skipa nefndina. Annar þeirra er íhaldsþingmaður, kosinn á Vesturlandi, hinn er framsóknarþingmaður, kosinn í austurhluta landsins. Til jafnvægis búa þeir auðvitað báðir í Reykjavík. Nefndarmenn eru nafnar, svo að einnig í því efni hefur verið gætt jafnvægis. Sjálfsagt er það einna helzti áranguri nn af jafnvægisæfingum Gíslanna tveggja og stjórnarinnar, að þau byggðarlög, sem fastast hafa sótt að fá aðstöðu til togaraútgerðar, hafa verið kippuð svo mörg saman til kaupa á einu skipi, að breytingin á atvinnuástandinu hefur orðið ófullnægjandi öllum aðilum og framleiðsluaukningin engin, því að í stað þess að afla nýrra tækja til slíkra staða hefur stjórnin sölsað gömul skip út úr flokksbræðrum sínum annars staðar. Hitt vil ég ekki ætla þeim Gísla Guðmundssyni og Gísla Jónssyni, að þeir hafi svo illilega misst jafnvægið, að á þeirra reikning einna megi skrifa þá ráðstöfun framleiðslunni til handa, sem nú er vitað að íslenzk stjórnarvöld vinna að og líklegt er að komi til framkvæmda rétt á næstunni og hreint ekki síðar en að afstöðnum væntanlegum alþingiskosningum á komandi vori, ef afturhaldi landsins kynni þá enn að endast þróttur til faðmlaga í ríkisstjórn, en það er að hætta vinnslu verulegs hluta togaraaflans hér á landi og taka á ný upp ísfiskssölur togaranna á hinum tombólukennda markaði í Bretlandi.

Ég hef áður bent hér á þá grátbroslegu staðreynd og get endurtekið það nú, að helzt hefur það orðið atvinnulífi íslenzku þjóðarinnar til bjargar á síðustu árum, að erlendir vildarvinir ríkisstjórnarinnar hafa beitt okkur fólskubrögðum, svo sem Bretar gera með löndunarbanninu. Löndunarbann þeirra hefur neytt okkur til að fullvinna okkar afurðir. Það hefur neytt okkur til þess að nýta þá markaði, sem beztir hafa reynzt okkur. Það hefur lagt grundvöll að þeirri hagsæld okkar, sem jafnvel hin versta ríkisstjórn gat ekki afmáð. En það átakanlegasta af öllu því, sem núverandi ríkisstjórn skilur eftir í sló sinni, er sú fyrirmunun að hafa ekkert lært af löndunarbanninu, heldur ganga enn með auðmýkt og biðjandi eftir brezkum stjórnarvöldum og togaraeigendum, — en forkólfur þeirra er Croft nokkur Baker, sá sem taldi Íslendinga vera banamenn skipverjanna á tveim brezkum togurum, sem fórust á Halamiðum í fyrra, — og sækja undir þeirra náð og miskunn að fá að taka upp að nýju þá verzlunarhætti með óunninn fisk, sem fyrirsjáanlega leiða til stórfelldra vandræða og fjármálaöngþveitis hér heima. Og það fer ekki á milli mála, að til þess að öðlast vonina um að geta tekið upp þessi viðskipti, svo fráleit sem þau eru, er bitinn hausinn af allri skömm með því, að okkar stjórnarvöld hafa sýnilega orðið að gjalda áheyrn þokkapiltanna þar ytra með fyrirframvíxli, sem á var loforð um að neyta ekki réttar Íslands til stækkunar á landhelginni eða til aukinna friðunarsvæða á Íslandsmiðum að sinni, og fregnir hafa meira að segja borizt um það, að einnig hafi þar ytra verið rætt um sérréttindi Breta í landhelgi okkar, hvort sem loforð um það hefur nú verið skráð og gefið eða ekki.

Í dag er ekki annað sýnna en að til verulegrar sölu óunnins fisks muni koma, enda er flestu svo háttað um þarfir og aðstöðu togaraútgerðarinnar, að öll sú útgerð, sem ekki á sérstaklega vandabundið við vinnslustöðvar eða verkafólk í landi, hlýtur að hyllast til útsiglinga. Og þótt hér sé ekki kostur á að rekja allt, sem að því hnígur, má nefna hinn mikla mun á verðlagi útgerðarnauðsynja hér og erlendis, en olíuverðið hér heima er t. d. 20—60% hærra en í nágrannalöndum okkar. 5000 kr. dagstyrkurinn úr ríkissjóði er hins vegar hinn sami, hvort sem togari siglir eða veiðir til vinnslu innanlands.

Ef svo kynni að fara, að helmingur togaraaflans yrði fluttur út óunninn, mundi það þrengja mjög kost þeirra, sem atvinnu hafa við verkun sjávarafurða. Það mundi enn stuðla að því að fækka fólki við framleiðslustörfin, og stjórnarvöldunum er nú vafalaust sama um það, því að aðgerðarkarlar og frystihúsakerlingar, það er ekki hennar fólk, en dálítið munar nú samt um handtökin þess. Helmingur togaraaflans fullunninn er raunar 240 millj. kr. virði. Einungis þriðjungur þess verðmætis getur fengizt, ef skipin sigla. Þar týnast því 160 millj. kr. Nú þykir válega horfa, af því að 46 millj. kr. vantar á, að gjaldeyrisjöfnuður næðist síðasta ár. Hvað mundi vanta, þegar svo væri komið?

En auk fólksins, sem vinnur við afurðirnar, mundi iðnaðurinn, siglingarnar, verzlunin og raunar allar aðrar atvinnugreinar landsins súpa seyðið af þeim óheillaráðstöfunum, og það mundi ríkissjóður einnig gera, því að allt er þetta óstarfhæft, nema það sé matað á gjaldeyri útvegsins, — útvegsins, þessa ómaga, sem finir

menn telja sig halda lífinu í með drykkjuskap og lúxusbílakaupum fyrir hugvitsama milligöngu ríkisstjórnarinnar.

Sú neikvæða stjórnarstefna, sem gegn þessu máli hefur staðið, liggur nú í þessum töluðum orðum rotuð af höggi fylgjenda sinna í öðrum þeim flokki, sem að henni stendur. Engum framsæknum Íslendingi mun harmur að því kveðinn. Hér er þó ekki nóg að gert. Það verður að ganga svo frá, að sú þjóðmálaófreskja, sem þar hneig, rísi ekki upp að nýju til að slá kaldri hönd á íslenzk framfaramál. Framgangur þessa frv. nú gæfi nokkra tryggingu fyrir því, að hún mætti liggja kyrr á beði sínum, en frá dys hennar verður endanlega gengið í kosningunum í vor.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. og flutt er af okkur fjórum þm. fjögurra flokka, felur í sér þessi meginatriði:

Í fyrsta lagi, að fyrir atbeina ríkisins verði á næstu þrem árum, 1957—59, smíðaðir og keyptir hingað til lands 15 togarar af fullkomnustu gerð, þar af 3 smíðaðir í landinu sjálfu. 10 af þessum skipum skal heimilt að selja bæjar- og sveitarfélögum, samvinnufélögum, hlutafélögum, einstaklingum eða hverjum þeim lögformlegum aðilum, sem reka vilja slík skip hérlendis.

Í öðru lagi: Ríkið geri sjálft út eigi færri en 5 hinna nýju fyrirhuguðu togara, og skulu þeir fyrst og fremst afla hráefnis fyrir hraðfrystihús og önnur fiskiðjuver, sem ekki eru að fullu hagnýtt sakir skorts á hráefni.

Í þriðja lagi: Ríkisstj. sé heimilt að verja allt að 5 millj. kr. til að kaupa hlutabréf í hlutafélögum, sem stofnuð kunna að verða með þátttöku tveggja eða fleiri bæjar- eða hreppsfélaga til að reka togaraútgerð á þeim stöðum, þar sem atvinna er stopul og fiskvinnslustöðvar skortir hráefni.

Þá er ríkisstj. heimilað að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, allt að 80% af stofnkostnaði slíkra útgerðarfélaga, er bæjar- og sveitarsjóðir standa að.

Í fjórða lagi: Ríkisstj. er heimilað að taka 50 millj. kr. lán, sem endurlánað verði bæjar- og sveitarfélögum til byggingar og endurbóta á frystihúsum, fiskimjölsverksmiðjum, lýsisvinnslustöðvum og til annarra mikilvægra fiskvinnslustöðva.

Þá hefur frv. og að geyma lánsheimildir vegna togarakaupanna og þeirra framkvæmda annarra, sem hér eru ráðgerðar.

1. flm. þessa frv., Hannibal Valdimarsson, hefur þegar gert svo glögga grein fyrir málinu, að ég tel ekki þörf á eða ástæðu til að fjölyrða mjög um efni þess í einstökum atriðum. Þess í stað vil ég leitast við að svara tveim spurningum, en jákvætt svar við þeim er alger forsenda þess, að frv. slíkt sem þetta eigi rétt á sér. Spurningarnar eru þessar: Er þörf á því að auka fiskiskipaflotann og bæta og efla fiskiðnaðinn víðs vegar um landið? — og: Er vit í því, eins og högum útgerðarinnar er komið, að festa fé þjóðarinnar í auknum fiskiskipaflota og fiskiðjuverum?

Um þörfina á auknum fiskiskipaflota, fleiri og stærri hraðfrystihúsum og betri aðstöðu til fiskiðnaðar ætla ég að þurfi naumast að deila. Þó eru til menn, sem halda því fram vegna algers misskilnings á orsökum ríkjandi öngþveitis í fjárhags- og dýrtíðarmálum, að nú beri að skera stórlega niður fjárveitingu til þeirra atvinnugreina, sem eiga við rekstrarerfiðleika að etja, en þar er sjávarútvegurinn efstur á blaði. M. ö. o.: Viss öfl eru að leitast við að læða inn hjá þjóðinni þeirri falskenningu, að sjávarútvegurinn sé orðinn hálfgerður ómagi á þjóðinni og því beri að verja fjármagninu til arðbærari atvinnugreina. En skyldi ekki fara svo, að mörgum tæki að þykja þröngt fyrir dyrum, þegar svo hefði verið þjarmað að sjávarútveginum, að hann ætti sér ekki viðreisnar von? Hann er þó sá atvinnuvegur, sem nálega öll gjaldeyrisöflun þjóðarinnar byggist nú á. Og eigi þess að vera nokkur kostur á næstu árum að auka útflutningsverðmætin og þar með þá fjármuni, sem þjóðin hefur úr að spila sér til lífsframfæris og margvíslegra framkvæmda, þá er efling sjávarútvegsins fljótvirkasta og stórvirkasta leiðin til að ná því marki. Ég vil ekki fullyrða, að þeir menn, sem mestu hafa ráðið um stjórnarstefnu síðustu ára, hafi sagt það berum orðum, að sjávarútvegurinn sé orðinn ómagi á þjóðinni, en hitt er staðreynd, að sumar aðgerðir þeirra benda ótvírætt í þá átt, að þeir líti þannig á. Alger kyrrstaða hefur ríkt að því er varðar viðhald og stækkun togaraflotans, þeirra veiðiskipa, sem ein geta í skjótri svipan og með sæmilegu öryggi bætt úr óviðunandi atvinnuástandi í tilteknum landshlutum, þar sem vélbátaútgerð er margvíslegum annmörkum háð sakir langvarandi aflatregðu og ofboðslegrar ágengni erlendra fiskiskipa. Nú eru 8 ár liðin síðan nýr togari hefur verið keyptur til landsins, en með tilliti til eðlilegs viðhalds togaraflotans eingöngu þyrfti að kaupa sem svarar tveimur skipum á ári a. m. k. Sér hver maður, hversu óheppilegt það er, ef allur togarafloti landsmanna verður gamall og úreltur svo að segja samtímis. Vitanlega ætti að stefna að því í framtíðinni að endurnýja flotann og auka sem jafnast, láta ekki mörg ár líða án þess, að ný skip bætist í hópinn. Að sjálfsögðu er það óhentugra á alla lund að hafa þann hátt á að láta endurnýjun skipastólsins liggja niðri árum saman, en neyðast síðan til að endurnýja hann nálega allan á skömmum tíma. Og því aðeins taldi ég réttmætt að flytja frv. um byggingu svo margra togara í senn sem hér er ráð fyrir gert, að okkur er þess full þörf að auka flotann, jafnframt því sem endurnýjun hans hefur verið vanrækt nú um langt skeið. Síðan ætti að stefna að því, að nýsmíðar togara gætu orðið sem allra jafnastar, og að sjálfsögðu hlýtur það að vera keppikefli okkar, að þær geti orðið íslenzk atvinnugrein. Stálskipasmíði er þegar hafin hér á landi, þótt í smáum stíl sé, og virðist gefa góða raun. Án efa er hér um að ræða vísi að innlendum skipasmíðaiðnaði í miklu stærri stíl en enn á sér stað. Til þess að styðja þá þróun og flýta henni leggjum við flm. þessa frv. til, að leitað skuli samninga við íslenzkar skipasmíðastöðvar um smíði þriggja hinna fyrirhuguðu togara. Erum við þeirrar skoðunar, að jafnvel þótt þeir

togarar verði eitthvað dýrari en skip smíðuð erlendis, beri að gera þessa tilraun. Má og tvímælalaust gera ráð fyrir því, að með bættri aðstöðu og aukinni reynslu fari sá verðmunur minnkandi. Um hitt þarf ekki að fara í neinar grafgötur, að það er ekki aðeins metnaðarmál, heldur einnig hagsmunamál okkar Íslendinga, að innlendur stálskipaiðnaður eflist og þróist sem bezt. Slíkar smíðar veita ekki aðeins atvinnu fjölda iðnaðarmanna og spara gjaldeyri, heldur má vænta þess, að áður en langt um líður fáum við betri skip en ella, sniðin eftir íslenzkri reynslu og þörfum og miðuð við staðhætti hér við land. Sú hefur reynslan orðið um innlendar bátasmíðar, og svipað mundi án efa gerast að því er togara og önnur stálskip varðar. Við eigum þegar álitlegan hóp sérmenntaðra manna á sviði skipasmíða, og ég er sannfærður um, að þeir munu reynast þess megnugir að leysa af hendi vandasöm verkefni, sjálfum sér til sóma og þjóð sinni til gagns.

Fiskur úr togurum, verkaður hér innanlands, hefur á undanförnum árum bætt stórlega atvinnuástandið á þeim stöðum, þar sem hans hefur verulega notið. En mörg eru þau kauptún og sjávarþorp, sem orðið hafa í þessu efni afskipt að mestu eða öllu leyti, og þar hefur atvinnuleysið víða herjað með öllum þeim afleiðingum, sem það hefur í för með sér. Fjölda vinnufúsra handa á Vestur-, Norður- og Austurlandi hefur skort verkefni á undanförnum árum, einkum að vetrinum. Menn hafa aðeins átt um tvo kosti að velja, að sitja heima aðgerðalitlir og bjargarsnauðir eða hrekjast að heiman í atvinnuleit. Oftar en skyldi hafa þeir menn, sem síðari kostinn völdu, horfið frá íslenzkri framleiðslu og í stað þess tekið upp vinnu við hervirkjagerð eða önnur þjónustustörf fyrir erlent herlið. Þetta hefur gerzt hjá þjóð, þar sem óleyst verkefni og ónotaðir möguleikar blasa hvarvetna við, bæði til sjávar og sveita.

Hefur þá ekkert verið gert af opinberri hálfu til að bæta aðstöðu þess fólks, sem skort hefur atvinnu um lengri eða skemmri tíma ár hvert? Nokkrir tilburðir hafa verið til þess hafðir, en meira hefur verið þar um fálm og kák en föst tök og varanlegar úrbætur. Nokkrum milljónum hefur verið varið í þessu skyni, en ýmist úthlutað eins og fátækrabrauði eða pólitískri náðargjöf. Þess eru dæmi, að forvígismenn sveitarfélaga hafa leitað á náðir hins opinbera vegna atvinnuframkvæmda, sem hreppsfélög þeirra stóðu í, en komið að harðlæstum dyrum. Síðan hafa landskunnir skuldakóngar, sem gutla í pólitík, verið látnir taka að sér erindreksturinn, og þá hafa allar hurðir og fjárhirzlur hrokkið galopnar. Svo eiga þakkirnar fyrir aðstoðina að koma á kjörseðlinum við næstu kosningar. En lítið er þá eftir af skapi Íslendinga, ef þær þakkir koma allar til skila með þeim hætti, sem valdhafarnir ætluðust til.

Árið 1952 skipaði félmrh. svonefnda atvinnumálanefnd ríkisins, er skyldi rannsaka og gera till. um, á hvern hátt megi með mestum árangri vinna gegn því árstíðabundna atvinnuleysi, sem orsakast af því, hve atvinnuvegir landsmanna eru háðir árstíðum. Var n. einkum ætlað að miða rannsóknir sínar og till. við kauptún og kaupstaði, þar sem veruleg brögð höfðu verið og voru að atvinnuleysi. Nefnd þessi vann mikið og að mörgu leyti merkilegt starf, og fyrir rúmu ári kom út fjölrituð bók, sem nefndist „Álit og tillögur atvinnumálanefndar ríkisins". Rit þetta hefur að geyma mikinn fróðleik um atvinnuástand og atvinnuskilyrði í 44 kaupstöðum og kauptúnum víðs vegar um land svo og ábendingar og till. um það, hvað nauðsynlegt sé og tiltækilegt að gera á þeim mörgu stöðum, þar sem atvinnutæki eru ýmist af skornum skammti eða ekki fullnýtt einhverra hluta vegna. Þar með hafði n. lokið sínu starfi, og kom nú til kasta Alþingis og ríkisstj. að hagnýta þessar upplýsingar og ábendingar og leggja grunninn að skipulegu viðreisnar- og endurbótastarfi. En hver eru afrekin? Hver hefur verið forusta ríkisstj. í þessu mikilvæga máli? Harla vesæl og fálmkennd, svo að ekki sé fastara að orði kveðið. Atvinnumálanefndin leggur réttilega á það ríka áherzlu, að aukið magn af fiski til vinnslu og bætt aðstaða til fiskiðnaðar sé mjög víða skjótasta og hentugasta úrræðið atvinnulífinu til eflingar, annar iðnaður og iðja þurfi að vísu að rísa upp á ýmsum stöðum og þróast á heilbrigðan hátt, en hitt sé þó í bili veigamest og árangursríkast, að fiskiðnaðurinn nái að eflast. Sums staðar geti aukin vélbátaútgerð verið úrræðið, en á öðrum stöðum sé naumast um annað að ræða en fisk úr togurum. Telur n., að sérstakra ráðstafana sé þörf í þessu efni að því er varðar ýmsa staði á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum. Í till. n. er sérstök áherzla lögð á það, að bæta þurfi útgerðarskilyrði á þessum stöðum, svo sem með endurbótum á fiskiðjuverum, en jafnframt og ekki síður beri að gera ráðstafanir til þess, að fiskiðjuverin fái aukið hráefni til þess að vinna úr. Um þetta atriði farast nefndinni m. a. orð á þessa leið:

„Þegar n. leitaði eftir tillögum frá hinum ýmsu útgerðarstöðum um úrræði gegn atvinnuleysinu, voru flest svörin á eina leið: Við þurfum fyrst og fremst að fá meira hráefni fyrir fiskiðjuverið til að vinna úr. Víst er þessi ósk eðlileg, eins og sakir standa nú. Bak við óskina um aukið hráefni mun búa hugsunin um upplögn togarafisks til frystingar, herzlu og saltfiskverkunar. Eins og nú er háttað sölumöguleikum okkar á togarafiski, er þessi leið að ýmsu leyti álitleg," segir í áliti nefndarinnar. Síðan ræðir nefndin nánar um möguleika til öflunar aukins hráefnis handa fiskiðjuverum og fjallar þar m. a. um þær tvær leiðir, sem áherzla er lögð á í því frv., sem hér er nú til umræðu, stofnun hlutafélaga til togaraútgerðar, þar sem bæjar- og sveitarfélög væru aðilar, er hið opinbera kæmi til aðstoðar, og ríkisútgerð togara til atvinnujöfnunar. Það má því telja, að frv. okkar fjórmenninganna sé helzta umtalsverða tilraunin í þá átt að bæta úr brýnni atvinnuþörf fjölmargra kaupstaða og kauptúna og koma þar með í framkvæmd nokkru af því, sem atvinnumálanefnd ríkisins telur brýnasta nauðsyn til bera, ef leysa á einn hinn stærsta vanda, sem að okkur steðjar á sviði atvinnumála.

Nú kunna einhverjir að ályktа eitthvað á þessa

leið: Það væri vafalaust mjög æskilegt að auka togaraútgerð landsmanna og þar með atvinnu manna og heildarframleiðslu þjóðarinnar, en þar sé sá hængur á, að togaraútgerð beri sig ekki, hún sé nú að færast í kaf í vaxandi flóði óstöðvandi verðbólgu og sé nú einungis haldið á floti með stórfelldum styrkjum. Þetta er að vísu rétt, svo langt sem það nær. Hér er við sérstakt vandamál að etja, vandamál, sem valdhafar þjóðarinnar hafa hvorki haft vilja né getu til að leysa. Hin skefjalausu gróðasjónarmið burgeisanna, sem ráða Sjálfstfl., hafa ráðið lögum og lofum með þeim afleiðingum, að útvegurinn er mergsoginn og tap hans síðan þjóðnýtt. Á sama tíma getur verið gróðavegur að verka sjávarafla, annast um flutning hans til markaðslanda og sjá um sölu hans þar. Þeir, sem komið hafa sér vel fyrir í verzlun og viðskiptum og fá að ráðstafa þeim gjaldeyri, sem fyrir sjávaraflann fæst, virðast margir hverjir hagnast prýðilega og þá ekki síst þeir, sem selja hinum þrautpínda sjávarútvegi nauðsynjar hans. Hér þarf að sjálfsögðu að verða gerbreyting á. Rekstrarfyrirkomulagi útvegsins þarf að breyta í það horf, að þeir, sem eiga lífsafkomu sína undir fiskveiðum, fái aukna hlutdeild um reksturinn og sem fyllsta tryggingu fyrir því, að sannvirði vinnu þeirra falli þeim í skaut, en gufi ekki upp að verulegu leyti einhvers staðar á leiðinni. Útgerðarsamvinnufélög, sem njóta stuðnings og fyrirgreiðslu ríkisvaldsins, eru án efa ein þeirra leiða, sem fara verður í stórum stíl til að ná þessu marki. Þá verður og að koma á fullum tengslum milli útgerðarinnar og fiskiðnaðarins. Það er ein meginforsenda þess, að þeir, sem að sjávarútvegi vinna, njóti þess alls, sem fiskveiðarnar gefa í aðra hönd. Hið sama gildir raunar um verzlun með fisk og fiskafurðir svo og verzlun með nauðsynjar útvegsins. Jafnframt ber og brýna nauðsyn til þess, að lagt sé til atlögu við verðbólguna og leitazt við að bæta svo sem verða má fyrir þau afglöp, sem einkennt hafa allan feril þeirrar óstjórnar, sem hér hefur helzt til lengi hangið við völd.

Það mun naumast dyljast nokkrum hugsandi manni, að eina von íslenzkrar þjóðar til viðreisnar og bjargar er gerbreytt stjórnarstefna, þar sem auðhyggju- og gróðasjónarmiðin verða að þoka, en alþýðustéttirnar til sjávar og sveita ná að taka höndum saman í þróttmiklu starfi við uppbyggingu íslenzks atvinnu- og efnahagslífs, sem nú er að hrynja í rúst. Ríkjandi stjórnarstefna hefur beðið algert og óumdeilanlegt skipbrot. Verðbólga, skattpíning, brask og hermang eru þau fjögur orð, sem gleggst einkenna feril hennar og munu verða þau eftirmæli, sem hún hlýtur á spjöldum sögunnar. Með hinum ofboðslegu nýju skattaálögum, sem hún dembdi á þjóðina fyrir nokkrum vikum, mátti svo heita, að hún kórónaði öll sín fyrri verk. Afleiðingar þeirra glapa bitna nú á þjóðinni með síauknum þunga og munu gera það í æ ríkari mæli næstu mánuði og missiri. En hvað tekur við? munu margir spyrja. Hverjar horfur eru á því, að nú létti senn því svartnætti afturhalds, sem grúft hefur yfir þjóðinni? Er nú loksins að því komið, að þeir menn, sem helzt til lengi og af furðulegri auðmýkt hafa þjónað öflum íhalds og auðhyggju, bæti ráð sitt og segi: Hingað og ekki lengra. Nú ætlum við að snúa við og taka að byggja það upp, sem við höfum hjálpað íhaldinu til að rífa niður. — Engir mundu fremur enn við þjóðvarnarmenn fagna slíkum sinnaskiptum, en þau verða að lýsa sér í verki, ekki aðeins í orði, ef nokkur vitiborinn maður á að taka það trúanlegt, að slík tíðindi hafi gerzt.

Á flokksþingi Framsfl., sem lauk fyrir tveimur dögum, var samþykkt stjórnmálaályktun, sem vekja mun ærna athygli og umtal. Fjögur eru þau atriði, sem vert er að leiða hugann að sérstaklega í þeirri ályktun. Hið fyrsta er þetta: Þar kemur fram svo ljóslega sem verða má, að stjórnarstefna íhalds og Framsóknar hefur leitt hinn mesta ófarnað yfir land og þjóð. Er þar með viðurkennt af Framsfl., að hin harða gagnrýni okkar þjóðvarnarmanna á stefnu núverandi ríkisstj. hefur verið á fullum rökum reist og algerlega réttmæt. Hitt kann að vera mannlegt, þótt stórmannlegt sé það ekki, er framsóknarmenn vilja nú í vertíðarlokin skella allri skuld á íhaldið af þeim margvíslegu óhappaverkum, sem þessir tveir flokkar hafa framið í svo innilegu bróðerni, að þar hefur ekki gengið hnífurinn á milli.

Sök Sjálfstfl. er vissulega stór, og skal ég síst úr henni draga, en það veit allur landslýður, að engu hefði sá flokkur komið fram einn. Með fulltingi 16 framsóknarhanda á þingi og þriggja framsóknarráðherra í ríkisstj. hefur Sjálfstfl. tekizt að vinna öll sín óþurftarverk. Hvorugur getur stjórnarflokkurinn undan ábyrgðinni skotizt. Sameiginlega verða þeir að taka afleiðingum gerða sinna og standa frammi fyrir dómstóli þjóðarinnar, þegar dagur reikningsskilanna rennur upp.

Annað atriði, sem mikla athygli vekur í ályktun framsóknarþingsins, er samþykkt þess um herstöðvamálin, en aðalatriði hennar er á þá leið, að hafin verði endurskoðun herstöðvasamningsins með það fyrir augum, að Íslendingar annist sjálfir gæzlu og viðhald hinna svonefndu varnarmannvirkja, en herinn hverfi að því búnu úr landi. Fáist ekki samkomulag um þessa breytingu, verði málinu fylgt eftir með uppsögn samkvæmt 7. gr. samningsins. Hér hafa þau tíðindi gerzt, að einn af flokkunum, sem stóðu að hernáminu, hefur snúið við á þeirri braut, í orði kveðnu a. m. k. Efndirnar eru eftir. Áður hafði Alþfl. borið fram svipaða till., og eru þá tveir af hernámsflokkunum þremur komnir á augljóst undanhald í þessu stórmáli. Þeir hafa svignað undan þunga almenningsálitsins, og getur Þjóðvarnarflokkur Íslands vissulega vel við unað, því að hér er um að ræða augljósan árangur af baráttu hans. Nú er að reka flóttann, sem brostinn er í hernámsliðið. Allir þeir, sem eru heils hugar í þessu máli og vilja herinn á brott, verða nú að fylgja fast eftir og knýja til enn frekara undanhalds. Það mega menn vita, að hér er tæpast um sinnaskipti að ræða hjá ýmsum forustumönnum þessara tveggja flokka. Það er a. m. k. óvarlegt í mesta máta að gera ráð fyrir því. Hræðslan við harðan dóm kjósenda er sú svipa, sem þessir menn hafa beygt sig fyrir í

bili. Hvað eftir annað undanfarin ár hefur Eysteinn Jónsson staðið hér fyrir framan hljóðnemann og hamazt að okkur þjóðvarnarmönnum, kallað okkur fáráðlinga og allt að því glæpamenn fyrir að krefjast brottfarar hersins, fyrir að vilja láta landið vera óvarið, eins og það hefur verið orðað. Nú samþykkja þessir sömu menn allt í einu, að herinn skuli hverfa á brott. Sé hér um raunveruleg sinnaskipti að ræða, þá er það mikið fagnaðarefni, en því miður er meira en hæpið að gera sér vonir um það. Margir fulltrúanna á framsóknarþingi hafa vafalaust greitt ályktuninni um brottför hersins atkvæði af heilum hug. En um ýmsa þá forustumenn, sem hafa tögl og hagldir, þegar til framkvæmdanna kemur, gegnir öðru máli. Óttinn einber við dóm þjóðarinnar fyrir þjónkun þeirra við erlent vald hefur knúið þá til að láta undan í orði. Þó hafa þeir vaðið fyrir neðan sig og forma till. sína á þá leið, að eftir eru skildar útgöngudyr til að smjúga í gegnum, ef færi gæfist eftir kosningar. Og því má ekki gleyma, að þessir herrar, forustumenn í Alþfl. og Framsóknarfl., hafa áður svarið og sárt við lagt, en brugðizt þó gefnum heitum. Okkur er ekki úr minni liðið kjörorð Alþfl. fyrir kosningarnar 1949: „Aldrei herstöðvar á Íslandi á friðartímum". Efndirnar komu 1951, þegar hernámssamningurinn var gerður. — Einn er sá möguleiki, sem almenningur hefur til að knýja hernámsflokkana til algers undanhalds, ekki aðeins í orði, heldur og á borði; sá möguleiki er efling og aukið áhrifavald Þjóðvarnarflokks Íslands.

Hið þriðja atriði, sem athygli vekur í stjórnmálaályktun framsóknarþingsins, er sú ákvörðun að slíta stjórnarsamvinnunni við Sjálfstfl. og efna til kosninga í sumar. Jafnframt er felldur harður dómur yfir samstarfsflokknum og honum bornar á brýn ýmsar vammir og skammir. Síðan er svarið og sárt við lagt, að endurnýjun stjórnarsamvinnunnar komi ekki til mála. Ekki dreg ég það í efa, að margir af fulltrúum þeim, sem þingið sátu, mæla þetta af heilum hug. Mikill meiri hluti kjósenda Framsfl. vill tvímælalaust slíta allri sambúð við íhaldið og taka upp heiðarlega og afdráttarlausa vinstri stefnu. En það hafa þeir áður viljað og gert samþykktir í sömu átt. En hver hefur árangurinn orðið? Hafa ekki forustumenn flokksins þrátt fyrir allar fyrri samþykktir framsóknarþinga hlaupið beina leið í faðm íhaldsins og myndað með því stjórn eftir kosningar? Mönnum er því spurn: Á nú ekki að endurtaka enn einu sinni gamla leikinn, hlaupast úr íhaldssamvinnunni og gerast býsna róttækir nokkra mánuði fram að kosningum, betla um atkvæði vinstri sinnaðra manna og bregða sér svo í íhaldsflatsængina eftir kosningar? Slíkan blekkingaleik er hægt að leika einu sinni, kannske tvisvar, en ekki endalaust.

Menn eru nú dýrkeyptri reynslu ríkari. Í kosningunum 1946 þóttist Framsfl. mikill íhaldsandstæðingur, og ef ég man rétt, var Alþfl. að burðast við að láta líta svo út sem hann væri það líka. Eftir kosningar mynduðu þessir tveir flokkar stjórn með íhaldinu, Stefaníu sálugu, sem svo var kölluð. Fyrir kosningarnar 1949 gerðu framsóknarforingjarnir harða hríð að íhaldinu, sóru og sárt við lögðu, að samstjórn með því kæmi aldrei til greina. Að kosningum loknum voru allir svardagar gleymdir, og Framsókn og íhald mynduðu ríkisstjórnina Steingrímu. Fyrir kosningar 1953 gekk mikið á, eins og flestir muna. Flokksþing framsóknarmanna samþ. þá að slíta stjórnarsamvinnunni við íhaldið eftir kosningar. Sérstakt vantraust var samþ. á Bjarna Benediktsson í sæti dómsmrh. Eftir kosningar gekk Framsókn enn á ný í eina sæng með íhaldinu. Þá fæddist Ólafía, og Bjarni Benediktsson hefur verið dómsmrh. fyrir náð Framsóknar fram á þennan dag. Er ekki von, þótt margir spyrji: Á nú einu sinni enn að leika þennan leik, búa til baráttumál við íhaldið, þótt fram á þennan dag hafi ekki gengið þar hnífurinn á milli, reyna að fleka einlæga vinstri menn til stuðnings við bandalag hægri aflanna í Framsfl. og Alþfl., en láta síðan fallast í náðarfaðm íhaldsins að loknum kosningum? Svo mikið er víst, að Sjálfstfl. er ekki ýkja smeykur við það, sem nú er að gerast hjá Framsókn. Hann þykist þekkja allt sitt heimafólk. Í Morgunblaðinu í gær, þar sem rætt er um þá ákvörðun framsóknarþings að rjúfa stjórnarsamstarfið og efna til kosninga, er komizt svo að orði: „Þessi yfirlýsing Framsóknar þarf engum að koma á óvart. Það er háttur hinnar gömlu maddömu að ókyrrast í ríkisstj., þegar líður á kjörtímabil. Hún rauf samstarfið um samsteypustjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar haustið 1949. Vorið 1953 lýsti flokksþing hennar yfir, að Framsfl. mundi rjúfa samstarfið við Sjálfstfl. og ráðh. hans segja af sér að kosningum loknum. Nú hefur sama sagan endurtekið sig." Þetta segir aðalmálgagn Sjálfstfl., og það má lesa það á milli línanna, að sagan muni endurtaka sig, ekki aðeins um það, sem gerist fyrir kosningar, heldur einnig um hitt, sem átt hefur sér stað eftir kosningar. Og því miður eru teikn á lofti, sem benda í þá átt, að hægri öflin í Framsfl. hafi fullan hug á að knýja fram þann vilja sinn að kosningum loknum, hvað sem öllum samþykktum líður. Naumast er það góðs viti, að eindregnustu vinstri mennirnir, sem áttu sæti í miðstjórn Framsfl., skyldu felldir frá kosningu í miðstjórn, svo að nú er miðstjórn flokksins skipuð eindregnara hægra liði en nokkru sinni fyrr.

Fjórða atriðið í flokksþingssamþykkt framsóknarmanna, sem ástæða er til að fara um nokkrum orðum, er sú ákvörðun að bjóða Alþfl. allsherjar kosningabandalag við kosningar á komanda sumri. Það er raunar vitað, að nú um margra mánaða skeið hafa hægri klíkurnar í þessum flokkum báðum setið að samningamakki um þess konar bandalag. Óttinn einber við stórfellt fylgishrun hefur knúið þessa herra til að leita slíks úrræðis. Nú á að halda að þjóðinni þeirri firru, að hrörnandi Framsfl., sem kemur beint upp úr íhaldsflatsænginni, ótútlegur og illa til reika, geti með tilstyrk hægra arms Alþfl. náð hreinum þingmeirihluta, og vesalings Alþfl., þ. e. a. s. sá hluti hans, sem þessu tilboði sinnir, á nú að halda upp á fertugsafmæli sitt á þann sérkennilega hátt að

leggja sjálfan sig að miklu leyti niður, hætta að lifa sjálfstæðri tilveru, en gerast eins konar annexía Framsfl. Almenningur hefur þegar gefið þessu fyrirtæki hægri afla Framsóknar og Alþfl. nafnið Hræðslubandalagið, og er það sannnefni. Allir einlægir vinstri menn, sem fram til þessa hafa fylgt þessum tveimur flokkum, munu hugsa sig um tvisvar, áður en þeir láta enn einu sinni hafa sig til þess að lyfta gömlu, íhaldssömu og værukæru hækjuliði til áhrifa og valda, hækjuliði, sem alltaf hefur reynzt reiðubúið til þjónustu við flokk auðhyggju og afturhalds, þegar honum hefur legið á.

Sjálfstfl. svokallaði á nú í nokkurri vök að verjast þrátt fyrir allt. Stefna hans, sem mestu hefur ráðið í núverandi ríkisstj., hefur þegar leitt mikinn ófarnað yfir þjóðina. Eina von þessa flokks til áframhaldandi aðildar að stjórn landsins er sú, að hann eigi nógu dauðtryggt hækjulið innan hinna svokölluðu vinstri flokka. Enn er það á valdi einlægra íhaldsandstæðinga innan Framsfl. og Alþfl. að gera úrslitatilraun til að knýja fram myndun vinstri stjórnar, sem þegar tæki upp hina erfiðu glímu við vandamál þau, sem við er að etja, knýja fram myndun ríkisstj., sem starfaði til loka kjörtímabilsins og sýndi í verki, að áhrifum og sjónarmiðum íhaldsins hefði verið bægt frá, en viðreisn atvinnu- og efnahagslífs hafin með fulltingi vinnandi stétta til sjávar og sveita og hagsmuni alþjóðar fyrir augum. En mistakist þetta, þá er öllum alþýðusinnum og vinstri mönnum, hvar í flokki sem þeir hafa staðið, í sjálfsvald sett að láta ekki lengur nota atkvæði sitt til að lyfta íhaldi og íhaldshækjum upp í valdastóla.

Þjóðvarnarflokkur Íslands óttast ekki kosningar, hvenær sem þær verða. Tilvist hans og barátta hefur þegar borið mikinn ávöxt. Hann mun reynast trúr þeirri stefnu, sem honum var mörkuð þegar í upphafi, að berjast gegn íhalds- og afturhaldsöflum þessa lands og leitast við að sameina hin veglausu vinstri öfl á grundvelli lýðræðislegs stjórnarfars til verndar sjálfstæði þjóðarinnar, eflingar atvinnuvega hennar, efnahagslífs og menningar.

Eiríkur Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég er einn af flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 136, um kaup og útgerð togara og stuðning við sveitarfélög til atvinnuframkvæmda. Aðrir flm. þess eru hv. 3. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, hv. 9. landsk. þm., Karl Guðjónsson, og hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson. Mun ég hér gera grein fyrir flutningi frv. frá mínu sjónarmiði.

Eins og ég nú hef tekið fram, eru flm. frv. úr fjórum þingflokkum, en eins og skýrt er frá í grg. þess, er það að verulegu leyti sett saman úr og sniðið eftir fjórum lagafrv., er flutt voru á Alþ. 1954 og fjölluðu um atvinnulíf við sjávarsíðuna, þ. á m. og sér í lagi togaraútgerð til atvinnujöfnunar. Þessi frv. voru:

1) Frv. til l. um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar, sem ég var flm. að ásamt hv. 3. landsk. þm., Hannibal Valdimarssyni.

2) Frv. til l. um útgerð togara til þess að koma á og viðhalda jafnvægi í byggð landsins, flutt af þrem þm. Framsfl. í Ed., hv. þm. S-Þ., Karli Kristjánssyni, hv. 1. þm. Eyf., Bernharð Stefánssyni, og hv. 2. þm. S-M., Vilhjálmi Hjálmarssyni.

3) Tvö frv., sem flutt voru af þm. úr Sósfl., hv. 9. landsk., hv. 11. landsk., hv. 4. landsk. og hv. 2. þm. Reykv. Þau frv. fjölluðu um smíði togara innanlands og aukningu togaraflotans svo og stuðning bæjar- og sveitarfélaga til atvinnuframkvæmda.

Þess vil ég jafnframt geta, að ég hef snemma á þingi því, er nú situr, ásamt öðrum þingmanni úr Framsóknarflokknum, hv. þm. A-Sk., Páli Þorsteinssyni, flutt frv. um stofnun jafnvægislánadeildar við Framkvæmdabanka Íslands. Hef ég áður rætt það frv. í framsöguræðu við 1. umr., en það er nú til athugunar í þingnefnd. Mun ég ekki gera nánari grein fyrir því að þessu sinni, en annar ræðumanna Framsfl. mun væntanlega ræða það nokkru nánar.

Í frv. því, sem hér er til umr., er það fyrst og fremst II. kafli frv., um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar, sem veldur því, að ég er einn af flm. þess ásamt þm. úr flokkum, sem aðhyllast ríkisrekstur. Sjónarmið mitt í þessu efni er byggt á því, að ég veit, að það er skammgóður vermir fyrir lítil sjávarþorp að eignast að nafninu til togara til að afla hráefnis fyrir fiskiðjuver sín, togara, sem svo geta orðið févana þegar á fyrstu mánuðum með þeim afleiðingum, að byggðarlögin missi þá aftur eftir lengri eða skemmri tíma. Ef svo er, er hætt við, að slík útgerð skilji aðeins eftir vantrú fólksins á lífsafkomumöguleika í heimabyggð. Þar með er þó ekki loku fyrir það skotið, að útgerð, sem þannig er til stofnað, geti komið að gagni á hinum fjölmennari stöðum, og kem ég að því síðar. En togaraútgerð fyrir fámenn þorp verður naumast að gagni að mínum dómi, nema ríkið komi þar til sögunnar. Það er þess vegna, sem ég hef á undanförnum þingum ásamt hv. 3. landsk., Hannibal Valdimarssyni, gerzt flm. að fyrrnefndu frv. um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar. Í frv. okkar hv. 3. landsk. var gert ráð fyrir, að ríkið keypti og gerði sjálft út eigi færri en fjóra togara af þeirri stærð og gerð, sem að áliti reyndustu útgerðarmanna væru taldir heppilegastir til öflunar hráefnis á heimamiðum fyrir hraðfrystihúsin og önnur fiskiðjuver, sem illa eru hagnýtt vegna hráefnisskorts. Samkv. frv. okkar átti það að vera höfuðmarkmið þessarar togaraútgerðar ríkisins að jafna atvinnu í kaupstöðum og kauptúnum landsins á þann hátt, að togarinn legði þar einkum afla á land, sem atvinnuleysi gerir vart við sig og mest er þörf hráefnis og aukinnar atvinnu hverju sinni. Togaraútgerð ríkisins skyldi hafa sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, en ríkissjóður bera ábyrgð á rekstri fyrirtækisins og sjá því fyrir rekstrarfé.

Nú gerir þetta frv., sem hér er til umr., ráð fyrir, að byggðir verði alls 15 togarar hér og erlendis, enda séu ekki færri en 5 þeirra reknir af ríkinu til atvinnujöfnunar. Þá er einnig tekið upp í hið nýja frv. okkar fjórmenninganna ákvæði í frv. hinna þriggja framsóknarþingmanna í Ed. frá í fyrra þess efnis, að ríkisstj.

sé heimilt að verja allt að 5 millj. kr. til þess að kaupa hlutabréf í hlutafélögum, sem stofnuð eru með þátttöku tveggja eða fleiri bæjar- eða hreppsfélaga til að reka togaraútgerð. Þar og í frv. framsóknarmannanna þriggja segir svo m. a.:

„Nú verða stjórnir tveggja eða fleiri bæjar- eða hreppsfélaga, þar sem atvinna er stopul eða fiskvinnslustöðvar skortir verkefni, sammála m að stofna félag til útgerðar og leggja fram hlutafé í þeim tilgangi, og skulu þær þá leita eftir hlutafjárframlögum hjá íbúunum, hver á sínum stað, og öðrum, er þær telja til greina koma sem hluthafa.

Þegar safnazt hefur hlutafé, er nemur a. m. k. 10% af áætluðum stofnkostnaði útgerðarinnar, er bæjar- eða hreppsstjórnum rétt að snúa sér til félmrn. með beiðni um hlutafjárframlag af hálfu ríkisins, og er þá ríkisstj. heimilt að leggja fram allt að 10% stofnkostnaðar, enda séu löndunar- og verkunarskilyrði á togaraafla fyrir hendi í þeim kaupstöðum eða kauptúnum, er að félagsstofnuninni standa. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs lán allt að 80% af stofnkostnaði útgerðarfélaga, sem myndu eru samkv. ákvæðum þessa kafla."

Þetta eru ákvæði úr efrideildarfrumvarpi þriggja framsóknarmanna í fyrra, sem tekin hafa verið inn í frv. okkar fjórmenninganna og ég tel að komið geti að góðu gagni í hinum fjölmennari stöðum.

Framsfl. í heild er því fylgjandi, að þessi leið verði farin svo sem fært reynist, og hann hefur heldur enga flokkslega fordóma gegn ríkisrekstri, ef slíkt rekstrarform er að hans dómi óhjákvæmilegt til að leysa brýn verkefni, enda hefur nýafstaðið flokksþing Framsfl. gert svofellda yfirlýsingu:

„Komið verði á fót bæjar- og félagsútgerð eða ríkisútgerð togara til stuðnings þeim landshlutum, sem skortur er á atvinnutækjum í, og miðað að því að skapa skilyrði til löndunar á togarafiski, þar sem skortir hráefni til vinnslu í fiskiðjuverum."

IV. kafli frv. okkar fjórmenninganna fjallar um það, að ríkisstj. sé heimilt að taka 50 millj. kr. lán, sem endurlánað verði bæjar- og sveitarfélögum til atvinnuframkvæmda og framleiðsluaukningar. Skal lánum til bæjar- og sveitarfélaga fyrst og fremst varið til byggingar og endurbóta á frystihúsum, fiskimjölsverksmiðjum, lýsisvinnslustöðvum og til annarra mikilvægra fiskvinnslustöðva. Einnig má veita slík lán til framkvæmda, er miða að því að bæta aðstöðu til afgreiðslu fiskiskipa eða með öðrum hætti að auðvelda hagnýtingu sjávarafla. Bæjar- og sveitarstjórnum er síðan heimilt að endurlána einstaklingum eða félögum lán þessi, enda sé jafnframt örugglega frá því gengið, að lánin komi þannig að fullu gagni til atvinnu- og framleiðsluaukningar á staðnum. Ræði ég þann kafla ekki nánar og ekki heldur I. kaflann, a. m. k. ekki í þetta sinn.

Ég kem þá aftur að togaraútgerðinni og ástæðum minum fyrir því, að skapa þurfi löggjafargrundvöll fyrir ríkisútgerð a. m. k. vegna einhvers hluta togaraflotans. Það er vitað mál, að togaraútgerðin, sem nú er rekin í landinu, hefur þurft á s. l. ári til þess að fljóta að fá 2000 kr. tillag á dag, sem ríkið hefur orðið að afla með sérstökum bifreiðaskatti. Þetta hefur verið gert án þess, að nokkur afskipti ríkisvaldsins hafi komið til greina í þá átt að skylda togarana til að leggja afla á land á staði, sem vantaði hráefni til vinnslu. Svona ríkisaðstoð kemur ekki að gagni nema þeim, sem hlotið hafa togarana, sem fyrir eru í landinu. Nú hefur áðurnefnt tillag verið hækkað um 3000 kr. á hvern rekstrardag togaranna.

Það hefur orðið hlutskipti þeirra ríkisstjórna, sem með völdin hafa farið eftir heimsstyrjöldina, að endurnýja togaraflota landsmanna og gera á honum miklar umbætur til batnaðar, bæði hvað snertir afköst og aðra hætti. Nokkuð hefur áunnizt í því að dreifa skipunum út um landið til hinna fjölmennari staða, en enn þá eru flest minni kauptúnin á Vestur-, Norður- og Austurlandi með árstíðabundið atvinnuleysi, og má jafnvel nefna ýmsa stærri staði þar með. Það er ekki að sjá, að togaraútgerðin í landinu sé byggð á fjárhagslega traustum grundvelli. Þessi atvinnurekstur er fjárfrekur, og þegar hallar á ógæfuhlið með slíkan rekstur, eru upphæðir það háar, að ekki er fært fyrir lítil hreppsfélög að ráða við slíkt ofurefli. Þess vegna hefur þróunin orðið sú, að það eru aðeins stærri bæjarfélögin með mikla tekjustofna, sem hafa getað haldið slíkum rekstri gangandi með meðgjöfum frá bæjarsjóðunum og nú frá ríkinu, en minni kauptúnin, þar sem bátafiskur gengur ekki á grunnmið, vantar hráefni til vinnslu og atvinnu a. m. k. hluta úr árinu.

Nú eru hinir eldri nýsköpunartogarar orðnir 8—9 ára gamlir og engin nýtízku skip, hafa e. t. v. aldrei verið það. Yngri togararnir, sem voru tíu talsins, munu vera 4—5 ára og fullkomnari skip. Endingartími togara er takmarkaður, sér í lagi að því er varðar samkeppnishæfni við veiðar. Að öllu þessu þarf að gefa gaum. Varðandi sérstaka landshluta kemur fleira til, sem ekki verður gengið fram hjá í sambandi við þetta mál.

Vorið 1951 var friðunarlína fiskimiða hér við land færð út, svo sem kunnugt er, og Faxaflói og fleiri breiðir firðir friðaðir fyrir botnvörpuveiðum. Þjóðin fagnaði þessum ráðstöfunum, svo sem vera ber, og þær eru til mikilla hagsbóta fyrir bátaútveginn í stórum landshluta, en ekki alls staðar. Á Vestfjörðum og víðar, þó einkanlega á Vestfjörðum, er það almannamál, að hinar nýju friðunarráðstafanir hafi komið að fremur litlu gagni, en hins vegar haft þar mjög alvarlegar afleiðingar. Togarar, sem hafa misst af veiðisvæðum við Suður- og Vesturland, hafa sótt miklu meira en áður á miðin úti fyrir Vestfjörðum og dregið úr aflamöguleikum bátaútvegsins þar. Fyrir Vestfirði er nýja friðunarlínan því algerlega ófullnægjandi. Hún þarf að vera a. m. k. 16 mílur fyrir utan grunnlínu eða 12 mílum utar en hún er nú.

Á Alþingi hef ég ásamt hv. 3. landsk. þm. borið fram till. um, að reglugerðinni yrði breytt og friðunarlínan færð út, eins og nú hefur verið nefnt að nauðsynlegt er. Skal ekki nánar farið

inn á að ræða það mál hér. En þjóðfélagið hefur skyldur að rækja við Vestfirði, því má ekki gleyma. Hafið úti fyrir Vestfjörðum er íslenzku togaraútgerðinni dýrmætasta veiðisvæðið hér við land og hefur verið það frá upphafi hennar. Halamið, Víkuráll og Hornbanki hafa oft og tíðum haft að geyma stærsta gjaldeyrisforða Landsbankans og þar með allrar þjóðarinnar. Það er því fullkomið réttlætismál, að það þjóðfélag, sem lætur yrja upp þann gjaldeyrissjóð vestfirzkrar alþýðu til sjávar og sveitar, skili örlitlu aftur til kaupa nýrra togara, svo að hún megi halda áfram að byggja upp sína fögru og frjósömu firði í stað þess að verða að taka þátt í þjóðflutningunum til Reykjanesskagans.

Við ykkur Vestfirðinga, einkum þá, er á hinum fámennari stöðum búa, vil ég segja þetta: Ég þekki orðið svo vel, hvernig er að útvega fisk til vinnslu í landi á þeim tímum, sem þörfin er mest og brýnust ástæða til úrbóta, að mér er ljóst, að öryggi fyrir efnahagslegu sjálfstæði er ekki unnt að skapa með öðru en ríkisreknum togurum í félitlum byggðarlögum, sem geta ekki staðið undir óhöppum eða töpum af rekstri. En það sýnir reynslan af allri togaraútgerð hér á landi, að fjárhagsgrundvöllur fyrir rekstri hennar er ótryggur, enda verða þá jafnan aðgerðir Alþingis og ríkisstj. að koma til, ef á ógæfuhlið hallar með þann rekstur, eins og ég áður hef á minnzt, enda réttmætt, af því að þjóðarheildin þarf á gjaldeyrisöflun togaranna að halda.

Það er ekki unnt að byggja trú fólks á lífsafkomumöguleika fyrir langa framtíð, þó að einhver tækifærissinni, sem fallvalt veraldarhjól snýst í haginn fyrir í dag á einhverju sviði, sýnist gegnum stundarduttlunga taka að sér að tapa á framleiðslu í bili, þangað til hann gefst upp fyrir fjárþröng eða missir áhuga fyrir hugsjón, sem aldrei rætist eða verður að veruleika. Sameiginleg átök þjóðarinnar verða að koma til í enn ríkara mæli en áður til aukinnar hagsældar í afskekktum byggðarlögum landsins. Vestfirðingar og aðrir, sem líkt stendur á fyrir í útvegsmálum, verða að standa sameinaðir.

En enga þarf að undra, þótt Sjálfstfl. eða fulltrúar hans velti vöngum yfir þessu frv. Það eru eðlileg viðbrögð þess flokks. Bak við vangaveltur hans býr að vísu umhyggja, en ekki fyrir þeim, sem mega sín miður, heldur fyrir sérréttindum og ójöfnuði. Nú er tími til kominn fyrir þjóðina að svara þeim pólitísku öflum innan sinna vébanda á verðugan hátt, er setja rétt einstaklinga ofar hagsmunum fjöldans, hvar í byggð sem er. Þeir verða að krefjast réttlætis og skynsamlegra aðgerða.

Á Suðurnesjum hafa að undanförnu gerzt vellystingarævintýri, en ekki má öll þjóðin safnast þangað. Það mundi ekki verða henni til hamingju, og sem betur fer er víðar en þar gott að vera í okkar fagra landi, ef rétt er á haldið.

Jafnvægi í byggð landsins er oft nefnt um þessar mundir. En það þarf meira en orð til þess að skapa raunverulegt jafnvægi og viðhalda því í byggð Íslands. Það þarf djarfhuga framkvæmdir. Frv. þetta, sem ég hef nú fyrir mitt leyti gert grein fyrir, er vangaveltulausar tillögur um slíkar framkvæmdir. Dreifbýli landsins verður bezt tryggt atvinnu- og fjárhagslega með því, að þjóðin sé þess umkomin að fylkja sér um þann málstað, sem treystir varanlega atvinnuhætti, er skapi trú æskunnar á eigin átthaga, því „hollt es heima hvat". Þess vegna er það von mín, að hv. Alþ. afgreiði nú frv. þetta, er hér liggur fyrir til umr., sem lög frá Alþingi, áður en því verður slitið.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Til þessara útvarpsumræðna er stofnað að ósk kommúnista, sem aldrei þreytast á að reyna að telja þjóðinni trú um, að þeir beri manna mest atvinnumál hennar fyrir brjósti og ekki sízt sjávarútveginn og þá sérstaklega togaraútgerðina. Vitna þeir sí og æ í, að stjórn þeirra og Ólafs Thors 1944—46, sem kallaði sig nýsköpunarstjórn, hafi keypt rúmlega 30 togara í stað gömlu ryðkláfanna, sem svo voru nefndir. Þessi svokallaða nýsköpunarstjórn, sem kommúnistar réðu allmiklu í, fór illa og óhöndulega með þann gjaldeyri, sem hún fékk í hendur, og lét jafnvel heilar stéttir eins og bændur fara að mestu á mis við aðstoð við að afla sér nýrra atvinnutækja.

En séu kommúnistar og aðrir, sem að stóðu, sérstaklega hrósverðir fyrir að verja hluta af hinum svokallaða stríðsgróða til endurnýjunar hinum gamla og úr sér gengna togaraflota, hvað verður þá sagt um næstu ríkisstjórn, sem á eftir kom og framsóknarmenn áttu sæti í? Sú stjórn tók við, þegar allir gjaldeyrissjóðir voru þrotnir, og keypti samt tíu togara, stærri og betri en svokallaðir nýsköpunartogarar eru.

Þeirri skoðun var lengi haldið á lofti, að það væri ekki á færi annarra en stærstu bæjanna við Faxaflóa að gera út togara. Nýsköpunarstjórnin virðist hafa verið á sama máli, því að hún gerði ekkert til að hjálpa hinum fámennari landshlutum til að eignast slík skip, fyrr en með einhuga stuðningi framsóknarmanna hafði verið borin fram á Alþ. áskorun til hennar um að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að svo mætti verða. Hins vegar gerði næsta ríkisstj. það ótilkvödd að beita sér fyrir og auðvelda dreifingu þeirra tíu togara, sem hún stóð fyrir kaupum á, og fór helmingur þeirra til staða utan Faxaflóa. Þykir nú sýnt og sannað, að hægt er að gera út togara frá hverjum þeim stað, sem hefur viðunandi hafnar- og fiskvinnsluskilyrði, og telja verður það staðreynd, að togararnir veiti þeim stöðum, sem þeirra njóta, svo mikið atvinnuöryggi, að ekki virðist nú fyrir hendi betra ráð til að viðhalda jafnvægi í byggð landsins við sjávarsíðuna en að gera sem flestum útgerðarstöðum kleift að njóta að meira eða minna leyti atvinnuöryggis með því að hjálpa þeim til að öðlast ítök í togaraútgerð.

Ýmsum kann að þykja undarlegt, að talað sé um aukna þátttöku hinna fámennari landshluta í togaraútgerð, þegar rekstur hennar gengur jafnilla og raun ber vitni. Það er vissulega illt til þess að vita, hvernig komið er í því efni, en ekki sérstaklega óvænt, þegar betur er að gætt og athugað, hvernig ástandið er yfirleitt í at-

vinnumálum okkar. Á það má og m. a. benda, að strax 1946 var bátaútvegurinn að þrotum kominn og hefur síðan orðið að fá rekstrarstuðning í einni og annarri mynd. Um s. l. áramót var svo komið fyrir honum, að sú aðstoð, sem hann hafði notið nokkur undanfarin ár eftir hinni svokölluðu bátagjaldeyrisleið, reyndist algerlega ófullnægjandi, enda af mörgum talið úrelt stuðningsform, þótt það á sínum tíma þætti handhægt og hafi orðið útgerðinni að miklu liði.

Það er mikið áhyggjuefni og ömurleg staðreynd, að fjárhagskerfi okkar virðist nú svo úr skorðum gengið, að íslenzk hönd getur tæplega framleitt samkeppnishæfa vöru fyrir erlendan markað. Og því alvarlegra er þetta sem fullyrða má, að fáar þjóðir eigi eins fjárhagslega velferð sína undir hagstæðri útflutningsverzlun og við Íslendingar. Má rekja tildrög þessa ástands aftur til síðari stríðsáranna, þótt ekki verði frekar farið út í þá sálma hér.

Örðugleika útflutningsframleiðslunnar kennir stjórnarandstaðan fyrst og fremst fyrrverandi og núverandi ríkisstjórn. En sumir þeir, sem þar um gala hæst, áttu drjúgan þátt í að gróðursetja *fyrir meira en áratug ræturnar að þeim* erfiðleikum, sem nú virðist örðugt að yfirstíga. Fullyrða má, að síðan 1950 hafi allt verið gert sem unnt var að gera til að hjálpa útflutningsframleiðslunni og þá um leið atvinnulífinu í heild. *Þessar ráðstafanir hafa þó ekki verið* þess megnugar að komast fyrir og uppræta meinið sjálft, og er kommúnistum þar ekki sízt um að kenna, sem hafa með sundrungarstarfi sínu gert verkalýðssamtökin ómegnug þess að geta tekið höndum saman við önnur lýðræðisleg umbótaöfl í landinu. Má líka segja, að á síðustu árum hafi þeir ekki staðið einir við þessa iðju, þar sem þeim hefur bætzt liðsauki frá hinum svonefnda Þjóðvarnarflokki, sem fylgir kommúnistum trúlega í því að sundra þeim, *sem til þjóðþrifa ættu* saman að vinna, og sannar það bezt seinni hluti ræðu Gils Guðmundssonar þingmanns, þar sem hann afflutti og gerði forustumönnum Framsfl. og þingflokknum í heild upp orð og athafnir, sem *eru staðlausir stafir.*

Margar aðgerðir ríkisstjórnarinnar síðan 1950 hafa orðið þjóðinni mjög gagnlegar. Má telja, að án þeirra væri fólkið til sjávar og sveita meira og minna sokkið í eymd atvinnuleysis og fjárhagsvandræða. *Vonir stóðu til og ástæða* var að ætla, að ýmsar þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til hagsbóta útflutningsframleiðslunni, entust lengur en raun hefur á orðið, og eiga kommúnistar með Þjóðvörn sinn drjúga þátt í, að svo hefur farið sem komið er í því efni. Þeir hafa snúizt öndverðir gegn hverri ráðstöfun, sem gerð hefur verið til framdráttar atvinnuvegunum. Þeir hafa æpt gegn bátagjaldeyri og fjáröflun vegna togaranna, án þess þó að benda á aðrar færar leiðir í málinu. Og þeir hafa hamazt móti hverri tekjuöflun til handa ríkissjóði, sem m. a. gerði mögulegt að rétta atvinnuvegunum hjálparhönd. Eru í þessu sambandi frægar að endemum ýmsar tillögur þeirra, sem gengu í þá átt að svipta ríkissjóð mikilvægum tekjustofnum, eins og t. d. söluskattinum, en sömu menn voru á sama tíma með hvers konar almennum útgjaldahækkunum. Er ekkert sýnna en að markmiðið hafi verið að koma fjárhag ríkisins í sömu erfiðleikana og atvinnuvegir okkar eru nú komnir í. Hvað varðar mig um þjóðarhag? var eitt sinn sagt. Þetta kjörorð virðist gilda hjá kommúnistum, þegar þeir telja það henta flokkshagsmunum.

Vegna góðs fjárhags ríkissjóðs síðustu ár hefur samkv. fjárlögum verið árlega hægt að verja milljónatugum í einu og öðru formi til eflingar landbúnaði og sjávarútvegi, auk þess sem til sömu hluta hafa árlega gengið vænar fjárfúlgur af tekjuafgangi ríkissjóðs. Má t. d. benda á, að síðustu fimm árin hefur verið varið allt að 30 millj. kr. til svonefndrar atvinnuaukningar, þ. e. til eflingar atvinnulífinu víðs vegar um land utan Faxaflóa og Vestmannaeyja. Hefur mikið af því fé verið veitt af tekjuafgangi ríkissjóðs, auk þess sem lánsstofnanir landbúnaðar og sjávarútvegs hafa einnig eftir þeirri leið fengið fé til útlána í þágu atvinnuveganna.

Andstæðingar Framsfl. virðast nú trúminni en áður á, að það þýði fyrir þá að reyna að bera brigður á, að Framsfl. hafi forustu um allt það, *sem raunverulega varðar heill landbúnaðarins.* Hins vegar hafa þeir tregðazt við að viðurkenna forustuhlutverk flokksins í sjávarútvegsmálum. Sannleikurinn er þó sá, að Framsfl. hefur yfirleitt átt frumkvæði að eða staðið *með öllum þýðingarmestu og farsælustu aðgerðum,* sem gerðar hafa verið til eflingar sjávarútvegsins. Má sem dæmi nefna fiskveiðasjóð, sem Framsfl. beitti sér 1930 fyrir að yrði efldur og gerður að lánsstofnun fyrir bátaútveginn, *og ætíð síðan hefur flokkurinn staðið að nauð*synlegri eflingu sjóðsins. Hafa stofnlán hans til bátakaupa og byggingar fiskiðjuvera og fiskimjölsverksmiðja síðan 1930 numið samtals rúmlega 112 millj. kr., og þar af hafa gengið um 60% *til staða utan Faxaflóa.* Þá stofnaði Framsfl. fiskimálasjóð í samvinnu við Alþfl. 1935 og beitti sér einnig 1947 fyrir verulegri eflingu hans. Hefur sá sjóður orðið útgerðinni til stórmikils gagns, bæði með lánum og styrkveitingum í *þágu framfaramála sjávarútvegsins.* Þá stóð Framsfl. að stofnun Framkvæmdabankans, sem hefur veitt meira en 6 millj. kr. lán til byggingar fiskiðjuvera. Og ætíð síðan 1947 hefur flokkurinn staðið að fjárlagaheimild, sem þá fyrst var veitt ríkissjóði, að ábyrgjast lán til frystihúsabygginga. Hefur sú ráðstöfun stórlega greitt fyrir slíkum framkvæmdum og ríkissjóður síðan veitt til þeirra hluta ábyrgðir að upphæð nálægt 24 millj. kr. Þá hef ég áður bent á þátt Framsfl. í að gera útgerðarstöðum úti á landi kleift að fá togara. Ætti svo að vera óþarft að minna á, að Framsfl. hefur tekið þátt í þeim ráðstöfunum, sem á síðari árum hafa reynzt nauðsynlegar til þess að aðstoða útgerðina, svo að hún gæti haldið óhindruð áfram. Og giftudrjúg fjármálastjórn ríkissjóðs á undanförnum árum hefur gert það mögulegt að hlaupa betur en ella undir bagga útflutningsframleiðslunnar. Þá er vissulega ástæða til að segja það hér, að sérstakar verðbætur, sem nú eru greiddar úr ríkissjóði á allan smáfisk, bæði þorsk og ýsu og einnig á steinbít, eru teknar

upp eftir ötula forgöngu og kröfu Framsfl., og munu þær ráðstafanir hafa stórmikla þýðingu fyrir bátaútveginn, ekki sízt austanlands og norðan. Einnig er vert að geta þess, að framsóknarmenn hafa á þessu þingi lagt fram frv. um jafnvægislánadeild Framkvæmdabanka Íslands, og er frv. flutt af þeim alþm. Eiríki Þorsteinssyni og Páli Þorsteinssyni. Í frv. er gert ráð fyrir, að jafnvægislánadeildin fái 10 millj. kr. árlegt stofnframlag frá ríkissjóði næstu fimm ár og að ríkið ábyrgist allt að 100 millj. kr. lán, sem deildinni er ætlað að taka til starfsemi sinnar. Gert er ráð fyrir að veita lán til staða, þar sem skortur er á atvinnutækjum, og einnig til hafnarbóta, þar sem löndunarskilyrði fyrir stærri fiskiskip, svo sem togara, eru ekki fyrir hendi. Þá er í frv. gert ráð fyrir heimild að greiða til bráðabirgða rekstrarskuldir atvinnufyrirtækja, ef um byrjunarörðugleika er að ræða og fyrirtækið hefur fengið lán úr sjóðnum. Ekki mun þetta frv. fá afgreiðslu á þessu þingi, en víst er, að hér er bent á leið til úrlausnar miklu vandamáli dreifbýlisins við sjávarsíðuna.

Það, sem hér hefur verið bent á sem dæmi um aðgerðir Framsfl. til stuðnings sjávarútveginum, sannar hið raunverulega viðhorf hans í þeim efnum. Framsfl. vill ætíð vera vakandi á verðinum og sífellt leita að úrræðum til aðstoðar, þar sem þess er þörf, og aðgerðir sínar í sjávarútvegsmálum hefur flokkurinn ætíð viljað miða við það, sem á hverjum tíma hefur virzt vera þjóðarheildinni fyrir beztu. Framsfl. vill nú sem áður stuðla að sem mestu jafnvægi í atvinnu- og efnahagsmálum, jafnt til sjávar og sveita, og mun þjóðinni slík stjórnmálastefna farsælust.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. ræðumenn Alþfl. og kommúnista í þessum umræðum hafa látið sem þeim sé sérstaklega annt um heilbrigðan rekstur framleiðslutækja íslenzks sjávarútvegs. En þeir hafa ekki skýrt frá því, í hverju skilningur þeirra á þörfum útvegsins hafi verið fólginn, hvernig þeir hafi sýnt hann á undanförnum árum. Ég mun taka það mál lítillega til meðferðar síðar í ræðu minni, en það er flestum landsmönnum kunnugt, að bæði kommúnistar og Alþýðuflokksmenn hafa gerzt berir að fullkomnum fjandskap við þennan aðalbjargræðisveg þjóðarinnar.

Um það mun naumast deilt, að þeir stórfelldu fólksflutningar, sem átt hafa sér stað frá sveitum og sjávarþorpum um land allt til hinna stærstu kaupstaða, hafi haft óheppileg áhrif á þjóðarbúskap Íslendinga. Enda þótt þeir hafi að nokkru leyti átt rætur sínar í gerbreyttum atvinnuháttum og fjölbreyttari verkaskiptingu þjóðarinnar, hafa þeir þó einnig haft í för með sér, að því fólki hefur fækkað, sem stundar framleiðslustörf, en á afrakstri framleiðslunnar hlýtur lífsafkoma þjóðarinnar að byggjast í bráð og lengd. Við hina miklu fólksfækkun í mörgum byggðarlögum landsins hafa almenningi þar skapazt ýmiss konar erfiðleikar. Það hefur orðið erfiðara að hrinda í framkvæmd ýmiss konar nauðsynlegum umbótum á sviði efnahags- og félagsmála, og fólksfækkunin hefur víða skapað vantrú á framtíðina, ekki sízt meðal æskunnar. Hinu ört vaxandi þéttbýli og þá fyrst og fremst höfuðborginni hafa einnig skapazt víðtæk vandkvæði vegna þessara fólksflutninga. Reykvíkinga hefur skort íbúðarhúsnæði, skóla og sjúkrahús til þess að geta fullnægt þörfum sínum, enda þótt hvergi hafi verið unnið jafnötullega að alhliða uppbyggingu og einmitt þar. En til Reykjavíkur hefur fólkið viljað flytja, vegna þess að þar voru atvinnuskilyrðin bezt, lífsþægindin mest og möguleikarnir fjölbreytilegastir til þess að heyja lífsbaráttuna með góðum árangri.

Meginstefna okkar sjálfstæðismanna í þessum málum hefur verið sú, að öruggasta leiðin til þess að skapa nauðsynlegt jafnvægi í byggð landsins væri að koma á sem mestu samræmi milli lífskjara fólksins í þéttbýlinu og í strjálbýlinu. Við höfum bent á, að þýðingarlaust væri að ætla sér að loka Reykjavík með lagaboðum, enda þótt raddir hafi um skeið verið uppi um það. Það er lögmál lífsins, að fólkið vill vera þar, sem mest er gert fyrir það, þar sem það nýtur mikilla þæginda og þar sem það hefur góða aðstöðu til þess að bjarga sér. Sjálfstfl. hefur þess vegna lagt megináherzlu á baráttuna fyrir því að bæta aðstöðu fólksins úti um land í lífi þess og starfi. Einn þátturinn í þeirri baráttu er uppbygging atvinnulífsins á þeim stöðum, þar sem góð lífsskilyrði eru fyrir hendi. Það er skoðun okkar sjálfstæðismanna, að enda þótt samfærsla byggðarinnar sé eðlileg á vissum stöðum á landinu, þá verði þó gæði Íslands og möguleikar því aðeins fullnytjaðir, að meginhluti hins byggilega hluta þess sé byggður og þar haldið uppi starfi og framleiðslu. Í samræmi við þessa meginskoðun Sjálfstfl. hefur hann á undanförnum árum haft forustu um stærstu skrefin, sem stigin hafa verið til þess að byggja upp blómlegt atvinnulíf í öllum landshlutum og tryggja fólkinu þar öryggi um lífsafkomu sína. Tel ég rétt að rifja þær ráðstafanir lauslega upp í sambandi við það frv. um kaup og útgerð togara, sem hér liggur fyrir til umræðu.

Í lok síðustu heimsstyrjaldar var svo að segja allur togarafloti þjóðarinnar gerður út frá Reykjavík. Hafði svo verið lengstum, frá því að togaraútgerð hófst í landinu. Þegar formaður Sjálfstfl., Ólafur Thors, núverandi hæstv. forsrh., myndaði ríkisstj. á morgni lýðveldisins, haustið 1944, var nýsköpun atvinnulífsins til lands og sjávar höfuðatriði stefnu hennar. Í samræmi við málefnasamning stjórnarinnar var stórum hluta þeirra *gjaldeyrisinneigna, sem þjóðin* hafði eignazt á stríðsárunum erlendis, varið til þess að endurnýja togaraflotann og kaupa rúmlega 30 ný botnvörpuskip til landsins. Þessum nýju og fullkomnu skipum var síðan úthlutað til byggðarlaga í öllum landshlutum. Í næstu ríkisstjórn, sem Sjálfstfl. tók einnig þátt í undir forsæti þáverandi formanns Alþfl., Stefáns Jóh. Stefánssonar, var síðan samið um kaup á 10 nýjum togurum í viðbót. Fyrir forgöngu sjálfstæðismanna var bæði hlutafélögum, einstaklingum

og bæjarfélögum víðs vegar um land gert kleift að kaupa þessi skip og hefja útgerð þeirra. Í dag er útgerð þessara skipa þannig háttað, að af 44 togurum, sem þjóðin á, eru aðeins 17 gerðir út í Reykjavík og 27 úti á landi.

Það er ómaksins vert að minnast á það í þessu sambandi, hvernig Framsfl. brást við, þegar sjálfstæðismenn hófust handa um kaup og innflutning þessara nýju og stórvirku framleiðslutækja. Hann reyndi á alla lund að gera þau tortryggileg og ógna þjóðinni með því glapræði, sem væri verið að fremja með öflun þessara framleiðslutækja til landsins. Einn af þm. Framsfl., hv. þm. V-Húnv., Skúli Guðmundsson, lýsti hinum nýju skipum þannig í þingræðu, að fyrst væri spýta, svo væri spýta og svo væri spýta í kross, svo væri spýta upp og svo væri spýta niður og svo færi allt í ganginn. En sannleikurinn væri þó sá, sagði þessi hv. þm. brosandi, að fullkomin hætta væri á því, að hin nýju skip færu aldrei í ganginn. Virtist sú tilhugsun vera hv. þm. síður en svo ógeðþekk. Annar hv. þm. Framsfl. og einn af aðalleiðtogum hans kallaði nýsköpunartogarana „gums". Sjálfur vinstri höfðinginn, sem aldrei segist hugsa um sérhagsmuni, hv. þm. Str., Hermann Jónasson, lýsti því einnig yfir í ræðu, að nýsköpunartogararnir væru ókaupandi, og réðst harðlega á Sjálfstfl. fyrir að hafa forgöngu um þessi skipakaup. Framsóknarflokkinn hefur áreiðanlega oft iðrað þessara orða leiðtoga sinna, og það mátti m. a. heyra á ræðum hv. þm. flokksins, sem töluðu hér á undan mér í kvöld.

Öll þjóðin fagnaði hinum nýja tíma, sem sigldi í höfn með nýsköpunartogurunum, og þúsundir manna um land allt hafa undanfarin ár notið góðrar atvinnu við rekstur þeirra og verkun afla þeirra í fiskiðjuverum og hraðfrystihúsum. Ég hika ekki við að fullyrða, að þessi aukning togaraútgerðarinnar í kaupstöðum og sjávarþorpum í öllum landshlutum sé raunhæfasta sporið, sem stigið hefur verið til atvinnubóta við sjávarsíðuna á Íslandi og til uppbyggingar atvinnulífsins í þeim landshlutum, sem fengið hafa hin nýju tæki. Í byggðarlögum, þar sem áður ríkti oftlega tímabundið atvinnuleysi, hefur hin nýja togaraútgerð gerbreytt atvinnuskilyrðunum til hins betra. Hagnýting afkastamöguleika hraðfrystihúsa og fiskiðjuvera hefur verið stórbætt. Í stað þess, að þessi framleiðslutæki, sem atvinna almennings við sjávarsíðuna byggist fyrst og fremst á, stóðu oft ónotuð vegna hráefnisskorts, hefur vinnsludögum þeirra nú fjölgað stórlega. Það veldur naumast ágreiningi, að þessi þróun stefnir í rétta átt. Við verðum að leggja allt kapp á að fullvinna sjávarafla okkar innanlands. Með því verður útflutningsverðmæti hans í senn meira og meiri og öruggari atvinna skapast fyrir almenning í landinu. Það er eitt af hinum stóru verkefnum framtíðarinnar að byggja hér upp fullkominn fiskiðnað, sem geri þann fisk, sem íslenzkir sjómenn afla, eins verðmæta og útgengilega vöru og frekast er kostur. Hljótum við þá jafnframt að hafa í huga að auka fjölbreytni þessa iðnaðar og láta ekki við það eitt sitja að hraðfrysta fiskinn, salta og herða, heldur koma hér á fót fullkomnum niðursuðuiðnaði með svipuðum hætti og Norðmenn, Bandaríkjamenn, Þjóðverjar og fleiri þjóðir hafa gert með góðum árangri.

Jafnhliða því, sem nýsköpunarstjórnin hafði forgöngu um kaup hinna nýju togara og dreifingu þeirra út um land, vann hún að stórkostlegum framkvæmdum á sviði síldariðnaðarins. Afköst síldarverksmiðjanna á Norðurlandi voru margfölduð. En vegna þeirrar hörmulegu staðreyndar, að síldveiði hefur brugðizt fyrir Norðurlandi s. l. 10 ár, hefur þessi uppbygging síldariðnaðarins ekki komið að tilætluðum notum. Hinar nýju verksmiðjur hafa staðið þögular ár eftir ár, og þjóðarbúið og útgerðin hafa beðið við það afhroð, sem reyndar sætir furðu að ekki skuli hafa haft enn geigvænlegri afleiðingar en raun ber vitni. Einn af fróðustu mönnunum um íslenzk sjávarútvegsmál hefur reiknað út, að aflabresturinn á síldveiðunum fyrir Norðurlandi hafi haft í för með sér milli 2 og 3 þúsund millj. kr. tap fyrir sjávarútveginn og þjóðina í heild. Er þetta gífurlega tjón ein af ástæðum þess, hversu illa er nú komið fyrir sjávarútveginum.

Þá hefur á tímabilinu frá 1946 til ársloka 1954 verið tekinn í notkun 201 nýr þilfarsbátur. Hafa 74 þeirra verið smíðaðir innanlands, og er smálestatala þeirra 2977 brúttólestir. Frá útlöndum hafa verið keyptir 137 vélbátar á þessu tímabili, og er smálestatala þeirra 10193 brúttólestir. Samtals gerir þessi aukning bátaflotans 13170 brúttólestir. Nærri öll þessi aukning bátaflotans hefur farið til verstöðva úti um land. Hér í Reykjavík hafa undanfarin ár aðeins verið gerðir út innan við 20 vélbátar á hverri vetrarvertíð.

Það er skoðun okkar sjálfstæðismanna, að þrátt fyrir þessa miklu aukningu framleiðslutækjanna við sjávarsíðuna s. l. áratug bresti enn mikið á það, að einstök byggðarlög og jafnvel heilir landshlutar séu nægilega vel á vegi staddir með framleiðslutæki til þess að geta tryggt íbúum sínum örugga, varanlega atvinnu og lífvænlega afkomu. Þingmenn flokksins hafa þess vegna á síðustu árum flutt frv. og till. um víðtækar ráðstafanir til öflunar nýrra framleiðslutækja og aukningar framleiðslunni. Leyfi ég mér að drepa hér lauslega á nokkrar þeirra.

Haustið 1952 fluttu sjálfstæðismenn ásamt nokkrum þm. Framsfl. till. til þál. um undirbúning heildarframkvæmdaáætlunar í þeim tilgangi að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Var sú till. samþykkt og ríkisstj. falið að hefja undirbúning að heildaráætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa sökum erfiðra samgangna og skorts á raforku og atvinnutækjum. Skyldu slíkar framkvæmdir stefna að því, að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins og tryggja sem mest framleiðsluafköst þjóðarinnar.

Ég játa hiklaust, að okkur sjálfstæðismönnum hefur fundizt framkvæmd þessarar till. ganga fullseint, en mikið verk hefur þó verið unnið af sérstakri nefnd, sem skipuð var í samræmi við hana. Mikilvægra upplýsinga hefur verið aflað um ástandið víðs vegar um land og þarfir þjóðarinnar í þessum efnum. Það er og á grundvelli þessarar till., sem tvær síðustu ríkisstjórnir hafa beitt sér fyrir árlegum fjárveitingum til at-

vinnuaukningar á þeim stöðum á landinu, sem helzt hafa þurft á slíkri aðstoð að halda. Á árunum 1952—55, að báðum árunum meðtöldum, hefur samtals verið úthlutað tæpum 30 millj. kr. í þessu skyni. Hefur þessu fé verið varið til báta- og vélakaupa, til iðjuvera, fiskverkunarstöðva, verbúða, hafnargerða og lendingarbóta, til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum og til viðhalds byggðar í nokkrum sveitum og loks til stuðnings togaraútgerðar í einu þeirra byggðarlaga, sem harðast hafa orðið úti fyrir barði aflabrestsins á síldveiðunum fyrir Norðurlandi.

Þá má geta þess, að nokkuð af greiðsluafgangi ársins 1955 hefur nú verið lagt til hliðar til jafnvægisráðstafana. Er það ætlan okkar sjálfstæðismanna, að sérstök löggjöf verði sett um það, hvernig þessu fé verði skynsamlegast varið til atvinnuuppbyggingar í þeim landshlutum, sem mesta þörf hafa fyrir ný framleiðslutæki eða endurbætur á þeim, sem fyrir eru.

Við sjálfstæðismenn höfum enn fremur á undanförnum árum flutt frv. um ráðstafanir til atvinnujöfnunar og um atvinnubótasjóð. Síðast á þessu þingi hafa þm. flokksins flutt frv., þar sem lagt er til, að ríkisstj. semji um smíði togara erlendis eða innanlands og selji þá sveitarfélögum, hlutafélögum eða einstaklingum. Er gert ráð fyrir, að hið opinbera veiti svipaðan stuðning til þessara skipakaupa og gert var, þegar nýsköpunartogararnir voru keyptir til landsins.

Loks vil ég geta þess, að á s. l. ári fólu núverandi stjórnarflokkar tveimur fulltrúum úr hvorum flokki, Sjálfstfl. og Framsfl., að semja frv. um útgerð togara til atvinnujöfnunar. Í uppkasti að frv., sem þessir fulltrúar sömdu, var lagt til, að á næstu þremur árum yrðu smíðuð ekki færri en 9 botnvörpuskip til útgerðar frá þeim stöðum, þar sem atvinnu skorti og sjávarafla til vinnslu eða verkunar í fiskiðjuverum. Var gert ráð fyrir, að einstaklingar, útgerðarfélög eða sveitarfélög yrðu aðilar að kaupum þessara skipa með aðstoð ríkisins. Þetta frv. hefur ekki enn þá verið lagt fram af hæstv. ríkisstj., en ég leyfi mér að fullyrða, að a. m. k. meðal ráðherra og þingmanna Sjálfstfl. ríkir fullur skilningur á nauðsyn þess, að slíkar ráðstafanir verði gerðar til eflingar atvinnulífinu og aukningar framleiðslunni á þeim stöðum á landinu, þar sem atvinnutæki skortir, en aðstaða er góð til togaraútgerðar.

Núverandi hæstv. ríkisstj. hefur haft í mörg horn að líta. Hún hefur átt sjö börn í sjó og sjö á landi, þar sem eru fjölþættar stórframkvæmdir í þágu sveita og sjávarsíðu. Verkefnin kalla hvarvetna að í þessu stóra og strjálbýla landi, en þjóðin er fámenn og fjármagn hennar takmarkað. Þrátt fyrir það viljum við helzt gera allt í einu. En við Íslendingar verðum að gera okkur það ljóst, að sá er sannastur framfaramaður, sem kann að miða framkvæmdir sínar við fjárhagsgetuna á hverjum tíma, en reisir sér ekki hurðarás um öxl og skapar með því kyrrstöðu eða jafnvel afturför.

Ég hef rakið hér nokkuð afskipti Sjálfstfl. af atvinnubótamálum og uppbyggingu bjargræðisveganna við sjávarsíðuna undanfarin ár. Ég hef sýnt fram á, að sú nýsköpun togaraflotans og dreifing þessara stórvirkustu framleiðslutækja til allra landshluta, sem sjálfstæðismenn beittu sér fyrir, hefur verið eitt raunhæfasta sporið, sem stigið hefur verið til þess að bæta atvinnuskilyrðin í fjölmörgum kaupstöðum og sjávarþorpum. Þó er hér aðeins um að ræða einn þátt viðleitninnar til þess að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. En einnig á öðrum sviðum hefur Sjálfstfl. beitt sér fyrir þýðingarmiklum framkvæmdum í þessu skyni. Ræðir þar fyrst og fremst um þá rafvæðingu landsins, sem nú hefur verið hafizt handa um. Með henni verður ekki einungis þúsundum sveitabýla sköpuð aðstaða til þess að njóta nytsemdar og lífsþæginda rafmagnsins, heldur mun atvinnulífi sjávarsíðunnar skapast við það stórbætt aðstaða til þess að hagnýta afla fiskiskipa sinna og njóta öruggrar og varanlegrar atvinnu.

Þær umbætur í húsnæðismálum, sem Sjálfstfl. hefur haft forustu um, munu einnig stuðla að aukinni trú fólksins á framtíð byggðarlaga þess og skapa því aðstöðu til þess að lifa betra og fegurra lífi. Bygging nýrra félagsheimila, skóla og sjúkrahúsa víðs vegar um land er einnig framkvæmd, sem á ríkan þátt í að skapa samræmi milli lífskjara almennings úti um allt land og fólksins, sem býr í þéttbýlinu hér við sunnanverðan Faxaflóa. Og það er þetta samræmi, sem verður að nást á sem flestum sviðum, ella er hætt við því, að fólksstraumurinn haldi áfram frá framleiðslunni í strjálbýlinu til þéttbýlisins, þar sem útflutningsframleiðslan er ekki eins ríkur þáttur í daglegu starfi fólksins.

Ég mun nú víkja nokkru nánar að afstöðu Sjálfstfl. til þess, sem gera þarf í framtíðinni til þess að tryggja atvinnu og afkomu almennings við sjávarsíðuna á næstunni.

Sjálfstæðismenn telja, að nauðsynlegt sé að láta smíða innanlands eða utan nokkra togara, sem síðan verði seldir einstaklingum, hlutafélögum eða bæjar- og sveitarfélögum í þeim landshlutum, sem skortir atvinnutæki; enn fremur beri að efla vélbátaútveginn, þar sem hann hentar betur til þess að fullnægja atvinnuþörfinni og hagnýta framleiðslumöguleikana, jafnhliða þurfi að stuðla að auknum afköstum hraðfrystihúsa og fiskiðjuvera, þannig að sem mestur hluti aflans verði fullunninn innanlands.

Þá ber einnig nauðsyn til þess, að kannaðar verði nýjar leiðir til þess að byggja upp fjölbreyttari iðnað en nú tíðkast í smærri kaupstöðum og sjávarþorpum landsins. Verkaskipting þarf að aukast og fleiri stoðir að renna undir afkomugrundvöll fólksins. Enda þótt íslenzk fiskimið hafi verið gjöful, sérstaklega áður en gegndarlaus rányrkja stórspillti þeim, hefur þó aflabresturinn oft leitt bágindi og þrengingar yfir fólk sjávarsíðunnar. Það er mikið verkefni og erfitt að draga úr þeim sveiflum, sem hinir fábreyttu atvinnuhættir okkar hafa oftlega skapað í efnahagslífinu. En að þessu verkefni verður að vinna sleitulaust af framsýni og árvekni. Við megum einskis láta ófreistað til þess að hagnýta okkur reynslu annarra þjóða, sem búa við fjölbreytilegra atvinnulíf og bjargræðisvegi.

Síðast, en ekki sízt, er það eitt af stærstu við-

fangsefnum dagsins í dag og á morgun að bera fram til sigurs kröfu íslenzku þjóðarinnar um alger yfirráð yfir þeim stalli í Atlantshafinu, er við nefnum landgrunnið og þetta land stendur á. Stefnan í því mikla máli hefur verið mörkuð á grundvelli raka og helgs réttar þeirrar þjóðar, sem hlaut Ísland í vöggugjöf, og frá þeirri stefnu mun aldrei verða hvikað um hársbreidd. Mikilvægum áfanga var náð með þeim friðunarráðstöfunum, sem framkvæmdar voru vorið 1952, er flóum og fjörðum var lokað og fjögurra mílna friðunarlínan ákveðin. Þessar ráðstafanir hafa þegar orðið að stórkostlegu gagni fyrir útgerðina í heilum landshlutum og þá fyrst og fremst á svæðinu frá Breiðafirði og Faxaflóa til Vestmannaeyja. En gagnvart öðrum landshlutum horfir þetta öðruvísi við. Og því miður verður að segja, a. m. k. hvað Vestfirði snertir, að ásókn botnvörpuskipa á þau mið hefur stóraukizt við það, að flóunum var lokað. Það er því eitt stærsta hagsmunamál útgerðarinnar í þessum landshlutum, að nýjar friðunarráðstafanir verði gerðar þeim til hagsbóta eins fljótt og frekast er kostur. Á sókninni fyrir þeim má ekkert lát verða.

Það má vera öllu sjálfstæðisfólki í landinu mikið gleðiefni, að það hefur komið í hlut þriggja forustumanna flokks þess að hafa forustu um þau heillaspor, sem þegar hafa verið stigin í baráttunni fyrir verndun fiskimiðanna við strendur landsins. Þessir menn eru þeir Ólafur Thors, hæstv. núverandi forsrh., Bjarni Benediktsson, hæstv. dómsmrh., og hv. þm. Vestmannaeyjakaupstaðar, Jóhann Þ. Jósefsson, fyrrv. sjávarútvegs- og fjármálaráðherra, að ógleymdum hv. þm. Borgf., Pétri Ottesen, sem fyrr og síðar hefur haldið uppi harðri baráttu í málinu. Undir forustu þessara manna voru lögin um vísindalega verndun fiskimiðanna sett árið 1948, en á grundvelli þeirra voru friðunarráðstafanirnar gerðar árið 1950 og vorið 1952. Á engum íslenzkum stjórnmálamönnum hefur það heldur mætt meira að verja rétt Íslands fyrir erlendum yfirgangi, síðan hið örlagaríka skref var stigið.

Ég held, að réttlætið sigri í þessu máli að lokum eins og flestum öðrum. Þátttaka Íslands í alþjóðlegu samstarfi og vaxandi skilningur hinnar stóru veraldar á rétti smáþjóðanna mun tryggja okkur þann sigur. En öll þjóðin verður að standa saman í baráttunni fyrir rétti sínum.

Ég hef nú rætt nokkuð hið víðtæka uppbyggingarstarf Sjálfstfl. í þeim tilgangi að skapa almenningi við sjávarsíðuna afkomuöryggi og bætta afkomu í lífi hans og starfi. Þar með hefur í stórum dráttum verið mörkuð afstaða flokksins til þess máls, sem hér liggur fyrir til umræðu og flutt er af 4 hv. þm. úr Alþfl., Sósfl., Framsfl. og Þjóðvfl. Í því felst í raun og veru ekkert nýtt annað en það, að þeir leggja til, að ríkið geri út ákveðinn fjölda togara. Við sjálfstæðismenn höfum talið skynsamlegra, að samtök einstaklinga og einstakra byggðarlaga annist slíka útgerð. Við teljum það líklegra, til þess að hún komi að fullu gagni og rekstur tækjanna nái þeim tilgangi, sem að er stefnt. Við höfum þess vegna á undanförnum árum haft forustu um stuðning ríkisvaldsins við kaup slíkra atvinnutækja til eflingar atvinnulífinu í fjölda byggðarlaga víðs vegar um land, og sjálfstæðismenn munu vinna að því, að slíkum stuðningi verði haldið áfram, eftir því sem fjárhagsgeta ríkisins leyfir á hverjum tíma.

Ég skal ekki draga í efa, að tilgangur hv. flm. þessa frv. sé góður og að þeir vilji stuðla að bættum atvinnuskilyrðum á þeim stöðum, þar sem atvinnutæki skortir. En ég get ekki varizt því að finnast það dálítið broslegt, að einmitt þessir hv. þm., sem þetta frv. flytja, skuli telja sig sérstaklega til þess bæra og kjörna að flytja frv. um skipulag togaraútgerðar í landinu.

Hv. fyrsti flm. frv., sem hóf þessar umræður hér í kvöld, 3. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, stjórnaði einu sinni bæjarfélagi, sem átti og gerði út togara. Það var á hápunkti stríðsgróðatímabilsins. En þessi hv. þm. var ekki í rónni, fyrr en hann og flokkur hans voru búnir að selja þennan eina togara frá Ísafirði til Reykjavíkur. Og svo glaður var hann yfir þessu afreki, að hann lofaði guð hástöfum á prenti fyrir það að hafa losað bæjarfélag sitt við togarann, og þó græddu allir á tá og fingri á togurum í þá daga. Það kom svo í hlut sjálfstæðismanna að útvega tvo nýja og fullkomna togara til þessa bæjarfélags nokkru síðar. Hafa þeir orðið byggðarlaginu og nálægum sjávarþorpum til stórkostlegra atvinnubóta. Það er ekki að furða, þótt hv. 3. landsk. þm. talaði hraustlega hér áðan um afrek sín og slóðaskap annarra í atvinnubótamálum. En þetta eru þó afskipti þessa hv. þm. af togaraútgerð til atvinnubóta úti á landi.

Hv. annar flm. frv., 9. landsk. þm., Karl Guðjónsson, er einn af forustumönnum kommúnista í Vestmannaeyjum. Hinir sósialistisku flokkar þar efndu á sínum tíma til bæjarútgerðar tveggja togara. Ég skal ekkert um þá útgerð fjölyrða hér, en þannig var á stjórn hennar haldið af hálfu kommúnista og Alþfl., að enda þótt Vestmanneyingar séu einir beztu og harðgerðustu sjómenn landsins, varð niðurstaðan sú, að hvergi á öllu landinu tókst á jafnskömmum tíma að sökkva rekstri hinna fullkomnu skipa í hyldýpi óreiðu og úrræðaleysis. Niðurstaðan varð sú, að kommúnistum og Alþýðuflokksmönnum tókst að skapa svo algera vantrú á togaraútgerð í Vestmannaeyjum, að selja varð bæði skipin burt úr bænum. Ég veit ekki, hve nálægt hv. 9. landsk. þm. hefur komið þessari útgerð, en hann hefur um alllangt skeið verið einn aðalleiðtogi flokksins í þessu þróttmikla sjávarútvegsbyggðarlagi og hefur því áreiðanlega einnig verið nærstaddur, þegar mörkuð var stefna hans í togaraútgerðarmálum.

Það liggur við, að mér renni til rifja að minnast hér á þátt hv. þm. V-Ísf., Eiríks Þorsteinssonar, sem talaði hér áðan, í togaraútgerðarmálum, en hann er þó þriðji flm. þessa frv. Hv. þm. stjórnaði útgerð togara á Þingeyri í rúmlega eitt ár. Þeirri útgerð lauk með ósköpum daginn eftir kosningar 1953. Hún hafði þá gert sitt pólitíska gagn. Þessi útgerð hafði þó hlotið fyllstu fyrirgreiðslu, óvenjuleg stofnlán, auk bátagjaldeyrisfríðinda. En þegar henni lauk, var hún gjaldþrota og skipið talið ónýtt.

Milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar er ekki löng leið, aðeins Barðinn, hár og tignarlegur, stendur á milli þessara tveggja fögru fjarða. En fyrir norðan Barðann, á Flateyri, hefur útgerð þessa sama togara og annars togara til skapað mikla atvinnu undir stjórn dugandi manna og er nú ein meginástæða þess, að þar ríkir almenn velmegun.

Ég sagði áðan, að tilgangur þessara hv. þm. með flutningi þessa frv. væri sjálfsagt góður. En ég endurtek, að ég dreg í efa, að einmitt þeir séu færastir um það að ákveða skipulag á togaraútgerð Íslendinga. Í þessu sambandi er ekki heldur hægt að láta hjá líða að minnast lítillega á afstöðu stjórnmálaflokkanna til rekstrargrundvallar atvinnutækjanna almennt og þá einnig sjávarútvegsins.

Þegar hinir nýju togarar voru keyptir til landsins undir forustu sjálfstæðismanna, lögðu þeir áherzlu á, að það væri ekki nóg, að þjóðin eignaðist fullkomin og glæsileg framleiðslutæki, hún yrði jafnframt að tryggja heilbrigðan rekstrargrundvöll þeirra, skip, sem rekin væru með halla, gætu ekki til lengdar veitt mikla og varanlega atvinnu, þau hlytu að stöðvast og leggjast við landfestar. Því miður hefur þessum aðvörunarorðum ekki verið sinnt sem skyldi. Framleiðslukostnaðurinn hefur aukizt ár frá ári, og nú er svo komið, að sjálf hin nýja tækni er að lamast í höndunum á okkur vegna stórkostlegs hallarekstrar. Ríkið verður að greiða hátt á aðra millj. kr. í rekstrarstyrk til hvers togara. Einnig vélbátaútgerðin verður að fá stórkostlega aðstoð. Og þó er það sjávarútvegurinn, sem skapar nær öll útflutningsverðmæti þjóðarinnar og stendur undir tryggslu hennar.

Hv. stjórnarandstæðingar segja, að þetta sýni algert skipbrot stefnu Sjálfstfl. í efnahags- og atvinnumálum. Hefur öðrum eins þvættingi nokkru sinni verið slöngvað framan í þjóðina? Þegar hinum sósialistisku flokkum hefur með pólitískum verkföllum og ofbeldisaðgerðum tekizt að hefja hér á ný taumlaust kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags og brjóta niður þá jafnvægisstefnu, sem núverandi og fyrrverandi ríkisstj. beittu sér fyrir í efnahagsmálum, þá segja þeir, að stefna Sjálfstfl. hafi beðið skipbrot. Öllu lengra er ekki hægt að komast í því að snúa staðreyndum við. Það er alþjóð kunnugt, að eftir þær jafnvægisráðstafanir, sem sjálfstæðismenn beittu sér fyrir í ársbyrjun 1950, færðist íslenzkt efnahagslíf hægum, en öruggum skrefum í heilbrigða átt. Sparifjársöfnun jókst, vöruskortinum var útrýmt, svartamarkaðsbraskið hvarf, og framleiðslutækin juku afköst sín. Verðmæti útflutningsins jókst verulega, og almenn velmegun ríkti í landinu. Jafnhliða tókst að halda dýrtíðinni í skefjum. Hafa jafnvel sérfræðingar Alþýðusambands Íslands viðurkennt, að kaupmáttur launa hafi haldizt svo til óbreyttur frá árslokum 1952 til ársins 1955, er kommúnistar settu af stað nýja dýrtíðarskriðu og vægðarlaust kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags.

Það eru þannig kommúnistar og fylgilið þeirra, sem fyrst og fremst bera ábyrgð á því, að útflutningsframleiðsla þjóðarinnar berst nú í bökkum. Það þarf töluverð brjóstheilindi hjá þessum herrum að koma nú fram fyrir þjóðina og segjast vera hinir einu sönnu stuðningsmenn og velunnarar sjávarútvegsins og atvinnulífsins í landinu yfirleitt. Velmegun almennings á Íslandi verður ekki tryggð með slíkum vinnubrögðum. Hvorki ný né gömul skip geta bætt úr atvinnuskorti, ef ekki er hægt að reka þau. Til lengdar getur þetta þjóðfélag ekki tryggt borgurum sínum betri og jafnari lífskjör en tíðkast víðast hvar annars staðar, ef kommúnistum tekst að hafa jafnmikil áhrif á þróun efnahagsmálanna og þeir hafa haft undanfarin ár. Stærsta hættan, sem steðjar að atvinnuöryggi okkar í dag, er þau tök, sem hinn alþjóðlegi kommúnismi hefur náð á nokkrum stærstu verkalýðsfélögum landsins, og sá klofningur, sem honum hefur tekizt að skapa í hinum ráðreikula og veika íslenzka jafnaðarmannaflokki.

Góðir hlustendur. Sjálfstæðisfl. hefur s. l. 17 ár, síðan hann komst til valda og áhrifa í stjórn landsins, reynt að beita sér fyrir fjölþættum umbótum og bættri aðstöðu til handa öllum almenningi. Hann hefur gert það, eins og ég sagði áðan, með því að hafa forgöngu um öflun nýrra og fullkominna atvinnutækja til handa þéttbýli og strjálbýli. Höfuðtakmark hans er, að hver hönd, sem vill vinna, fái að vinna og að fólkið njóti atvinnuöryggis og velmegunar, hvort sem það býr í höfuðborg landsins eða í sveitum, kaupstöðum og sjávarþorpum um land allt. Sjálfstfl. leggur höfuðáherzlu á, að samræming lífskjaranna við það bezta, sem þekkist í landinu, sé öruggasta leiðin til þess að stöðva fólksflutningana frá framleiðslunni til yfirbyggingar þjóðfélagsins. Við sjálfstæðismenn biðjum þjóðina aðeins að virða fyrir sér reynsluna af starfi okkar og gera sér ljós áhrif þess á lífskjör hennar og alla aðstöðu. Við treystum á heilbrigða dómgreind fólksins og biðjum það að láta ekki upplausnaröflin valda sér svartsýni. Við trúum því, að ef íslenzka þjóðin lítur raunsætt á hag sinn og mætir stundarerfiðleikum af festu og manndómi, þá getum við gengið á móti framtíðinni í bjartsýnni trú á það land, sem við eigum ein, frjáls og óháð öllum nema samvizku okkar og þeim guði, sem gaf okkur það í árdaga. — Góða nótt.

Emil Jónsson: Herra forseti. Hv. áheyrendur. Umræðurnar í kvöld byrjuðu þannig, að ég var farinn að halda, að hér yrðu aðallega flutt fræðileg erindi um sjávarútveg, menn mundu halda sér við málefnalegar umræður, og þá var út af fyrir sig vel. En sá gamli Adam var ekki langt undan. Hv. þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason, lét sig hafa það hér að fullyrða, að Alþfl. hefði sýnt sjávarútveginum fullan fjandskap. Samtímis átti hann varla nógu sterk orð til þess að lofa framtak nýsköpunarstjórnarinnar, en hann gleymdi því, — viljandi eða óviljandi, — að það var Alþfl., sem setti þau skilyrði fyrir þátttöku sinni í nýsköpunarstjórninni, að þessi tæki yrðu fengin hingað til landsins.

Hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, hafði hér uppi einnig sérstakan málflutning, en ég mun koma að því örlítið síðar.

Mig langar þó til þrátt fyrir þetta að fara

nokkrum orðum um það mál, sem hér liggur fyrir, þó að ég verði að stikla á stóru og enda ekki nauðsynlegt að fara langt út í það, því að það hefur verið rætt hér allnokkuð af þeim, sem undan mér hafa talað.

Kjarni þess máls, sem hér liggur fyrir, er togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar. Þetta mál hefur Alþfl. flutt á undanförnum þingum mörgum, en það hefur hins vegar ekki enn náð fram að ganga. Ég vildi um afstöðu flokksins til þessa máls nú segja, að það sé eitt af þeim málum, sem flokkurinn leggur hvað allra mesta áherzlu á að koma fram, hvenær og hvernig sem hann sér færi á.

Andstæðingar Alþfl. hafa á undanförnum árum talað fagurlega um jafnvægi í byggð landsins, sem svo er kallað, en einhvern veginn hefur þeim tekizt að harka það af sér að koma þessari hugmynd fyrir kattarnef, sem í frv. felst, sem þó er viðurkennd af öllum að vera langáhrifaríkasta aðferðin til þess að útrýma atvinnuleysi úr kauptúnum og sjávarþorpum.

Hér á Suðvesturlandi hefur atvinna og afkoma undanfarin ár verið allgóð. Höfuðástæðurnar til þess eru aðallega tvær og báðar að nokkru leyti ósjálfráðar. Hin fyrri er vinna við varnarliðsframkvæmdirnar og byggingarvinna ýmiss konar, sem við hana er tengd, beint og óbeint. Hin síðari er löndunarbann Breta, sem hefur neytt okkur til að verka þann fisk, sem við veiðum, þegar við gátum ekki selt hann óunninn úr landi, ísaðan, eins og áður. Þetta hljómar undarlega, en svona er það nú samt. Verkunarlaun í landi á þeim 50—60 þúsund tonnum, sem togararnir áður fluttu árlega til Bretlands, og tekjur af vinnslu á úrgangi úr þeim afla nema tugum milljóna króna, sem eiga nú að geta orðið varanleg og örugg viðbót við heilbrigðar atvinnutekjur þjóðarinnar. Þessar tekjur falla af eðlilegum ástæðum fyrst og fremst í skaut þeim stöðum, þar sem togararnir eiga heima, a. m. k. þegar aðstaða hefur verið sköpuð til þess að taka á móti þessum afla til vinnslu á þessum stöðum, og að því er nú unnið víðast hvar.

Nú skiptist togaraeign landsmanna þannig, að 26 eiga heimahöfn við Faxaflóa, 4 á Vestfjörðum, 8 á Norðurlandi og 3 á Austfjörðum. Hv. ræðumaður, sem hér talaði á undan mér, vildi gera hlut landsbyggðarinnar betri með því að segja, að í Reykjavík væru aðeins 17 togarar, en hinir 24 staðsettir úti á landi. Þetta má segja að sé rétt. En hitt er einnig rétt, að við Faxaflóa eiga þeir heima 26, en hinir 15 skiptast á alla hina landsfjórðungana. Um það bil 2/3 af skipunum eru því staðsettir hér við Faxaflóa, en aðeins rúmur 1/3 samtals í öllum hinum landshlutunum. Auk þess er það að athuga, að þessi þriðjungur togaraflotans, eða 15 skip, er staðsettur á ákveðnum stöðum og leggur því fyrst og fremst á land afla sinn þar. Það er því ljóst, að margir staðir, sem þó hafa möguleika til verkunar, verða alveg útundan og aðrir, sem að vísu hafa umráð yfir togara eða parti úr togara, fá ekki nema nokkurn hluta þess, sem þeir gætu tekið á móti.

Úr þessu ástandi er frv., sem hér liggur fyrir, ætlað að bæta. Nokkrir af smæstu kaupstöðunum, eins og Húsavík, Ólafsfjörður og Sauðárkrókur, hafa að vísu komið sér saman um útgerð togara, og nokkuð svipað hefur gerzt á Austurlandi, og er það vitaskuld spor í rétta átt, það sem það nær. En hvort tveggja er, að ekki nær þessi útgerð til allra staða á svæðinu, sem koma þurfa til greina, og eins hitt, að hún er ekki megnug að fullnægja eftirspurninni á þessum stöðum eftir fiski til verkunar og þar að auki vanmáttug að standa af sér áföll, ef eitthvað ber út af við rekstur inn, en hann er nú, eins og öllum er kunnugt, mjög ótryggur. Allt ber þetta að sama brunni, að hér verður einhver viðbótaraðili til að koma til þess að fylla í skarðið. Þessi aðili getur enginn annar orðið en ríkissjóður, enda ber honum vissulega til þess nokkur skylda.

Hv. þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason, sem síðast talaði hér, lýsti sig þó andvígan því, að þetta rekstrarform yrði tekið upp, og hann gerði meira, hann talaði háðulega um þá staði, sem gefizt höfðu upp vegna fjárskorts í sinni útgerð. En þetta, hvernig margir staðir hafa gefizt upp við sinn togararekstur, sýnir einmitt það, að þegar útgerðin berst í bökkum, þá er hún of stórkostleg til þess, að smástaðir, kauptún og minni kaupstaðir, geti við hana ráðið.

Einstaklingur, sem útgerð togara stundar, álítur sér ekki bera neina skyldu til að leggja afla á land á öðrum stöðum en þar, sem honum sjálfum þóknast, eða frekar en hagsmunir hans sjálfs gefa tilefni til, og sveitarstjórnirnar á stöðunum eru þess ekki umkomnar að hefja útgerðina sjálfar. Annaðhvort verður því að fara þá leið, sem frv. bendir á, eða gefa verður atvinnulíf þessara staða að þessu leyti alveg upp á bátinn. Eftir því óskar náttúrlega enginn.

Í sambandi við togaraútgerð okkar Íslendinga og alveg sérstaklega í sambandi við þá fjölgun togaranna, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er óumflýjanlegt að reyna að gera sér grein fyrir, hvernig koma mætti þessum rekstri á traustari og fastari grundvöll en nú er. Eins og er, verður ríkissjóður að greiða hverjum togara 5000 kr. á úthaldsdag og þó nokkuð meira. Þetta er engin lausn til frambúðar, þó að hún hafi verið notuð sem örþrifaráð til bráðabirgða. Það verður því að leitast við að finna leiðir til þess að draga úr þessum greiðslum ríkissjóðs og helzt að koma rekstrinum þannig fyrir, að hægt sé að losna við þær með öllu.

Togaranefndin, sem starfaði að athugun þessara mála fyrir einu og hálfu ári, var sammála um eftirfarandi atriði til þess að létta undir með rekstri togaranna: Í fyrsta lagi að lengja lánstíma stofnlána þeirra, er á skipunum hvíla. Í öðru lagi að auka rekstrarfé skipanna, svo að þau gætu gert hagkvæmari innkaup. Í þriðja lagi, að togaraútgerðinni verði gert kleift að koma sér upp eigin fiskvinnslustöðvum, til þess að útgerðin sjálf geti fengið fullt andvirði aflans. Í fjórða lagi að afskrifa nokkuð af stofnkostnaði nýjustu togaranna. Í fimmta lagi, að vátryggingariðgjöld verði lækkuð. Í sjötta lagi, að olíuverð verði lækkað. Í sjöunda lagi, að vextir verði lækkaðir. Og í áttunda lagi, að

farmgjöld af útfluttum afurðum þeirra yrðu lækkuð. Síðan yrði það, sem ekki næðist á þennan hátt, greitt úr einhvers konar rekstrartryggingarsjóði til bráðabirgða, sem ríkissjóður aflaði tekna í eins og nú hefur verið gert um hríð.

Ég tel engan vafa á því, að hefðu þessi atriði öll, sem n. var sammála um, verið tekin til greina af ríkisstj., þá hefði verið hægt að draga mjög verulega úr þeim styrk, sem ríkissjóður verður nú að leggja fram og almenningur að greiða. En hæstv. ríkisstj. óskaði ekki eftir því að fá þessar till. einu sinni til sín, til þess að hún þyrfti ekki að ómaka sig við að finna neina leið til þess að vísa þeim frá. Sannleikurinn er sá, að að hennar dómi þurftu allir aðilar, sem nálægt útgerðinni komu, að græða á henni, þó að hún sé sjálf rekin með dúndrandi tapi.

Bankarnir græða tugi milljóna á hverju ári, en þó má ekki lækka vextina. Viðhaldskostnaður skipanna er orðinn svo gífurlegur, að engu tali tekur. Ég þekki dæmi af einum nýsköpunartogara, sem kom hingað til lands 1947. Fyrstu árin á viðhald skips og áhalda að vera mjög hóflegt samanborið við það, sem síðar verður, þegar skipin fara að eldast. En hjá þessu skipi var viðhaldskostnaðurinn einn saman fyrstu 7 árin jafnmikill og allt kaupverð skipsins í upphafi, og þetta er áreiðanlega ekkert einsdæmi. Vátryggingarfélög, olíufélög og eigendur flutningaskipa þurfa líka að fá verulegan gróða í sinn hlut, og þeir, sem kaupa aflann til verkunar í landi, sömuleiðis. Á meðan allt þetta er látið ganga eftirlitslaust og óátalið af stjórn landsins og á meðan einnig eru afnumdar allar hömlur á verðlagi, húsaleigu og ýmiss konar þjónustu, er engin von til þess, að hægt sé að reka þennan atvinnuveg né raunar neinn annan atvinnuveg á nokkurn veginn heilbrigðum grundvelli. Á meðan ekki er spyrnt við fótum, heldur hjólið áfram að snúast. Sjómenn og verkafólk neyðist til þess að hækka sitt kaup, styrkurinn úr ríkissjóði verður þá einnig að hækka, og skatturinn á almenning hækkar svo aftur að sama skapi. Á þessu græðir enginn nema braskarar, sem á hinn bóginn geta grætt stórfé, ef þeir eru sniðugir að koma ár sinni vel fyrir borð.

Hvað á þá til bragðs að taka? spyrja menn. Það verður að snúa við og taka upp gerbreytta stjórnarstefnu. Það verður að lækka milliliðagróðann og allan þann gróða, sem á þurru landi er tekinn af taprekstri útgerðarinnar. Þegar það hefur verið gert, og þá fyrst þegar það hefur verið gert, er hægt að freista þess að koma á samkomulagi við verkalýðs- og sjómannasamtökin eða milli þeirra og ríkisstj. og útgerðarinnar um heilbrigða lausn málsins. En þessi lausn verður að finnast. Undanfarin 2—3 ár hefur togaraútgerðin verið rekin með svo miklu tapi þrátt fyrir styrkinn úr ríkissjóði, að það er beinlínis hefndargjöf að stuðla að því, að fátæk bæjar- og sveitarfélög ráðist í slíkt, nema tryggari grundvöllur undir rekstri þeirra verði fundinn.

Sjálfstfl. virðist ekki hafa áhuga á því að lækka þá kostnaðarliði útgerðarinnar, sem ég nefndi áðan. Til þess bendir a. m. k. það, að till. mþn. um lækkun milliliðagróðans voru ekki teknar til greina. Eina vonin til þess, að það fáist gert, er, að skipt verði um ríkisstj. Umr. um það hafa nú farið fram um nokkurt skeið. Á flokksstjórnarfundi Alþfl. í nóvember s. l. var samþykkt að leita samstarfs við Framsfl. og Þjóðvfl. um kosningabandalag og stjórnarmyndun að kosningum loknum, í höfuðatriðum á þeim grundvelli, sem markaður var á fundinum, þ. e. lýðræðissinnaða og vinstri sinnaða umbótastjórn, er miði stefnu sína við hagsmuni alþýðustéttanna í landinu, en ekki braskaranna. Undir þetta var mjög linlega tekið af Þjóðvfl. og eiginlega alveg neikvætt. Hins vegar tók Framsfl þessari uppástungu vel, og á nýafstöðnu flokksþingi hans nú í þessari viku var samþykkt að ganga til samvinnu við Alþfl. á þessum grundvelli. Málin standa því þannig nú, að gera má ráð fyrir, að þessir tveir flokkar, Alþfl. og Framsfl., geti nú alveg á næstunni gengið frá samkomulagi sín á milli um fullkomna samvinnu í væntanlegum alþingiskosningum í vor og um stjórnarmyndun eftir þær á málefnagrundvelli, sem þegar hafa verið lögð drög að á þingum flokkanna og gerður verður alþjóð kunnur fyrir kosningar.

Von íslenzkrar alþýðu um breytta og bætta stjórnarstefnu er eingöngu bundin við, að þessi samtök sigri í kosningunum og fái hreinan meiri hluta, enda hafa þau öll skilyrði til þess að geta fengið það. Til þess að hrinda því máli í framkvæmd, sem hér liggur fyrir í kvöld til umr., togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar, aukningu togaraflotans og byggingu fiskvinnslustöðva, og fjöldamörgum öðrum hliðstæðum málum og til þess að koma fyrir kattarnef þeim ormi, sem nagað hefur rætur atvinnulífsins, verður að tryggja, að þau samtök, sem ein hafa möguleika til að geta þetta, fái tækifæri til þess.

Það má sjá þess ýmis merki, að Sjálfstfl. er orðinn uggandi um sinn hag. Hans vonir byggjast auðvitað eins og vant er á sundrungu andstæðinga hans. Það er því augljóst, að hann lítur ekki hýru auga þau samtök, sem nú er verið að tala um að mynda til andstöðu við hann. Það er því ekki ónýtt fyrir hann að fá hér liðsmann eins og hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, sem hér var að burðast við að reyna að gera tortryggileg þau samtök, sem hér er verið að undirbúa. Ekkert er Sjálfstfl. jafndýrmætt og sundrungartal hans. Á því byggist hans eina von. En á það vil ég benda þeim hv. þm., að einmitt í samvinnu við Framsfl. hefur Alþfl. tekizt að þoka í framkvæmd ýmsum hinum þýðingarmestu málum fyrir íslenzka alþýðu, bæði til sjávar og sveita. Ég nefni aðeins verkamannabústaðalög, og tryggingalög fyrir verkamenn við sjávarsíðuna og afurðasölulög fyrir bændurna. Alþfl. er því engan veginn hræddur við að halda upp á fertugsafmæli sitt á þann hátt að ganga til samstarfs við Framsfl. um lausn aðkallandi mála til hagsbóta fyrir íslenzka alþýðu, hvað sem þessi hv.

þm. kann að hafa um það að segja. Hann þarf hvort sem er væntanlega engar áhyggjur að hafa af fertugsafmæli síns flokks.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Út af ummælum hv. 2. þm. N-M. um áhuga Framsfl. fyrir aukningu togaraflotans á nýsköpunarárunum vil ég benda þessum hv. þm. á, að núverandi hæstv. fjmrh. kallaði nýsköpunartogarana gums og lét blað sitt, Tímann, flytja hverja árásargreinina eftir aðra á þá ráðstöfun nýsköpunarstjórnarinnar að láta smíða 33 fullkomna togara. Þannig var stuðningur framsóknarmanna við þetta stórmál þá, hvað sem líður skoðun þeirra nú. Mætti segja, að batnandi mönnum sé bezt að lifa. Annars var auðheyrt á báðum þeim hv. þm. stjórnarliðsins, sem hér töluðu áðan, að kominn var í þá allmikill kosningaskjálfti, og láir það þeim enginn. Ferill þeirrar ríkisstj., sem syngur nú sitt síðasta vers, er með slíkum endemum, að einsdæmi mun vera. Spor þeirrar hæstv. ríkisstj. hræða, enda hefur annar aðalstuðningsflokkur hennar, Framsfl., yfirgefið hina strönduðu þjóðarskútu og leitar nú til pólitískra fanga á nýjum miðum.

Eitt af aðalstefnuskrármálum okkar sósíalista hefur verið og er stóraukning togaraflotans og alhliða uppbygging atvinnuveganna. Þing eftir þing hafa þm. flokks okkar flutt frv. hér á Alþ. um kaup á nýjum togurum, um nýsmíði togara innanlands og stuðning ríkis við bæjar- og sveitarfélög til atvinnuframkvæmda. Ekkert af þessum frv. hefur þó náð fram að ganga. Þau hafa ekki einu sinni hlotið afgreiðslu í nefndum þingsins. Sömu sögu má segja um hliðstæð frv., sem þm. Alþfl. og Framsfl. hafa flutt um lík mál. Nú er þó svo komið, að þm. úr öllum flokkum, þar með talinn að nokkru leyti Sjálfstfl., telja sig vera fylgjandi aukningu togaraflotans, enda standa nú kosningar fyrir dyrum. Þykir það ekki vænlegt til væntanlegs kosningafylgis að beita sér á móti slíku máli. Á hinu leikur nokkur vafi, hvort hugur fylgir máli, en úr því sker reynslan.

Í upphafi var togaraútgerð að mestu leyti rekin frá Reykjavík og Hafnarfirði, enda hefur atvinnulíf og fjárhagsafkoma alls almennings í þessum bæjum, svo og bæjarfélaganna sjálfra að miklu leyti byggzt á togaraútgerð. Eins og kunnugt er, voru keyptir til landsins 33 nýir togarar á nýsköpunarárunum. Síðar var svo samið um kaup á 10 togurum til viðbótar.

Síðan á árinu 1949 hefur enginn kaupsamningur verið gerður um smíði á togurum fyrir Íslendinga, ef frá er dreginn samningur um smíði á einum togara í Þýzkalandi í staðinn fyrir Egil rauða, sem strandaði. Ekki hefur þó togaraútgerð Reykjavíkurbæjar samið um kaup á skipi í staðinn fyrir togarann Jón Baldvinsson, sem strandaði fyrir ári. Bendir það ekki til mikils áhuga hjá foringjum Sjálfstfl. fyrir aukningu togaraflotans. Það virðist því vera kominn tími til þess, að farið sé að athuga fyrir alvöru um kaup á nýjum togurum.

Eftir kröfu ýmissa bæjarfélaga víðs vegar um land úthlutaði nýsköpunarstjórnin og fjárhagsráð 11 togurum til bæjarfélaga utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar eða hlutafélaga, sem bæjirnir voru hluthafar í. Síðan hefur tala þeirra togara, sem eru gerðir út frá stöðum utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, hækkað allverulega. Það er máske óþarfi að lýsa þeirri hrifningaröldu, sem greip hugi fólksins á hinum ýmsu stöðum úti á landi, þegar hin nýju og glæsilegu skip sigldu til hafnar í fyrsta sinn. Við komu þessara glæsilegu togara glæddust vonir fólksins um aukna atvinnu, betra líf og meiri framfarir. Á sumum þessara staða var atvinnuleysið í algleymingi, og alger auðn og flótti vofði yfir heilum byggðarlögum, enda hafði síldarleysi og aflatregða herjað byggðarlögin árum saman. Fyrstu árin sigldu togararnir nokkrar ferðir til Englands og Þýzkalands með aflann. Þessar söluferðir gáfust misjafnlega, og í mörgum tilfellum var um stórtap að ræða. Það var ekki fyrr en Englendingarnir settu á hið margumtalaða löndunarbann, að farið var að vinna úr aflanum hér heima í stórum stíl til hraðfrystingar. Hagstæðir markaðir fengust fyrir mikið magn af hraðfrystum fiskflökum í Rússlandi og fleiri sjávarafurðum auk þeirra markaða, sem fyrir voru í öðrum löndum.

Löndunarbann ensku útgerðarmannanna varð því til þess að stórauka atvinnu verkafólks í landi og til aukins gjaldeyris í þjóðarbúið. Talið er, að togarafarmur, sem lagður er á land til vinnslu í hraðfrystihúsi, gefi í vinnulaun yfir 200 þús. kr., þar með talin öll vinna við fiskinn og fiskúrgang, frá því að hann er lagður á land og þar til afurðirnar eru fluttar um borð í skip til útflutnings, svo og ýmis vinna við skip og veiðarfæri. Í þessu sambandi má minna á, að togararnir hafa svo að segja á hverju ári fundið ný fiskimið eða sótt á fjarlæg mið til veiða, svo sem við Grænland og víðar, þar sem skipin hafa ausið upp tugum milljóna verðmæta, sem óhugsandi hefði verið að Íslendingar hefðu getað notað sér án þess að eiga fullkomna togara. Þetta sýnir, hve stórvirk atvinnutæki togararnir eru og hvers mætti vænta til úrbóta á atvinnuleysi sjávarþorpanna víðs vegar um land, ef togaraflotinn væri aukinn um 15 skip og þau látin leggja upp afla til vinnslu á þeim stöðum, þar sem fólk býr nú við stöðugt atvinnuleysi 4—6 mánuði ár hvert. Með slíkri stóraukningu togaraflotans mundu svo gjaldeyristekjur þjóðarinnar vaxa á annað hundrað milljóna.

Það er því furðulegt, að til skuli vera íslenzkir menn, sem telja það til stórkostlegs taps fyrir land og þjóð, að Englendingar skyldu setja löndunarbann á íslenzkan togarafisk. Það er í sjálfu sér einkamál Englendinganna sjálfra, hvort þeir vilja kaupa ísvarinn fisk af íslenzkum togurum. A. m. k. verður ekki séð, að það sé hagsmunamál fyrir íslenzkt verkafólk. Fyrir togaraeigendurna sjálfa er slík verzlun hið mesta happdrætti, þar sem fiskurinn er ekki seldur á föstu verði, heldur á uppboði og þá oft og tíðum við hin verstu skilyrði. Ekki verður útkoman glæsilegri, ef athuguð er gjaldeyrishlið málsins. Þar hef ég sýnt fram á, að gjaldeyrisverðmæti af afla eins togara, sem leggur upp fisk til vinnslu hérlendis og stundar veiðar allt árið, sé um

11—12 millj. kr. yfir árið. Togari, sem eingöngu selur á erlendum markaði ísfisk og fer 12 söluferðir yfir árið og selur að meðaltali fyrir 8500 sterlingspund í túr, gefur í heimkominn gjaldeyri um 4 millj. kr. Mismunurinn verður því hvorki meira né minna en 7—8 millj. kr. á skip. Af þessu sést, að stórfellt gjaldeyristap hlýzt af því, ef togaraflotinn færi aftur að sigla með afla sinn til sölu á erlenda markaði að nokkru ráði.

Til viðbótar hinu mikla gjaldeyristapi kæmi svo, eins og ég hef áður bent á, geigvænlegt atvinnuleysi á þeim stöðum, þar sem togararnir hafa lagt upp afla sinn til vinnslu.

Ég held, að þeir menn, sem nú standa í samningamakki við enska útgerðarmenn um að fá upphafið löndunarbannið fyrir íslenzkan togarafisk, séu að vinna allt annað en þarft verk, að maður nú ekki tali um það, ef á móti ættu svo að koma skuldbindingar í sambandi við landhelgismál, Íslendingum í óhag, en á því er yfirvofandi hætta, hvað sem líður svardögum og fullyrðingum hv. þm. N-Ísf. hér áðan.

Því er mjög á lofti haldið, að togaraflotinn sé rekinn með stórfelldu tapi og af þeim ástæðum sé hin mesta fjarstæða að auka togaraflota landsmanna frá því, sem nú er.

Með nýjum lögum frá Alþ. er svo ráð fyrir gert, að greiddar verði í ár með hverjum togara 5000 kr. á hvern úthaldsdag. Þessi styrkur mun koma til með að nema yfir 1½ millj. kr. á hvert skip, eða samtals 66 millj. kr. yfir árið. Enginn neitar því, að þetta er há upphæð. Í sambandi við togararekstur er rétt að athuga þá fjárhagslegu aðstoð, sem fiskibátafloti landsmanna fær. Í ársbyrjun 1951 var settur á svokallaður bátagjaldeyrir til stuðnings bátaútveginum. Þessi aðstoð til bátaflotans hefur numið að meðaltali yfir 100 millj. kr. ár hvert, en í ár eru líkur fyrir því, að þessi aðstoð verði ekki undir 180 millj. kr., þar með taldar væntanlegar uppbætur á síld, veidda við Suðvesturland og í Austurdjúpi, sem eru áætlaðar 10 millj. kr.

Minna má á, að togararnir hafa ekki notið neinnar fjárhagslegrar aðstoðar þar til á s. l. ári, að þeim voru greiddar 2000 kr. á hvern úthaldsdag. Togaraflotinn fiskar tæpan helming af öllu fiskmagni Íslendinga. Þessi hlutföll geta að sjálfsögðu breytzt bátaflotanum í hag, ef t. d. síldin færi að fiskast fyrir Norðurlandi. Þá hefur og bátaflotinn aukizt allverulega hin síðari ár, á sama tíma sem togurunum hefur fækkað. Eykur þetta að sjálfsögðu fiskimagn bátaflotans.

Þessi dæmi sýna, að þrátt fyrir 5000 kr. styrkinn á dag til hvers togara, sem stundar veiðar, nemur sú aðstoð þó helmingi lægri upphæð á hvert fiskkíló en sá styrkur, sem bátaflotinn fær.

Samanburður sá, sem hér hefur verið gerður á rekstri togaranna annars vegar og rekstri bátaflotans hins vegar, sýnir, að útgerð togaranna er þrátt fyrir allt hagstæðari fyrir þjóðarheildina en bátaútgerðin. Vert er og að hafa það í huga, er rætt er um þessi mál, að það er miklum örðugleikum bundið að gera út fiskibáta frá Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum frá heimahöfnum yfir vetrarvertíðina. Veldur þar mestu um hin mikla aflatregða, sem verið hefur á þessum stöðum mörg undanfarin ár. Flestir stærstu mótorbátar þessara staða eru því gerðir út héðan frá höfnum við Faxaflóa, Vestmannaeyjum og sjávarþorpunum við Breiðafjörð. Það liggur því ljóst fyrir, að þessi skip geta ekki aukið atvinnu í landi í heimahöfn yfir vetrarvertíðina. Á þessu mundi þó verða stórbreyting til batnaðar, ef landhelgislínan yrði færð út. Með slíkri ráðstöfun mundu stórlega vaxa líkurnar fyrir auknum aflabrögðum fyrir fiskibátana, sem þar eiga heima, en stækkun landhelgislínunnar er langstærsta hagsmunamál Íslendinga. En svo merkilegt sem það kann að virðast, hefur þó hæstv. ríkisstj. stöðvað allar umr. um það mál á Alþ. Og þrátt fyrir það að 16 alþm. fjögurra flokka hafi verið með að flytja breytingartillögur um stækkun núverandi landhelgislínu, hafa þessi mál ekki fengizt afgr.

Vegna stærðar og ganghraða togaranna er það engum sérstökum erfiðleikum bundið að leggja upp afla hvar sem er á landinu, þar sem á annað borð eru til löndunarskilyrði og vinnslumöguleikar í landi. Það er því óumdeilanlegt, að aukning togaraflotans sé mikið hagsmunamál fyrir sjávarþorpin utan Reykjavíkur og eina raunhæfa leiðin, eins og nú er, til að bæta úr hinu mikla landlæga atvinnuleysi, sem er í mörgum bæjum og sjávarþorpum. Margt bendir þó til þess, að hæstv. ríkisstj. líti allt öðrum augum á þetta mál og telji það litla nauðsyn að auka togaraflota landsmanna. Eitt er víst, og það er, að hún lætur sig það litlu skipta, þótt atvinnuleysi sé algert í sumum sjávarþorpum marga mánuði ár hvert. Í bezta tilfelli úthlutar hæstv. fjmrh. nokkrum tugum þúsunda kr. af atvinnubótafé til pólitískra gæðinga og máske til þeirra staða, sem verst eru staddir. Aðstoð þessi er í langflestum tilfellum það lítil, að engin raunhæf lausn fæst á ástandinu og atvinnuleysið er jafntilfinnanlegt eftir sem áður.

Í sambandi við aðgerðaleysi hæstv. ríkisstj. í því að leysa atvinnuvandræði hinna ýmsu byggðarlaga er rétt að benda á eftirfarandi dæmi:

Í Reykjavíkurhöfn hefur legið einn af nýsköpunartogurunum í fjárhagslegu reiðileysi. Að nafninu til mun togari þessi vera talinn í eigu Keflavíkurbæjar. Nú virðist ekkert hafa verið sjálfsagðara en að ríkisstj. hefði yfirtekið skipið og gert það út til veiða og látið það leggja upp aflann á þeim stöðum, þar sem mest var þörf fyrir aukna atvinnu. Ef ríkisstj. hefði ekki talið sig hafa umboð til slíkrar útgerðar, var henni í lófa lagið að gefa út bráðabirgðalög þar um. A. m. k. var hæstv. félmrh. ekki hikandi við að gefa út bráðabirgðalög til að ógilda löglega kjörskrá í Kópavogshreppi í sambandi við bæjarstjórnarkosningarnar, sem þar fóru fram í haust. Ef þetta skip hefði nú verið gert út á vegum ríkisins þann tíma, sem það er búið að liggja ónotað í Reykjavíkurhöfn, og látið leggja upp afla sinn til vinnslu t. d. í sjávarþorpunum í Strandasýslu og Húnavatnssýslu, en þar mun nú vera eitt versta atvinnuástand hér, hefði verið hægt að veita verkafólki á þessum stöðum

stöðuga atvinnu fyrir milljónir króna á ári, auk þess hefði svo togarinn lagt til þjóðarbúsins nokkrar millj. kr. í auknum gjaldeyri.

Í sambandi við aukningu togaraflotans er rétt að benda á þá staðreynd, að í bæjum eins og t. d. Ísafirði, Siglufirði og Akureyri er togaraútgerðin orðin einn stærsti og öruggasti atvinnuvegur þessara bæjarfélaga. En þrátt fyrir það að t. d. séu gerðir út tveir togarar frá Siglufirði með siglfirzkum sjómönnum og þrátt fyrir það að togararnir leggi upp afla sinn að staðaldri til vinnslu í landi, er langt frá því, að atvinnuástandið sé þar viðunandi. Á hverjum vetri verður mikill fjöldi af dugandi verkafólki að sækja atvinnu sína til verstöðvanna hér við Faxaflóa og víðar. Þannig er atvinnuástandið í flestum bæjum og sjávarþorpum á Vestur-, Norður- og Austurlandi. Úr þessu ástandi verður ekki bætt á neinn raunhæfari hátt en þann, að til þessara landsfjórðunga fáist nokkrir nýir togarar til viðbótar, sem svo verði gerðir út af bæjarfélögunum, hlutafélögum eða ríkinu til atvinnujöfnunar.

Fjórði og síðasti efniskafli frv. er um stuðning ríkisins við bæjar- og sveitarfélög til atvinnuframkvæmda. Í þessum kafla er lagt til, að ríkissjóður taki 50 millj. kr. lán, sem endurlánað verði bæjar- og sveitarfélögum, fyrst og fremst til þess að koma upp mest aðkallandi framkvæmdum til framtíðarúrbóta í atvinnumálum. Augljóst er, að margir útgerðarstaðir mundu, ef þeir ættu þess kost, gera nauðsynlegar umbætur og nýbyggingar til þess að tryggja sér togarafisk til vinnslu. Þessi kafli frv. er því í beinu framhaldi af hinum fyrri og nauðsynlegur þáttur í því, að hægt sé að auka togaraútgerð í hinum ýmsu bæjum og sjávarþorpum, sem verst eru á vegi stödd með atvinnu. Án fjárhagslegrar aðstoðar hins opinbera geta fæst bæjar- og sveitarfélög lagt út í slíkar framkvæmdir.

Oft heyrist um það talað, að það sé hin mesta fásinna, jafnvel fjárhagslegt glapræði að auka togaraflotann frá því, sem nú er, hér sé öll útgerð rekin með stórtapi og ríkisstyrk. Jafnvel þótt gengið sé út frá því, að um taprekstur yrði að ræða hjá togaraútgerðinni, á þetta frv. fyllsta rétt á sér. Með því er, ef að lögum yrði, ráðizt á eina alvarlegustu meinsemd í okkar þjóðfélagi, atvinnuleysið. Það kostar þjóðina tugi milljóna króna, að hundruð og þúsundir verkamanna skuli þurfa að ganga atvinnulausir mánuð eftir mánuð ár hvert, en úr því mundi verða bætt með þeim framkvæmdum, sem gert er ráð fyrir í frv.

Það er oft um það talað, að gera þurfi raunhæfar ráðstafanir til að halda við jafnvægi í byggð landsins og stöðva flóttann til Suðurlandsins. Samþykkt og framkvæmd þessa frv. er ábyggilega raunhæfasta leiðin til úrbóta í þessu máli.

Þá er það gömul og ný mótbára á móti flestum nýjum framkvæmdum, að ekki séu til peningar. Það má vel vera, að örðugleikar séu á því að fá innanlandslán til slíkra framkvæmda, eins og nú er á þeim málum haldið hjá aðalbönkum landsins. Hins vegar eru miklir möguleikar til að útvega fjármagn erlendis til að koma í framkvæmd togarakaupum þeim, sem gert er ráð fyrir í frv. Kunnugir menn telja t. d., að hægt muni vera að semja um smíði á tíu eða fleiri skipum í Austur-Þýzkalandi með skjótum afgreiðslutíma og að greiðsla fyrir skipin gæti farið fram í sjávarafurðum. Enn fremur er ekkert líklegra en að þau lönd, sem eru stórkaupendur að hraðfrystum fiski okkar, mundu fáanleg til að lána fé í sama tilgangi, sem fengist svo að endurgreiða með sjávarafla.

Ein aðalmótbáran, sem komið hefur fram á móti aukningu togaraflotans, er sú, að ekki fáist einu sinni menn á þá togara, sem fyrir eru, hvað þá heldur á 15 skip í viðbót. Hér er komið að einni alvarlegustu hlið þessa máls. Þessa örðugleika geta engir leyst nema Íslendingar sjálfir. Það má telja nokkurn veginn öruggt, að með því að afhenda fleiri togara út á land og þá til staða, þar sem fyrir er atvinnuleysi, mundu fjölmargir sjómenn fást á skipin. Það sýna okkur dæmin frá Ísafirði, Siglufirði, Ólafsfirði, Akureyri og Austfjörðum. Áður en togaraútgerð hófst á þessum stöðum, var það undantekning, að sjómenn frá þessum plássum væru á togurum hér sunnanlands. Á tiltölulega stuttum tíma hafa þarna alizt upp ágætis togarasjómenn, og í sumum tilfellum fá færri menn pláss á togurum þessara staða en þess óska.

Í þessu sambandi verður ekki hjá því komizt að benda á þá nöpru staðreynd, að á sama tíma sem aðalatvinnuvegir þjóðarinnar eru í vandræðum með að fá fólk til að vinna að framleiðslunni og eru neyddir til að flytja inn erlenda sjómenn og verkamenn, eru þúsundir Íslendinga hafðar í vinnu suður á Keflavíkurflugvelli og víðar til byggingar hernaðarmannvirkja. Slíkt ástand er óþolandi og öllum hugsandi mönnum hið mesta áhyggjuefni. Þetta verður að breytast og það fyrr en síðar. Hernaðarvinnunni verður að hætta, og það ágæta fólk, sem þar vinnur, verður að taka upp störf við okkar gömlu og góðu atvinnuvegi.

Til þess að tryggja, að hægt verði að fá nægilega marga dugandi sjómenn bæði á bátaflotann og togarana, verða kjör fiskimanna að stórbatna frá því, sem nú er. Það þarf að búa þannig að íslenzkri fiskimannastétt, að það verði eftirsóknarvert að verða sjómaður á togara eða mótorbát. Það eru augljós sannindi, að Íslendingar geta ekki lifað í landi hér, nema til séu á hverjum tíma nægilega margir menn, sem vilja stunda sjómennsku. Þetta er staðreynd, sem ekki þýðir að ganga fram hjá. Störf fiskimannanna verður þjóðfélagið að meta að verðleikum, ekki aðeins í orði, heldur og í verki. Gamall togaraskipstjóri, sem líka var togaraeigandi, sagði einu sinni við mig, að sér hefði alltaf fundizt það skylda hins opinbera að veita sjómönnum stórkostleg skattfríðindi. Þessi maður vissi vel, hvað hann var að segja, og honum var fullljóst í gegnum starf sitt í mörg ár, hvers virði sjómenn og sjómannastéttin er fyrir þjóðfélagið. Ég er þess fullviss, að ef fiskimenn fengju slík fríðindi, mundi ástandið stórum batna frá því, sem nú er. Þetta hefur Sósfl. verið ljóst, enda hafa þm. flokksins flutt frv. um skattfríðindi ár eftir ár til handa sjómönnum án þess að fá kröfum þess-

um framgengt. Þá er og sjálfsagt að veita þeim togarasjómönnum, sem þá atvinnu stunda að staðaldri, stóraukna aðstöðu til húsbygginga, t. d. á sama hátt og lagt er til í frv. hv. 2. þm. Reykv, Einars Olgeirssonar, og fleiri þm. Sósfl. um lífeyrissjóð togarasjómanna. Slíkar ráðstafanir frá hendi þess opinbera mundu stórlega bæta ástandið í þessum efnum frá því, sem nú er. Auk þess kæmi svo til greina margt annað, svo sem hærra kaup og meira frí.

Ég hef nú rætt þetta frv. að nokkru. Ég hef sýnt fram á, hvílíkri gerbreytingu það mundi valda í atvinnulífi fólksins úti á landsbyggðinni, sem nú býr við atvinnuleysi, ef það næði fram að ganga, og að aukning togaraflotans er langstærsta og raunhæfasta leiðin til þess að bæta úr því ömurlega atvinnuástandi, sem víða ríkir. Sýnt hefur verið fram á, hvílík reginvilla það væri, ef íslenzkir togarar færu að staðaldri að sigla með afla sinn til sölu á erlendum markaði. Slíkt mundi kalla yfir heil héruð stóraukið atvinnuleysi. Auk þess mundi það þýða stórkostlega rýrðar gjaldeyristekjur.

Í hinni stórmerku og djörfu stefnuyfirlýsingu Alþýðusambands Íslands segir m. a.:

„Þegar í stað verði gerðar ráðstafanir til að kaupa erlendis og byggja innanlands allt að 20 togurum, og séu þeir gerðir út af ríkinu og bæjarfélögum með það höfuðmark fyrir augum að tryggja atvinnujafnvægi og atvinnuöryggi um allt land."

Með þessari samþykkt hafa verkalýðssamtökin gert þessi mál að sínu máli, og það mega þeir menn vita, sem torvelda vilja framgang þessa frv., að verkalýðsfélögin munu fyrr eða síðar knýja það fram. Verkalýðssamtökin munu sjá til þess, að hver einasti frambjóðandi í væntanlegum þingkosningum muni verða að því spurður, hver sé afstaða hans og hans flokks til þessa máls.

Að þessu frv. standa nú þm. úr fjórum flokkum. Það mætti ætla, að þessu frv. væri þegar tryggður þingmeirihluti. Við sósialistar teljum það vera prófstein á heilindi stjórnmálaflokkanna hér á Alþ. til eins mesta vandamáls okkar þjóðfélags, atvinnuleysisins, hvaða afstöðu þeir taka til þessa frv. Verkafólkið í hinum ýmsu sjávarþorpum víðs vegar um land, sem býr við atvinnuleysi marga mánuði ár hvert, mun fylgjast með því, hvaða afgreiðslu málið fær hér á Alþ. Alþýðan um allar byggðir Íslands er orðin langþreytt á fögrum loforðum ríkisstjórnarflokkanna. Hún krefst nýrrar stjórnarstefnu, sem bindi enda á það ófremdarástand, sem ríkir á flestum sviðum þjóðlífs okkar í dag. En fyrst og fremst krefst verkafólkið þess, hvar sem það á heima, hvort sem það er hér sunnanlands, vestur á Fjörðum, norður í Norðurlandi eða á Austfjörðum, að fá örugga atvinnu við lífræn framleiðslustörf. Þessi krafa verður aldrei látin niður falla, meðan fyrirfinnst atvinnulaust verkafólk á Íslandi, sem vill og getur unnið, Um gervalla byggð Íslands, frá yztu annesjum og fram til dala, rís krafan um aukna samvinnu og samstarf milli hins vinnandi fólks hærra og hærra. Einyrkjabændur í sveitum landsins, sjómenn á hafi úti og landverkafólk krefjast þess í þúsundatali, að stjórnmálasamtök vinstri flokkanna allra taki höndum saman og myndi ríkisstj., sem hafi að stefnuskrá alhliða endurbætur og nýsköpun á sem flestum sviðum á grundvelli stefnuyfirlýsingar Alþýðusambands Íslands. Hið vinnandi fólk til sjávar og sveitar krefst þess, að hinum pólitísku hjaðningavígum milli þeirra flokka, sem telja sig vera stjórnmálasamtök alþýðunnar, sé hætt og í staðinn fyrir flokkadeilur komi samstarf og samhugur um hagsmunamál hins vinnandi fólks. Afturhaldsöflin óttast hina vaxandi samfylkingaröldu alþýðunnar, þau skelfast við þá tilhugsun að missa völd sín og áhrif. Vinnandi stéttir Íslands, verið þess minnugar, að það eruð þið, sem öll velferð þjóðfélagsins hvílir á. Alþýðustéttir Íslands, sameinizt. — Góða nótt.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Heiðruðu hlustendur. Af ræðu þeirri, sem Halldór Ásgrímsson flutti hér áðan, varð ekki vart við þá stefnubreytingu og þann aukna skilning á því, að vandamál efnahagslífsins verði ekki leyst í samstarfi við Sjálfstfl., sem framsóknarmenn reyna nú að telja almenningi trú um að hafi einkennt flokksþing þeirra og flokksþingssamþykktir. Fékk ég ekki betur séð en hann rembdist eins og rjúpa við staur við að lofsyngja skattheimtu núverandi ríkisstj. og þjóðnýtingu hennar á sönnuðu og ósönnuðu tapi fiskeinokunarhringa og aukningu milliliðagróða. Og ég gat ekki betur heyrt en Halldór Ásgrímsson væri stefnu og lausn ríkisstj. í efnahagsmálum algerlega sammála og teldi hana mjög farsæla í hvívetna, rétt eins og hann hefði ekki enn frétt þau tíðindi, að Framsfl. hefur nú samþykkt að rjúfa stjórnarsamvinnuna við Sjálfstfl. vegna þess, að sú holskefla hafi nú risið og muni ríða yfir efnahagskerfið og atvinnuvegina, er þeim mun um megn að standast, ef ekki sé nú þegar rofið það stjórnarsamstarf, sem þessa holskeflu hefur reist. Ef til vill stafar þetta af því, að Halldór Ásgrímsson hefur vegna langvarandi íhaldsþjónustu ekki enn þá áttað sig á nýju línunni, þeirri línu að látast vera á móti íhaldinu og því efnahagsöngþveiti, sem núverandi stjórnarstefna hefur á undanförnum árum skapað.

Það fer varla hjá því, að ýmsir hafi brosað að þeirri yfirlýsingu Sigurðar Bjarnasonar, að Sjálfstfl. mundi berjast fyrir því, að við ættum sjálfir og réðum þeim hólma, sem við búum á. Eftir hina endurteknu eiða Framsfl. um, að hér skuli aldrei vera her á friðartímum, og þessa yfirlýsingu Sigurðar Bjarnasonar bíða menn nú þess eins, að Sjálfstfl. leggi fram till. um brottför hersins, sem gangi feti lengra en till. Alþfl. og Framsfl. Færi einkar vel á því af vissum ástæðum, að Bjarni Benediktsson og Brynjólfur Bjarnason bæru fram á því þingi, sem enn situr, sameiginlega till. um tafarlausa uppsögn hernámssamningsins frá 1951. Væri það í fullu samræmi við það eðli Sjálfstfl., sem ótal dæmi sanna, að þegar þau mál, sem Sjálfstfl. hefur hvað mest barizt fyrir, eru orðin svo óvinsæl, að breytingar á þeim eru óumflýjanlegar, þá hafa sjálfstæðismenn hlaupið til og flutt tillögur gegn sínum fyrri baráttumálum og síðan reynt að

eigna sér þá breytingu, sem almenningsálitið hefur knúið fram til úrbóta.

Frv. það, sem hér er til umr., um togarakaup til atvinnujöfnunar í landinu og til atvinnuaukningar, er hliðstætt fjölmörgum öðrum málum, sem við þm. Þjóðvfl. og aðrir þm. stjórnarandstöðunnar höfum flutt hér á Alþingi í því skyni að tryggja efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar og lífsbjargarmöguleika án erlendra fjárgjafa og hernáms. Þjóðkunnugt er það þó, að þannig er háttað pólitísku valdi þjóðarinnar, að öll slík mál, sem til umbóta og framfara horfa, eru svæfð í nefndum þingsins og fást ekki einu sinni rædd, hvað þá samþykkt. Allir hljóta að skilja, hve takmarkað hagnýtt gildi það hefur að flytja frumvörp og tillögur um margs konar nauðsynleg framfaramál, þegar það höfuðskilyrði er ekki fyrir hendi, sem nauðsynlegast er, pólitískt vald og meiri hl. á Alþingi til að forða slíkum frv. frá þeim örlögum að lenda í glatkistu íhaldsstjórnar. Það verður því ekki komizt hjá því, að íhaldsandstæðingar geri sér grein fyrir hinum innsta kjarna þessara mála, en hann er, hverjar líkur séu á því, að takast megi í náinni framtíð að mynda þann meiri hl. á Alþingi, sem líklegur sé til að samþykkja mál eins og kaup á nýjum framleiðslutækjum til atvinnuaukningar og atvinnujöfnunar í þjóðfélaginu, og önnur mál, sem lífsnauðsyn eru íslenzkri þjóð. Af þeim sökum mun ég á þeim mínútum, sem ég hef hér til umráða, leitast við að gera mér og öðrum grein fyrir þessu, af þeirri ástæðu, að ef vonleysi um að brjóta á bak aftur þau íhaldsöfl, sem hafa verið einráð að undanförnu, grípur almennt um sig, mun þess ekki langt að bíða, að menn gefist jafnvel upp við að flytja nytsamleg umbótafrv. til þess eins að lenda í glatkistu íhaldsaflanna.

Þess munu fá dæmi í íslenzkri stjórnmálasögu, að önnur eins andúðaralda hafi risið gegn ríkisstj. landsins og stefnu hennar á jafnskömmum tíma og átt hefur sér stað síðan Alþingi samþ. síðustu bjargráðatill. núverandi ríkisstj. í efnahagsmálum, sem nú eru þjóðfrægar orðnar. Þess munu ekki heldur mörg dæmi, að meginþorri þjóðarinnar hafi í jafnskjótri svipan öðlazt jafnglöggan skilning á því og sannfæringu um það, að sú íhaldsstefna, sem öllu hefur ráðið um gerðir núverandi ríkisstj. í efnahagsmálum, hlyti innan eins árs að valda algeru öngþveiti í efnahagskerfi okkar, ef ekki væri beitt öllum skynsamlegum ráðum til að hindra frekari gerðir núverandi stjórnarfl. í þeim efnum. Þetta er nú beinlínis játað af stjórnarfl. sjálfum, enda hafa engir fundið jafnvel, hve þung þessi andúðaralda er, eins og einmitt valdamenn stjórnarflokkanna. Er og ljóst af ýmsum viðbrögðum þeirra síðustu daga, að þeir hafa aldrei óttazt það jafnáþreifanlega, að nú loksins hafi þeir stigið stærra skref gegn heill og hagsmunum íslenzkrar þjóðar en almenningur léti bjóða sér. Hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, hefur skýrt hér rækilega frá viðbrögðum Framsfl. í þeim efnum, og skal ég ekki endurtaka það.

Til viðbótar má nefna, að nokkrum dögum eftir að hinar nýju 250 millj. kr. skattaálögur höfðu verið samþ., skall slík mótmælaholskefla yfir forustumenn Sjálfstfl. frá fyrrv. kjósendum þess flokks, að sjálfstæðisforsprakkarnir settu sérstakan rannsóknarrétt til að reyna að bæla niður uppreisn í sjálfum innsta kjarna flokksins. Ljóst dæmi um, hvernig sú tilraun hefur gengið, er till., sem Ingólfur Jónsson viðskmrh. var látinn bera fram á ríkisstjórnarfundi nýlega. Er sú till. eitthvert furðulegasta plagg, sem sézt hefur, og hefur þó margt einkennilegt komið úr þeirri átt. Þar er játað, að hinar nýju 250 millj. kr. skattaálögur á almenning ásamt því feiknaálagi á allt vöruverð, sem milliliðirnir munu sópa til sín í skjóli þessara hækkana, muni valda gífurlega aukinni verðbólgu, eins og allir sjá og skilja. Þá er játað, að sú stefna sé rétt, sem við þjóðvarnarmenn höfum einir barizt fyrir að undanförnu, að draga úr verðbólgunni á kostnað gróðamanna, fiskeinokunarhringa og milliliða, en síðan lagt til, að verðbólguáhrifin, sem stafa af öllum þessum fjárfúlgum, verði stöðvuð með 33 millj. kr. niðurgreiðslum á vísitöluvörum. Auðvitað sjá allir, hve skynsamlegt er að halda því fram, að það sé unnt að taka fyrst nokkur hundruð milljónir í nýjum sköttum og milliliðaokri af almenningi, en bæta síðan allt þetta tjón með 33 millj. kr. greiðslum úr ríkissjóði, sem auk þess eru einnig teknar úr vasa almennings. Slíkar blekkingar lýsa svo furðulegu vanmati á dómgreind almennings, að þær sýna raunar ekkert nema fullkomin örþrifaráð flokks, sem veit, að þúsundir heiðarlegra og glöggskyggnra manna hafa nú þegar snúið við honum baki, manna, sem eru staðráðnir í að gera völd Sjálfstfl. og áhrif sem minnst í næstu kosningum.

Mér vitanlega hefur íslenzkur bóndi og fyrrv. kjósandi Sjálfstfl. lýst þessari bjargráðatill., sem kennd er við Ingólf Jónsson viðskmrh., betur og af gleggri skilningi en nokkur maður annar. Þegar þessi bóndi var spurður um það, hvaða álit hann hefði á þessari leið flokksins til að stöðva dýrtíðina, svaraði hann:

„Þetta minnir mig á gamla sögu af manni, sem fór í ferðalag, vel búinn með nesti og nýja skó. Þegar hann hafði gengið lengi, lengi, mætti hann svo horuðum og soltnum hundi, að hann hafði aldrei séð neitt þvílíkt áður, og þar sem maðurinn var brjóstgóður eins og hann Ingólfur minn frá Hellu, langaði hann auðvitað til að líkna eitthvað blessaðri skepnunni. En nú voru góð ráð dýr. Loks hugkvæmdist honum það snjallræði að skera skottið af hundinum og stinga því upp í hann til að stilla sárasta sultinn. Og," bætti bóndinn við, „ég get ekki að því gert, að þessi saga minnir mig á tillöguna hans Ingólfs míns frá Hellu um að stöðva dýrtíðina."

Þessi íslenzki bóndi bar höfuðið hátt eins og maður, sem hefur unnið mikinn sigur. Hann hafði líka unnið þann mikla sigur að finna sjálfan sig, að greina óstuddur og af sjálfsdáðum kjarna sannleikans gegnum það blekkingamoldviðri, sem þyrlað hafði verið upp til að villa honum og öðrum sýn. Og það er fullkomin ástæða til að samfagna þessum íslenzka bónda og öllum þeim þúsundum af fyrrv. kjósendum Sjálfstfl., sem nú hafa fundið sjálfa sig, tætt sundur blekkingavefinn og áróðurslygarnar og ákveðið að vinna þjóð sinni aldrei það ógagn framar, að kjósa Sjálfstfl. Sama er að segja um marga

kjósendur hinna gömlu flokkanna, eins og ég mun víkja að síðar. Ég játa það umbúðalaust, að það þarf meira en meðalþrek til að vinna slíkt afrek, eins og áróðri, fjármagni og valdi er nú beitt í íslenzku þjóðfélagi.

Því er ekki að leyna, að ýmsir mætir menn hafa verið uggandi um, að íslenzkri þjóð væri þetta þrek gefið. Liggja fyrst og fremst þau rök til þess, að áður en Þjóðvfl. var stofnaður, hafði myndazt algerlega dautt jafnvægi í íslenzkum stjórnmálum. Allir höfðu hinir fjórir gömlu stjórnmálaflokkar unnið sér til óhelgi í augum heiðarlegra manna. Allir höfðu þeir ánetjazt erlendu valdi og fjármagni og erlendri íhlutun um íslenzk málefni. Hinir þrír svonefndu vinstri flokkar höfðu allir unnið það hermdarverk að aðstoða flokk braskara og sérhagsmunamanna, Sjálfstfl., við að setja brennimark sitt á íslenzkt efnahagslíf og ráða mjög miklu um sjálfa tekjuskiptingu þjóðarinnar. Allir höfðu þessir gömlu flokkar tekið þátt í að sýkja efnahagslífið, hver á sinn hátt, með ráðstöfunum, sem leiddu til sívaxandi verðbólgu, eyðileggingar gjaldmiðilsins og sparnaðarvilja þjóðarinnar og höfðu í för með sér gengisfellingu á gengisfellingu ofan og stefndu og stefna enn að efnahagslegu hruni. Í hverjum kosningum af öðrum kusu einlægir vinstri sinnaðir kjósendur gömlu flokkana út frá því sjónarmiði einu, hvern þeir álitu minnst hættulegan tilveru og lífi þjóðarinnar hverju sinni. Á þessum árum voru úrslit kosninga kunn fyrir fram, því að allir vissu, að engar teljandi breytingar gátu af framangreindum sökum orðið á hlutföllum flokkanna.

Að því hlaut þó að reka, að íslenzk manndómslund gæti ekki unað þessu hlutskipti til frambúðar, heldur freistaði þess að rífa þjóðina úr þessu dauða jafnvægi og fylkja henni á ný í stjórnmálabaráttunni í samræmi við breytt viðhorf og þjóðfélagshætti. Sú mótsagnakennda staðreynd, að sjálfur aflgjafi lífrænnar stjórnmálabaráttu, hið lýðræðislega vinstri sinnaða fólk, var hneppt í þrældómsfjötra hægri aflanna í Framsfl. og Alþfl., en ofsatrúarmanna alþjóðakommúnismans í Sósfl., og neyddist jafnvel í stórum stíl til að kjósa flokk eins og Sjálfstfl., gat ekki endað nema á einn veg, með tilraun hinna sundruðu og sjálfum sér ósamkvæmu, en einlægu vinstri manna til að herða harðsótta, en sigurvissa baráttu gegn spilltum valdhöfum, peningavaldi og atvinnuofsóknum og þeim eyðileggingaröflum, sem rækilega höfðu búið um sig í valdastöðum þjóðfélagsins. Sú staðreynd, að það voru samtök manna, sem stofnuðu Þjóðvfl., sem hófu þessa tilraun, er í sjálfu sér ekki söguleg. En hitt er sögulegt, að aldrei hafa jafnvanbúin samtök unnið jafnmikinn sigur á jafnskömmum tíma í íslenzkri stjórnmálasögu, og sýndi það bezt, hver nauðsyn var að fylkja til samstilltrar baráttu þeim mikla hluta þjóðarinnar, sem enn er laus við drottinhollustu við erlenda valdhafa og reiðubúinn til að berjast heiðarlega og fórna kröftum sínum á altari framtíðarinnar án þess að hugsa eingöngu um eigin stundarhagsmuni.

Þessi barátta Þjóðvfl. hefur framar öllum vonum leitt til mjög skjótra og gleðilegra stórtíðinda í íslenzkum stjórnmálum. Öllum, sem nokkuð fylgjast með stjórnmálaþróuninni, er ljóst, hve hröðum skrefum ótti allra gömlu flokkanna um að missa þau völd og áhrif, sem þeir höfðu geipilegast misnotað, hefur vaxið vegna þessarar nýsköpunar á flokkakerfinu. En það er nú, eins og öllum er kunnugt, þegar að riðlast af þessum sökum.

Auk þess, sem þegar er sagt um Sjálfstfl., er rétt að minnast þeirra gleðilegu tíðinda, sem nú eru þjóðkunn orðin, að hægri klíkan, sem nú er einráð í Alþfl. og hvert mannsbarn sá og viðurkenndi að hafði enga von um að fá nokkurn mann kosinn á þing í næstu kosningum, hafði fyrir nokkru boðið Framsfl. upp á kosningabandalag og allsherjaratkvæðabrask við sig. Hægri armur Framsfl. hefur á nýloknu flokksþingi samþ. fyrir sitt leyti að bjóða hækjuliði Alþfl. kosningabandalag við sig og viðskipti um frambjóðendur og atkvæði. Þannig hafa hægri armarnir í báðum þessum flokkum boðið hvorir öðrum að búðarborði sínu í næstu kosningum, og þó að svo einkennilega standi á, að hvorugu tilboðinu hafi enn verið tekið, verða þó allir einlægir vinstri menn að gæta þess, að þessir aðilar sameinist um annað hvort eða bæði tilboðin eða þá þriðju leiðina, að sameinast í einum flokki, sem væri að ýmsu leyti einna geðfelldust og með mun minna verzlunarbragði en Hræðslubandalagið. Sú leið væri og í fyllra samræmi við það skemmtilega nafn, sem Eysteinn Jónsson hefur valið Hræðslubandalaginu, en hann hefur, eins og kunnugt er, gefið því nafnið „þriðja aflið", þó að flestum finnist nú aflleysið öllu raunsærri nafngift.

Einlægir vinstri menn fagna því, ef hægri öflum Framsfl. og Alþfl. tekst nú sú fyrirætlun að sameinast í næstu kosningum, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að það sýnir betur en nokkuð annað, að sú þróun, sem hófst með stofnun Þjóðvfl., að fylkja öllum þeim þúsundum vinstri manna í landinu, sem eiga algera skoðanalega samleið, í samstæða heild og losa þá úr viðjum gömlu flokkanna, er nú komin lengra áleiðis en hinir bjartsýnustu menn þorðu að gera sér von um. Hve ljóst það er, að það er óttinn einn, sem knýr nú hin sjálfum sér sundurþykku hægri öfl þessara flokka til sameiningar, má bezt sjá af því, að stjórnmálaályktun framsóknarþingsins hefst á háðsglósum og beinum árásum á hina svokölluðu nýsköpunarstjórn, sem Alþfl. var þó áhrifamikill aðili að, en um þá stjórn er þetta sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Nýsköpun í raforkumálum og stóriðnaði sat á hakanum svo og kaup á stórvirkum jarðræktarvélum, og varð ekkert af 1200 millj. kr. gjaldeyrissjóði afgangs til þeirra hluta. Landbúnaðurinn var olnbogabarn þeirrar ríkisstjórnar, og félagssamtök bænda voru lögð í einelti."

Því munu fáir trúa, að það séu einmitt þessi afrek Alþfl. í nýsköpunarstjórninni, sem gera kosningabandalag við hann nú jafngirnilegt í augum Framsfl. og raun ber vitni. Hitt er staðreynd, að það er sameiginlegur ótti þessara afla, sem knýr þau nú til að gera fleira en gott þykir, óttinn við að geta ekki lengur notað sundrungu vinstra sinnaðs fólks til að efla

hægri menn þessara flokka til valda og áhrifa, enda er þetta kosningabandalag m. a. undirbúið með því að reka mann eins og Alfreð Gíslason lækni úr Alþfl. og bola einum af elztu merkisberum vinstri manna í Framsfl., Vigfúsi Guðmundssyni, úr miðstjórn flokksins eftir 20 ára setu og starf þar.

En þó að hin uppmálaða eymd hægri aflanna sé augljós hverjum hugsandi manni, mega þær þúsundir vinstri manna, sem brjóta nú af sér hlekki gömlu flokkanna, hvorki láta naumman tíma til kosningaundirbúnings né fyrri sundrungu verða til þess að stíga nú að vanhugsuðu ráði skref, sem torvelduðu þann mikla kosningasigur, sem þeim er nú búinn, eða gerðu hann minni en efni standa til. Öll tilfinningasemi í þeim efnum verður að víkja fyrir kaldri rökhyggju, og frómar óskir mega ekki blinda menn, svo að þeir sjái ekki þau víti hinnar löngu harmsögu íslenzkrar stjórnmálabaráttu, sem eru lýsandi á veginum, þeim til viðvörunar. Þessir menn verða að minnast þeirrar einföldu og augljósu staðreyndar, að það var hinn nýi möguleiki, sem myndaðist við stofnun Þjóðvfl., sem nú hefur lyft íslenzkum stjórnmálum úr því dauða jafnvægi, sem skapazt hafði milli allra gömlu flokkanna. Allir þeir, sem nú hafa séð gegnum svikavef hermangs, þjónustulipurðar við erlenda valdamenn, taumlausra möguleika milliliða til auðsöfnunar og þeirrar öfgafullu skattheimtu, sem notuð hefur verið til að borga eftirlitslaust sannað og ósannað tap einstakra atvinnurekenda og jafnvel framleiðslutæki einstaklinga, verða að minnast þess augljósa sannleika, að það er fyrst og fremst hinn mikli hljómgrunnur, sem till. okkar þjóðvarnarmanna um lausn vandamálanna hafa fengið hjá almenningi, og upplýsingar, sem þjóðvarnarmenn einir gátu gefið um starfsemi fiskeinokunarhringa og hermangara og milliliða, sem neyða nú m. a. Framsfl. til að játa hermdarverk sín og afglöp og knýja hann enn einu sinni til að rjúfa samstarfið við Sjálfstfl. og endurtaka gamla eiða um breytta stefnu í utanríkis- og innanríkismálum. Þess vegna verða allir þeir, sem heils hugar vilja taka þátt í því sögulega hlutverki að knýja fram gerbreytta stjórnarstefnu, að átta sig á þeim augljósu sannindum, að ef takast á að fá Framsfl. til að standa í verki við eitthvað af þeim loforðum, sem hann hampar nú framan í kjósendur, þá getur það ekki gerzt með öðru móti en því, að þeir, sem nú hafa losað sig úr viðjum gömlu flokkanna, skipi sér við hlið þjóðvarnarmanna í næstu kosningum og tryggi því nýja afli íslenzkra stjórnmála úrslitaáhrif á myndun vinstri stjórnar að kosningum loknum og tækifæri til að nota ótta Hræðslubandalagsins við áframhaldandi hrun til að knýja það til annarra vinnubragða en því eru nú hugstæðust. — Góða nótt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég ætla nú ekki að tala hér um nýsköpunarstjórnina sálugu og ekki heldur um hið mikla hlutverk Þjóðvarnarflokks Íslands í sögu þjóðarinnar, sem hér var verið að lýsa áðan með nokkrum vel völdum orðum. En ég ætla að segja það við hv. þm. N-Ísf., að ég held, að hann eða Sjálfstfl. í Vestur-Ísafjarðarsýslu hafi ekkert upp úr því að ráðast á Eirík Þorsteinsson, hv. þm. V-Ísf., nú eftir að hann getur ekki svarað fyrir sig, út af togaranum á Þingeyri. Það mun vera rétt, að útgerð þessa togara hafi ekki gengið vel. Þetta var gamall togari frá því fyrir stríð, og sams konar togari, sem fenginn var til Skagastrandar á sama tíma, var nýlega seldur sem brotajárn, eftir því sem mér er sagt. Það hafa ekki verið birtir rekstrarreikningar þessa gamla Þingeyrartogara, sem nú er á Flateyri. Hann er þar eign manns, sem hefur mikið í veltunni og rekur þar fleiri en eitt hraðfrystihús, og er það kannske skýringin á því, að hann er enn í rekstri. En svo víta allir, hvernig sjálfir nýsköpunartogararnir ganga nú.

Út af því, sem hv. 9. landsk., Karl Guðjónsson, sagði um störf okkar Gísla Jónssonar, skal ég aðeins geta þess, að við höfum nýlega sent til ríkisstjórnarinnar frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og geri ég ráð fyrir, að það frv. verði lagt fram.

Það er mín skoðun og þeirra, sem svipað hugsa um það mál, sem hér er til meðferðar, að þegar rætt er um að bæta nýjum skipum við togaraflotann, eigi það fyrst og fremst að vera með tilliti til þess að koma í veg fyrir fólksstraum suður að Faxaflóa úr sjávarbyggðunum norðan-, austan- og vestanlands. Efling atvinnulífsins í þeim 8 kaupstöðum og 30 sjávarþorpum öðrum, sem á þessu svæði eru, er mikilsverð til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Í mörgum þessara sjávarplássa hefur í seinni tíð verið komið upp mannvirkjum í landi til hagnýtingar sjávaraflans og atvinnuaukningar. Mörg þessara nýju fiskiðjuvera berjast í bökkum, af því að þau hafa ekki nægan fisk til vinnslu eða verkunar og af því að vinnsla á smáfiski, ýsu og steinbít hefur verið þeim óhagstæð fjárhagslega. En almenningur á mikið undir því, að þessi atvinnutæki séu rekin og helzt sem lengstan tíma ársins. Í lögum frá þessu þingi var að tilhlutan Framsfl. ákveðin sérstök uppbót á þessar fisktegundir, smáfiskinn, steinbítinn og ýsuna, til hraðfrystihúsanna, sem ekki hefur áður verið, nema að nokkru leyti á ýsu, en ella hefðu þessar fisktegundir lækkað í verði til sjómanna. Þetta mun vera til mikils gagns fyrir mörg sjávarpláss í umræddum landshlutum. En jafnframt hafa margir áhuga á því úrræði að fá togarafisk til vinnslu. Til þess þarf sums staðar að bæta hafnarskilyrði. Og svo er annað: Hvernig eiga fámenn sjávarpláss og fátæk að geta ráðið við það að nota sér togaraútgerð, þegar eitt skip kostar, segjum 10 eða 12 millj., og hvernig eiga þau að ráða við rekstur á slíku skipi? Framsfl. hallast samkvæmt stefnu sinni og lífsskoðun að félagsútgerð í þessu skyni, og er þá spurningin, hvort nokkur félagsskapur reynist nógu öflugur til þessa nema sá, sem víðtækastur er, þ. e. a. s. félag þjóðarinnar allrar.

Ég er því fylgjandi og minir flokksmenn, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og til gaum-

gæfilegrar athugunar í n., eins og gert hefur verið um önnur slík mál. En varla mun hér verða af gagnlegum framkvæmdum, nema takast megi að breyta núverandi ástandi í málum þjóðarinnar.

Vel mætti ræða fleira í þessu sambandi, t. d., hversu mikilsvert það er fyrir Norður- og Austurland, að haldið sé uppi skipulagðri leit að fiskimiðum á hinu víðáttumikla grunnsævi fyrir norðan land og austan. En um þetta efni fluttum við nokkrir þm. Framsfl. úr þessum landshlutum till. til þál. og fengum samþ. á þingi í fyrravetur, og það var framkvæmd nokkur fiskimiðaleit s. l. sumar, eins og kunnugt er.

Um útfærslu friðunarlínunnar hefur hv. þm. V-Ísf., Eiríkur Þorsteinsson, rætt hér í kvöld, en á það mun nú verða að hætta að hefja einhverjar aðgerðir í því máli, jafnskjótt sem hentugt þykir. Ég tel ekki svaraverð ýmis ummæli, sem hér hafa fallið í kvöld varðandi það, sem fram hefur farið í því máli undanfarið.

Í umr. í kvöld hefur verið vikið að ályktunum þeim, er gerðar voru á flokksþingi framsóknarmanna, sem nú er nýlokið. Ég mun því af þessu tilefni nota nokkuð af ræðutíma mínum til þess að segja frá meginatriðum í stjórnmálayfirlýsingu þeirri, sem samþykkt var við atkvgr. samhljóða á sjötta degi flokksþingsins aðfaranótt þriðjudags í þessari viku. Ég skal geta þess, að þetta flokksþing var hið fjölmennasta, sem haldið hefur verið, og var sótt þangað mjög almennt hvarvetna af landinu, en samtals mættu þar rúml. 400 fulltrúar með atkvæðisrétti. Það er því að vonum, að flokksþinginu og störfum þess hefur verið veitt mikil athygli um gervallt landið, en það heyrði ég fulltrúa segja, langt að komna, sem setið hafa á mörgum flokksþingum, að þeim yrði ógleymanlegur sá samhugur og sú eining, er þar varð um málalyktir.

Það eru einkum tvö atriði í stjórnmálayfirlýsingu flokksþingsins, sem mesta athygli hafa vakið og nú eru mest rædd: 1) Ályktun þess varðandi brottför varnarliðsins, sem dvalið hefur hér á landi. 2) Ályktunin um efnahagsmálin, nauðsyn á nýju pólitísku samstarfi og kosningar á næsta sumri.

Ályktun flokksþingsins varðandi brottför varnarliðsins er orðrétt á þessa leið:

„Með hliðsjón af breyttum viðhorfum, síðan varnarsamningurinn frá 1951 var gerður, og með tilliti til yfirlýsinga um, að eigi skuli vera erlendur her á Íslandi á friðartímum, verði þegar hafin endurskoðun á þeirri skipan, sem þá var tekin upp, með það fyrir augum, að Íslendingar annist sjálfir gæzlu og viðhald varnarmannvirkja, þó ekki hernaðarstörf, og að varnarliðið hverfi úr landi. Fáist ekki samkomulag um þessa breytingu, verði málinu fylgt eftir með uppsögn samkvæmt 7. gr. samningsins.“

Ég vil aðeins bæta því við, að þessi mikilvæga ákvörðun var tekin á flokksþinginu að mjög vandlega athuguðu máli með hliðsjón af breyttu ástandi í alþjóðamálum og þeirri stefnu, sem flokkurinn tók í öndverðu, að hér ætti ekki að vera varnarlið í landi, nema um ófrið eða yfirvofandi ófriðarhættu væri að ræða. Við þetta var líka gerð varnarsamningsins miðuð og einhliða uppsagnarákvæði í hann sett.

Þetta er um varnarsamninginn. En áliti sínu á núverandi ástandi í efnahagsmálum og stjórnmálum lýsti flokksþingið m. a. á þessa leið, eftir að gerð hafði verið grein fyrir áhrifum Sjálfstfl. á tiltekna þætti stjórnarfarsins, orðrétt úr yfirlýsingunni:

„Í stað jafnvægis, sem ríkt hafði, hefur nú skapazt hið alvarlegasta ástand í atvinnulífinu, sem m. a. kom fram í verðhækkun innlendrar framleiðslu og stórauknum álögum á þjóðina með löggjöf í byrjun þessa árs. Þjóðin býr nú við römmustu gjaldeyrishöft, þótt frelsi sé í orði. Fram undan eru verðhækkanir, sem enn auka framfærslu- og framleiðslukostnað og skapa nýjan vanda. Fjármagnsmyndun hefur á ný dregizt stórlega saman á þessu ári. Reynslan hefur ótvírætt sýnt, að hinn aðsteðjandi vandi efnahagsmálanna verður ekki leystur af stjórn, sem styðst við Sjálfstæðisflokkinn.“ — Og enn fremur: „Það er skoðun flokksþingsins, að með öllu sé óverjandi, að landsmenn bíði aðgerðalausir á stjórnmálasviðinu í því stundarhléi, sem nú kann að verða vegna ráðstafana þeirra, sem gerðar hafa verið til bráðabirgða til þess að koma í veg fyrir stöðvun framleiðslunnar. Þvert á móti telur flokksþingið skylt að horfast í augu við erfiðleika komandi tíma. Telur flokksþingið óhjákvæmilegt og sjálfsagt, að Framsfl. beiti sér nú þegar fyrir því, að komið verði á nýju stjórnmálasamstarfi til lausnar þeim mikla vanda, sem fram undan er, og að afla slíku samstarfi nægilegs fylgis meðal þjóðarinnar. Framsóknarflokkurinn er enn sem fyrr þeirrar skoðunar, að þess sé ekki að vænta, að jafnvægi náist til frambúðar í þjóðarbúskapnum og að grundvöllur verði lagður að öruggri framfarastefnu, nema því aðeins að hinar vinnandi stéttir við sjávarsíðuna eigi sinn eðlilega þátt í því að móta stjórnarstefnu og bera ábyrgð á henni. Flokksþinginu er ljóst, að höfuðnauðsyn beri til, að nýtt viðhorf í þessa átt skapist nú sem fyrst, áður en holskefla sú, sem nú er risin, ríður yfir efnahags- og atvinnulíf landsins. Enn fremur er þinginu ljóst, að til þess að hið nýja viðhorf skapist, þarf að efna til nýrra kosninga nú á næsta sumri, og að við þær kosningar þurfa lýðræðissinnaðir umbótamenn að haga svo baráttu sinni og vinnuaðferðum, að því fólki, sem styrkja vill þriðja aflið í stjórnmálum landsins, takist að samstilla krafta sína og tryggja sér hreinan meiri hluta á Alþingi.“ — Og enn fremur: „Með skírskotun til alls þessa telur flokksþingið ekki fært að halda áfram núverandi stjórnarsamvinnu og ályktar, að flokkurinn beiti sér fyrir því, að þjóðinni gefist kostur á að ganga til kosninga á næsta sumri. Jafnframt ákveður flokksþingið að bjóða Alþfl. samstarf í kosningunum í þeim tilgangi að skapa aðstöðu til þess, að þessir flokkar sameiginlega hafi meiri hluta á Alþingi, enda náist samkomulag milli þeirra fyrir fram um sameiginlega stefnuskrá í kosningum og framkvæmd hennar. Heitir flokksþingið á alla þá, er sjá nauðsyn þjóðlegrar og

almennrar samfylkingar umbótamanna gegn sérhagsmunastefnu Sjálfstfl. og sundrungaröflum, að styðja samfylkingu Framsfl. og Alþfl. í kosningunum, hverjum sem þeir kunna áður að hafa fylgt að málum."

Þess skal að lokum getið, að flokksþingið samþykkti það sem fyrsta stefnuskrármál ríkisstj., er flokkurinn stæði að eftir kosningar, að hafa samstarf við félagssamtök bænda, verkamanna, vinnandi framleiðenda við sjóinn og opinberra starfsmanna um grundvallaratriði í kaupgjalds- og verðlagsmálum og um það takmark að efla atvinnuvegi landsmanna, tryggja stöðuga atvinnu og traust fjármálakerfi.

Tími minn er stuttur. Ég hef valið þann kost að láta ályktanir flokksþingsins sjálfar tala með óbreyttum orðum. Það hefur verið minnzt svo oft á þetta flokksþing í kvöld. Stjórnmálaályktunin hefur þegar verið birt í heilu lagi í aðalblaði Framsóknarflokksins. Fulltrúar úr kjördæmum landsins, þeir er þingið sátu, eru nú heim komnir eða á heimleið og geta gefið skýrslur um þær umr., sem fram fóru á flokksþinginu. Um það þurfa framsóknarmenn úti um land ekki sögusagnir manna úr öðrum flokkum, hvorki í þessum útvarpsumræðum né annars staðar. Fulltrúar úr öllum kjördæmum landsins áttu sæti í stjórnmálanefndinni, sem starfaði á þinginu og gerði till. um efni og orðalag þeirrar yfirlýsingar, er þingið samþykkti og ég hef lesið úr nokkrar helztu niðurstöður. Þingmenn flokksins allir og hin kjörna miðstjórn styðja ályktun flokksþingsins og munu vinna að framkvæmd hennar.

Kosningar standa væntanlega fyrir dyrum á næsta sumri. Sex ára stjórnarsamstarfi við Sjálfstfl. mun senn verða lokið. Ég hef, eins og aðrir þm. Framsfl., verið stuðningsmaður þessa samstarfs. Af því hefur margt gott leitt og í framfaraátt fyrir byggðir landsins. Mér hefur líkað vel að starfa með ýmsum þm. Sjálfstfl. að ýmsum málum. Hitt er okkur framsóknarmönnum ljóst, ekki sízt eftir svona langt samstarf, að þótt Sjálfstfl. hafi haft marga þm. og mikið atkvæðamagn í kosningum, sem að vísu hefur farið minnkandi, þá er hann samt í aðra röndina of veikur flokkur til þess, að hægt sé, eins og nú standa sakir, að vinna með honum með árangri að þeim vandamálum, sem nú krefjast lausnar. Það mun verða nánar rætt í kosningum og er rætt í stjórnmálayfirlýsingu flokksþingsins, í hverju þessi veikleiki Sjálfstfl. er fólginn. Við framsóknarmenn munum heita á kjósendur í öllum byggðum landsins og gera ýtarlega grein fyrir, hvers vegna við teljum það bezt samræmast hagsmunum og áhugamálum þeirra sjálfra, — við munum heita á þá að byggja upp þá samstarfsfylkingu Framsfl. og Alþfl., sem til er stofnað. Sú fylking á að geta orðið sterk, ef menn meta rétt þau rök, sem fyrir liggja. Miðað við síðustu kosningar ætti hún að geta fengið meiri hluta á Alþingi, þótt fylgi flokkanna væri óbreytt. Það er áróður einn, að Alþfl. sé lítill flokkur. Hann fékk í síðustu kosningum rúmlega 12 þúsund atkvæði, eða svipað og Sósfl., munaði aðeins rúmlega 300 atkvæðum á öllu landinu. Þau mál, sem þessi samstarfsfylking beitir sér fyrir á Alþingi og í ríkisstjórn eftir kosningar í þágu almennings, ættu að eiga vísan stuðning þeirra þm. annarra, sem telja sig vini alþýðunnar, þótt trú þeirra á erlend máttarvöld geri stundum erfitt að hafa við þá náið samstarf.

Einhverjir eru nú með bollaleggingar um, að Alþýðusamband Íslands muni bjóða fram í næstu kosningum. Um það segi ég aðeins þetta: Það virðist ótrúlegt, að t. d. þm. Sósfl. geti stutt slíkt. Þeir, sem muna baráttuna í verkalýðshreyfingunni fyrir 18 árum, vita, að sá flokkur, Sósfl., hélt því fast fram þá, að Alþýðusambandið ætti að vera ópólitískt og ekki í tengslum við stjórnmálaflokka. Og þess er nú að vænta, að sá flokkur, sem stofnaður var eingöngu vegna setu varnarliðsins hér, þ. e. a. s. Þjóðvfl., sjái, þegar hann er búinn að hugsa sig um, — það eru víst þm. flokksins ekki búnir að gera enn þá, sem varla er von, — að þá sjái hann ekki lengur þörf á sérsamtökum sínum og að kjósendur hans gangi til samstarfs við umbótastefnu Framsfl. og Alþfl.

Ég sá það í aðalmálgagni Sjálfstfl. í dag, að þar var einkum deilt á Framsfl. fyrir tvennt í sambandi við yfirlýsingu flokksþingsins. Þetta var í fyrsta lagi orðað eitthvað á þá leið, að við framsóknarmenn mundum vera að svíkjast frá þeim verkefnum, sem núverandi ríkisstj. væri að leysa, og þó einkum 10 ára áætluninni um rafvæðingu dreifbýlisins; í öðru lagi, að ráðh. okkar bæru ekki fram neinar till. í ríkisstj. til að ráða varanlega bót á erfiðleikum atvinnuvega og viðskiptalífs. Báðum þessum ásökunum er fljótsvarað, og ég tel að athuguðu máli rétt að gera það á þessum vettvangi, um leið og ég lýk máli mínu. Ég veit ekki til þess, að neinum hafi dottið í hug, að lögfesting 10 ára áætlunarinnar um rafvæðingu væri samningur um 10 ára stjórnarsamstarf milli Framsfl. og Sjálfstfl. Því fer auðvitað fjarri. En það er annað alvarlegt í þessu máli. Áætlunarupphæðin, 250 millj. kr. á 10 árum, hefur því miður ekki lengur það gildi, sem hún hafði árið 1953. Ofþenslan í efnahagslífinu er á góðri leið með að kippa fótum undan rafvæðingaráætluninni, og við framsóknarmenn sjáum, að við svo búið má ekki standa. Flokksþingið var m. a. að leita að leið til þess að koma í veg fyrir, að áætlunin verði eyðilögð. Þá er hitt, að ráðherrar okkar hefðu átt að bera fram tillögur í ríkisstj. Þetta kemur auðvitað ekki til mála, því að flokksþingið byggði einmitt afstöðu sína á því, að þau úrræði, sem nú þarf að grípa til, væru ekki framkvæmanleg með Sjálfstfl., til þess að gera þau úrræði möguleg yrði að útiloka hin ráðandi öfl í Sjálfstfl. úr stjórn landsins. Hin ráðandi öfl í Sjálfstfl. eru ekki hinn rétti aðili til að standa að þeim ráðstöfunum, sem að miklu leyti hljóta að koma niður á þeim sjálfum. — Tími minn er þrotinn. — Góða nótt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Hlustendur hafa nú heyrt óminn af vinsemd þeirra kumpána, sem um þessar mundir keppast við að bjóða hver öðr-

um bandalag til að eyða áhrifum okkar sjálfstæðismanna í stjórnmálum þjóðarinnar. Þau tilboð eru gerð að meira eða minna leyti af óheilindum og til að reyna að hressa upp á hrynjandi fylgi þeirra sjálfra og til að breiða yfir sundrungina, ekki aðeins milli þessara flokka, heldur einnig innan þeirra allra. En í öllu þessu bandalagstali gleyma þessir herrar mikilsverðasta og stærsta bandalaginu, því bandalagi, sem kjósendur úr öllum flokkum munu í sumar gera með atkvæði sínu við Sjálfstfl. til að tryggja samhenta og örugga stjórn í landinu á næstu árum, stjórn, sem getur tryggt áframhald þeirrar allsherjar uppbyggingar þjóðfélagsins, sem sjálfstæðismenn hafa beitt sér fyrir á undanförnum árum.

Það er eftirtektarvert, að hver þm. eftir annan skuli telja sig þurfa að sýna fram á gildi sjávarútvegsins fyrir Íslendinga, því að vissulega er sjávarútvegurinn undirstaða alls annars atvinnulífs hér á landi, þó að sjálfsagt sé að byggja sem flestar og margbreyttastar stoðir undir afkomu þjóðarinnar. Sú margbreytni hefur m. a. fengizt í smíði fyrstu stálskipanna, sem hér var lofsamlega minnzt áðan, og þakka ég þá hugulsemi andstæðinga minna. Við hinu var ekki nema að búast, að þeir gleymdu því, hverjir hafa beitt sér fyrir því, að þessi skip væru byggð hér innanlands, vegna þess að það er annars vegar Gunnar Thoroddsen af hálfu Reykjavíkurbæjar og hins vegar ég af hálfu dómsmálastjórnarinnar.

En af hverju þarf nú að brýna fyrir almenningi nauðsyn þess að halda uppi sjávarútveginum, þeim atvinnuvegi, sem er undirstaða velmegunar hér á landi? Svarið er ofur einfalt. Það eru þeir örðugleikar atvinnulífsins, sem kommúnistar hafa skapað með upplausnarstarfi sínu. Hræsnin í umhyggju Karls Guðjónssonar og kumpána hans fyrir hag útgerðarinnar afhjúpaðist berlega í fjandskap þeirra gegn því, ef takast kynni að vinna þann stórsigur í landhelgisdeilunni að fá löndunarbanninu í Englandi aflétt. Slíkur sigur mundi þó mjög tryggja atvinnuástandið í landinu, skjóta nýjum stoðum undir afkomu verkalýðsins hvarvetna í landinu. En kommúnistar vilja lama sjálfsbjargargetu þjóðarinnar sem allra mest og gera okkur háða einungis einum erlendum aðila. Þess vegna vilja þeir halda við og magna fjandskap við Breta. Þess vegna skrökva þeir því upp, að við ætlum að afsala okkur rétti til stækkunar fiskveiðilandhelgi. Ekkert slíkt hefur komið til greina. Hitt er sjálfsagt, að halda þannig á þessum málum, að allt sé svo undirbyggt, að hvergi þurfi að hopa. Með þeim hætti höfum við sjálfstæðismenn og ríkisstj. í heild haldið á þessu máli, enda hefur aldrei horft betur um frambúðarsigur en um þessar mundir. Vegna skynsamlegrar og hófsamlegrar aðferðar fáum við ætíð fleiri og fleiri bandamenn í þessu mikilsverða máli okkar, og hefur því aldrei riðið meira á en nú að einangra sig ekki og spilla frambúðarmöguleikunum, og er þess vegna sjálfsagt af þeirri ástæðu að bíða og sjá, hver úrslit landhelgismálsins verða á næsta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, áður en ákvörðun um nýjar framkvæmdir verður tekin. Sú bið miðast ekki við erlenda hagsmuni, heldur einungis við íslenzka hagsmuni og þá fyrst og fremst hagsmuni íslenzkra sjómanna og íslenzkra verkamanna.

Sigurður Bjarnason sýndi glögglega fram á það í ræðu sinni áðan, hvernig sjálfstæðismenn hafa haft forustuna um útvegun togara og annarra atvinnutækja til þeirra byggðarlaga, sem helzt hafa þurft á fyrirgreiðslu að halda. Óþarft er að endurtaka hina skýru og óhagganlegu frásögn hans, en minna má á, hvílík breyting hefur t. d. orðið á atvinnulífi Siglufjarðar fyrir forustu sjálfstæðismanna. Fá eða engin byggðarlög hafa orðið fyrir slíkum óhöppum sem Siglufjörður af ástæðum, er allir þekkja. En með atbeina ríkisstjórnarinnar hefur undir leiðsögn Einars Ingimundarsonar á síðustu 2—3 árum skapazt þar nýtt andrúmsloft, og þar er nú hafið gróskumikið athafna- og atvinnulíf. Atvinnu í Ísafjarðarkaupstað, þaðan sem Hannibal Valdimarsson er flúinn, er nú aðallega haldið uppi af þeim fyrirtækjum, sem sjálfstæðismenn þar hafa beitt sér fyrir. En samvinnufélagsútgerðin, sem áður veitti þar mikla atvinnu, er að flosna upp. Í Vestur-Ísafjarðarsýslu er ekki síður átakanlegur munur á þeim þorpum, þar sem framtakssemi og dugur sjálfstæðismanna hefur notið sín, og staðarins, þar sem látið hefur verið nægja að sýna mikilvirk atvinnutæki rétt fyrir kosningar, en þeim strax lagt upp að kosningum loknum, naumast sólarhringurinn látinn líða. Forusta sjálfstæðismanna bæði heima í héraði og á Alþingi í málum Norður-Ísfirðinga, Ólafsfirðinga, Akureyringa, Seyðfirðinga, Barðstrendinga, Sauðárkróksbúa og Skagstrendinga, svo að nokkur dæmi séu nefnd, er og kunnari en frá þurfi að segja. Jafnvel í Neskaupstað töldu kommúnistar heillavænlegra að afsala sér einræði sínu, þegar afla þurfti nýs togara, og leituðu fyrst almenns samstarfs heima fyrir og síðan ásjár ríkisstj., sem veitti þeim alla hugsanlega fyrirgreiðslu. Þannig mætti lengi telja. Raunin er hvarvetna hin sama. Menn gagnrýna að vísu ýmislegt, sem sjálfstæðismenn gera, sumt með réttu, annað af misskilningi, eins og gengur. En þegar til á að taka, treystir allur almenningur sjálfstæðismönnum bezt til framkvæmda og athafna. Þetta byggist á reynslu, sem sí og æ fær staðfestingu í viðburðanna rás.

Nú, þegar gera á tilraun til þess að einangra Sjálfstfl. og svipta hann áhrifum, er og lærdómsríkt að átta sig á ástæðunni, sem færð er fyrir þeirri ráðagerð. Því er nú látlaust haldið fram, að efnahagsmálin hafi komizt úr skorðum vegna þess, að sjálfstæðismenn hafi fengið því áorkað, að leyst voru að verulegu leyti þau höft, er áður voru á atvinnulífinu og þá einkum byggingarframkvæmdum. Í hópi andstæðinganna er t. d. fullyrt, að verkfallið mikla í fyrra hafi orðið vegna þess, að verkamenn hafi undanfarið verið á uppboði og því viljað nota tækifærið til að fá hækkað kaup. Nú skal ég játa, að í þessum efnum sem öðrum hygg ég jafnvægið vera hollast. En ef um tvennt er að velja, að vinnuafl skorti til að sinna verk-

efnunum eða verkefni skorti fyrir vinnuaflið, hika ég ekki við að velja fyrri kostinn. Hinn síðari þekkja þeir, sem nú eru á miðjum aldri eða eldri, allt of vel frá árunum milli 1930 og 1940. Ég sat í bæjarstjórn Reykjavíkur á þeim árum frá 1934 og kynntist vel því hörmungarástandi, sem þá ríkti í atvinnumálunum. Þúsundir verkamanna áttu þá löngum afkomu sína mest undir atvinnubótavinnu svokallaðri, er þeir skiptust á um að vera í. Allir þeir, sem yfir einhverri vinnu réðu, voru eltir á röndum, ekki til að biðja þá ölmusu, heldur til að reyna að fá vinnu hjá þeim. Auðvitað þurftu þeir, er biðja urðu, oft að taka nærri sér, en hlutur hinna, er neyddust til að láta flesta synjandi frá sér fara, var ekki heldur góður. Um lífskjör almennings á þeim árum skal ég ekki vera margorður. Allt of margir minnast þeirra af eigin raun, til þess að það hæfi, að ég fjölyrði um þau hér. Munurinn á því, sem nú er og þá var, er himinvíður, jafnvel hjá þeim, sem þá höfðu fulla vinnu, svo að ekki sé hinna minnzt, er við atvinnuleysi bjuggu.

Orsakir þessa ástands voru ýmsar, m. a. erfið verzlunarkjör. Var þá út á við ekki haldið eins vel á og unnt hefði verið, eins og menn hljóta að minnast, þegar fulltrúi Alþfl., Hannibal Valdimarsson, brigzlar okkur sjálfstæðismönnum í landhelgismálinu. Í því máli var ekkert gert öll þau ár, sem Alþfl. og Framsókn fóru einir með stjórn, og ekki fyrr en við sjálfstæðismenn hófumst handa fyrir tæpum 10 árum. Eðlilegt er að rifja það athafnaleysi upp nú. En stjórnarstefnan innanlands átti vissulega einnig ríkan þátt í ófarnaðinum á stjórnarárum Frams.- og Alþfl. Þá var dyggilega fylgt þeirri stefnu, sem nú er sögð allra meina bót, frjálst framtak og athafnasemi var drepin í dróma og atvinnurekendur ofsóttir, en alls konar nefndum og ráðum falið að koma í veg fyrir aðrar framkvæmdir en nefndaspekingunum líkaði. Afleiðingin af öllu þess varð sú, að hagur almennings fór síversnandi, og kunnu þáverandi valdhafar undir forustu Hermanns Jónassonar að lokum ekki annað ráð, er stórkostleg gengisfelling var orðin óhjákvæmileg, en að leita ásjár sjálfstæðismanna. Hefði betur farið, ef svo hefði verið gert fyrr. Frá þeim tíma hafa sjálfstæðismenn ætíð ráðið miklu um stjórn landsins, og er þar skemmst frá að segja, að þessi ár eru hin mestu framkvæmda- og framfaraár, sem orðið hafa á Íslandi. Ýmis ytri atvik hafa nú eins og fyrr haft sín áhrif, en hvað sem þeim líður, þá er sú staðreynd óhagganleg, að land okkar er nú orðið sem annað land vegna aukinnar ræktunar og bættra samgangna. Fiskveiðilandhelgin hefur verið stækkuð, framleiðslan stóraukizt, lífskjör almennings batnað meir en glæstustu vonir stóðu til, íbúðir byggðar til sjávar og sveita, rafmagn virkjað og lagt um bæ og byggðir til heimanotkunar og iðnaðar, skólar, sjúkrahús og önnur almenningshýsi reist, bókmenntir og listir standa með meiri blóma en nokkru sinni fyrr.

Auðvitað á þjóðin nú við ýmis vandamál að etja. Svo mun lengst af verða, meðan við búum á þessari jörð. Eitt þeirra er jafnvægisleysi í fjármálum. Vissulega er það alvarlegt. En sumt, sem um það er sagt, ber að taka með nokkurri varúð, eins og þegar látið er svo sem þjóðin sé nánast gjaldeyrislaus og fullyrt er, að gjaldeyrisaðstaðan hafi versnað um 140 millj. kr. á s. l. ári, og sú tala er fengin með því að minnast ekki á, að auðseljanleg útflutningsverðmæti voru um áramótin 100 millj. kr. meiri í landinu en ári áður. Á sama veg er gleymt að geta þess, að um áramótin hafði ekki orðið úr lántökum til sementsverksmiðju, rafmagnsframkvæmda, landbúnaðarframkvæmda, vélbátakaupa og fleiri framkvæmda, sem haldið hafði verið áfram af fullum krafti, þótt ekki væri fengið lánsfé, sem reiknað var með, þegar í framkvæmdirnar var ráðizt. Á meðan ekki tekst að fá lán til þessara framkvæmda og annarra, sem ákveðnar eru og lífsnauðsynlegar eru, er því miður lítið gagn í því að ráðgera 100—200 millj. kr. ný lán, svo sem þetta frv. ráðgerir. Til þess að geta haldið áfram nauðsynlegum framkvæmdum og til að geta ráðizt í aðrar nýjar verðum við að halda þannig á, að lánin séu fáanleg, stöðva verðbólguna, sem kommúnistar hafa hleypt af stokkunum.

En hvað um það, framsóknarmenn segja nú, að ójafnvægið sé að kenna of miklum framkvæmdum og þá sérstaklega of miklum byggingum í Reykjavík, og auðvitað á þetta allt að vera sök sjálfstæðismanna. Ég dreg sízt úr vilja sjálfstæðismanna til að létta af höftum og efla frelsið. En um afstöðu framsóknarmanna til byggingarmálanna má segja: Öðruvísi mér áður brá. Þegar verið var að leysa höftin af byggingarframkvæmdunum 1953, sagði Tíminn í október:

„En hitt er meginþorra manna ljóst, að um mikil átök í byggingarmálum verður ekki að ræða, fyrr en leiðir finnast til verulegrar fjáröflunar. Geta margar stoðir þurft að renna undir málið, áður en heppileg lausn fæst, en áhuga manna og einlægni má mjög marka á því, hversu á fjáröflun til mikilla byggingarframkvæmda er haldið. Og eitt er víst, að peningarnir verða ekki teknir upp úr grjótinu. Þeir, sem áhuga hafa fyrir skjótum úrbótum, gera sér ljóst, að til þess þarf mikil átök um fjáröflun. Engin vettlingatök munu duga og enn síður að heimta allt af öðrum. Vel getur þurft að minnka aðrar framkvæmdir. Finnist ekki aðrar leiðir tiltækilegar, ber tvímælalaust að gera það, því að gott húsnæði er fyrsta boðorð til handa hverjum manni, næst á eftir mat og klæðnaði."

Þetta voru orð Tímans þá. Ákefð framsóknarmanna í auknar fjárfestingar var svo sem ekki lítil um þær mundir, því að eftir að byggingarfrelsið hafði verið gefið, taldi Tíminn, að það kæmi ekki að gagni vegna tregðu sjálfstæðismanna, og ásakaði hann þá Reykjavíkurbæ fyrir að torvelda byggingarframkvæmdirnar, sbr. það, sem blaðið sagði 8. jan.:

„Þvert á móti hefur bærinn torveldað byggingar þessara aðila, þar sem staðið hefur tilfinnanlega á lóðum, bæði undir smáíbúðahús og sambýlishús, síðan fjárhagsráð rýmkaði um

byggingarleyfi. Verk Sjálfstfl. sýna, að honum er ekki til neins treystandi í þessum málum. Verk framsóknarmanna sýna hið gagnstæða. Þess vegna eiga allir, sem vilja, að byggingarmálin séu tekin föstum tökum og framkvæmdir á því sviði stórlega auknar, að skipa sér um Framsfl. og gera honum þannig mögulegt, að þetta verði gert."

Þetta sagði Tíminn þá. Heilindi þeirra manna, sem svona töluðu þá, en ráðast nú á sjálfstæðismenn fyrir of miklar framkvæmdir, skýra sig sjálf, en þó verða þau enn gleggri, ef fleiri staðreyndir eru rifjaðar upp. Óumdeilt er, að útlán bankanna hafa mikil áhrif á fjárhagsjafnvægið. Landsbankinn hefur nýlega skýrt frá því, að útlán sparisjóðsdeildar hans eins hafi vaxið á þriðja hundrað milljóna króna á árinu 1955. Bankinn segir mikið af þeirri aukningu fyrir atbeina ríkisstj. Þá sögu þarf að rekja betur, en látum hana vera í bili. Það, sem hér skiptir máli, er, að bankastjórnin hefur talið sig enn þurfa að auka útlánin umfram það, sem ríkisstjórnin lagði til og hinir bankarnir, sem háðir eru seðladeild Landsbankans, gerðu. Ef Framsókn svarar þessu svo, að þeir Jón Árnason og Vilhjálmur Þór hafi engu ráðið í Landsbankanum, sannast enn, að rödd hennar segir annað en almannarómur. Og lítum á Búnaðarbankann, þar sem sjálfur formaður Framsfl. er formaður bankaráðsins og einn frambjóðenda flokksins er eini bankastjórinn. Sá banki lét vissulega áskoranir ríkisstj. um varleg útlán sem vind um eyrun þjóta, svo sem þjóðkunn dæmi segja ótvírætt til um.

Og framsóknarmenn höfðu enn annað óbrigðult ráð til að draga úr eftirspurn vinnuafls. Þeir hafa einir kveðið á um það, hversu margir skyldu vera í varnarliðsvinnunni. Þegar ég var utanrrh., var fjöldinn í þeirri vinnu ákveðinn með samráði félmrn. við utanrrn. að fengnum till. fulltrúa atvinnurekenda og Alþýðusambandsins. Nú hefur utanrrh. haft þetta vald einn og þar með möguleikann til að þyngja eða létta á vinnumarkaðinum eftir vild. Í þeim efnum skiptir engu, þótt fækkað hafi verið í varnarliðsvinnunni, frá því að flest var, því að vitanlega er það hið almenna atvinnuástand á hverjum tíma, sem þessu á að ráða, en ekki tala, sem ákveðin var, þegar allt öðruvísi stóð á. Þó að utanrrh. einn hafi haft valdið, hefur hann um beitingu þess vitanlega haft samráð við flokksbræður sína og þá ekki síst flokksformanninn.

Almenningur tekur vissulega með nokkurri varúð umvöndunarsemi þeirra herra, sem nú berja sér á brjóst og þykjast hvergi hafa nærri komið, þó að þeir hefðu úrslitaráðin um það, er þeir deila nú fastast á. Er ekki hitt sanni nær að segja, að öllum okkur getur skjátlazt og að víst fer sumt öðruvísi en við ætlum. Aldrei má viðurkenning þess samt verða til þess, að við látum undir höfuð leggjast að gera okkur grein fyrir því, hvað sé rétt, og skýra þjóðinni umsvifalaust frá því. Ef við höfum ekki manndóm til þess, þá bregðumst við því forustuhlutverki, sem okkur hefur verið falið.

Sú staðreynd, sem mest ríður á að menn átti sig nú á, er, að jafnvægisleysið í efnahagsmálum okkar kemur ekki nema að litlu leyti af fjárhagsástæðum, heldur af gersamlega annarlegum orsökum. Þessi meginsannindi reyna ýmsir að hylja, og láta t. d. sumir svo sem allur vandi okkar væri úr sögunni, ef milliliðagróðanum væri skipt upp. Slíkt tal er ágætt dæmi þess, hvernig menn reyna að villa um fyrir öðrum með loðnum aðdróttunum, ef ekki beinum blekkingum. Einn færasti hagfræðingur landsins hefur nýlega sýnt fram á í ágætri ræðu, að milliliðirnir séu milli 60 og 70% af landsfólkinu. Þær skrafskjóður, sem mest tala um milliliðina, segjast auðvitað ekki meina allan þennan fjölda. Látum svo vera. En við hverja eiga þeir þá? Um áramótin síðustu voru gerðar róttækar ráðstafanir til hagsbóta undirstöðuatvinnuvegum landsmanna, sjávarútvegi og landbúnaði. Þá hefði mátt ætla, að þeir, sem mest hafa talað um, að milliliðagróðinn væri undirrót meinsemdanna, hefðu gert till. um töku hans í þessu skyni. Kommúnistar máttu og eiga það, að þeir báru fram till., sem voru í samræmi við þessa kenningu. En hvað sagði málgagn mannanna, sem nú þykjast mest á móti milliliðunum, um þessar till.? Í Tímanum hinn 8. febr. s. l. stendur:

„Tillögur kommúnista eru samkvæmt framansögðu aðallega fólgnar í því að leggja skatta á ýmis þjónustufyrirtæki, banka, tryggingarfélög, skipafélög, og skerða þannig möguleika þeirra til bættrar og ódýrari þjónustu."

Þessi voru ummæli Tímans. Þarna skiptu helztu milliliðirnir skyndilega um nafn og voru kallaðir þjónustufyrirtæki, sem ekki mátti í neinu skerða. Sjálfir voru framsóknarmenn í einu og öllu sammála þeim úrræðum, sem tekin voru, og nefndu aldrei í öllum samningunum, sem á undan fóru, neinar till. um upptöku milliliðagróða, hvað þá þjónustugjalda í þessu skyni. Óneitanlega hefði það þó verið mikilmannlegra að bera þá fram till. um aðrar leiðir, ef þeir vildu fara þær, en ráðast nú á sjálfstæðismenn fyrir það, sem gert var með samþykki beggja.

Hv. síðasti ræðumaður, Gísli Guðmundsson, játaði, að engar aðrar till. hefðu verið bornar fram af Framsfl., en hann gaf þá skýringu, sem landsfólkið mun festa sér í minni og þá ekki síst allir sjálfstæðismenn, að ástæðan var sú, að það á að níðast sérstaklega á sjálfstæðismönnum. Sjálfstæðismenn, þúsundirnar um land allt, langstærsti flokkur landsins, munu minnast þessarar yfirlýsingar, og kjósendurnir munu meta það hugarfar, sem á bak við þá yfirlýsingu liggur.

Engar frambærilegar till. aðrar en ríkisstjórnarinnar komu fram, einfaldlega vegna þess, að engar aðrar voru til eins og á stóð. Tillaga Gylfa Þ. Gíslasonar um stórkostlegan skatt á fasteignir manna sýnir bezt, í hverjar ógöngur þessir óraunhæfu tillögusmiðir eru komnir. Gæti ég trúað, að mörgum af fylgismönnum Alþfl., sem með ærnu erfiði hafa eignazt þak yfir höfuðið, hafi þótt anda köldu til sín af þessari tillögugerð prófessors dr. Gylfa. Er sannarlega ekki furða, að þegar svo er á haldið, fari fylgi Alþfl.

þverrandi, jafnvel svo, að forustumenn flokksins örvænti nú um að fá nokkurn mann kosinn á þing, ef flokkurinn gengur fram einn og óstuddur. Sú örvænting er upphaf samninganna um hina stórfelldu atkvæðaverzlun milli Frams.- og Alþfl. Mjög lærðir og reikningsglöggir menn hafa þar um fjallað, og vantar ekkert til að tryggja stórfelldan gróða atkvæðabraskaranna, sem að standa, annað en atkvæðin sjálf. Þeim ræður enginn nema kjósendur á kjördegi, og er viðbúið, að þeim sýnist annað um ráðstöfun helgustu mannréttinda sinna en reikningsmeisturum valdabraskaranna hér suður í Reykjavík. Allur almenningur mun vissulega skilja, hvert verið er að fara með þessu stórfelldasta braski, sem sögur fara af hér á landi, atkvæðabraski Framsfl. og uppgjöf Alþfl., alveg eins og menn sjá óheilindin í millilíðatali þeirra, sem reyna að bjarga sér undan rökréttum afleiðingum þess með því að umskíra hina stærstu þeirra og kalla þá þjónustufyrirtæki. En þannig fer um blekkingarnar, þegar á þær fellur birta sannleikans og ekki er lengur hægt að hafast við í skugganum af getsökum og gróusögum.

Enginn neitar því, að sitthvað fer í súginn í þjóðfélagi okkar og að betur mætti með ýmislegt fara, bæði af almannavaldinu og einstaklingum. Sumir misnota gæði frelsisins, og er hættan á þeirri misnotkun þó smáræði, miðað við óheilbrigðina og sérréttindin, sem samfara eru leyfaúthlutunum ráða og nefnda, þar sem ekki er í raun og veru verið að úthluta pappírsgögnum eða leyfum, heldur stórkostlegum fjárhlunnindum.

En hvað sem sagt er um stórgróða sumra, og Íslendingar hafa löngum vitað, að margur hugði meiri auð í annars garði en þar var í raun og veru, þá er það víst, að hvergi á byggðu bóli er munur lífskjaranna minni en einmitt hér á landi. Allir þeir, sem farið hafa um önnur lönd, hafa sannfærzt um þetta með eigin augum, og opinberar skýrslur sanna það, svo að ekki verður um villzt. Miklu minni munur er á þeim, sem lægstar tekjur hafa og hæstar, hér en annars staðar á Norðurlöndum. Þau eru þó fræg fyrir jöfnuðinn, sem þar ríkir, og mikinn mun segir norska verkalýðsnefndin, sem var í Rússlandi s. l. sumar, á því, hve tekjumunurinn sé stórkostlegri þar en í Noregi. Engir vita betur um þessi sannindi en kommúnistar sjálfir. Ofstæki þeirra og blind trú á úreltar kennisetningar er samt svo mikil, að þeir vilja með öllu móti grafa undan þjóðskipulagi okkar, jafnrétti þess og frelsi. Völd sín í verkalýðshreyfingunni hafa þessir menn notað til að koma þeim áformum fram, þ. á m. til að spilla jafnvægi efnahagsmálanna, en ekki til að bæta raunverulegan hag verkalýðsins.

Viðurkenning þeirrar staðreyndar, að byltingin og ofbeldið væru undirstaða kommúnismans, hefur sjaldan komið skýrlegar fram en á hinu nýafstaðna þingi rússneska kommúnistaflokksins, þar sem ein helzta nýlundan var sú, að vegna styrkleika hinna kommúnistísku ríkja væri nú svo komið, að í sumum ríkjum kynni stefna þeirra að sigra eftir þingræðislegri leið án byltingar. Að vísu gerði það þessa yfirlýsingu lítt ginnandi í hugum lýðræðissinna, að fyrirmyndin, sem vitnað var til, var valdataka kommúnista í Tékkóslóvakíu. En hvað sem um það er, þá skiptir máli í þessu sambandi, að því var haldið fram, að breyta ætti sums staðar um stefnu, hverfa frá ofbeldinu til annarra aðferða. Það er svo önnur saga, hverjir trúa að óreyndu á þá stefnubreytingu, hvort raunin verði ekki sú, að fyrst komi undirferlið og síðan ofbeldið, svo sem við hér höfum fengið nokkurn smjörþef af. En hvað um það, viðurkenningin á því, að aðferð ofbeldis og byltingar hafi hingað til ein verið talin duga, er góðra gjalda verð, og hefði þó mátt ætla, að fæstir þeirra, sem með stjórnmálum hafa fylgzt, þyrftu á slíkri játningu að halda.

Eftir frásögn Tímans s. l. sunnudag er samt vitað um einn, er jafnvel enn talar svo sem hann hafi aldrei heyrt neitt um, hvað fyrir kommúnistum vakir. Í Tímanum segir:

„Ef vinnandi fólk fær á framangreindan hátt sannanir fyrir því, að það beri úr býtum það, sem framleiðslan getur hæst greitt, og öllu verðlagi haldið niðri, eins og unnt er, og vill samt ekki una því, þá hlýtur sannarlega að vaka eitthvað annað fyrir þeim, sem hafa forustu verkalýðsins, en að fá réttlætinu fullnægt. Því skulum við ekki trúa að óreyndu. Þess vegna er skylt að reyna þessa leið."

Svo mörg eru þau orð Hermanns Jónassonar. Stundum er sungið: „Sakleysið, sízt má án þess vera" — en því er þá bætt við: „en of mikið af öllu má þó gera". — Og víst er það of mikið sakleysi af formanni næststærsta stjórnmálaflokks landsins að hafa ekki annað en þetta að segja um starfsemi kommúnista í verkalýðsmálum og áhrif þeirra á efnahagsástandið.

Sjálfstæðismenn, sem hafa í sínum röðum fleiri verkamenn en Alþfl. og Framsfl. samanlagt, játa vissulega, að gott samstarf við verkalýðinn er lífsnauðsyn. Einmitt þess vegna teljum við skyldu okkar að segja verkamönnum skýlaust, þegar samtökum þeirra er misbeitt, sjálfum þeim og þjóðinni allri til óþurftar. Ef það tekur tíma og erfiði að fá menn til að átta sig á þessu, verður að fórna þeim tíma og leggja á sig það erfiði. Verkalýðurinn verður sjálfs sín vegna að hrinda af sér valdabröskurum og valdránsmönnum, í hvaða gervi sem þeir reyna að ná honum í sína þjónustu. Vegna síns eigin velfarnaðar verður hann að skilja og mun skilja fyrr en síðar, að raunverulegar kjarabætur fást fyrst og fremst fyrir aukna framleiðslu, auknar arðbærar athafnir.

Það er vegna þess, að sjálfstæðismenn hafa sannað, að þeir eru meiri athafna- og framkvæmdamenn en aðrir, sem almenningur veit, að forsjá ríkisins er bezt komin í þeirra höndum. Það er engin tilviljun, að meiri framkvæmdir hafa orðið á valdaárum sjálfstæðismanna en nokkru sinni áður í sögu landsins. Þær framkvæmdir hafa orðið öllum landsmönnum að gagni. Þess vegna eru lífskjörin svo ósambærilega miklu betri en fyrr. Þessi reynsla mun enn verða til þess að efla fylgi Sjálfstfl. Jafnskjótt sem þjóðin fær að kveða upp sinn dóm, jafnskjótt munu kjósendur stofna og sanna

það bandalag, sem verður þjóðinni til mestra heilla, bandalag kjósendanna um land allt, bandalagið, sem mun stýra þessari þjóð til gæfu og gengis, — Sjálfstæðisflokkurinn. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 88. fundi í Nd., 16. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. sjútvn., á þskj. 608, var útbýtt 27. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Togarakaup og leigunám.

Á 27. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um kaup og leigunám togara [117. mál] (þmfrv., A. 155).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 9. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 155 flytjum við þrír þm., ég, hv. 9. landsk. og hv. 3. landsk., frv. til laga um kaup og leigunám togara. Ég tel ekki ástæðu til að fylgja þessu frv. úr hlaði með langri framsöguræðu, en vil þó benda á nokkur atriði, sem við teljum að rökstyðji það, að slíkt frv. sem þetta sé flutt. Að öðru leyti mun ég vísa til grg. allýtarlegrar, sem fylgir frv.

Það er alkunna, að aðalatvinnuvegir landsmanna til sjávar og sveita eru að mjög verulegu leyti í vanda staddir og þá ekki sízt sjávarútvegurinn. Orsakirnar til þess vanda ætla ég ekki að rekja hér, þær eru mönnum kunnar, þó að menn deili nokkuð um það, hverjar meginorsakirnar séu. Það er vitanlega öllum ljóst, að það kann ekki góðri lukku að stýra og getur ekki gengið til lengdar, þegar þannig er að framleiðslunni sorfið, að hún er rekin með mjög verulegu tapi ellegar þá að henni er gert lítt kleift að starfa vegna skorts á vinnuafli.

Rekstrargrundvöllur togara er mjög erfiður, eins og sakir standa, og ber vitanlega brýna nauðsyn til að ráða þar bót á. Hvílir þar að sjálfsögðu mjög þung skylda á Alþingi og ríkisstj. Um þetta mál ætla ég þó ekki að ræða frekar í þessu sambandi, en vil aðeins leggja áherzlu á, að enda þótt þarna þurfi mjög um að bæta, tel ég, að það geri ekki óþarft það frv., sem hér er flutt, þó að úr þessu verði að nokkru bætt. Togararnir eru tvímælalaust mjög mikilvæg framleiðslutæki. Þeir hafa reynzt á undanförnum árum veruleg lyftistöng fyrir allt atvinnulíf landsmanna og leggja til gildan hluta af útflutningsframleiðslunni. Þetta eru óumdeilanlegar staðreyndir, og það haggar þeim ekkert, þótt rekstrarlegt tap verði á þessum skipum öðru hverju eða hafi verið nú um skeið á ýmsum þeirra. Það er upplýst, að útflutningsverðmæti, sem hver togari aflar með núverandi fiskverði og því fiskmagni, sem aflazt hefur undanfarna mánuði og ár, nemur 10—12 millj. á ári. Þetta er geysilega mikið, og þó að þar þurfi margar hendur að að vinna, þá er augljóst, hversu gífurlegur þáttur togararnir eru í útflutningsframleiðslunni. Það er því mikil nauðsyn þjóðinni, að þessi góðu og aflamiklu skip séu gerð út að staðaldri, og það má ekki henda, að togarar séu um lengri eða skemmri tíma látnir ónotaðir. Það er svo augljóst mál, að ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum, að jafnvel þótt nokkurt rekstrarlegt tap sé á skipunum vegna þess, hvernig að framleiðslunni er búið og hvernig hún er mergsogin á ýmsan hátt, hlýtur þjóðinni að vera það brýn nauðsyn og verulegur hagur, að þessi afkastamiklu skip gangi að staðaldri og séu ekki stöðvuð um langan tíma. Jafnvel þótt svo vel takist til, að bættur verði rekstrargrundvöllur togara og annarra fiskiskipa, þá mun það löngum við brenna, að einstökum útgerðarfélögum eða útgerðaraðilum gengur miður en öðrum, og komið getur að því, að þeir stöðvist vegna ýmissa óhappa, sem hent getur í rekstri. Þá teljum við flm. þessa frv., að ríkisvaldið verði að grípa inn í og sjá til þess með þeim ráðum, sem tiltækilegust þykja á hverjum tíma, að togararnir, sem stöðvazt hafa, komist á veiðar aftur. Þetta er þjóðhagsleg nauðsyn.

Við bendum á það í grg. þessa frv., að það hafi komið nokkrum sinnum fyrir á undanförnum árum, að einstakir togarar hafa stöðvazt um langan tíma vegna örðugleika þeirra aðila, sem séð hafa um reksturinn. Þannig var ástatt um Vestmannaeyjatogarann Vilborgu Herjólfsdóttur fyrir um það bil heilu ári, að hún var þá ekki gerð út í allmarga mánuði, mig minnir allt að hálfu ári, og er auðreiknað það framleiðslutap, sem af því hlauzt. Nú er hins vegar þannig háttað, að einn af hinum góðu togurum okkar, togarinn Keflvíkingur, hefur legið aðgerðalaus í allmarga mánuði, og ég hef ekki frétt, að neitt bendi til þess, að neinn skriður sé að komast á það, að hann fari aftur á veiðar. Því hefur jafnvel verið fleygt, að helztu tilboðin, sem borizt hafa í þennan togara, séu frá öðru landi, Færeyingar hafi hug á því að kaupa togarann og gera hann út. Ég tel það svo fjarstætt sem nokkuð getur verið, að leyfi verði gefið til þess að selja úr landi tiltölulega nýjan og góðan togara, að ég hygg, að um þann möguleika sé óþarft að ræða. Hins vegar er það gersamlega óviðunandi, ef slíkt skip liggur aðgerðalaust mánuðum saman og jafnvel árum, eins og nú virðist horfa. Þegar svona er ástatt um einstök skip, verður ríkisvaldið að skerast í leikinn og grípa til sinna ráða til þess að koma skipunum á veiðar. Til þess eru að sjálfsögðu ýmsir möguleikar, og ríkisvaldið verður hverju

sinni að gera það upp við sig, á hvern hátt það tryggir rekstur skipanna. Aðalatriðið er, að þau séu í stöðugum rekstri.

Við gerum ráð fyrir því, flm. þessa frv., að þegar togari, sem að öllu eðlilegu gæti haldið áfram veiðum, hefur ekki verið rekinn í 30 daga, skuli ríkisvaldið leita fyrir sér við eigendur um að yfirtaka skipið eða koma því á veiðar. Þetta er hugsað sem heimild. En hafi skipið hins vegar verið 60 daga ónotað, þá leggjum við til, að ríkisvaldinu sé skylt að grípa þarna inn í og leita tafarlaust samninga við eigendur skipsins um kaup þess eða leigu, náist samningar ekki innan viku, skuli ríkisstj. gera ráðstafanir til þess að taka togarann eignar- eða leigunámi.

Ákvæði eru í frv. um það, að þegar leigunámsaðferðinni er beitt, skuli við það miðað, að rekstur skipsins, meðan ríkið sér um hann, sé eigendum þess að skaðlausu, en engin leiga skuli greidd þar umfram.

Þá eru um það ákvæði í frv., að skip, sem ríkið tekur á þennan hátt til rekstrar, séu notuð fyrst og fremst til atvinnujöfnunar til þess að færa þeim stöðum úti á landsbyggðinni hráefni, þar sem möguleikar eru til fiskvinnslu, en hráefni skortir. Þetta teljum við eðlilegt að sé meginsjónarmiðið í sambandi við slík skip, sem ríkisvaldið tekur eignar- eða leigunámi til þess að tryggja rekstur þeirra.

Þá er í frv. ákvæði um það, að ríkisstj. sé heimilt að selja eða leigja þá togara, sem teknir hafa verið eignar- eða leigunámi á þann hátt, sem ég gat um, þegar tryggt er, að kaupandi eða leigjandi muni gera skipið út. Það er ekki hugmyndin með þessu frv. að koma sem mestu af togaraflotanum varanlega í ríkisrekstur, heldur er meginsjónarmiðið það, að ríkisvaldið grípi inn í, þegar aðrir hafa gefizt upp eða eru að gefast upp, og tryggi reksturinn þangað til bæir, einstaklingar, hlutafélög eða samvinnufélög gætu tekið við skipunum að nýju.

Eins og ég sagði áðan, þá lítum við flm. þannig á, að það sé brýn nauðsyn, að þessi stórvirku framleiðslutæki, togararnir, séu í stöðugum rekstri, og við sjáum ekki, að það sé öðrum skyldara en ríkisvaldinu að tryggja, að svo verði. Jafnvel þótt um nokkurt rekstrarlegt tap sé að ræða, þá er hitt tvímælalaust, að þjóðhagslega séð er það mjög mikilvægt, að togararnir geti starfað samfellt og dregið þá miklu björg í bú, sem þeir gera, ef þeim er haldið úti að staðaldri.

Ég vil svo leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sennilega hv. sjútvn., frekar en hv. fjhn. Það er að vísu ákvæði í frv. um lánsheimild, en þetta er nú fyrst og fremst sjávarútvegsmál. Það er að sjálfsögðu deildarinnar að skera úr því, til hvorrar n. málinu skuli vísað, en ég held, að það sé nú rétt að leggja til, að málið fari til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17:3 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

43. Lífeyrissjóður togarasjómanna.

Á 28. fundi í Nd., 8. des., var útbýtt:

Frv. til l. um lífeyrissjóð togarasjómanna [119. mál] (þmfrv., A. 169).

Á 32. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. — Deildin leyfði með 26 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það frv., sem við hér flytjum saman, hv. 6. þm. Reykv., hv. 4. landsk. og ég, er svo til komið, að á síðasta flokksþingi Sósfl. var sem að vanda rætt allmikið um vandamál sjávarútvegsins og þar með alveg sérstaklega um þau vandræði, sem hafa verið að manna togaraflotann af nægilega dugandi sjómönnum, og í umræðunum um það mál kom einn af yngri verkalýðsleiðtogunum hér í Reykjavík, einn af efnilegustu mönnunum, sem þar eru að vaxa upp, Guðmundur J. Guðmundsson, fram með þá uppástungu, að það yrði athugað, hvort ekki mætti koma á fyrir togarasjómenn lífeyrissjóði, svipað og þeim, sem embættismenn nú njóta. Þessi ungi verkamaður þekkir sjálfur til lífs togarasjómanna. Hann er sjálfur sonur togarasjómanns, sem áratugum saman hefur unnið á íslenzku togurunum.

Eftir að ég hafði svo ásamt öðrum þm. Sósfl. unnið úr þessari hugmynd, hef ég þegar heyrt, að þessar hugmyndir hafa verið nokkuð uppi hjá togarasjómönnum. Ég átti m. a. nýlega tal við formanninn fyrir Sjómannafélagi Akureyrar, Tryggva Helgason. Hann sagði mér frá því, að togarasjómenn á Akureyri hefðu rætt þetta mál um nauðsynina á lífeyrissjóði fyrir togarasjómenn allmikið hjá sér, og stjórn Sjómannafélags Akureyrar hafði síðan rætt þetta mál við stjórn útgerðarfélagsins þar á Akureyri, en það mál verið fellt í útgerðarfélagsstjórninni. Ég efast ekki um, að þetta sé þess vegna hugmynd, sem margir togarasjómenn hafa verið með og áreiðanlega á vinsældum að fagna hjá þeim. En það, sem er aðalatriðið fyrir okkur, þegar við flytjum þetta mál hér inn í þingið, er að athuga, að hve miklu leyti þetta gæti orðið til þess að hjálpa okkur til þess að leysa eitt vandamálið í sambandi við togarareksturinn undanfarið, og það er að fá nógu góða menn á togarana.

Mér var sagt nú nýlega, þegar karfaveiðin var hvað bezt hjá togurunum, að það hefði staðið þannig á, að togararnir hefðu fyllt sig á þrem dögum og komið inn, uppgripin hefðu verið slík. En það hefði verið mikið af þeim gömlu, vönu togarasjómönnum farið í land áður, hefði verið allmikið af óvönum mönnum um borð, og það hefði þess vegna yfirleitt tekið um sex daga

að fylla sig. Það er engum efa bundið, að með okkar stórkostlega auðugu fiskimiðum og með þeim uppgripamiklu tækjum, sem við höfum í togurunum, hefur það úrslitaáhrif, hvernig skipshöfnin er.

Það er þess vegna lífsnauðsyn fyrir okkar þjóðfélag, sem byggir helminginn af öllum sínum útflutningi á starfi togarasjómanna, að reyna að sjá til þess, að á togarana veljist í fyrsta lagi sem allra beztir og duglegastir menn, og í öðru lagi, að þeir fáist til þess að vera þar áfram. Það má máske segja sem svo, að það sé þá fyrst og fremst að launa þá vel. Það er vissulega ákaflega þýðingarmikið atriði í þessum efnum, en það er mál, sem togarasjómenn eiga við togaraútgerðirnar og Alþ. hefur ekki látið til sín taka. Hins vegar getur Alþ. látið til sín taka með máli eins og þessu. Það getur veitt togarasjómönnum alveg sérstök fríðindi, sem engir aðrir starfsmenn í landinu hafa, eins og lagt er til með þessu frv. Það getur þannig sýnt þeim í verki, að það meti þeirra störf það mikils, að það vilji vinna að því, vilji gera mjög alvarlegar ráðstafanir til, að ekki aðeins fáist mjög dugandi menn á togarana, heldur líka sé þannig að þessum dugandi mönnum búið, að þeir fáist til þess að vera þar áfram. Það er mannvalið á okkar togurum, sem ræður úrslitum um, hvernig gengur að afla fisksins, og eins og oft hefur verið tekið hér fram, er helmingsins af okkar fiski aflað af þeim 1200 mönnum, sem á togurunum eru, eða af ⅙ hluta sjómannastéttarinnar.

Ég þarf ekki að gera grein fyrir þörf þjóðarinnar á því að tryggja sér dugandi sjómenn. Þessir 1200 menn, sem á togurunum eru, standa undir helmingnum af verðmæti útflutningsins, og sá helmingur er milli 400 og 500 millj. kr. Ég ætla ekki heldur að fjölyrða hér um þörf togarasjómannanna á þessu. Það hafa áður verið flutt hér mál og borin fram til sigurs á Alþ., það hefur þurft nokkurn tíma, en Alþ. hefur ætíð að lokum skilið nauðsyn þessara mála. Stundum hafa sjómenn að vísu orðið að knýja þau fram með verkföllum. Og ég býst við, að þá fari skilningurinn vaxandi á því, að það sé bæði virðingu Alþingis meira samboðið og heppilegra fyrir þjóðfélagið, að Alþ. sýni framtak í þessum efnum og hafi sjálft forgöngu um að vilja taka vel undir þær hugmyndir, sem fram koma hjá sjómönnum sjálfum um bætur á þeirra kjörum.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir nokkru betri og skjótari tryggingu sjómönnunum til handa hvað lífeyrissjóð snertir en nú er hjá starfsmönnum. Það er gert ráð fyrir því, að lífeyririnn hækki fyrr með starfsaldrinum. Hér áður fyrr var það svo, að eftir 15 ára starf á togurum var bakið farið hjá öllum þorranum af þeim, sem stunduðu vinnuna, meðan hún var verst. Það er til allrar hamingju betra nú, eftir að hvíldartíminn var tryggður og lengdur. En hitt er vitanlegt, að fyrir togarasjómennina, þá sem á annað borð eru orðnir vanir að vinna á sjónum, er orðið erfitt að taka upp vinnu í landi. Hins vegar er vinnan á togurunum, ekki sízt eins hörð og sóknin er nú, þannig, að menn verða fyrr útþrælkaðir menn með því að stunda áratugum saman togarasjómennsku en með því að vera embættismenn í landi. Þess vegna er ekki nema rétt, að reiknað sé með því, að skjótar hækki lífeyririnn og fyrr nái menn sæmilegum lífeyri eða eftirlaunum með því að stunda togarasjómennsku.

Í þessu frv. er gengið út frá, að ríkissjóður leggi fram 6% af heildarárskaupi á móti mjög litlu framlagi frá togarasjómönnum sjálfum. Ég efast að vísu ekki um, að á þessu mundi mega fá nokkra breyt. og togarasjómenn mundu gjarnan vera til í það að hækka sitt framlag, ef þeir sæju fram á, að alvarlega yrði tekið á þessu máli. En hitt efast ég ekki um, að fyrir ríkið er rétt, að það leggi fram sjálft verulegan hluta og helzt ekki minni en lagður er nú til embættismannanna, sem er 6%. Ríkið stendur nú undir hallanum af rekstri togaranna að verulegu leyti með framlögum til þeirra, sem togarana eiga, og það er ekki ósanngjarnt, að ríkið þess vegna, þegar það hefur slíkan ríkisrekstur á tapinu á togurunum, sýni sig í því að vilja létta undir með að tryggja það, sem þýðingarmest er viðvíkjandi togararekstrinum, góða menn á togarana og öryggi fyrir þá, sem á togurunum vilja vinna og halda áfram að starfa þar.

Menn munu segja, að þetta þýði e. t. v., að ríkið sé meira og minna að líta á togarasjómennina sem opinbera starfsmenn, að þetta stefni í áttina til þjóðnýtingar á togurunum. En sú þjóðnýting er nú þegar að gerast. Tveir þriðju af togurunum eru þegar reknir af bæjum eða af hlutafélögum, sem bæirnir eiga mikinn eða mestan þátt í, og ríkið skoðar togarareksturinn vegna hins mikla þjóðnýta gildis hans svo mikilvægan, að það gerir sérstakar ráðstafanir til þess að halda honum gangandi, enda eðlilegt, þar sem það tekur með lögum allan gjaldeyrinn af togurunum og ráðstafar honum eftir sinni vild.

Ég þarf ekki að fjölyrða um hin einstöku atriði í þessu frv.

Með 2. gr. er gengið út frá, að togarasjómenn hafi þau fríðindi fram yfir opinbera starfsmenn, að þau réttindi, sem þeim væru veitt með þessu frv., ef það yrði að lögum, skuli í engu rýra önnur réttindi, sem þeir fá samkvæmt alþýðutryggingalögunum.

Með 4. gr. er svo fyrir mælt, að þriggja manna stjórn skuli skipuð, einn maður tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, annar af ríkisstj. og þriðji af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra.

Í 6. gr. er mælt fyrir um framlögin, iðgjöldin eru þar ákveðin 1% frá togarasjómönnum sjálfum, 3% frá togaraeigendum, eða til samans 4% þar frá, en 6% frá ríkinu, eins og nú er til starfsmanna ríkisins.

Í 7. gr. er svo fyrir mælt, að að 5 árum liðnum skuli þetta frv. endurskoðað, og ég held, að þau ákvæði ættu að tryggja út af fyrir sig, að það, sem kynni að koma í ljós af göllum á þessu frv. frá líftryggingarlegu sjónarmiði, væri þá hægt að lagfæra, vegna þess að í 10. gr. frv. er ákveðið, að lífeyririnn komi yfirleitt fyrst til útborgunar fyrir menn, sem hafa verið 5 ár á togurunum, eftir að þessi lög hafa öðlazt gildi, þannig að það er þess vegna engin hætta á, að á fyrstu 5 árunum verði hætta á nokkrum halla og nokkru tapi á rekstri þessa lífeyrissjóðs. Hins

vegar mundu togarasjómenn undireins njóta þeirra hlunninda, sem lífeyrissjóði fylgja, að geta fengið lán úr honum. Og það er vitanlegt, að eins og starfsmenn ríkisins leggja nú mikið upp úr því að geta fengið lán úr lífeyrissjóði til húsabygginga, eins mundu togarasjómenn leggja ákaflega mikið upp úr slíku, og það er alveg sérstök ástæða til þess að aðstoða þá með slíkt, því að þeir eiga allra verkamanna erfiðast hvað þetta snertir. Fjöldinn af verkamönnum þrælar nú kvöld og helgar við að reyna að koma upp þaki yfir höfuð sitt, en sjómennirnir á sjónum úti hafa enga aðstöðu til þess að nota sinn vinnukraft á slíkan hátt, þannig að það er alveg víst, að bæði er réttlátt að veita þeim þessa möguleika og eins mundi þetta koma sér mjög vel fyrir þá. Ég held þess vegna, þótt að nokkru leyti sé farið inn á nýja braut hvað lífeyrissjóð snertir með þessu frv., að þá mundi þetta ákvæði í 7. gr. alveg tryggja, að að engu leyti væri teflt í neina tvísýnu. Sú endurskoðun, sem færi fram að 5 árum loknum, mundi strax geta byggzt á nokkurri reynslu í þessum málum, og hvað það snertir ætti þess vegna að vera óhætt að samþ. frv. eins og það er.

10., 11. og 12. gr. hef ég að mestu leyti sniðið eftir samsvarandi greinum í lögunum um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, þó með þeim breytingum þar á, sem leiðir af eðli málsins. Í staðinn fyrir, að ákveðið er, að hver geti orðið sjóðfélagi og fengið réttindi, sem verið hefur 10 ár, þegar um embættismennina er að ræða, þá getur hver togarasjómaður öðlazt þennan rétt, þegar hann hefur unnið 10 ár á togara, þar af 5 ár eftir að þessi lög hafa öðlazt gildi. Þó er undantekning um þetta hvað snertir 12. gr., þ. e., ef sjóðfélagi andast á þessum tíma, fær hans maki og hans börn að njóta jafnt réttarins og ef hann hefði unnið 5 ár á togurunum. Enn fremur stytti ég þann tíma, sem er hjá embættismönnum, þar er 65 ár, það styttum við niður í 60, og í staðinn fyrir 95 ára samanlagðan starfsaldur og aldur setjum við, að menn séu annaðhvort 60 ára að aldri eða hafi unnið 30 ár á togurunum.

Ég held þess vegna, að að svo miklu leyti sem þyrfti að gera þar nokkrar breytingar á, þá mundi ég treysta heilbr.- og félmn., sem er þeim málum mjög kunnug, til þess að líta þar á með velvilja og lagfæra, ef okkur kynni að hafa þar sérstaklega yfirsézt, sem ég þó held að sé nokkurn veginn óhætt að treysta að mundi ekki koma að sök á þeim tíma, sem á að líða, þangað til þetta yrði endurskoðað.

Ég efast ekki um, að samþykkt frv. eins og þessa mundi verða ákaflega mikilvæg til að tryggja landinu góða togarasjómenn og að tryggja það að veita togarasjómönnum, sem búa við á margan hátt ekki aðeins erfiðasta vinnu allra íslenzkra verkamanna, heldur líka þær sérstöku aðstæður að vera lengur fjær sínum heimilum en nokkrir aðrir verkamenn, — ég held, að þetta mundi að öllu leyti hjálpa til þess að sannfæra togarasjómenn um, hve mikils Alþ. metur þeirra vinnu og þeirra starf og hve mikið þjóðfélagið leggur upp úr því, að við fáum að halda hverjum dugandi sjómanni, sem á togarana fer, sem allra lengst þar, og að þjóðfélagið vilji búa sem bezt að þeim og þeirra fólki og sýna þannig skilninginn á þeirra vinnu.

Ég vil leyfa mér að vonast eftir, að hv. þm. taki þess vegna þessu máli með skilningi. Ég vil leyfa mér að óska þess, að það fari að lokinni þessari umr. til heilbr.- og félmn., og vildi mega óska þess, að þeirri nefnd mætti auðnast sem fyrst að skila um það áliti, þannig að það geti orðið að lögum nú á þessu þingi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður með tilliti til þess, sem forseti tilkynnti áðan. Ég vil aðeins láta það í ljós, að ég tel þetta vera gott mál, og veit það fyrir víst, að þetta er eitt þeirra mála, sem alþýðusamtökin munu standa einhuga um á næstu árum og ekki láta af að berjast fyrir, fyrr en það hefur fengið lögfestingu á Alþingi, hvort sem það verður fyrr eða síðar. Ég er þess vel vitandi, að fyrst og fremst verður litið á þetta mál sem réttindamál togarahásetanna.

Þó að hv. frsm. viki að því, að útgerðarráð á einni togaraútgerð hefði ekki tekið vel þeirri hugmynd, sem þetta frv. er byggt á, þykir mér rétt að skýra frá því hér við 1. umr. málsins, að fyrir um það bil tveimur árum átti ég viðræður við einn af forstöðumönnum bæjarútgerðarinnar í Reykjavík, og varpaði hann þá fram hugmynd, sem var ekki óáþekk þessari, en átti að miða að því að leysa þá nauðsyn togaraútgerðarinnar, að togarahásetar væru samfellt á skipunum og hyrfu ekki frá því starfi til annarra starfa inn á milli. Fyrir honum vakti að verðlauna þá togarasjómenn sérstaklega, sem væru samfellt á togurum frá ári til árs, og raunar að gera það upp við þá í lok hvers árs, þegar þeir hefðu verið samfellt á togara.

Það er vitanlegt, að í verksmiðjurekstri skiptir það mjög miklu máli, að inn á milli komi ekki óvanir menn, því að afköst þeirra eru minni og verkkunnáttan minni, getur dregið úr öllum afköstunum í verksmiðjunni, og togararekstur er í raun og veru verksmiðjurekstur. Það ríður á, að í hverju rúmi á skipi séu þaulvanir og afkastamiklir menn. Það er og staðreynd, að þetta varðar togaraútgerðina miklu máli. Þá vita og allir, að togarasjómaðurinn er í raun og veru búinn að slíta út sínu líkamsþreki og sínum kröftum allt hvað hann er orðinn fimmtugur maður, og þá þarf hann að eiga það öruggt, að honum sé ekki kastað út á hjarn þjóðfélagsins, og þetta tryggingafrv. er líklegt til þess að verða mjög þýðingarmikið mál, ekki aðeins fyrir togarasjómennina, heldur einnig fyrir togaraútgerðina til þess að halda hinum beztu starfskröftum og halda starfsvönum mönnum sífellt í sinni þjónustu.

Ég mæli því áreiðanlega í nafni Alþýðusambands Íslands mjög innilega og ákveðið með þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 591, var útbýtt 27. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

44. Strandferðaskip.

Á 43. fundi í Nd., 18. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um kaup og rekstur á nýju strandferðaskipi [131. mál] (þmfrv., A. 238).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er það, að ríkisstj. sé gefin heimild til að láta smíða nýtt strandferðaskip, 300—400 smálesta að stærð, byggt til siglinga á leiðinni Vestmannaeyjar—Reykjavík og búið tækjum til þess að flytja farþega og flutning, einnig þann flutning, sem þarf að flytjast í kælirúmi.

Í frv. er lagt til, að heimahöfn skipsins verði Vestmannaeyjar og að ríkisstj. verði gefin heimild til að fela rekstur skipsins þeim aðilum, sem hún telur líklegast að geti rekið skipið sem hagkvæmlegast og með þeim hætti, að það þjóni samgöngum á sinni siglingaleið sem bezt, en þar koma að sjálfsögðu til mála Skipaútgerð ríkisins, bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum og máske fleiri aðilar.

Það er alkunna, að Vestmannaeyjar hafa um langan aldur búið við samgöngur, sem mjög er ábótavant. Lengi á tímunum fyrir hina síðari heimsstyrjöld voru samgöngurnar þó tiltölulega reglubundnari en þær eru nú, þar sem það var þá viðtekin venja, að flestöll þau skip, sem sigldu milli Íslands og Evrópulanda, höfðu fyrstu viðkomu, er þau komu erlendis frá, og síðustu viðkomu, þegar þau fóru héðan af landi, í Vestmannaeyjum. Þannig voru lengst af 6—8 skip á fastri áætlun með viðkomu í Vestmannaeyjum, og gerði það það að verkum, að hægt var að vita með nokkurn veginn öruggri vissu, að á ákveðnum dögum og reglulega féllu ferðir á milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur.

En á styrjaldarárunum lögðust þessar áætlunarbundnu siglingar alveg af og viðkomur skipanna í Vestmannaeyjum sömuleiðis og hafa ekki verið teknar upp síðan. Þetta þýð Vestmanneyingum að sjálfsögðu fullkomið samgönguöngþveiti á stríðsárunum og á fyrstu árunum eftir stríðið, og var það svo alvarlegt, að það lágu fyrir dæmi um það á stríðsárunum, að fljótast hefði verið hægt að komast frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur með því að sigla með fiskflutningaskipum til Fleetwood í Englandi og taka þaðan önnur skip, sem fóru upp til Faxaflóahafna. Úr þessu hefur að sjálfsögðu nokkuð verið bætt með því, að nú eru þó nokkrir bátar, sem annast flutninga á þessari leið, en farþegaflutningaörðugleikarnir eru að mestu óleystir.

Skipaútgerð ríkisins, sem annast strandsiglingarnar, hefur aukið verulega skipakost sinn eftir stríðið, en sú aukning á skipakosti skipaútgerðarinnar hefur ekki verið miðuð við að leysa vandkvæði þessarar leiðar, enda eru þau sannast að segja óleyst enn þá.

Eina stóra skrefið, sem stigið hefur verið í samgöngumálum Vestmanneyinga á seinni árum, er það, að þar hefur verið byggð flugbraut, sem haldið er uppi flugsamgöngum til daglega, þegar veður leyfir. En reyndin hefur sýnt, að veðurfarið er með þeim hætti í Vestmannaeyjum og raunar á allri þessari flugleið, að þar er ekki hægt að vita með neinni vissu, hvenær flugferðir kunna að falla og hvenær ekki, enda eru mörg dæmi um það, að flugferðir hafa teppzt heilar vikur og jafnvel hátt í hálfan mánuð.

Það kann vel að vera, að þeir, sem ekki búa á slíkum stöðum eins og Vestmannaeyjum eða öðrum, sem eiga máske við hliðstæðar samgöngutafir og truflanir að etja, geri sér litla grein fyrir því, hvaða áhrif þetta hefur á líf og afkomu þeirra íbúa, sem á slíkum stöðum eru, en þess má geta, að þrátt fyrir mikinn blóma í atvinnurekstrinum í Vestmannaeyjum fækkaði þar íbúum á þeim árum, sem samgöngurnar voru verst komnar, og byrjaði ekki að fjölga aftur fyrr en flugsamgöngunar voru teknar upp. Þá litu menn svo á í upphafi, að þessar samgöngur mundu fara batnandi, eftir því sem tímar liðu, það yrði unnið að því af kappi að gera flugvöll í Vestmannaeyjum sambærilegan þeim flugvöllum, sem bezt eru búnir. Svo hefur ekki orðið, og er það hv. alþm. flestum kunnugt, að meira að segja venjulegt viðhald á þeirri flugbraut, sem byggð var í Vestmannaeyjum 1946, hefur kostað málflutning hér í Alþingi og er raunar engan veginn svo komið enn þá, að viðhlítandi sé, hvað þá að flugvöllurinn hafi verið stækkaður, hann er aðeins ein braut og því ónothæfur, jafnvel í bezta veðri, ef vindstaðan er um þvera þessa einu braut.

Það er þess vegna augljóst, að dagvissar samgöngur þurfa að komast á við þennan stóra framleiðslubæ. Við annað verður ekki unað. Spurning gæti þó aðeins verið um það, hver ætti að koma þessum samgöngum á. Mér kæmi það ekki alveg á óvart, þótt einhverjir hv. þm. hugsuðu svo eða jafnvel segðu svo, að Vestmanneyingar gætu þetta sjálfir, og það er út af fyrir sig alveg rétt. Vestmanneyingar geta þetta, og að sjálfsögðu verða þeir að gera það, ef ríkið ætlar enn að þverskallast við að framkvæma þá skyldu, sem á því hvílir í þessum efnum. En ég vil svara því til, að það getur ekki leikið vafi á því, að ríkinu ber að koma slíkum samgöngum á. Ríkið kostar allt þjóðvegakerfi landsins, sem kostar milljónatugi árlega. Vestmanneyingar njóta næstum einskis af því. Ríkið smíðar brýr til samgöngubóta yfir læki og ár. Ekkert af því kemur Vestmanneyingum til neinna samgöngubóta. Ríkið kostar til á ári hverju milljónatug, eins og nú er komið, eða máske meiru til að halda uppi strandsiglingum við Ísland. Vestmanneyingar borga sinn hlut af öllu þessu, en afnotin, sem þeir hafa af

því, eru harla lítil og ófullnægjandi, og úr þessu verður ekki bætt í svipinn með öðrum ráðum en að koma upp skipi, sem sérstaklega væri ætlað til þess að halda uppi dagvissum samgöngum á þessari leið annan hvern dag eða sem næst því.

Einhverjum fyndist nú máske sjálfsagt, að til væri lagt beinlínis, að skipaútgerð ríkisins yrði falið að hafa á hendi stjórn þessara ferða, og ég skal taka það fram, að ég teldi eðlilegt, að svo væri. Hins vegar er þjónusta skipaútgerðarinnar mjög umdeild, og þykir mér því vel hlýða, að haldið sé opnum möguleikanum til þess, að ríkisstj. geti ráðstafað stjórn slíks skips á annan hátt, ef það þætti betur henta, enda eru engin lög til, sem mæla svo fyrir, að þau strandsiglingaskip, sem ríkið kynni að reka, skuli endilega vera stjórnað af skipaútgerð ríkisins. Og ég vil alveg sérstaklega undirstrika það, að ég tel, að það sé einn aðalgallinn á strandsiglingunum hér, að ríkið hefur hagað útgerð skipa sinna með þeim hætti að staðsetja öll skipin, sem þessa þjónustu eiga að annast, í Reykjavík. Mér virðist liggja ákaflega beint við að staðsetja skipin yfirleitt á þeim stöðum, þar sem þau eiga einkum að veita sína þjónustu, og skip eins og það, sem hér um ræðir, teldi ég öll rök mæla með að yrði látið eiga heimahöfn í Vestmannaeyjum og mannað skipshöfn þaðan.

Ég vil svo að þessari umr. lokinni leggja til, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og til hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni og meiri hl. samgmn., á þskj. 558 og 569, var útbýtt 26. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

45. Íbúðarhúsnæði.

Á 43. fundi í Nd., 18. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um bann við að taka íbúðarhúsnæði til annarrar notkunar en íbúðar [133. mál] (þmfrv., A. 240).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., 19. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þetta frv., sem við hv. 6. þm. Reykv. (SG) og ég flytjum hér, er ekki sérstaklega víðtækt frv., það er aðeins um mjög takmarkað svið. Við höfum áður flutt hér á þingi mál, sem nær yfir húsnæðismálin almennt og enn hefur ekki verið afgr. úr heilbr.- og félmn., og í því er að finna till. okkar sósialista um heildarlausn í sambandi við húsbyggingamálið.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er raunverulega aðeins um að bæta úr einu sérstöku vandkvæði, sem sýnt hefur sig að koma í ljós, eftir að lögunum um húsnæði frá 1943 var gerbreytt og meginatriði þeirra afnumin fyrir um þrem árum. Það er alveg auðséð, sérstaklega hér í Reykjavík og á þeim stöðum, sem fólkið streymir mest til, að erfiðleikarnir um íbúðarhúsnæði fara lítt batnandi, og ég vil segja það við þá, sem kynnu að halda, að það væri svo mikið verið að gera til þess að leysa þessi vandamál nú, að því fer fjarri, að þær aðgerðir dugi enn í því efni.

Ég sé t. d. í sumum blöðum í morgun, að það er sagt frá, að á síðasta ári, 1955, hafi verið byggt meira í Reykjavík en nokkru sinni fyrr. Þetta er ekki rétt. Það er upplýst nú eftir skýrslu byggingarfulltrúa, að á síðasta ári hafi verið byggðar í Reykjavík 564 íbúðir, m. ö. o. fullokið við, og það er það, sem alltaf er miðað við í skýrslum, 564 íbúðir. Þetta er að vísu meira en hefur verið á Marshallárunum undanfarið, eftir að Ameríkumenn fóru að skipta sér af því, hve mikið við mættum byggja hér. En þetta er minna en var, á meðan við réðum því sjálfir, Íslendingar. 1946 voru fullbyggðar hér í Reykjavík 634 íbúðir, og eftir skýrslum, sem þá voru gerðar, var sýnt fram á, að það þyrfti a. m. k. að byggja 600 íbúðir á ári til þess að byggja yfir þá, sem bætast hér við, og útrýma óhæfu og heilsuspillandi húsnæði. Á öllum þessum árum og ekki heldur á síðasta ári hefur þeirri tölu verið náð, sem álitið var að nauðsynleg væri 1946 og líka hefur verið fullyrt að væri það allra minnsta, sem Reykjavík kæmist af með síðar.

Það er þess vegna auðséð, að það þarf að gera ráðstafanir til þess, að það sé meira íbúðarhúsnæði en verið hefur, a. m. k. hér í Reykjavík, og svo býst ég við að sé einnig um suðvesturkjálka landsins, sem þetta frv. mun vafalaust fyrst og fremst taka til, eins og 4. gr. ákveður um.

Þegar gamla húsaleigulöggjöfin frá 1943 var að mestu afnumin, mun hafa verið gengið út frá því af þeim, sem því réðu, eða a. m. k. hlýt ég að ganga út frá því, að þeir hafi haldið, að ástandið mundi verða svo stórum batnandi út af nýjum íbúðarhúsabyggingum, að það væri ekki þörf á að halda þeim ráðstöfunum, sem þá áttu að koma í veg fyrir hækkun húsaleigu og þá áttu að koma í veg fyrir, að íbúðir væru teknar úr notkun. Nú hefur það sýnt sig um afnám húsaleigulaganna frá 1943, að það afnám, sem var framkvæmt fyrir þrem árum, hefur þegar haft ægilegar afleiðingar fyrir þjóðina. Það hefur fyrst og fremst haft þær afleiðingar, að húsaleiga, sérstaklega í gömlum íbúðum, hefur hækkað ákaflega mikið, þannig að nú er svo komið, að húsaleiga í öllum þeim húsum, sem byggð voru yfirleitt fyrir stríð, þ. e. helmingurinn af húsunum í Reykjavík, er yfirleitt tífölduð móts við það, sem hún var fyrir 10 árum. Á sama tíma sem kaupgjald hefur tvöfaldazt, hefur húsaleiga í þessu hús-

næði fyrir tilstilli Framsfl. og Sjálfstfl. tífaldazt í fjölmörgum tilfellum. Ég skal taka það fram, að það er síður en svo, að það sé í öllum. Það eru margir húseigendur, sem leigja út, sem hafa haldið við það að fara hóflega í þessar sakir. En það eru aðrir, sem hafa dregizt með inn í hringiðu brasksins og hækkað húsaleiguna gífurlega. Enn fremur hefur afnám húsnæðislöggjafarinnar gömlu haft þau áhrif, að það hefur farið fram stórkostleg fjárfesting í gömlum íbúðum, að gamlar íbúðir hafa verið seldar á hækkuðu verði. Menn hafa fest sitt fé í því að kaupa þær, og það, að menn hafa farið að kaupa þær máske á fimm- og tíföldu verði við það, sem þær kostuðu upphaflega, stafar af því, að leigan var gefin laus í þessum gömlu íbúðum og hún fékk að hækka. Þannig hefur farið fram á undanförnum árum fjárfesting, sem skiptir tugum millj. kr. í gömlum íbúðum, fjárfesting sem hefur ekkert annað en verðbólguáhrif, festing á fé, sem dregið er út úr því að vera skapandi, sem sé að hjálpa til að byggja nýjar íbúðir eða ný atvinnutæki, og dregst inn í það að braska með gamlar íbúðir og gamlar lóðir.

Afnám gömlu húsaleigulöggjafarinnar sýnir sig nú í vaxandi mæli að hafa ægilega skaðleg áhrif fyrir þjóðfélagið, og það er langt frá því, að öll þau skaðlegu áhrif séu enn þá komin í ljós. Og það er enginn efi á því, að þessar aðgerðir Framsfl. og Sjálfstfl., að afnema húsaleigulögin gömlu frá 1943, eru eitt af því, sem einna mest hefur valdið þeirri verðbólgu, sem hér hefur verið í landinu undanfarið, enda veit ég ekki til þess, að neinar af okkar nágrannaþjóðum hafi haft þennan hátt á. Þvert á móti hefur húsaleigu í gömlum íbúðum verið haldið niðri hjá öllum þessum þjóðum, m. a. verið gert frá sjónarmiði atvinnurekenda til að koma í veg fyrir, að hækkuð húsaleiga knýi fram hækkað kaupgjald. En þetta vildi ég nú aðeins minnast á sem eitt af þeim slæmu afleiðingum, sem afnám gömlu húsaleigulaganna hefur haft. Hins vegar er þessu frv. ekki ætlað að bæta úr þeim göllum, til þess þyrfti róttækari löggjöf, sem nú að nokkru leyti er til.

Það er annar galli, sem komið hefur í ljós í sambandi við afnám gömlu húsaleigulaganna frá 1943, sem ætlað er að nokkru leyti að reyna að bæta úr með þessu. Þegar gömlu húsaleigulögin voru afnumin, en nokkru síðar lögunum um fjárhagsráð breytt, voru felld niður þau lagaákvæði, sem bönnuðu að rífa gömul hús og taka íbúðarhúsnæði úr notkun sem íbúðir og nota til annars. Hins vegar var með þeim nýju lögum, sem sett voru í staðinn fyrir fjárhagsráðslögin, bannað nema með sérstökum leyfum að byggja hús til annarra nota, til verzlunar, til skrifstofuhalds, samkomuhús og annað slíkt, þannig að þarna varð raunverulega misræmi á milli. Það var gefið mál, að það þurfti að leyfa þó nokkuð af byggingum bæði fyrir verzlunarhús, skrifstofuhús og annað slíkt, slíkt var nauðsynlegt, það var þörf á slíku, en það þurfti náttúrlega að hafa einhvern hemil á því. Hins vegar hefur sá háttur orðið á á undanförnum árum, að lítil leyfi hafa verið veitt til slíks, jafnvel á vissum tímum svo að segja engin, og þá hefur það orðið úr, að menn hafa farið í mjög ríkum mæli að breyta gömlum íbúðarhúsum í hús til annarrar notkunar. Ég efast ekki um, að þetta hefur oft verið nauðsynlegt fyrir þá, sem þannig breyttu til, og það var löglegt. En þetta þýddi hins vegar, að íbúðarhúsnæði minnkaði að þessu leyti. Ég álít og við flm. þessa frv., að þetta geti ekki gengið svona til. Núna þegar bannað er að byggja hús til verzlunar, skrifstofuhalds eða annars slíks, eru yfirvofandi stærri aðgerðir í því að breyta íbúðarhúsnæði í skrifstofur en áður hafa verið. Mér er kunnugt um hér í Reykjavík, að í húsum, sem hafa verið íbúðarhús nú í tuttugu ár, er búið að segja fólki upp frá 14. maí í vor til þess að breyta þessum húsum í skrifstofu- og verzlunarhúsnæði. Þetta er á góðum stöðum hér í bænum og freistandi fyrir eigendur að gera slíkt, en fólkið, sem í þeim býr, verður í sömu vandræðum með húsnæði fyrir það, og það er hætta á, að að þessu verði brögð í vaxandi mæli. Nú er það vitanlegt mál, að fyrir þá, sem gjarnan vilja koma upp verzlunarhúsnæði eða skrifstofuhúsnæði eða öðru húsnæði til annarrar notkunar en íbúðar, er það eitt óhagkvæmasta, sem hægt er að hugsa sér, að verða að taka gamalt íbúðarhúsnæði til þess að breyta því. Það eru stór verðmæti, sem fara forgörðum með því. Það er óhagkvæmt að gera þetta, og við, sem fylgjumst með, hvernig breytt hefur verið hér í Reykjavík skulum bara taka sem dæmi t. d. nýjar búðir, sem hafa risið upp neðarlega á Skólavörðustíg. Það er verið að taka þarna gamalt íbúðarhúsnæði á ágætum verzlunarstöðum, breyta því með ærnum kostnaði, kostar hundruð þús. kr. og er samt ófullnægjandi. Og þetta er allt saman gert vegna þess, að það er ekki leyfi til að byggja verzlunar- eða skrifstofuhús eða hús til annarrar notkunar. Það er þess vegna þjóðhagsleg eyðsla að láta þetta ganga svona. Þessa hluti þarf að samræma, og eru það stjórnarvöldin sjálf, sem hafa valdið á því að leyfa skrifstofuhúsnæði og verzlunarhúsnæði og húsnæði til samkomuhalds og annað slíkt, þannig að það er undir þeirra vilja komið, hvernig þarna er farið að. Alþ. hefur veitt þeim heimild til þess með lögum, og það er sem sagt spursmál um stjórnarframkvæmd. Hins vegar hvað snertir það fólk, sem nú býr í húsnæði, sem verið er að segja upp, eða verður að flytja burt, þá er ástandið fyrir þetta fólk alveg óþolandi, og ég held, að það hafi ekki getað verið tilgangur þeirra manna, sem upphaflega afnámu lögin um húsaleigu, lögin frá 1943, fyrir þrem árum, að svona færi.

Þess vegna leggjum við hér til, að hluti af þessum gömlu lögum sé raunverulega tekinn aftur í gildi. Það eru 4. og 5. gr. úr gömlu húsaleigulögunum frá 7. apríl 1943, sem við tökum hér upp að miklu leyti orðrétt og leggjum til að settar séu í gildi aftur, þannig að það verði nú bannað að taka íbúðarhúsnæði eða herbergi, sem ætluð eru til íbúðar eða notuð til íbúðar, úr notkun sem íbúð og breyta í annað. Þetta er sanngjarnt mál, og þetta er nauðsynlegt mál.

Það er auðséð, að þjóðfélagið, með öllum þeim ráðstöfunum, sem það hefur gert, og ekki sízt þrátt fyrir þær miklu ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. þóttist ætla að gera, þegar hún settist á laggirnar, hefur ekki bætt úr því vandræðaástandi, sem fyrir var. Þess vegna leggjum við til, að það sé bannað héðan af að taka íbúðarhúsnæði úr notkun í annað húsnæði. Og þetta er alveg nauðsynlegt að komist í gegn. Það vofa annars vandræði yfir fjölda fólks. Ég veit sérstaklega af því hér í Reykjavík, sem mér er kunnugast um, en ég býst fastlega við, að þannig sé þetta víðar. Ég skal taka það fram um leið, að við flm. þessa frv. værum reiðubúnir til þess, ef stjórnarfl. eða annar þeirra vildi hafa um það samstarf, ef þeim þætti núverandi heimild, sem ríkisstj. hefur í núgildandi lögum til að leyfa annað húsnæði, ekki nógu örugg til þess, að slíkt húsnæði væri leyft, og mér er fullkunnugt um, hver þörf er á því, að bygging slíks húsnæðis sé leyfð, — þá værum við reiðubúnir til að koma fram með till. í því efni, alveg ákveðnar, afmarkaðar till., sem tryggðu það, að menn fengju að byggja húsnæði til annarra hluta.

Mér hefur fundizt að sumu leyti vera dálítið óeðlilegt, hvernig þetta hefur verið undanfarið með leyfin í þessum málum, og mér er ekki alveg grunlaust um, að stundum hafi þetta bann við byggingu slíkra húsa stafað af því, að helmingaskiptareglan hafi komizt í eitthvert ólag, það hafi hlaupið þarna hnútur á, orðið eins konar verkfall í viðkomandi nefndum, sem slíkt hafi átt að leyfa, ef til vill vegna þess, að ekki hafi verið farið eftir helmingaskiptareglunni, ef til vill vegna þess, að aðstæður á ýmsan hátt hafi verið ólíkar fyrir aðilana. En hvað sem því kann að valda, ef stjórnarflokkarnir geta ekki leyst það mál, að landsbúar fái að byggja það húsnæði, sem þeim er nauðsynlegt til ýmissa hluta, þá er ekki nema eðlilegt, að Alþ. reyni að hjálpa þeim við það, og við værum sem sagt reiðubúnir til þess að koma fram með alveg nákvæmar tillögur í því efni, til lausnar í slíkum málum, tillögur, sem ég held að mundu vera bæði réttlátar og hagkvæmar.

En sökum þess að það mál, sem um ræðir í þessu frv., snýr fyrst og fremst að þeirri alþýðu manna, sem nú býr í húsnæði og er búin að búa í húsnæði alllengi, en það vofir yfir að vera rekin út úr því, eða jafnvel fólki, sem býst við að geta flutt inn í húsnæði, sem nú er í smíðum sem íbúðarhúsnæði, en hins vegar nokkur brögð að því, að jafnvel húsnæði, sem er í smíðum sem íbúðarhúsnæði, sé jafnvel tekið til annars, áður en það kemst í notkun, ef ég má svo að orði komast, þá er alveg gefið, að það er orðin full nauðsyn á, að þarna sé breytt um. Annars er bara farið að fara í kringum þessi lög, og það er aldrei gott fyrir ástandið í landinu.

Þarna er um brýnt verkefni að ræða. Það hefur sýnt sig, að allt það, sem gert hefur verið til þess að byggja t. d. hér í Reykjavík á undanförnum árum, hefur ekki nægt einu sinni til að ná því lágmarki, sem 1946 þótti nauðsynlegt, 600 íbúðum á ári. Það hefur ekki nægt til þess að ná þeim fjölda nýrra íbúða, sem þó voru byggðar t. d. hér í Reykjavík 1946. Það er þess vegna gefið, að það Alþingi, sem hefur ekki borið gæfu til þess, hvorki með lögum né með því að skipa ríkisstjórn, að tryggja úrlausn þessara húsnæðismála, verður að sjá til þess, að það sé ekki verið að taka úr íbúðanotkun í stórum stíl húsnæði, sem ýmist hefur verið notað til íbúðar eða á að nota til íbúðar. Þess vegna er þörf á að samþykkja þetta frv.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. sé því vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn. Og ég vil endurtaka, að ef það væru óskir í þeirri n. um, að Alþ. leysti hin málin um leið viðvíkjandi byggingu annars húsnæðis en íbúðarhúsa, þá værum við reiðubúnir til þess að vinna að þeirri lausn og koma með tillögur í þeim efnum við þá nefnd.

Ég vil svo vonast eftir, að þetta frv. megi fá afgreiðslu frá þessari hv. n., þó að það gangi erfiðlega að fá afgreiðslu á því stóra máli, sem ég flutti hér fyrr á þinginu. Það er máske að sumu leyti skiljanlegt, það er það yfirgripsmikið og það róttækt mál, að það kann nokkuð að standa í meiri hl. nefndarinnar. En þetta mál er það takmarkað og það nauðsynlegt innan síns sviðs, að um það ætti að geta orðið samkomulag, og það vonast ég til að verði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 590, var útbýtt 27. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

46. Eignarnám fiskvinnslustöðva o. fl.

Á 50. fundi í Nd., 26. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka fiskvinnslustöðvar og fiskflutningaskip eignar- eða leigunámi og annast útflutning fisks og fiskafurða [141. mál] (þmfrv., A. 286).

Á 66., 70. og 71. fundi í Nd., 10., 14. og 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 17. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bergur Sigurbjörnsson): Herra forseti. Ég vil nú láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. skuli loksins fást tekið til 1. umr. Það er nær mánuður síðan það var lagt fram hér í þessari hv. deild, og það hefur nokkrum sinnum upp á síðkastið verið á dagskránni. Þó er það öllum ljóst, að þetta frv. er eitt hið þýðingarmesta, sem lagt hefur verið fyrir þetta þing. En þannig virðist ástandið hér hjá þeim, sem ráða nú helzt málum á Alþingi Íslendinga, að þegar slík mál eru lögð fram, þá þykir ekki eðlilegt,

að þau séu tekin til afgreiðslu. Hins vegar höfum við verið látnir standa hér dag eftir dag og langt fram á kvöld í umr. um mál, sem var fremur lítilfjörlegt og almenningi til mikillar óþurftar, og á ég þar við kartöflumálið svonefnda.

Um frv. þetta, sem við þm. Þjóðvfl. höfum borið hér fram og prentað er á þskj. 286, get ég verið fremur fáorður. Þetta frv. ræddi ég nokkuð ýtarlega í eldhúsdagsumræðum, sem fram fóru hér á Alþingi fyrir nokkru, og þess vegna er efni þess að sjálfsögðu þm. allkunnugt. Það hefur komið í ljós í umr. hér á þingi, að vísu ekki um þetta mál, að sú skoðun á miklu fylgi að fagna hér innan þingsins, að sjálfsagt sé og nauðsynlegt að samþ. þetta frv. og það sem allra fyrst. Þessari skoðun lýsti m. a. hv. 1. landsk. þm. yfir í eldhúsdagsumræðunum, sömuleiðis lét hæstv. fjmrh. fyllilega í það skína, að fiskvinnslustöðvar þyrfti að hagnýta og ætti að hagnýta í þágu bátaútvegsins, en ekki bátaútveginn í þágu fiskvinnslustöðvanna, eins og hann orðaði það. Og ég held einnig, að það hafi komið í ljós í ræðu, sem hv. þm. V-Húnv. flutti hér á þingi um annað mál, að hann væri þeirrar skoðunar, að hér væri rétt stefnt með þessu frv.

Eins og hv. þm. er kunnugt, fjallar þetta frv. okkar, sem prentað er á þskj. 286, um það að heimila ríkisstj. að taka nú þegar eignarnámi eða leigunámi allar þær fiskvinnslustöðvar hér á landi, sem nauðsynlegar eru að dómi ríkisstj. til nýtingar fiskafla landsmanna og til þess að búa útveginum starfhæfan grundvöll, og reka þær á ábyrgð ríkissjóðs.

Enn fremur er í frv. ákveðið, að ríkisstj. skuli heimilt að taka eignarnámi eða leigunámi þau íslenzk fiskflutningaskip, sem aðallega eða eingöngu eru notuð til fiskflutninga, og reka þau á ábyrgð og kostnað ríkissjóðs.

Þá er einnig gert ráð fyrir því, að ríkisstj. taki í sínar hendur að nokkru leyti eða öllu leyti fiskútflutning landsmanna til þess að tryggja það, að sjómenn og þeir, sem að fiskframleiðslunni vinna, fái allt það verð fyrir fiskinn, sem við fáum fyrir hann á erlendum mörkuðum og fáanlegt er þar.

Á það er minnzt í þessu frv., að þessar ráðstafanir skuli þó ekki vera til frambúðar, heldur skuli svo til stillt, að sett sé löggjöf um samvinnufélög sjómanna og annarra, er lífsframfæri hafa af sjávarútvegi, og þegar samvinnufélög hefðu verið stofnuð samkvæmt þeirri löggjöf, yrðu þeim samvinnufélögum afhentar fiskvinnslustöðvarnar, hverju félagi á sínum stað, og sömuleiðis heildarsamtökum þessara samvinnufélaga fiskflutningaskipin og útflutningsréttindin. Teljum við þjóðvarnarmenn þetta eðlilegustu og sjálfsögðustu ráðstöfun þessara mála og raunar svo sjálfsagða, að óþarft ætti að vera að draga það langtímum saman hér á Alþ. að samþ. þessar aðgerðir. Það er nú ljóst orðið, með hverjum hætti þessi starfsemi er rekin, að inn í þessa starfsemi, fiskframleiðsluna, sérstaklega fiskvinnsluna og útflutninginn, hafa komizt aðilar, sem purkunarlaust mergsjúga þá, sem vinna við þessa framleiðslu, og á þetta hefur enginn maður mér vitanlega borið brigður. En þegar svo er og jafnalmennt viðurkennt, þá er að sjálfsögðu skylda Alþ. að grípa í taumana og sjá svo til, að þeirri starfsemi, sem nú fer fram í þessum málum, verði ekki fram haldið stundinni lengur, enda hefur það komið ótvírætt í ljós hér á Alþ., að sjávarútvegur, sem er undirstöðuatvinnugrein íslenzks efnahagslífs, er nú í þeim kröggum, að talið hefur verið óhjákvæmilegt að leggja hundruð milljóna króna álögur á þjóðina til þess að styrkja fiskveiðiflotann, eins og það er kallað.

Ég mun ekki fara verulega út í það nú, enda ástæðulaust, að svara eða gera grein fyrir smávegis hártogunum, sem einstakir menn hafa reynt að beita í sambandi við flutning þessa máls. Það hafa komið fram ýmiss konar skrýtilegheit í því sambandi. Við því má alltaf búast, sérstaklega frá mönnum, sem hafa um langan aldur stjórnað málefnum þjóðfélagsins á þann veg, sem raun ber nú vitni um, mönnum, sem hafa komið efnahagsmálum okkar í það öngþveiti, að einstakt er í veröldinni, a. m. k. hjá siðuðum þjóðum, mönnum, sem hafa aukið skatta- og tollaálögur á þjóðina, svo að opinber gjöld, sem almenningur hér á landi er krafinn um nú, munu nema nærfellt helmingi brúttóþjóðartekna. Slíks eru engin dæmi um víða veröld nema hér á landi. Þess vegna er að sjálfsögðu ekki að furða, þó að þessir aðilar komi með ýmiss konar skrýtilegheit í sambandi við það, þegar menn leggja til, að nú verði skorið á þær meinsemdir, sem þeir hafa sjálfir skapað í þessum málum, og reynt að koma okkar þjóðfélagi og efnahagskerfi okkar á heilbrigðan grundvöll, eins og aðrar siðaðar þjóðir reyna að koma sínum efnahagsmálum á heilbrigðan grundvöll.

Því hefur t. d. verið fleygt hér í þessu sambandi, að við þjóðvarnarmenn vildum ræna útgerðina öllum þeim styrkjum, sem hún hefur haft, og afhenda henni ekkert í staðinn. Hver meðalgreindur maður sér náttúrlega, hve barnaleg fjarstæða þetta er, þar sem við leggjum til með þessu frv. okkar á þskj. 286, að útvegsmönnum og sjómönnum og þeim, sem við fiskvinnslu og fiskframleiðslu fást, sé afhent sú starfsemi algerlega í hendur og búið þannig um hnútana, að alls konar milliliðir og braskarar, sem þarna hafa komizt að, séu sviptir möguleikum til þess að mergsjúga þennan aðalbjargræðisveg þjóðarinnar, svo sem þeir hafa gert á undanförnum árum með aðstoð ríkisvaldsins.

Í þessu frv. okkar á þskj. 286 er beinlínis tekið fram, að um eignarnámið eða leigunámið, hvor leiðin sem valin yrði, skyldi farið eftir gildandi lögum í þeim efnum. Þá er einnig tekið fram, að ákvæði þau, sem nú eru í lögum og heimila fámennum hópi manna einkarétt á fiskútflutningi, skuli falla úr gildi með þessu frv. Þetta er að öllu leyti sjálfsagt ákvæði einnig.

Ég vil vænta þess, að Alþ. Íslendinga beri gæfu til þess að samþ. þetta frv. nú á þessu þingi. Allt annað væri fullkomlega óverjandi, eins og málum háttar hjá okkur í dag. Ég er þess og fullviss, að hér á þessu þingi, sem nú situr, er meiri hluti með þessu frv., og ég er þess fullviss, að meiri hl. alþm. telur það sjálfsagt og réttlátt og sanngjarnt að samþ. þetta frv., og ég vona það,

að alþm. láti þessar hvatir ráða gerðum sínum, en ekki einhverjar aðrar annarlegar hvatir

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál við þessa umr. Ég hef, eins og ég tók fram í upphafi máls míns, rætt þetta mál hér á þingi við annað tilefni og veit því, að hv. þm. er málið vel kunnugt. Þar að auki fylgir frv. allýtarleg grg., og vil ég í þessu sambandi vísa til hennar um frekari rökstuðning fyrir þessu frv.

Þá vil ég loks leggja til, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Nd., 20. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

47. Listamannalaun.

Á 84. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um listamannalaun [182. mál] (þmfrv., A. 469).

Á 85. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Nd., 13. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um listamannalaun, og er aðalefni þess að lögfesta, að veita skuli tiltekinni tölu viðurkenndra listamanna föst listamannalaun. Tilgangurinn er að koma fastari og traustari skipun á þessi mál en verið hefur.

Með 2. gr. er svo til ætlazt, að valdir séu sex viðurkenndir listamenn af sameinuðu Alþingi, og skulu þeir njóta 20 þús. kr. árslauna auk verðlagsuppbótar samkv. 8. gr. frv. Í 3. gr. er gert ráð fyrir, að 30 listamenn fái einnig föst laun, 6 þeirra 15 þús., 12 12 þús. og 12 8 þús. kr., það sé menntamálaráðherra, sem ákveði, hverjir þessara launa skuli njóta, eftir tilnefningu samkv. 4. gr., en samkv. 4. gr. er svo til ætlazt, að tveir aðilar séu til þess kvaddir að gera slíkar tillögur, annars vegar heimspekideild háskólans eða fimm menn, sem hún velur til, og í öðru lagi menntamálaráð, og gerir hvor þessara aðila í sínu lagi till. til ráðherra um, hverjum skuli veita listamannalaun.

Við veitingu listamannalauna, eins og leiðir af eðli málsins, án þess að þurfi sérstaklega fram að taka, skal að sjálfsögðu fyrst og fremst meta hæfni, listhæfni og listagildi. En auk þess eru í 5. gr. nefnd nokkur atriði, sem taka ber tillit til eða hafa hliðsjón af að öðru jöfnu. Er það talið í fjórum liðum:

Fyrsta atriðið er, hversu arðbær listgreinin er. Þetta sjónarmið þykir rétt að hafa í huga, vegna þess að það er mjög ólíkt ástatt um ýmsar listgreinar, hversu mikla tekjumöguleika listamennirnir kunna að hafa af starfi sínu. Rithöfundar, sem aflað hafa sér álits og útbreiðslu fyrir rit sín, ég tala ekki um ef rit þeirra eru þýdd á erlendar tungur, hafa að sjálfsögðu oft góðar tekjur af sínum verkum. Sama máli gegnir um ýmsa aðra listamenn. En aðrir, t. d. myndhöggvarar, svo að ég nefni eitt dæmi, eru bæði hér á landi og annars staðar taldir hafa minnsta möguleika til að afla sér tekna með verkum sínum. Þessi mismunandi sjónarmið leiða að sjálfsögðu til þess, að það er sanngjarnt að hafa það til hliðsjónar, hversu arðbær listgreinin er, hverjar tekjuvonir eru henni samfara. Annað sjónarmið, sem hafa skal hliðsjón af samkv. 5. gr., er það, hvort maður gegnir föstu starfi og þá hve hátt launuðu, þriðja atriðið, hvort hann njóti eftirlaunaréttar, og í fjórða lagi, hvort hann hafi verulegar tekjur af eignum eða fjárafla utan sinnar listgreinar. Það má taka það fram, eins og kemur einnig fram í grg., að um þetta eru nokkuð skiptar skoðanir meðal listamanna. Sumir þeirra munu líta svo á, að eingöngu beri að meta listagildið og hæfni listamannsins, en ekki annað. Þó ætla ég, að þeir muni fleiri og það miklu fleiri, sem telja, að hafa beri í huga við mat og úthlutun listamannalauna einnig þau sjónarmið, sem hér eru talin.

Eitt meginatriði frv. er í 6. gr. þess, en þar er gert ráð fyrir, að veitingu listamannalauna skuli fylgja sami réttur og veitingu embættis, eftir því sem við getur átt. Með þessu er átt við þá gerbreytingu, að listamannalaun skuli ekki veitt hverjum manni frá ári til árs í algerri óvissu um það, hvort hann muni á næsta ári eða á næstu árum halda slíkum launum, heldur skuli sá háttur og skipan upp tekin, að þegar maður hefur hlotið listamannalaun, annaðhvort með atkvgr. Alþingis eða með veitingu menntmrh. eftir tilnefningu þeirra aðila, sem greinir í 4. gr., þá skuli hann halda þessum listamannalaunum áfram. Að sjálfsögðu getur þó þau atvik borið að höndum, að rétt þyki að taka málið til nýrrar meðferðar, og greinir um það í 7. gr.; m. a. ef maður hverfur úr landi, nema það sé til þess að geta betur stundað list sína í íslenzka þágu, þá skulu listamannalaun falla til veitingar á ný, þá skal tekið að nýju til athugunar, hvort sá maður skuli halda áfram listamannalaunum, og sömuleiðis ef listamaður tekur við föstu starfi með árslaunum, sem svara VIII. launaflokki opinberra starfsmanna eða meira, þá skuli listamannalaun hans falla til veitingar á ný. Þó er í þessum tilfellum báðum heimilt að tilnefna mann til hinna sömu listamannalauna eða annarra og veita honum á ný. Hér má segja að sé eitt höfuðatriði frv., að skapa meiri festu og öryggi um þessi mál.

Ég ætla, að um það þurfi ekki að vera ágrein-

ingur meðal alþm., að rétt sé að veita góðum listamönnum, hverjum í sinni grein, listamannalaun. Að ýmsu leyti er aðbúnaður listamanna hér á landi og aðstaða þeirra betri, bæði af hálfu opinberra aðila og gagnvart áhuga og skilningi almennings, en gerist annars staðar. Ég ætla, að Ísland standi framar mörgum eða flestum löndum öðrum um að veita allmörgum sinna beztu listamanna laun, hafi gengið í því efni nokkru lengra en margar aðrar þjóðir, og í öðru lagi ætla ég, að íslenzkur almenningur hafi í listamálum sýnt meiri skilning og áhuga en meðal flestra þjóða annarra. Kemur það bæði í ljós í því, að bókakaup almennings eru hér hlutfallslega miklu meiri en annars staðar þekkist, jafnvel eru þess dæmi, að bækur íslenzkra höfunda séu gefnar hér út með okkar fámennu þjóð í svipuðu upplagi og bækur meðal þjóða, sem telja tugmilljónir íbúa. Einnig kemur það bert fram, þegar listsýningar eru hér haldnar, hversu áhugi almennings er mikill að njóta þeirrar listar og skoða og enn fremur kaup fjölda manna á listaverkum, sem um leið sýnir bæði skilning og stuðning við listamennina.

Þetta tvennt, stuðning af hálfu hins opinbera og skilning af hálfu almennings, er sjálfsagt að viðurkenna og meta. En það leiðir hins vegar af fámenni okkar þjóðar, að listamenn okkar hafa að ýmsu leyti lakari aðstöðu en listamenn annarra þjóða. Markaðurinn fyrir bækur, fyrir listaverk yfirleitt, er mjög þröngur vegna fámennis og þess vegna miklu minni líkur til þess hér en víðast annars staðar, að listamenn geti haft nægar tekjur sér til lífsframfæris af listastarfsemi sinni einni og útgáfu.

Áður fyrr, áður en skilningur hins opinbera varð eins ríkur og verið hefur síðustu ár í þessum efnum, áttu íslenzkir listamenn ýmsir við mjög örðug kjör að búa, og kom fyrir stundum, að þeir urðu að svelta heilu hungri. Sem betur fer mun slíkt ekki þekkjast, eða við skulum vona fastlega, að slíkt þekkist ekki nú á dögum.

Á árunum 1920—40 var vaxandi skilningur hér á Alþ. fyrir því að styðja með listamannalaunum eða styrkjum viðurkennda listamenn, og var það sívaxandi hópur manna, sem fékk listamannastyrki, ýmist á 15. eða 18. gr. fjárlaga. Það var farið að líta svo á, að ef Alþ. samþykkti að setja einhvern listamann á 18. gr., þá væri þar með fengin viðurkenning á honum og um leið ætti það að vera öryggi fyrir því, að hann héldi þeim launum áfram. Almennt mun hafa verið litið svo á meðal listamanna og einnig af þorra alþm. Því miður gerðust þau tíðindi svo á Alþ. 1939, þegar fjárlög fyrir árið 1940 voru afgreidd, að þar var brotið blað og horfið frá þessari reglu, sem þá hafði verið í gildi og talin var nokkuð viðurkennd orðin. Þá var lagt til í fjárlagafrv. að strika alla þá út, sem komnir voru á 18. gr., nema þá, sem komnir voru yfir sextugt, enn fremur flesta þá, sem voru á 15. gr., en það voru lausari styrkir, og sett allt saman í eina fúlgu og skyldi því úthlutað af menntamálaráði. Fjvn. gekk lengra í þessu efni, þannig að hún tók einnig út þessa eldri menn af 18. gr., gekk lengra en fjárlagafrv. og lagði til, að allir, sem áður höfðu verið á 18. gr., væru þaðan teknir, nema einn maður, sem var þar samkvæmt sérstökum samningi við ríkisvaldið.

Ég skal ekki rekja þetta mál, sem var mjög viðkvæmt deilumál á þingi þá, taka þó fram, að í fjvn. voru þá tveir hv. alþm., sem skrifuðu undir nál. að þessu leyti með fyrirvara og neituðu að ganga inn á þessa braut, að taka listamennina út af 18. gr. Það voru þeir hv. 2. þm. Rang., Helgi Jónasson, og þm. Ak., Sigurður Hlíðar, sem báðir töluðu á móti þessari leið auk margra annarra þingmanna, og í sambandi við þetta, sem átti sumpart að vera sparnaðarráðstöfun, vil ég leyfa mér að lesa hér setningu úr ræðu Sigurðar Hlíðars, sem lýsir vel þeirri afstöðu, sem margir þm. höfðu í þessu máli. Hann segir:

„Ég hef þá afstöðu að vera mjög frjálslyndur hvað bókmenntir og vísindi snertir, og ég held, að þótt Íslendingar kunni að leggja hlutfallslega meira af mörkum til vísinda og lista, borið saman við stórþjóðirnar, þá álít ég, að það sé margfaldur gróði fyrir okkur að geta hlúð að því."

Það var flutt till. um það, og var fyrsti flm. hennar Magnús Gíslason, að taka upp aftur á 18. gr. alla þá, sem verið höfðu þar árið áður. Eftir miklar umr. um þá till. var hún felld, og niðurstaðan varð sú að falla frá þessari stefnu, sem verið hafði ríkjandi og hafði verið talin skapa verulegt vaxandi öryggi í þessum málum, þ. e. að fella listamennina út af 18. gr.

Þessir atburðir urðu upphaf mikilla tíðinda og sorglegra um samskipti annars vegar Alþingis, ríkisstj. og menntamálaráðs og hins vegar listamannanna, sem ég skal ekki rekja hér. En alla stund síðan hefur það verið einróma ósk listamannanna, Bandalags íslenzkra listamanna og einstakra félaga, að eitthvað yrði tekið upp í áttina við 18. gr. áður til þess að skapa meira öryggi og festu í þessum málum.

Fyrir tveim árum var málið tekið upp í Bandalagi íslenzkra listamanna, og samdi þá ritari bandalagsins, Helgi Hjörvar skrifstofustjóri, frv. það, sem hér er flutt í meginatriðum eins og hann gekk frá því og lagði fram í stjórn bandalagsins. Rithöfundafélag Íslands hefur svo einróma lýst fylgi sínu við það, og það sama ætla ég að sé um fjölda listamanna úr ýmsum listgreinum.

Ég vil fyrst og fremst vísa til grg. þeirrar, sem fylgir frv. og samin er af höfundi þess, Helga Hjörvar, en málið er þar skýrt allýtarlega. Ég held, að það sé rétt stefna, sem hér er mörkuð í þessu frv., og ætti að verða báðum til sóma og gagns, bæði Alþingi og listamönnum, að slík festa yrði sköpuð í meðferð þessara mála sem hér er lagt til.

Um málsmeðferð vil ég leyfa mér að leggja til, að frv. sé vísað til menntmn. Ég tel að sjálfsögðu æskilegt, ef samkomulag gæti orðið um málið í meginatriðum, að frv. gæti náð fram að ganga á þessu þingi. En ef mönnum sýnist svo fremur, þá gæti að sjálfsögðu komið til greina að setja í málið t. d. mþn. eða fela ríkisstj. það til nánari athugunar í samráði við Bandalag íslenzkra listamanna og einstakar listgreinar til næsta þings. Það verður að athugast að sjálfsögðu nánara í menntmn., hver málsmeðferðin þætti

henta bezt, en fyrir íslenzku þjóðina, sem er ein hin merkasta bókmenntaþjóð, er vitanlega mikils virði, að hlúð sé sem bezt að listum og andlegu atgervi. Ég ætla, að þetta frv. muni stuðla að því að skapa listamönnum þjóðarinnar betri starfsskilyrði og starfsgrundvöll en verið hefur, og ég vil að lokum taka mér í munn þau orð, sem Magnús Gíslason viðhafði á þingi 1939, þegar þetta mál var til meðferðar, að þarna er um að ræða menn, sem eru að vissu leyti taldir spámenn sinnar þjóðar, sem prédika sannleikann í ræðu og riti, litum, ljóði og tónum.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Í frv. þessu er hreyft mjög þörfu máli. Um það er ég hv. frsm. algerlega sammála, að brýna nauðsyn ber til þess að koma fastari skipan á veitingu listamannalauna en verið hefur undanfarinn hálfan annan áratug.

Mál þetta er ekki heldur nýtt hér á hinu háa Alþingi. Svo er nefnilega mál með vexti, að ég hef fjórum sinnum í þau 10 ár, sem ég hef átt sæti á Alþingi, flutt frv., sem eru í helztu meginatriðum sama efnis og þetta frv., sem hér er flutt og er nú til 1. umr. Þau frv. hafa öll verið til meðferðar hjá hv. menntmn. þessarar deildar og einnig verið til meðferðar hjá Bandalagi íslenzkra listamanna og að einhverju leyti hjá rithöfundafélögunum. Ég varð því dálítið hissa, þegar ég sá þetta frv., því að ég minntist þess ekki, að aðalhöfundur þess, fyrrv. form. Rithöfundafélags Íslands, hafi haft sérstakan áhuga á því að koma fastari skipan á þessi mál, þegar þau voru til meðferðar í menntmn. þessarar deildar eða hjá samtökum listamanna áður fyrr í fjögur skipti. Ég varð þess ekki heldur var þá, að flm. þessa frv. fyndi sérstaklega sárt til þess, að það væri óheppilegt að hafa þá skipan á þessum málum, sem verið hefur síðan 1939. En vissulega sé ég enga ástæðu til annars en að fagna því, ef áhugi hefur nú vaknað hjá þessum tveimur ágætu mönnum á því að breyta hér til og skilningur á því, að það ástand, sem ríkt hefur í þessum efnum undanfarinn hálfan annan áratug, er ófremdarástand, sem vakið hefur réttmæta óánægju meðal rithöfundanna og listamannanna.

Ég skal fara um það fáeinum orðum, hvaða meginatriði eru sameiginleg þessu frv. og þeim frv., sem ég hef áður flutt um þetta efni. Í öllum frv. er gert ráð fyrir því, að tiltekinni tölu viðurkenndra listamanna séu veitt föst listamannalaun samkv. ákvörðun Alþingis. Þessu hafði ég gert ráð fyrir í mínum frv., og þetta er fyrsta málsgr. þessa frv. Enn fremur skuli listamannalaun veitt í þrem flokkum öðrum. Fyrir því var gert ráð í öllum mínum frv. Fyrir því er enn fremur gert ráð hér, að auk hinna föstu launa til viðurkenndra listamanna skuli vera til þrír aðrir launaflokkar listamanna. Í þriðja lagi er í öllum frv. gert ráð fyrir því, að heimspekideild háskólans verði umsagnaraðili við veitingu listamannalaunanna.

Sumt er þó ólíkt með þessum frv. Í fyrsta lagi auðvitað það, að ekki er gert ráð fyrir alveg sömu launaupphæðum, og er í sjálfu sér ekkert við því að segja. Þá hafði ég enn fremur gert ráð fyrir því, að þeir viðurkenndu listamenn, sem hlytu föst listamannalaun samkvæmt ákvörðun Alþingis, skyldu skipa listaráð eða Akademíu. Þó hafði ég ávallt látið þess getið, að ég teldi það í sjálfu sér ekki aðalatriði málsins, heldur hitt, að fastari skipun væri komið á veitingu listamannalaunanna sjálfra. Ég hafði gert ráð fyrir því í mínum frv., að þau listamannalaun, sem Alþingi veitti ekki sjálft, skyldu ákveðin þannig, að menntamálaráð úthlutaði launum í þeim flokkum, en jafnan skyldi það senda listaráði og heimspekideild háskólans til umsagnar þær till., sem fram koma innan ráðsins, áður en ákvörðun er tekin, en síðan skuli menntamálaráð taka hina endanlegu ákvörðun. Í þessu frv. er mjög ólíkur háttur hafður á um þetta efni, þ. e. veitingu þeirra listamannalauna, sem Alþingi á ekki að veita sjálft. Í þessu frv. er nefnilega gert ráð fyrir því, að menntmrh. skuli veita laun í þessum flokkum að fengnum till. frá menntamálaráði og heimspekideild háskólans. Heimspekideild háskólans og menntamálaráð eiga að tilnefna hvort um sig mann eða menn til þess að taka laun í þessum þremur launaflokkum, en síðan á menntmrh. að skera úr, kveða úrskurð milli tillagna menntamálaráðs og heimspekideildar háskólans. Þetta er í raun og veru eina stóra nýmælið, sem er í þessu frv., umfram þau frv., sem áður hafa legið hér fyrir hinni hv. deild, og er því ástæða til þess að fara nokkrum orðum um þetta atriði sérstaklega.

Er þá skemmst af að segja, að ég tel þetta nýmæli vera mjög óþarft og mundi geta orðið mjög skaðlegt og líklegt til þess að skapa enn meiri ófrið um veitingu listamannalaunanna en þó hefur átt sér stað undanfarin ár. Ef í hvert skipti sem veitt eru listamannalaun eru uppi tvær till. og báðar frá jafnviðurkenndum menningaraðilum og hér er um að ræða, heimspekideild háskólans annars vegar og menntamálaráði hins vegar, en stjórnmálamaður — eins og menntmrh. ávallt hlýtur að verða — á síðan að velja um þessar tvær tillögur, velja aðra, en hafna hinni, þá gefur það auga leið, hvílíkar geysideilur hlytu um þetta að skapast og hversu hætt er við, að menn skiptust þar í flokka að einhverju leyti eða án efa að miklu leyti út frá samúð með eða andúð gegn þeim stjórnmálamanni, sem í hvert skipti skipaði sæti menntmrh., og þetta verður að teljast mjög óheppilegt fyrirkomulag, enda er það í fyrsta skipti, sem ég hef heyrt eða séð slíka till. sem þessa. Það hefur þegar verið of mikil stjórnmálatortryggni í kringum veitingu listamannalaunanna, jafnvel þó að henni yrði ekki beinlínis boðið heim með því að skylda lögum samkvæmt stjórnmálamann til þess að hafa úrslitaorðið um þessi mál.

Þetta frv. er, eins og í grg. segir, samið af fyrrverandi formanni Rithöfundafélags Íslands, en nú einmitt fyrir fáum dögum, í fyrradag held ég það hafi verið, var kosinn annar formaður í því félagi. Hvort það stendur að einhverju leyti í sambandi við samningu hins fyrrverandi formanns á þessu frv. og baráttu hans fyrir að

koma því hér á framfæri, skal ég ósagt láta, en hins vil ég geta, að ég hef átt tal við núverandi formann í Rithöfundafélagi Íslands og spurt hann um afstöðu hans til þessa frv. og þá sérstaklega þessa nýmælis í frv., sem er algert nýmæli í umr. um þetta mál, að menntmrh. skuli hafa úrslitaorð um veitingu listamannalaunanna, og tjáði hann sig algerlega andvígan þessu nýmæli frv., en taldi frv. að öðru leyti vera hinnar fyllstu og beztu athugunar vert, sem sagt að því leyti, sem það miðar að því að skapa aukið öryggi um veitingu listamannalaunanna. Hann tjáði mér enn fremur, að frv. hefði aldrei verið borið upp eða rætt á almennum fundi í Rithöfundafélagi Íslands. Þess vegna var það rangt, sem hv. frsm. sagði, að Rithöfundafélag Íslands hafi einróma lýst fylgi sínu við þetta frv. Frv. hefur aldrei verið rætt á fundi í því félagi. Það kann að vera, að fyrrverandi stjórn í félaginu hafi rætt frv. og lýst fylgi sínu við það. Um það veit ég ekki. Um það vissi núverandi form. félagsins ekki heldur. En hann leyfði mér að hafa það eftir sér, að hann væri persónulega algerlega andvígur þessu nýmæli, og kvaðst telja, að núverandi stjórn í félaginu væri það einnig. Þetta frv. hefur heldur aldrei verið rætt í hinu rithöfundafélaginu, Félagi íslenzkra rithöfunda, og ég hef átt tal við forgöngumenn í því félagi. Þeim var ókunnugt um þetta frv. og drógu enga dul á þá skoðun sína, að þeir væru mjög andvígir því eina nýmæli í málinu í heild, sem í þessu frv. felst, þ. e. úrskurðarvaldi menntmrh. um veitingu listamannalauna.

Eðlilegastur undirbúningur að flutningi þessa frv., fyrst það á annað borð er flutt í samráði við einhvern aðila úr rithöfundastétt, hefði verið, að bæði rithöfundafélögin, sem eru jafnstór, hafa 50—60 félaga hvort um sig, hefðu verið kvödd til að fjalla um málið, en það hefur ekki átt sér stað. Auk þess er málið borið inn í Alþingi af form. annars rithöfundafélagsins, rétt áður en aðalfundur í því félagi er haldinn, þannig að nú hefur það ástand skapazt, að það félag, sem hann var áður form. í, getur ekki heldur talizt standa að baki öllum greinum þessa frv. Hitt félagið var aldrei spurt. Ég tel því vera fyllstu ástæðu til þess, að málið fái rækilega athugun í menntmn. og að menntmn. hafi um málið samráð við bæði rithöfundafélögin, hafi um það samráð við hina nýkjörnu stjórn þess félags, sem höfundur þessa frv. var áður form. í, og enn fremur stjórn hins rithöfundafélagsins. Ég mun leggja fram enn einu sinni og í fimmta sinn frv. mitt um laun skálda, rithöfunda og annarra listamanna og listaráð, til þess að hv. menntmn. geti haft það frv. einnig til hliðsjónar, þegar hún fjallar um málið.

Ég vil svo og mjög taka undir þá hugmynd, sem fram kom í ræðu hv. frsm. málsins, að komið verði á fót mþn. til þess að fjalla um þetta mál. Ég tel litla von til þess, að það megi takast að ljúka meðferð málsins á þessu þingi. En málið er brýnt nauðsynjamál, og það væri því fyllsta ástæða til þess að koma á laggirnar mþn. til þess að undirbúa endanlega tillögur fyrir næsta Alþingi og verði við samningu þeirra tillagna höfð fullkomin samvinna við núverandi stjórnir í rithöfundafélögunum báðum og við stjórn Bandalags íslenzkra listamanna.

Flm. (Gunnar Thoroddson): Herra forseti. Hv. 1. landsk. þm. sagði, að það hefði verið rangt hermt hjá mér, að Rithöfundafélag Íslands stæði einróma að þessu máli. Ef ég hef sagt það, hefur það verið mismæli, því að eins og grg. hefst á, þá er það flutt samkv. beiðni stjórnar Rithöfundafélagsins, og átti ég að sjálfsögðu við, að það væri einróma áskorun stjórnar Rithöfundafélagsins.

Hv. þm. reyndi að skapa hér vissa tortryggni í sambandi við flutning þessa máls, var eiginlega að gefa í skyn, að barátta fyrrverandi formanns Rithöfundafélags Íslands, Helga Hjörvars, fyrir þessu máli, kynni að hafa orðið til þess, að skipt var um formann í félaginu. Ég ætla, að þetta sé algerlega úr lausu lofti gripið, og mér hefur einmitt verið tjáð, að á aðalfundi félagsins nú alveg nýskeð hafi komið fram mikil ánægja á fundinum með þetta frv. og ekki andmæli gegn því, eins og hv. þm. er að gefa í skyn. Annars skal ég ekki ræða um það hér, það kemur að sjálfsögðu í ljós á sínum tíma, hverjir eru fylgjandi þessu frv. og hverjir ekki. En það kennir nokkurs misskilnings hjá honum, þegar hann telur nauðsyn á því að hafa samráð við bæði rithöfundafélögin um þetta mál. Fyrst og fremst er það auðvitað Bandalag íslenzkra listamanna, sem á að hafa samráð við um þetta mál, en í því eru fulltrúar fyrir listgreinarnar allar.

Ég var nokkuð undrandi á þeim tón, sem var í ræðu hv. 1. landsk. þm. út af þessu máli, og hann leyfði sér m. a. að viðhafa þau ummæli, að höfundur frv. virtist ekki hafa sýnt áhuga á þessu áður, þó að það sé staðreynd, að frv. þetta er samið fyrir tveimur eða þremur árum og var rætt þá að hans tilhlutan í Bandalagi íslenzkra listamanna og síðar í stjórn Rithöfundafélagsins. Hann segir enn fremur, að ég hafi ekki sýnt annað en að ég væri ánægður með þá skipun, sem verið hafi á þessum málum undanfarið. Hér fer hv. þm. ákaflega villur vegar og ætti að vita betur. Meðal annars var það fyrir tíu árum, sem hér var stjórnskipuð nefnd að störfum, fjögurra manna nefnd, til þess einmitt að gera tillögur um nýja skipan á þessum málum. Ég átti sæti í þeirri n., og samdi hún frv., sem hún skilaði til ríkisstj., um gerbreytta skipun frá því, sem verið hafði, og að nokkru leyti í sömu átt og þetta frv. fer fram á. Í menntmn. undanfarin ár, þar sem ég hef átt sæti, hefur málið mjög oft verið rætt, og því fer fjarri, að frv. um þetta efni hafi verið stungið undir stól. Þau hafa verið rædd þar ýtarlega, m. a. hefur um frv., sem bæði hv. 1. landsk. og enn fremur ýmsir fleiri þm. hafa flutt um þessi efni á undanförnum árum, verið fengin umsögn Bandalags íslenzkra listamanna, háskólaráðs, menntamálaráðs og bæði sent til umsagnar fleiri aðila og margir kvaddir á fundi menntmn. að undanförnu. Þó að því miður hafi ekki náðst samkomulag um lausn þessa vandasama máls, hefur vissulega verið vakandi áhugi á undanförnum árum fyrir lausn þess.

Um einstök atriði í þessu frv. skal ég ekki

ræða frekar nú. Hv. þm. segist vera algerlega andvígur því ákvæði, að menntmrh. hafi úthlutunarvald. Það má að sjálfsögðu ræða það í meðförum málsins, hvort hentara þætti að koma því fyrir á annan veg. En ummæli hv. þm. eru ákaflega villandi í þessu, því að það er skýrt tekið fram í frv., að ráðh. skuli úthluta listamannalaunum eftir tilnefningu þessara aðila, sem getið er um í 4. gr. Heimspekideild háskólans eða fimm menn, sem hún velur til, og menntamálaráð, hvor í sínu lagi, skulu gera tillögur til ráðherra, og hvor aðili á að tilnefna fulla tölu manna í hvern launaflokk. Að því leyti a. m. k. sem þessir aðilar eru sammála, og við *skulum gera ráð fyrir, að það verði um allan* þorra manna, er ráðherra að sjálfsögðu bundinn við þá tilnefningu. Þess vegna er það mjög villandi, þegar hv. 1. landsk. lætur í það skína hér, að þetta eigi að vera gersamlega í höndum og eftir geðþótta menntmrh. á hverjum tíma.

Ég vildi aðeins á þessu stigi leiðrétta þessi mishermi, sem komu fram í ræðu hv. þm., og satt að segja undrar mig nokkuð á þeim tón, sem kom fram í ræðu hans, þar sem hann annað veifið þykist hafa mikinn áhuga á frambúðarlausn þessara mála. — Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en legg til, að málinu verði vísað til menntmn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Við flm. frv. erum áreiðanlega sammála um það, sem má segja að sé meginatriði þessa máls, að koma fastari skipun en verið hefur á veitingu listamannalaunanna. Það er auðvitað kjarni málsins. Það er kjarni frv., og það er kjarni frumvarpanna, sem ég hef áður flutt um þetta efni, og fleiri till. hafa verið uppi um þetta, sem ganga í sömu átt. Það, sem okkur ber á milli, má eiginlega segja, að séu aukaatriði málsins, séu formsatriði fyrst og fremst. En það, sem var höfuðorsök til gagnrýni minnar, höfuðorsökin til þess tóns, sem hann taldi vera í mínum orðum um þetta mál, er það, að ég tel ekki alveg réttilega að flutningi þessa máls búið, ekki eins skynsamlega að honum farið og ég hefði óskað málsins sjálfs og málstaðarins vegna, og ég skal aðeins í örfáum setningum endurtaka, hvað ég tel að hefði getað farið betur úr hendi.

Það, sem hér gerist, er það, að formaður annars af tveim rithöfundafélögum hefur forgöngu um það, að málið sé flutt rétt fyrir aðalfund í sínu félagi. Ég skal ekki draga það í efa, sem hv. þm. segir, að fyrrverandi stjórn í félaginu hafi staðið einróma að baki þessu máli. En nú *hefur það gerzt, tveim dögum eftir að frv.* kemur fram, að komin er ný stjórn í þessu sama félagi, og formaður þeirrar stjórnar hefur tjáð mér, að hann sé algerlega andvígur einu mjög stóru atriði í þessu frv., valskyldu menntmrh. um tillögur menntamálaráðs og heimspekideildar háskólans.

Hitt tel ég líka vera mistök við undirbúning málsins, fyrst á annað borð er farið eftir tillögum annars rithöfundafélagsins, að ekki skuli einnig hafa verið haft samráð við hitt félagið, sem er jafnstórt félag, ef ekki aðeins stærra, þó að það sé að vísu yngra. Eins og ég sagði áðan, hef ég rætt við forgöngumenn í því félagi og þeir tjáð mér, að ekkert samráð hafi verið við það félag haft um flutning málsins. Jafnframt sögðu þeir menn úr því félagi, sem ég talaði við og spurði sérstaklega um afstöðu þeirra til þessa nýmælis frv., afskipta stjórnmálamannsins í menntamálaráðherrasæti af málinu, að þeir teldu það ákvæði vera óheppilegt, og sögðu raunar, að þeir hefðu aldrei heyrt annan mann mæla með þeirri skipan en höfund þessa frv., fyrrverandi formann í Rithöfundafélagi Íslands.

Það var aðeins þetta, sem ég vildi leggja áherzlu á í gagnrýnisátt, en ekki það, sem er *kjarni málsins og við hv. flm. erum* algerlega sammála um, þá brýnu nauðsyn að koma fastari skipun á þessi mál.

Varðandi það, sem hv. þm. sagði um afskipti ráðherra af málinu, er það rétt, að ef báðir aðilarnir verða sammála, — hvor um sig á að tilnefna tvo menn um hvern lausan styrk, — þá er auðvitað ráðherrann bundinn. En það má gera ráð fyrir því, að þessir aðilar verði ekki sammála, og þá er boðið upp á deilu, sem stjórnmálamaður á að skera úr, og ég held, að það þurfi ekki að hafa mikla þekkingu á því, sem gerzt hefur varðandi veitingu listamannalauna undanfarin ár, til þess að sjá, að þetta er óheppileg lausn og mikill bjarnargreiði við þann ráðherra, sem hverju sinni situr í menntamálaráðherrasæti, og ekki til góðs fyrir listamennina að bjóða þannig heim tortryggni um úrskurð hans, þar sem sá, sem óánægður er, mundi alltaf geta vitnað til, að þetta gerði hann af stjórnmálaástæðum, og hinum, sem fengi styrkinn eða launin samkv. ákvörðun ráðherra, mundi verða núið því um nasir, að hann hefði fengið hann vegna ákvörðunar stjórnmálamanns. Það tel ég ekki heppilegt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Nd., 15. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

48. Hnefaleikar.

Á 48. fundi Sþ., 21. marz, var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um að banna hnefaleika* [192. mál] (þmfrv., A. 513).

Á 91. og 92. fundi í Nd., 22. og 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Nd., 24. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Rökin fyrir því, að rétt sé að banna hnefaleik, koma að mestu fram í grg. frv. Ég vil þó leyfa mér að bæta þar við nokkru.

Að slys af hnefaleikum eru enn ekki algeng hér á landi, má vafalaust fyrst og fremst þakka því, hvað litlum vinsældum þeir hafa átt hér að mæta. Óbeinlínis má þó rekja allmargar líkamsárásir til þess, að árásarmennirnir hafa lært eða æft hnefaleik.

Erlendis, þar sem hnefaleikakeppni er algeng, eru dauðsföll og önnur slys af hnefaleik tíð. Erlendir læknar, einkum þeir, sem hafa fylgzt með og kynnzt hnefaleikum og áhrifum þeirra á þá, sem iðka þá eitthvað að ráði, hafa á undanförnum árum skrifað talsvert um þá hættu, sem er samfara og fylgir stöðugt þessum ljóta leik. Ég hef þýtt lauslega nokkur ummæli úr nýjustu greinum, sem ég hef séð um þetta efni. Þau eru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

Læknir í Bandaríkjunum segir, að meðal hnefaleikamanna sé algengur sjúkleiki, sem kallaður hefur verið af læknum „áverkageðveiki" eða „heilasýki af áverka". Sjálfir tala sjúklingarnir um að vera „höggdrukknir". Er það langbezta og ljósasta nafnið. Þessi læknir rannsakaði þennan sjúkdóm um tveggja ára skeið, bæði með því að skoða og tala við hnefaleikarana sjálfa og leitaði sér auk þess þeirra upplýsinga, sem hann gat, hjá aðstandendum þeirra og hjá þeim, sem taka að sér að sjá um og dæma hnefaleik. Helztu einkenni eru: Viðbragðsflýtir minnkar, fótaburðurinn verður stirðari og þunglamalegri, sjúklingunum finnst þó, að allt sé í lagi. Þeim líður ágætlega og finnst, að þeir hafi aldrei verið betur á sig komnir. Þeim gengur þó verr en áður í keppni, en finna alltaf einhverjar afsakanir fyrir því aðrar en sjúkleikann, sem þeir venjulega gera lítið úr eða vilja ekki viðurkenna. Sumir þessara manna hafa þó vit á að hætta, áður en lengra er komið, en aðrir halda áfram. Þá bætast við fleiri einkenni. Gangurinn verður reikull, röddin drafandi, þeir missa vald á tilfinningum sínum o. s. frv.

Talið er, að meira en helmingur þeirra, sem taka þátt í opinberri hnefaleikakeppni í 5 ár, þ. e. í 30—60 kappleikjum, verði fyrir breytingum á tilfinningalífi og geðheilsu, sem er augljós þeim, sem þekkja þá. Nokkrir verða fyrir svo mikilli geðtruflun, að þeir verða að fara í geðveikrahæli.

1954 skýrðu tveir Bandaríkjalæknar frá krufningu 5 hnefaleikara, sem létu lífið í New York. Þeir töldu, að bein orsök dauða þessara manna hefði verið höggið, sem þeir fengu á hnakkann við að falla meðvitundarlausir í gólfið vegna rothöggs, er þeir fengu í keppni.

Til þess að minnka þá hættu er nú farið að setja gúmmí eða annað þvílíkt undir strigann á gólfinu eða byggja sérstaklega gert gólf á pallinum. Ólíklegt er þó, að slíkt dugi, því að þegar höggunum rignir á höfuð hnefaleikara, er sennilegt, að eitt eða fleiri hitti, eftir að hann hefur misst meðvitund. Er þá hætt við, að fallið verði þungt og hann geti komið illa á höfuðið.

Ég ætla ekki að rekja hér frásagnir af sjóndepru eða blindu, sem jafnvel unglingar hafa hlotið af hnefaleikum, þótt af nógu væri að taka.

Enskur skurðlæknir segir, að bæði í Englandi og sumum ríkjum Bandaríkjanna sé stöðugt verið að herða á kröfunum um heilsufar keppenda og gera hnefaleikareglur strangari til þess að reyna að minnka hættuna á alvarlegum slysum. Hann bætir þó við: Það er engin reglugleg vörn til við höggum, sem eru vísvitandi hnitmiðuð til þess að lenda með sem mestu afli á viðkvæmustu staði á andliti eða annars staðar á höfðinu. — Sumir halda, að högg, sem greitt er með hnefaleikaglófum, sé hættuminna en högg greitt með óvörðum hnefa. Þetta er hinn mesti misskilningur. Það er einmitt hægt að greiða fleiri og þyngri högg með glófanum. Hann er vörn fyrir hendi þess, sem höggið greiðir, sem annars væri hætt við að brotnaði og gæti því væntanlega ekki greitt fleiri þung högg í það skiptið. Glófinn er hins vegar alls ekki vörn fyrir höfuð þess, sem verður fyrir högginu.

Nú kann einhver að segja, að menn geti meiðzt eða beðið bana við iðkun margra íþrótta, sem engum detti í hug að banna. Það er alveg rétt. En ég verð að segja, að það er mikill munur á því, hvort t. d. skíðamaður teflir of djarflega, mistekst og meiðir sig eða hvort takmarkið er beinlínis að berja andstæðinginn, helzt svo, að hann liggi eftir meðvitundarlaus í blóði sínu eða a. m. k. hálfruglaður skríðandi á blóðvellinum.

Stundum er því haldið fram, að nauðsynlegt sé að kenna hnefaleika, svo að hægt sé að beita kunnáttunni í sjálfsvörn. Gallinn er bara sá, að árásarmenn fara sjaldnast eftir hnefaleikareglunum, hirða síður en svo um, að fórnarlamb þeirra hafi jafna aðstöðu til leiks, og bíða ekki eftir því, að merki sé gefið til þess að hefja árásina. Hitt er algengara, að þeir noti barefli frekar en hnefaleikaglófa. Auk þess er talið, að glímumönnum sé tiltölulega auðvelt að ráða niðurlögum hnefaleikara, og á það við jafnt um íslenzka glímu og japanska. Þess vegna er miklu skynsamlegra að kenna þær íþróttir til sjálfsvarnar.

Það er að verða æ almennari skoðun lækna um allan heim, að hnefaleikar séu alltaf stórhættulegir og eigi engan rétt á sér. Ég veit þó ekki til, að hnefaleikar hafi verið bannaðir með öðrum þjóðum. En ég tel, að okkur væri sómi að því að ríða þar á vaðið, og veit, að meðal erlendra lækna mundi það vekja athygli á okkur sem menningarþjóð og vera tekið til fyrirmyndar.

Ég vil að lokum leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 513, n. 607).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Með nál., sem birt er á þskj. 607, er birt bréf frá Íþróttasambandi Íslands. Mælir stjórn þess gegn samþykkt frv. Ekki eru þó færð bein rök gegn því í bréfinu. Kemur fram í bréfinu, að um þetta mál er deilt í íþróttasamböndum nágrannalanda okkar, þ. e. meðal íþróttamanna þar. Ég hef hins vegar séð samróma álit lækna í mörgum löndum, sem ber saman um skaðsemi þessa leiks. Ég hef ekki séð neinn lækni mótmæla þessu í neinu af þeim læknatímaritum, sem ég hef séð. Er ekki vafi á, að læknar eru bærari að dæma um óhollustu þessa leiks og þá áverka, sem fylgja í kjölfar hans, heldur en íþróttamenn. Nefndinni hefur því þótt rétt, þrátt fyrir þessi mótmæli Íþróttasambandsins, að mæla með samþykkt frv. Hannibal Valdimarsson hefur þó skrifað undir nál. með fyrirvara, en einn nm., Jónas Rafnar, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 104. fundi í Ed., 28. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.
Fellt með 8:5 atkv. að vísa frv. til allshn.
Frv. vísað til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 513, n. 661).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

49. Eftirlit með rekstri ríkisins.

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana [49. mál] (þmfrv., A. 54).

Á 7. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram á þskj. 54 frv. til l. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana. Frv. um þetta mál var fyrst borið fram á Alþ. 1948 af þáverandi fjmrh., hv. þm. Vestm. (JJós), og var þá rætt í báðum deildum, fyrst hér í þessari hv. d., sem afgr. það héðan til hv. Nd., þar sem það var samþ. til nefndar, fór í gegnum 2. umr. og var samþ. til 3. umr., en stöðvaðist þá við síðustu umr. í d., aðallega vegna þess, að ekki var samkomulag um, hvernig skipa skyldi í þetta embætti, ef frv. yrði samþykkt.
Síðan flyt ég frv. á ný nokkuð breytt árið 1952. Það fer þá til n. í þessari hv. d. Gefin eru út nál. frá bæði meiri og minni hl. n., en meiri hl. n. leggur þó til að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá, sem felld er hér í þessari hv. deild. En það einkennilega gerist, að eftir að búið er að samþykkja frv. við 2. umr., þá er fellt að vísa því til 3. umr., og varð það málinu að falli á því stigi.
Mér þótti rétt á síðasta Alþ. að sjá til, hvort hæstv. ríkisstj. gerði nokkuð í málinu með hliðsjón af þeim gögnum, sem fram hefðu komið, bæði frá nefndum og í umræðum, en ég sé, að það hefur ekkert verið gert af hálfu hæstv. fjmrh., sem þetta mál helzt heyrir undir, að hreyfa þessu máli á ný, svo að mér þykir rétt að bera málið hér fram á þessu þingi og það svo snemma, að það geti fengið athugun og afgreiðslu á einn eða annan veg, eftir því sem það á fylgi að fagna í hv. Alþingi.
Mér þykir rétt, áður en ég fer út í hinar einstöku greinar frv., að kasta fram þeirri spurningu, hvort það sé raunverulega þörf á slíku eftirliti sem hér er farið fram á.
Í því sambandi vil ég benda á, að sívaxandi afskipti ríkisvaldsins af öllu athafna- og fjármálalífi þjóðarinnar hljóta óhjákvæmilega að kalla á vaxandi eftirlit. Það er eðlileg afleiðing, sem ekki verður hægt að ganga fram hjá. En auk þess vil ég leyfa mér að benda á, að þáverandi fjmrh. hefði tæplega flutt það á þinginu, ef hann hefði ekki fundið, að það væri mjög mikil nauðsyn á að skipa þessum málum á líkan hátt og hér er lagt til, og allar þær umræður, sem fóru fram um málið þá á þinginu, hnigu í þá átt, að það út af fyrir sig væri mjög aðkallandi mál, þótt hins vegar málið strandaði á því, að ekki var samkomulag um, hvernig skipa eða kjósa skyldi þann mann, sem átti að fara með þetta vald.
Þá vil ég enn fremur í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að árið 1945, þegar ég í fyrsta skipti er formaður fjvn., er tekinn upp sá háttur í fjvn. að kalla til n. til viðtals og umræðna

alla þá menn, sem hægt var auðveldlega að ná í og höfðu forustu eða stjórn fyrir stofnunum eða ríkisrekstri, ýmist hér í Reykjavík eða annars staðar, eftir því sem tilefni gafst til, og rætt við þá mjög ýtarlega um, hvort nokkur leið væri að fá samstarf við þá og þeirra stofnanir um að draga úr gjöldum í sambandi við rekstrinn. Þessu var síðan haldið áfram öll árin, sem ég var form. nefndarinnar, en það voru 8 ár, og ég hygg, að þessu sé haldið áfram enn, á sama hátt og gert var á þeim tíma. Langflestir þessara manna tóku þessu samstarfi mjög vel og skildu þörfina. Einstaka aðili vildi ekki beygja sig undir slíkar yfirheyrslur, eins og þeir kölluðu það, eða slíka afskiptasemi fjvn., og þeir kvörtuðu undan því við sína yfirboðara. En þegar loksins féll úrskurður frá hæstv. núverandi fjmrh. um það mál, þá var hann alveg eindreginn á þann veg, að eftir því sem hann hefði kynnt sér málið, teldi hann mjög nauðsynlegt, að þessi starfsaðferð væri ekki lögð niður, og óskaði mjög eftir því, að fjvn. héldi því starfi áfram.

Nú er það vitað, að fjvn. hefur mjög takmarkaðan tíma til slíkra starfa, hún getur aðeins gripið niður á einstökum atriðum. En einmitt í sambandi við þessi störf fékk ég m. a. fullan skilning á því, að það þyrfti að gera miklu meira í sambandi við þetta en það, sem fjvn. gæti gert, og það er m. a. þess vegna, sem ég hef borið fram þetta frv. og tekið upp baráttu fyrir því, að það næði fram að ganga hér á þinginu.

Aðrar þjóðir hafa þann sið, flestar hverjar a. m. k., sem ég þekki til, og þó einkum í Evrópu, að fjárveitinganefnd er nefnd allt árið um kring og hefur þar af leiðandi ekki einungis eftirlit, heldur og samstarf við þessa menn allan tímann, ekki aðeins um þingtímann, heldur allt árið, og fær á þann hátt miklu meiri þekkingu á málunum og miklu meiri möguleika til að undirbúa fjárlög og miklu meiri möguleika til þess að hafa eftirlit með, hvernig fénu er varið. Þessi háttur hefur ekki verið tekinn upp á Íslandi, og það er sjálfsagt ekki þess að vænta, að það verði, að níu manna nefnd verði látin starfa allt árið um kring, enda ekki það út af fyrir sig nauðsynlegt.

Hitt teldi ég vera til stórbóta, ef formaður fjvn. væri látinn vera fastur starfsmaður allt árið um kring og tæki þá að sér þetta starf, svo framarlega sem það gæti fallið saman við önnur hans störf í landinu. Gæti þá vel verið, að það væri hann, sem yrði kjörinn til slíkra starfa. Er það náttúrlega á valdi þingsins á hverjum tíma. En ég þykist geta fullyrt, að sá litli vísir, sem gerður var í þessa átt af hálfu fjvn. og enn er haldið við, bendi til þess, að taka eigi upp það fyrirkomulag, sem hér er bent á.

Þá vil ég enn fremur leyfa mér að benda á máli þessu til stuðnings, að allar þær umræður, sem hafa farið fram um málið hér á Alþ., og öll þau gögn, sem liggja fyrir í þingskjölum, bæði nál. og ræður, benda eindregið til þess, að hv. þingmenn séu þeirrar skoðunar, að þetta mál eigi að færast í eitthvað líkt horf og hér er gert ráð fyrir. Því hefur hins vegar ýmist verið vísað frá eða fellt eða stöðvað af allt öðrum ástæðum, sem eru miklu veigaminni.

Enn fremur vil ég benda á, að þingið hefur hvað eftir annað sett upp nefndir manna, nokkurs konar sparnaðarnefndir, til þess að reyna að finna út, hvar hægt væri að spara á útgjöldum ríkissjóðs, og mun m. a. ein slík n. sitja nú að störfum. Sá ókostur er þó við þessar nefndir venjulega, að það eru menn, sem eru sjálfir í störfunum og eiga þar af leiðandi erfitt með að taka á málunum eins og æskilegt væri, því að þeir eru venjulega undirmenn ráðherra, og venjulega er það svo, að það er ekki þess að vænta, að það geti komið þaðan sá árangur, sem æskilegur væri.

Þá vil ég enn fremur benda á, að eftir þeim gögnum sem fyrir lágu hér á þingi 1952, var því lýst yfir, að hæstv. fjmrh. hefði gert fyrirskipanir til endurskoðunardeildarinnar um að gera endurskoðunarstarfið miklu víðtækara og nokkuð í þá átt, sem hér er farið fram á. En árangurinn mun ekki hafa orðið ákaflega mikill þar, enda stendur endurskoðunardeildin mjög illa að vígi til þess að geta gert þetta starf á þann hátt, sem hér er ætlazt til, og er þetta ekki sagt til að kasta neinum hnútum að deildinni, sem rækir sín störf vel.

Að síðustu vil ég enn benda á, að hér m. a. í þessari hv. d. og svo einnig í hv. Nd. hafa svo að segja árlega farið fram allýtarlegar umræður um ríkisreikningana, þar sem hefur verið sýnt fram á og það með mjög miklum rökum, að þar sé ekki allt eins og æskilegast væri, en hins vegar erfiðleikarnir á að koma fram umbótunum legið í því, hversu langur tími er liðinn, frá því að verkin hafa verið framkvæmd og þar til hægt hefur verið að gera athugasemdir.

Öll þessi rök hníga að því, að slíkt mál sem hér er á ferðinni eigi að ná samþykki þingsins, svo að hægt sé að koma þar á betra skipulagi en nú er.

Það var bent á það í umræðunum árið 1952, að nokkur kostnaður yrði við að setja á slíka stofnun sem hér um ræðir. Það fer að sjálfsögðu alveg eftir ákvörðun þingsins, hvað sá kostnaður er mikill. Ef þingið ákveður, að það skuli aðeins vera einn maður, t. d. form. fjvn., sem yrði settur til þess að gegna slíku starfi, yrði kostnaðurinn ekki stór, og þótt ekki yrði meira að gert, mætti það gefa nokkra reynslu, og er þá síðar á valdi þingsins, hve miklu fé yrði eytt til þess. En jafnvel þó að kostnaðurinn yrði nokkur, ber ekki að horfa í slíkan kostnað, ef aftur á móti kemur sparnaður með betra fyrirkomulagi í rekstri, sem kannske er margfaldur á við kostnaðinn, því að hverri krónu, sem greidd er úr ríkissjóði og færir honum aftur hærri upphæð, er rétt varið. Hinum, sem að fullu er glatað, ber að fækka svo sem unnt er. Og það er einmitt það, sem hugsað er með því að bera þetta frv. fram, að sá háttur verði tekinn upp að spara sem flestar þær krónurnar, sem ekkert er gagn að eða lítið er gagn að, en verja fénu hins vegar frekar til þeirra mála, þar sem krónan ber raunverulegan arð.

Ég hef ætlazt til þess með 1. gr., að hlutverk þessarar stofnunar eða þess manns, sem yrði valinn til þess, væri að hafa eftirlit með rekstri ríkisstofnana og starfsmönnum ríkisins, starfsmannahaldi, vinnuafköstum og vinnuskilyrðum þessara aðila. Það er síður en svo, að það þurfi nokkuð að ganga á rétt þessara manna, þó að tekinn yrði hér upp nýr og betri háttur, m. a. hvað snertir vinnuskilyrði, og er það sjálfsagt, því að eins og bóndinn nú tekur upp hjá sér að vinna með vélum á nýrækt í staðinn fyrir að slá engjar og móa, mætti ef til vill fara inn á nýjar leiðir, sem gefa tiltölulega jafnmikinn arð í rekstri ríkisins og bætt vinnuskilyrði færa bóndanum í hinu daglega lífi. Einnig á að leiðbeina ríkisstofnunum og ríkisstarfsmönnum um starfstilhögun og mannahald. Hér er komin fram margvísleg ný tækni í störfum almennt. Ég vil benda m. a. á, að Iðnaðarmálastofnun ríkisins hefur alveg sérstaklega tekið þessi mál til athugunar, að kynna landsmönnum nýja starfshætti eftir beztu fyrirmyndum annarra þjóða, og fengið til þess aðstoð frá alþjóðastofnun. Þetta er eitt af þeim störfum, sem ættu að falla undir þann mann, sem yrði til þess valinn, og verða mjög til hagsbóta í rekstrinum. Síðan skal gera till. til ríkisstj. og Alþ. um bætta starfstilhögun og breytt skipulag og sparnað, eftir því sem við verður komið, þ. á m. niðurlagningu eða sameiningu stofnana eða starfa.

Ég hef lagt til í 2. gr., að það sé fjvn., sem kjósi slíkan mann. Mér þykir það eðlilegast. Raunverulega á þessi maður að vera umboðsmaður Alþingis í sambandi við rekstur ríkisins, og þess vegna er langeðlilegast, að fjvn. kjósi manninn. Það er náttúrlega hægt að hugsa sér ýmsar aðrar aðferðir. Það er t. d. hægt að hugsa sér, að forsetar þingsins geri það. En vegna þess að maðurinn á að bera ábyrgð á sínum störfum gagnvart fjvn. og hafa samstarf við hana, tel ég langeðlilegast, að hún hafi valdið til þess að kjósa manninn.

Það hefði vel getað komið til mála að setja það inn í lagagreinina, að ef um samstarf tveggja eða fleiri flokka væri að ræða, þá skyldi þó þessi maður jafnan vera valinn af þeim flokki, sem ekki ætti fjmrh. á hverjum tíma. En ég sé ekki ástæðu til að setja það inn í greinina út af fyrir sig. Það er hægt að skapa þar fordæmi. Það er ekki heldur víst, að það verði ávallt samstarfsstjórnir. Það getur vel farið svo og rétt að gera ráð fyrir því í framtíðinni, að einhver flokkur hafi meirihlutavald í Alþ., og þá rekst það á slík lagafyrirmæli. Hins vegar mætti skapa hér fast fordæmi, þó að ekki sé í lögum. Það væri ekki óeðlilegt, að samstarfsflokkur hefði slíkan mann, ef hinn flokkurinn hefði fjmrh., og það m. a. með tilliti til þess, að öll ráðuneytin nú heyra raunverulega að vissu leyti undir fjmrh., og það mun venjulega standa í fjárl., að önnur ráðuneyti megi ekki ráða til sín nýja menn nema í samráði við fjmrn., sem er ákaflega eðlilegt, en hins vegar er ekkert slíkt aðhald skapað fyrir sjálft fjmrn. En þá mundi það skapast hér alveg eins fyrir það ráðuneyti og hin ráðuneytin og vera þar jafnvægi á milli. Sá háttur hefur nú verið tekinn upp hér í Alþ., að þegar um samstjórn er að ræða og einn flokkur hefur forsrh., þá skuli annar hafa forseta Sþ., og slíkt samkomulag mætti náttúrlega alveg eins standa í sambandi við þetta mál og því ekki nauðsynlegt að setja það inn í sjálft frv.

Hins vegar er ég til viðtals við þá hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, um breytingar á þessu atriði svo og öðrum atriðum í frv., ef haldið er kjarna frv. um að koma stofnuninni á til þess að inna af hendi það hlutverk, sem henni er ætlað að gera samkvæmt frv.

Ég hef gert þá breyt. á þessu frv. við hið fyrra frv., sem ég hef borið fram, að nú er bætt við nýrri málsgr. aftan við 6. gr., sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftirlitsmanni er skylt að vera yfirskoðunarmönnum ríkisins til aðstoðar um allt það, er lýtur að upplýsingum um þau atriði reikninganna, er yfirskoðunarmönnum kann að þykja ástæða til að gera athugasemdir við. Hann skal og beita sér fyrir því, að tillögum þeirra til umbóta verði komið í framkvæmd, og leggja jafnan fyrir fjvn. eða fjárhagsnefndir deilda, eftir því sem við á, þau atriði, sem yfirskoðunarmenn kunna að vísa til aðgerða Alþ., ásamt till. sínum til umbóta og endanlegra aðgerða."

Þessi viðbót er beinlínis komin fram vegna þeirra umræðna, sem hafa farið fram um ríkisreikningana undanfarin ár, og þar sem hefur verið upplýst, að enginn þykist hafa skyldur til þess að fylgja eftir þeim athugasemdum, sem fram koma frá yfirskoðunarmönnum. Ríkisstj. þykist ekki hafa neina skyldu til þess að fara eftir því og allra sízt, ef í aths. er sagt, að því skuli vísað til aðgerða Alþ., og enginn, hvorki yfirskoðunarmennirnir sjálfir, sem þó eiga tveir eins og nú stendur sæti á hv. Alþ., né neinir aðrir þm. þykjast hafa skyldur til þess að taka þessi mál upp og færa þau fram til raunverulegra umbóta. Ég tel þetta vera ákaflega mikla veilu í endurskoðuninni og raunverulega að endurskoðunin sé lítils eða einskis virði, ef ekki er hægt að fá á þessu umbætur. Þess vegna þótti mér rétt að taka þetta hér upp.

Aðrar breytingar hafa ekki verið gerðar á frv. nema við 10. gr., en þar var áður sett inn, að fjmrh. gæfi eftirlitsmanni erindisbréf, en því er nú breytt, að fjvn. geri það. Er það eðlilegt, að það sé hún, sem gefi út erindisbréfið, en hins vegar rétt, að ráðherra staðfesti þá reglugerð, sem hún kann að útbúa í sambandi við hans starf.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða málið lengur við þessa umr. Hinar aðrar greinar hafa verið þrautræddar hér áður í þinginu og frv. í heild, og mun ég því láta nægja með þessa framsögu og vil að henni lokinni vænta þess, að hæstv. forseti leiti samþykkis deildarinnar um að vísa málinu til 2. umr. og til hv. fjhn.

ATKVGR.

Samþ. að vísa frv. til 2. umr. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, LJóh, SÓÓ, AE, FRV, GíslJ, IngF, BSt.

9 þm. (PZ, VH, BBen, BrB, GÍG, HG, HermJ, JJós, JK) fjarstaddir.

Deildin var því ekki ályktunarfær.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 8. fundi í Ed., 21. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

50. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. HG og GÍG).

Á 10. fundi í Ed., 25. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt [64. mál] (þmfrv., A. 71).

Á 11. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég frv. um þetta sama efni, sem ekki náði þá afgreiðslu.

Eins og kunnugt er, eru bætur, sem slysatryggingin eða Tryggingastofnunin greiðir í einu lagi, annaðhvort fyrir missi starfsorku eða til vandamanna við dauðsfall eða atvinnuslys, ekki skattskyldar, þ. e. a. s. slíkar eingreiðslur vegna orkutaps eða dánarbætur teljast ekki til skattskyldra tekna.

Þegar tryggingalögin fyrst voru sett, var nokkur hliðsjón höfð af persónufrádráttarákvæðum tekjuskattslaganna, en þó voru bótaupphæðir, t. d. lífeyrisupphæðir til gamalmenna og öryrkja, verulega hærri en persónufrádrátturinn þá var. Þegar svo tekjuskattslögunum, þ. e. a. s. er varðar tekjuskatt einstaklinga, var breytt síðast hér á Alþingi, var við ákvörðun persónufrádráttarins höfð nokkur hliðsjón af gildandi ákvæðum um lífeyrisupphæðir til öryrkja og gamalmenna, en þar var aðeins miðað við þær lágmarksupphæðir, sem tryggingalöggjöfin veitti rétt til. Hins vegar er í tryggingalöggjöfinni gert ráð fyrir því, að bæði til gamalmenna og öryrkja megi og beri í sumum tilfellum að greiða uppbætur á lífeyrisupphæðirnar, sem geti numið allt að 40%. Það kom þegar í ljós eftir afgreiðslu skattalaganna, að allir þeir, sem einhverra slíkra uppbóta nutu, urðu að greiða af þeim tekjuskatt.

Síðan þessum ákvæðum tekjuskattslaganna var breytt, hefur enn fremur það gerzt, að lífeyrisupphæðirnar hafa verið hækkaðar um 5% á árunum 1954 og 1955, þannig að þær almennu bótaupphæðir eru nú þegar orðnar heldur hærri en persónufrádráttur samkvæmt tekjuskattslögunum.

Á þessu ári voru svo kaupgreiðslur til opinberra starfsmanna hækkaðar, a. m. k. hjá hinum lægra launuðu, 1. júlí s. l., um h. u. b. 5%, og gert er ráð fyrir því, að við endurskoðun launalaganna í haust muni einhver frekari hækkun koma til.

Ég tel víst, að Alþ. fylgi þeirri reglu, sem það hefur fylgt til þessa, að hækka lífeyrisgreiðslur til öryrkja og gamalmenna nokkurn veginn í sama hlutfalli og laun opinberra starfsmanna breytast. Því hefur verið fylgt frá byrjun og fram að þessu, og ég vil mega vænta þess, að svo verði enn á þessu hausti. En ef svo verður, er sú almenna lífeyrisupphæð til gamalmenna og öryrkja komin talsvert upp fyrir það mark, sem persónufrádrátturinn er ákveðinn í gildandi skattalögum.

Til viðbótar kemur svo það, að þeir, sem njóta hækkunar, er getur orðið nú allt að 40% ofan á lífeyrinn, greiða að sjálfsögðu einnig skatt af þeim hluta, þó að engar aðrar tekjur séu fyrir hendi. En þeir, sem fyrst og fremst njóta slíkra hækkana, eru menn, sem af heilsufarslegum ástæðum þurfa umönnun og hjúkrun eða dvelja á elliheimilum eða öðrum slíkum hælum. Nú er það vitað, að þó að 40% séu greidd til hækkunar á ellilífeyri, þá vantar mjög mikið á, að sú upphæð hrökkvi til þess að greiða dvalarkostnaðinn á slíku hæli; í sumum tilfellum er það einn þriðjungur, sem vantar, og í öðrum tilfellum jafnvel heldur meira.

Það liggur því í augum uppi, virðist mér, að það sé fullkomlega óréttmætt og óeðlilegt að leggja tekjuskatt, þótt ekki sé hann hár eða tilfinnanlegur, á slíkar tekjur sem þessar, sem augljóst er að ekki hrökkva til brýnustu framfærslunauðsynja hjá hlutaðeigandi bótaþega. Það er líka óeðlilegt, ef borið er saman við það, að eingreiðslur, eins og ég sagði í upphafi máls míns, vegna dauðsfalla eða vinnuslysa, eru ekki skattskyldar, og því alveg óeðlilegt, að lífeyrisgreiðslur eða fastar árlegar greiðslur verði það heldur.

Eins og lögin eru nú, geta því bæði öryrkjar og gamalmenni og ekkjur, sem njóta lífeyris eftir lát manns síns, þurft að greiða tekjuskatt, þó að engar aðrar tekjur séu fyrir hendi en þær bótagreiðslur, sem ákveðnar eru í tryggingalöggjöfinni, og það er ómögulegt að neita því, að það er í fyllsta máta óréttmætt og óeðlilegt. Hitt er sjálfsagt, að ef tekjurnar fara fram úr því marki og aðrar tekjur koma í viðbót, þá gildi að sjálfsögðu um skattlagningu slíkra tekna alveg sömu ákvæði og gilda fyrir aðra borgara í landinu.

Ég vil því leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. fjhn., sem ég vildi mega vona að tæki þá málið til athugunar og gæti komizt að annarri niðurstöðu en varð á síðasta þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

51. Skipun prestakalla (frv. JJós).

Á 12. fundi í Ed., 28. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla [72. mál] (þmfrv., A. 79).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég frv. um sama efni og hér liggur fyrir. Það fór til nefndar, en náði ekki að verða afgreitt og er því flutt aftur núna. Það liggja sömu ástæður og sama þörf enn fyrir og þá var. Ekki sízt eins og tíðarfar hefur hagað sér hvað flugleiði snertir, það sem af er þessu ári, þá hefur það komið mjög berlega í ljós, að oft geta samgöngur torveldazt um lengri eða skemmri tíma við eyjarnar, og það er ein helzta ástæðan fyrir því, að þörf er tveggja þjónandi presta.

Það er með prestana eins og aðra, að þeir þurfa stundum að bregða sér frá um lengri eða skemmri tíma, stundum með nokkrum undirbúningi, stundum undirbúningslaust, eins og gerist og gengur um aðra menn, og þá geta orðið af því mikil óþægindi, ef plássið er prestlaust.

Mér skildist á sumum hv. nefndarmönnum, sem um þetta mál áttu að fjalla og hafa víst fjallað á síðasta þingi, að eyjunum væri engin þörf á að hafa tvo þjónandi presta, og var mér bent á prestaköll hér á landi, sem væru eins stór og kæmust af með einn prest. En þar er því til að svara, að þar mun í flestum tilfellum vera með litlum eða svo til engum fyrirvara hægt að ná til prests, ef þörf þykir, alls staðar, en eyjarnar hafa þá sérstöðu, að það geta verið dagar og jafnvel vikur, sem hvorki er hægt að koma presti né öðrum mönnum á milli lands og eyja.

Ég minntist á það, held ég, síðast þegar ég talaði um þetta mál, að nokkuð miklu hefði munað um það, að séra Jes A. Gíslason past. em. hefur átt bústað í Eyjum og býr þar raunar enn, og var oft til hans leitað í forföllum sóknarprests, mjög oft meira að segja. Hans heilsu eru nú orðið þannig varið og raunar hans hái aldur er því líka til fyrirstöðu, að hann geti lengur sinnt slíkum erindum eða orðið við þeim kröfum, sem gerðar eru til sóknarprests, og hefur hann núna um þó nokkuð margra ára skeið ekki gefið sig að neinum prestsverkum, þó að hann gerði það oft áður í forföllum sóknarprests.

Síðan þetta mál var hér til umræðu á hinu háa Alþingi, hefur sú breyting á orðið um Ofanleitisprestakall í Vestmannaeyjum, að það hefur verið sameinað Kjalarnesprófastsdæmi, og á héraðsfundi í því prófastsdæmi, sem nú er nýafstaðinn, var gerð ályktun, þar sem fundurinn lýsir yfir þeirri skoðun sinni, að óhjákvæmilegt sé, að tveir prestar þjóni í Vestmannaeyjum, m. a. vegna einangrunar eyjanna og samgangna yfirleitt. Fundurinn skorað á hið háa Alþingi, sem nú situr, að samþykkja frv., sem fer í sömu átt og það frv., er hér liggur fyrir.

Fólki og heimilum fer stöðugt mjög fjölgandi í Eyjum. Byggðin breiðist út, og þar sem mikið er stofnað til búskapar af ungu fólki, er eðlilegt, að barnafjöldi verði mikill, enda er hann orðinn mikill. Er það út af fyrir sig ein veigamikil ástæða fyrir því, að æskilegt sé, að tveir þjóðkirkjuprestar séu þarna á staðnum, sem vissulega yrði til þess að efla meira kristilega uppfræðslu, kristilega menningu og kirkjulegt starf, og er þess sízt vanþörf nú á tímum, að til þess séu lagðir fram nægilegir og góðir kraftar.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta mál lengur. Ég vænti þess, að það mæti nú meiri skilningi en síðast og að hin hv. deild meti líka nokkuð álit héraðsfundar Kjalarnesprófastsdæmis, sem ég minntist á áðan í sambandi við önnur þau rök, er þetta mál styðja. Vil ég mælast til þess, að frv. sé að loknum þessum umr. vísað til hv. menntmn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal á þessu stigi málsins ekki ganga ýtarlega inn á þetta frv., sem hér liggur fyrir, inn á þá andlegu vanheilsu Vestmannaeyja, sem gerir það lífsnauðsyn að hafa prest á staðnum ævinlega. En mig langaði til þess að biðja hv. nefnd, sem fær málið til meðferðar, að athuga, hvernig sé varið með þau prestaköll í landinu núna, sem prestur er að vísu settur til að þjóna, en býr í 120 km fjarlægð hér í Reykjavík, annar, og hinn í álíka langri fjarlægð yfir sjó að fara, og hafa fengið leyfi biskups til að sitja þar þegjandi og hljóðalaust. (*Dómsmrh.:* Hverjir eru þetta?) Það veit nú alveg vafalaust hæstv. ráðherra, hverjir það eru. (*Dómsmrh.:* Sannarlega ekki.) Það kemur sjálfsagt fram seinna í umr., þegar nefndin er búin að rannsaka málið. Væri ekki ástæða til að setja þá einhvern varaprest í þau prestaköll, til þess að það geti alltaf verið prestur þar til staðar, því að prestur, sem býr á Ísafirði og á að þjóna langt í burtu yfir sjó að sækja, getur ekki alltaf verið til staðar? Það getur komið ákaflega fljótt einhver aðkallandi andleg vanlíðan, sem þarf að ná til prests til að lækna, þó að ekki sé hægt að ná í hann. Ég er ekki viss um það, en ég held, að það sé með leyfi biskupsins, sem hann fær að sitja þar, og hann telji nauðsynina ekki meiri en það þar. Það er ég nú ekki viss um samt, að það sé með leyfi hans.

Ég vil biðja nefndina að athuga þetta og sömuleiðis athuga þau prestaköll, sem ekki hafa fengizt prestar í núna upp í kringum 20 ár, og hvernig það er með andlegt ástand sóknarbarnanna þar. Ja, það eru líklega orðin nærri 30 ár, síðan prestar hafa setið í sumum prestaköllum landsins, og það hlýtur að vera orðið mjög bágborið andlega heilsufarið í þeim prestaköllum, þó að prestur hafi verið látinn fara og messa þar einu sinni eða tvisvar á ári.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég á nú náttúrlega ekki að svara fyrir hv. nefnd. Mér skildist, að hv. 1. þm. N-M. væri að beina einhverju til hennar í þessu sambandi.

Ég skal láta eins og vind um eyrun þjóta

þann skæting, sem hv. þm. var með til minna kjósenda í Vestmannaeyjum eða Vestmanneyinga yfirleitt um andlega vanheilsu. Hitt er vitað, að eyjarnar eru svo í sveit settar sem a. m. k. fá prestaköll hér á landi mega við jafnast, og það er ekkert atriði í þessu máli, hvort einhver prestur er búinn að sitja lengur eða skemur, það væri jafnmikil þörf á því að hafa tvo þjónandi presta í Vestmannaeyjum, þó að það væri þar alveg nýr og ungur sóknarprestur, nýskipaður, sem raunar er nú ekki. Ég held, að það sé mjög almennur vilji fólksins austur þar að njóta aðstoðar tveggja presta, sem geti bæði unnið saman og vinni saman eins og verið hefur.

Það er rétt að minna á það í þessu sambandi, að núna um skeið hefur verið þarna prestvígður maður, séra Jóhann Hlíðar, sem hefur ásamt með sóknarprestinum starfað að málefnum kirkjunnar, málefnum uppfræðslu og öðru því, sem prestum ber að hafa með höndum. En það ástand, sem ríkir, það bráðabirgðaástand með þann sérstaka mann, getur ekki haldizt óbreytt, og kirkjumálaráðherra óskar gjarnan breytingar á því, en féllst á eftir þann drátt, sem á málinu varð á síðasta þingi, að leyfa honum að þjóna þar jafnframt sóknarprestinum, þangað til hið háa Alþingi hefði tekið ákvörðun í þessu máli, sem væntanlega yrði þá á þessu þingi.

Ég vil vona, að það sé litið sanngjörnum augum á réttmæti óska Vestmanneyinga í þessu efni. Það lágu hér fyrir þinginu síðast og eru til enn undirskriftir margra hundraða manna, sem óskuðu, að tveir þjóðkirkjuprestar störfuðu þarna á staðnum, og ég ber það traust til þessarar hv. deildar, að hún meti í fyrsta lagi þær samgönguástæður, sem hljóta að vera sterk rök í þessu máli, og í öðru lagi og ekki síður eindreginn vilja fólksins, sem byggir eyjarnar, til þess að koma þessu skipulagi á, sem nú lýsti ég og viðurkennt er af héraðsfundi í því prófastsdæmi, sem nú er nýbúið að skipa eyjunum í.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en vil vona, að það fái afgreiðslu, sem bæði ég og þeir, sem að baki mér standa og eru mínir kjósendur, getum við unað og er í anda þess hluta af prestastéttinni á landinu, sem á opinberum fundi hefur látið uppi um það sitt álit.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

52. Landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum.

Á 62. fundi í Ed., 6. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi [150. mál] (þmfrv., A. 344).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Flm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég ásamt hv. 2. þm. S-M. (VH) og hv. þm. S-Þ. (KK) ber fram það mál, sem hér er til umr., frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, nr. 344.

Eins og frv. þetta ber með sér, fjallar það um breytingu á lögum þeim, sem ég vísaði til um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, þess eðlis, að ef eigi þurfi að nota að fullu heimild laganna til lántöku vegna landshafnarinnar, verði ríkisstj. eigi að síður heimilt að taka heimildarupphæðina að láni og endurlána afganginn hafnar- og lendingarbótasjóðum sveitarfélaga, þar sem hafnarmannvirki eru skammt á veg komin og þörf framkvæmda brýn.

Í frv. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. geti falið Framkvæmdabankanum að sjá um lántöku og endurlánveitingu til hafnar- og lendingarbótasjóðanna.

Með setningu laga um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, upphaflega nr. 25 23. apríl 1946, var ákveðið að heimila ríkisstj. að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 10 millj. kr., til greiðslu kostnaðar við byggingu hafnarmannvirkja á þessum stöðum. Með breytingu á landshafnarlögunum, sem gerð var árið 1955, var heimild þessi hækkuð úr 10 millj. kr. upp í 25 millj. kr. Samkvæmt lögunum um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, sem nú hafa verið gefin út með þeirri fyrirsögn, nr. 23 6. maí 1955, skal 1/3 hluti láns, allt að 25 millj. kr., sem ríkissjóður kann að taka í þessu skyni, endurgreiðast úr ríkissjóði, en 2/3 hlutar lánsins úr hafnarsjóði landshafnarinnar. Það er því gert ráð fyrir, að ef heimildin yrði notuð að fullu, legði ríkissjóður fram 8⅓ millj. kr. til landshafnarinnar sem beint ríkisframlag.

Ég hef aflað mér upplýsinga um, að þegar hafi verið notaðar um 13 millj. kr. af þeirri heimild, sem hér um ræðir. Eru þá ónotaðar um 12 millj. kr.

Ríkisstj. hefur tilkynnt, að varnarliði Bandaríkjanna hér á landi hafi verið leyft að láta gera uppskipunarhöfn í Njarðvíkum, á því svæði, sem lög nr. 23 6. maí 1955 taka til. Mun varnarliðið ætla að verja yfir 100 millj. kr. í þessu skyni.

Með hliðsjón af þessum upplýsingum er full ástæða til að ætla, að heimild landshafnarlaganna til lántöku allt að 25 millj. kr. verði ekki að fullu notuð í þeim tilgangi, sem í öndverðu var ætlað.

Þótt nokkru fé hafi á undanförnum árum verið ráðstafað til hafnar- og lendingarbóta í landinu, er þó kunn knýjandi nauðsyn á frekari framkvæmdum víðar um landið. Eins og tekið er fram í grg. fyrir frv., álítum við flm. þess, að ef vel væri, þyrfti að gera stórátak í þessum málum. Á fjölmörgum stöðum háttar svo til, að samgöngur byggjast að mestu eða öllu leyti

á aðstöðu til samgangna á sjó. Að vísu eru vegir komnir í samband við flest byggðarlög, en þó ekki öll. Auk þess teppast vegirnir meira og minna yfir veturinn, eins og alkunna er. Þar að auki stendur það víða útgerð fyrir þrifum, hve hafnarskilyrði eru ótrygg og léleg. Það er aldrei of mikið undirstrikað, hvað samgöngur eru þýðingarmikill þáttur framfara og aukinnar menningar. Má með réttu segja, að greiðar samgöngur séu lífæð ýmissa byggðarlaga. Ef þær teppast um lengri tíma, horfir til vandræða, og auk þess liggur oft líf við. Við teljum því hafnargerðir og lendingarbætur eitt af stórmálum landsbyggðarinnar.

Eins og áður er vikið að, gerir frv. þetta ekki ráð fyrir nýrri lánsheimild, heldur að lánsheimild, sem þegar hefur verið lögfest, verði vegna þeirra atvika, sem greind eru í grg. frv., notuð í öðrum tilgangi en lögin gera nú ráð fyrir.

Í lögum um hafnargerðir og lendingarbætur frá 1946 er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði ⅔ af kostnaði við hafnargerð í um 35 kaupstöðum og stærri kauptúnum í landinu. Jafnframt heimilast ríkisstj. að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, sem sveitarfélögin taka og leggja fram að sínu leyti. Ef slík lán eru tekin erlendis, skal það gert í samráði við samgmrn., og er sveitarfélögum óheimilt að leita eftir slíkum lánum, nema samþykki þess ráðuneytis komi til. Enn fremur er kveðið svo á í lögunum, að ríkissjóður greiði helming kostnaðar við að gera lendingarbætur á 70—80 stöðum öðrum en áður greinir, og er ríkisstj. jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á hinum helmingnum, og er þá miðað við kostnað, sem er undir 800 þús. kr. Ef hann fer yfir 800 þús. kr., færast þessar minni hafnir eða lendingar yfir í fyrri flokkinn, þannig að hlutföllin verða ⅔ og ⅓ í staðinn fyrir helming.

Eins og nú háttar, er yfirleitt hvergi lán að fá innanlands til hafnar- og lendingarbóta. Reynslan hefur sýnt, að það er sveitarfélögum víða ofviða að afla lánanna að eigin frumkvæði. Þar sem svo stendur á, geta þau því ekki hagnýtt sér hagræði laganna um hafnar- og lendingarbætur. Veikari sveitarfélög geta yfirleitt ekki heldur lagt fram eigið fé, svo að nokkru nemi.

Þar sem hér hafa óvænt atvik valdið því, að stórfé er skyndilega lagt til byggingar landshafnar í Njarðvíkum, og þess því að vænta, að ríkissjóður þurfi ekki að nota að fullu lánsheimild, sem þegar er í lögum, virðist þarna gullið tækifæri til að veita smærri sveitarfélögum aukaaðstoð til þess að bæta hafnarskilyrði og lendingar.

Í grg. fyrir frv. þessu bendum við flm. málsins á, að þótt við teljum hina miklu hafnargerð í Njarðvíkum æskilega vegna sjávarútvegsins, verði hún til þess að auka ójafnvægi í byggð landsins, ef ekkert er jafnhliða gert til mótvægis. Með þessu frv. er því gripið tækifæri til þess að styðja þá stefnu, sem Framsfl. hefur ætíð talið meðal sinna helztu stefnumála, að hamla gegn vaxandi ójafnvægi í byggð landsins. Að mínum dómi verður það ekki gert að neinu gagni nema með skipulagðri fjárfestingu í sveitum og sjávarþorpum.

Þótt hér við Faxaflóa hafi af ýmsum ástæðum skapazt gífurleg spenna í atvinnulífinu, sérstaklega á seinasta ári, þá er því alls ekki svo háttað úti um landsbyggðina. Það hefur að vísu verið mikil atvinna, en hún er víða mjög stopul. Þar sem yfirleitt allir eru sammála um nauðsyn þess að viðhalda landsbyggðinni bæði í sveitum og við sjó, ber að grípa hvert tækifæri, sem býðst, til að auka jafnvægi í byggð landsins. Sá er megintilgangur þessa frv., þótt í smáum stíl sé.

Ég vænti þess, að hv. þm. taki frv. vel, og legg til, að því verði vísað til hv. sjútvn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér finnst þetta vera hreint fjárhagsmál. Hér er um það að ræða, hvort á að auka þá fjárfestingu, sem er í landinu, með því að leyfa nú, að þær ábyrgðir, sem ætlaðar voru til framgangs hafnargerð í Njarðvíkum, verði færðar til ótiltekinna annarra hafna í landinu. Þyki rétt að nota ábyrgðina, sem lögum samkvæmt á að veita vegna Njarðvíkur, til að auka fjárfestingu í landinu, þá er að athuga, hvort það á heldur að gera í höfnum, húsbyggingum eða annars staðar, og því tel ég málið hreint fjárhagsmál og eiga að fara til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

53. Hlutatryggingasjóður bátaútvegsins.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var útbýtt frá Ed.: *Frv. l. um breyt. á l. nr. 48 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins* [153. mál] (þmfrv., A. 372).

Á 70. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Lögin um hlutatryggingasjóð voru sett 1949. Síðan hefur að sjálfsögðu fengizt mikilsverð reynsla um framkvæmd þessara mála og starfsemi hlutatryggingasjóðs, svo að það er ekki óeðlilegt, þó að nú kynni að þurfa að breyta einstökum atriðum í þessari löggjöf.

Frv. það, er hér liggur fyrir á þskj. 372, fjallar þó aðeins um eitt afmarkað atriði, sem ég hef alveg sérstaklega orðið var við að hindrar oft eða tefur afgreiðslu mála hjá stjórn sjóðsins. Þetta atriði er um ákvörðun meðalveiðimagns. Lögin segja, eins og þau eru nú, að meðalveiðimagn skuli ákveða í reglugerð. Þetta er í rauninni óframkvæmanlegt. Veiðisvæðin skipta

mörgum tugum, og meðalveiðimagn er breytilegt eftir veiðisvæðunum og breytist ár frá ári. Þess vegna liggur í augum uppi, að það er ekki framkvæmanlegt í sjálfu sér, að hver breyting á meðalveiðimagni sé jafnframt reglugerðarbreyting. Það er a. m. k. mjög óheppilegt. Hitt virðist eðlilegra, að taka upp í lögin bein ákvæði um, hvernig meðalveiðimagnið skuli ákveðið.

Nú er hið svokallaða meðalveiðimagn fundið þannig, að stjórn sjóðsins gerir sínar till. og sendir þær sjútvmrh. til staðfestingar. Viðkomandi ráðuneyti þarf síðan að leita umsagnar hjá þremur aðilum: Landssambandi ísl. útvegsmanna, Alþýðusambandi Íslands og Fiskifélagi Íslands, um þetta atriði hverju sinni. Stjórnir þessara samtaka þurfa síðan að halda fund hver fyrir sig og gera sínar ályktanir, senda þær svo aftur viðkomandi ráðherra. Þá þarf ráðuneytið að vinna úr þeim og fella svo úrskurðinn um málið og senda hann sjóðsstjórninni. Þetta hefur verið ákaflega þungt í vöfum og tafsamt.

Nú vill svo vel til, og sér hver maður, ef að gáir, að umsagnir þessara aðila eru í raun inni alveg óþarfar, vegna þess að Landssamband ísl. útvegsmanna og Alþýðusamband Íslands eiga samkvæmt lögum sinn fulltrúann hvort í þriggja manna stjórn sjóðsins. Að vísu á Fiskifélagið ekki fulltrúa í sjóðsstjórninni samkvæmt lögum, þó að nú vilji þannig til, að fiskimálastjóri er form. sjóðsstjórnarinnar. En hins vegar er í lögunum alveg ákveðið gengið út frá því, að sjóðsstjórnin starfi í nánum tengslum við Fiskifélag Íslands, og ætti þess vegna að vera óþarft að leita umsagnar þess sérstaklega hverju sinni um þetta atriði.

Frv., ef að lögum yrði, mundi auðvelda töluvert framkvæmd hlutatryggingasjóðslaganna án þess, að ég hygg, að skerða á nokkurn hátt nauðsynlegt öryggi í málsmeðferð.

Nú kann vel að vera, að ástæða væri til að breyta fleiri atriðum í lögunum um hlutatryggingasjóð. En það má vænta þess, að sú hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, leiti umsagnar a. m. k. hjá stjórn hlutatryggingasjóðs, og er þess þá að vænta, að fram komi þau atriði, sem sjóðsstjórnin kynni að hafa áhuga fyrir að fá breytt í lögunum að fenginni undangenginni reynslu.

Ég leyfi mér að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

54. Sala Kópavogs og Digraness o. fl.

Á 75. fundi í Ed., 24. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum [161. mál] (þmfrv., A. 399).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Flm. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt að ósk bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eins og fram kemur í grg. fyrir því. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að allir forustumenn flokka og samtaka fólks í Kópavogi séu nú einhuga um það, að sú lausn á vissum vandamálum, sem skapazt hafa vegna landa- og lóðamála í hinum nýja kaupstað, sú lausn, sem hér er lögð til með þessu frv., sé hin eina rétta. Þessu lýstu allir forustumenn flokka og samtaka yfir við nýafstaðnar bæjarstjórnarkosningar í Kópavogi í haust, og það var eitt af fyrstu verkum nýkjörinnar bæjarstjórnar að samþykkja ályktun þess efnis, og var enginn ágreiningur um það milli þeirra fulltrúa, sem þar áttu sæti, að það væri mikið nauðsynjamál fyrir hinn nýja kaupstað að eignast sjálfur það land, sem byggðin stendur á, enda mun mega segja, að það sé orðin almenn skoðun flestra eða allra, sem hafa kynni af sveitarstjórnarmálum í vaxandi kauptúnum og kaupstöðum okkar lands, að það sé langæskilegast, að sveitarfélögin eigi sjálf það land, sem hinar vaxandi byggðir standa á. Þess vegna er það, að hér á hv. Alþingi hafa á undanförnum árum komið fram mörg sams konar mál og þetta að óskum sveitarstjórna í viðkomandi kauptúnum og kaupstöðum, og þau mál hafa jafnan verið afgreidd fljótt og ágreiningslaust frá hv. Alþingi.

Síðustu mál þess efnis, sem legið hafa fyrir Alþingi, voru t. d. um Sauðárkrók, lög, sem voru afgreidd 1947, Dalvíkurhrepp, líka 1947, vegna Ólafsfjarðar og fleiri byggða, sem mætti telja, en ég nefni þó aðeins þau mál, sem hafa verið afgreidd nú síðustu árin. Allra síðasta mál þess efnis, sem þessi hv. d. hefur haft til meðferðar, var á þinginu 1954, þegar hv. þm. S-Þ. flutti frv. vegna Dalvíkurhrepps um viðbót við þau lög, sem samþykkt höfðu verið 1947 til handa Dalvíkurhreppi vegna kaupa á jörðum frá ríkissjóði. Hann lýsti því þá yfir, hv. þm. S-Þ., sem sinni skoðun, að þetta, að sveitarfélög og bæjarfélög eignuðust það land, sem þeirra byggðir standa á, væri eitt allra mesta nauðsynjamál kaupstaða og kauptúna, og held ég, að ekki verði margir, sem hafa haft nokkur afskipti af sveitarstjórnarmálum í kauptúnum og kaupstöðum, sem mundu mótmæla þeirri skoðun. Þó er það alkunnugt, að menn deila nokkuð almennt um það sem meginstefnu, hvort sé heppilegra eða réttara, að hið opinbera, ríkið, eigi land, jarðir, t. d. bújarðir, eða einstaklingar.

Í sambandi við öran vöxt bæja, eins og gerist í okkar landi, hefur gerzt á undanförnum áratugum og gerist enn, verður verðhækkun á landi með eðlilegum hætti, en sú verðhækkun getur aftur orðið til þess að torvelda og tefja vöxt og viðgang þeirra byggða, sem hlut eiga að máli, nema því aðeins að þær byggðir sjálfar, þau sveitar- og bæjarfélög sjálf, eigi landið og hafi vald á og geti hamlað gegn óeðlilegri verðhækkun að minnsta kosti.

Nú stendur svo á í Kópavogskaupstað, að ríkissjóður á mestallt það land, sem sjálf byggðin stendur á. Meginbyggðin stendur á hálsum, sem hafa verið kenndir við tvær jarðir, sem þar hafa verið frá fornu fari, Digranes og Kópavog. Þetta munu alltaf hafa verið litlar jarðir, enda hrjóstrugt land, mjög grýtt, og ekki álitlegt, hvorki til búskapar né raunar til byggingarframkvæmda, þó að það hafi nú orðið á síðustu árum svo, að þarna hefur vaxið upp byggð örar en jafnvel eru dæmi til á okkar landi, því að þarna voru fyrir tíu árum ekki nema nokkur hundruð manna, en eru nú nær 4 þús., svo að það er óhætt að segja, að fjöldi íbúanna hefur tífaldazt á síðustu tíu árum.

Þetta land, eignarland sitt, leigði ríkissjóður lengi félagi einu með mjög litlu eða alls engu afgjaldi, en á árunum 1937—1942 gerði ríkið þær ráðstafanir að skipta þessu landi að mestu leyti upp í ræktunarlönd og lét þau á leigu til manna með mjög vægu afgjaldi, 5 kr. á hvern ha, enda var þeim þá ætlað að rækta þetta lítt ræktanlega land á svo sem tíu árum, enda hefðu þeir og þeirra afkomendur leigurétt á landinu. En nú fór svo, að skömmu eftir að þessar ráðstafanir voru gerðar, tóku menn að setjast að á þessum löndum og byggja þar íbúðarhús, sem þeir ætluðu sér að búa í til frambúðar. Og eftir 1947 varð þessi þróun svo ör sem ég hef nú áður getið.

Eftir árið 1947 var þetta land tekið til skipulagningar samkv. lögum um skipulag bæja, skipulagningar sem þéttbýli, og hefur verið unnið að því síðan, og er nú fyrirhugað samkv. þeim áætlunum, sem fyrir liggja, að þarna geti risið upp á næstu árum og áratugum byggð, þar sem byggju um 10—20 þús. manna, svo að það eru allar líkur til þess, að sú öra þróun, sem þarna hefur orðið um byggingar, haldi áfram.

Síðan árið 1947 hefur sveitarfélagið, sem þarna hefur starfað og hefur heitið ýmsum nöfnum — Seltjarnarneshreppur, Kópavogshreppur, nú síðast Kópavogskaupstaður — lagt verulegar fjárhæðir til þess að gera þetta land byggilegt. Það hafa verið lagðir vegir, sem nú eru yfir 30 km samanlagt. Til þeirra hefur sveitarfélagið lagt 200—300 þús. kr. öll síðustu ár, nú á fjórða hundrað þús. króna. Ríkið hefur að vísu síðustu árin lagt fram nokkurn styrk til þess að leggja vegi um þetta land, eignarland sitt, einkum vegna þeirra manna, sem þar áttu og eiga enn ræktunarlönd, en sá styrkur hefur verið um 50—60 þús. kr. á ári, en hann var þó nú nýlega, á gildandi fjárlögum þessa árs, felldur niður með öllu, vegna þess að nú væri þetta kaupstaður, sem ætti að bera byrðar sínar sjálfur að öllu leyti, en þessi styrkur hefur verið hið eina, sem ríkissjóður hefur lagt fram til framkvæmda á þessu eignarlandi sínu. Sveitarfélagið og þess íbúar hafa hins vegar lagt fram stórfé til þess að gera þetta land sitt byggilegt fyrir sig og aðra þá, sem síðar koma. Þar hefur t. d. verið lögð vatnsveita, sem er nú um 25 km. Hún hefur kostað á þriðju millj. kr. Þar hafa verið lagðar skólpveitur, sem kosta á aðra millj. kr. Þar hefur verið komið á götulýsingu og fleiru, sem of langt yrði upp að telja, en þarf til þess, að land sé byggilegt sem þéttbýli. Allt þetta hefur sveitarfélagið lagt fram sjálft og ekki fengið til neinn styrk úr ríkissjóði, meira að segja til vatnsveitu. Þó að það séu lög um vatnsveitustyrk, að ríkissjóði beri að leggja fram nokkurn styrk til vatnsveitna, hefur þetta sveitarfélag, ég held eitt allra yfir 20 sveitarfélaga, sem hafa lagt fé sitt í vatnsveitugerð á síðustu árum, síðan þessi lög um styrk til vatnsveitna gengu í gildi, ekki fengið nokkurn eyri í styrk frá ríkissjóði til þessarar miklu framkvæmdar. Ég held því, að það megi fullyrða, að sú verðhækkun, sem hefur orðið á þessu landi, eignarlandi ríkissjóðs, síðan t. d. árið 1947, hafi ekki orðið fyrir framkvæmdir ríkissjóðs eða neinar framkvæmdir, sem ríkissjóður hefur kostað, heldur fyrir þær framkvæmdir, sem sveitarfélagið og þess íbúar hafa einir kostað. Þeir hafa svo aftur lagt fram, mér er óhætt að fullyrða margar milljónir króna í ríkissjóð í beinum sköttum, tekjuskatti og eignarskatti, þó að ekki séu taldir aðrir skattar, á þessum árum.

Það má vitanlega deila um, hvers virði slíkt land sem þetta, sem hér ræðir um, sé, en ríkissjóður hefur ekki getað talið sér það stórkostlegt verðmæti á undanförnum áratugum, það er víst. Og þó að það gefi ríkissjóði nú nokkrar tekjur, þá er það vegna þeirra framkvæmda, sem íbúarnir sjálfir á svæðinu hafa lagt fram og kostað, en ekki ríkissjóður.

Nú hefur það verið svo um hliðstæð mál eins og þetta, að oftast hygg ég að hafi náðst samkomulag og gott samkomulag milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga hins vegar, sem hafa fengið samkv. lögum frá Alþ. heimild til þess að kaupa land af ríkissjóði. En ef samkomulag næst ekki, þá er vitanlega sú leið til að láta meta verðmætið og kveðja til þess menn með dómi. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að ef samkomulag verður ekki, meti dómkvaddir menn landið, en þó tekið fram, að Kópavogskaupstað skuli ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem hafi orðið vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir, þ. e. a. s. eftir 1947, og þykist ég hafa fært nokkur rök að því, að það væri ekki sanngjarnt að ætla sveitarfélaginu að greiða nú stórfé fyrir það verðmæti, sem það sjálft hefur skapað.

Í 2. gr. frv. er svo ráð fyrir gert, að Kópavogskaupstaður fái heimild til þess að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í þessu landi, sem um er rætt, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Þetta ákvæði er nákvæmlega hliðstætt sams konar ákvæðum í hliðstæðum lögum, sem afgreidd hafa verið frá Alþingi. Ég minnist þess

til dæmis, að hv. þm. S-Þ. flutti á þingi 1954 frv., sem var alveg hliðstætt ákvæðum 2. gr. þessa frv., vegna þess að það hafi komið í ljós að því er Dalvíkurhrepp snerti, að í það frv., sem samþykkt var á þingi 1947 um heimild handa ríkissjóði til að selja Dalvíkurhreppi land, sem kauptúnið stendur á, vantaði þetta ákvæði, og olli það Dalvíkurhreppi erfiðleikum, að slíkt ákvæði var ekki fyrir hendi, eins og hv. flm. tillögunnar gerði grein fyrir. Ég held því, að það sé nauðsynlegt, að slík heimild til eignarnáms á erfðafesturéttindum fylgi slíkum lögum, eins og mun hafa verið um flest lög þessa efnis, sem afgreidd hafa verið frá Alþingi, þó að ég sé hins vegar þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að nota slíka eignarnámsheimild, nema brýn nauðsyn krefji, og alls ekki fyrr en að því kemur, að ekki verði hjá komizt, að erfðaleigulönd, sem upphaflega voru látin á leigu til manna til ræktunar, verði tekin til þess að skipta þeim upp í byggingarlóðir vegna nauðsynjar annarra manna til þess að fá byggingarlóðir til að byggja á. Ég vil lýsa því yfir í sambandi við þetta, að þessi eignarnámsheimild mun ekki verða notuð, nema brýn nauðsyn bæjarfélagsins krefjist, a. m. k. á meðan ég á hlut að máli um meðferð þessara mála þar heima í héraði.

Ég vil vænta þess með tilliti til þess, að að þessu frv. standa menn úr öllum flokkum hér í hv. d. og að það er óvefengjanlegt, að ekki er ágreiningur heima í viðkomandi héraði um það, að þetta mál sé mikið nauðsynjamál þeim unga kaupstað, að þetta frv. fái greiðan gang gegnum þessa hv. d. eins og önnur frv. sams konar á undanförnum árum.

Það mun hafa verið nokkuð sitt á hvað um það, til hvaða n. slíkum frv. sem þessu hefur verið vísað. Öll frv., sem snerta a. m. k. sölu jarða ríkissjóðs til einstakra manna, hafa verið fyrir landbn., en til mun það vera, að hv. fjhn. hafi einnig fjallað um sölu slíkra landa. En ég vildi nú leyfa mér að gera það að minni till., að þessu máli yrði vísað til hv. landbn., þó að ég geri hins vegar ekki mikinn mun á um það, hver hv. n. fær þetta mál til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

55. Fasteignaskattur.

Á 87. fundi í Ed., 19. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 27. júní 1921, um fasteignaskatt [187. mál] (þmfrv., A. 489).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Alþt. 1955. C. (75. löggjafarþing).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Fjhn. flytur þetta frv. samkv. beiðni ríkisstj., eins og frá er skýrt í grg. Aðalástæðan til þess, að frv. er fram lagt, er sú, að innheimtumenn ríkisins, sem nota vélabókhald það, sem nú er starfandi hér í Rvík, geta ekki komið að í bókhaldinu fleiri dálkum í manntalsgjaldabók en fyrir þær tegundir gjalda, er þeir þurfa að innheimta fyrir ríkið sjálft. Vélarnar taka ekki breiðari blöð en svo. Fasteignaskattur þessi hefur verið á lagður í um þriðjung aldar. Lengst af tók ríkið hann handa sér, en tvö síðustu árin hefur hann gengið til sveitarfélaga, en verið eftir sem áður innkallaður af innheimtumönnum ríkisins.

Nú er það lagt til með frv. þessu, ef að lögum verður, að breyting sú verði á, að skatturinn verði innheimtur með sveitargjöldum eftirleiðis. Ræður þá sveitarfélagið, hvort það innheimtir hann sérstaklega eða bætir honum ofan á annan fasteignaskatt, sem það má leggja á samkvæmt lögum. Það skal fram tekið, að skattur þessi, sem samkvæmt gildandi lögum var skylt að taka, verður, ef frv. nær fram að ganga, heimildarskattur. Fjhn. leit svo á, að rétt væri að gera lögin að heimildarlögum. Skatturinn er orðinn vegna breytts peningagildis í raun og veru smámunir, og geta sveitarstjórnir ráðið því, hvort þær innheimta hann eða ekki, ef lögin eru heimildarlög.

Ég vil geta þess, að frv. þetta og þrjú önnur frv., sem nú eru á dagskrá og ríkisstj. óskaði að fjhn. flytti, hafa legið alllengi óafgreidd hjá fjhn. Þessi frv. eru auk þess, sem nú er verið að ræða, frv. um sýsluvegasjóði, frv. um hundahald og frv. um kirkjugarða. Þessi frv. öll eru fram komin af sömu ástæðum, sem sé vegna breytts bókhalds hjá innheimtumönnum ríkisins. Þau hafa það öll sameiginlegt að létta á innheimtumönnum ríkisins, en auka störf hjá innheimtumönnum sveitarfélaganna. Fjhn. hikaði um skeið að afgreiða frumvörpin, vegna þess að a. m. k. sumir nm. töldu illa við eiga að leggja þær kvaðir á sveitarfélögin, er frumvörpunum fylgja, án þess að eitthvað kæmi á móti. Þeirrar skoðunar vorum við hv. þm. Barð. ekki sízt. Vildum við ekki mæla með frumvörpunum eins og þá stóðu sakir, en svo samdist þannig einmitt fyrir tilverknað okkar, að öll sveitarfélögin fái ókeypis skýrslur þær, er fyrirtækið „þjóðskrá" lætur þeim í té, en það hafði ekki áður verið fyrirhugað. Sveitarfélögin áttu, eftir því sem frv. um þjóðskrá var upphaflega samið, að greiða 35% af kostnaði við starfsemi þjóðskrárinnar. Þegar þetta fékkst, sættumst við á, að n. flytti frv. eins og þau nú eru, enda höfðum við athugað bókhaldsvélarnar og gengið úr skugga um, að rétt var frá sagt um annmarka á því að nota þær fyrir þessi gjöld á vegum innheimtumanna ríkisins.

Fjhn. leggur öll til, að frv. þetta verði samþykkt. Það er ágreiningslaust mál af hennar hendi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 91. fundi Nd., 22. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

56. Sýsluvegasjóðir (frv. fjhn. Ed.).

Á 87. fundi í Ed., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði [188. mál] (þmfrv., A. 490).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Eins og ég gerði grein fyrir í sambandi við næsta mál á undan, er þetta frv., sem nú er fyrir tekið, einnig komið fram af sömu ástæðu og það, sem sé til þess að auðvelda innheimtumönnum ríkisins að hagnýta sér bókhaldsvélar þær, sem nú hafa verið teknar í þjónustu ýmissa þeirra embætta. Þetta frv. til breytinga á lögum um samþykktir um sýsluvegasjóði er eingöngu þannig sniðið, að innheimta sýsluvegasjóðsgjaldanna færist frá sýslumönnum til oddvita.

Nú hefur það fyrirkomulag verið haft, þar sem sýsluvegasjóðir eru, sums staðar, að sýsluvegasjóðsgjöldin hafa verið lögð á með útsvörum og greidd í einu lagi til sýsluvegasjóðanna. Þar veldur þetta frv. engri breytingu. Á öðrum stöðum hefur aftur á móti sýslumaðurinn innheimt hjá hverjum einstökum gjaldanda, sem greiða á til sýsluvegasjóðs, gjöldin, og það er það fyrirkomulag, sem lagt er til að breytist þannig, að oddvitinn eða innheimtumaður sveitarsjóðanna innheimti sýsluvegasjóðsgjöldin eftirleiðis. Vel má vera, að það ýti undir það, að fleiri sveitarfélög en nú taki upp það fyrirkomulag að jafna niður þessum gjöldum með útsvörum, og tel ég fyrir mitt leyti, að það sé að ýmsu leyti ekki óeðlilegra fyrirkomulag.

Þau lög, sem hafa gilt áður og höfðu valdið breytingu á stofnlögunum, voru tekin inn í þetta frv., svo að einfaldara verður að ganga að því að athuga ákvæði þau, er snerta sýsluvegasjóði, ef þetta frv. verður að lögum.

Ég tel svo ekki ástæðu til þess að segja fleira í sambandi við þetta frv. Ég hef talið, að það sé rétt að ganga inn á það til þess að auðvelda framkvæmd mála, og tel, að sveitarfélögin fái nokkra uppbót, með því að þau þurfi ekki að greiða til þjóðskrárinnar, eins og ég sagði í sambandi við fyrra mál, enda geri ég ráð fyrir því, að innheimtumenn sveitarsjóðanna fái af sýsluvegaskatti, sem þeir innheimta, þau venjulegu innheimtugjöld, sem þeim eru ákveðin.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 490, 499).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Lengi er hægt að laga, og með tilliti til þess sannleika tók fjhn. frv. þetta til athugunar á nýjan leik í gær, eftir að 1. umr. hafði farið fram, og samþykkti að bera fram brtt. þá við frv., sem nú liggur fyrir á þskj. 499.

Till. er um það, að þau ákvæði gangi ekki í gildi, að oddvitar taki við innheimtu sýsluvegasjóðsskattsins, fyrr en vélabókhald er tekið upp í viðkomandi sýslufélagi. Frv. er flutt vegna þessara ákvæða. Það er flutt til þess, að sýslumenn geti hagnýtt sér skýrsluvélar. Sumir sýslumenn og þá einkum hér í nálægð Reykjavíkur eru þegar að byrja það, en aftur á móti má ganga út frá því, að ýmis sýslufélög taki það ekki upp fyrr en einhvern tíma seinna, og þá er ástæðulaust að gera þá breytingu á innheimtu sýsluvegasjóðsgjaldanna, sem frv. gerir ráð fyrir vegna vélabókhalds, fyrr en það kemur til framkvæmda.

Það er auðskilið mál, að sýsluvegasjóðirnir, eins og þeir eru reknir undir umráðum sýslunefndanna, þar sem sýslumaður er gjaldkeri, eru eðlilega settir þannig, að sýslumaður innheimti tekjur þeirra hjá sýslubúum. Hins vegar er gengið inn á það með frv. að létta þessu af sýslumönnum, til þess að hinar stórvirku vélar, svonefndar skýrsluvélar, geti hagnýtzt. Ég hygg, að þetta ákvæði, sem brtt. felur í sér, verði talið til bóta, og þess vegna rétt að samþykkja það eins og fjhn. leggur til. Frv. hefur sama gildi eftir sem áður.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 499 samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 509).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 91. fundi í Nd., 22. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

57. Hundahald.

Á 87. fundi í Ed., 19. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 3. febr. 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki [189. mál] (þmfrv., A. 491).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið fram fyrir sömu ástæður og tvö þau, er á undan fóru. Sýslumenn hafa lengi innheimt skatta af hundum, og um tveggja ára skeið, eða síðan 1953, hafa þeir átt að greiða úr sýslusjóði kostnað við hundalækningar.

Þessi liður, hundaskatturinn, rúmast ekki í kerfinu, sem vélabókhaldið takmarkar, og því er aftur horfið að því að leggja til, að tekið sé upp það fyrirkomulag, sem áður var, að sveitarstjórnir innheimti hundaskatt og greiddur verði beint úr sveitarsjóði kostnaður við hundalækningar.

Þessu fylgir svo það, að hreppstjóri í hverjum hreppi og skattstjóri í hverjum kaupstað skuli gera í tvíriti skrár yfir hunda á sínu svæði og afhenda annað eintakið oddvita eða bæjarstjóra í aprílmánuði ár hvert og hitt hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta.

Það þótti rétt að leggja til, að þessar skýrslur yrðu gerðar í tvíriti. Fyrst þarf oddvitinn eða bæjarstjórinn að hafa þær til þess að geta séð um, að skattar séu greiddir af öllum hundum, og enn fremur séð um, að allir hundar komi til hreinsunar, en hins vegar á hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti að líta eftir því, að hundalækningar séu framkvæmdar, og þar af leiðandi þarf hann að vita um hundahaldið til þess að geta haft það eftirlit.

Sýslunefndir bera ábyrgð á því í sveitum, að hundalækningar fari fram, og bæjarstjórnir í kaupstöðum, en oddviti og bæjarstjóri eru framkvæmdastjórar hvor á sínum stað fyrir þessar nefndir. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir því í 4. gr., að sektir samkvæmt lögum um hundahald, sem hundaeigendur kunna að verða að greiða, renni í sveitarsjóð, en ekki sýslusjóði og bæjarsjóði eins og áður var. Allar tekjur og öll gjöld skulu samkvæmt þessu frv. koma fram innan sveitar. Ég held, að sveitarstjórnir og sýslunefndir geti yfirleitt ekki haft á móti því, þó að þetta fyrirkomulag sé aftur upp tekið, því að satt að segja hef ég líka orðið þess var, að þó að lögunum væri breytt 1953, þá hefur í sumum héruðum verið höfð gamla reglan, og í framkvæmdinni verður þá engin breyting þar.

Fjhn. leggur óklofin til, að frv. þetta verði samþykkt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 91. fundi í Nd., 22. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Pétur Ottesen: Á dagskrá hér í dag eru fjögur mál, sem hafa það innihald, að þar er verið að létta af sýslumönnum eða lögreglustjórum innheimtu á nokkrum gjöldum, sem þeir hafa haft innheimtu á nú um langt skeið, og færa þessa innheimtu aftur yfir á hreppstjóra og oddvita í sveitum landsins.

Þetta frv., sem nú er til umr., um hundaskatt er eitt í þessum flokki. Hin frv. eru um fasteignaskatt, um kirkjugarða og um sýsluvegasjóði.

Menn minnast þess, að á síðasta þingi var einnig farið á fjörurnar um að létta innheimtu af sýslumönnum og færa yfir á hreppstjóra og oddvita í sambandi við frv., sem þá lá fyrir um fasteignaskatt, en með því frv. var sveitarfélögunum lagður til fasteignaskatturinn, sem áður hafði verið innheimtur til þarfa ríkissjóðs. Í Ed. var

samþ. að hafa þann hátt á um innheimtuna, sem hér er nú lagt til í frv. um fasteignaskatt, að hreppstjórar skyldu taka þessa innheimtu að sér, en í Nd. var þetta fellt og gömlu ákvæðin látin gilda um það, eins og þau nú gera. Nú er ekki einasta lagt til að breyta þessu aftur, heldur hefur nú verið hnýtt aftan í þetta þrem öðrum frv., þar sem á nú að fullkomna þetta verk. Og mér skilst af þeim grg., sem fylgja þessum málum, að höfð sé sem ástæða, sem að sjálfsögðu er þó ekkert nema yfirskotsástæða, að við það nýja bókhald, sem nú er verið að taka upp í sambandi við innheimtu sýslumanna og lögreglustjóra, rúmist ekki þessi innheimta, það séu ekki til í þessum nýju bókhaldstækjum nógu margir dálkar, þannig að það sé hægt að bæta þessu við. Þetta er ákaflega einkennileg skýring, og a. m. k. allur þorri manna stendur undrandi yfir því, að menn skuli með þessum hætti þurfa að flýja undan tækninni, eins og hér er gert með þessu. Hvernig hefði nú farið t. d. að taka, ef fasteignaskatturinn, sem nú rúmast ekki inni í því nýja bókhaldi, hefði haldið áfram að renna til ríkissjóðs? Hvernig hefði verið farið þá að? Hefði hann verið felldur niður af þessum ástæðum, að innheimtumenn ríkissjóðs hefðu ekki getað fundið rúm á sínum pappírum fyrir hann með hinni nýju tilhögun, sem hér er verið að taka upp og sjálfsagt er að gera, ef það léttir störfin og gerir þau ódýrari.

Ég vil vekja athygli á þessu hér. Held ég, að sé óhætt að segja, að nú í seinni tíð sé þannig búið að sýslumönnum og lögreglustjórum í þessu landi og þeim létt svo störfin, að það sé sízt ástæða til, eftir slíkar aðgerðir sem gerðar hafa verið í þeim efnum, að vera nú að taka þessi störf af þeim og færa þau yfir í hendur oddvita og hreppstjóra. Það er nú svo háttað um oddvitastarfið yfirleitt, að þetta eru að mestu leyti störf, sem menn leggja á sig fyrir sáralitla borgun. Það verða alltaf að vera til einhverjir menn í hverju sveitarfélagi, sem taka þessi störf að sér, en sú greiðsla, sem þeir fá fyrir störfin, er ekki nema örlítill hluti af því, sem þeim bæri fyrir sín störf, ef þeir ættu að bera úr býtum eins og aðrir, sem vinna í þjónustu þess opinbera.

Mér finnst það þess vegna koma hálfeinkennilega fyrir, á sama tíma sem verið er að létta undir með sýslumönnum og öðrum og gera þessi störf greiðari hjá þeim á ýmsan hátt, að þá skuli gripið til þess að létta af þeim þessari sjálfsögðu þjónustu, sem þeir láta þarna í té gagnvart sveitarfélögum landsins, því þó að þessi gjöld renni ekki beint inn í ríkissjóðinn, þá er þarna um þjónustu að ræða, sem sjálfsagt er að ríkið láti af mörkum til fyrirgreiðslu við þessa aðila.

Ég vildi þess vegna biðja þá nefnd, sem er nú sennilega fjhn., sem fær þessi mál til meðferðar, að athuga þessa hlið málsins, sem ég hef nú vakið hér athygli á.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

58. Kirkjugarðar.

Á 87. fundi í Ed., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða [190. mál] (þmfrv., A. 492).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Lög um kirkjugarða mæla svo fyrir, að bæjarfógetum og oddvitum sé skylt að innheimta gjöld til kirkjugarða, ef sóknarnefndir óska. Vegna hins nýja vélabókhalds hafa bæjarfógetarnir óskað eftir því að þurfa ekki eftirleiðis að innheimta þessi gjöld og sýnt fram á, að það er þeim til mikilla óþæginda. Frv. þetta, ef að lögum verður, léttir þeirri kvöð af bæjarfógetunum, en leggur hana hins vegar á bæjarstjórana, eins og hún hefur hvílt á oddvitunum. Það verða þá eftirleiðis innheimtumenn sveitarsjóða, sem er skylt að innheimta hundraðsgjald vegna kirkjugarða miðað við útsvör, ef frv. verður að lögum, en það er háttur að mæla kirkjugarðsgjaldið við útsvörin, og eitt af því, sem gerir innheimtumönnum ríkisins örðugt fyrir að innheimta þetta gjald, er það, að útsvarsálagningin fer seinna fram en álagning þeirra gjalda, sem þeir innheimta fyrir ríkið, og yrði þá bið á því, að þeir fengju útsvarsskrárnar til þess að geta reiknað eftir þeim kirkjugarðsgjöldin. Þar af leiðandi veldur þetta ekki aðeins fyrir þá, ef lögin eru óbreytt, óþægindum af því, að gjöldin komast ekki lengur inn í manntalsgjaldabækur, heldur líka töfum á því, að þeir geti unnið sín verk.

Það er ákveðið í lögunum, eins og þau gilda nú, að innheimtugjald þeirra, sem framkvæma innheimtuna, skuli vera 6%. Þetta virtist fjhn. vera óþarflega há innheimtulaun og leggur þess vegna til í frv., að skyldan á innheimtumönnum sveitarsjóða sé miðuð við það, að þeir fái venjuleg innheimtulaun, en venjuleg innheimtulaun eru vitanlega lægri en 6%. Þetta yrði þá samkomulagsmál milli sóknarnefnda og innheimtumannanna eftirleiðis.

Fjhn. leggur einróma til, að frv. þetta verði samþykkt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 91. fundi í Nd., 22. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.